# Alþingi 1953.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1953, fimmtudaginn 1. október, var sjötugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en átttugasta og áttunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup steig í stólinn og lagði út af Lúk. 10. kap. 25.—28.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr.
2. Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
5. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
6. Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm.
7. Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
8. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
9. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
10. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
12. Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm.
13. Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm.
17. Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
21. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
22. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
23. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
24. Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf.
25. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
26. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
27. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
28. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
29. Jónas Rafnar, þm. Ak.
30. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
31. Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm.
32. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
33. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
34. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
35. Ólafur Thors, þm. G-K.
36. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
37. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
38. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
39. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
40. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
41. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
42. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
43. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
44. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
45. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Enn fremur voru á fundinum Ásmundur Sigurðsson, 11. landsk. (vara)þm., og Kristín Sigurðardóttir, 5. (vara)þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Emil Jónsson, 5. landsk. þm.
3. Hermann Jónasson, þm. Str.
4. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
5. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
6. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
7. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.

**Forseti Íslands setur þingið.**

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

**Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson):** Háttvirtir alþingismenn. Hæstvirt ríkisstjórn. Hinn 17. sept. s. l. var gefið út forsetabréf, svo hljóðandi:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 1. okt. n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.“

Samkvæmt því bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú 1023 ár. Frá því er Alþingi var endurreist og kom saman af nýju fyrir 108 árum, er þetta 88. samkoma þess, en frá því að það fékk aftur löggjafarvald fyrir 79 árum, er þetta hið 73. í röðinni, en 56. aðalþing.

Það er nýkosið þing, sem nú kemur saman til fyrsta fundar. Að vísu hafa þingflokkar áður komið saman til viðræðna um stjórnarmyndun utan þingfunda. Um þá aðferð við stjórnarmyndun er fordæmi, og eins og öllum er kunnugt, fara samningar um stjórnarmyndanir aldrei fram á opnum þingfundum. Auk þess stóð nú svo á, að tveir stærstu flokkar þingsins, sem störfuðu saman í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, höfðu ákveðið að ganga til samninga á ný um væntanlegt stjórnarsamstarf. Að svo komnu mæltist ég til þess við fyrrverandi forsætisráðherra, að gefnu tilefni, að ríkisstjórnin segði ekki af sér fyrr en séð væri fyrir um úrslit þeirra samninga, sem voru að hefjast. Það er eðlilegast, að samningar hefjist ekki með samstarfsslitum, þó að alltaf geti endirinn orðið sá, og auk þess æskilegt við öll stjórnarskipti, að sem skemmst sé á milli fullgildra ríkisstjórna. Eins og öllum er kunnugt, tókust samningar, og var ný ríkisstjórn skipuð fyrir þingbyrjun.

Ég tel það vel farið, að komizt var hjá þeim töfum og tilkostnaði, sem fer í langdregna stjórnarmyndun um sjálfan þingtímann. Ég hygg og, að flestir muni telja þátttöku þessara tveggja flokka í stjórnarmyndun vera eðlilega afleiðingu af úrslitum síðustu kosninga og styrkleikahlutföllum flokka á Alþingi.

Hin nýja stjórn er samstarfsstjórn tveggja flokka. Ég segi samstarfsstjórn, en ekki samsteypustjórn, því að flokkarnir starfa saman, en er ekki steypt saman. Margir telja það raunar illt að búa við samstarfsstjórnir móts við hitt, að einn flokkur hafi þingmeirihluta og geti framkvæmt stefnuskrá sína án íhlutunar annarra. Ýmsir eru og þeirrar skoðunar, að betri væru minnihlutastjórnir með öllum ráðherrum af einum flokki en samsettar stjórnir af fleiri flokkum.

En það er margt, sem kemur til greina, er getur orkað tvímælis, þegar um skipun minnihlutastjórnar er að ræða. Minnihlutastjórn bjargast ekki án samkomulags við aðra þingflokka, og þarf þá einnig nokkur samstarfsvilji að vera fyrir hendi. Lítill þingflokkur getur haft jafngóð starfsskilyrði eins og stærri flokkar. Minnihlutastjórn þarf, ef hún er ekki skipuð til þess eins að starfa fram yfir kosningar, að hafa líkur fyrir því, að henni verði eirt af þingmeirihluta og að hún geti komið fram nauðsynjamálum á Alþingi. Framtíð hennar er ótrygg og sífelldir lausasamningar. Þó fer það nokkuð eftir stjórnmálastarfsvenjum í hverju landi, hvernig slíkt gefst. Meðalaldur minnihlutastjórna hefur reynzt miklum mun styttri en meirihlutastjórna, hvort sem um er að ræða samstarfs- eða hreinar flokksstjórnir. Eftir því sem ég þekki til í þeim löndum, sem eru oss skyldust stjórnarfarslega, þá hefur gengi minnihlutastjórna farið minnkandi að sama skapi og þjóðfélagið hefur færzt meira í fang um stuðning við og afskipti af félags- og atvinnumálum. Skipun minnihlutastjórnar getur samt verið pólitísk nauðsyn, þó að þeir stjórnarhættir séu ekki framför frá þeim samstarfsvenjum, sem vér Íslendingar höfum tamið oss um langt skeið.

Samstarfsstjórnir eru eðlisskyldari þeim hreina flokksmeirihluta, sem flestir virðast þrá. Ókostina þekkjum vér af reynslunni. Sá er eldurinn heitastur, sem á sjálfum brennur. En stjórnmálastarfið verður aldrei auðvelt eða vélgengt. Ef stjórnmálaflokkur er svo fjölmennur, að hann nái hreinum þingmeirihluta, þá rúmar hann einnig innan sinna vébanda sundurleita hagsmuni, sem þarf að samræma, og ólík sjónarmið, sem þarf að samrýma, og líkist að þessu leyti samstarfsflokkum, sem þurfa að semja sín á milli um hagsmuni, hugsjónir og völd. Samstarfsstjórn tveggja eða fleiri flokka gerir í upphafi með sér málefnasamning, sem kemur í stað kosningastefnuskrár og er hennar stjórnarstefna. Málefnasamningur tryggir að nokkru leyti framhald samstarfsins, meðan verið er að koma honum í framkvæmd, þó að alltaf berist jafnframt að ný og óvænt viðfangsefni. Glöggir stjórnmálamenn, sem eiga að skilja, hvar samningamörkin liggja, eru þar í daglegri samvinnu um afgreiðslu mála og undirbúning löggjafar. Ummæli mín ber þó ekki að skilja svo, að ég taki samstarfsstjórnir fram yfir hreinar meirihlutaflokksstjórnir, heldur á hinn veg, að hvern hugsanlegan meirihlutastjórnarmöguleika beri að rannsaka til hlítar, áður en horfið sé að myndun minnihlutastjórnar.

Örlög ríkisstjórnar liggja jafnan í höndum hins háa Alþingis og kjósendanna við hverjar kosningar. Hver stjórn, hvernig sem hún er til komin, þarf að skapa sér starfhæfan þingmeirihluta til þess að geta haldið áfram störfum. Það fer því bezt á því að tryggja hverri stjórn meirihlutastuðning eða hlutleysi í upphafi, þó að nokkuð þurfi að sveigja til frá því, sem einstakir flokkar mundu helzt kjósa.

Það er krafa almennings að afstöðnum kosningum, að starfhæfar stjórnir séu myndaðar án verulegrar tafar. Um það eru uppi ýmsar tillögur á síðari árum, hvernig megi tryggja stjórnarmyndun án óhæfilegs dráttar. Ekki skal ég draga í efa, að nokkuð megi ávinna með breyttri löggjöf, og því síður ræða einstakar tillögur. En ég tel mér þó bæði rétt og heimilt að benda á, að stjórnarfari verður seint borgið með löggjöf einni saman. Þess er dæmi, að stórveldi hafi liðið undir lok, sem bjó við eina hina fullkomnustu stjórnarskrá, sem fræðimenn hafa samið, og þess er einnig dæmi, að stórveldi sé enn við líði og njóti mikils álits fyrir stjórnmálaþroska, sem býr við óskráðar stjórnskipulagsvenjur einar saman. Þingmenn og þingflokkar hafa óskráða skyldu til stjórnarmyndunar eftir sinni aðstöðu, og kemur þar margt til

greina, sem of langt yrði upp að telja. En það er hætt við, að lögboðin stjórnarmyndun mundi losa um hið nauðsynlega samstarf við löggjafarvaldið og draga að nokkru úr þeirri ábyrgð, sem hver stjórn á að finna til og bera. Það er eðli lýðræðisins og þingræðisins, að þeir, sem við það búa, verði að reynast hæfir til þess að stjórna.

Ég árna svo nýkjörnu Alþingi allra heilla í störfum fyrir land og lýð, þjóðinni árs og friðar og bið alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Ólafur Thors, mælti: „Lifi Ísland.“ Var tekið undir það orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta, sem er Jörundur Brynólfsson, 1. þm. Árn., að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram.

Forseti Íslands tók sér nú sæti í þingsalnum, en aldursforseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

**Minning látinna manna.**

**Aldursforseti (JörB):** Hæstv. forseti, háttvirtir alþingismenn. Á undanförnum áratugum hefur það verið venja, að aldursforseti minntist í þingbyrjun þeirra alþingismanna og fyrrverandi þingmanna, sem látizt hafa frá því er næsta þingi á undan sleit. Að þessu sinni er hér um að ræða þrjá fyrrverandi alþingismenn og að öllu leyti þjóðkunna menn, sem dáið hafa milli þinga, allir hér í Reykjavík, þá Ólaf Thorlacius lækni, sem andaðist 28. febrúar, Jón Auðun Jónsson, sem andaðist 6. júní, og séra Kristin Daníelsson, sem lézt 10. júlí, og vil ég nú minnast þessara látnu merkismanna nokkrum orðum.

Ólafur Thorlacius fæddist í Saurbæ í Eyjafirði 11. marz 1869 og var því nær 84 ára, er hann lézt. Foreldrar hans voru þau hjónin séra Jón Thorlacius prestur í Saurbæ Einarssonar Thorlacius, er þar var einnig prestur, Hallgrímssonar og Rannveig Tómasdóttir bónda á Steinsstöðum í Öxnadal Ásmundssonar, en hún var systurdóttir Jónasar skálds Hallgrímssonar. Barn að aldri missti Ólafur föður sinn og fluttist með móður sinni að Melgerði í Eyjafirði og síðar að Möðruvöllum í Hörgárdal. Hann gekk fyrst í Möðruvallaskóla og lauk burtfararprófi þar 14 ára að aldri, 1883, og síðan í lærða skólann í Reykjavík og varð stúdent 1889, hóf síðan nám í læknisfræði í Kaupmannahöfn, en hvarf heim og settist í læknaskólann hér og lauk þar embættisprófi 1896. Samsumars var hann um skeið staðgöngumaður héraðslæknisins í Keflavík, var síðan um eins árs skeið við framhaldsnám í sængurkvennastofnuninni og fleiri sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn. Haustið 1897 var hann skipaður aukalæknir í Suður-Múlasýslu og árið 1900 héraðslæknir í Berufjarðarhéraði, og gegndi hann því embætti til 1928, er hann fékk lausn og fluttist til Reykjavíkur. Var hann eftir komu sína hingað skipaður eftirlitsmaður með berklahælum og berklavörnum, en þrem árum síðar ráðinn lyfsölustjóri og eftirlitsmaður lyfjabúða, og hafði hann þau störf á hendi til ársins 1939.

Á læknisárum sínum eystra sat hann fyrsta veturinn á Djúpavogi, en reisti síðan bú á Búlandsnesi og bjó þar góðu búi um 30 ára skeið eða þar til hann fluttist úr héraðinu.

Ólafur naut mikilla vinsælda og hylli í héraði sínu, ekki eingöngu sem ötull læknir, heldur og fyrir mannkosta sakir. Hann var fjölþættum gáfum gæddur, og menntun hans og áhugi tók langt út fyrir sérgrein hans. Hann lét snemma til sín taka í þjóðmálum og framfaramálum héraðsins og þótti ráðhollur og tillögugóður. Í 20 ár átti hann sæti í hreppsnefnd Geithellnahrepps og var oddviti hennar í 15 ár. Auk þess var hann skattanefndarmaður um alllangt skeið á síðari árum sínum eystra og sýslunefndarmaður í 4 ár. Kosinn var hann fyrri þingmaður Sunnmýlinga fyrir 50 árum, 1903, og sat á þrem þingum, 1903, 1905 og 1907. Honum var létt um mál, bæði í viðræðum og á mannfundum, var gamansamur, fyndinn og manna skemmtilegastur.

Það er almælt, að Ólafur Thorlacius hafi verið framarlega í hópi þeirra menntamanna í sveitum landsins, sem deila kjörum við alþýðuna, vekja hana til dáða og menningar og láta þannig margt gott af sér leiða.

Jón Auðun Jónsson skorti rúman mánuð á 75 ára aldur, er hann féll frá. Fæddur var hann að Garðsstöðum í Ögurþingum við Ísafjarðardjúp 17. júlí 1878, sonur Jóns bónda þar Einarssonar, sem þar bjó einnig, Magnússonar og konu hans, Sigríðar Jónsdóttur bónda á Eyri í Ísafirði Auðunarsonar. Hann ólst upp með foreldrum sínum á Garðsstöðum, en þar var myndarheimili, og stundaði jöfnum höndum landbúnaðarstörf og sjósókn. Á uppvaxtarárum sínum hlaut hann góða heimilisfræðslu, en naut ekki að öðru leyti skólanáms. Mátti hann því heita að mestu leyti sjálfmenntaður maður. Af eigin rammleik aflaði hann sér með áhuga og dugnaði allvíðtækrar menntunar, sem gerði hann hlutgengan til margvíslegra og vandasamra starfa, enda þótti hann snemma glöggskyggn og vel viti borinn. Að föður sínum látnum tók hann við búi á Garðsstöðum vorið 1900, 21 árs að aldri, og bjó þar í fjögur ár. Skipaður var hann hreppstjóri í Ögurhreppi 1901 og gegndi þeirri sýslan í þrjú ár, eða þar til hann fluttist úr hreppnum. Sýnir skipun hans í það starf óvenjulegt traust á jafnungum manni að árum og hann var þá. Frá Garðsstöðum fluttist hann til Ísafjarðar og átti þar heima í 33 ár, var fyrst yfirfiskmatsmaður á Vesturlandi 1904—1909 og jafnframt bókari við útibú Landsbankans á Ísafirði 1905—1914, síðan útibússtjóri til 1923, þá útgerðarmaður og framkvæmdastjóri, bæjarstjóri um skeið og loks skattstjóri í nokkur ár, eða þar til hann tók við starfi hér í Reykjavík hjá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda árið 1947, en á fundum þess hafði hann áður verið fulltrúi Vestfirðinga í mörg ár. Fjölmörg önnur trúnaðarstörf hafði hann á hendi, var ræðismaður Norðmanna á Ísafirði, átti alllengi sæti í bæjarstjórn Ísafjarðar, var í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum 1933 og formaður yfirfasteignamatsnefndar. Hann var þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar 1920—1923 og þingmaður Norður-Ísfirðinga 1924—1933 og 1934—1937. Alls átti hann sæti á 19 þingum, þar af 15 þingum í

neðri deild, en sat á fjórum hinum síðustu í efri deild.

Jón Auðunn var alla ævi óvenjulegur atorku- og athafnamaður, og var orð á því gert, hve vinnusamur hann var og verksigjarn. Hann kunni góð skil á atvinnuháttum þjóðarinnar, bæði til sjávar og sveita. Framar öllu lét hann sig þó miklu skipta þá þætti atvinnulífsins, er lutu að útgerð og meðferð og sölu sjávarafurða, en allt frá æskuárum hafði hann með fjölþættum störfum sínum aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á þeim málum. Á málfundum var hann óáleitinn og orðprúður, en rökvís. Hverjum manni var hann ljúfari og mannþýðari í viðmóti og samvinnu, góðviljaður og greiðvikinn, enda varð honum vel til vina. Þessir eðliskostir Jóns Auðuns, samfara góðri greind og hagsýni, gerðu hann að einkar nýtum manni, sem hófst af sjálfum sér til mikilvægra starfa í þjóðfélaginu.

Séra Kristinn Daníelsson varð langelztur þessara þriggja fyrrverandi þingmanna, er látizt hafa á þessu ári, og einn af fimm mönnum, sem sæti hafa átt á Alþingi á tímabilinu frá 1845, er komizt hafa yfir nírætt. Elztur varð Páll Melsted sagnfræðingur, 97 ára, þá Bjarni Thorsteinsson amtmaður, 95 ára, þá Björn í Grafarholti, 94 ára, þá Kristinn Daníelsson, 92 ára, og loks Jón Þórðarson í Eyvindarmúla, á 91. ári.

Kristinn Daníelsson fæddist 18. febr. 1861 á Hrafnagili í Eyjafirði, sonur séra Daníels, síðar prófasts á Hólmum í Reyðarfirði, Halldórssonar prófasts á Melstað Ámundasonar og konu hans, Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur Thorarensens bónda á Stóra-Eyrarlandi Þórarinssonar. Hann brautskráðist úr lærða skólanum í Reykjavík vorið 1882 og úr prestaskólanum í september 1884. Í sama mánuði var honum veitt Sandaprestakall í Dýrafirði, og var hann þar prestur í 19 ár, til 1903, en þá var honum veitt Útskálaprestakall, og gegndi hann því embætti til 1916, er honum var veitt lausn, og var jafnframt prófastur í Kjalarnesprófastsdæmi nokkur síðustu árin. Þegar hann lét af prestsembætti fluttist hann til Reykjavíkur og gerðist starfsmaður í Landsbankanum, hafði á hendi endurskoðunarstörf innan bankans, alls í 14 ár, til 1930, en þá lét hann af því starfi fyrir aldurs sakir.

Snemma vaknaði áhugi séra Kristins á þjóðmálum og félagsmálum, og lét hann þar til sín taka á mörgum sviðum, var gerhugull á kjarna hvers máls og sparaði ekki vinnu né fyrirhöfn til þess að kynna sér sem bezt hvert það viðfangsefni, sem hann lagði að hug og hönd. Á hann hlóðust á langri ævi margvísleg trúnaðarstörf. Hann var þingmaður Vestur-Ísfirðinga 1909—1911 og 2. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1913—1919. Alls sat hann á 10 þingum og var forseti sameinaðs Alþingis 1914—1917. Af öðrum trúnaðarstörfum má nefna, að hann var amtráðsmaður í Vesturamtinu í 6 ár, sýslunefndarmaður, bæði vestra og hér syðra, í nærfellt 30 ár samtals, yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1918—1921 og gjaldkeri í stjórn Kvennaskólans í Reykjavík 1927—1943. Á síðari hluta ævinnar hneigðist hann mjög að sálarrannsóknum og spiritisma, beitti sér með fleiri mönnum fyrir stofnun Sálarrannsóknafélags Íslands, var forseti þess og ritstjóri Morguns 1938—1939 og ritaði fjölmargar greinar í það tímarit.

Í söfnuðum sínum og hvarvetna þar, sem Kristinn Daníelsson starfaði, var hann mikils metinn fyrir vitsmuni og drengskap, festu í lund og skoðunum. Þó að hann væri ekki flugmælskur maður, olli því virðuleiki hans, alvara og heilindi í hverju máli, að eftir honum var tekið og á hann hlustað. Hann gat verið þungur á bárunni og ófús að láta hlut sinn, ef á milli bar um skoðanir, sem hann hafði myndað sér í mikilvægum málum, en gott mun þó flestum hafa þótt með honum að vinna. Í sjálfstæðismálum þjóðarinnar var hann framarlega í flokki þeirra manna, sem beinasta leið vildu fara og hafa sem fæsta áfanga. Sálarkröftum sínum hélt hann óskertum fram á síðustu ár og fylgdist vel með öllum þjóðmálum og öðrum þeim málum, sem hann hafði áhuga á. Séra Kristinn Daníelsson mun jafnan vera talinn í röð hinna merkari manna samtíðar sinnar í íslenzkri prestastétt.

Ég vil biðja þingheim að votta minningu þessara þriggja mikilhæfu manna virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

**Varamenn taka þingsæti.**

**Aldursforseti (JörB):** Mér hafa borizt hér tvö bréf:

„Reykjavík, 1. okt. 1953.

Með því að Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm., dvelur erlendis og er ekki væntanlegur til landsins fyrr en um miðjan þennan mánuð, leyfi ég mér, með skírskotun til 3. mgr. 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Ásmundur Sigurðsson, taki sæti hans á Alþingi, meðan hann verður fjarvistum.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

F. h. Sameiningarflokks alþýðu
— Sósíalistaflokksins,
Einar Olgeirsson.“

Þá hefur borizt hér annað bréf:

„Reykjavík, 29. sept. 1953.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins leyfir sér hér með að tilkynna hæstvirtum forseta sameinaðs Alþingis, að Jóhann Hafstein alþingismaður er nú staddur í Bandaríkjunum sem fulltrúi Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og mun því væntanlega ekki geta setið á fundi á Alþingi fyrr en seinast í októbermánuði.

Þess er því óskað, að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Kristín Sigurðardóttir, taki sæti á Alþingi, meðan Jóhann Hafstein er fjarverandi.

Virðingarfyllst,
f. h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins,
Magnús Jónsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Þeir varaþingmenn, sem getið er um í þessum bréfum, munu vera mættir hér.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

**Rannsókn kjörbréfa o. fl.**

**Aldursforseti (JörB):** Það mun vanta nokkra þingmenn, og mun nú vera von á þeim, sumum hverjum að minnsta kosti, mjög fljótlega. Þess vegna er ekki hægt að ljúka þessum fyrsta fundi nú í dag, en vera mætti, að það flýtti fyrir störfum, að þingið skipaði sér í kjördeildir. Því ber að skipa sér í þrjár kjördeildir, og verður útbýtt seðlum. Deildirnar geta svo starfað, og á morgun við framhald fundarins gera þær grein fyrir störfum sínum.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

**1. kjördeild:**

BergS, EOl, FRV, GíslG, HG, IngF, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SG, SÓÓ, StgrSt, VH.

**2. kjördeild:**

AE, BBen, EmJ, GíslJ, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, HermJ, IngJ, KS, JK, JS, ÁS, SB, SkG.

**3. kjördeild:**

ÁB, BSt, BÓ, BrB, EggÞ, EI, EirÞ, EystJ, GilsG, GTh, HelgJ, JJós, JPálm, JR, JörB, KGuðj, KK.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. deild og 3. kjördeild kjörbréf þm. í 2. deild.

Fundi frestað.

Föstudaginn 2. okt. var fundinum fram haldið.

Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., var nú til þings *kominn og sat fundinn.*

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Einar Ingimundarson, þm. Siglf., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

**Aldursforseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi símskeyti:

„Kem eftir sex daga til þings.

Emil Jónsson."

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

**Frsm. 1. kjördeildar (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. 1. kjördeild hefur athugað kjörbréf þm. 3. kjördeildar, en það eru eftirtaldir þingmenn: Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv., Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm., Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm., Einar Ingimundarson, þm. Siglf., Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf., Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M., Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv., Helgi Jónasson, 2. þm. Rang., Jón Pálmason, þm. A-Húnv., Jónas Rafnar, þm. Ak., Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm., og Karl Kristjánsson, þm. S-Þ. Kjördeildin hefur ekki séð neinar vansmíðar á kosningu þessara þm. og leggur til, að hún verði tekin gild. Hins vegar hefur deildinni ekki borizt kjörbréf þm. Vestm., Jóhanns Jósefssonar, sem hefði átt að vera í þessari deild, en hann er staddur í útlöndum. Verður því að sjálfsögðu að fresta samþykkt kjörbréfs hans.

**Frsm. 2. kjördeildar (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. 2. kjördeild hefur athugað kjörbréf þeirra hv. þm., sem sæti eiga í 1. kjördeild. Það eru þessir hv. þingmenn: Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm., Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm., Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf., Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf., Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., Ólafur Thors, þm. G-K., Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., Pétur Ottesen, þm. Borgf., Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv., Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn., Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., og Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Hv. þm. Ísaf., Kjartan J. Jóhannsson, er ekki kominn til þings, og vantar því kjörbréf hans. *Kjörbréf hv. þm. Borgf. hafði heldur ekki borizt,* en símskeyti frá yfirkjörstjórn, þar sem staðfest er kjör hans sem þingmanns Borgarfjarðarsýslu.

Kjördeildin hefur ekkert við kjörbréf þessi að athuga og leggur til, að þau verði öll tekin gild.

**Frsm. 3. kjördeildar (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. 3. kjördeild hefur athugað kjörbréf þeirra hv. þm., sem eiga sæti í 2. kjördeild, en þeir eru: Andrés Eyjólfsson, þm. Mýr., Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., Emil Jónsson, 5. landsk. þm., Gísli Jónsson, þm. Barð., Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm., Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm., — Hermann Jónasson, þm. Str., á sæti í 2. kjördeild, en ég nefni hans kjörbréf síðar, — Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang., Jón Kjartansson, þm. V-Sk., Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm., Sigurður Bjarnason, 2. þm. N-Ísf., og Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Ég nefndi það aðeins, að ég mundi minnast sérstaklega á kjörbréf Hermanns Jónassonar, þm. Str., en kjörbréf hinna þm., sem ég hef nefnt, hefur kjördeildin ekkert við að athuga og leggur til, að þær kosningar verði teknar gildar; er ekki kunnugt um, að nein kæra hafi borizt um neina af þessum kosningum. En auk þess, sem ég hef þegar nefnt, er þess að geta, að hér hefur legið fyrir kjörbréf Lúðvíks Jósefssonar, 11. landsk. þm., en hann er ekki mættur hér, og einnig hefur legið fyrir kjörbréf varamanns hans eða 1. varamanns Sósfl., Ásmundar Sigurðssonar. Mér sýnist, — og mun kjördeildin vera því sammála, — að ekkert sé á móti því að taka bæði kjörbréfin gild. Ásmundur Sigurðsson er hér mættur og tekur sæti á Alþingi. Og það virðist vera hægt að taka kjörbréf Lúðvíks Jósefssonar gilt, þó að hann sé ekki mættur enn. Það þarf þá ekki að rannsaka það, þegar hann kemur.

Þá eru tveir þm., sem sæti eiga í 2. kjördeild, en ekki eru mættir hér. Það eru Hermann Jónasson, eins og ég gat um áðan, og Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv. En í stað Jóhanns Hafsteins er

mætt Kristín Sigurðardóttir, og hefur kjördeildin athugað hennar kjörbréf, sem ekkert er við að athuga, og leggur til, að það verði tekið gilt. Hvað snertir Hermann Jónasson, sem er fjarverandi og ekki hefur verið lagt fram hans kjörbréf, þá virðist ekki annað ráð en að geyma að taka hans kosningu gilda, þangað til hann mætir hér á þinginu, sem væntanlega verður innan mjög skamms tíma.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er ekki til þess að gera athugasemd við framsöguræður hv. frsm., sem nú hafa lokið máli sínu, að ég tek hér til máls, en í 2. kjördeild, sem ég átti sæti í, hreyfði ég því, að utankjörstaðakjörgögn, sem notuð voru við alþingiskosningarnar í s. l. júnímánuði, virtust hafa verið af ólöglegri gerð. Ég gerði í kjördeildinni nokkra grein fyrir þessu og hafði atkvæðaseðil meðferðis, sem nokkrir kjördeildarmenn litu á, og er það allra mál, sem sjá þessi kjörgögn, að þau fullnægi ekki lögum.

Kosningalögin segja um kjörgögn þau, sem nota á við utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, að dómsmrn. láti í té þá kjörseðla ásamt fylgibréfum og umslögum, sem þar til heyra og nota eigi við atkvgr. utan kjörstaða. Og um gerð kjörgagnanna, sem nota á utan kjörstaða, segir svo í 45. gr. kosningalaganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír með mismunandi lit við hverjar kosningar og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum."

Ég efa það ekki, að kjörgögnin eru eins um allt land, þau sem notuð voru við utankjörstaðaatkvgr., og svo framarlega sem þau ekki uppfylla þetta ákvæði, að vera af svo þykkum og haldgóðum pappír, að ekki sjáist í gegnum þau, þó að borið sé upp við birtu, þá eru þau ótvírætt ólögleg. Það mun ekki hafa verið almennt gerð athugasemd við þetta, fyrr en komið var nokkuð nærri kjördegi. Þannig var það t. d. í minu kjördæmi, þ. e. þessa varð vart eða athugasemd gerð við það opinberlega tveim dögum fyrir kjördag og þá þegar gert aðvart bæjarfógetanum á Ísafirði, sem viðurkenndi, að þarna væru mistök, sem að vísu væri ekki hægt að leiðrétta, því að það að búa út ný kjörgögn og að fá þeim dreift út um landið á ný tæki langan tíma.

Við horfumst þá í augu við það, að þær 10 eða 12 þúsundir manna, sem hafa neytt atkvæðisréttar síns utan kjörstaða við alþingiskosningarnar síðustu, hafa fengið til þess ólögleg kjörgögn, sem hægt er að sjá í gegnum, og leyndinni af kosningu þeirra hefur verið svipt í burtu, því að það er staðreynd, að þeir menn, sem eiga að starfa sem vottar við atkvæðagreiðsluna, geta ekki komizt hjá því að sjá í samanbrotnum og afturlímdum kjörseðlinum, hvernig kosið hefur verið. Starfsmenn í kjördeildum, þegar þeir áttu að bera saman númer á stofni og umslagi og gera sína skyldu við að bóka atkvæðin, og sendisveinar í kjördeildum gátu heldur ekki komizt hjá því að sjá, meðan var verið að vinna að þessum kjörgögnum, hvernig hafði verið kosið. Og kjörstjórnir hafa talað um, að það hafi verið óþarft að rífa kantana utan af hinum lokaða kjörseðli til þess að sjá, hvernig kjósandinn hefði kosið, því að það sáu allir, sem um fjölluðu, án þess að opna kjörseðilinn.

Ég grennslaðist eftir því hjá Hagstofu Íslands í dag, hvort búið væri að reikna út alþingiskosningarnar í sumar og hvort hægt væri þar að sjá, hvort áberandi meiri notkun utankjörstaðakjörgagna hefði verið við þessa kosningu heldur en t. d. við alþingiskosningarnar 1949, en Hagstofa Íslands er því miður ekki búin að vinna úr þessum gögnum enn þá. Það er því ekki hægt að fá samanburð á því í dag, þegar þetta mál er til umr. á Alþingi, hvort áberandi miklu meira hefur verið notað af utankjörstaðakjörgögnum og áberandi fleiri hafa kosið utan kjörstaða heldur en við aðrar alþingiskosningar, en ef svo væri og ef svo skyldi reynast, að það bæri sérstaklega á því í þeim kjördæmum, þar sem kosningin var hörðust, þá væri það bending í þá átt, að misnotkun kynni að hafa átt sér stað. En um það verður hægt að upplýsa síðar, og er bezt að gera það með gögnum frá hagstofunni sjálfri. Hins vegar yrði aldrei hægt að sanna í einstökum atriðum um misnotkun. En það er auðsætt mál, að það er auðvelt, þegar búið er að svipta leyndinni af kosningarréttinum, að misnota slíkt og má gerast með mörgum hætti, enda ekki grunlaust um það sums staðar, að það hafi gerzt, sem og varla er hugsanlegt annað, þegar menn hafa það fyrir sér, hvernig menn kjósa. Vissulega eru öll hin ströngu ákvæði kosningalaga um það að tryggja fullkomna leynd ekki út í bláinn sett og gerð. Það er til þess að fyrirbyggja misnotkun, þ. e. a. s. til þess að tryggja fullkomið frelsi kjósandans í kjörklefanum.

Hvað er hægt að gera í þessu máli? Það virðist ekki vera hægt annað að gera heldur en það að horfast í augu við, að þarna hafi mistök átt sér stað. Allir viðurkenna þessi mistök. Hæstv. dómsmrh., sem átti sæti í þeirri sömu kjördeild og ég, viðurkenndi það núna rétt áðan, að mistökin hefðu átt sér stað, pappírinn væri þannig, að það sæist í gegnum hann. Og það þarf ekki einu sinni að bera hann upp við birtu. Hérna á borðinu liggur kjörseðillinn, ég get lesið nafnið af honum núna lokuðum án þess að bera hann neitt upp að birtu. Auðvelt er það hverjum manni, ef hvítt er á bak við kjörseðilinn, að lesa atkvæðið liggjandi á borði. Ég hygg meira að segja, að hv. deildarmenn geti lesið í gegnum kjörseðilinn núna, þegar hann ber hér á milli þeirra og gluggans. Það þurfa sumir að setja upp gleraugu, og það er ekki nema von. Það er fjarlægðin, sem gerir það, en ekki þykkt pappírsins, og hár aldur sömuleiðis, sem kynni að eiga þar einhverja hlutdeild í. En margir voru þeir þó, sem ekki þurftu að grípa til gleraugnanna.

En það, sem verður að gerast í sambandi við þetta mál að minni hyggju, er að benda á þetta á Alþingi og óska þess, krefjast þess, að slík

mistök eigi sér ekki stað aftur. Pappírinn hefði þurft að vera dekkri á litinn, hann hefði þurft að vera þykkari, hann hefði auðvitað orðið undir öllum kringumstæðum að fullnægja ákvæðum laganna. Menn segja: Það eru vandkvæði á því að fá þykkan og góðan pappír, einkanlega núna eftir stríð. Það vissu allir, að alþingiskosningar fóru í hönd, dómsmrn. vissi, að það átti að sjá fyrir slíkum pappír með þessum lögákveðnu eiginleikum, og ef hann væri ekki fáanlegur, þá segja tæknilega menntaðir menn í prentaraiðninni, að sú leið hefði verið fær að setja prentsvertu á bakflöt kjörseðilsins og gera hann þannig, að ekki sæist skrift í gegnum hann með neinu móti. Þetta var ekki gert, þess vegna horfumst við nú í augu við þessi alvarlegu mistök. 10—12 þúsundir manna hafa greitt atkvæði við þessar síðustu kosningar á þann veg, að leyndinni var svipt af atkvæðagreiðslu þeirra. Ég harma þessi mistök, ég sé enga leið til þess að bæta úr þeim, — það er ekki hægt að ógilda kosninguna alla í landinu.

Þau mál, sem snerta mistök í sambandi við kosningar, eru alltaf hin leiðinlegustu mál, og skal ég ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég taldi mér skylt, með þau sönnunargögn, sem ég er með hér í höndunum og margir fleiri hafa vafalaust fjallað um, að vekja athygli á þessu og bera fram þá eindregnu ósk, að dómsmálastjórnin sjái um, að þetta komi ekki fyrir aftur.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, þá hreyfði hann þessu máli í kjördeildinni, þar sem við vorum báðir saman, og við vorum allir sammála um það, sem þar vorum, að pappírinn er ekki eins góður og skyldi.

Það er rétt að segja frá því, að undirbúningur kosninganna að þessu leyti var með alveg sama hætti og venja er til. Um hann fjölluðu sömu aðilar, og pappírinn er í eðli sínu mjög svipaður — og sízt lakari að gerð — eins og hann hefur verið við nokkrar síðustu kosningar, þ. e. a. s., eftir að þær birgðir þrutu, sem voru til af betri pappír og höfðu verið keyptar fyrir stríðið. Hins vegar er það rétt, að liturinn á þessum pappír sýnist vera eitthvað gegnsærri, þegar hann er borinn upp að birtu, heldur en litur hefur stundum verið áður. En pappír hefur stundum verið notaður áður, sem er jafnljós og virðist mundu vera jafngegnsær, ef hann liggur á borði, eins og þessi pappír. Það er samt mjög mikið áhorfsmál og álitamál fullkomið, hvort þessi pappír sé lakari eða betri heldur en sá pappír, sem notaður hefur verið nú um alllangt skeið og fram að þessu hefur ekki verið fundið að.

Hinu væri fráleitt að neita, að þessi pappír fullnægir ekki ákvæðum laganna, og ég tel, að í hverju sem það liggur, þá verði að játa, að þarna hafi átt sér stað mistök, sem sjálfsagt sé að koma í veg fyrir að verði endurtekin. Ég skal ekki rekja frekar, af hverju þau eru. Það er nóg, að þau eru fyrir hendi, og úr þessu þarf að bæta.

Ég ræddi þetta þegar í sumar við dómsmrn. og síðast í gær við forstjóra ríkisprentsmiðjunnar, sem hefur að mestu leyti annazt þessi mál fyrir hönd dómsmrn., og hann hefur látið sér til hugar koma það úrræði, sem ég gat um inni á fundinum áðan og hv. síðasti ræðumaður drap á, að sverta bakhluta pappírsins, þannig að útilokað yrði, að sæist í gegn. Það er hugsanleg leið. Önnur hugsanleg leið er að reyna að fá betri pappír. Raunar segir prentsmiðjustjórinn, að það sé ekki hægt að fá pappír, nema þá hreinan „carton“, sem alveg sé öruggt um að ekki sjáist í gegn, þannig að það ákvæði laganna sé óframkvæmanlegt. Um það skal ég nú ekki dæma. En hann hefur samt nú þegar til athugunar, hvaða leiðir séu til þess að bæta úr þessu.

Sérstaklega vil ég vekja athygli á því, að samkv. sveitarstjórnarlögunum á að nota þá atkvæðaseðla, sem afgangs verða við næstu þingkosningar á undan, við utankjörstaðaatkvæðagreiðsluna. Þess vegna er það svo, að ef ekki verða sérstakar ráðstafanir gerðar, þá er það eftir bókstaf laganna, að í vetur verða enn notuð þessi sömu kjörgögn. Ég tel það vera óheppilegt og hef þess vegna hugsað mér, nú strax og nefndir verða kosnar, að eiga tal við allshn. beggja deilda um það, hvaða úrræði skuli hafa, hvort menn vilja heldur reyna að láta afla alveg nýrrar pappírsgerðar, sem sumir telja vandkvæði á, eða sverta einhvern þann pappír, sem til er. En hvort tveggja mundi leiða til þess, að ekki yrði fullnægt að bókstafnum því ákvæði, að notaðar yrðu leifarnar frá í sumar, heldur yrði að senda út nýjan pappír. Um þetta vildi ég því hafa samráð við nefndirnar.

Varðandi það, að þetta hafi leitt til beinnar misnotkunar, þá hef ég ekki heyrt nein dæmi þess. Ég tel, að það liggi alveg ljóst fyrir, að þarna hafi mistök átt sér stað. Hins vegar hygg ég, að það sé ekki hægt að sýna fram á, að atkvæðahlutföll séu svo ólík í utankjörstaðaatkvgr. í einu einasta kjördæmi við það, sem er í atkvgr. á kjördag, að það gefi nokkurt tilefni til þess að ætla, að þetta hafi leitt til misnotkunar á þann veg, að fölsuð hafi verið atkvæði eða höfð ólögleg áhrif á kjósendur. Slíkt hygg ég að fé fjarri sanni. En þarna er atriði, sem úr þarf að bæta, og ráðstafanir hafa þegar verið undirbúnar til þess, að svo verði gert.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessar umræður, sem hér hafa farið fram, vekja eftirtekt á því, um leið og ég tek undir þær athugasemdir, sem hér hafa verið fram bornar, að það voru ekki aðeins utankjörstaðaatkvæðagreiðsluseðlarnir, sem kosið var á, sem voru varhugaverðir í þessu sambandi, heldur líka seðlarnir, sem kosið var á í kjördeildunum. Það var strax kvartað yfir því að morgni dags hér í Reykjavík, að þegar menn stungu atkvæðaseðlunum í kassann, þá mátti, ef vel var bjart í stofunni, sjá í gegn. Það þarf þess vegna mjög vel að athuga þetta, ekki aðeins hvað þá atkvæðaseðla snertir, sem kosið er á utan kjörstaða, heldur líka hvað snertir þá, sem kosið er á í kjörstöðunum sjálfum.

Það mun rétt, bæði sem hv. 3. landsk. sagði hér og hæstv. dómsmrh., að við þessu er ekkert hægt að gera héðan af. Það mundi víst enginn leggja til að láta kjósa upp aftur út af þessu. En það er viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. sagði nú

síðast um, hvort það hefði nokkurs staðar haft nokkur áhrif. Það verður náttúrlega aldrei hægt að sanna neitt í slíkum efnum. Það er einn einasti kjörstaður, þar sem mikið var kosið utan kjörstaða, þar sem ótti var allmikill út af þessu, því að það fór satt að segja nokkuð snemma að bera á þessu í utankjörstaðaatkvgr., og það var á Keflavíkurflugvelli, þar sem menn af öðrum ástæðum hafa haft ástæðu til þess að óttast sérstaklega, að njósnað væri um skoðanir manna. Almennt vildu menn ekki í blöðum fara að gera mjög mikið úr þessu, því að það var gefið, að það gat bókstaflega orðið til þess að hræða menn. En einna helzt hefði verið hugsanlegt, að þetta hafi haft bein áhrif á atkvæðagreiðslu fyrir þann fjölda, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli og á kosningarrétt hér og hvar úti um land, en í þessu sambandi verður náttúrlega aldrei hægt að sanna nokkurn skapaðan hlut, það liggur í augum uppi. Þess vegna er ég alveg sammála því, að héðan af sé ekki um annað að ræða heldur en að reyna að sjá um, að þessi mistök eigi sér ekki stað, og fagna að því leyti þeirri yfirlýsingu, sem hér hefur komið fram um, að úr þessu verði bætt og þetta víti varazt við næstu kosningar, og það þarf að gerast ekki aðeins um utankjörstaðaatkvæðaseðlana, heldur líka um þá, sem kosið er á á kjörstaðnum.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð út af einu atriði í ræðu hæstv. ráðherra, en það var þetta, að kjörgögnin núna, sem viðurkennast að hafa verið gegnsæ, hafi ekki verið lakari eða verr útbúin heldur en kjörgögn í mörg undanfarin ár við undanfarnar kosningar. Ef þetta er rétt, og þetta er borið fram af hæstv. ráðh. í varnarskyni, þá er málið enn þá alvarlegra. Þá hefur þetta viðgengizt fleiri kosningar í röð, og dómsmrh. veit að minnsta kosti nú um þetta, og þetta hefur samt verið látið endurtaka sig á slíkan hátt, sem raun ber vitni um nú. Þetta finnst mér gera málið stórum alvarlegra, en þess vegna fagna ég líka, að hæstv. ráðh. viðurkennir þessi mistök og hefur þegar lýst því yfir fyrir þingheimi, að hann muni gera ráðstafanir til þess, að mistökin endurtaki sig ekki hér eftir.

Um það atriði, hvort þetta hafi verið misnotað, skal ég ekki fullyrða, en það þarf ekki mikið hugarflug til þess að sjá það, að ef maður ætlar sér að bera fé á kjósanda og vera viss um það að vera ekki svikinn í verzluninni, þá er honum það mjög mikilsvert, eftir að hann hefur gert við hann sitt samkomulag, að geta farið með honum á kjörstað, vera vottur við utankjörstaðaatkvgr., sjá, um leið og hann réttir kjörseðilinn frá sér aftur til kjósandans, hvernig hefur verið kosið, og sannfærast þannig um, að kjósandinn hafi staðið við sinn hluta af samningnum.

Ég þarf ekki að taka fleiri dæmi. Ég hef nægilegt hugarflug til þess að geta ímyndað mér það, að ósvífnir menn og lítt vandir að virðingu sinni gætu misnotað þetta, eftir að þeir vita, að kjörgögnin eru gegnsæ og þeir með því að fylgja kjósanda á kjörstað og gerast vottar og vera þannig vottar að öllu saman geti fengið tryggingu fyrir því, að mútufé sé t. d. borgað með atkvæði. Og það er þetta, sem er ekki á einum, heldur á mörgum stöðum tekið fram í kosningalögunum. Augljóslega til þess að fyrirbyggja möguleika til mútustarfsemi í þeim tilgangi að hafa áhrif á vilja kjósandans hefur þetta ákvæði verið sett, að kjörgögn skuli vera ógegnsæ og engum skuli neinar færar leiðir til þess að fylgjast með því, hvernig kjósandi hafi kosið.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég er ekki sérfræðingur í því, hvernig eigi að múta mönnum til að greiða atkvæði, og skal leiða hest minn frá því að ræða um það hér, heldur snúa mér beint að málinu.

Hv. þm. hélt því fram, að ég hefði vitað um það ætíð, að pappírinn við margar undanfarnar kosningar væri ekki góður. Það var ekki rétt hermt, sem hv. þm. sagði um þetta. Í mínum orðum fólst ekki annað en það, að við athugun kom í ljós, að pappírinn var mjög svipaður og sízt lakari að gerð heldur en hann hafði verið um alllangt árabil, og ég óskaði strax eftir athugun á þessu, þegar athugasemdir komu fram; þá óskaði ég skýringar á því, hvernig á þessu stæði. Auðvitað er mér ljóst, að sumir munu halda því fram, að ráðh. hefði sjálfur átt að velja pappírinn. Þannig hefur þetta ekki verið í framkvæmd, heldur hefur sérstökum trúnaðarmönnum verið falið að annast þetta starf ráðuneytisins, eins og svo mörg önnur störf, sem undir ráðuneyti heyra, og er ég ekki með því að bera neinar sakir af mér og allra sízt að bera sakir á aðra, heldur einungis að segja frá því, að með þetta var farið alveg með sama hætti eins og gert hefur verið, að því er mér er tjáð, alla tíð. Og í skýrslu, sem ég hef fengið um þetta, segir:

„Pappír þessi var af svipaðri gerð og pappír sá, sem notaður hefur verið í utankjörfundagögn í öllum kosningum frá lýðveldiskosningunum 1944, og frá verksmiðjunnar hendi talinn öldungis hinn sami og 1946, en þó dálítið betri í raun og veru, vegna þess að þá var um stríðsframleiðslu að ræða. Ráðuneytið átti því aðeins val um, hvern litinn skyldi nota, og varð rauðbleiki liturinn fyrir valinu. Bláa litinn mátti ekki nota, þar sem hann var síðast, og gula litinn var ekki talið rétt að nota, þar sem hann var notaður í næstsíðustu kosningum."

Þetta er skýrsla um pappírinn, og við þá skoðun, sem ég hef sjálfur gert á pappírnum, virðist þetta rétt. Ég er enginn sérfræðingur í pappír, en mér virtist það vera rétt, að pappírinn væri mjög svipaður að gerð og verið hefði.

Mjög alvarlegt getur þetta ekki verið, eins og hv. þm. vildi halda fram, úr því að enginn athugasemd hefur komið fram um þetta við undanfarnar kosningar. Það er ekki fyrr en eftir að úrslit eru orðin kunn í þeim kosningum, sem voru háðar í sumar, sem þetta er gert að verulegu umkvörtunarefni. Það var nokkuð farið að tala um þetta manna á milli. Ég heyrði það á kjördag, en ekki fyrr. Það getur verið, að það hafi verið talað um það sums staðar áður. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið rætt um það á Keflavíkurflugvelli fyrr. Ég hafði ekki

heyrt þær umræður, en víst er það, að verulegt blaðamál varð ekki úr þessu fyrr en hv. þm., sá sem hreyfði þessu nú hér fyrst, gerði það að umræðuefni í blaði sínu, eftir að úrslitin í kosningunum voru orðin kunn.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að fjölyrða mikið um þetta. Ég viðurkenni það fúslega, að pappírinn er ekki eins góður og vera ber, og tel, að úr því þurfi að bæta, og skal ekki rekja frekar en ég er búinn að gera orsakirnar til þeirra mistaka. En þó að um mistök sé að ræða, þá vil ég halda fast við það, að sem betur fer hafi það ekki leitt til neinnar misnotkunar, enda eru engin ákveðin dæmi nefnd um það.

**Aldursforseti (JörB):** Hv. þingmenn hafa heyrt till. frsm. kjördeildanna um, að kjörbréf og kosning þingmanna sé tekin gild. Þeir lásu þau upp, og þar með eru kjörbréf allra viðstaddra hv. þingmanna, enn fremur eitthvað af kjörbréfum þeirra þm., sem eru fjarverandi, en nokkur vantar þó hjá mönnum, sem eru fjarverandi. Kjörbréfanefnd, sem síðar hefur slík mál til meðferðar, kemur til með að fjalla um þau og gera till. um þær kosningar. Ég ber því upp í einu lagi till. frsm. kjördeildanna um, að kjörbréf og kosning hv. þingmanna séu tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjördeildanna samþ. með 45 shlj. atkv.

### Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Bergur Sigurbjörnsson, Eggert Þorsteinsson, Einar Ingimundarson, Gils Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson.

### Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

**Jörundur Brynjólfsson,** 1. þm. Árn.,

með 33 atkv. — Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm., fékk 7 atkv., Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., 4 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

**Jón Sigurðsson,** 2. þm. Skagf.,

með 34 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

**Karl Kristjánsson,** þm. S-Þ.,

með 33 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

### Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista EI. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

**Einar Ingimundarson,** þm. Siglf., og
**Skúli Guðmundsson,** þm. V-Húnv.

### Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista var GÍG; á B-lista voru LJóh, HermJ, EI, GíslG, á C-lista var SG. — A-listi hlaut 6 atkv., B-listi 33 atkv., C-listi 7 atkv., en tveir seðlar voru auðir. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Lárus Jóhannesson,
Hermann Jónasson,
Einar Ingimundarson,
Gísli Guðmundsson,
Sigurður Guðnason.

### Kosning til efri deildar.

Loks var tekin til meðferðar kosning 17 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram fjórir listar. Á A-lista voru HG, GÍG; á B-lista HermJ, AE, BSt, KK, PZ, VH; á C-lista BrB, FRV; á D-lista JJós, BBen, GíslJ, LJóh, SÓÓ, JK, IngF. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson,
Hermann Jónasson,
Bjarni Benediktsson,
Andrés Eyjólfsson,
Gísli Jónsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Haraldur Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Karl Kristjánsson,
Jón Kjartansson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Páll Zóphóníasson,
Ingólfur Flygenring,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson.

### Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

#### 1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu fimm listar. Á A-lista var HV; á B-lista voru HelgJ, HÁ, KK; á C-lista var LJós; á D-lista voru PO, JR, MJ, JK; á E-lista var BergS. — A-listi fékk 5 atkv., B-listi 15 atkv., C-listi 7 atkv., D-listi 20 atkv. og E-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Pétur Ottesen,
Helgi Jónasson,
Jónas Rafnar,
Halldór Ásgrímsson,
Lúðvík Jósefsson,
Magnús Jónsson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Jón Kjartansson.

**2. Utanríkismálanefnd.**

Við kosningu aðalmanna komu fram fimm listar. Á A-lista var GÞG; á B-lista voru HermJ, JörB; á C-lista var FRV; á D-lista voru JJós, ÓTh, BBen; á E-lista var GilsG. — A-listi fékk 5 atkv., B-listi 15 atkv., C-listi 7 atkv., D-listi 20 atkv. og E-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Jóhann Jósefsson,
Hermann Jónasson,
Ólafur Thors,
Jörundur Brynjólfsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Bjarni Benediktsson,
Gylfi Þ. Gíslason.

Við kosningu varamanna komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Björn Ólafsson (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Jóhann Hafstein (D),
Haraldur Guðmundsson (A).

**3. Allsherjarnefnd.**

Fram komu fjórir listar, sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Voru samkv. því kjörnir án atkvgr.:

Jóhann Jósefsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Jón Sigurðsson (D),
Eiríkur Þorsteinsson (B),
Karl Guðjónsson (C),
Sigurður Ágústsson (D),
Emil Jónsson (A).

**Þingfararkaupsnefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru JPálm, AE, JR, EirÞ, GÍG; á B-lista var EOl. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7, en tveir seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Jón Pálmason,
Andrés Eyjólfsson,
Jónas Rafnar,
Eiríkur Þorsteinsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

# B.

# Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Andrési Eyjólfssyni, þm. Mýr. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Andrés Eyólfsson, þm. Mýr.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
4. Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 6. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Guðmundur Í. Guðmundsson, 10. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Ingólfur Flygenring, þm. Hafnf.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
15. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Hermann Jónasson og Jóhann Jósefsson voru ekki til þings komnir. Allir aðrir þdm. voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

**Kosning forseta og skrifara.**

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Gísli Jónsson**, þm. Barð.,

með 11 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

**Bernharð Stefánsson**, 1. þm. Eyf.,

með 10 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

**Lárus Jóhannesson**, þm. Seyðf.,

með 11 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SÓÓ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

**Karl Kristjánsson**, þm. S-Þ., og
**Sigurður Ó. Ólafsson**, 2. þm. Árn.

**Sætaskipun.**

Eftir till. 1. þm. Eyf. (BSt) voru leyfð og samþ. með 9:1 atkv. þau afbrigði frá þingsköpum, að ekki skyldi hlutað um sæti, heldur skyldu þdm. sitja eins og þeir höfðu í upphafi fundar skipað sér í sæti.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 5. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**1. Fjárhagsnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru BSt, GíslJ, LJóh, KK og HG; á B-lista var BrB. — A-listi hlaut 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Bernharð Stefánsson,
Gísli Jónsson,
Lárus Jóhannesson,
Karl Kristjánsson,
Haraldur Guðmundsson.

**2. Samgöngumálanefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru SÓÓ, VH, AE, JK og HG; á B-lista var FRV. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Sigurður Ó. Ólafsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Andrés Eyjólfsson,
Jón Kjartansson,
Haraldur Guðmundsson.

**3. Landbúnaðarnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru PZ, SÓÓ, JK, AE og GÍG; á B-lista var FRV. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Páll Zóphóníasson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jón Kjartansson,
Andrés Eyjólfsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

**4. Sjávarútvegsnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru JJós, VH, GÍG, BSt og IngF; á B-lista var BrB. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Jóhann Jósefsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring.

**5. Iðnaðarnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GíslJ, HermJ, PZ, JJós og GÍG; á B-lista var BrB. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Gísli Jónsson,
Hermann Jónasson,
Páll Zóphóníasson,
Jóhann Jósefsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

**6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GíslJ, VH, HG, IngF og KK; á B-lista var FRV. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Gísli Jónsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Haraldur Guðmundsson,
Ingólfur Flygenring,
Karl Kristjánsson.

**7. Menntamálanefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru IngF, BSt, HG, SÓÓ og AE; á B-lista var FRV. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Ingólfur Flygenring,
Bernharð Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Andrés Eyjólfsson.

**8. Allsherjarnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru PZ, LJóh, GÍG, HermJ, SÓÓ; á B-lista var BrB. — A-listi fékk 13 atkv., B-listi 2 atkv. Kosningu hlutu því:

Páll Zóphóníasson,
Lárus Jóhannesson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Hermann Jónasson,
Sigurður Ó. Ólafsson.

# C.
# Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jörundi Brynjólfssyni, 1. þm. Árn., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
2. Bergur Sigurbjörnsson, 8. landsk. þm.
3. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
4. Eggert Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
5. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
6. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
7. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
8. Emil Jónsson, 5. landsk. þm.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Gils Guðmundsson, 8. þm. Reykv.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Jóhannsson, 4. landsk. þm.
13. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
14. Gylfi Þ. Gíslason, 1. landsk. þm.
15. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
16. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
17. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Karl Guðjónsson, 9. landsk. þm.
25. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
26. Lúðvík Jósefsson, 11. landsk. þm.
27. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
28. Ólafur Thors, þm. G-K.
29. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
30. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
31. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
32. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
33. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
34. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru 5. landsk. þm. (EmJ), 5. þm. Reykv. (JóhH), þm. Ísaf. (KJJ) og 11. landsk. þm. (LJós). — Einnig voru á fundinum:

Ásmundur Sigurðsson, 11. landsk. (vara)-þm., og
Kristín Sigurðardóttir, 5. (vara)þm. Reykv.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Sigurður Bjarnason**, þm. N-Ísf.,

með 21 atkv. — Sigurður Guðnason fékk 5 atkv., en fimm seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

**Halldór Ásgrímsson**, 2. þm. N-M.,

með 22 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn:

**Jónas Rafnar**, þm. Ak.,

með 22 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista MJ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

**Magnús Jónsson**, 2. þm. Eyf., og
**Páll Þorsteinsson**, þm. A-Sk.

**Sætaskipun.**

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Einar Olgeirsson,
9. — — Gils Guðmundsson,
10. — — Jóhann Hafstein,
11. — — Björn Ólafsson,
12. — — Karl Guðjónsson,
13. — — Gunnar Jóhannsson,
14. — — Ásgeir Bjarnason,
15. — — Pétur Ottesen,
16. — — Kjartan J. Jóhannsson,
17. — — Jón Sigurðsson,
18. — — Gunnar Thoroddsen,
19. — — Halldór Ásgrímsson,
20. — — Eiríkur Þorsteinsson,
21. — — Hannibal Valdimarsson,
22. — — Gísli Guðmundsson,
23. — — Bergur Sigurbjörnsson,
24. — — Lúðvík Jósefsson,
25. — — Jónas Rafnar,
26. — — Jón Pálmason,
27. — — Emil Jónsson,
28. — — Skúli Guðmundsson,
29. — — Sigurður Ágústsson,
30. — — Eggert Þorsteinsson,
31. — — Jörundur Brynjólfsson,
32. — — Einar Ingimundarson,

33. sæti hlaut Helgi Jónasson,
34. — — Gylfi Þ. Gíslason,
35. — — Sigurður Guðnason.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 5. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

**1. Fjárhagsnefnd.**

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru JPálm, SkG, GÞG, JóhH, PÞ; á B-lista var EOl; á C-lista BergS. — A-listi fékk 26 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 2 atkv.

Þegar lokið var talningu atkvæðanna, hófst samtal meðal deildarmanna, og forsrh., Ólafur Thors, bar fram þá ósk, að atkvgr. yrði endurtekin, en 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, mótmælti því, að svo yrði gert. Þá mælti

**forseti (SB):** Eins og hv. þm. er kunnugt, er listamerking flokkanna að þessu sinni nokkuð óvenjuleg, og niðurstaða kosningarinnar bendir til þess, að um einhvern misskilning hafi verið að ræða. Af því leiðir, að fram hefur komið ósk um það, að kosningin verði endurtekin, og tel ég, að það sé ekki ósanngjarnt.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það hefur oft komið fyrir, bæði í hv. Nd. og í Sþ., að við leynilegar kosningar í nefndir hafi atkvæði fallið öðruvísi en flokkatalan í þinginu hefur sagt til um. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir, að einstakir menn úr flokkum hafa hjálpað öðrum flokkum eða einstökum persónum með því móti að kjósa með öðrum flokki heldur en þeir raunverulega tilheyra. Þetta hefur aldrei, svo lengi sem ég man til, þau 16 ár, sem ég hef verið á þingi, leitt til þess, að kosning hafi farið fram aftur. Og svo framarlega sem látin er fara fram leynileg kosning aftur, án þess að einhver þingmaður beinlínis beiðist þess, vegna þess að honum hafi orðið á mistök, þá álít ég, að það sé ekki rétt. Ég álít, að það sé ekki rétt, að hæstv. ríkisstj. reyni að beita slíku valdi gagnvart sínum fylgjendum, að hún láti kjósa aftur og aftur í þinginu, svo framarlega sem allir þm. hennar hlýða ekki kallinu.

Ég veit það, að hæstv. núverandi ráðherrar og hæstv. forsrh. man það vel, að það hefur komið fyrir áður hér í þinginu, að menn hafi kosið öðruvísi en flokkar þeirra segja til um. Það hefur ekki aðeins verið á einn veg, heldur á fleiri vegu, og hefur aldrei verið látin fara fram kosning aftur þess vegna. Hitt verð ég aftur á móti að viðurkenna, að ef einhver þm. rís upp og segir, að sér hafi orðið mistök á, þá gegnir nokkuð öðru máli fyrir forseta, en eftir kröfu ríkisstj. álít ég það alls ekki rétt. Ég vil mótmæla því, og ég vil eindregið skjóta því til hæstv. forseta að láta við það sitja, sem nú hefur orðið.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Mér sýnist svo augljóst, að vart geti orkað tvímælis, að hér sé um mistök að ræða, og það geta legið mjög eðlilegar ástæður til þeirra mistaka, þar sem við nú erum að enda við kosningu í fjórum nefndum og flokkarnir höfðu þá annað listanafn heldur en nú. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt, þótt slík mistök geti komið fyrir. — Ef hér er um vilja ákveðins þingmanns að ræða um að styðja Sósfl. í þessa n., þá kemur sá vilji væntanlega fram, þótt kosið sé aftur. Ég trúi hinu ekki um hv. þm., Einar Olgeirsson, að hann sæki fast að komast í nefnd af slysni. Aðalatriðið er, að ef vilji er fyrir hendi um að kjósa Sósfl., þá kemur hann alveg fram, þótt þetta verði sannprófað aftur. M. ö. o.: Ef á að sannprófa, hvort um vilja þingsins er að ræða, þá er rétt að láta kjósa aftur. Vilji menn hins vegar sigla inn á slysni, þá má halda dauðahaldi í þessa slysni og ná nefndarsæti með því, en ég hefði ætlað hv. þm. stoltari mann en svo, að honum þætti lífið liggja við að krækja sér í nefndarsæti á slysni.

Ég er ekkert minnugur maður, en eitthvað rámar mig í, að orka þætti tvímælis einhvern tíma — og ekki fyrir löngu — hvort bókstafur ætti að lesast með einum hætti eða öðrum, og þá var talið rétt að kjósa um, enda þótt flestir læsir menn teldu, að glöggt væri, hver bókstafurinn væri, en menn sögðu: Við skulum skera úr, svo að ekki orki tvímælis. — Það þótti þingheimi hið rétta frelsi í þessum efnum, og svo er enn. Ég mælist því eindregið til, að hæstv. forseti haldi fast við þann úrskurð, sem hann kvað upp.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég kveð mér hljóðs til þess að styðja það eindregið, að fram fari kosning á nýjan leik, eins og hæstv. forseti hefur ætlað sér. — Ég hef ekki mikið nýtt að segja um þetta. Það hafa verið bornar fram þær ástæður, sem mæla með þessu. Ég vil aðeins leggja áherzlu á, að það getur engum orðið gert rangt til með því að láta kosningu fara fram aftur. Það er óhugsandi. Ef ætlun sex manna hér í hv. d. er sú að styðja lista Sósfl., þá munu þeir gera það við þá kosningu, sem færi fram hér aftur. Ef hins vegar hafa orðið mistök, þá leiðréttast þau. Það er þess vegna ekki hægt að finna nein frambærileg rök gegn því, að kosning fari fram aftur. Að A-lista standa þrír flokkar, en að B-listanum Sósfl. einn. Benda því allar líkur til þess, að hér hafi orðið mistök, en aðalatriðið í málinu er þó það, að það er ekki hægt að gera neinum rangt til með því að láta kosningu fara fram aftur. En hér gætu orðið viðurkennd mistök, ef kosning færi ekki fram aftur. Þetta er höfuðatriðið.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar Framsóknarflokkurinn kemur með það sem rök hér í þinginu, að það geti ekki gert neinum rangt til, að kosning fari fram aftur. Ég veit ekki betur en hæstv. Framsfl. og hans ráðherrar sitji nú í ríkisstjórn vegna þess, að þeir eru hræddir við, að kosning fari fram aftur. Ég held þess vegna, að það ætti ekki að vera að beita því sem rökum hérna í sambandi við þetta.

Það var rætt allmikið um kosningar, um atkvæðaseðlana og annað slíkt, þegar kjörbréf voru tekin gild nú. Og það þótti ekki fært, og því var lýst yfir af sjálfum hæstv. dómsmrh., að það þætti ekki fært að láta kosningu fara fram aftur, jafnvel þótt bæði formaður Alþfl. og ég flyttum mörg rök fram um það, að ýmislegt viðvíkjandi kosningaseðlunum hefði verið mjög varhugavert. Mönnum kom saman um það, að það væri engin ástæða til þess að láta kosningu fara fram aftur. — Og Framsfl. var svo eindreginn í því, að það bæri undir engum kringumstæðum að láta kosningu fara fram aftur, að hann settist í ríkisstj. upp á mjög slæm kjör til þess að láta ekki kosningu fara fram aftur. Ég held þess vegna, að hæstv. fjmrh. ætti alls ekki að vera að beita þessum rökum hérna.

Það er búið að kjósa, og það hefur enginn fundið neitt að þessum atkvæðaseðlum. Það er alveg rangt, sem hæstv. forsrh. talar um, að það hafi nú kannske verið skrifað svo illa eða eitthvað slíkt. Ég held, að það sé ómögulegt að finna þennan fræga seðil, sem var skrifaður þannig, að það var alveg jafnt hægt að lesa á honum A og D, ef ég man rétt, og þurfti sannarlega list til, en svona var nú sá seðill. Það hefur enginn fundið neitt að þessum seðlum, heldur hafa þeir þótt alveg réttir. — Svo kom hæstv. forsrh. með þá röksemd, að menn hefðu verið orðnir svo vanir að kjósa A, B, C, D, E, að þess vegna væri vel hugsanlegt, að einhverjum hefði nú fatazt. En ég vil bara benda hæstv. forsrh. á, að seinasta n., sem kosin var í Sþ., áður en þessi kosning hófst í Nd., var þingfararkaupsnefnd. Þar stóð allt Atlantshafsbandalagið saman. Það voru bara tveir listar, A og B. Menn voru alveg búnir að fá æfinguna um að hlýða, svo að það er engin afsökun til fyrir því. Ég held þess vegna, að það nái ekki nokkurri átt að láta þessa kosningu fara fram aftur. Það er þá aðeins ofríki ríkisstj., sem því ræður.

Hvað snertir hvort mér þyki, af því að það var nú ég, sem stillt var í fjhn., eitthvað lakara að sitja í fjhn. af slysni, þá verð ég að segja, að mér er nokkurn veginn alveg sama, hvernig ég sit í fjhn., hvort það væri hlutkesti um það eða hvort einhver af fylgjendum stjórnarinnar eða fylgjendum Alþfl. kysi mig til þess að fá mig inn í hana. Ég kann því mjög vel að hafa fengið þannig fylgi utan míns flokks. Ég er engan veginn viss um, að það hafi verið nein slysni. Hitt þekki ég, að ef það á að fara að kjósa upp aftur og aftur, af því að það sé slysni, svo framarlega sem einhver úr Atlantshafsbandalaginu ekki hlýðir, þá er hægt að halda fólki hér alllengi í þingsölunum, ef á að píska menn þannig til hlýðni. Ég man nú eftir því, að það hefur stundum gerzt, að það hafa jafnvel verið kallaðir saman flokksfundir í miðjum slíkum kosningum til þess að reyna að koma öllum á rétta línu. — Og ég skal að síðustu segja þetta: Ég veit ekkert, hvort það er eins eftirsóknarvert fyrir hæstv. ríkisstj. og hún leggur nú áherzlu á að hafa okkur utan við nefndirnar. Ég ætla a. m. k. að minna ríkisstj. á, að hún skal muna það, hvað hart hún hefur sótt það að útiloka sósíalista frá nefndum.

**Forseti (SB):** Þessum umr. utan dagskrár er lokið. En með því að engum hv. þingflokki er gert rangt til með því, þótt kosningin verði endurtekin, en hins vegar líklegt, að niðurstaða hennar í fyrra skiptið hafi verið afleiðing óvenjulegrar listamerkingar, þá fer kosningin nú fram að nýju, kosning í fjárhagsnefnd hv. þingdeildar.

Við endurtekna atkvgr. hlaut A-listi 26 atkv., B-listi 5 atkv., C-listi 3 atkv. Kosningu hlutu samkv. því:

Jón Pálmason,
Skúli Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason,
Jóhann Hafstein,
Páll Þorsteinsson.

**2. Samgöngumálanefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru SB, ÁB, MJ, EirÞ, EmJ; á B-lista var GJóh. — A-listi fékk 27 atkv., B-listi 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Sigurður Bjarnason,
Ásgeir Bjarnason,
Magnús Jónsson,
Eiríkur Þorsteinsson,
Emil Jónsson.

**3. Landbúnaðarnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru ÁB, JS, GíslG, JPálm, HV; á B-lista var SG. — A-listi fékk 27 atkv., B-listi 5 atkv., en tveir seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Ásgeir Bjarnason,
Jón Sigurðsson,
Gísli Guðmundsson,
Jón Pálmason,
Hannibal Valdimarsson.

**4. Sjávarútvegsnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru PO, GíslG, SÁ, EirÞ, EggÞ; á B-lista var LJós. — A-listi fékk 27 atkv., B-listi 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Pétur Ottesen,
Gísli Guðmundsson,
Sigurður Ágústsson,
Eiríkur Þorsteinsson,
Eggert Þorsteinsson.

**5. Iðnaðarnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GTh, SkG, EmJ, JörB, EI; á B-lista var SG. — A-listi fékk 26 atkv., B-listi 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Gunnar Thoroddsen,
Skúli Guðmundsson,
Emil Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Einar Ingimundarson.

**6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru HelgJ, KJJ, GÞG, PÞ, JR; á B-lista var KGuðj. — A-listi

fékk 27 atkv., B-listi 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Helgi Jónasson,
Kjartan J. Jóhannsson,
Gylfi Þ. Gíslason,
Páll Þorsteinsson,
Jónas Rafnar.

**7. Menntamálanefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru GTh, PÞ, KJJ, HÁ, HV; á B-lista var KGuðj. — A-listi fékk 27 atkv., B-listi 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Gunnar Thoroddsen,
Páll Þorsteinsson,
Kjartan J. Jóhannsson,
Halldór Ásgrímsson,
Hannibal Valdimarsson.

**8. Allsherjarnefnd.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru JörB, BÓ, EggÞ, EI, ÁB; á B-lista var GJóh. — A-listi fékk 27 atkv., B-listi 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Kosningu hlutu því:

Jörundur Brynjólfsson,
Björn Ólafsson,
Eggert Þorsteinsson,
Einar Ingimundarson,
Ásgeir Bjarnason.

# Lagafrumvörp samþykkt.

## 1. Alþjóðaflugþjónusta.

Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu** [61. mál] (stjfrv., A. 72).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ísland tekur þátt í Alþjóðaflugmálastofnuninni, en þessi stofnun hefur með höndum ýmsa starfsemi til þess að greiða fyrir flugi landa á milli, m. a. veðurþjónustu, og einnig sinnir stofnunin öðrum greinum flugþjónustunnar. Nú hefur Ísland tekið að sér að sjá um veðurþjónustu og skeytaþjónustu eða leiðbeiningarþjónustu fyrir flugið um norðanvert Atlantshaf. Það kostar mikið, en 95% af kostnaðinum er endurgreitt Íslandi af öðrum þátttakendum. Til þess að geta annazt þessa þjónustu þurfti að koma upp á Rjúpnahæð hér við Rvík byggingu í stað bráðabirgðabyggingar, sem er að verða ónýt. Þetta kostar á fimmtu millj. kr., og menn töldu ekki fé fyrir hendi til þess að leggja þetta út úr ríkissjóði, þar sem greiðslan kemur til baka smátt og smátt á nokkrum árum frá samtökunum. Stofnkostnaðinn verður Ísland að leggja fram, en hann kemur til baka á nokkrum árum. Þess vegna var sú leið tekin að útvega lán í bygginguna, sem endurgreiðist í raun og veru af öðrum þátttökuríkjum. Er þetta lán tekið hér hjá Framkvæmdabankanum, en Framkvæmdabankinn fær peningana hjá Alþjóðabankanum.

Í fjárlagafrv., sem fyrir liggur, er tekin upp heimild fyrir ríkisstj. til þess að ganga frá þessari lántöku, en nú liggur orðið mjög mikið á framkvæmdum í þessu efni. Peningarnir liggja alveg tilbúnir, en ekki hægt að ganga frá málinu, svo að þeir komi til afnota, fyrr en heimild hv. Alþingis til lántökunnar liggur fyrir. Þess vegna höfum við í fjmrn. tekið það ráð að búa út sérstakt frv. um þessa lántökuheimild, sem hér liggur nú fyrir til umræðu. Vonum við, að með því móti fáist hraðari afgreiðsla á málinu en með því að afgr. það í fjárlögunum. — Er það nú beiðni mín til n. þeirrar, sem fær þetta mál til meðferðar og væntanlega verður hv. fjhn. d., að hún gefi út nál. svo fljótt, að málinu gæti orðið lokið hér í d. fyrir helgi. Gæti það þá komið til Nd. í næstu viku.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 7. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 82).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., og eins og sjá má á nál. á þskj. 82, leggur hún einróma til, að það verði samþykkt. Við 1. umr. málsins skýrði hæstv. fjmrh. efni frv. og tilgang, og hef ég engu við það að bæta. En af því að það kom fram í n., að æskilegt væri að vita um greiðsluskilmála og lánskjör á því láni, sem frv. fjallar um, þá hef ég aflað mér eftirfarandi upplýsinga um þessi atriði:

Hinn 4. sept. s. l. veitti Alþjóðabankinn í Washington Framkvæmdabankanum lán að upphæð £ 90 000, sem á kaupgengi kr. 45.55 nemur kr. 4 099 500.00. Lánið er með 4¾% vöxtum á ári. Af ónotuðu lánsfé skal greiða ¾%. Vextir og aðrar greiðslur skulu greiðast á 6 mánaða fresti, hinn 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Endurgreiðslu lánsins er hagað þannig, að vextir og afborgun nema nokkurn veginn jafnri upphæð hverju sinni, alls kringum 450 þús. kr. á ári. Lánið endurgreiðist því á 12 árum, 1954—1966. En eins og mönnum er kunnugt, greiða þátttökuríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar álika upphæð til Íslands árlega sem nemur þessum greiðslum. Samkvæmt lögum um Framkvæmdabankann bætist svo við 1% af upphæðinni í „provision“ til bankans, og mun sú upphæð að sjálfsögðu verða talin til byggingarkostnaðar þeirra húsa, sem frv. ráðgerir að reist verði. Það er því svo að sjá, að Ísland muni ekki greiða sjálft neitt af þessu, heldur verði það greitt með þessu framlagi frá þátttökuríkjum í Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur, en ef svo færi, bað hann mig að beina því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að halda annan fund nú í dag og taka málið til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég er samþykkur þessu frv. og samþykkur því, að afgreiðslunni verði hraðað eins og ráð hefur verið fyrir gert. En ég hreyfði því í fjhn., þegar frv. var þar til athugunar, að hæstv. ráðh. hefði ekki gefið neinar upplýsingar um, hvorki hve lánstíminn ætti að vera langur né heldur hver vaxtakjör væntanlega yrðu á þessu láni. Þó hefur það jafnan verið venja við afgreiðslu lántökuheimilda hæstv. ríkisstj., að upplýsingar, er fyrir hendi væru, lægju fyrir um þessi atriði, áður en heimildin væri afgreidd. Sérstaklega virðist mér ástæða til þess að inna eftir þessu nú, vegna þess, að ég hygg, að þetta sé fyrsta lánið, sem ríkissjóður tekur hjá hinum nýja banka, Framkvæmdabankanum, og gæfi þá kannske einhverja vísbendingu um, hver kjör væru hugsuð í viðskiptum bankans við ríkisstj.
Ég innti eftir því í fjhn., hvort form. hennar gæti aflað sér upplýsinga um þetta, áður en málið væri afgr. úr deildinni. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert það, en þykir rétt að benda á, að mér finnst á allan hátt þinglegra og formlegra, að þessar upplýsingar liggi fyrir, áður en málið er afgreitt. Ég mun þó að sjálfsögðu ekki setja mig gegn því, að það verði afgr. út úr deildinni hér, því að þær liggja þá væntanlega fyrir í Nd., en þykir rétt að vekja á þessu athygli.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Mér kemur nú þessi ræða síðasta ræðumanns dálítið á óvart. Að vísu er það alveg rétt, að þessu var hreyft í fjhn., að það væri æskilegt, að fyrir lægju upplýsingar um lánskjör og annað, áður en málið væri afgreitt. Samkv. ósk n. útvegaði ég þessar upplýsingar og gat um öll þessi atriði í minni framsöguræðu við 2. umr. hér. Það er líklega, að hv. þm. hafi ekki verið kominn í d., þegar ég gerði það, en það vill nú svo til, að ég hef hér bréf, sem upplýsir þetta töluvert rækilega, og mér er ánægja af að lána hv. þm. þetta bréf.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 99).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands, rúmlega 4 millj. kr., til þess að reisa stuttbylgjustöðvarhús hér í nágrenni Reykjavíkur, sem notað verði í þágu alþjóðaflugþjónustu, eins og segir í 1. gr. frv. Skýringar fylgja með frv. á þskj. 72.
Frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj. Það hefur þegar verið samþ. í hv. Ed. Fjhn. þessarar d. hefur athugað málið og leggur til, að það verði einnig samþ. hér.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér í sambandi við þessa lánsheimild að bera fram þá fyrirspurn til annaðhvort hæstv. ríkisstj. eða fjhn., ef hún getur svarað því, hvað sé fyrirhugað viðvíkjandi vöxtum af þessu láni. Ég býst við, að það sé nú þegar eitthvað búið að þreifa fyrir sér um þetta lán og það sé þess vegna hægt að gefa upplýsingar um það. Það er ekki ófróðlegt fyrir þm. að fá að fylgjast með því, hvaða vexti muni eiga að reikna af því. Í öðru lagi vil ég spyrja, til hve langs tíma sé meiningin að taka þetta lán, og í þriðja lagi, af því að það er ekki tekið neitt fram um það í frv. sjálfu, hvort hér sé að einhverju leyti um að ræða að taka lán erlendis, þannig að Framkvæmdabankinn eigi að taka lán erlendis og veita hingað, eða hvort um það sé að ræða að veita þetta lán einvörðungu úr innlendu fé, sem Framkvæmdabankinn hafi til umráða, og svo framarlega sem svo sé, hvaðan komi þá það fé, sem Framkvæmdabankinn hefur þannig til umráða. Á að lána þetta úr mótvirðissjóði? Og þá þyrfti að taka það hér sérstaklega fram, vegna þess að það er ekki hægt að lána úr mótvirðissjóði öðruvísi en með samþykki Alþingis. En ella: Hvaðan fær Framkvæmdabankinn fé til þess að lána þetta?
Mér finnst eðlilegt, að um þessi atriði fengjust upplýsingar. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að fá þær á annan hátt, og ég vildi þess vegna beina þeirri fyrirspurn til hv. form. fjhn. og frsm., ef hann getur upplýst þetta og það hefur verið rætt í nefndinni, en ella til hæstv. ríkisstj.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta lán er þannig vaxið, að Framkvæmdabankinn tekur það hjá Alþjóðabankanum og lánar það aftur ríkisstjórninni til þessara framkvæmda. Vextir verða 4½%, og lánið er til 12 ára. Greiðslur af láninu verða hér um bil nákvæmlega þær sömu og leigutekjurnar af þessu húsnæði frá alþjóðaflugþjónustunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 105).

## 2. Kosningar til Alþingis (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á 1. mgr. 39. gr. l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis** [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér er lagt fram, er um staðfestingu á brbl., sem gefin voru út við alþingiskosningarnar í sumar, og efni þess er að tryggja, að sem minnstur ruglingur verði á listabókstöfum þeim, sem listar frambjóðenda við alþingiskosningar eru merktir. Ákvæði laganna, eins og þau voru, miðuðu að því, að í hlutbundnum kosningum væri sem föstust skipun á þessum bókstafsmerkingum, og var í því skyni tekið upp, að flokkarnir skyldu merktir eftir stafrófsröð. Nú í sumar buðu hins vegar tveir flokkar til viðbótar fram við alþingiskosningar umfram það, sem áður hafði verið, og mundi það hafa leitt til þess, ef ekki hefði verið að gert, að nokkur ruglingur hefði komizt á þá skipan, sem um þetta hafði staðið nokkur ár í framkvæmd. Það þótti því eðlilegast og í beztu samræmi við tilgang löggjafans að setja um þetta þá reglu, sem brbl. ákváðu, sem sagt, að þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verða í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórnmálaflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð. Í samræmi við þetta eru svo önnur ákvæði í lögum, sem leiða til sams konar merkingar á slíkum listum í einstökum kjördæmum.

Ég hygg, að þetta litla frv. eða ákvæði þess horfi heldur til bóta. Það má segja, að það skipti ekki miklu máli, en það miðar að því að koma í veg fyrir rugling, sem allir hljóta að hafa áhuga fyrir að geti ekki átt sér stað. Ég vonast því til, að frv. nái fram að ganga og verði samþ. á þinginu, þannig að þessi skipan komist á, því að hún er betri til frambúðar en sú, sem áður var. — Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 69).

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Frsm. þessa máls, hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), hefur fjarvistarleyfi og hefur beðið mig að hlaupa í skarðið fyrir sig við framsögu þessa smámáls.

Eins og ástæður brbl. bera með sér, þótti rétt að gera með brbl. þá breyt. á 1. málsgr. 39. gr. l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, að gömlu flokkarnir héldu sínum bókstaf, en nýir flokkar fengju bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð, eftir því sem heiti flokkanna gaf tilefni til. Var þetta auðvitað gert til að koma í veg fyrir, að flokkarnir hefðu mismunandi bókstafi við mismunandi kosningar, sem gat komið á ruglingi. — Allshn. hefur athugað frv. og álítur, að þetta sé rétt og sanngjörn regla til frambúðar, og hefur því einróma leyft sér að leggja til við d., að frv. verði samþykkt.

Ég skal rétt aðeins geta þess, að fyrirsögn frv. er dálítið óvenjuleg, vegna þess að þar er talað um breyt. á einni gr. í lögum, en venjan er sú, að talað er um breyt. á l. í heild, þó að aðeins sé breytt einni grein. Verður það athugað nánar til 3. umr., hvort ástæða sé til þess að breyta því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 7. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 10. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 102).

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Frv. þessu var vísað til allshn. d., og hefur hún athugað það. Þetta er staðfesting á brbl., sem gefin voru út fyrir síðustu kosningar, og er að vísu þegar orðin á eftir tímanum, en n. fannst ástæða til þess að afgr. það í d. þrátt fyrir það og leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 114).

## 3. Síldarmat.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld** [35. mál] (stjfrv., A. 35).

Á 5. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Þetta frv. fjallar um tiltölulega lítilvægt mál, sem þó þótti nauðsynlegt að gefa út um brbl. Eins og grg. ber með sér, þá er tilgangurinn sá, að heimilt sé að taka krónu skatt í staðinn fyrir 25 aura áður sem matsgjald af hverri útflutningstunnu síldar. — Grg. ber með sér rökin fyrir þessari breyt., og sé ég ekki ástæðu til þess að bæta neinu við þau, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 57).

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Frv. það á þskj. 35, sem hér er tekið til meðferðar, er samhljóða brbl., sem gefin voru út 20. júlí s. l., um breyt. á l. frá 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld. Samkv. löggjöfinni frá 1938 hefur verið tekið 25 aura matsgjald til ríkissjóðs af matjessíld og skozkverkaðri síld. Þar sem þetta 25 aura matsgjald, sem aðeins hefur verið tekið af tveimur tegundum saltsíldar, hefur hvergi nærri staðið undir þeim kostnaði, sem ríkið stendur straum af í sambandi við matið, er nú gert ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir, að matsgjaldið verði hækkað í eina krónu af hverri útflutningsmetinni saltsíldartunnu. — Í frv. er einnig gert ráð fyrir, að þetta sama matsgjald, 1 kr. á tunnu, verði sömuleiðis tekið af þeirri síld, sem metin er með frjálsu mati.
Á þskj. 57 hefur sjútvn. þessarar hv. d. gefið út nál., þar sem hún mælir samhljóða með, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 7. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 9. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 106).

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða brbl. frá 20. júlí s. l. Sjútvn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.
Málið er svo einfalt, að það þarfnast ekki frekari skýringa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 124).

## 4. Bæjarútgerð Siglufjarðar og h/f Bjólfur á Seyðisfirði.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Siglufjarðar og h/f Bjólf á Seyðisfirði** [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Við fjárlagaafgreiðsluna á síðasta Alþ. var samþ. heimild til þess að ábyrgjast lán til þess að koma í veg fyrir, að nokkrir togarar yrðu fluttir úr byggðarlögum, þar sem þeir hafa verið reknir. Þessi heimild hefur verið notuð. En þegar farið var að athuga þessi mál nánar en búið var áður en heimildin var samþ., þá kom í ljós, að þannig var ástatt um fjárhag Bæjarútgerðar Siglufjarðar, að þess var enginn kostur að bjarga henni úr örðugleikunum með þeirri heimild, sem í fjárl. var gefin. Til þess þurfti miklu víðtækari ráðstafanir. Var þá um

tvennt að velja fyrir ríkisstj., annaðhvort að horfa upp á það aðgerðalaust, að tveir togarar yrðu seldir þaðan brott, ellegar að gefa út í samráði við þá flokka, sem hana styðja, eftir því sem til náðist, brbl. um að veita Siglufjarðarbæ meiri stuðning til þess að halda skipunum en gert var ráð fyrir í fjárlagaheimildinni. Vegna þess neyðarástands, sem ríkir í atvinnumálum Siglufjarðarkaupstaðar af ástæðum, sem öllum eru kunnar, þá tók stj. þann kostinn að afla sér þessarar heimildar með brbl., og liggja þau nú hér fyrir hv. Alþ. til staðfestingar.

Það kom og í ljós, að á svipaðan hátt var ástatt um togaraútgerðarfyrirtæki Seyðfirðinga, en þó ekki alveg eins illa. Það þurfti minni fjárhæð til þess að bjarga því í bili en Siglufjarðarútgerðinni, en þó svo, að alls ekki var hægt að bjarga Seyðisfjarðarútgerðinni eða réttara sagt koma í veg fyrir, að togarinn yrði þaðan fluttur, með þeirri heimild, sem í fjárl. var. Þurfti því einnig að bæta við ábyrgðarheimild vegna Seyðisfjarðar. Þess vegna hljóða brbl. ekki aðeins um aðstoð handa Siglufirði, heldur einnig Seyðisfirði, eins og hv. þm. hafa vafalaust komið auga á.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil á engan hátt bera brigður á, að rétt sé frá skýrt af hæstv. fjmrh. um ástandið á þeim stöðum, sem frv. fjallar um, og nauðsyn þess að gera þær ráðstafanir, sem í frv. greinir, til þess að afstýra því, að atvinnutæki séu flutt burt úr þessum bæjum. En þar sem hæstv. ráðh. drap á réttilega, að í fjárlögum yfirstandandi árs væri sérstök heimild í þessu skyni og fjárupphæð tiltekin, þá hefði mér þótt viðkunnanlegra, að hann hefði gert grein fyrir því, hvernig sú heimild hefur verið notuð og hvers vegna ekki var hægt að láta nægja að fella þessa staði inn undir heimild fjárlaganna. Frá því greindi hann ekki. Ég vil þó ekki bera brigður á, að full nauðsyn hafi verið fyrir hendi til þessara aðgerða, en vænti þess, að hæstv. ráðh. láti þinginu í té skýrslu um, hvernig heimildin í fjárl., sem hann drap á, hefur verið notuð. En í þessu sambandi vildi ég mega vekja athygli hæstv. fjmrh. á því, að auglýstir hafa verið til sölu samkv. kröfu stofnlánadeildar a. m. k. tveir, ef ekki fleiri stórir vélbátar á Ísafirði. Jafnframt vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. geti ekki gert einhverjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það, að þessi nauðsynlegu skip verði seld burt úr bænum. Enginn vafi er á því, að það eru alveg jafnríkar ástæður fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir, að vélbátar séu fluttir burt eins og togarar, þar sem atvinnulífið byggist, t. d. á Ísafirði, a. m. k. að jafnmiklu leyti á vélbátunum eins og á þeim togurum, sem þar eru staðsettir. Ég vænti, að svo opin augu sem ríkisstj. hefur haft fyrir nauðsyn og þörf Siglufjarðar og Seyðisfjarðar í þessu efni, þá megi einnig vænta þess, að henni sé ljóst, hver nauðsyn er fyrir hendi á Ísafirði í sambandi við þetta mál.

Ég sé, að hv. þm. Ísaf. hefur flutt á þskj. 31 till. til þál. um heimild til ríkisábyrgðar allt að 5 millj. kr. til þess að byggja dráttarbraut á Ísafirði. Það er vissulega nauðsynjamál og án efa mikið hagsmuna- og áhugamál bæjarbúa allra, að það nái fram að ganga. En lítið samræmi finnst mér í því og lítil skynsemi, ef það er látið reka á reiðanum af hæstv. ríkisstj., hvort þau atvinnutæki, sem nú eru í bænum, eru seld burt, því að hætt er við, að slík dráttarbraut sem þessi fengi lítið að gera, ef bátaútvegurinn á Ísafirði legðist að miklu eða öllu leyti niður.

Ég hef leyft mér að vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu máli og þeim vanda, sem Ísfirðingar eiga nú við að stríða í þessu efni, í von um, að skilningur hæstv. ríkisstj. á nauðsyn þessa staðar sé engu minni en skilningur hennar á nauðsyn þeirra bæjarfélaga, sem frv. fjallar um.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af orðum hv. þm. vil ég taka fram, að ég hef ekki hér hjá mér lista yfir það, hvaða togaraútgerðir fengu ábyrgð samkv. heimildinni í fjárl. og hve mikið hver. En ég get upplýst það, að þegar hv. fjvn. gerði það að sinni till., eftir uppástungu ríkisstj. í fyrra, að þessi heimild yrði veitt í fjárl., þá lágu fyrir upplýsingar um það, hverjir hefðu þörf fyrir slíka aðstoð, og eins konar áætlun um það, hvernig heimildin yrði notuð. Það var sem sé gert ráð fyrir því, að hún gæti skipzt nokkuð jafnt á milli þeirra, sem hlut áttu að máli. Og ég get lýst því yfir, að framkvæmdin á heimildinni var höfð í samræmi við það, sem fyrirhugað var í fjvn. En það kom sem sagt í ljós, að það, sem þar var áætlað, dugði hvergi nærri Siglufjarðarútgerðinni og ekki heldur Seyðisfjarðarútgerðinni, en öðrum útgerðum, sem áttu að fá aðstoð, dugði þetta til þess, að þær hafa haldið skipunum fram að þessu.

Varðandi vélbátana er það að segja, að vitaskuld er ekki hægt að ganga inn á það sem algilda reglu, að stj. sé skylt að koma í veg fyrir eigandaskipti á vélbátum eða að vélbátar flytjist eða togarar úr einum stað í annan. Mér er vel kunnugt, að það hefur staðið til að ganga að nokkrum vélbátaeigendum á Ísafirði. Mér er það vel kunnugt vegna þess, að stj. hefur einmitt nú um alllangan tíma komið í veg fyrir, að þetta yrði gert, af því að stj. leit svo á, að það væri nokkur ábyrgðarhluti að láta slík eigendaskipti og brottflutning á bátum fara fram eins og ástatt hefur verið á Ísafirði.

Ég mun ekki gefa hér neina yfirlýsingu um þetta mál, en það mun verða tekið til athugunar, hvort stj. hefur frekari afskipti af því en enn er orðið eða ekki. Fram að þessu hafa afskiptin verið þau, að komið hefur verið í veg fyrir, að uppboðið færi fram, og það hefur verið hægt að gera það með því að semja um fresti. En auðvitað er ekki endalaust hægt fyrir stofnlánadeildina að fresta innheimtu sinni, eins og gefur að skilja. Það er ekki hægt að nota þá aðferð nema takmarkaðan tíma, því

að innheimta hennar verður að ganga sinn gang.

**Jóhann Jósefsson:** Hér er að ræða um brbl., sem útgefin hafa verið á sínum tíma milli þinga, og eftir því, sem hæstv. ráðh. lýsti og taldi, hefur ríkisstj. í samráði við þingflokkana stigið þetta spor vegna þess, að aðgerðir þingsins eða tilhlutun fjvn. hefði ekki verið nægileg á sínum tíma til þess að leysa að fullu þau vandræði, sem hlóðust á. Ég verð nú að segja það fyrir mitt leyti, þótt ég tilheyri einum — ja, víst stærsta flokknum á þinginu, að þá er mér ekki kunnugt um, að þessi ráðstöfun um brbl. hafi verið borin undir þann þingflokk, a. m. k. ekki svo að ég viti til, og skiptir ef til vill ekki miklu máli. Á hinn bóginn er þess að geta, að því er virðist, að það, sem hefur skeð í þessu, a. m. k. á Siglufirði, er í rauninni það, að ríkisstj. hefur tekið á sig eða sína eigin stofnun rekstur skipsins eða skipanna. Ég veit ekki, hvort það er í sama formi á Seyðisfirði, en hér er gefið fordæmi, að því er virðist, um það, að ríkið sjálft — eða stofnanir þess — tekur að sér rekstur á togara, að vísu af því tilefni að halda uppi atvinnu í því byggðarlagi, sem togarinn á heima í, en að öllu leyti hlýtur þetta þó að verða á kostnað og ábyrgð ríkissjóðs, ég segi ekki beinlínis, heldur miklu frekar óbeinlínis, þar sem ég held ég fari rétt með það, að reksturinn á togaranum á Siglufirði eða togurunum þar annist síldarverksmiðjur ríkisins, og að þær starfi á ríkisins ábyrgð, tel ég vera upplýst og vitað.

Nú hefur það komið fyrir í öðrum byggðarlögum, þar sem ef til vill er ekki eins ástatt og á Siglufirði, að svo hefur rekið í strand með togaraútgerð, sams konar og hér er um að ræða, að menn hafa orðið að losa sig við skip af þessu tilefni. Mér er ekki kunnugt um það, hvort leitað hafi verið til ríkisstj. á sama hallærisgrundvelli í þessu máli frá því kjördæmi, sem ég hef í huga og er Vestmannaeyjar, en það getur verið, þó að ég hafi ekki vitað um það, því að ég hef verið fjarverandi.

En það, sem ég vildi benda á, er, að hér er tekin upp stefna, — að því er virðist hjá hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem flytur þessi brbl., þó að þau séu lögð fram af öðru rn. að nafninu til, — að það er gengið í þá áttina og hafnar aðgerðir til þess að reka togaraútveg á ábyrgð sjálfs ríkisins. Það blasir þannig við fyrir mér. Og það hélt ég að væri spor, sem a. m. k. sumir mér vitrari og hyggnari menn hefðu sjálfsagt álitið þörf á að gera á annan veg en hér blasir við, eða með brbl.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál, aðeins benda á það, sem virðist vera staðreyndin í þessu máli, og á hitt um leið, að með því að fordæmið er gefið á þann hátt, sem það er gert hér, þá hljóta önnur pláss, hvort sem þau heita Ísafjörður eða hvað annað, að gera kröfur til og eiga rétt á, að ríkisvaldið hlaupi undir bagga með þeim á alveg sérstakan hátt og ef í nauðirnar rekur með því að láta stofnanir sínar taka eða taka sjálft á sig ábyrgð á rekstri áhættusamra fyrirtækja. Það er óskandi og vonandi, að ekki komi til þess, en leiðin að slíkum kröfum er hér opnuð.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sagði áðan, að ríkisstj. hefði gefið út brbl. um þetta mál í samráði við þá, sem hana studdu, að því leyti sem til hefði náðst. Ég stóð satt að segja í þeirri meiningu, að þannig hefði þessu verið háttað, því að þannig var því háttað í þeim herbúðum, sem ég þekki til í. Hafi ég farið skakkt með að þessu leyti til, þá leiðréttist það hér með.

Um efni málsins vil ég taka fram í tilefni af því, sem hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að ríkissjóður eða ríkið hefur ekki tekið á sig að reka Siglufjarðartogarana og ber ekki ábyrgð á rekstri þeirra, en mér fannst eins og hann áliti, að svo væri. Það, sem gerðist, var það, að ríkið veitti þessa ábyrgð, sem hér er heimiluð í brbl., en setti það skilyrði um leið, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins, eða framkvæmdastjóra síldarverksmiðja ríkisins, væri falin framkvæmdastjórn skipanna. Sem sé: ríkið setti það skilyrði fyrir ábyrgðinni, af því að hún var svo stórfelld, að ríkisstj. hefði íhlutun um framkvæmdastjórn skipanna. Af því að þarna á staðnum er þessi stofnun, síldarverksmiðjur ríkisins, og framkvæmdastjórinn hjá þeim er maður, sem stjórnin hafði gott traust á til þess að stýra framkvæmdum togaraútgerðarinnar, þá varð að ráði að gera það að skilyrði, að síldarverksmiðjur ríkisins tækju við framkvæmdastjórn skipanna, en skipin eru eftir sem áður rekin af bæjarsjóði Siglufjarðar og á ábyrgð Siglufjarðarbæjar. Hins vegar hefur ríkið tekið ábyrgð á vissri lánsfjárhæð, sem til útgerðarinnar hefur verið lögð. Það er enginn eðlismunur á þeirri ábyrgð og á hinum ábyrgðunum, sem teknar hafa verið fyrir mörg önnur bæjarfélög samkv. heimildinni, sem var sett í fjárl., enginn eðlismunur, en stigsmunur er mikill, vegna þess að miklu hærri fjárhæð er ábyrgzt fyrir Siglufjarðarútgerðina.

Hér hefur því ekki verið farið inn á þá braut, að ríkið reki togaraútgerð fyrir Siglufjarðarbæ, en hins vegar tekin ábyrgð á tilteknu láni, til þess að ekki þyrfti að flytja togarana burt úr bænum, og áskilið, að ríkisstj. hefði um það úrslitavald, hvernig framkvæmdastjórninni yrði fyrir komið.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Mér þótti þær upplýsingar, sem hv. þm. Vestm. gaf hér, að ýmsu leyti merkilegar. Í fyrsta lagi er það, að þessi brbl., sem gefin voru út — að ég ætla — síðast í marz s. l., hefðu ekki verið borin undir hann og leitað fyrir fram samþykkis hans á þeim. Hæstv. ráðh. upplýsir, að hann hafi talið, að leitað hafi verið álits og samþykkis þeirra þm. stjórnarflokkanna, sem til náðist. Virðist af einhverjum ástæðum hv. þm. Vestm. hafa verið einn af þeim, sem ekki náðist til, þó að — ég held ég muni það rétt — hann hafi verið hér í bænum einmitt um það leyti, sem brbl. voru gefin út.

Mér skilst, að hæstv. ráðh., sem talaði um „sínar herbúðir“ og háttsemi þar, vildi með því

gefa í skyn, að það hefði ekki verið hans að leita eftir samþykki þessa hv. þm., heldur væntanlega þá formanns Sjálfstfl., sem kynni þá að hafa láðst að gera þessa nauðsynlegu athugun.

Hinar upplýsingarnar eru að vissu leyti merkilegri, og furðar mig á, að hæstv. ráðh. skyldi ekki geta þeirra strax í sinni framsögu, að, eins og hv. þm. Vestm. orðaði það, samtímis því sem þessi ábyrgð er veitt, þá hefði ríkissjóður eða ríkið tekið að sér rekstur togaranna. Mér hefði þótt eðlilegt og sjálfsagt, að hæstv. ráðh. hefði skýrt frá þessu strax. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé ekki með öllu rétt hjá hv. þm. Vestm., ríkið beri ekki neina ábyrgð á rekstrinum, hafi aðeins sett það skilyrði, að framkvæmdastjóri síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði skyldi fara með framkvæmdastjórn togaraútgerðarinnar. Ég hygg, að það sé bitamunur frekar en fjár, hvort þetta er orðað þann veg, sem hv. þm. Vestm. gerði, eða á þann hátt, sem hæstv. ráðh. orðaði það. Niðurstaðan verður sú, að í viðbót við það að ábyrgjast 2 millj. og 900 þús. kr. lán fyrir þessa togaraútgerð hefur framkvæmdastjóri síldarverksmiðjanna, sem eru ríkiseign, jafnframt tekið að sér framkvæmdastjórn togaraútgerðarinnar og að halda henni gangandi. Það er vitað, að fjár er ekki að vænta frá bænum til útgerðarinnar. Þurfi framkvæmdastjórinn að afla fjár til rekstrarins, verður tryggingin fyrir því að koma annars staðar að. Hæpið er að treysta því, að svo mikið verði lagt upp úr aðstöðu þess manns, sem framkvæmdastjórn útgerðarinnar annast, að það eitt nægi.

Við Alþýðuflokksmenn höfum á nokkrum undanförnum þingum flutt frv. um það, að ríkissjóður aflaði sér fjögurra nýrra togara til atvinnujöfnunar. Skyldi útgerð þeirra hagað svo, að skipunum yrði beint til hinna ýmsu staða á landinu, eftir því sem atvinnuástand og aðstæður krefðust á hverjum tíma. Mér skilst, að eftir þessa byrjun á þjóðnýtingu togaraútgerðar, sem hér virðist hafin, ætti að mega vænta þess, að undirtektir hv. þm. og hæstv. ríkisstj. undir þetta frv. Alþfl. verði nú betri en verið hefur, því að það er augljóst mál, að ekki er hægt að taka einn kaupstað á landinu út úr, þannig að fyrst sé ábyrgzt fyrir hann lán vegna útgerðarinnar og síðan séð um að halda útgerðinni gangandi, án þess að bæjarfélagið eigi þar hlut að eða leggi nokkurt fé fram. Slíkt er ekki hægt að gera fyrir einn einstakan stað á landinu, það verður að vera í samræmi við aðrar aðgerðir.

Að því er snertir fyrirspurn mína um, hvort hæstv. ráðh. hafi verið kunnugt um auglýsingu um sölu á atvinnutækjum burt úr Ísafjarðarkaupstað, þá vil ég þakka þær undirtektir, sem hæstv. ráðh. veitti því máli. Ég ætla, að ég hafi skilið það rétt, að hann hafi sagt, að ríkisstj. mundi fylgjast með þessu máli og reyna það, sem í hennar valdi stæði, til þess að afstýra því, að skipin verði seld burt úr bænum. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að það er ekki hægt að ætlast til þess af stofnlánadeildinni, að hún bíði í það óendanlega fremur þegar um vélbáta er að ræða heldur en togaraútgerð. Ég treysti því, eftir þessi ummæli hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj., sem hefur verið svo fundvís á ráð til þess að hjálpa vissum bæjarfélögum í þeirra þrengingum, reynist nú ekki síður fundvís og viljagóð í að leysa vandræði þessa staðar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér varð á að brosa. Mér datt í hug, að það hefði sennilega verið dálítið annað hljóð í þessum hv. þm. nú við umr. þessa máls, ef Erlendur hefði komizt að á Siglufirði í vor. Hann hefði þá sennilega ekki verið að ræða um þetta mál í þeim tón, sem hann hefur gert hér, svona hálfgerðum úrtölu- og eftirtölutón út af því, sem gert hefur verið fyrir Siglufjörð, þessa sérstöku náð, sem hann hafi orðið aðnjótandi — að því er manni skilst nú, þó að það sé ekki sagt berum orðum — óverðugur, umfram aðra.

Annars finnst mér engin ástæða til þess að vera að fara í kringum þetta eins og köttur í *kringum heitt soð, eins og* hv. 4. þm. Reykv. gerði hér áðan, og reyna að leggja allt aðra merkingu í það, sem sagt er, en það, sem orðin segja til um. Þessi hv. þm. var að tala um það, að hér hefði verið gerð ráðstöfun, sem þýddi það, að það ætti að halda gangandi togaraútgerð á Siglufirði, án þess að bæjarsjóður kæmi þar nokkuð nærri eða bæri þar nokkra ábyrgð á; það hefðu aðrir tekið að sér að halda henni gangandi, og manni skildist, að Siglufjarðarbær hefði orðið þar sérstakrar náðar aðnjótandi, að fá framkvæmdastjóra síldarverksmiðja ríkisins tilnefndan framkvæmdastjóra. Ætli þessi hv. þm. hefði talið það sérstök hlunnindi, ef hann væri forráðamaður bæjarfélags, að hann eða forráðamenn bæjarins yfirleitt fengju ekki að ráða því, hverjir stjórnuðu fyrirtækjum bæjarins, sem þó væru rekin á ábyrgð bæjarins, en yrðu að sætta sig við það skilyrði fyrir tiltekinni hjálp, að aðrir réðu þessu? Þetta skilyrði var ekki sett neinum öðrum bæ en Siglufirði. Það var vegna þess, að það þurfti meira fé til þess að koma í veg fyrir, að togararnir yrðu seldir þaðan, en til þurfti í hinum dæmunum. Það er þetta, sem hefur gerzt, og annað ekki. Ríkið hefur ekki tekið að sér að reka neina útgerð á Siglufirði eða halda henni gangandi með ríkisfé, því fer alls fjarri, og þetta veit hv. 4. þm. Reykv., þó að hann sé að ræða um þetta í þessum tón. Ríkið hefur engar ábyrgðir tekið á sig varðandi rekstur þessarar útgerðar framvegis. Hér hefur enginn ríkisrekstur verið tekinn upp á togurum, hvað sem um það er sagt. Þetta, sem hér hefur verið gert, gefur því enga ástæðu til þess, að einstök byggðarlög komi og krefjist þess, að ríkið fari að gera þar út togara, vegna þess að það sé gert á Siglufirði. Það mætti með sama rétti segja, að ríkið gerði út hina togarana, sem bjargað var undan hamrinum, því að það er ekki í eðli sínu neinn munur á því, sem gert var fyrir þá staði og fyrir Siglufjörð, þó að það sé stigmunur, af því að það þurfti meira fé á Siglufirði. Eini munurinn á framkvæmdinni fyrir utan þann mikla stigmun var sá, að Siglufjarðarbæ voru settir þeir sérstöku kostir, að hann fengi ekki að ráða framkvæmdastjórann fyrir sínu fyrirtæki, og mér finnst ekki vera hægt að líta á það sem einhverja sérstaka náð, sem Siglfirðingar hafi orðið aðnjótandi, heldur harða

kosti, sem þeir hafa orðið að sætta sig við vegna þess, hvað bæjarútgerð þeirra var illa sett fjárhagslega, en ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. setti það skilyrði, þar sem hjálpin varð að vera svo miklu meiri til þeirra en annarra til þess að koma í veg fyrir það, að skipin yrðu seld.

Ég veit ekki, hvort skoða á þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram, sem ávítur á ríkisstj. fyrir að hafa gert þetta, fyrir að hafa komið í veg fyrir það, að togararnir væru seldir frá Siglufirði. En ég fullyrði það, að þeir, sem hér hafa um þetta rætt, mundu hafa gert eitthvað svipað og stj. gerði; þeir mundu ekki hafa séð sér fært að láta fara fram sölu á þessum skipum eins og þá var ástatt á Siglufirði, þegar þessi ráðstöfun var gerð.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Það er fullkominn misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi sérstaklega verið að deila á hann í þessu máli, eins og það líka er misskilningur, að annað hljóð hefði verið í mér gagnvart þessu frv., ef Erlendur Þorsteinsson hefði verið kosinn þm. Siglfirðinga í stað núverandi hv. þm. kaupstaðarins. Þetta er sem sagt hinn mesti misskilningur. Aftur á móti gefa orð ráðh. kannske nokkra vísbendingu um, hvernig þessi hæstv. ráðh. hugsar og tekur afstöðu til þingmála. Mín afstaða til málsins mundi hafa verið nákvæmlega sú sama, hver sem kosinn var þm. kaupstaðarins og hvort sem ábyrgðin hefði verið veitt og fjárins aflað fyrir kosningar eða eftir kosningar. Getur svo hæstv. ráðh. gert upp við sjálfan sig, hvort sama mætti segja um hann í þessu sambandi.

Það, sem ég sagði, var það, að mér þætti næsta furðulegt, að upplýsingarnar um rekstrarfyrirkomulag þessarar togaraútgerðar á Siglufirði skyldu ekki koma frá hæstv. ráðh., um leið og hann gerði grein fyrir frv., heldur frá hv. þm. Vestm., sem ekki var að spurður, þegar brbl. voru gefin út. Það sagði ég að hefði vakið furðu mína, að hæstv. ráðh. skyldi gleymast að skýra frá þessu, en til þess skyldi verða hv. þm. Vestm., sem ekki átti neinn hlut að málinu og ekki einu sinni vissi um, að brbl. yrðu gefin út, fyrr en þau voru birt.

Það er náttúrlega ekki annað en orðatog eitt að ræða um það, hvort ríkið hafi tekið nokkra fjárhagsábyrgð á sig með því að taka að sér rekstur togara með þeim hætti, sem nú er upplýst að gert er. Án þess að fara langt út í þessar sakir vildi ég bara segja það, að ég hygg, að eins og fjárhag Siglufjarðarkaupstaðar er komið, þá séu litlar líkur til, að það reiðufé, sem þarf til togaraútgerðarinnar, liggi laust fyrir í bæjarsjóði. Aftur á móti má vel vera, að stjórn síldarverksmiðjanna hafi nokkurt laust fé milli handa, sem hún getur þá notað í bili til þessara útgjalda í von um, að það komi aftur, um leið og afurðirnar seljast. (**Gripið fram í:** Hún má ekki láta eyri í þetta.) Hvaðan kemur þá reiðufé til útgerðarinnar umfram það, sem lánsstofnanir hafa veitt? (Gripið fram í.) Mér þykja þessar upplýsingar góðar, ef þær standast að fullu, en ég hef dálitlar efasemdir um, að það sé framkvæmanlegt, eftir því sem ég þekki til um hag þessa kaupstaðar.

Viðvíkjandi lokaorðum hæstv. ráðh. vildi ég segja það, að þótt honum þyki þessir kostir, sem hann og ríkisstj. öll hefur nú sett Siglufjarðarkaupstað, harðir — næstum því afarkostir, skildist mér — þá get ég fullvissað hann um, að það eru margir staðir á landinu, kaupstaðir og kauptún, sem mundu fegins hendi taka þessum afarkostum af hálfu ríkisstjórnarinnar, ef þeir með því gætu fengið togara, einn eða fleiri, í byggðarlagið og fé til rekstrarins, þótt ríkisfyrirtæki yrði falið að hafa framkvæmdastjórnina með höndum. Ég get fullvissað hann um það, að það eru margir staðir á landinu, sem mundu fúslega sætta sig við þessa kosti og alls ekki líta á þá sem afarkosti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 9. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 88).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Fjhn. deildarinnar varð sammála um að mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt. En ég tel rétt að geta þess, að í sambandi við umr. í n. um frv., sem er stjfrv. og til staðfestingar á brbl., *kom það fram*, að a. m. k. *sumir nm.* líta svo á, að varhugavert sé fyrir Alþ. að taka því með ljúfu samþykki, að ríkisstj. geri mikið að því að gefa út brbl., sem skuldbindi ríkið í fjárhagsmálum. Réttur til útgáfu brbl. á að skoðast mjög þröngur. Ef hann er ofnotaður, þá skerðir hann löggjafarvald Alþingis. Sá meiri hl. á Alþ., sem styður ríkisstj., hikar eðlilega við að fella brbl., er sú sama ríkisstj. hefur sett. Oft er líka áhrifatími brbl. liðinn, þegar til kasta Alþ. kemur, svo að staðfestingin er þá aðeins formsatriði. Brbl. eiga því að mínu áliti sem fæst að vera. Mér telst svo til, að á milli þinga að þessu sinni hafi verið gefin út fimm brbl. Þau, sem nú eru til umr., eru mest skuldbindandi fyrir ríkið fjárhagslega af þessum brbl.

Þó er fjhn. sammála um að mæla með staðfestingu laganna, af því að hún lítur svo á, að fulla nauðsyn hafi borið til þess að veita þá ábyrgðaraðstoð, er lögin heimila. Togarar Siglufjarðar höfðu legið við landfestar í þrjá mánuði, eða frá síðasta nýári til marzloka, þegar l. voru gefin út, legið ónotaðir vegna fjárskorts útgerðarinnar, og atvinnuleysi í bænum blasti við. Með því að ríkið gekk í ábyrgð þessa fyrir samtals 2,9 millj. kr. lánum, þá komust togararnir á veiðar, og þeir hafa gengið til veiða síðan eftir því, sem gefið hefur. Með þessu var að vísu gert meira fyrir Siglufjörð en aðra staði, en Siglufjörður hefur líka sérstöðu, vegna þess að höfuðatvinnuvegur hans, atvinnuvegurinn, sem hann er einmitt byggður upp fyrir, síldveiðarnar, hefur brugðizt að mestu árum saman. Um það var að ræða, hvort hjálpa ætti bænum til þess að njóta atvinnubóta af útgerð togaranna eða selja þá burt. Ríkisstj. valdi heldur þann kostinn að veita ábyrgðina, og verður henni

varla láð það. Mun það og hafa verið í samræmi við tillögur ráðgefandi nefndar, sem ríkisstj. hafði á s. l. vetri haft á vegum sínum til athugunar á úrræðum í skuldamálum togara. En jafnframt því, að ríkisstj. tók á ríkið umrædda ábyrgð, þá setti hún sem skilyrði, að Siglufjarðarbær fengi stjórn síldarverksmiðja ríkisins til þess að láta framkvæmdastjóra sinn, Sigurð Jónsson, stjórna útgerð togaranna. Var þetta skilyrði að sjálfsögðu sett til aðhalds og öryggis, af því að framkvæmdastjórinn nýtur mikils trausts og útgerðin hefur gengið mjög illa hjá bænum.

Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. kom fram gagnrýni í þá átt, að með því að síldarverksmiðjurnar hefðu tekið að sér stjórn útgerðarinnar, væri reksturinn og áhætta hans í raun og veru færð yfir á ríkið. Þetta er rangur skilningur. Vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 1. gr. samnings þess, er gerður var 31. marz s. l. milli bæjarstjórnar Siglufjarðar annars vegar og stjórnar síldarverksmiðja ríkisins hins vegar. Greinin hljóðar þannig:

„Bæjarstjórn Siglufjarðar veitir stjórn síldarverksmiðja ríkisins hér með óafturkallanlegt umboð til þess að annast alla útgerðarstjórn og rekstur togaraútgerðarinnar frá 31. marz 1953 til jafnlengdar næsta ár á ábyrgð og fyrir reikning bæjarsjóðs Siglufjarðar. Eftir þann tíma getur bæjarstjórn Siglufjarðar eða útgerðarstjórnin sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara."

Samkv. þessari gr. samningsins liggur það ljóst fyrir, að togararnir eru eftir sem áður reknir fyrir reikning og á ábyrgð bæjarsjóðs Siglufjarðar.

Ábyrgðin fyrir h/f Bjólf á Seyðisfirði, sem leitað er heimildar til einnig í frv., að upphæð 350 þús. kr., er svo miklu lægri, að hún hverfur bak við hina. En þar er um hið sama að ræða, þ. e. að hjálpa févana smábæ til þess að halda í atvinnutæki og láta það vera starfandi.

Allir fjhn.-menn mæla með því, að frv. verði samþ., en einn hv. nm., hv. 4. þm. Reykv., áskildi sér þó, eins og kemur fram í nál., rétt til að flytja brtt. Nú hef ég ekki orðið var við brtt. af hans hendi, og þess vegna get ég ekki á þær minnzt, en mér skildist þó, að ef þær kæmu fram, þá mundu þær frekar verða sem viðauki heldur en sem röskun á efni frv. eins og það hefur verið lagt fyrir.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og hv. frsm. réttilega tók fram, þá er fjhn. öll sammála um að mæla með þessu frv., enda þótt n. — ég ætla öll — sé á sama máli og hv. frsm. um, að það sé ákaflega varhugaverð leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur farið inn á með því að veita sjálfri sér heimild með brbl. til þess að takast á hendur mjög verulegar fjárhagsskuldbindingar. En skeð er skeð, og n. er sammála um að mæla með, að þessar gerðir hæstv. ríkisstj. verði samþykktar.

Eins og nál. ber með sér, hef ég áskilið mér rétt til að bera fram brtt. við frv. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að þar var ekki um að ræða breytingu á efni þeirra greina, sem í frv. eru, heldur um viðauka við það, þess efnis, að ríkisstj. væri heimilað að gera hliðstæðar ráðstafanir til stuðnings einu bæjarfélagi í viðbót, sem einnig er lítið og févana, eins og frsm. orðaði það, ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að atvinnutæki yrðu flutt þaðan í burtu. Ég drap hér á við 1. umr., hvernig ástandið væri á Ísafirði, og sé ekki ástæðu til að endurtaka það nú.

Er ég leitaði eftir því hjá hv. meðnm. mínum, hvernig þeir tækju undir það að bæta við ákvæði um ábyrgðarheimild fyrir Ísafjörð til þess að afstýra því, að bátar yrðu seldir burt úr bænum, tjáðu þeir mér, að þar sem þetta frv. væri eingöngu bundið við togaraútgerð bæjarfélaga, þá treystu þeir sér ekki til að verða með flutningi slíkrar till. Ég tel því þýðingarlaust að bera fram till. um þetta efni nú í sambandi við þetta frv., en mun athuga, hvort ekki er hægt að taka málið upp á annan veg, áður en þingi lýkur, ef tilmæli koma um það, sem mér þykir sennilegt.

Út af samningnum milli Siglufjarðarkaupstaðar og ríkisstj. eða stjórnar síldarverksmiðjanna um framkvæmdastjórn togaraútgerðarinnar skal ég taka það fram, að ég hef aldrei borið brigður á það, að formlega væri togaraútgerðin rekin á ábyrgð og fyrir reikning Siglufjarðarkaupstaðar. Það hef ég aldrei efazt um, svo að það eru engar nýjar upplýsingar fyrir mig, sem stendur í þessum samningi. Hins vegar lét ég þau orð falla hér við 1. umr., að ég héldi, að það gæti orðið ákaflega örðugt í framkvæmdinni að halda þeim reikningum svo fullkomlega aðskildum frá reikningum síldarverksmiðjanna, að ekki gæti þar orðið um millifærslur að ræða. Og eins og fjárhag Siglufjarðarkaupstaðar nú er komið, — það er bezt að segja eins og er, — þá er ábyrgð kaupstaðarins ekki mikils virði; það hygg ég að hv. frsm. sé ekki í neinum vafa um. Spurningin er sú, hvort unnt er að halda þessu fyrirtæki gangandi, án þess að það þurfi í bili — út á væntanlega sölu afurða og annað þess háttar — að skjóta þar inn einhverju rekstrarfé, og hef ég ekki fengið neinar sannanir fyrir því, að til þess geti ekki komið, annaðhvort með beinu fjárframlagi eða þá vegna þess trausts, sem lánardrottnar ef til vill bera til þess manns, sem stjórnar nú fyrirtækinu ásamt síldarverksmiðjum ríkisins. Reynslan mun skera úr um það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 15. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 119).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða brbl., sem gefin voru út á þessu ári, en efni þess er það, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs fjárhæð allt að 2 millj. og 900 þús. kr. fyrir Bæjarútgerð Siglufjarðar og lán allt að 350 þús. kr. fyrir hlutafélagið Bjólf á Seyðisfirði. Um ástæður fyrir þessu máli er bent á það, að hag þessara bæjarfélaga, sem hlut eiga að máli, hafi verið stefnt í tvísýnu með því, að atvinnutæki yrðu flutt úr bænum, ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs að gefa út þau brbl., sem hér er fjallað um.
Frv. þetta hefur legið fyrir hv. Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þaðan án breytinga. Fjhn. þessarar d. hefur tekið málið til athugunar og mælir með því, að frv. verði samþ. Einn nm. hefur þó áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fluttar kynnu að verða af öðrum hv. þdm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

---

## 5. Happdrætti háskólans.

Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland** [60. mál] (stjfrv., A. 71).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er flutt eftir tilmælum stjórnar happdrættis Háskóla Íslands, og eru ástæður færðar fram í grg., sem frv. fylgir. Sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem grg. segir um þetta mál. Leyfi ég mér að vísa til þess og óska eftir, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 96).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég bjóst ekki við að hafa framsögu í þessu máli og er ekki við því búinn, en ég geri ráð fyrir, að það þurfi ekki mikla framsögu um það. Með frv. er farið fram á það að leyfa happdrætti háskólans að hafa fleiri hluti en nú er, fjölga úr 30 þús. í 35 þús. Þetta er rökstutt með því, að eftirspurn sé svo mikil eftir happdrættismiðum, að ekki sé hægt að fullnægja henni.
Fjhn. hefur athugað frv., og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þykir henni eðlilegt, að þetta sé veitt, sem háskólinn fer fram á, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 142).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 151).

## 6. Gengisskráning o. fl. (verðlagsuppbót).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952** [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í þessu frv. er lagt til, að lögfestar verði sömu reglur um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og gilt hafa að undanförnu og að það gildi til 1. des. 1954, þ. e. a. s., eitt ár frá 1. des. n. k. að telja.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það hefur verið svo undanfarið viðvíkjandi þessum lögum, sem fjalla um verðlagsuppbótina og hvernig hún skuli greidd, að fólkið í landinu hefur sjálft orðið að ákveða lögin með harðvítugum verkföllum og Alþ. síðan á eftir sett sína löggjöf um slíkt. Ég held, að það væri praktískari framgangsmáti af hálfu hæstv. ríkisstj. að taka dálítið tillit til orða þeirra, sem verkalýðssamtökin og verkalýðsstéttin lætur falla í þessum efnum, meðan allt er enn þá friðsamlegt, heldur en að halda sér við þá reglu, sem gilt hefur undanfarið um löggjöf hér frá Alþ. varðandi mestu hagsmunamál almennings, að setja lögin venjulega ekki fyrr en eftir á, er harðvítugar deilur eru búnar að standa. Verkamenn hafa viljað fá mánaðarlega vísitölu, og það er enn þá mál, sem þeir berjast fyrir. Ef til vill man hæstv. ríkisstj. enn þá eftir, að það hafi verið verkfall og það mjög viðtækt fyrir tæpu ári, og það verkfall stóð í þrjár vikur, 20 þús. manns mestallan tímann, til þess að knýja fram till., sem fulltrúar verkamanna höfðu flutt hér á Alþ. og ríkisstj. hafði hunzað. Ég held, að það væri rétt fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga sinn gang ofur lítið, þegar hún fer að afgreiða lögin núna, og taka nokkurt tillit til þess, sem fram kemur og fram mun koma af brtt. við þessi mál. Ef til vill man hæstv. ríkisstj. eftir, að það kom fram brtt. einmitt við þetta lagafrv. við 2. umr. í þinginu, flutt af fulltrúa Sósfl. og Alþfl. í fjhn. sameiginlega um mánaðarlega greiðslu. Ef til vill man hæstv. ríkisstj. líka eftir, að fram kom till. frá mér sem minni hl. fjhn. um að gefa eftir tekjuskatt upp að ákveðnu lágmarki, sem hefði veitt öllum verkamönnum Reykjavíkur mjög miklar kjarabætur hvað þetta snertir. Ríkisstj. skeytti engu um neinar till., sem fram komu, ekki neina af þeim. Ég býst við, að það komi fram tillögur aftur nú um breytingar á þessum málum. Og ég vildi eindregið mælast til þess við hæstv. ríkisstj., fyrst hún hefur ekki haft sinnu á því, þegar hún ber þessi frv. fram, að ganga eitthvað til móts við þær kröfur, sem hún veit að eru uppi hjá almenningi, að læra eitthvað ofur lítið af reynslunni. Það er ekki nóg að vera ríkisstjórn fyrir ríka og volduga yfirstétt hér í Reykjavík. Það verður hver yfirstétt að læra dálítið af því, sem almenningur hefur verið að kenna henni. Og það er dýrt að þurfa að kenna yfirstéttunum og ríkisstjórnum þeirra með eins harðvítugum verkföllum og í fyrra. Það væri æskilegt, að rök mættu hafa eitthvað að segja í þessu sambandi.

Hæstv. fjmrh. mundi nú máske segja, að það væri nú erfitt að standa undir tíðari hækkunum á launum en nú er gert, það mundi þurfa meiri tekjur í ríkissjóðinn, og hann var í umræðunum, sem hérna fóru fram áðan, að kvarta yfir því meðal annars, hvernig það gengi með innheimtuna á tekjuskattinum hjá sér sem fjármálaráðherra. Man hæstv. fjmrh. eftir því, að hann var hér sjálfur fjmrh., eftir að Keflavíkursamningurinn var gerður, og sat í sínum stól seinni hlutann af þeim tíma, sem Keflavíkursamningurinn gildir, og innheimti aldrei þann skatt, sem íslenzka ríkið hafði rétt á að innheimta samkv. þeim samningi af Ameríkönunum? Og nú sem stendur er ástandið að því leyti lakara en þá var, að þessi hæstv. ríkisstj. sjálf lætur langsamlega stærstu gróðafyrirtækin í landinu vera algerlega skattfrjáls, ameríska auðvaldið, sem hér veður uppi núna, það mikla auðvald, sem stelur hundruðum milljóna króna á ári af Íslendingum með aðstoð hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Það verða þess vegna ekki bornar fram neinar afsakanir frá hálfu hæstv. ríkisstj. um það, að hún hafi ekki næga peninga að taka, ef hún þorir að taka þá þar, sem nógu mikið er til af þeim. En meðan hún skoðar sig sjálfa sem fulltrúa fyrir það útlenda auðvald, sem er að læsa greipum um okkar land, þá er náttúrlega kannske varla von, að hún taki peningana af því.

Þetta frv., sem hér kemur fram, er hvað sögu þess snertir táknandi fyrir það, hvernig ríkisstj. er smátt og smátt pískuð til þess af almenningi að taka tillit til hans. Eins og þessi lög, þ. e. a. s. lögin um gengisskráninguna, voru upphaflega, þá var svo fyrir mælt í þeim, að fella skyldi niður alla lögbundna verðlagsuppbót eftir ákveðinn tíma. Þannig var upprunalega hugsað að framkvæma þetta. Þá átti allt að vera komið í þetta fína jafnvægi. Þá varð með verkfalli að knýja ríkisstj. til þess að breyta þeim ákvæðum, og þá hafðist þetta þriggja mánaða kerfi, sem nú er, í gegn. Nú hafa verkalýðsfélögin hvað eftir annað farið fram á að fá greitt mánaðarlega, og það munu áreiðanlega koma fram brtt. nú eins og í fyrra um það. Ég held, að það hefði nú verið heppilegra, að hæstv. ríkisstj. hefði

sjálf breytt þessu og gengið þannig á móti og sýnt það, að hún vildi eitthvað taka tillit til verkalýðsfélaganna í þessum efnum. Og það hefði undireins þýtt gagnvart þeim að bæta nokkuð þeirra kjör, því að það hefði af sjálfu sér verið látið gilda fyrir þeirra samninga, þó að hér sé aðeins verið að taka ákvarðanirnar viðvíkjandi starfsmönnum hins opinbera.

Ég geng sem sé út frá, að við 2. umr. þessa máls muni koma fram brtt. við þetta, og mun ræða þetta mál betur þá, en vildi aðeins skjóta þessu hér inn í við 1. umr. að gefnu tilefni.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, ekki til þess að ræða efni þessa frv., sem er augljóst, heldur til þess að vekja athygli á því, að þetta frv. ber í upphafi sínu dálítið einkennilegt vitni um vinnubrögð hæstv. fyrrverandi ríkisstj. á undanförnum þingum. Þm. hafa kannske ekki veitt því athygli, hvað þetta frv. heitir. Heiti þess er þetta: „Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952.“

Þetta eru, að mér telst til, ein sjö eða átta lög, sem hér er verið að breyta með þrem línum. Mér er spurn: Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað, eða starfsmenn hennar, gengið öðruvísi frá undirbúningi mála en þannig, að slíkt og annað eins og þetta skuli þurfa? Þetta ber vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. — ekki núna, heldur á undanförnum tveimur, þremur þingum, þegar þessi lagasetning hefur átt sér stað, þvílíkt vitni, að það er rétt og sjálfsagt að vekja athygli á því, til þess að reynt verði að komast hjá þvílíkum skripafyrirsögnum á lögum eða frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 115, 116).

**Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að framlengd verði gildandi lagaákvæði um verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna. Leggur fjhn. til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. þm. A-Húnv., hefur þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. og hefur þegar flutt brtt., sem hann mun væntanlega gera sjálfur grein fyrir.

Núgildandi reglur um kaupuppbót á laun opinberra starfsmanna eru, svo sem kunnugt er, þannig, að á grunnlaun, sem eru ekki hærri en 1830 kr. á mánuði, greiðist uppbót samkv. vísitölu 158 stig, en á hærri grunnlaun er ekki greidd hærri uppbót en samkv. vísitölu 153. Í sambandi við lausn vinnudeilunnar, sem varð á s. l. vetri, var kveðið svo á, að á 1830 kr. grunnlaunin skyldi greiða uppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 10 stigum, en á þau grunnlaun, sem væru hærri en 1830 kr., skyldi miða uppbótina við kaupgjaldsvísitölu síðasta mánaðar, að viðbættum aðeins 5 stigum. Skyldi vísitalan breytast ársfjórðungslega, 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember hvers árs. Þetta eru lagareglurnar, sem gert er ráð fyrir að verði framlengdar óbreyttar og fjhn. hefur mælt með að samþ. verði, að frátalinni þó þeirri till., sem einn nm., hv. þm. A-Húnv., hefur flutt og mun gera sérstaka grein fyrir.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það mun vera allflestum hv. þm. kunnugt, að ég hef frá upphafi litið svo á, að þetta vísitölu- og verðlagsuppbótafyrirkomulag, sem hér hefur verið undanfarin 13—14 ár í gildi, hlyti að leiða af sér mjög mikla örðugleika og vandræði í okkar þjóðfélagi. Ég skal ekki fara neitt út í að ræða það almennt nú, en geta þess, sem ég hef oft gert áður, að ég tel að á þessu sviði sé mjög mikið öðru máli að gegna með verkamenn annars vegar, sem hafa ótrygga atvinnu, og fastlaunaða menn hins vegar, sem eiga vís laun árið um kring, hvernig sem að öðru leyti veltist með atvinnu fyrir aðra menn í landinu. Ég hef nokkrum sinnum flutt brtt. varðandi þessi mál, og þær hafa ekki fengið byr hér á hv. þingi, og kann svo að fara um þá litlu brtt., sem ég flyt nú á þskj. 116, en hún fjallar um það að breyta þessu frv. í þá átt, að sú vísitala, sem verður reiknuð út 1. des. n. k., gildi allt næsta ár, til 1. des. 1954, eftir þeim sömu reglum, sem að öðru leyti eru viðteknar að þessu leyti, þannig að það gildi um þá, sem hafa 1830 kr. á mánuði og þar undir. Um hina, sem eru þar fyrir ofan, gilda alveg sérstakar reglur. Þetta sem sagt þýðir það, að það sé sama vísitala, sem gildir fyrir fastlaunaða menn allt næsta ár, og sú vísitala, sem reiknuð verður út 1. des. n. k. Auðvitað hefur það engin áhrif á samninga varðandi verkamenn í landinu, þó að þessi till. yrði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira, nema frekara tilefni gefist til, en læt það ráðast, hvað hv. þdm. vilja við þessa brtt. gera.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að flytja eina litla brtt. við þetta frv., og hún er á þá leið, að á eftir orðunum „og 1. des. 1953“ komi: og eftir það fyrsta dag hvers mánaðar allt árið 1954. — Ég held áreiðanlega, að það sé nægilega formlegt þannig. Ég hef nú hripað þetta hér niður í flýti og vona, að hæstv. forseti geti lesið það. Það er því miður, að meiri parturinn af því að skrifa einhverja brtt. við þessi lög og prenta fer í alla fyrirsögnina. Og ég verð nú að segja, að ég er hálfhissa á hv. fjhn. að hafa ekki lagað þessa fyrirsögn. Það var bent á það hér við 1. umr. þessa máls, að þetta væri nokkuð löng fyrirsögn, fyrir utan það, að það er eiginlega ekki beinlínis tillitssemi til alþýðu manna, til ólögfróðs almennings í þessu, þ. e. frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952. Hvers er eiginlega ætlazt til af almenningi? Ég veit t. d., að hæstv. fjmrh. hefur

verið alveg agndofa yfir þessari fyrirsögn og bara af því, að hann tók ekki eftir henni áður en hann kom á þingið, annars hefði þetta aldrei komið frá fjmrn., en hins vegar verð ég nú að segja það, að ég eftirlæt hv. fjhn. að gera breyt. á fyrirsögninni. Hins vegar hafði ég hugsað mér að flytja brtt. við efnið í þessu, og það er á þá leið, að í staðinn fyrir, að með þriggja mánaða fresti hækki vísitalan, þ. e., kaupið sé greitt með vísitölu, sem sé reiknuð út bara á þriggja mánaða fresti, eða eins og hún er eftir þrjá mánuði, þá legg ég til, að það sé mánaðarlega. Ég var nú búinn að minnast á þetta við 1. umr. Í fyrra átti ég ásamt þáverandi formanni Alþfl., *Stefáni Jóh. Stefánssyni*, sæti í fjhn., og fluttum við þá saman brtt. um þetta, sem því miður náði ekki samþykki, en ég vil leyfa mér að vonast til þess, að það sé máske meiri grundvöllur fyrir það nú, og leyfi mér þá að æskja þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari till., af því að hún er skrifleg og of seint fram komin.

**Forseti (HÁ):** Hv. 2. þm. Reykv. hefur lagt fram skriflega brtt., svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo: Á eftir orðunum „og 1. des. 1953“ í 3. mgr. 1. gr. laganna komi: og eftir það fyrsta dag hvers mánaðar allt árið 1954.“

Brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 129) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um till. hv. þm. A-Húnv. (JPálm) á þskj. 116, en þar er lagt til, að verðlagsuppbót opinberra starfsmanna skuli bundin allt næsta ár við vísitöluna 1. des. 1953. Ég verð að segja, að hv. þm. A-Húnv. hefur farið talsvert fram frá því í fyrra. Þá lagði hann til, að vísitöluuppbót opinberra starfsmanna skyldi lækkuð um helming. Hann ætlaði opinberum starfsmönnum í fyrra, þessi hv. þm., að búa við lægri vísitöluuppbót en allir aðrir launþegar í landinu, sem fengið hafa með frjálsum samningum rétt sinn til fullrar eða nær fullrar vísitöluuppbótar viðurkenndan. Það er ánægjulegt, að hv. þm. skuli ekki sýna slíka till. hér aftur nú, enda var hún vægast sagt óvinsamleg í garð opinberra starfsmanna, sem ekki verður um sagt, að hafi notið sérstakrar hylli ríkisvaldsins á undanförnum árum. Kaup þeirra hefur hækkað seinna og minna en allra annarra stétta í þjóðfélaginu, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör. Opinberir starfsmenn hafa á undanförnum verðbólguáratug orðið harkalega *aftur úr í kapphlaupinu* við *dýrtíðina*. Þeir hafa verið sá launamannahópurinn, sem ávallt hefur fengið sína kauphækkun síðast og oft og einatt minni en aðrar stéttir, sem hafa getað samið við vinnuveitendur sína í frjálsum samningum. Þess vegna kom það vægast sagt mjög undarlega fyrir sjónir, þegar þessi hv. þm., sem er einn af helztu áhrifamönnum Sjálfstfl., sýndi launabaráttu opinberra starfsmanna svo opinberan fjandskap sem átti sér stað í fyrra. Þess vegna ber því nú að fagna, að hann skuli ekki flytja slíka till. aftur.

En það kemur þó fram í þessari till., að enn er hv. þm. nokkuð í nöp við opinbera starfsmenn, því að hann ætlar þeim það verri hlut en öðrum launamönnum, að þeir skuli verða að sætta sig við sömu kaupuppbót í heilt ár, jafnvel þó að vísitalan breytist, sem líklega má búast við samkvæmt fyrri reynslu að verði frekar til hækkunar en til lækkunar. Auðvitað skal það játað, að ef vísitalan breyttist til lækkunar, væri þetta opinberum starfsmönnum til hagræðis, þýddi kauphækkun fyrir þá, en þessi hv. þm. er ekki vanur að leggja til kauphækkanir og allra sízt til opinberra starfsmanna, svo að í þessu felst vafalaust hans spádómur um það, hver verðlagsþróunin muni verða á næsta ári. Í þessu felst dómur hans um það, að vísitalan muni á næsta ári enn verða á uppleið, því að hann mundi vafalaust að öðrum kosti ekki leggja til, að verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna yrði bundin. En ég sé enga ástæðu til þess, að aðrar reglur gildi um opinbera starfsmenn en aðra launþega hvað þetta snertir, og sízt eðlilegt, að kaup þeirra sé bundið í lengri tíma en annarra stétta, sem hafa frjálsan samningsrétt. Viss rök mætti hins vegar færa fyrir því, að opinberir starfsmenn fengju mánaðarlegar uppbætur, þótt aðrir, sem hafa frjálsan samningsrétt, fái uppbætur á aðeins þriggja mánaða fresti, vegna þess að það er sannað mál, að opinberir starfsmenn hafa undanfarin ár orðið á eftir þeim stéttum, sem hafa frjálsan samningsrétt. Og reynist sá spádómur hv. þm. A-Húnv. réttur, að verðlag muni á næsta ári fara hækkandi, þá væri út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, að opinberir starfsmenn fengju mánaðarlega vísitöluuppbót, þrátt fyrir það að aðrar stéttir fá sína uppbót aðeins á þriggja mánaða fresti, eins og lagt var til í till. hv. 2. þm. Reykv.

Í sambandi við þetta mál vildi ég leyfa mér að beina einni fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. og þá líklega helzt hæstv. fjmrh., en hún er um það, hvað líði endurskoðun launalaganna, en svo sem kunnugt er, var fyrir nokkrum árum skipuð n. til þess að endurskoða launalögin og færa þau til betra samræmis en nú á sér stað við laun annarra stétta í þjóðfélaginu, en það kveður nú þegar allmikið að því, að launalögin séu sniðgengin vegna þess, að augljóst er orðið, að þau samrýmast ekki því kaupgjaldi, sem greitt er t. d. í opinberum fyrirtækjum, sem ekki lúta launalögunum, hvað þá í einkarekstrinum. Það er enn orðið sams konar ástand og var orðið áberandi og óviðunandi 1946, að laun opinberra starfsmanna hafa dregizt verulega aftur úr, jafnvel launum manna í opinberum fyrirtækjum, sem ekki lúta launalögum, hvað þá launum manna í einkarekstri. Þetta misræmi er orðið svo áberandi, að ekki er lengur við það unandi, og *mér finnst það hafa dregizt óhæfilega lengi* hjá hæstv. fyrrverandi ríkisstj. að koma þessari endurskoðun í kring. Henni hafði verið lofað fyrir tveimur til þremur árum. Það loforð er enn þá óefnt. Þess vegna leyfi ég

mér að spyrjast fyrir um það, hvað þessu máli líði. Ég veit, að það er opinberum starfsmönnum mikið áhugamál, að þessari endurskoðun ljúki sem fyrst, því að ekki getur farið hjá því, að hún leiði til þess, að um réttarbætur þeim til handa verði að ræða, og það er von, að þeir séu orðnir langeygðir eftir þessum réttarbótum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fyrir nokkrum árum var skipuð n. til þess að endurskoða lög um laun opinberra starfsmanna, launalögin. Sú n. skilaði uppkasti að frv. Þetta frv. er nú og hefur verið um alllangt skeið til athugunar innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er sem sé enn þar í athugun þetta uppkast, sem þá var gert.

Viðvíkjandi brtt. þeim, sem fram koma, þá vil ég segja það, að mér sýnist vera sanngjarnt, að opinberir starfsmenn búi við sömu reglur um greiðslu verðlagsuppbóta og annað launafólk, það sé sú eðlilega regla að halda sér við. Þess vegna leyfi ég mér að mæla gegn báðum þeim brtt., sem fram hafa komið, annarri frá hv. þm. A-Húnv., sem ætlar opinberum starfsmönnum minni rétt en öðrum, og hinni frá hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann gerir ráð fyrir, að opinberir starfsmenn búi við hagstæðari reglur að þessu leyti en aðrir. Vonast ég eftir, að menn sjái sér fært að samþ. frv. óbreytt.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það eru ummæli frá 1. landsk. (GÞG), sem gefa mér tilefni til að segja hér nokkur orð til viðbótar. Hann gat þess í upphafi varðandi mína till., að hún þýddi framför frá minni hálfu frá því á síðasta þingi, en mér skildist nú heldur eða mátti heldur taka það svo sem það væri undanhald. Og það er rétt, að þetta er undanhald, því að ég álít það sanngjarnt, að það væri eitthvað öðruvísi að farið í okkar þjóðfélagi varðandi þessa vísitöluskrúfu almennt en gert hefur verið á undanförnum árum, vegna þess að hún hefur stefnt og stefnir til þess að eyðileggja allt okkar fjármálakerfi. Út í það skal ég ekki mikið fara. — Ég flutti þá till. í fyrra, að ekki væri borgað nema 50% af vísitölunni. Hún fékk ekki neitt fylgi, og þess vegna vil ég reyna að fara skemmra nú og flytja till. um það, að það gildi sama vísitala allt árið um kring.

Þá sagði þessi hv. þm. eitthvað á þá leið, að mínar till. í þessu efni sýndu fjandskap í garð opinberra starfsmanna. Þetta er nú náttúrlega alveg út í bláinn sagt og hrein fjarstæða, enda mætti nærri geta, að ég er ekki sá auli, hvað sem skoðunum líður, að mér detti slíkt í hug, að sýna nokkurri stétt í okkar þjóðfélagi fjandskap eða óvild, ekki snefil af óvild, hvað þá heldur fjandskap. Þessi orð eru þess vegna algerlega út í bláinn sögð. Það, sem hér vakir fyrir mér, er ekkert annað en það, að ég tel það sanngjarnt, að meðan vísitölukerfið er þó í gildi, þá hafi fastlaunaðar stéttir annað fyrirkomulag á vísitölukaupi heldur en verkamenn, sem hafa ótrygga atvinnu og geta alltaf átt það á hættu að verða atvinnulausir svo og svo langan tíma af árinu.

Varðandi það, að opinberir starfsmenn séu illa settir, þýðir ekkert að þræta um þann mun, því að við hv. þm., sem er úr launastéttunum, og ég og aðrir, sem erum úr framleiðslustéttunum, getum sjálfsagt aldrei orðið sammála um þann hlut, en það eina, sem sker úr í því efni, er það, að helzt allir menn í landinu vilja komast á föst laun og hafa viljað það á undanförnum árum. Það þykir ekkert sérstaklega eftirsóknarvert að vera í verkalýðsstétt og eiga það undir högg að sækja oft og einatt, hvort maðurinn fær atvinnu eða fær hana ekki. Það er komið svo með útgerðarmenn, bændur, iðnaðarmenn og fleiri, og það sýnir reynslan, að fjöldinn af þeim mönnum, sem stunda þá atvinnu, getur ekki látið reksturinn bera sig, nema því aðeins að fá beina eða óbeina styrki frá hinu opinbera, annaðhvort bæjar- og sveitarfélögum eða ríkinu sjálfu. Þetta er staðreynd, sem er búin að sýna sig undanfarin mörg ár, og það er víst, að um hvert einasta fastlaunað starf, sem losnar, sækir fjöldi manna og það af þeirri ástæðu, að það er talið æskilegast að komast í þá stöðu. Það þýðir þess vegna ekkert fyrir menn úr hópi opinberra starfsmanna að slá því fram, að þessir menn hafi verri aðstöðu í okkar þjóðfélagi en annað fólk. Það er þvert á móti.

Að öðru leyti skal ég ekki neitt fjölyrða hér um þetta mál almennt. Ég geri ráð fyrir því, að örlög minnar till. séu ráðin eins og áður, vegna þess að hér eru fastlaunaðir menn á Alþ. alltaf í meiri hluta og tryggja sinn hag þannig, að þeim er nokkurn veginn borgið.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að mér skildist, að hv. 1. landsk. (GÞG) vildi láta skilja það svo, að till. hv. þm. A-Húnv. mundi benda til þess, að það væri almennt viðhorf þm. Sjálfstfl., að það ætti ekki að láta opinbera starfsmenn búa við sömu kjör og aðra launamenn. Það liggur nú auðvitað í augum uppi, að þar sem þetta frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj., þá mun það að sjálfsögðu vera skoðun ráðh. Sjálfstfl. í þeirri stjórn, að það sé eðlilegt, að málum sé þannig skipað eins og í frv. segir. Og í annan stað hefur það einnig skýrt komið fram hér á Alþ., síðast nú á síðasta þingi, að viðhorf Sjálfstfl. almennt til þessa máls er það, að eðlilegt sé, að opinberir starfsmenn búi við sömu skilyrði og kjör varðandi greiðslu verðlagsuppbóta og aðrir launþegar í landinu búa við. Hitt er annað mál, að hv. þm. A-Húnv. hefur haft um þetta nokkra sérskoðun, sem hann hefur túlkað hér, fyrr og síðar, og skal ég ekki fara langt út í þá sálma.

Ég vildi aðeins til frekari áréttingar benda á það, sem einnig hæstv. fjmrh. gat hér um áðan, að það er að sjálfsögðu eðlilegt og raunar það eina rétta, að um opinbera starfsmenn gildi sömu reglur um greiðslu uppbóta á laun þeirra og um aðra launamenn í þjóðfélaginu. Alþ. setti á sínum tíma launalög. Það getur vel verið, að sitt hafi sýnzt hverjum um það, hversu eðlilega væri þar niður skipað í launaflokka, en staðreyndin er samt sú, að þau lög voru samþykkt af Alþ. og hafa verið grundvöllur síðan að launagreiðslum til opinberra starfsmanna. Hins vegar hefur, síðan þau lög voru sett, orðið svo mikil

breyting á launakjörum annarra stétta í þjóðfélaginu, að ástæða þótti til þess fyrir nokkrum árum að endurskoða þau mál mjög rækilega, og vildi þá svo til, að ég hafði formennsku í þeirri n., sem var falið að rannsaka það mál, og á grundvelli þeirra athugana voru svo ákveðnar sérstakar launauppbætur til opinberra starfsmanna, sem síðan hafa verið greiddar og eru ákveðnar árlega í fjárl. Og þessar launauppbætur sýna það ótvírætt, að það hefur verið skoðun meiri hl. hins háa Alþingis, að opinberir starfsmenn byggju við það lægri launakjör og óhagstæðari, ef miðað var við launal. sjálf, að það væri óumflýjanlegt að bæta þar eitthvað um.

Það hafa stundum komið hér fram á Alþ. till. um það að skerða rétt opinberra starfsmanna til verðlagsuppbóta, þannig að þeir byggju þar við lakari kjör en aðrir, og hefur það verið rökstutt á þeim grundvelli, að opinberir starfsmenn hefðu meira öryggi varðandi sín störf en aðrir þjóðfélagsborgarar. Þetta er að vissu leyti rétt. Það er mjög sótzt eftir föstum stöðum, ekki eingöngu hjá ríki, heldur yfirleitt föstum stöðum í þjóðfélaginu, hvort sem það er hjá því opinbera eða einstaklingum, einkafyrirtækjum, og það er auðvitað sú eðlilega staðreynd, sem liggur þar til grundvallar, að launþegar vilja gjarnan tryggja sér sem mest öryggi, og er það auðvitað eðlilegt og skiljanlegt. Að þessu leyti búa þeir auðvitað við betri aðstæður en verkamenn og aðrir launþegar, sem þurfa að sæta mjög óöruggri atvinnu og oft og tíðum búa við atvinnuleysi. En þrátt fyrir þessa staðreynd held ég að það sé erfitt að rökstyðja það, að það eigi almennt að gilda óhagstæðari launakjör og þeir að fá goldið sitt kaup eftir óhagstæðari reglum en laun almennt eru greidd eftir, því að þess er að gæta, að það eru auðvitað til ýmsir hópar manna í launþegastétt, sem hafa örugga atvinnu, þó að þeir séu ekki opinberir starfsmenn, og búa við sízt óhagstæðari launakjör en þeir, þannig að hér yrði vitanlega ekkert réttlæti fundið með þessari vernd. Það verður einnig að hafa það í huga, að opinberir starfsmenn eru að lögum sviptir því tæki, sem aðrir launþegar hafa til þess að bæta sín kjör, en það er verkfallsrétturinn. Það er rétt fyrir löggjafarvaldið að hafa það jafnan mjög í huga, þegar um það er að ræða, hvernig eigi að búa að opinberum starfsmönnum með launakjör, að það er erfitt að synja opinberum starfsmönnum um sömu aðstöðu til að bæta sín launakjör og aðrir launþegar hafa, en jafnframt að ganga svo frá málunum, að þeir séu verr settir en aðrir launþegar. Ef á að koma við sparnaði í ríkisbúskapnum, þá er að sjálfsögðu leiðin sú að reyna að fækka opinberum starfsmönnum, en ekki fara hina leiðina, að rýra kjör þeirra meðan þeir vinna sín verkefni, hver sem þau eru. Þess vegna álít ég, að það komi ekki til neinna mála, að Alþingi geti farið inn á þá braut að ákveða með lögum, að þessi hópur launþega, sem verkfallsrétti er sviptur, skuli búa við lakari kjör en launþegar almennt varðandi verðlags- og dýrtíðaruppbætur. Þetta er sú skoðun, sem ég vildi að hér kæmi fram og ég tel nauðsynlegt að komi hér fram, einkum með hliðsjón af ummælum þeim, sem ég vitnaði hér í áðan, því að ég þykist mega fullyrða það, að innan Sjálfstfl. sé mjög mikil meirihlutaskoðun fyrir því, að sú regla skuli gilda um launauppbætur til opinberra starfsmanna, eins og kemur fram í því frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn.

**Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Mér þótti vænt um það áðan að geta hælt hv. þm. A-Húnv. (JPálm) dálítið og þóttist gera það með því að segja, að hann hefði tekið framförum síðan í fyrra í afstöðu sinni til opinberra starfsmanna. Hv. þm. vildi hins vegar ekki þiggja þetta hól, heldur sagðist hann alls ekki hafa tekið neinum framförum, heldur þvert á móti verið á undanhaldi. Þetta ber auðvitað vott um, að hann hefur enn óbreytta skoðun frá því í fyrra, að í raun og veru væri rétt að láta opinbera starfsmenn ekki fá nema 50% af þeirri verðlagsuppbót, sem aðrir launþegar í landinu hafa samningsbundinn rétt til þess að fá. Þó að hann segði þetta, þá var framhald ræðunnar það, að það væri ekki fjandskapur við opinbera starfsmenn, sem fram kæmi í afstöðu hans í fyrra og afstöðu hans núna. Ég fæ ekki séð, hvernig hægt er að rökstyðja það, að það sé ekki fjandskapur í garð stéttar að ætla henni að búa við verri kjör en allar aðrar sambærilegar stéttir í þjóðfélaginu.

Hv. 2. þm. Eyf., flokksbróðir hv. þm. A-Húnv., er mér og öðrum algerlega sammála um það og er búinn að lýsa því hér yfir, að það væri mjög óeðlilegt, ef þessi skoðun hv. þm. A-Húnv. næði fram að ganga. Hann virðist líka — og lýsti því í ræðu sinni hér áðan — telja það fjandskap í garð opinberra starfsmanna, ef skoðanir hv. þm. A-Húnv. mótuðu löggjöfina. Þess vegna held ég fast við það, að það er bein óvild í garð opinberra starfsmanna, sem í þessum skoðunum felst, og treysti því, að þær njóti ekki meira þingfylgis nú en þær nutu í fyrra, þegar hv. þm. flutti sína till. um það að skera launauppbót opinberra starfsmanna niður um helming.

**Einar Olgeirsson:** Hæstv. fjmrh. minntist á það í sambandi við það, sem hann sagði um mína brtt. hér, að það væri ekki vert að setja opinbera starfsmenn hærra en aðra launþega. Ég get alveg fullvissað hæstv. fjmrh. um, að það væri engin hætta á, svo framarlega sem Alþingi samþykkti að greiða vísitöluuppbótina mánaðarlega, að þá mundi standa á verkalýðsfélögunum og meira að segja jafnvel ekki á atvinnurekendum að hækka samstundis við verkamenn, svo að hann þarf ekkert að óttast, að verkamenn yrðu útundan í þessu efni. Það hefur verið ein af aðalkröfum verkamanna að fá mánaðarlega vísitöluuppbót, og það er ákaflega sanngjörn krafa. Nú hefur það yfirleitt verið svo með þær kröfur, sem verkamenn hafa flutt fram, að þeir hafa almennt orðið að knýja sínar kröfur fram með löngum, dýrum og fórnfrekum verkföllum, verkföllum, sem eru fórnfrek bæði fyrir þá og fyrir þjóðfélagið. Það er alveg vitanlegt, að ef Alþingi sýndi meiri skilning á aðstöðu og réttlætiskröfum verkamanna, þá yrði komizt hjá mörgum af þessum verkföll-

um eða a. m. k. yrðu þau ekki eins löng og eins harðvítug og þau hafa orðið. Vaninn er venjulega sá, að í lok langra verkfalla er lausnin sú, að samþykktar eru till., sem hér eru kannske búnar að liggja fyrir Alþingi ár eftir ár og meiri hl. hér á þingi hefði getað samþ., ef hann bæri eins mikla virðingu fyrir rökum og hann hefur mikla virðingu fyrir valdi. Þess vegna væri það ákaflega æskilegt, að meiri hl. á Alþ. sýndi skilning sinn, sýndi bókstaflega viðleitni í þá átt að segja við launþegana, þegar menn nú vita, hvað aðstaða þeirra er erfið: Við viljum gjarnan koma eitthvað til móts við ykkur, án þess að það standi yfir beint allsherjarverkfall hérna fyrir utan gluggana hjá okkur. — Og þessi litla brtt., sem ég þarna flyt, fjallar um það, að starfsmenn ríkisins — því að ríkið ákveður þeirra kaup með lögum, eins og kunnugt er — skuli fá þetta mánaðarlega greitt. Það þýðir um leið, að auðvitað segja verkamannasamtökin alveg samstundis við atvinnurekendur: Þetta viljum við líka fá. — Og þegar atvinnurekendur reka sig á það, að ríkisvaldið er allt í einu farið að sýna einhvern skilning á þessum málum, þá efast ég ekki um, að þeir mundu undireins taka undir þetta, því að vaninn er, þegar verkamenn eru að semja við atvinnurekendur, að þeir segi: Ja, það er nú eiginlega lítið fyrir okkur að gera í þessu, það er ríkisvaldið, sem ræður þessu öllu saman, og ríkisstj. vill þetta ekki, hún hefur líf okkar í hendi sér, og ég held að hún drepi okkur, ef við göngum að þessu. — Þetta er svona nokkurn veginn tónninn. Sem sé, ef ríkisvaldið sjálft gengur þarna á undan, sýnir þarna, að það vill hliðra til að sínu leyti, þá efast ég ekki um, að hæstv. fjmrh. þyrfti ekki að bera kvíðboga fyrir því, að verkamenn og atvinnurekendur kæmu sér ekki saman um að feta í fótsporin. Þetta væri svo nýtt og svo nýstárlegt, að ég býst við, að báðir aðilar mundu gera það með mestu ánægju.

Það hefur greinilega verið tekið hér fram, að um leið er þetta tækifæri fyrir Alþingi, sem hefur raunverulega einræðisvald gagnvart starfsmönnum hins opinbera, til að sýna í eitt skipti sanngirni gagnvart þeim. Það er nú í mörg ár, í upp undir áratug, búið að ganga þannig til, að verkamenn, sem verða að byggja sína lífsafkomu á stopulli vinnu, hafa orðið frá því 1942, nú í 11 ár, að fara í hvert harðvítuga verkfallið á fætur öðru til þess að knýja ríkisstj. til að láta raunverulega að sínum kröfum, því að þegar öllu er á botninn hvolft, þá hafa þessar kröfur og þessi barátta fyrst og fremst beinzt að ákvörðun, sem ríkisstj. hefur gert. Árið 1942 voru það beinlínis gerðardómslög, sem ríkisstj. hafði sett, og eftir gengislækkunina munum við líka, að það varð að gera verkfall til þess að fá létt af bindandi ákvæðum, sem sett höfðu verið hér á þingi. Þess vegna væri það langeðlilegast, að Alþingi sýndi sína sanngirni gagnvart starfsmönnum hins opinbera og segði við þá: Þið þurfið ekki einu sinni enn þá að bíða eftir því, að verkamenn fari í langt og harðvítugt verkfall og brjóti þannig ísinn fyrir ykkur. Nú skulum við sýna, að við viljum eitthvað ofur lítið taka tillit til ykkar. — Það er ekki sanngjarnt, eins og ég minntist á áðan, að verkamenn og þá oft fátækir menn þurfi að standa vikum saman í harðvítugu verkfalli og láta sverfa að sér og sínum til þess að knýja fram m. a. launahækkanir hjá opinberum starfsmönnum. En hitt hefur aldrei brugðizt, að þegar verkamennirnir með löngu verkfalli hafa verið búnir að knýja fram kauphækkanir hjá sér, þá hefur hið opinbera fylgt á eftir. Og þarf nú ríkisvaldið endilega alltaf að fá hnefann settan á borðið, þarf það endilega að finna til þess, að það hafi ekki vald til þess að standa á móti öllum vinnandi stéttum landsins, þegar þær leggja saman? Þarf það endilega að finna það? Er ekki mögulegt að sannfæra það um, að þessir hlutir séu sanngirnisatriði? Það var mánaðarleg vísitöluuppbót greidd, áður en gengislækkunarlögin voru sett, ef ég man rétt. Það var með þeim, sem breytt var í því efni. Og það er þess vegna sannarlega sanngirniskrafa, að þessu sé breytt í sama horf aftur. Ég vil þess vegna eindregið leyfa mér að vona, að hv. þd. geti samþ. þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 116 felld með 17:1 atkv.
— 129 felld með 14:8 atkv.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 15. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Síðast þegar breytt var reglum um greiðslu verðlagsuppbótar á kaupgjald í landinu, var ákveðið af hv. Alþingi eftir till. ríkisstj., að sömu reglur skyldu gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á laun opinberra starfsmanna. Þessi regla var þá lögfest til 1. des. n. k. Nú þykir sanngjarnt að framlengja þetta, og með þessu frv. er stungið upp á því, að þessi regla verði nú lögfest til 1. des. 1954.
Ég leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 152).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. þetta fjallar um að framlengja þau ákvæði, sem nú eru í lögum um verðlagsuppbætur á laun opinberra starfsmanna, til ársloka 1954, en að óbreyttu falla þau úr gildi í desembermánuði næsta ár. — N. er á einu máli um það, að ógerlegt sé að fella niður þessi ákvæði um verðlagsuppbætur til starfsmanna hins opinbera, og leggur því til, að frv. verði samþ. og þar með ákveðnar reglur settar um verðlagsuppbótina til loka ársins 1954.

Efni frv. gefur ekki tilefni til fleiri ummæla, ætla ég, og ég hef ekki fleira að segja heldur fyrir n. hönd, en sjálfur get ég ekki látið vera að vekja athygli hv. þm. á heiti þessa frv., sem ég vildi mega lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952."

Ég ætla, að hv. þm. megi vera það ljóst af þessari fyrirsögn, að fullkomin þörf er á að steypa þeim lagaákvæðum, sem hér er vísað til, saman í eitt. Og mér finnst það aðeins furðu gegna, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa hafizt handa um þetta mál. Lögin voru upprunalega smíðuð í flýti og á þeim stórkostlegir smíðagallar, og síðan hefur verið klambrað við þetta — ef ég mætti nota það orð — breytingum, eins og fyrirsögnin ber með sér. Ég álít, að það séu leiðinleg vinnubrögð, satt að segja, að afgreiða þau í þeirri mynd, sem þau eru, þótt ég fallist á það ásamt öðrum nm. að leggja til, að svo verði gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 167).

---

## 7. Greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Á 6. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni** [38. mál] (stjfrv., A. 40).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það var í sumar í júlímánuði fundur félagsmálaráðherra hinna fimm Norðurlanda haldinn hér í Rvík. Sá háttur hefur verið hafður að undanförnu, að slíkir fundir félmrh. hafa verið haldnir á Norðurlöndunum til skiptis og þá vanalega á tveggja ára fresti. Hefur á þessum fundum verið unnið að því að samræma löggjöf Norðurlandanna á vissum sviðum, sem snerta félagsmál, þannig að borgari eins ríkis hafi sömu réttindi í hinum Norðurlöndunum varðandi ýmis hlunnindi, svo sem innan almannatryggingganna í þessum ríkjum og fleiri hliðstæð réttindi.

Á þessum fundi í sumar voru undirskrifaðir þrír millirikjasamningar varðandi gagnkvæm réttindi borgara í þessum ríkjum. Þessir samningar voru: 1) millirikjasamningur um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir; 2) millirikjasamningur um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar; 3) millirikjasamningur um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Þessir samningar taka til Norðurlandanna allra fimm, nema samningurinn um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir. Sá samningur tekur aðeins til Norðurlandanna fjögurra, en ekki til Finnlands, sem ekki gerðist aðili að honum.

Nú er svo talið, að tveir fyrrnefndu samningarnir eða efni þeirra felist algerlega innan þess, sem almannatryggingalögin gera ráð fyrir hér hjá okkur, og þurfi því ekki að leita samþykkis Alþ. vegna þeirra. Hins vegar er talið, að viss ákvæði í þriðja samningnum, um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, felist ekki að öllu leyti í almannatryggingalögunum eða annarri íslenzkri löggjöf og sé því öruggara, að Alþ. staðfesti þann samning.

Af þeim ástæðum er það, sem þetta frv. er hér fram borið af hæstv. ríkisstj. Áður en félmrh.-fundurinn var haldinn í sumar, samþykkti fyrir sitt leyti þáverandi ríkisstj., að hún stæði einhuga að þessum samningi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Þetta liggur nokkuð ljóst fyrir, og var jafnvel talið, að það orkaði tvímælis, hvort ástæða væri til að leita staðfestingar Alþ. á þessum samningi, sem hér um ræðir, en þótti þó öruggara.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessu frv., að lokinni þessari umr., verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 139).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af hæstv. ríkisstj., og er efni þess að heimila ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd samning þann, sem undirritaður var á félagsmálaráðherrafundi Norðurlanda í Reykjavík 20. júlí þessa árs, en þessi samningur er prentaður sem fskj. með frv. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta mál og leggur til einróma, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 200).

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv. var borið fram af hæstv. ríkisstj., og efni þess er að leita staðfestingar á samningi, sem gerður var milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á yfirstandandi ári og undirritaður á fundi félagsmálaráðherra Norðurlanda, sem haldinn var hér í Reykjavík í júlí síðast liðnum.

Efni samningsins er í stuttu máli það, að um greiðslur og aðstoð til manna með skerta starfsgetu, þ. e. a. s. öryrkja, skuli gilda gagnkvæmi milli samningsríkjanna allra fimm, þannig að ef þeir dveljast ákveðinn tíma utan síns heimalands í einhverju öðru Norðurlandaríkjanna, þá skuli þeir eiga sama rétt til örorkubóta og annarrar öryrkjaaðstoðar eins og eigin ríkisborgarar dvalarlandsins eiga samkv. tryggingalöggjöf þess lands. Það þýðir, að íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast í einhverju hinna samningslandanna og uppfylla skilyrði samningsins, eiga sama rétt til örorkulífeyris og sama rétt til aðstoðar til þess að ná aftur heilsu sinni eða vinnugetu eins og borgarar þess Norðurlandanna, sem þeir dveljast í á hverjum tíma. Á sama hátt eiga ríkisborgarar hinna samningslandanna, sem dveljast hér á Íslandi ákveðinn tíma, rétt til örokubóta, þ. e. a. s. örorkulífeyris, lífeyris fyrir sín börn og styrk til maka, ef það kemur til greina á annað borð, á sama hátt eins og íslenzkir ríkisborgarar eiga samkv. tryggingalögunum hér. Enn fremur eiga þeir útlendir ríkisborgarar, sem falla undir samninginn, rétt til aðstoðar samkv. lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla til að útvega sér gervilimi og til annarrar aðstoðar til öryrkja, sem þau lög heimila.

Þetta er í stuttu máli efni samningsins, og n. er á einu máli um að leggja til, að samningurinn verði samþykktur. Þessi samningur er einn af fimm Norðurlandasamningum, sem gerðir hafa verið nú hin síðari ár um gagnkvæmi í tryggingum. Tveir þeirra samninga eru þegar komnir í gildi. Annar þeirra er um gagnkvæmar greiðslur ellilífeyris og gildir fyrir öll Norðurlöndin fimm. Sá næsti er um gagnkvæmar greiðslur fjölskyldubóta eða barnastyrkja og gildir fyrir Norðurlöndin öll nema Finnland. Þá er samningur frá í sumar, sem enn er ekki kominn í gildi, um gagnkvæma mæðrahjálp, en samkv. honum eiga þær konur samningslandanna, sem ala börn sín vegna dvalar um skamma hríð í einhverju hinna samningslandanna, rétt til fæðingarstyrkja eftir lögum þess lands, þar sem þær dveljast, þegar barnið fæðist. Og gildir það jafnt hér á Íslandi um þann fæðingarstyrk, sem Tryggingastofnunin greiðir, og þann styrk, sem sjúkrasamlögin greiða, en fyrir honum er þó það skilyrði, að hlutaðeigandi kona sé meðlimur í sjúkrasamlagi á staðnum. Þá er sá samningur, sem hér liggur fyrir til staðfestingar, um gagnkvæmar greiðslur og styrki til öryrkja. Og loks er svo samningur milli fjögurra Norðurlandanna, allra nema Finnlands, um sjúkraflutninga milli sjúkrasamlaga samningslandanna allra fjögurra og um bráðabirgðahjálp vegna veikinda, meðan menn dveljast um stundarsakir í einhverju þessara landa.

Það er sameiginlegt með öllum þessum samningum, og er það nýmæli, að gert er ráð fyrir því, að sá kostnaður, sem samningarnir hafa í för með sér, sé greiddur af því landi, þar sem bæturnar eru inntar af hendi eða sjúkrahjálpin veitt, og fellur þá niður öll endurgreiðsla eða allur réttur til kröfu um endurgreiðslu frá heimalöndum hlutaðeigandi manna.

Að sjálfsögðu er ekki unnt að segja um það með neinu sem nálgast fulla vissu, hvernig þetta kemur út reikningslega fyrir þau einstöku lönd. En talið er mjög líklegt, að á þeim viðskiptum náist mjög nálægt jöfnuði, a. m. k. þegar tekið er tillit til nokkurra ára. En hitt má telja víst að því er okkur snertir, að ekki yrði ástæða til þess að gera ráð fyrir, að á Íslendinga halli í þessum viðskiptum. Þvert á móti leit út fyrir, að það yrði heldur okkur til hags, a. m. k. fram til þessa nú yfirstandandi árs, eftir að fjölskyldubæturnar voru auknar svo sem gert var á þinginu síðast. Hver áhrif það hefur, er ekki séð enn með vissu. En meginástæðan til þess, að þessi regla er nú upp tekin í öllum þessum samningum, er sú, að endurheimt slíkra greiðslna og bóta sem hér um ræðir er ákaflega miklum erfiðleikum bundin og ákaflega hvimleitt fyrir alla, sem hlut eiga að máli, að þurfa að fara þá leið. Því hefur þessi leið verið tekin upp í milliríkjasamningum núna seinni árin með góðu samþykki allra hlutaðeigandi landa.

Af þessum fimm samningum, sem ég hef nefnt, eru fjórir, sem falla eingöngu innan marka almannatryggingalaganna, en þau veita ríkisstj. heimild til að gera slíka gagnkvæmissamninga. Um þennan samning, sem hér liggur fyrir, gegnir nokkuð öðru máli, því að hann fer út fyrir svið almannatryggingalaganna og inn á svið laganna um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, en í þeim lögum eru engin ákvæði, sem heimila

slíka gagnkvæmissamninga sem hér er um að ræða. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. talið rétt og skylt að leita staðfestingar Alþ. á þessum samningi, en um hina er það óþarft, eins og áður er getið.

Nefndin, eins og ég áður hef sagt, mælir eindregið með því, að frv. verði samþ., og telur, að rétt sé stefnt með þessum samningum og miðað að því marki að gera Norðurlöndin öll sem næst því að einu tryggingasvæði, þannig að tryggðir menn geti notið réttinda í hverju landi, sem þeir dvelja í, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem samningarnir setja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 234).

---

## 8. Happdrættislán ríkissjóðs.

Á 16. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs** [94. mál] (stjfrv., A. 149).

Á 17. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í lögunum um happdrættislán ríkisins er svo tiltekið, að ef menn hafa ekki framvísað skuldabréfum sínum, þeim sem vinning hljóta í happdrættisláninu, þá skuli þau innan þriggja ára falla úr gildi. Þetta ákvæði er ekki framkvæmanlegt. Það er ómögulegt að synja mönnum um greiðslu, þótt lengur dragist en þrjú ár að vísa fram skuldabréfum. Og það er þess vegna till. hér fyrirliggjandi nú í frumvarpi þessu um að lengja þennan frest í 15 ár. Þykir ekki sæma annað en að leysa inn þessi skuldabréf, þó að það dragist mjög fyrir mönnum að framvísa þeim. Það geta verið svo margar skiljanlegar ástæður fyrir því, að það misfarist hjá mönnum að framvísa bréfunum, og ekki sæmandi fyrir ríkið að notfæra sér slíkt.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 153).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Af því að hv. frsm. er ekki viðstaddur, þá get ég sem form. fjhn. getið þess, að n. hefur athugað þetta frv. og mælir með, að það verði samþykkt. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir efni þess við 1. umr. málsins, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það. Þetta er ákaflega einfalt mál. Mætti að vísu segja, að menn, sem ekki hafa dug eða sinnu á því að vitja sinna vinninga innan þriggja ára, ættu skilið að tapa þeim, en það þykir þó rétt að reyna til þess ýtrasta, að vinningarnir komi til skila, þar sem þeir eru auðvitað manna anna réttmæt eign.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 21. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 209).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 149, og mælir með því einróma, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Þetta frv. felur það í sér að lengja fresti fyrir vinninga í happdrættislánum ríkisins. Eins og lögin eru nú, þá geta þessir vinningar fyrnzt á 3 árum. En samkv. frv. er til þess ætlazt, að þeir fyrnist ekki fyrr en eftir 15 ár. Sem sagt er það ætlunin eingöngu með þessu frv. að tryggja það, að þeir, sem hljóta vinninga af þessum lánum, tapi þeim ekki vegna þess, að þeir séu ekki búnir að ganga eftir þeim á tilskildum tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 235).

---

## 9. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna** [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, inniheldur ákvæði um að framlengja söluskattinn fyrir árið 1954. Eins og kunnugt er, hefur hann verið framlengdur aðeins frá ári til árs. Fjárlagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, ber það með sér, að það verður ekki hægt á næsta ári að komast hjá því að innheimta þennan skatt svo sem verið hefur, og er því þetta frv. eins konar fylgifiskur fjárlagafrv. — Ég mun gera grein fyrir fjárhagsmálunum í heild, þegar fjárlagafrv. verður tekið hér til 1. umr. á mánudaginn, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í þau efni hér almennt, en óska eftir því, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá var eitt af þeim fögru loforðum, sem hún gaf, að hún mundi nú fara að létta skatta á almenningi, og það lítur nú út fyrir, að við séum hérna að sjá fyrstu efndirnar í því sambandi. Það var tilkynnt af hálfu hæstv. ríkisstj., að nú væri loks komið svo vel fjárhag ríkisins, að nú væri hægt að létta að einhverju leyti á þeim þungu álögum, sem hvílt hafa á almenningi undanfarið. Maður hefði þess vegna getað búizt við að sjá nú eitt með því fyrsta, sem fram kæmi í þinginu, einhverja viðleitni til þess að efna þau loforð. Það er hins vegar alveg þvert á móti; það fyrsta, sem hæstv. ríkisstj. hér flytur fram, er framlenging á söluskattinum. Maður hefði kannske getað búizt við, fyrst hún var nú að minnast á, að ef til vill yrði það tekjuskatturinn, sem eitthvað ætti að létta af, að maður hefði þá a. m. k. séð til þess að byrja með eitthvert frv., sem gengi í þá átt. Ríkisstj. hefur ekki einu sinni haft svo mikið við. Ég veit ekki, af hverju það *muni vera*. Við *eigum enn þá eftir* að sjá, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér í sambandi við breyt. á tekjuskattinum. Kannske höfuðatriðið í þeim eigi að verða að létta byrðunum af herðum þeirra, sem bezt geta borið þær; kannske það sé hugmyndin með hennar frv. viðvíkjandi tekjuskattinum að fara að létta dálítið á þeim, sem ríkastir eru og tekjuhæstir í landinu. Hér kemur hins vegar fram frv., sem gengur beint í þá átt að halda áfram öllum þyngstu, óvinsælustu og verstu álögunum, sem nú hvíla á almenningi, söluskattinum.

Ég verð að segja, að það er nú nokkuð hart, meðan stjórnaryfirlýsingin er svona ný, að sjá þetta undireins. Það er auðséð, að hæstv. ríkisstj. þykist vera nokkuð viss um, að hún megi bjóða bæði fólkinu og sínum þingflokkum hvað sem er, eftir að hún er nú einu sinni sloppin út úr kosningunum og fer nú kannske ekki í kosningar svo *fljótt aftur*. En *ég* verð að segja, að ég get a. m. k. ekki látið þetta mál fram hjá fara við 1. umr. þess án þess að minna á þetta og lýsa yfir nokkurri undrun minni, þótt ég hafi nú ekki búizt við sérlega miklu af hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ríkisstj. hafði líka rætt um það í sinni yfirlýsingu, að hún mundi veita landsmönnum nokkru meira frelsi, m. a. frelsi til þess að geta byggt yfir sig — og mega það a. m. k. óáreittir af yfirvöldunum, án þess að yfirvöldin legðu sig í framkróka til að reyna að hindra menn í því. Það bólar ekki á því. Þvert á móti er farið undireins í málgagni hæstv. fjmrh. að tala um, að það sé nú helzt ekki hægt að gefa nokkurn skapaðan hlut eftir á neinum þeim höftum, sem nú *hvíla á almenningi*. Þegar húsnæðisleysið hérna í Reykjavík er þannig, að það hefur aldrei verið annað eins, þá sýnir hæstv. ríkisstj. ekki nokkra viðleitni í þá átt, í samræmi við bæði kosningaloforð sín og stjórnaryfirlýsingu, að leggja hér fram eitthvert frv. um að gefa mönnum meira frelsi til þess að mega byggja, svo að ég tali nú ekki um að reyna að einhverju leyti að gera það ódýrara fyrir menn heldur en verið hefur. Það bólar ekki á slíku, en viðleitnin til að halda við öllum verstu álögunum á almenningi er í fullum gangi. Mér finnst það sem sé ekki spá góðu, að þetta skuli vera fyrsta frv., sem kemur fram viðvíkjandi skattaálögunum, að verstu og ranglátustu álögunum eigi að viðhalda, þeim, sem þyngst hvíla á *almenningi*. Og mér *finnst* það nokkuð undarleg aðferð til að efna það, sem hæstv. ríkisstj. hafði lofað, að létta sköttunum.

Ég vil svo leyfa mér í sambandi við þetta frv. hæstv. ríkisstj. að minna enn einu sinni á það, þótt ég hafi gert það nokkuð oft, hver tilgangurinn er í l., sem hér er verið að framlengja, með þeirri tekjuöflun, sem talað er um í 1. gr. þessa frv. — 1. gr. þessa frv. hljóðar svo, að ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í 3. kafla l. nr. 100 1948, skuli gilda til áramótanna 1954—55. Af þessum l. stendur ekkert eftir. 1. og 2. kafli eru horfnir, þeir eru ekki lengur til. Og fyrirsögn þessa 3. kafla, sem hér um ræðir, er: „Um dýrtíðarsjóð". — Þessi 3. kafli er sem sé um dýrtíðarsjóð, en 19. gr., sem mælir svo fyrir, að það *skuli stofna sérstakan dýrtíðarsjóð*, er felld úr gildi, ekki einu sinni með neinum laga-

ákvæðum, heldur stendur hér bara: Ákvæðin um tekjuöflun skulu gilda. — Sem sé, það skal klípa innan úr greinum, sem annars eru fallnar úr gildi, innan úr lögum og innan úr greinapörtum, sem annars eru fallnir úr gildi, ákveðin ákvæði, sem skulu standa áfram. Úr 3. kaflanum á að fella burt allt, sem er tilgangur álaganna. Tilgangurinn með álögunum var að skapa dýrtíðarsjóð, og eftir 19. gr. skyldi honum varið til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands. M. ö. o.: þessi söluskattur var lagður á til þess að berjast á móti dýrtíðinni, til þess að lækka dýrtíðina og til þess að standa undir fiskábyrgðinni. Núna á að framlengja þetta til þess að auka dýrtíðina, til þess að viðhalda dýrtíðinni, og án þess að gera nokkurt gagn í þá átt, sem miðað er við í þessum 3. kafla um dýrtíðina. Mér finnst nú, að það allra minnsta, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað gert, — og á það er búið að benda þing eftir þing, og það þessum sama hæstv. fjmrh., sem nú situr, — er að ganga a. m. k. þannig frá þessum lögum, að það sé ekki lögfræðilega til skammar. Það er ekki nokkur mynd að framlengja ár eftir ár lög, sem eru þannig, að það er verið að klípa út úr einstökum greinum einstök ákvæði og ekki tilgreint, hvaða ákvæði skuli gilda, bara að ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í þessum kafla, skuli gilda. Þetta nær ekki nokkurri átt. Svona á ekki að ganga frá málum. Og þetta er búið að ávíta ríkisstj. fyrir af hálfu fjhn. þing eftir þing. Hæstv. fjmrh. hefur ekkert tillit tekið til þess, og það er auðséð af hverju. Fyrir almenning, þegar þetta er lesið upp, t. d. í útvarpinu, að ákvæðin um tekjuöflun, sem eru í 3. kafla laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skuli gilda áfram, er það náttúrlega eins og hebreska. Almenningur skilur ekki nokkurn skapaðan hlut, hvað átt er við með þessu. Það er ágætt fyrir fjmrh. að láta lesa þetta upp í útvarpinu. Ef hins vegar væri þulið upp, hvað þetta gildir, hvað er verið þarna að leggja á — (**Fjmrh.**: Það stendur allt í Þjóðviljanum.) Já, kannske hæstv. fjmrh. vilji gera ráðstafanir til þess, að Þjóðviljinn verði lesinn í fréttatíma útvarpsins næst; það mundi ekki veita af því, ef almenningur á að skilja þau lagafyrirmæli, sem hæstv. fjmrh. ætlar að leggja fyrir þingið. Ég býst við, að það veitti ekki af slíkum skýringum. Einu sinni þótti höfðingjum þessa lands, þeim verstu, sjálfsagt að hafa sem flest á latínu, til þess að fólkið skildi það ekki. Þá þurfti að slást fyrir því að koma því yfir á íslenzku. Núna býst ég við, að það þurfi skýringar Þjóðviljans; hann þurfi að útfæra, hvað það þýðir á íslenzku, til þess að menn skilji hebreskuna í lagafyrirmælunum, ekki sízt þegar þau eru svo illa úr garði gerð eins og þessi. Svo kemur að vísu hérna á eftir 23. gr., þar sem sést, hvað er undanþegið söluskatti, en það er passað vel upp á að vera ekki að geta um það, á hvað hann leggist.

Ég skil það ósköp vel hjá hæstv. fjmrh., af hverju hann er svona hræddur við Þjóðviljann og hans skýringar á þessu. Hann vill helzt aldrei láta vita, á hvað söluskatturinn leggist, en hann kemst nú hins vegar ekki hjá því að láta fólk vita það, vegna þess að almenningur finnur það, svo að það er ekki yfir neinum skatti kvartað eins í landinu og þessum — og ekki aðeins kvartað yfir honum sjálfum og hvað hann sé óréttlátur og hvað hann sé þungur, heldur líka yfir því, hvernig hann er heimtur inn, því að mönnum er oft gert meira tjón með þeim harðstjórnarlegu aðferðum, sem beitt er við innheimtuna á honum, heldur en meira að segja með því að taka söluskattinn af mönnum. Ég held þess vegna, að hv. fjhn., sem þetta mál fer nú til, ætti að athuga það, hvort hugsanlegt væri að fá fram a. m. k. þá breyt. þarna á, að þetta sé gert sæmilega skiljanlegt almenningi, þótt hitt væri náttúrlega höfuðatriðið, að fá sjálfan söluskattinn afnuminn, eða að minnsta kosti á öllum þeim nauðsynjavörum, sem hann leggst á.

Hinu er vert að muna eftir, um leið og þetta mál nú fer til n., að þegar þessi söluskattur var á lagður upphaflega, þá átti með honum að standa undir fiskábyrgðinni. Þessi söluskattur hefur árlega verið margfalt meiri en það, sem fiskábyrgðin var á nokkru ári og greiðslurnar vegna hennar. Hins vegar, þegar fiskábyrgðin var felld niður, sjómönnum og bátaútvegsmönnum til óbætanlegs tjóns, þá var þessum söluskatti haldið, þótt lofað hefði verið, að hann skyldi falla. Og það var ekki nóg með það. Söluskattinum var haldið, og síðan var bátagjaldeyrinum bætt þarna ofan á.

Það er eftirtektarvert núna, þegar hæstv. ríkisstj. kemur fram með frv. um að framlengja söluskattinn, að hún gætir þess ósköp vel að minnast ekki á þær álögur, sem eru alveg sérstaklega þungar á almenningi og aldrei koma hér fyrir þingið, nema þegar ég tala um þær, bátagjaldeyrinn, — álögur, sem hæstv. ríkisstj. leggur á og hefur lagt á undanfarin ár án nokkurra lagaheimilda, þannig að milli 100—200 millj. kr. hafa þegar verið teknar af almenningi, án þess að það sé nokkur lagabókstafur fyrir því, teknar með beinu broti á stjórnarskrá og lögum, og hæstv. ríkisstj. hefur aldrei treyst sér til þess að verja það. Hún kemur ekki fram með neinar till. um að framlengja það. Hún ætlar auðsjáanlega að reyna að halda í það. En ég býst við, að það eigi nú eftir að verða rætt hér í þinginu, hvernig þau mál horfa við, a. m. k. ætti hæstv. ríkisstj. að gefa hér skýringar á, hvernig stendur þá á því, að hún framfylgir ekki þeirri ólögmætu reglugerð, sem hún lét fjárhagsráð setja, hvað snertir allan útflutning á hraðfrystum fiski. Hvað lengi á það að viðgangast í landinu, að það viti enginn lengur, hvað séu lög og hvað séu reglur? Er tekið 50% núna og leyft að leggja 50% á andvirði alls þess hraðfrysta fisks, sem fluttur er út úr landinu sem stendur? Hvernig er með þann hraðfrysta fisk, sem núna er fluttur til Rússlands? Er ekki látið leggja bátagjaldeyri á þær vörur, sem koma inn fyrir hann? Og hvernig stendur á því? Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. verði að gera betri grein fyrir, hvernig hún fer með fjármuni þjóðarinnar, heldur en þær greinargerðir, sem gerðar hafa verið

undanfarið. Það er hart að koma nú eftir nýútgefin loforð um að létta sköttum af almenningi með till. um að framlengja söluskattinn, minnast ekki á bátagjaldeyrinn, sem settur var í staðinn fyrir það, sem áður átti að standa undir fiskábyrgðinni eða tryggja það sama og hún tryggði. Það er hart, að hæstv. ríkisstj. skuli yfirleitt ekki virða Alþingi þess lengur að standa fyrir sínu máli um álögurnar, sem hún leggur á almenning.

Ég mun við 2. umr. þessa máls gera brtt. viðvíkjandi þessu frv. Hins vegar álít ég, að það væri mjög æskilegt, til þess að nokkru greinilegar kæmi fram, hvað í þessu fælist, að fjhn., sem ríkisstj. nú hefur vissulega fulla velþóknun á allri saman, athugi þetta frv. lögfræðilega séð, þannig að það haldi ekki áfram hvað frágang snertir að vera eins hraksmánarlegt og það hefur verið hingað til frá hæstv. fjmrh., og sé gert þannig úr garði, í fyrsta lagi, að almenningur geti skilið það, og í öðru lagi, að það sé þinginu ekki lögfræðilega til skammar.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. 16. jan. 1952 var samþ. í sameinuðu Alþingi svo hljóðandi þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt. — Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstj. leggi frv. til l. um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þetta næsta reglulega Alþingi, sem við er átt í till., kom saman 1. okt. í fyrra, fyrir rúmlega ári. Þegar það Alþingi kom saman, þá var hæstv. ríkisstj., sem er að mestu leyti hin sama og sú, sem nú situr, um það spurð, hvernig á því stæði, að hún stæði ekki við þau fyrirmæli Alþingis að hafa tilbúin skattafrv., sem væru í samræmi við þessa þál., sem samþ. hafði verið 8 mánuðum áður. Hún svaraði því þá til, að tími hefði ekki unnizt til þess að ganga frá neinum heildarfrv. um málið, það væri flókið og vandasamt, en gaf þó í skyn, að þess mundi ekki verða mjög langt að bíða, að hún gerði hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum. Þingið leið. Ekkert heyrðist frá stjórninni, ekkert frv., ekki einu sinni loforð um frv. Svo nálguðust kosningar. Þá stóð ekki á loforðunum um það, að endurskoðun skattalaganna stæði alveg fyrir dyrum, og oftar en einu sinni var sagt og skrifað, að í upphafi næsta þings mundu flokkarnir, sem setið höfðu í stjórn og vonuðust sjálfir til að sitja í stjórn áfram, leggja fyrir Alþingi og þjóðina till. um endurskipulagningu skattamálanna, sem þjóðin svo lengi hefur beðið eftir, svo sárt og þungt sem hún hefur stunið undir óbærilegum skattaálögum. Nú er þetta Alþingi komið saman, hið annað í röðinni síðan till., sem ég las áðan, var samþykkt. Enn bólar ekki á neinum till. frá hæstv. ríkisstj. um nýskipun eða endurskipulagningu skattamálanna. Þvert á móti er enn fleygt inn í þingið sömu frv. sem þm. hafa fengið í hendur mörg undanfarin þing, hin síðari ár sér til lítillar ánægju. Það eru frv. um framlengingu á þeim gjöldum, sem lögð hafa verið á undanfarin ár, í sama rangláta forminu og áður, engin nýskipun þessara mála sjáanleg á næsta leiti.

Á þessu vildi ég vekja athygli og víta það, að ríkisstj. skuli ekki hafa farið eftir þeirri ályktun, sem samþ. var samhljóða fyrir hálfu öðru ári og átti að vera búið að fullnægja þegar fyrir heilu ári — og rúmlega það þó.

Örfáum orðum vildi ég einnig fara um það frv., sem hér liggur fyrir, þó að það muni eðlilega koma til rækilegrar meðferðar við 2. og 3. umr. málsins. Ég vil ekki láta 1. umr. líða, fyrst ég stóð upp á annað borð, án þess að benda á það, sem raunar hv. 2. þm. Reykv. benti líka á í sinni ræðu, að söluskattur var á sínum tíma, 1948, lagður á til þess að standa undir alveg ákveðnum gjöldum, sem ríkissjóður þá þurfti að inna af hendi. Söluskatturinn var lagður á til þess að koma í veg fyrir gengislækkun, af þeirri stjórn, sem þá sat. Það var höfuðhlutverk hans. Það var eina hlutverkið, sem var svo mikilvægt, að það gat réttlætt slíka skattálagningu sem hér er um að ræða, svo óheyrilega ranglát og ósanngjörn sem hún er. Það þurfti mikið að liggja við, til þess að verjandi væri að leggja tugmilljónir króna á í þessu formi, á neyzlu almennings í landinu. Eina markmiðið, sem gat komið til greina að þjóna með slíkri skattlagningu, var að koma í veg fyrir gengisfall krónunnar. Það var gert 1948—49 með því að leggja á þennan mjög svo þungbæra skatt. Almenningur sætti sig við það — að svo miklu leyti sem hann gerði það — einvörðungu vegna þess, að hann fann, að hann skildi, að það var til þess að koma í veg fyrir það, sem var enn þá verra, gengishrun krónunnar. Þessi gengislækkun krónunnar kom vorið 1950. Það, sem átti að afstýra 1948, gerðist 1950, þegar Sjálfstfl. og Framsfl. gengu til stjórnarmyndunarinnar þá. Þá hefði átt að vera hægt, ef rökin fyrir gengislækkuninni hefðu verið rétt, að fella niður þau gjöld, sem lögð voru á til þess að koma í veg fyrir gengislækkunina. Það fyrirheit var gefið, en það var ekki efnt. Söluskattinum var haldið. Öllum gjöldum, sem á höfðu verið lögð til að koma í veg fyrir gengislækkunina, var haldið þrátt fyrir gengislækkunina, og þeim var ekki aðeins haldið, þau voru hækkuð stórkostlega. Nú er ætlazt til þess, að söluskatturinn verði 91½ millj. kr. Það voru jafnvel lögð á enn þá meiri gjöld til þess að inna af hendi sama hlutverk og söluskattinum var ætlað árið 1948—49. Bátagjaldeyrisskipulagið var tekið upp 1951. Á þann hátt var sópað yfir til útflytjenda í styrk tugum milljóna króna, enginn veit, því miður, hve miklu, líklega einhvers staðar á milli 80 og 100 millj. kr. árlega. Þetta var nýr söluskattur, sem enn er innheimtur af

alþýðu manna þrátt fyrir gengislækkunina, sem öllu átti að bjarga á sínum tíma.

Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin á söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru gífurleg í söluskattinum. Ber þó ekki neitt að ráði á viðleitni hæstv. ríkisstj. til þess að kveða þau skattsvik niður. Það er vissulega eitt af þeim verkefnum, sem n., er nú starfar að endurskoðun skattalaganna, ætti að taka til rækilegrar athugunar, því að ófremdarástandið í þeim málum getur ekki gengið lengur, það má ekki ganga lengur. Þegar skattur er lagður á í því formi, sem söluskatturinn er innheimtur eftir, upp á 91 millj., þá má geta nærri, að skattsvikin í sambandi við hann verða ekki talin nema í milljónum.

Ófremdarástandið í skattamálunum er annars orðið þvílíkt, að alls ekki verður lengur við unað. Þetta þing má með engu móti svo líða, að það taki þau ekki til gagngerðrar endurskoðunar. Ég skal ekki ræða það mál hér rækilega. Ég skal aðeins benda á einfaldar staðreyndir, sem blasa við í tölum þeim, sem þm. hafa þegar fengið lagðar fyrir sig, þ. e. a. s. úr fjárlagafrv., sem ber þess glöggt vitni, hvílíkt geysiófremdarástand er í þessum málum öllum. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur nemi tæpum 60 millj. kr. Söluskatturinn nemur hins vegar 91 millj. Söluskatturinn einn er þannig 50% hærri en allur tekju- og eignarskattur að stríðsgróðaskattinum meðtöldum. Allir skattar og tollar, sem ríkið innheimtir, eiga að nema samkv. fjárlagafrv. 325 millj. kr. Af því er tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, þeir skattar, sem eru lagðir á í hlutfalli við gjaldgetu manna, 60 millj., ekki ⅙ af öllum álögum ríkisins. M. ö. o.: Ríkið treystir sér ekki til þess að taka nema ⅙ af því fé, sem það leggur á, í beina skatta, þ. e. eftir þeim aðferðum, sem hingað til hafa verið taldar forsvaranlegastar við skattálagningu, þ. e. a. s. að láta menn greiða í hlutfalli við tekjuhæð sína og eignahæð. Ef enn fremur er tekið tillit til þess, hve útsvörin munu vera mikil, og áætlað, að þau séu um það bil 150 millj. kr., en þau eru öll lögð á í hlutfalli við tekjur og eignir, sjáum við, að skattar, tollar og útsvör til ríkis og sveitarfélaga nema samtals um 475 millj. kr. Tekju- og eignarskattur ríkisins að meðtöldum stríðsgróðaskatti er af þessu aðeins 60 millj., áttundi hluti. Sjá menn ekki, að þetta er farið að nálgast skopsögu allt saman, að þegar almenningur á að borga 475 millj. kr. alls í skatta og tolla, þá skuli skipulagið á skattheimtunni vera þannig, að hið opinbera treystir sér ekki til þess að taka nema ⅛ hluta í hlutfalli við tekjuhæð og eignahæð manna? Hvað veldur? Sjá menn ekki, að hér er á ferðinni gerrotið kerfi, gegnsýrt af spillingu, sem gersamlega ómögulegt er að horfa upp á lengur? Þetta minnir mann á ástandið í Frakklandi, þar sem ófremdarástand í skattamálum er slíkt, að það er eitt höfuðmeinið í frönskum stjórnmálum. Það er einnig að verða svo hérna. Þessar tölur, sem við fáum nú lagðar fyrir okkur í fyrstu frv. stjórnarinnar, eru þvílík auglýsing á algeru ófremdarástandi í skattamálum þjóðarinnar, að við það er ekki lengur unandi. Hér þarf að taka allt kerfið til gagngerðrar endurskoðunar. Beinu skattarnir alls, til ríkis og sveitarfélaga, eru um 210 millj. kr., þ. e. a. s. ekki nema um 44% af öllum skattálögum og tollálögum til ríkis og sveitarfélaga. M. ö. o.: Rúmlega ⅑ eru innheimtir í hlutfalli við tekjur og eignir, hitt er innheimt sem óbeinir skattar, sem hljóta að koma miklu þyngra niður á öllum almenningi heldur en beinir skattar mundu gera.

Ég vil láta þessar aths. á fyrsta stigi málsins nægja, í fyrsta lagi til þess að andmæla söluskattinum í sjálfu sér og þó alveg sérstaklega í því formi, sem hann hefur verið innheimtur í og ætlazt er til að hann verði innheimtur áfram, og spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvað hún hafi hugsað sér varðandi endurskoðun skattalaganna, hvort ekki muni vera von á frv. til skattalaga frá henni, áður en hún ætlast til, að þessi frv. séu afgr. Alþfl. mun ekki ljá framgangi þessa frv. lið. Hann vill fá að vita um heildarstefnu ríkisstj. í skatta- og tollamálunum. Til hennar mun hann taka afstöðu og mun þá leggja fram sínar till. varðandi heildarendurskoðunina.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er álitamál, að hve miklu leyti á að ræða almennt nú við þá hv. þm., sem hér hafa talað um þetta mál eða skattamálin. Þetta berst allt í tal síðar. Satt að segja fannst mér það, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, vera þannig vaxið, að tæpast verði mikið á því að græða fyrir þingheim að eiga um þessi efni orðaskipti við hann í þeim ham, sem hann er þessa stundina. Ég vil nefna um það 2—3 dæmi. Hann fárast yfir því, hve beinir skattar séu lítill tekjustofn fyrir ríkið í hlutfalli við óbeina tekjustofna, en ég veit ekki betur en þessi sami hv. þm. hafi sí og æ viljað koma því á framfæri jafnframt, að hann áliti beinu skattana of háa og vildi lækka þá. Það hefur sem sé fullkomlega verið gefið í skyn, að Alþfl. væri á þeim buxunum að vilja ekki hækka beinu skattana, heldur lækka þá. — Svona er nú það.

Þá sagði hv. þm. hér áðan í sambandi við þetta tal um, að ríkið hefði litlar tekjur af beinum sköttum í hlutfalli við óbeina, að þó væru beinir skattar einu skattarnir, sem hingað til hefði verið talið forsvaranlegt að leggja á. Ég veit þó ekki betur en að Alþfl. hafi átt hér á undanförnum áratugum þátt í því að setja löggjöf um margs konar aðra skatta en beina skatta, m. ö. o. óbeina skatta, sem gefa ríkinu marg-

falt á við það, sem beinu skattarnir gefa. Það er því bókstaflega nýr boðskapur, sem hv. þm. flytur hér um þetta efni. Að maður nú ekki tali um t. d., ef litið er út fyrir pollinn, í önnur lönd, þar sem jafnaðarmenn hafa nú ráðið meiru en hér. Þar verður alls ekki vart við, að þeir treysti sér til þess að taka allar tekjur, sem ríkið þarf á að halda, með beinum sköttum, ganga víst sízt lengra í því en hér er gert, en taka aftur á móti gífurlegar fúlgur með óbeinu móti. Og af því að við erum að tala hérna um söluskattinn, þá væri kannske ekkert úr vegi að minna á það, að Alþfl. í Noregi hefur staðið fyrir því, að lagður var á þar 10% söluskattur af svo að segja öllum vörum, sem seldar eru í Noregi, m. ö. o. miklu þyngri söluskattur en við þekkjum hér. Mér er ekki vel ljóst, hvað svona umr. eiga að þýða eða hvaða tilgangi þær eiga að þjóna. — Ég fer ekki lengra út í það.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um endurskoðun skattalaganna. En áður en ég kem að því, ætla ég þó að minnast á eitt atriði enn viðvíkjandi söluskattinum, sem kom fram hjá báðum ræðumönnum. Það er þetta, að söluskatturinn hafi verið lagður á til þess að fara í útflutningsuppbætur og þangað hefði hann farið, þangað til núverandi stjórn hefði beitt sér fyrir því, að hann færi í annað. Þetta er nú ekki einu sinni hálfur sannleikur. Sannleikurinn er sá, allur sagður, að söluskatturinn var upphaflega lagður á til þess að standa undir dýrtíðargreiðslum, bæði útflutningsuppbótum og einnig niðurborgun dýrtíðar innanlands, en hann fór ekki nema að nokkru leyti til þess, vegna þess að gífurlegur greiðsluhalli var á ríkisrekstrinum á árunum 1948 og 1949. Söluskatturinn rann því að verulegu leyti strax í almenn útgjöld. Svo var farið í Landsbankann og tekinn þar yfirdráttur eða safnað þar lausaskuldum, milljónatugum ofan á milljónatugi, til þess að standa undir útflutningsuppbótunum. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við, lá fyrir fjárlagafrv. fyrrverandi stjórnar fyrir árið 1950, og þá var það þannig, að gert var ráð fyrir söluskattinum tekjumegin til þess að koma endunum saman, en útflutningsuppbótunum alveg sleppt gjaldamegin. Það var viðurkenning á þeirri staðreynd, að þá rann söluskatturinn til þess að standa undir öðrum greiðslum en útflutningsuppbótunum.

Það var vikið að því hér áðan, að það hefðu komið fyrirheit um að afnema söluskattinn. Slík fyrirheit hafa aldrei frá mér komið. Ég tók það greinilega fram, um leið og ég tók við fjármálunum í ársbyrjun 1950, að ef reka ætti greiðsluhallalausan ríkisbúskap, þá þyrfti á söluskattinum til þess að halda.

Hv. þm. sagði, að síðan hefðu verið stórhækkaðar álögur til viðbótar, — ég held, að ég hafi heyrt það rétt, — en það er algerlega á misskilningi byggt. Það hafa ekki verið hækkaðir skattar eða tollar síðan. Það hefur að vísu verið breytt einstökum atriðum, t. d. var söluskatturinn aukinn um 1% á innflutningi, en verðtollsviðaukinn var lækkaður sem fullkomlega nam því. Þá hefur verið lækkaður skattur á lágum tekjum, sem sé beinn skattur af lágum tekjum, og þær tilfærslur, sem átt hafa sér stað á sköttum og tollum í heild í tíð fyrrverandi stjórnar, voru sízt í hækkunarátt, frekar í lækkunarátt. Það er fullvíst.

Þá kem ég að því, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs. Það voru ummælin um endurskoðun skattalaganna. Það var samþ. hér þál. um að endurskoða skattalögin og lög um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, og í þetta var skipuð n. Það var litið svo á, að þessi n. ætti fyrst og fremst að endurskoða lögin um beinu skattana og um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Þessi n. er að vísu stjórnskipuð, en í henni sitja tveir sjálfstæðismenn, tveir framsóknarmenn og einn alþýðuflokksmaður. Það kom nú auðvitað í ljós undireins og farið var að hreyfa við þessum málum, að það voru engin tök á því, að n. gæti verið búin að athuga þetta verkefni og gera till. fyrir haustþingið 1952. Mér er óhætt að fullyrða, að sá alþýðuflokksmaður, sem í n. var skipaður, var ekki fremur en hinir tilbúinn til þess að gera till. fyrir þann tíma. Það var alveg óhugsandi. Verkið er svo mikið — og um það voru allir sammála. Ég tek þess vegna ekki þegjandi við neinum ávítum til mín út af því, að ekki var lagt fyrir Alþingi 1952 nýtt frv. til skattalaga og að endurskoðun þessari var ekki lokið fyrir þann tíma. Það var gersamlega óframkvæmanlegt. Um það voru allir sammála, sem hér að stóðu, í hvaða flokki sem þeir voru. Nú spyr hv. þm., hvort von sé á frv. um þetta efni, og hann þurfti nú raunar ekki að spyrja. Hann veit svarið. Því hefur verið lýst yfir af ríkisstj., að ætlunin sé að leggja fyrir þetta þing frv. til nýrra skattalaga, frv. um beinu skattana. Þetta er ætlunin.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til andsvars ræðu hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðh. veit miklu meira um skattamál en hann lézt vita í ræðu sinni hér áðan. Hann lét í ljós undrun yfir því, að ég skyldi vekja athygli á því, hversu lítill hluti beinu skattarnir eru af heildartekjuöflun ríkissjóðs og sveitarfélaga, og taldi það í ósamræmi við þær till., sem við Alþfl.-menn hefðum borið fram á undanförnum þingum hvað eftir annað og miða að ýmiss konar lækkun á beinum sköttum. Væru þær samþ., sagði hæstv. ráðh., mundi hluti beinu skattanna í heildartekjunum enn minnka. Hæstv. ráðh. sleppti því að geta þess, að allar þær till., sem við höfum borið fram um lækkun á beinum sköttum, eru um lækkun á beinum sköttum á almenningi, á lágum tekjum og miðlungstekjum fyrst og fremst. Það er merginn málsins. Við höfum nefnilega sí og æ bent á þá staðreynd, að það er ekki aðeins innheimta óbeinu skattanna, sem er ranglát í sjálfri sér og eins og hún er framkvæmd, heldur er ranglætið ekki minna í innheimtu beinu skattanna, vegna þess að þeir hvíla með stórkostlegum þunga á láglaunafólki, sem hlýtur að telja fram allar tekjur sínar, hverja krónu og hvern eyri, en aftur á móti hafa ýmsir atvinnurekendur margs konar skilyrði til þess að skjóta tekjum undan skatti, oft og einatt þeim mun betri skilyrði til slíks sem tekjur þeirra eru hærri. Þess vegna er það,

að beinu skattarnir í því formi, sem þeir eru nú innheimtir hér á Íslandi, eru mjög ranglátir og eru í raun og veru fyrst og fremst launaskattar. Þetta er ein af höfuðástæðunum til þess, að eðlilegt er og nauðsynlegt að endurskoða innheimtu beinu skattanna, og það er sjálfsagt að gera hvort tveggja, lækka þá á lágum tekjum og miðlungstekjum, um leið og gerðar væru ráðstafanir til þess, að þeir, sem tekjuhærri eru, þ. e. a. s. ýmiss konar atvinnurekendur, beri þó ekki væri nema þá skatta, sem þeir núna eiga að bera samkv. gildandi skattalögum, en gera ekki.

Hæstv. ráðh. sagði, að í löndunum kringum okkur væru ekki síður innheimtir miklir óbeinir skattar en hérna. Ég hef oftar en einu sinni athugað það, hvernig hlutfallið á milli beinna og óbeinna skatta er hérna á Íslandi annars vegar og á Norðurlöndunum og Bretlandi hins vegar. Ég bjó mig ekki þannig undir þessar umr., að ég hafi þær tölur handbærar, en ég man þær nokkurn veginn. Í Danmörku og Noregi eru rúmlega 55% af heildarsköttunum til ríkis og sveitarfélaga beinir skattar. Hérna eru beinu skattarnir samkv. lauslegri athugun á fjárlagafrv. 44%. Í Bretlandi er talan líka á milli 50 og 60%, eða var fyrir hálfu öðru ári. Í nágrannalöndunum er því hlutfallstala óbeinu skattanna miklu lægri en hérna.

Annars er um þessi skattamál í heild það að segja, að út úr því ófremdarástandi, sem hér er, virðast í raun og veru ekki vera færar nema tvær leiðir. Annaðhvort er að stórlækka beinu skattana á öllum almenningi, til þess að þeir hvíli jafnlétt á almenningi og launamönnum og þeir nú hvíla á atvinnurekendum, og breyta þá innheimtu óbeinu skattanna í það form, að óbeinu skattarnir hvíli tiltölulega miklu þyngra á efnamönnum heldur en efnalitlum mönnum. Vissulega er líka hægt að leggja óbeina skatta þannig á, að þeir yrðu fyrst og fremst borgaðir af efnamönnum, og það er það, sem reynt hefur verið að gera fyrst og fremst á Norðurlöndum. Verði þetta ekki gert, og eigi að halda áfram að innheimta beina skatta í jafnríkum mæli og nú á sér stað, þá verður að gera ráðstafanir til þess, að þeir hvíli hlutfallslega jafnt á öllum greiðendum, þ. e. a. s., þá verður að gerbreyta allri skattheimtuaðferðinni til þess að tryggja, að skattstiginn sé raunverulegur, en ekki blekking ein, ekki yfirvarp eitt til þess að seilast ofan í vasa láglaunamanna og miðlungstekjumanna, en láta atvinnurekendur, sem venjulega hafa hæstu tekjurnar, sleppa tiltölulega vel. Um aðra hvora af þessum tveimur leiðum er að ræða, aðra hvora verður að fara. Núverandi ástand er algerlega óviðunandi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er aðeins eitt atriði, án þess að ég vilji lengja þessar umræður mikið, því að það verður síðar rætt mikið um skattamál á þessu þingi. — Ég tók eftir því, að hv. síðasti ræðumaður sagði, þegar ég benti á, að hans flokkur hefði viljað láta í það skína, að hann vildi lækka beinu skattana, en ekki hækka þá, og mér fyndist það koma illa heim við gagnrýni hans um það, að beinu skattarnir væru of lítill hluti af opinberum tekjum, — ég tók sem sé eftir því, að hv. þm. sagði út af þessu, að beinu skattarnir væru í því formi, sem þeir eru nú innheimtir hér á Íslandi, fyrst og fremst skattar á launamönnum og því væri ekki eftir því að sjá, þó að þeir væru ekki hærri hér. Nú vildi ég aðeins spyrja hv. þm. að því, hvað hann á við með þessu. Hann meinar væntanlega, að aðrir komi sér undan að greiða skattana, eins og kerfið sé. Ég vil aðeins spyrja hann: Getur hann bent á nokkur einföld og heppileg úrræði til þess að bæta úr þessu?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 118 og 126, 127).

Afbrigði um brtt. 127, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. þetta er fram borið af hæstv. ríkisstj. Efni þess er að framlengja um eitt ár gildandi ákvæði laga um söluskatt. Málið hefur verið til athugunar í fjhn. deildarinnar, og mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. N. hefur borið frv. saman við þau lög, sem nú gilda um söluskatt, og er það nákvæmlega samhljóða lögunum.

Einn nm., hv. 1. landsk. þm., hefur skilað sérálíti á þskj. 126. Ég sé einnig, að hann hefur flutt brtt. við frv., að efni til um það, að nokkur hluti af söluskattinum skuli greiddur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og þaðan aftur til bæjar- og hreppsfélaga. Ég vil benda á það, sem öllum hv. þdm. er raunar kunnugt, að í því fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að söluskatturinn verði óbreyttur. Áætlun sú, sem birt er í fjárlagafrv. um tekjur ríkissjóðs á næsta ári, er byggð á því, að þessi löggjöf verði framlengd fyrir næsta ár. Ég tel því, að það sé ekki fært að fella niður þennan tekjustofn né heldur að rýra hann, nema gera annaðhvort, benda á nýjan tekjustofn í staðinn fyrir ríkissjóð eða fella niður af gjöldum ríkisins sem þessu svarar. Engar till. hafa hins vegar verið fram bornar um það, og meiri hl. fjhn. leggur því á móti því, að till. á þskj. 127 verði samþykktar.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að söluskatturinn, sem fyrst var á lagður 1948, sé framlengdur um eitt ár enn, en samkv. honum renna nú í ríkissjóð um 90 millj. kr. Er hann sá af tekjustofnum ríkisins, sem mestar tekjur gefur í ríkissjóð. — Þegar þessi skattur var á lagður árið 1948, var það gert í sambandi við viðleitni þáverandi hæstv. ríkisstj. til að koma í veg fyrir gengislækkun krónunnar. Það tókst á því ári og hinu næsta einmitt með því m. a. að innheimta allmikið fé í ríkissjóð og nota það til að greiða verðuppbætur á þær útflutningsafurðir sjávarútvegsins, sem helzt voru taldar uppbótarþurfi. En það tókst ekki nema í um það bil tvö ár að koma í veg fyrir lækkun krónunnar með þessum aðgerðum og þeirri stefnu, sem ríkisstj. fylgdi að öðru leyti.

Þess vegna var gengi krónunnar lækkað af nýrri ríkisstj., sem við völdum tók vorið 1950. Þar með var í raun og veru ástæðan fallin brott fyrir álagningu söluskattsins tveim árum áður. Út yfir tók þó, þegar í ljós kom, að gengislækkunin, sem ætluð var til styrktar bátaútveginum og átti að leysa fjárhagsvandræði hans og önnur vandræði útflutningsatvinnuveganna, reyndist ekki nægileg og tekið var upp nýtt form á gengislækkun, bátagjaldeyriskerfið, sem fært hefur bátaútveginum um það bil 60 millj. kr. í styrk árlega. Svarar það í raun og veru til þess, að söluskatturinn hafi enn verið hækkaður um 60 millj. og tekjurnar greiddar bátaútvegsmönnum, þótt þetta fé hafi ekki runnið um hendur fjmrh. eða um ríkissjóðinn. Þau rök, sem flutt voru fyrir því á Alþingi 1948, að nauðsyn bæri til þess að leggja á söluskattinn, eru því fyrir löngu úr gildi fallin, og hefði því átt að vera hægt að afnema söluskattinn aftur, en það hefur ekki verið gert, heldur hefur hann hin síðustu ár runnið til almennra þarfa ríkisins.

Það er rétt, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að eins og fjárlagafrv. er núna, ber það með sér, að ríkissjóður hafi þörf fyrir þessar tekjur, sem það fær með söluskattinum, en skattalögin hafa nú í nær tvö ár verið í almennri endurskoðun. Eitt markmið þeirrar endurskoðunar ætti auðvitað að vera að taka upp skattakerfi í landinu, sem gerir slíka skattheimtu og söluskattinn óþarfa. Þangað til till. liggja fyrir frá skattamálanefndinni, telur Alþfl. ekki koma til mála að gjalda jáyrði við þeirri skattheimtu, sem í söluskattinum felst. Hann telur það einmitt eiga að vera eitt af meginverkefnum skattalagaendurskoðunarinnar að taka upp þar þess konar skattakerfi, að innheimta söluskatts í því formi, sem hann hér er innheimtur, verði óþörf. Þess vegna er það aðaltill. Alþfl., að þetta frv. verði fellt, og vísar í því sambandi til endurskoðunar skattalöggjafarinnar, sem nú stendur yfir og ekki er séð fyrir endann á.

Það kemur hins vegar fram í afstöðu hv. meiri hl. fjhn., að þessu frv. muni vera ætlað að ná fram að ganga, auk þess sem fjárlagafrv. ber vott um, að ráð sé fyrir því gert. Þess vegna hef ég talið rétt að leggja til, að fjórðungur af söluskattinum renni í sveitarsjóði, eða til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fyrir tveim árum var fjárhagur sveitarsjóðanna allmikið ræddur einmitt hér í þessari hv. deild. Að því voru leidd óvefengjanleg og óyggjandi rök, að hag sveitarsjóðanna væri þannig komið, að óforsvaranlegt væri annað en sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. Margir sveitarsjóðanna voru þá og eru enn í fjárþröng og hafa t. d. ekki getað staðið í skilum með ýmis lögboðin gjöld til ríkissjóðs. Þess vegna töldu fjölmargir þm. hér í þessari hv. d. þá nauðsynlegt að gera tafarlausar ráðstafanir til þess að bæta hag sveitarsjóðanna með nýjum tekjustofnum, og það kom fram tillaga — ef ég man rétt fleiri en ein — um það að leysa fjárhagsvandræði sveitarsjóðanna á þann hátt að ætla þeim nokkurn hluta af söluskattinum, en svo sem kunnugt er, þá er söluskatturinn einmitt að mjög verulegu leyti innheimtur í kaupstöðunum, þannig að það eru kaupstaðabúar, sem greiða mestan hluta hans, og því mjög eðlilegt, að nokkur hluti hans gangi einmitt í sveitarsjóðina.

Hér í þessari hv. deild var fyrir tveim árum samþ. tillaga alveg samhljóða þeirri, sem ég hef nú leyft mér að flytja, og var þá flutt af hv. 7. þm. Reykv., borgarstjóranum í Rvík. Það reyndist meiri hl. fyrir þessari till. í hv. d. þá. Henni var þó komið fyrir kattarnef af hæstv. ríkisstj. á þann hátt, að hæstv. þáverandi forsrh. lýsti því yfir, að ef d. héldi fast við þessa skoðun sína og samþykkti þessa till. enn við 3. umr. og ef hv. Ed. gerði slíkt hið sama, þá mundi ríkisstj. segja af sér. Við þessa yfirlýsingu glöddust ýmsir, ef þetta mál gæti orðið til þess, að þing og þjóð losnaði við þá ríkisstj., sem þá sat. Þessi gleði stóð í nokkra daga, en hún reyndist því miður skammvinnari en hún hefði átt að reynast, því að hæstv. ríkisstj. tókst að kúska nokkra af fylgismönnum sínum í hv. Sjálfstfl. til þess að snúa frá yfirlýstri skoðun sinni á málinu og greiða við 3. umr. atkvæði gegn till., sem þeir höfðu samþ. við 2. umr. Ég efast ekki um, að þeim hv. þm., sem greiddu till. atkvæði þá og enn eiga sæti á hinu háa Alþingi, muni enn vera ljós hin brýna nauðsyn þess að bæta fjárhag sveitarfélaganna og þeir muni enn vera þeirrar skoðunar, að það sé eðlileg og réttlát aðferð að fara þá leið til þess að láta hluta af söluskattinum renna í sveitarsjóðina. Ég ber þessa till. fram nú í trausti þess, að þeim hafi aukizt svo kjarkur síðan fyrir tveim árum, að þeir séu nú reiðubúnir til þess að vera þessari skoðun trúir og standa við hana við atkvgr. Ég sé að vísu, að hv. 7. þm. Reykv., borgarstjórinn í Rvík, sem fastast mælti fram fyrir slíkri till. fyrir tveim árum, er ekki staddur á fundi. Þess vegna vildi ég óska eftir því við hæstv. forseta, að þessi till. komi ekki til atkvæða fyrr en á næsta fundi deildarinnar, þegar hann og fleiri menn, sem ég veit að gera sér algerlega ljósa nauðsyn þess, að einhver slík ráðstöfun sé gerð til þess að efla hag sveitarfélaganna, eigi kost á því að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna.

Ég leyfi mér sem sagt að vænta þess, að hið háa Alþingi, sem kosið var nú á s. l. sumri, hafi sömu skoðun og kom fram í atkvgr. við 2. umr. hliðstæðs máls fyrir tveimur árum, og að þeir hv. þm., sem þá samþykktu þá hugmynd, sem í till. felst, við 2. umr. og eiga enn sæti á þingi, haldi nú fast við skoðun sína og láti engin annarleg öfl eða annarleg sjónarmið hrekja sig frá henni. Þá nær þessi till. samþykki hér í þessari hv. d., og þá er leyst úr mjög brýnu vandamáli fyrir sveitarfélögin í landinu.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi í sambandi við þetta frv. leyfa mér að minna hv. þm. á, hvernig frágangurinn á því er og til hvers þetta frv. var upprunalega sett. Þetta frv. er um, að ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í 3. kafla l. nr. 100/1948, skuli gilda, m. ö. o. er ekki einu sinni tiltekið, hvort heilar greinar eigi að gilda eða ekki. Þessi kafli heitir „Um dýrtíðarsjóð“, og það er eini kaflinn, sem eftir er í l., 1. og 2. kafli eru fallnir burt, og hann byrjar svona: „Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess

að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands". Með öðrum orðum: Allt það, sem allar þessar tekjur upprunalega áttu að hjálpa til að standa undir, er búið að afnema. Nú er þetta ekkert orðið nema skattur í ríkissjóð. Það er þess vegna í fyrsta lagi algert brot hjá hæstv. ríkisstj. á öllum þeim loforðum, sem gefin voru í sambandi við gengislækkunina um álagningu söluskattsins, að halda enn þá einu sinni áfram að innheimta þessi gjöld og það án þess að nota nokkuð af því til þess að fullnægja þeim tilgangi, sem söluskatturinn upphaflega var lagður á til þess að fullnægja. Söluskatturinn hefur þar að auki verið hækkaður í sífellu frá því, sem hann var þá.

Ég vil þess vegna, eins og ég gerði þegar við 1. umr., taka fram, að ég er frv. andvígur. Hins vegar er vitanlegt, og um það tjáir náttúrlega ekki að vera lengi að þræta hér, að hæstv. ríkisstj. hefur valdið til þess að knýja þetta fram, og við það verðum við auðvitað að horfast í augu. En það er annað, sem mér finnst ástæða til þess að gera að umræðuefni í sambandi við söluskattinn. Þegar söluskatturinn var lagður á, þá átti hann að vera, eins og hv. 1. landsk. (GÞG) líka minntist á, til þess að bæta sjávarútveginum, sérstaklega bátaútveginum, töp á framleiðslunni. Eitthvað tveim árum síðar var gengislækkuninni skellt yfir, að því er sagt var til þess að gera hið sama, þótt það raunar þýddi að hækka líka allar þær vörur, sem bátaútvegurinn þurfti að kaupa, þannig að það kom bátaútveginum ekki sérstaklega að neinu haldi. En svo þar rétt á eftir, ári eftir það, var skellt á bátagjaldeyrinum. Þannig er þessi þrenning, sem öllsömun hefur verið svikin. Alltaf hefur verið sagt, að það ætti að vera að hjálpa bátaútveginum, og alltaf hefur raunverulega verið að þyngja meira og meira byrðarnar á alþýðu manna og þar með líka þeirri alþýðu, sem mest vinnur við framleiðslu sjávarafurðanna.

En mér er spurn: Hvernig stendur eiginlega á því, að hæstv. ríkisstj. er að fara fram á það við Alþ., að Alþ. skuli vera að samþ. lög um söluskatt, að Alþ. skuli yfirleitt vera að hafa fyrir því að veita hæstv. ríkisstj. heimildir til þess að vera að taka með lögum gjöld í ríkissjóð? Fund eftir fund hefur hæstv. ríkisstj. staðið hér frammi fyrir því, að hún hefur verið ásökuð um að taka stórfé af almenningi, taka yfir 100 millj. kr. á ákveðnum tíma af almenningi, án þess að hafa nokkra lagaheimild til þess. Eina vörnin, — það var raunar í fyrra, — sem ráðh., sem nú á ekki lengur sæti í ríkisstj., flutti fram fyrir hönd hæstv. ríkisstj. þá um réttinn til þess að leggja bátagjaldeyrinn á, þann lagalega rétt, þegar búið var að sanna honum, að það væri ekki nein lagaheimild til fyrir bátagjaldeyrinum, var eftirfarandi yfirlýsing, sem ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp. Hæstv. viðskmrh., sem var í fyrra, sagði svo:

„Fjárhagsráð hefur því óskorað vald um ráðstöfun gjaldeyris, þ. á m. að heimila útflytjendum öllum eða einhverri sérgrein útflytjenda að hafa frjáls umráð gjaldeyris síns að öllu eða einhverju leyti til innflutnings almennt eða bundið við sérstakar vörutegundir samkv. bátalista. Þeim, sem fá þennan ráðstöfunarrétt, er heimilt að notfæra sér hann á hvern þann hátt, sem ekki brýtur í bága við fyrirmæli fjárhagsráðs, þ. á m. að selja gjaldeyrinn með hagnaði í einu formi eða öðru, ef slík sala er heimiluð af fjárhagsráði."

Eins og ég hef margsýnt fram á, þá þýðir þessi yfirlýsing ríkisstj., að hún álítur sig hafa rétt til þess að veita hverjum útflytjanda sem vera skal rétt til þess að selja gjaldeyrinn, sem kemur inn fyrir hans afurðir, á því verði, sem honum þóknast. Það þýðir m. a., að ríkisstj. sjálf sem útflytjandi gjaldeyrisvöru hefur auðvitað sama rétt, ef þetta væri rétt, til þess að úthluta sjálfri sér gjaldeyri og selja hann á hvaða verði sem vera skal. Það að úthluta gjaldeyri og selja hann á sérstaklega háu verði kemur í nákvæmlega sama stað niður eins og að leggja toll á þá vöru, sem flutt er inn fyrir þann gjaldeyri, eða leggja söluskatt á hana. Þess vegna er það raunverulega undarlegt, að hæstv. ríkisstj. stendur hér hvað eftir annað og jafnvel þráttar við okkur um, hvort það sé rétt að framlengja söluskatt, hvort það sé rétt að leggja á hin og þessi gjöld. En þegar kemur að því að ræða um bátagjaldeyrinn, að leggja 100—200 millj. kr. á almenning, án þess að það sé lagaheimild fyrir því, hvað gerist þá? Þá flýr hver einasti ráðh. úr þessari d. Þá þorir enginn hæstv. ráðh. að sitja inni og taka til máls. Ég verð að taka það fram, að hæstv. ráðh. hafa þann sið að flýja úr d., svo framarlega sem minnzt er á það lagaleysi þeirra að taka þær álögur, sem nú eru lagðar á með bátagjaldeyrinum.

Ég hef margtekið það fram, að í þessu sambandi er ekki spurningin um það, hvort menn álíti aðferð eins og bátagjaldeyrinn praktíska aðferð, réttláta, hagnýta, nauðsynlega eða annað slíkt. Eina spurningin, sem þetta stendur um, er, hvort þetta sé löglegt. Og ég held, að ég hafi sýnt fram á það með alveg órækum rökum, að þetta er ólöglegt. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að benda á nein lög, og sú yfirlýsing, sem hæstv. viðskmrh. fyrrverandi gaf, er þannig, að það hefur enginn ráðh. nokkurn tíma treyst sér til þess að taka undir hana, og hann hefur sjálfur, eftir að hann gaf þessa yfirlýsingu, aldrei treyst sér til þess að taka til máls um þessi mál, vegna þess að honum er ljóst, að þessi yfirlýsing er slík endemis firra, að svo framarlega sem ríkisstj. hefur rétt til þess að selja gjaldeyrinn á því verði, sem henni þóknast, eða láta aðra menn selja með hvaða verði sem þeim þóknast, bara ef fjárhagsráð er látið skrifa þar upp á, þá er þar með búið að afnema allt, sem ákveðið er í gengislækkunarl., afnema allt, sem annars er verið að deila um í sambandi við ýmiss konar álögur á almenning, svo sem með söluskatti, tollum eða öðru slíku. Einmitt vegna þess, hvernig hæstv. ríkisstj. skorast undan því að ræða bátagjaldeyrinn, — það er kannske helzt, að hún fæst einstaka sinnum til að minnast og þá fáum orðum á það í sambandi við fsp., af því að þá hafa þm. nógu stuttan ræðutíma, — þá finnst mér rétt að koma með þetta hérna inn í, því að eins og ég hef margsýnt fram á, svo framarlega sem það væri grundvöllur fyrir báta-

gjaldeyrinum. (**Fjmrh.**: Ég neyðist til að fara í símann.) Já, það er mjög slæmt, að hæstv. fjmrh. skuli alltaf þurfa að vera að fara í símann, en hann gæti nú talað um bátagjaldeyrinn samt, þegar hann kemur inn aftur, ef hann hefur hug og vilja til þess. — Það er þess vegna alveg vitanlegt, að hæstv. ríkisstj. hefur innheimt ólöglega allt það, sem innheimt hefur verið fyrir bátagjaldeyrinn. Hún hefur vald hér á þingi til að koma sínum málum í gegn. Hví þorir hæstv. ríkisstj. ekki að koma sínum málum hér í gegn á Alþ. og koma því í löglegt form, sem henni þykir við eiga að hafa? Þetta ástand er orðið alveg gersamlega óþolandi, og sannleikurinn er, að fyrir Alþ. væri það eina rétta, ef það hefði einhverja tilfinningu fyrir sínum rétti og sínum sóma, að neita að samþ. nokkrar fjárheimildir til ríkisstj., á meðan hún kemur ekki svona hlut í lag.

Ég hef aldrei orðið var við það, að einn einasti af fylgjendum stjórnarinnar hér á Alþ. stæði upp til þess að reyna að verja hana í þessum bátagjaldeyrismálum. Ég hef ekki orðið var við nokkurn þm., sem álítur, að bátagjaldeyririnn sé lagður á með löglegum hætti, og það náttúrlega kemur ekkert því máli við, þó að margir þessara þm. kunni að álíta bátagjaldeyrinn alveg jafnnauðsynlegan, skulum við segja, eins og söluskattinn. — Hvað sagði hæstv. fjmrh.? (**Forseti**: Ekki samræður.) Ja, það væri nefnilega eini möguleikinn til að fá einhverjar samræður í gang um bátagjaldeyrinn, að maður heyrði, hvað hæstv. fjmrh. kynni að skjóta fram, því að ég hef enga trú á, að hann fáist til að ræða bátagjaldeyrinn, hvort hann sé löglegur eða löglegur ekki. En þetta vildi ég sem sé aðeins segja í sambandi við þetta mál: Sé í raun og veru heimilað að leggja á 90 millj. kr. eða eitthvað svoleiðis, en hæstv. ríkisstj. segist geta tekið 100 millj. kr. án þess að fá nokkra heimild frá Alþingi, til hvers er hún þá að biðja okkur um 90 milljónir? Og geti hún tekið það, sem hún tekur með bátagjaldeyrinum, þ. e. um 100—200 milljónir, þá getur hún alveg eins tekið 200—300 milljónir með því, því að, eins og ég hef margsýnt fram á, hafi hún rétt til þess að leggja svona álag á í sambandi við vörur bátanna, þá hefur hún sama rétt til þess að leggja það á viðvíkjandi vörum togaranna, sama rétt til að leggja það á viðvíkjandi landbúnaðarvörunum og því, sem keypt er fyrir þær inn í landið. Hún hefur ótakmarkaðan álagningarrétt á allan gjaldeyri og allt, sem fyrir gjaldeyrinn er keypt, ef hún hefur rétt til að leggja bátagjaldeyrinn á. Og hvi í ósköpunum er hún þá að fara fram á og standa hér í þessu ógurlega stappi með söluskatt og allt mögulegt annað, jafnvel stimpilgjöld? Þetta eru ein og tvær milljónir fyrir stimpilgjöld. Af hverju er hún að hafa fyrir þessu, ef hún þykist hafa rétt til þess að leggja á bara með því að selja gjaldeyrinn á því verði, sem henni þóknast að fyrirskipa fjárhagsráði að skrá hann? Ég vil um leið minna á það, sem ég áður hef sagt, að fjárhagsráð áleit þetta ólöglegt og hlýddi bara skipun ríkisstjórnarinnar. Þess vegna byrjaði reglugerðin um bátagjaldeyrinn með því, að samkv. ósk ríkisstj. og samkomulagi við L. Í. Ú. væri þetta sett á, en ekki samkv. tilvitnun í t. d. fjárhagsráðslögin, 11. og 13. gr., eða eitthvað slíkt. Ég minnist sem sé á þetta einvörðungu vegna þess, að ég kann ekki við það, að meðan þingið á að heita starfandi, þá sé sífellt haldið áfram að gera lögleysur, vegna þess, að það er grundvallarréttur Alþ. eins og allra þinga, að það ræður því, hvaða álögur eru lagðar á almenning. Ég veit að vísu, að álögurnar á almenning eru jafnþungar, hvort sem þær eru löglegar eða ólöglegar. En það bara gerir allan greinarmuninn á því, ef það væru til t. d. óháðir dómstólar í landinu, hvernig dæmt mundi vera um svona mál. Ég læt það svo nægja, ef þetta mætti verða til þess, að hæstv. fjmrh. gerði svo vel að vitna í lög, sem gefa honum heimild þá, sem hæstv. viðskmrh. gat um í fyrra og ég hef vitnað í, þetta óskoraða vald um ráðstöfun gjaldeyris og til þess að selja hann með hagnaði í einu formi eða öðru, bara ef fjárhagsráð heimilar það.

Ég er búinn að lýsa andstöðu minni við frv. sem heild, en skal taka fram, að þar sem ég þykist vita, að það verði samþ., þá mun ég flytja við það tvær litlar brtt., ef vera mætti, að nokkuð væri hægt að fá um þokað einhverju ofur litlu af því ranglæti, sem í því felst.

Það er þá í fyrsta lagi við 3. gr., þar komi ný gr. á eftir henni, svo hljóðandi, og verði þá 4. gr.: „Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.“

Í 23. gr. þessara laga, nr. 100 frá 29. des. 1948, segir: „Eftirtaldar vörur eru undanþegnar söluskatti“ — og í A-liðnum er talið upp mjólk og mjólkurafurðir, flugvélabenzín, tilbúinn áburður, dagblöð og vikublöð. Ég legg til, að þarna bætist við, að íslenzku iðnaðarvörurnar séu undanþegnar þessum söluskatti. Og ég held ég þurfi ekki að færa mörg rök að því, hve sanngjarnt er að krefjast þess. Það eru mörg fögur orð töluð viðvíkjandi því, hvað menn vilji gera íslenzkum iðnaði mögulegt að standast hér samkeppni og fullnægja þörfum þjóðarinnar, og þá er ekki rétt að vera að leggja sérstaklega á vörurnar, sem hann framleiðir, söluskatt frekar en aðrar þær vörur, sem upp eru taldar í 23. gr. Þess vegna legg ég til, að þarna bætist aftan við þennan A-lið: „svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.“ Ég mun nú kannske við 3. umr. flytja fleiri brtt. við þennan A-lið líka. Ég sé, að hv. 1. landsk. hefur tekið hér upp og flutt nákvæmlega þær till., sem þrír þm. Sósfl. fluttu hér í fyrra í þessari hv. deild og voru með sama innihaldi og till., sem borgarstjórinn í Reykjavík, eins og hann gat um, hafði flutt fyrir nokkrum árum, og er ég alveg sammála þeim till. og þykir vænt um, að hann hefur flutt þær.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér í sambandi við 24. gr. að koma með eina brtt.

24. gr. fjallar um innheimtuaðferðirnar, og hún er í lögunum frá 1948 með nokkuð öðru móti en hún er nú. Henni var sem sé breytt með lögunum 1950, nr. 112 þá, en það mun hafa verið fært til samræmis, svo að það mun rétt að orða það engu að síður sem brtt. við þessi gömlu lög. Mín brtt. er, að það komi ný gr. þarna á eftir 3. gr., svo hljóðandi: Í 24. gr. laganna, 4. mgr., falli niður síðasti málsliður málsgreinarinnar.“

Þessi síðasti málsliður 4. mgr. 24. gr. er þannig núna, það er um aðferðir við innheimtuna: „Þá

má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.“

Þessi ákvæði um innsiglunina og stöðvun á atvinnurekstrinum voru ekki til í þessum lögum, eins og þau voru upprunalega 1948. Og það er satt að segja ekki nokkur minnsta ástæða til þess að setja þessi ákvæði inn. Ég hef ofur litla hugmynd um, hvernig þessi ákvæði hafa verið hagnýtt. Þau hafa verið hagnýtt þannig, að þau hafa gert mönnum ægilegan skaða. Ég veit t. d. af smáiðnrekanda í hittiðfyrra hér fyrir jólin í Reykjavík, sem hafði fengið vél og var nýbúinn að setja allt fé, sem hann hafði, í það að leysa hana út og setja hana upp til þess að geta framleitt, og hans atvinnurekstur var þannig, eins og er með marga, að það er alveg sérstaklega markaðurinn fyrir jólin, sem menn treysta á með ýmislega slíka sölu, og hann skuldaði þá söluskatt af sínum rekstri. Lögreglan kemur til hans. Hann biður um að fá frest. Hann reynir að fá sér víxil, en allir bankar eru lokaðir, þó að hægt væri að setja tugþúsunda króna vélar skuldlitlar að veði, og það er engin miskunn hjá fulltrúum hæstv. fjmrh. Þessi dýrmæta vél, sem er margföld að verðmæti við upphæð söluskattsins, er innsigluð, atvinnurekstrinn er stöðvaður, og öll atvinna mannsins fyrir jólin er eyðilögð út af nokkrum þúsundum króna, þó að verkstæði mannsins með hinum nýju vélum hans væri tugþúsunda króna virði, ef ekki yfir 100 þús. kr. virði. Og þessar aðferðir, sem notaðar eru í sambandi við þessa innheimtu, eru ósvífnar. Þær líkjast ekki að neinu leyti því, að það sé verið af hálfu ríkisvaldsins að fara að mönnum eins og siðaðir menn gera. Þetta er hreinasta harðstjórnaraðferð, sem þarna er beitt. Og það er þess vegna til vansa að viðhafa þetta, og það er ekki sæmandi. Það er nógu illa farið að mönnum með þeim venjulegu ákvæðum, sem eru í lögunum, þegar það þekkist, að tekin séu bæði í sambandi við útsvör og skatta húsgögn af fólki og látið svo meira eða minna eyðileggjast einhvers staðar hjá því opinbera, eftir að vera búin að vera á flækingi langa lengi. Ég álít þess vegna, að þetta eigi að fella burt. Það eru meira að segja dæmi til þess, vegna þess að þessi innsigling og stöðvun atvinnurekstrar má fara fram, þó að það sé eftir að útkljá mál um, hvort söluskatturinn sé réttmætur, að mönnum sé valdið stórtjóni og að menn svo á eftir verði fyrir dómi dæmdir saklausir að því að eiga að greiða þennan skatt. En að þeir fái nokkuð af tjóninu nokkurn tíma bætt, það veit maður hvernig er að eiga að sækja í hendur ríkisins. Ég vil þess vegna, — og ég styðst þar líka við þær till., sem hvað eftir annað hafa verið bornar fram hér á Alþ. af hálfu iðnrekenda og iðnaðarmanna, — eindregið leggja til, að þessi mgr. sé felld burt. Ég hef að vísu stundum flutt þessa brtt. í því formi að taka alveg upp lagagreinina eins og hæstv. fjmrh. gekk sjálfur frá henni 1948. En þetta kemur nokkurn veginn í sama stað niður, að sleppa bara úr þarna lokunarheimildinni. Ég sé ekki heldur, af hverju það ætti nú endilega við óvinsælasta og ranglátasta skattinn af öllum að hafa svívirðilegustu innheimtuaðferðina. Og ég vil bara minna hæstv. fjmrh. á, þegar svona hart er gengið að iðnaðarmönnum og iðnrekendum, að það er ekki farið svona harðvítuglega í, þegar virkilega og nógu afskaplega ríkir og voldugir menn eiga í hlut.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta, af því að þessar brtt. mínar eru skriflegar og of seint fram komnar, að æskja afbrigða fyrir þeim.

**Forseti (HÁ):** Hv. 2. þm. Reykv. hefur lagt fram tvær skriflegar brtt. Það þarf tvöfaldra afbrigða við, þar sem þær eru of seint fram komnar og skriflegar. Þar sem efni þeirra er þegar kunnugt, les ég þær ekki upp, nema hv. þm. óski.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 130) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það gengur hálferfiðlega að ræða mál hér í þessari hv. deild, a. m. k. að fá um þau atkvgr., vegna þess að hæstv. ríkisstj. og hennar lið er oftast fjarverandi af fundum. Er því lítil ástæða til að lengja umr. um það mál, sem hér liggur fyrir.

Ég vildi þó ekki láta þessa umr. líða svo, að ég segði ekki nokkur orð um það mál, sem hér er til umr. — Ég er sammála hv. 1. landsk. um það, sem hann sagði hér um söluskattinn almennt sem skatt, og vil undirstrika það, sem hann sagði líka, að það er aðalkrafa og á að vera aðalkrafa, að söluskatturinn verði felldur algerlega niður í því formi, sem hann er nú. Hins vegar er ég ekki samþykkur þeim brtt., sem hv. 1. landsk. hefur lagt hér fram við frv. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég tel ekki, að söluskatturinn batni neitt við það sem skattur, þó að sveitarfélög fái einhvern hluta hans. Í öðru lagi minnka ekki álögurnar á almenning af söluskattinum sem skatti, þó að sveitarfélögum sé heimilað að ráðstafa einhverjum hluta hans. Í þriðja lagi er ekki í þessari brtt. tryggt, að aðrir skattar sveitarfélaga lækki, þó að þau fengju þetta til viðbótar, þannig að álögur á almenning mundu ekki lækka, þó að þessi brtt. næði fram að ganga. Í fjórða lagi er ég „principielt“ á móti því, að ríkið leggi á skatta og innheimti þá fyrir sveitarfélögin. En eins og ég tók fram í upphafi, er ég hv. 1. landsk. sammála um eðli söluskattsins og það, að hann bæri að afnema með öllu. Einnig er ég honum sammála um það atriði, að það er sýnilegt, að hæstv. ríkisstj. og hennar lið muni ekki fallast á þá breytingu að þessu sinni.

Í umræðum þeim, sem hér hafa farið fram um þetta mál, hefur verið bent allýtarlega og allrækilega á ókosti söluskattsins, og skal ég ekki fara út í það mál neitt að ráði, a. m. k. ekki endurtaka það, sem um það hefur verið sagt. En ég vildi þó benda á eitt atriði, sem ekki hefur verið nefnt enn þá í þessu sambandi, og það er, að þessi söluskattur er tvenns konar. Það er söluskattur, sem er innheimtur og lagður á vörur um leið og þær eru fluttar inn og innheimtur um leið og tollar, og í öðru lagi söluskattur, sem er lagður á vöruna í smásölu og innheimtur af smásölufyrirtækjum og einnig er hann lagður á þjónustu að einhverju leyti enn þá. Um þennan

síðari skatt, þ. e. a. s. söluskattinn í smásölunni, er það að segja, að það er vitað mál, — og það er hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. kunnugt um, — að þessi skattur kemur aldrei allur til ríkissjóðs. Málið liggur sem sé þannig fyrir, að einstaklingar geta notað og hafa notað skattaaðferð ríkisins til að innheimta tekjur í eigin vasa og skila þeim ekki í ríkissjóð. Þetta er svo langt fyrir neðan allar hellur og svo algerlega óverjandi, að það verður að koma fram einhverjum breytingum í þessu efni. Þess vegna mun ég freista þess, þó að mér sé ljóst, að hér fæst ekki sú breyting fram að fella söluskattinn algerlega úr gildi, að leggja fram brtt. við 3. umr. um frv., þess eðlis, að söluskatturinn af vörum í smásölu verði felldur niður. Ég veit, að hæstv. fjmrh. muni svara því til, að þá mundi skatturinn að sjálfsögðu lækka. Það er rétt. Þetta er nokkur hluti af söluskattinum, sennilega ⅓ hluti, en ég vil benda hv. þm. á það, að þeir eru svo vanir vitlausum áætlunum frá þessum hæstv. ráðh. og það alltaf í sömu átt, þ. e. a. s., að hann áætlar og hefur lengi áætlað tekjur ríkissjóðs allt of lágar. Því er það, að þó að söluskattinum í smásölunni yrði sleppt, þá er það sannfæring mín, að raunverulegar heildartekjur ríkissjóðs mundu ekki verða lægri en þær eru áætlaðar í fjárlagafrv. Aðrir liðir þessara áætlana eru nefnilega það vitlaust áætlaðir samkvæmt fyrri reynslu, að þetta mundi ekki gera betur en að vega upp á móti þeim skekkjum, þannig að fjárlagaafgreiðsla hæstv. ríkisstj. gæti farið fram eins og ekkert hefði í skorizt þrátt fyrir þessa breyt. á söluskattinum.

Ég mun ekki að þessu sinni leggja fram skriflega brtt. við þessa umr., heldur óska eftir því, eins og hv. 1. landsk., að atkvgr. um málið verði frestað, svo að brtt. mín geti komið fram við 3. umr. í tæka tíð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 5. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:10 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Brtt. 130,1 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

**nei:** ÓTh, PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GTh, IngJ, JPálm, JS, JörB, KJJ, MJ, HÁ.

6 þm. (SÁ, SB, GíslG, HelgJ, JóhH, JR) fjarstaddir.

Brtt. 130,2 felld með 16:10 atkv.

— 127 felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KGuðj, LJós, SG, EggÞ, EOl, EmJ, GJóh, GÞG, HV.

**nei:** JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GilsG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, HÁ.

BergS, GTh greiddu ekki atkv.

5 þm. (SÁ, SB, GíslG, HelgJ, JR) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gils Guðmundsson:** Þar sem ég er algerlega andvígur þessum skatti, a. m. k. í þeirri mynd sem hann nú er, og þar sem ég tel hins vegar verulega hættu á því, að erfiðara reynist að losna við hann en ella, ef farið yrði inn á þá braut að heimila bæjar- og sveitarfélögum að hafa hluta hans sem tekjustofn, þá segi ég nei.

4. gr. samþ. með 16:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:10 atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 4, 135, 143).

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mér þykir rétt að fylgja brtt. þeim, sem ég hef borið hér fram ásamt hv. 8. þm. Reykv. á þskj. 135, úr hlaði með nokkrum orðum, ekki sízt með tilliti til þess, að íslenzk löggjöf er nú að verða með þeim endemum, að það þyrfti að gefa út sérstakar skýringar eða dulmálslykla, jafnvel fyrir hv. alþm., ef þeir ættu að geta skilið hana til hlítar í fljótu bragði. Mál það, sem hér er til umr., er framlenging á 3. kafla l. nr. 100 frá 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, og er frá hæstv. ríkisstj., um það að framlengja þennan kafla óbreyttan eitt ár enn. En á þskj. 135 höfum við hv. 8. þm. Reykv. borið fram brtt. þess efnis, að niður falli úr þessum kafla nokkrar greinar, sem ákveða, að leggja skuli á söluskatt í smásölu og annarri sölu, þ. á m. á íslenzkan iðnaðarvarning, svo og þjónustu ýmiss konar, og með hverjum hætti þetta skuli lagt á og innheimt. Við höfum lagt til samkv. þessu þskj., að þetta verði fellt niður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að núverandi framkvæmd lagaákvæða um söluskatt er bæði óvinsæl og ósanngjörn. Þetta stafar m. a. af því, að oft og einatt er söluskatturinn lagður á og innheimtur af sömu vörunni eða þjónustunni oftar en einu sinni. Meira að segja kveður svo rammt að þessu, að þess eru ekki fá dæmi, að söluskatturinn er innheimtur allt að því þrisvar og jafnvel fjórum sinnum af sömu vörunni eða þjónustunni. Af þessu er augljóst, hve lagaákvæðin um söluskattinn eru ranglát, en með frv., sem hér um ræðir, fer ríkisstj. enn þá einu sinni fram á það við hv. Alþ., að það framlengi þessi fráleitu og ranglátu lög. Það er einnig öllum ljóst, sem þessum málum eru kunnugir, að ekki kemur í ríkissjóð nándar nærri allur sá söluskattur, sem innheimtur er í skjóli laganna. Þetta á einkum við um söluskatt, sem lagður er á og innheimtur af smásölu og alls konar þjónustu. Þótt leiðinlegt sé frá að segja, er þjóðhollusta og heiðarleiki sumra þeirra, sem treyst er til þess að innheimta söluskattinn af veittri þjónustu, ekki meiri en það, að í staðinn fyrir að skila hinum innheimta skatti í ríkissjóð, stinga þeir honum í eigin vasa. Með þessum lögum um söluskatt hefur hið háa Alþ. einnig beinlínis lagt þá freistingu fyrir ýmsar breyskar og veikar sálir að ganga inn á braut óráðvendninnar og það á þann hátt, er sízt skyldi, þ. e. a. s. með því að gefa þeim tækifæri til að stinga í eigin vasa fé, sem hið opin-

bera átti, án þess að vottum verði við komið. Er engum manni fært að gera sér grein fyrir, hve marga hið háa Alþ. hefur þannig leitt fyrstu sporin á braut óráðvendninnar fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstj. né hve margir hafa á þennan hátt beinlínis verið gerðir að þjófum, sem annars hefðu sloppið við að verða þeim lesti að bráð.

Á árinu 1950 átti ég viðræður við hinn hámenntaða, gáfaða og ágæta mann, fyrrverandi skrifstofustjóra í fjmrn., um þessi mál, og var honum alvara þeirra ljósari en mörgum öðrum, svo sem von var. Sagðist hann hafa fært það í tal við ráðh., að afnema yrði söluskattinn af þeim hluta, sem brtt. þær, sem ég hef hér borið fram ásamt hv. 8. þm. Reykv., fela í sér. Að þessu athuguðu sýnist mér tilefni til að minna hv. þingmenn á það, að þeir eru hér á hv. Alþ. fulltrúar almennings í landinu, en ekki einkafulltrúar eða viljalaus atkvæði hæstv. ríkisstj. Með tilliti til þess má þeim vera ljóst, að þeir geta hvorki né mega samþ. frv. hæstv. ríkisstj. á þskj. 4 óbreytt. Þeir kunna ef til vill að hafa haft þá afsökun, þegar lögin voru upphaflega sett, að þá hafi þeim ekki verið ljósar afleiðingar þeirra, en þegar þessar afleiðingar eru í ljós komnar jafnátakanlega og hér hefur verið lýst, hafa hv. þm. enga afsökun lengur og eru brotlegir við meðbræður sína og tilgang og sæmd hins háa Alþ., ef þeir loka augunum fyrir. Einnig eru lög þau, sem hæstv. ríkisstj. fer fram á að Alþ. framlengi, á þann veg, ef framlengd yrðu óbreytt, að hæstv. ríkisstj. kæmist ekki hjá því að verða sjálf brotleg við gildandi lagaákvæði, vegna þess að 29. gr. þessara laga mælir svo fyrir, að af tolltekjum þeim, sem ráðgerðar verða á fjárlögum 1949, skuli 22 millj. kr. renna í dýrtíðarsjóð. Þetta hefur að sjálfsögðu ekki verið framkvæmt árin 1950—53 og yrði ekki á árinu 1954, enda óframkvæmanlegt, en er engu að síður ótvírætt brot á gildandi lögum.

Til þess að gefa hv. þm. tækifæri til að bæta fyrir aðgerðir sínar síðustu árin í þessum efnum, höfum við hv. 8. þm. Reykv. borið fram brtt. á þskj. 135. Brtt. þessar eru bornar fram bæði til þess að sneiða verstu annmarkana af frv. og einnig til að koma í veg fyrir, að purkunarlausir menn geti hagnazt á kostnað ríkissjóðs í skjóli laganna eða að veikgeðja manna yrði með þeim freistað um of til óráðvendni. Samkv. brtt. er ætlazt til þess, að 2. og 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 100 frá 1948 falli niður, en í þessum málsliðum eru ákvæði um heildsölu og umboðssölu. Þá er ætlazt til þess, að 22. gr. laganna falli öll niður, en í þeirri gr. eru ákvæði um söluskatt af smásölu og annarri sölu, þ. á m. innlendum iðnaðarvörum. Ef brtt. ná fram að ganga, verður söluskatturinn þannig einungis innheimtur af innfluttum vörum. Með þessu móti vinnst í fyrsta lagi það, að það verður ekki margsinnis lagður söluskattur á sömu vöruna, og í öðru lagi ætti með þessu fyrirkomulagi að vera tryggt, að allur söluskatturinn lendi í ríkissjóði. Niðurfelling 24., 26. og 27. gr. laganna leiðir af niðurfellingu 22. gr. þeirra. Þá má benda á það, að forsendur fyrir álagningu söluskattsins eru löngu fallnar niður, með því að upphaflega var söluskatturinn einungis lagður á til að koma í veg fyrir gengisfall og til þess að standa straum af greiðslu uppbóta á útflutningsvörum landsmanna. Loks þykir mér rétt að geta þess, að ég hef spurzt fyrir um það hjá tollstjóranum í Reykjavík og ríkisbókara, hve miklum hluta af heildarsöluskattinum sá hluti næmi, sem hér er lagt til að falli niður. Af þeim athugunum er ljóst, að það er um ⅓ hluti. En í því sambandi þykir mér rétt að endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr. um þetta frv., að hv. þm. hafa af því margra ára óbrigðula reynslu, að fjárlagaáætlanir hæstv. fjmrh. eru alltaf vitlausar á sama veg, þ. e. að tekjuáætlanirnar eru of lágar. Með hliðsjón af þeirri staðreynd fullyrði ég, að svo muni enn og því muni raunverulegar tekjur ríkissjóðs árið 1954 verða a. m. k. 427 millj. kr., eins og áætlað er á fjárlögum, þó að brtt. okkar á þskj. 135 verði samþykktar, og geti því hæstv. ríkisstj. framfylgt sinni fjárlagaafgreiðslu algerlega óhindrað þrátt fyrir þá breyt., sem af samþykkt till. hlytist.

Herra forseti. Ég ætla svo að fara þess á leit, að nafnakall verði viðhaft, er atkvæði verða greidd um brtt. á þskj. 135. Ég vil, að það sé skráð á þingskjöl, meðan íslenzk tunga er töluð, hverjir af hv. þm. telja sig hafa meiri skyldur að rækja við hæstv. ríkisstj. en kjósendur sína og allan almenning í þessu landi. Ég vil, að þar sé skráð, hverjir það eru, sem telja sig hafa heimild til að óvirða hið háa Alþ. með því að samþ. frv. hæstv. ríkisstj. óbreytt og gera bæði hana og fjölmarga einstaklinga aðra að lögbrotamönnum. Ég vil, að það sé skráð á þskj., hverjir hv. þm. vilja, að Alþingi Íslendinga samþ. lög, sem beinlínis leiða þjóðfélagsborgarana út á braut óráðvendni og freisti þeirra til að gerast þjófar. Til þess að fá þetta skráð í eitt skipti fyrir öll óska ég eftir nafnakalli við atkvgr.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við frv. þetta, og er þá brtt. að finna á þskj. 143. Efni þessarar brtt. minnar er að undanþiggja frá álagningu söluskatts nokkrar nauðsynjar sjávarútvegsins, sem inn eru fluttar.

Eins og segir í till., þá er þar fyrst og fremst um að ræða vélar til fiskiskipa og öll tæki til útbúnaðar fiskiskipa. Einnig er farið fram á það í till., að undanþegnar verði frá söluskatti vélar og tæki til fiskiðjufyrirtækja.

Ástæðan til þess, að mér hefur þótt rétt að flytja þessa till., er, að upphaflega var svo látið heita, að þessi skattur væri lagður á til þess að styðja sjávarútveginn, til þess að afla tekna í því augnamiði að greiða nokkra hækkun á fiskafurðum fyrst og fremst. Þegar lögin voru sett, þá voru einnig af þessum ástæðum undanþegnar álagningu söluskatts nokkrar þær vörutegundir, sem skipta sjávarútveginn í rekstri hans allmiklu, þ. á m. voru fiskumbúðir, veiðarfæri, kol og salt og allar tegundir af olíu. Ég ætla, að það séu sams konar rök fyrir því að undanþiggja frá þessum söluskatti þessar nauðsynjar sjávarútvegsins, sem um getur í minni till., en það hefur komið betur og betur í ljós, að innheimta á söluskatti af þessum vörum íþyngir sérstaklega bátaútvegi okkar mjög tilfinnanlega. Svo að ég nefni aðeins eitt dæmi, þá get

ég skýrt frá því, að alveg nýlega var mér kunnugt um mann, sem var að flytja inn til landsins nýja vél í fiskibát sinn, aðeins af meðalstærð, og söluskattur af þessari vél nam nákvæmlega 21798,05 kr. Slík skattlagning á vél í venjulegan fiskibát er æði tilfinnanleg, og hliðstæð skattlagning er vitanlega á öðrum vélum og tækjum til fiskiskipa og einnig til fiskiðjufyrirtækja, sem þurfa að flytja þetta inn nú. Þó að svo sé nú komið, að þessi skattur sé ekki lengur notaður nema að sáralitlu leyti til þess að aðstoða sjávarútveginn, þá vita þó allir hv. alþm., að enn verður á beinan eða óbeinan hátt að styðja sjávarútveginn, eða bátaútveginn, allverulega með ákveðnum friðindum, og þá sýnist það líka óeðlilegt, að ríkissjóður sé á sama tíma að nota þennan bátaútveg, sem hann þarf að styðja á þann hátt, sem við allir þekkjum, sem sérstakan skattstofn. Ég vil því vænta þess, að undanþága þessi, sem hér um ræðir í till. minni frá álagningu söluskattsins, verði samþ., að hv. alþm. fallist á það að aflétta skattinum af þessum tilteknu vörum. Ég get að vísu ekki upplýst á þessu stigi málsins, hvað þetta mundi nema mikilli upphæð á ári hverju fyrir ríkissjóð, en ég ætla þó, að það mundi ekki nema svo miklu, að það ætti að skipta miklu í sambandi við heildartekjur ríkissjóðs, þó hins vegar að það mundi koma þeim aðilum að miklu gagni, sem hér eiga hlut að máli. — Ég vænti svo, að þessi till. nái samþykki nú við þessa afgreiðslu málsins.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 4, 135, 143, 156, 180).

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Við hv. 6. þm. Reykv. höfum leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 156 við frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. Brtt. okkar er um það að undanskilja innfluttar landbúnaðarvélar söluskatti.

Það má öllum ljóst vera, sem eitthvað þekkja til landbúnaðar, hversu mikil nauðsyn það er, að fluttar séu til landsins nýtízku landbúnaðarvélar og þar með létt störfin og fengin meiri og betri afköst í þessum þýðingarmikla atvinnuvegi. Nú er það staðreynd, að margar af þessum vélum eru dýrar og því allmiklum erfiðleikum háð fyrir efnalitla bændur, sérstaklega byrjendur í búskap, að eignast vélarnar. En einmitt þeim, sem minnst hafa efnin, er oft og tíðum mest þörf á að geta komizt yfir aukinn vélakost, og það virðist litið samræmi vera í því hjá hv. stjórnarflokkum og öðrum að vera með því að setja í lög og gera margvíslegar lagasetningar um styrki til landbúnaðarins og landbúnaðarframkvæmda, en aftur á móti skattleggja hinar nauðsynlegustu landbúnaðarvélar o. s. frv., svo sem dráttarvélar, skurðgröfur, plóga, herfi, svo að eitthvað sé nefnt. Ég veit ekki nákvæmlega, — ég hef ekki athugað það, — hvað söluskatturinn muni nema hárri upphæð af t. d. einni dráttarvél, en það mun þó ekki fjarri lagi, að skatturinn nemi jafnvel nokkrum þúsundum króna. Smáatvinnurekendur, eins og flestir bændur landsins eru, munar um minna. Við flm. þessarar brtt. væntum þess, að bændastéttin eigi svo marga formælendur á Alþ., að þessari till. okkar verði vel tekið og hljóti samþykki meiri hluta hv. alþingismanna.

Það má vel vera, að hv. þm. stjórnarflokkanna hafi verið og séu eitthvað feimnir við að ganga á móti vilja og skoðun hæstv. fjmrh. í þessu máli, því að eins og þingmönnum er kunnugt, er hinn illræmdi söluskattur sérstakt ástfóstur hæstv. fjmrh. Hins leyfi ég mér þó að vænta, að hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, ljái þessu máli lið, þar sem ég er þess fullviss, að það mundi stórum létta undir með öllum ræktunarframkvæmdum og öllu því, sem til landbúnaðar heyrir.

Þá liggur hér fyrir brtt. á þskj. 143 frá hv. 11. landsk. Í þeirri till. er gert ráð fyrir að undanþiggja söluskatti vélar í skip og fiskibáta o. fl. Þessi brtt. er að mínum dómi hin sjálfsagðasta, og er alveg furðulegt, að hv. Alþ. skyldi ekki þegar í upphafi undanskilja allar vélar til atvinnuveganna, bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs, iðnaðar o. s. frv., þar með taldar vélar til rafveitna.

Um söluskattinn sem slíkan er það að segja, að hann er í alla staði ranglátur og hefur orðið til þess að auka dýrtíð í landinu stórkostlega, eins og reyndar allir skattar og tollar gera, og þar með skerða lífskjör fólksins allverulega. Það er nú svo komið, að allur almenningur beinlínis stynur undan skatta- og tollafargi, enda ekki óeðlilegt, þar sem stór hluti tekna fólksins fer til greiðslu á tollum og sköttum til hins opinbera, bæði bæjar- og sveitarfélaga. Þessi staðreynd er svo ljós orðin, að jafnvel málgögn núverandi stjórnarflokka eru farin að tala um skattaáþján, og má þá segja, að bragð sé að þá börnin finna. Hins vegar virðist ekki bóla á neinni verulegri viðleitni í þá átt frá hæstv. ríkisstj., að hún hafi hugsað sér að koma fram með á þessu þingi neinar raunhæfar úrbætur á þessu sviði. Það má þó reyndar geta þess, að um það hefur verið talað, að einhverjar breytingar kæmu fram viðvíkjandi sköttum, en þær eru ekki komnar fram enn, hvað sem því veldur. Má vel vera, að það sé ekki fullt samkomulag í þeim herbúðum, en líkindi eru þó til þess, að þessar breytingar komi fram. En ef maður á að byggja á þeirri reynslu, sem áður hefur fengizt um þessi mál og lík, þarf almenningur ekki að vænta, að þar verði a. m. k. réttur að neinu ráði hlutur þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um framlengingu á hinum illræmda söluskatti, og það virðist sem ríkisstjórnarflokkarnir leggi áherzlu á það að fá frv. í gegn að mestu leyti óbreytt. Ég minnist þess, að við 2. umr. var flutt hér í þessari hv. d. till. frá 1. landsk. um það, að nokkur hluti af skattinum rynni til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Það var mjög táknrænt, sem skeði við þá atkvgr., sem ég leyfi mér aðeins að benda á. Þegar gengið var til atkvæða um málið, greiddu engir atkv. með þessari brtt. aðrir en þm. Alþfl. og Sósfl. Allir þm. stjórnarflokkanna, þar með taldir kjörnir þing-

menn frá bæjunum, sem eru í algerðu greiðsluþroti, létu sig hafa það að greiða atkv. á móti þessari sjálfsögðu brtt. Jafnvel hv. 7. þm. Reykv., sem á sínum tíma hafði barizt mjög ákveðið fyrir því, að bæirnir fengju hluta af þessum skatti, lét sig hafa það að sitja hjá, og verð ég að segja það, að miðað við þá baráttu, sem þessi hv. þm. háði á fundum, sem bæjarstjórar viðs vegar af landinu héldu í Rvík 1951 og 1952, hafi þar orðið alleinkennileg hugarfarsbreyting frá því, sem þá var.

Ég vil þó taka það fram, að við þm. Sósfl. erum í sjálfu sér á móti þessum skatti sem slíkum. En þar sem við vitum, að við getum ekki ráðið við það, að hann verði framlengdur, viljum við, að einhver hluti af skattinum renni til bæjar- og sveitarfélaga; þegar það er jafnframt haft í huga, að svo að segja hvert einasta bæjarfélag í landinu og svo að segja hvert einasta sveitarfélag í landinu er að stynja undir erfiðleikum vegna skorts á fjármagni og margvíslegra annarra erfiðleika, sem steðja að bæjarfélögunum og sveitarfélögunum. Það er eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. telji sig þurfa að hafa miklar tekjur til umráða. En þess verður líka að gæta, að sveitarfélögum og bæjarfélögum hefur verið óeðlilega íþyngt vegna ýmislegra ráðstafana af hendi hins opinbera og að nú er svo komið, að fjölmörg bæjar- og sveitarfélög eru beinlínis að komast í fjárhagslegt öngþveiti, og jafnvel er svo komið, að sum sveitarfélögin og bæjarfélögin eru alveg á takmörkunum að fara beinlínis á ríkið. Ég hefði haldið, að það hv. Alþ., sem nú situr, gæti ekki gengið frá störfum sínum, án þess að eitthvað yrði gert til þess að létta einmitt undir með bæjar- og sveitarfélögunum frekar en orðið er. Og ég hefði vænzt þess, að hæstv. ríkisstj. hefði komið með einhver lagafrv. eða annað þess háttar, sem gæti orðið til úrbóta á þessu sviði.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vænti þess, að þessar brtt. við frv. til l. um framlenging á gildi laga o. s. frv., um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, hljóti samþykki meiri hluta Alþ.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Meiri hluti fjhn. flytur hér brtt. á þskj. 180, og vil ég fara um þær nokkrum orðum.

Fyrri brtt. er um viðbót við 2. gr. frv. Í 2. gr. er fram tekið, að heildsala sé undanþegin söluskatti, en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Í brtt. okkar er lagt til, að við greinina bætist: „Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattsskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.“ Það hefur komið til álita, hvort það sé heildsala, ef heildsali selur beint til notanda, en heildsalar hafa talið sér slíkt heimilt. Sé slíkt gert til þess að komast hjá söluskatti, er ekki sanngjarnt, að slík viðskipti sleppi við söluskatt, og því er borin fram brtt. sú, er hér um ræðir.

Í annarri brtt. er lagt til, að 22. gr. l. nr. 100 frá 1948 verði orðuð um, en sú grein er um, hvað hár söluskatturinn skuli vera af smásölu og annarri sölu. Í lagaákvæðunum um söluskatt segir ekki fyrir um það, hvað átt sé við með smásölu í a-lið 22. gr. laganna. Til þess að þetta komi greinilega fram í l. og tryggt sé, að það geti orðið framkvæmt eins og að undanförnu, er orðalagið í a- og b-liðum gert skýrara og jafnframt mörkin milli 2% og 3% gjaldsins gerð gleggri, eins og þau voru í söluskattsákvæðum í l. frá 1947, nr. 128.

Ákvæðin í næstsíðustu málsgr. brtt. eru sett til þess, að ekki verði lagður nema einu sinni 3% söluskattur á sömu innlendu iðnaðarvöruna. Munu hafa komið óskir um, að þetta yrði þannig framkvæmt, frá iðnaðarmönnum, og virðist þetta eðlilegt.

Ákvæðin í síðustu málsgr. brtt. eru sama efnis og í 2. málsgr. 22. gr. l. nr. 100 1948. Í seinni hl. málsgr. er skýrt kveðið á um það, við hvað skuli miða, ef um skipti á vörum, eigin úttekt og aðra afhendingu án endurgjalds sé að ræða.

Við athugun á þessum brtt. geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi séð, að hér er fyrst og fremst um það að ræða að gera ákvæðin um þessi efni gleggri en þau eru nú í lögunum, en ekki um efnisbreytingar að ræða. Ég skal geta þess, að þessar brtt., sem meiri hluti fjhn. flytur, eru fram bornar eftir tilmælum frá fjmrn.

**Einar Olgeirsson:** Það er aðeins eitt lítið atriði, herra forseti, sem ég vildi leyfa mér að fá gengið úr skugga um, áður en þetta mál kemur til atkv. Þetta frv. er um framlengingu allra tekjuöflunarákvæðanna í 3. kafla dýrtíðarlaganna. Meðal þeirra tekjuöflunarákvæða er ákvæðið um 100% álag á leyfisgjöld fjárhagsráðs. Er það alveg óruggt, að við megum ganga út frá því, að þetta ákvæði verði ekki túlkað þannig eftir á, ef það frv., sem hér liggur fyrir d. nú, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, verður samþykkt, að 1%, sem þar er, verði ekki tvöfaldað? Mig langaði aðeins til þess að fá yfirlýsingu um það. Það er greinilegt, að það á ekki að vera eftir lögunum. Það er ákveðið í núverandi lögum fjárhagsráðs ½%, og í 32. gr. söluskattslaganna er ákveðið, að það skuli innheimta það með 100% álagi. **(Fjmrh.:** Stendur ekki þarna fjárhagsráð?) Jú, það stendur, þannig að maður á að geta skilið þar með, að það félli alveg burt. (Gripið fram í.) Já, það er einmitt það, sem ég vildi fá fram, að það væri þar með dautt, þannig að það mundi ekki vera hægt að innheimta það á eftir.

Svo er annað í þessu sama sambandi. Þessi gjöld fjárhagsráðs hafa hingað til verið höfð utan við fjárlögin síðustu árin. Alþingi hefur ekkert fengið að vita um ráðstöfun á tekjuafgangi af þessum leyfisgjöldum fjárhagsráðs, nema þegar hæstv. fjmrh. öðru hvoru, aðspurður, hefur gefið upplýsingar um, á hvern hátt hann sé notaður. **(Fjmrh.:** Hann kemur undir óvissar tekjur þar inn.) Já, en væri ekki eins gott að hafa það undir vissum tekjum? Ég held, að við ættum að athuga það í sambandi við fjárlögin, að það yrði ekki hafður sá háttur á að hafa þetta utan við þau, heldur að setja þetta inn í þau.

Svo er aðeins eitt í viðbót, sem ég býst ekki heldur við að hafi mikla beina praktíska þýðingu,

Það, sem eftir er af gjöldum af innflutningsleyfum og ákveðið er í 3. kafla þessara laga, gæti náttúrlega fallið niður, ef ríkisstj. færi að praktísera allt það frelsi, sem hún var að tala um áðan. Ég býst nú ekki við að vísu, að það sé sérstaklega mikil hætta á því, sérstaklega ekki með þessa einu vörutegund eða leyfi, sem þar er eftir, en rétt er að vekja athygli á því. Annars vil ég segja það, að ég ætla mér ekki við þessa umr. málsins að koma fram með þær brtt. aftur, sem felldar voru við 2. umr., því að mér þykir alveg sýnt, hvernig með þær mundi fara, en álít hins vegar, að þessar endurbætur, sem lagt er til hér nú, að undanþiggja landbúnaðarvélarnar og vélarnar til fiskiðjufyrirtækja, séu svo sjálfsagðar, að eftir að búið er nú að fella allt annað, sem ríkisstj. áður hefur lofað að létta af almenningi, þá ætti þó a. m. k. að vera hægt að fá þær samþykktar.

ATKVGR.

Brtt. 135 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, KGuðj, LJós, SG.

nei: ÁB, BFB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, IngJ, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SkG, HÁ.

9 þm. (BÓ, GTh, HV, JóhH, JPálm, ÓTh, SÁ, SB, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 180,1 samþ. með 16:2 atkv.

— 180,2 samþ. með 16:3 atkv.

— 143 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG.

nei: IngJ, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SkG, ÁB, BFB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ.

9 þm. (HV, JóhH, JPálm, ÓTh, SÁ, SB, StgrSt, BÓ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 156 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG.

nei: IngJ, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SkG, ÁB, BFB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ.

9 þm. (HV, JóhH, JPálm, ÓTh, SÁ, SB, StgrSt, BÓ, GTh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:10 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 189).

Á 24. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég leyfi mér að vísa til framsöguræðu þeirrar, sem ég flutti fyrir fjárlagafrv., varðandi almennar ástæður fyrir því, að þetta frv. er komið fram. En frv. er um að framlengja lögin um innheimtu söluskatts árið 1954.

Ég vil geta þess, að í Nd. voru gerðar á frv. breytingar. Þær breyt. eru í 2. og 3. gr. frv. Þessar breyt., sem gerðar voru í Nd., eru þrjár að efni til. Tvær þeirra eru einvörðungu til þess, að skýrar sé að orði kveðið um tiltekin atriði í löggjöfinni, svo að engum misskilningi geti valdið. En ein breytingin má segja að sé efnisbreyt. að nokkru leyti, en hún er í 2. málsgr. 3. gr. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjmrh. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni."

Þannig hljóðar þessi breyting, sem sett var inn í Nd.

Sá er aðdragandi þessa máls, að undan því hefur verið kvartað á undanförnum árum, að söluskatturinn gæti lagzt oftar en einu sinni á innlendar iðnaðarvörur, og var talsvert úr þessu atriði gert, að þetta gæti komið ósanngjarnlega niður. Þegar söluskatturinn var til meðferðar á síðasta Alþ., þá lýsti ég því yfir hér í þessari hv. d., að þetta mál mundi verða framkvæmt þannig framvegis, að ef einhver aðili sýndi fram á, að um tvísköttun eða fleirsköttun gæti verið að ræða með 3% skattinum, þá mundi fjmrn. nota þá heimild, sem það hefur í söluskattslögunum, til þess að undanþiggja vöruna, iðnaðarvöruna, á einhverju stigi eða stigum, og með því yrði komið í veg fyrir slíka fleirsköttun eða margsköttun. Við þessar yfirlýsingar hefur verið staðið, en það hefur aðeins komið fram ein ósk um að fá lagfæringu, svo að þetta atriði virðist nú ekki hafa þrengt að mönnum eða verið eins mikilvægt og látið var í veðri vaka um skeið. En til þess nú að taka af allan vafa í þessu efni, þá er hér sett inn í löggjöfina sjálfa það ákvæði, sem ég áðan greindi, að þessi endurgreiðsla skuli fara fram, ef sýnt er fram á, að um margsköttun sé að ræða.

Ég leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Mér þykir rétt að láta það koma fram nú þegar við þessa umr., að Alþfl. er algerlega andvígur þessu frv. Söluskatturinn var, eins og kunnugt er, álagður til þess beinlínis að afstýra gengisfalli íslenzkrar krónu með því að borga útflutningsuppbætur og gera aðrar ráðstafanir útflutningsatvinnuvegunum til styrktar. Síðan hann var á lagður, hefur svo gengi krónunnar verið fellt, fyrst með opinberri skráningu og síðan með bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu, eins og kunnugt er. Þrátt fyrir það er haldið áfram innheimtu söluskattsins í sívaxandi mæli, þannig að hann er nú orðinn einn þyngsti skatturinn og óréttlátasti skatturinn, sem á landsmenn er lagður.

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram nú þegar við 1. umr., en mun að öðru leyti gera grein fyrir afstöðu Alþfl. til málsins undir framhaldi umr. En það, sem alveg sérstaklega vekur at-

hygli í sambandi við enn eina framlengingu á þessum tolli, er það, að á síðasta Alþingi, ætla ég, var skipuð mþn., sem ætlað var að gera till. um gagngerðar breytingar og endurbætur á skatta- og tollakerfi ríkisins og ekki ríkisins eins, heldur einnig tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga.

Ég hefði talið, að eitt af því fyrsta, sem þessi mþn. yrði að snúa sér að, væri m. a. athugun söluskattsins, sem á var lagður í því skyni, sem ég áðan sagði, en er hafður enn þrátt fyrir breyttar aðstæður. Ég verð að vænta þess, að hæstv. ríkisstj., sem hefur ráðið skipun þessarar mþn. og segir henni fyrir verkum, hafi enn nægan tíma til að hlutast til um, að tillögur komi fram um aðrar leiðir til fjáröflunar fyrir ríkissjóð heldur en þær, sem felast í þessu frv.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég vildi út af sérstöku tilefni beina lítils háttar fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í sambandi við söluskattinn. Mér hefur ásamt einum af hans flokksmönnum verið falið að athuga möguleika á skipasmíðum innanlands. Í þeim viðræðum, sem við höfum sameiginlega átt við fulltrúa iðnaðarins, fulltrúa skipasmiðanna — eða skipasmiðina reyndar — og útvegsins, kom í ljós einn af mörgum agnúum á því, að innlendar skipasmíðastöðvar geti keppt við útlent bátaverð. En það eina atriði, sem hérna gæti komið til mála við þessar umr., er einmitt framkvæmd á söluskattsinnheimtu.

Nú er það svo, að þingið hefur viðurkennt samkv. síðustu fjárl., að þörf sé á að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld, þar með talinn söluskatt af efni í skip og báta, er þær smíða. Af efni í skip og báta, er þær smíða, má miða endurgjaldsgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja smálest, sem næst því, er ætla má að svari til þeirra aðflutningsgjalda og söluskatts, er greidd hafa verið af efni til smíðanna. Nú kom í ljós við þessar umræður, að fyrir utan þennan söluskatt, sem þarna er rætt um og hæstv. ráðh. hefur samkv. fjárl. yfirstandandi árs heimild til að endurgreiða, — og ég vil ekki bera neinar brigður á, að hann muni framkvæma það eða hafa framkvæmt, ef til hefur komið, — þá er það, að fyrir utan þetta var fullyrt, að þegar svo skipið væri smíðað, fullbúið og afhent til þess manns, sem ætlar að eiga það, þá sé söluskattur um 2% á því framsali eða transaction, m. ö. o., að hinir innlendu bátar séu skattlagðir með 2% á heildarverðinu frá skipasmíðastöðinni til útvegsmannsins. Og vitaskuld er þetta einn af þeim agnúum, sem þessi iðnaður á við að stríða í samkeppninni við útlendu skipin.

Nú stendur hér í þessu frv. á þskj. 189, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhent vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjmrh."

Þetta stendur í 3. gr. þess frv., sem hér ræðir um. Og í tilefni af því og hinu, að við erum einmitt að velta þessum málum fyrir okkur á öðrum vettvangi, þá vildi ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann muni ekki treysta sér til þess að skilja þessa gr. þannig, að hún heimili eða fyrirskipi endurgreiðslu á þeim söluskatti, sem leggst á fullsmíðaðan bát, smíðaðan hér á landi, við afhendingu til þess, sem kaupa skal, því að skipasmiðurinn er náttúrlega innlendur iðnaðarmaður, — því að ég vildi segja, að kaupandi skipsins, útvegsmaðurinn, er náttúrlega framleiðandi, eins og hér er orðað. Hann fær þarna afhent skip, en ekki vöru, og þess vegna er eftir orðalaginu kannske ekki alveg rígbundið við, að það eigi við skip, þó að mér fyndist öll sanngirni mæla með því, að það nái til fullsmíðaðs skips eins og til annars, sem er kölluð vara eða varningur. Og hér er talað um, að hann fái þessa vöru afhenta frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, og undir það hugtak getur maður vel sett skipasmíðastöðina. M. ö. o.: Ég hef áhuga fyrir að vita, hvort hæstv. ráðh. lítur þannig á, að þessi grein, ef að lögum verður, fyrirskipi endurgreiðslu á þeim söluskatti, sem ég hef fyrir satt að sé lagður á fullsmíðuð innlend skip, þegar þau eru afhent þeim, er nota skal. Ég vonast til, að hæstv. ráðh. treysti sér að gefa hér jákvæð svör, því að þetta væri hampaminnsta lagfæringin á þessum agnúa viðvíkjandi umræddri iðnaðargrein.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af þessu, sem hv. þm. Vestm. sagði, þá vil ég taka það fram, að söluskattur á fullsmíðuðum bát mundi nú ekki geta komið undir þetta ákvæði, sem hann las upp og ég gat um áðan. En ég vil benda á, að í söluskattslögunum er heimild fyrir fjmrh. til þess að undanþiggja með reglugerð einstakar vörur söluskatti, ef sérstök ástæða þykir til. Og ég er alveg reiðubúinn til þess að taka upp viðræður við þá menn úr stjórnarflokkunum, sem eru að íhuga bátasmíðamálið, um það, hvort ástæða sé til þess að nota þá heimild til þess að undanþiggja söluskatti fullsmíðaða báta. Þetta er hægt að gera eftir lögunum, eins og þau eru nú úr garði gerð, þó að þetta ákvæði, sem við höfum rætt um, taki ekki til þeirra.

Ég er nú sjálfur ekki kunnugur því satt að segja, hvort söluskattur er tekinn af bátum, en mér heyrðist á hv. þm. Vestm., að hann vissi um, að svo væri, og þá er það atriði, sem þarf að íhuga í sambandi við þessa endurskoðun á grundvelli fyrir bátasmíðum, sem þeir eru að athuga.

**Jóhann Jósefsson:** Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar undirtektir og veit ekki betur en ég fari með rétt mál um þennan söluskatt, sem um ræðir. Og þar sem hann hefur tjáð sig fúsan til viðræðna um að leysa málið og hefur það í hendi sér, að því er mér skildist, án nýrra lagaákvæða, þá hef ég engu hér við að bæta. Mér datt þetta einmitt í hug, ef slíkt væri ekki fyrir hendi, að það væri kannske mögulegt að nota þessa grein, sem ég minntist á. En að fengnum þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hefur látið í té, þá sé ég ekki ástæðu til að orðlengja

frekar um þetta að þessu sinni. Við munum svo taka upp þær viðræður, sem hann hefur m. a. til stofnað, og vonum þá að geta fengið þetta lagfært við þær.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 189, n. 218 og 227, 228).

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Hv. 4. þm. Reykv. leggur til, að frv. verði *felllt samkvæmt nál. hans á þskj.* 227, en við hinir nm. lítum svo á, að það sé með öllu óhugsandi að svipta ríkissjóð þeim tekjum, sem hann hefur af söluskattinum, og þess vegna leggjum við til, fjórir nm., að frv. verði samþ. Þess er getið í nál. okkar í meiri hl. á þskj. 218, að við munum athuga nánar fyrir 3. umr., hvort ekki sé þörf á að bera fram brtt. við frv., og var það út af þeim breytingum, sem frv. tók í hv. Nd. frá því, að það var þar lagt fram í fyrstu af hæstv. ríkisstjórn.

Ég skal nú geta þess, þó að það sé ekki að öllu leyti fyrir hönd n., að ég hef á ný athugað þessar brtt., sem samþ. voru í hv. Nd., og ég get ekki fyrir mitt leyti fundið, að í þeim felist neitt annað en að gera ákvæði frv. skýrari, *a. m. k. raska þau framkvæmd þessara l. ekki* á neinn hátt. Lögin hafa verið framkvæmd á þann veg, sem 3. gr. frv. segir fyrir um. Þær upplýsingar hef ég frá fjmrn. Samt sem áður mun ég á sínum tíma spyrjast fyrir um það í fjhn., hvort einhverjir nefndarmanna þar sjái ástæðu til að bera fram brtt. út af þeim breytingum, sem Nd. setti inn í frv.

Um álit hv. minni hl., 4. þm. Reykv., skal ég ekki ræða, fyrr en hann hefur gert grein fyrir því, en þó vil ég til að spara tíma nú þegar spyrjast fyrir um það hjá honum, og ætlast til að hann svari því: Hvernig á að hans áliti að afgreiða fjárl. næsta árs, ef hans till. um að fella frv. verður samþ.? Hvernig á að mæta þeim stórkostlega tekjumissi, sem af því mundi leiða? Er það t. d. með því að draga eitthvað töluvert úr tryggingalöggjöfinni, þannig að spara mætti útgjöld ríkisins á þann veg? Eða þótt ekki væri dregið úr tryggingunum sjálfum, er það meint þá með því að færa gjöld af ríkissjóði og yfir á þá tryggðu, svo að þetta yrðu virkilegar tryggingar, en ekki að nokkru leyti opinber framfærsla? Eða hvað er það, sem fyrir hv. þm. vakir? Menn halda, að það sé vinsælt að vera á móti sköttum, en með verklegum framkvæmdum og ýmsum öðrum útgjöldum, sem ríkissjóður *þarf að inna af hendi, en ég er nú ekki alveg viss* um, að almenningur sé yfirleitt svo blindur, að hann sjái ekki, að slík pólitík er alls ekki framkvæmanleg. Þess vegna vil ég mjög skora á hv. minni hl. n. að gera grein fyrir, hvað hann hyggst fyrir um afgreiðslu fjármála t. d., ef hann ætti nú skyndilega að taka við þeim málum og bera á þeim fulla ábyrgð. Mér finnst *hann skyldugur til þess, þegar hann gerir svona* till., að gera jafnframt grein fyrir afleiðingum hennar.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 228, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. greindi frá, gat ég ekki átt samleið með öðrum hv. nm. í fjhn. um að mæla með þessu frv., sem hér liggur fyrir um framlengingu söluskattsins.

Söluskatturinn var, eins og hv. dm. er í fersku minni, á lagður með lögum 1948 og þá ákveðið, að hann ásamt nokkrum smærri tekjuliðum *skyldi renna í svonefndan dýrtíðarsjóð.* Meginverkefni þessa dýrtíðarsjóðs skyldi vera það eftir l. að greiða uppbætur á verð útfluttrar vöru og að nokkru leyti að greiða niður verð hér innanlands. Þegar svo hæstv. fyrrv. ríkisstj., fyrsta ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl., tók við völdum árið 1950, var það hennar fyrsta verk að fella gengi íslenzkrar krónu, að því er ríkisstj. hélt fram, í því skyni að komast hjá að greiða verðlagsuppbætur á útfluttar vörur og þar með losa þjóðina við þá skatta, sem á hana hefðu verið lagðir til þess að standa straum af þessum útflutningsuppbótum, en útflutningsuppbæturnar voru greiddar, og það kom greinilega fram í þeim umr., sem um þau mál urðu hér á Alþ., að þær voru greiddar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að lækka þyrfti gengi á íslenzkri krónu. Um leið og gengið var lækkað og útflutningsuppbætur felldar niður, var sú ástæða niður fallin, sem borin var fram sem réttlæting á því að leggja söluskattinn á. Það sýndi sig nú, eins og kunnugt er, að þrátt fyrir þá verðhækkun í íslenzkum krónum, sem fékkst á útflutningsafurðunum með því að lækka gengið, þá fór því þó fjarri, að það nægði til þess, að útvegurinn — bátaútvegurinn sérstaklega — gæti haldið áfram rekstri án stuðnings, þannig að þegar næsta árið á eftir varð að taka upp *bátagjaldeyrisfyrirkomulagið* til þess að hækka verð á útflutningsafurðum bátaflotans og greiða þannig fyrir sjávarútveginum eða vélbátaútveginum. Þessar upphæðir, sem styrkurinn til bátaútvegsins gegnum bátagjaldeyrisfyrirkomulagið hefur numið, munu vera rétt í kringum 60 millj. kr. á ári eða mjög nálægt þeirri upphæð, sem söluskatturinn gaf til að byrja með annað og þriðja árið, sem hann var í gildi, en sú upphæð, sem landsmenn greiða til þess, að þessi styrkur til útflytjendanna, 60 millj., fáist, er að sjálfsögðu miklu hærri, vegna þess að ofan á bátagjaldeyrisálagið bætist að sjálfsögðu álag milliliðanna, heildsalanna og smásalanna, sem þessar vörur selja, svo að allar líkur benda til, að það sé ekki minna en 90—100 þús. kr., sem á landsmenn er lagt með bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu einu til þess að styrkja þennan atvinnuveg okkar, sem þá kemur í staðinn fyrir þær útflutningsuppbætur, sem áður voru greiddar, í fyrsta lagi gengislækkunina, sem hækkaði verð útlenda gjaldeyrisins um 72%, og síðan bátagjaldeyris-

álagið, sem sjálfsagt nemur ekki minnu í hækkuðu vöruverði á landsmenn en eitthvað í kringum 100 millj. kr. á ári.

Nú væntu menn, eftir að gengislækkunin hafði verið framkvæmd og bátagjaldeyrisskipulagið komið upp, að þá væri unnt að fella niður söluskattinn, þar sem hann var beinlínis á lagður í því skyni að standa undir útflutningsuppbótunum, sem voru niður felldar, eins og ég áðan sagði. Þetta hefur þó ekki orðið. Á öðru ári eftir að stjórnin tók við, þá var í stað lækkunar söluskattsins grunnskatturinn sjálfur á innflytjendum hækkaður úr 6% upp í 7% og hefur haldizt svo síðan, þó að sú upprunalega ástæða, sem var höfð í frammi fyrir söluskattinum, væri algerlega burtu fallin. Nú leitar hæstv. ríkisstj. enn eftir framlengingu á söluskattinum og með þeirri hækkun, sem nú fyrir nokkru hefur verið á honum gerð.

Ég álít — og Alþfl. er sömu skoðunar, að af — mér liggur við að segja — öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda. Aðrir tollar ýmsir — ég vil nú ekki segja flestir — eru þó álagðir með það sjónarmið fyrir augum, að þeir séu mismunandi þungir, eins og t. d. verðtollurinn, eftir því, hvaða vörur eiga í hlut, hvort hægt er að komast af án þeirra eða ekki, en til þessa sjónarmiðs er engan veginn tekið tillit við álagningu söluskattsins, heldur þvert á móti. Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði. Af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vígi í samkeppninni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum. Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar. Við leggjum því til, Alþfl.-menn, að þessi skattur verði felldur niður.

Hv. frsm. meiri hl. hefur eitthvað dálítið ruglazt í riminu og flokkaskipun hér á Alþ., að því er mér virtist eftir framsöguræðu hans. Hann krafði mig sagna um það, hvernig ég mundi semja fjárlög, ef söluskatturinn væri felldur niður. Hv. þm. getur ekki meint þetta í alvöru. Hann veit, að það er ekki hægt að heimta af neinum einstökum þm. og sízt þeim, sem er í stjórnarandstöðu, að hann sé reiðubúinn undir umr. máls að skýra frá því, hvernig hann mundi steypa um jafnvíðtækum og fjölþættum lögum eins og fjárlögin eru, sem eru að miklu leyti bundin af ákveðnum, sérstökum lögum, sem þyrfti að breyta í ýmsum atriðum, sumum hverjum, í sambandi við afgreiðslu fjárl., ef gerð væri þessi breyting á þessu. Það get ég þó fullvissað hann um, að ef ég skyldi verða fjmrh. með öflugan meiri hluta á bak við mig, þá mundi ég í mjög veigamiklum atriðum breyta fjárl. í heild sinni, og það mundi að sjálfsögðu hafa áhrif til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs og á einstökum liðum til hækkunar. En þó að ég sé ekki viðbúinn að svara hv. þm. með því, á hvern hátt eigi að sjá ríkissjóði fyrir þessum 90 millj. tekna, sem í fjárl. er áætlað að söluskatturinn gefi nú, þá skal ég benda honum á, að hæstv. fjmrh., sem fyllir flokk þessa hv. þm., hefur einmitt viðurkennt nauðsynina á því að taka til athugunar skattakerfi og skattalög, heildartekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, og það nú hið allra bráðasta. Það hefur sérstök mþn. samkvæmt þál. frá stjórnarflokkunum unnið að þessu verki nú að ég ætla töluvert á annað ár, og eftir því sem mér skilst á blöðum stjórnarflokkanna, þá er að vænta tillagna frá þessari mþn. nú hið allra bráðasta, ef þær eru ekki þegar komnar í hendur ríkisstj. A. m. k. er enginn vafi talinn á því, að þær komi það snemma, að unnt sé að taka þær til afgreiðslu hér á Alþ., áður en þingið lýkur störfum, og ég veit ekki, hvaða verkefni hefði legið nær og verið sjálfsagðara fyrir slíka n. sem þessa heldur en að gera ráðstafanir til þess að afla fjár í stað söluskattsins, að svo miklu leyti sem það skyldi teljast nauðsynlegt, þar sem viðurkennt er af öllum, sem um hann tala, að hann sé, eins og ég áðan sagði, ranglátasti og óskynsamlegasti tollurinn, sem á þjóðina er lagður.

Hv. frsm. hreyfði engum andmælum gegn því, að eðli söluskattsins og áhrif væru þau, sem ég gerði grein fyrir áðan, enda orkar það ekki tvímælis. Hann bar það aðeins fram, að nauðsyn ríkissjóðs til tekna væri svo rík, að af þeirri ástæðu einni væri ekki fært að fella skattinn niður. Ef hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar eru þeirrar skoðunar, að engin leið sé önnur til að afla fjár í ríkissjóðinn heldur en að framlengja sí og æ hina gömlu tolla og skatta, þá er þýðingarlaust og meiningarlaust og ekkert annað en eyðsla á ríkisfé að vera með braki og bramli að skipa mþn. til að endurskoða þessa löggjöf. Að sjálfsögðu er tilætlun með þeirri endurskoðun að finna réttlátari og skynsamlegri leiðir til þess að ná tekjum í ríkissjóðinn heldur en þessa, sem hér er farin.

Ég get þó, hv. þm. til nokkurs hugarléttis, bent honum á eitt og annað til athugunar í því efni. Ég skal í fyrsta lagi benda honum á það, að söluskatturinn er með þeim endemum, að á hverju ári, sem hann er framlengdur, eru gerðar á honum ýmsar breytingar, vegna þess að það sýnir sig æ og ávallt, að þetta er slík vandræðalöggjöf, að tæplega er hægt við hana að una, og því er verið að reyna að liðka til í hvert skipti, sem löggjöfinni er breytt, á einu sviði nú og á öðru næst, eins og kemur fram í þeim till., sem samþ. voru í Nd. nú að þessu sinni. Þar sem söluskattur er annars staðar á lagður, er mér ekki kunnugt um, að hann sé lagður á nema einu sinni, og þá er hann lagður á vöruna, þegar hún kemur til landsins. Hér er söluskatturinn lagður

á þrisvar sinnum og getur í sumum tilfellum verið oftar. Einmitt á algengustu vörurnar, nauðsynlegustu vörurnar eins og brauð er söluskatturinn a. m. k. lagður á þrisvar sinnum, fyrst þegar efnið er flutt inn, síðan þegar það er selt til brauðgerðarhúsa eða verksmiðjunnar, sem býr til brauðin, og loks, þegar selt er út úr búðinni. Í sumum tilfellum er mér sagt að geti komið fyrir, að söluskatturinn falli á fjórum sinnum. Ég man ekki betur en að samtök iðnaðarmanna hafi birt útreikninga, sem sýna, að söluskatturinn á ýmsum vörum, sem fóru um þeirra hendur, gat komizt upp í milli 12 og 13%. Ég skal benda hv. þm. á ýmsar aðrar leiðir til þess að afla fjár. Það er enginn vafi á því, að það má með hækkuðu verði á einkasöluvörum, sérstaklega áfengi, fá nokkurn tekjuauka til ríkissjóðs. Loks er svo það að athuga, hvort ekki er hægt að losna við eða lækka eitthvað af þeim gjöldum, sem í fjárl. eru bundin nú, annað heldur en það, sem hv. þm. nefnir hér sýknt og heilagt, í tíma og ótíma, framlagið til Tryggingastofnunar ríkisins. Það er von manna, að nú sé búið að vinna bug á mæðiveikinni, sem hefur kostað tugi milljóna árlega undanfarið, það var a. m. k. látið í veðri vaka, að það væri sérstök neyðarráðstöfun að leggja þetta fé fram til styrktar bændastéttinni í landinu til að afstýra beinum voða. En það var þá líka sagt, að um leið og unninn væri bugur á þessum mikla vágesti með þessum miklu framlögum, sem ríkissjóður hefur lagt á sig í þessu skyni, yrði þeim miklu sköttum, sem á hann voru lagðir til þessa, auðvitað létt af. Mér er sagt, að vonir standi til, eftir þær miklu aðgerðir, sem framkvæmdar hafa verið í þessu efni, að þessi liður muni geta þurrkazt út úr fjárl. mjög bráðlega. Ýmislegt fleira mætti til tína, ef menn færu að semja fjárl. að nýju, sem mér virðist hv. frsm. ætlast til að ég fari að gera nú í sambandi við þetta eina mál. Það gefst kannske tækifæri til þess að ræða þetta atriði nánar. En meginrök mín fyrir því, að einmitt nú sé rétt að synja um framlengingu á söluskattinum, eru þau, að það er sérstök n. skipuð af hæstv. ríkisstj. að tilhlutun stuðningsflokka hennar beggja, sem hefur það verkefni með höndum og er að vinna að því að leiðrétta ranglæti skattalaganna, finna sanngjarnari og skynsamlegri leiðir til þess að afla ríkissjóði fjár heldur en þær, sem nú eru farnar, t. d. með innheimtu söluskattsins, sem á var lagður í allt öðrum tilgangi en þeim að standa undir daglegum og almennum þörfum ríkissjóðsins.

Þó að ég nú hafi lýst yfir andstöðu minni við söluskattinn og muni greiða atkvæði gegn því, að hann verði samþykktur, þá er mér það vel kunnugt um afstöðuna hér á þ., að ég tel ekki miklar líkur til, að mínar till. í því efni verði teknar til greina. Ég leyfi mér því til vara við þá aðaltill. mína, að 1. gr. og þar með frv. verði fellt, að bera fram brtt. á þskj. 228, sem ég vænti, að hæstv. forseti láti koma til atkvæða, ef 1. gr. og 2. gr. frv. verða samþ. Þær till. eru þess efnis, að ef söluskattinum er haldið á annað borð, hann á lagður, þá skuli fjórði hlutinn af þeirri upphæð, sem hann gefur, ekki renna í ríkissjóð, heldur til sveitarsjóða í heild á landinu öllu. Það er lagt til í 1. brtt. á þskj. 228 undir a-lið, að ¾ hlutar skattsins skuli renna í ríkissjóðinn, en ¼ skuli renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þeim hluta, sem rennur til jöfnunarsjóðsins, skal síðan skipta á milli sveitarfélaganna í hlutfalli við fólksfjölda, þó þannig, að sá söluskattshluti, sem rennur í sjóð hvers einstaks sveitarfélags, megi aldrei nema meiru en 50% eða helmingi af álögðum útsvörum næsta árs á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi. Tekjur af skattinum renna allar til ríkissjóðs, en hann greiðir síðan hlutann til jöfnunarsjóðs, sem skiptir honum svo á milli sveitarfélaganna, eins og áður er sagt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárhagur ýmissa sveitarfélaganna er mjög erfiður og að þeim gengur illa mörgum hverjum með þeim tekjustofnum, sem þau hafa yfir að ráða, að mæta þeim kröfum, að því er snertir rekstur bæjarfélagsins og sérstaklega að því er snertir nýjar framkvæmdir, sem metið er óhjákvæmilegt á hverjum tíma. Þetta hefur leitt til þess, að farið hefur í vöxt meir og meir með hverju ári, sem hefur liðið, að framkvæmdir bæjarfélaganna, t. d. til rafvirkjana, til vatnsveitna, til hafnargerða og annarra slíkra óhjákvæmilegra framkvæmda, hafa verið studdar með því, að ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir öllu eða miklum hluta af þeim lánum, sem til þessa hafa verið tekin. Síðan hefur það komið í ljós, að talsvert mikið af þessum ábyrgðum hefur fallið á ríkissjóð sem sjálfskuldarábyrgðarmann vegna bæjarfélaganna, og ég ætla, að það skipti milljónum í fjárl. nú, jafnvel 7 eða 8 millj., sem hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að leggja út af þeim sökum. Því er það ákvæði sett hér inn í c-lið eða væntanlega 6. gr., að ef ábyrgðarskuldbindingar falla á ríkissjóð vegna sveitarfélags, þá sé ráðherra heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélags af söluskatti skuli ganga til greiðslu á þessum vanskilum. Ég álít, að þetta sé sjálfsagt ákvæði og mikil trygging í því fyrir ríkissjóðinn gagnvart sveitarfélögunum, að hann verði ekki fyrir skelli vegna þessara ábyrgða, og einmitt slíkt ákvæði sem þetta inni í lögum, meðan söluskatturinn á annað borð er innheimtur, mundi að sjálfsögðu gera ríkissjóði að verulegu leyti auðveldara að styðja bæjarstjórnir til slíkra framkvæmda sem ég áðan nefndi, sem oft og einatt er hér um bil ókleift að koma fram nema með ábyrgð og stuðningi ríkissjóðs, eins og kunnugt er.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, hæstv. forseti. Mín aðaltillaga er sú, sem kemur fram við atkvgr. um 1. gr., að frv. verði fellt, en ef söluskatturinn verður framlengdur enn að ósk hæstv. ríkisstj., þá er það tillaga mín, að fjórða hluta hans verði varið eins og þær brtt., sem greinir á þskj. 228, segja til um.

Ég skal geta þess, að eins og kunnugt er voru þessar brtt. frammi á síðasta þingi í hv. Nd. og fluttar þá af sjálfstæðismönnum í d., og virtist það benda til þess, að a. m. k. Sjálfstfl. væri þessum tillögum í heild sinni fylgjandi, þótt af einhverjum ástæðum hafi annað orðið ofan á við afgreiðslu málsins, eins og kunnugt er.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Mér fannst verða heldur lítið um svör hjá hv. minni hl. n., 4. þm. Reykv., við þeim spurningum, sem ég bar fyrir fram upp við hann. Skal ég víkja nokkuð að því síðar, en snúa mér í bili að þeim rökum, sem hann færði fram fyrir því, að nú ætti að afnema söluskattinn.

Það var þá í fyrsta lagi, að tilgangurinn með söluskattinum, þegar hann var settur á í fyrstu, hefði verið sá að greiða uppbætur á útfluttar afurðir og niður aðrar vörur til að lækka dýrtíð. En svo vildi hann halda því fram, að þegar gengislækkunin var gerð, hefði þessi upprunalegi tilgangur söluskattsins verið fallinn úr gildi. Nú er það í fyrsta lagi við þetta að athuga, að miklum hluta — eða yfir helming — söluskattsins, þegar maður einangrar það, er varið til að greiða niður vörur í landinu til að lækka dýrtíðina. Það mun vera nokkuð yfir helming þess, sem söluskatturinn gefur í tekjur, sem varið er til þess, sem er í mjög svipuðum tilgangi gert eins og upprunalega var. Að vísu segir hv. þm., sem má til sanns vegar færa að nokkru, að tilgangurinn með þessu hafi verið sá að komast hjá að lækka gengið. Ég ætla nú ekki að taka upp umræður um gengismálið á ný, en ég hygg, að halda megi því fram með fullum rökum, að ekki hafi verið komizt hjá að lækka gengið, þegar það var gert, og að reynslan hafi síðan sýnt, að þær ráðstafanir voru ekki nægilega miklar, og ef miðað er við raunverulegt gengi, ef maður getur komizt þannig að orði, þá hygg ég, að söluskatturinn haldi þessum upprunalega tilgangi sínum. Það, að vörur eru greiddar niður, er til þess gert að komast hjá því að lækka gengið enn á ný, því að það er vitanlegt, að innlendur kostnaður við alla framleiðslu er orðinn það mikill, að það er þess vegna sem útflutningsatvinnuvegirnir eru í vandræðum, enda er það ef til vill ekki svo mikil furða, þegar þess er gætt, að þó að fullt tillit sé tekið til gengismunar, þá mun hvergi vera dýrara að framleiða nokkurn hlut en á Íslandi, og er það auðvitað vegna þess, að kaup er hér hærra en í nokkru af nágrannalöndunum, a. m. k. hér í Evrópu. Söluskatturinn hækkar að vísu nokkuð vöruverð, það er rétt, en það vegur þó miklu meira, hvað greitt er niður af nauðsynjavörum, því að söluskatturinn kemur auðvitað á allar vörur, óþarfar sem þarfar.

Að söluskatturinn sé ranglátasti skattur, sem á þjóðina er lagður, kann að vera rétt að nokkru leyti og einkum ef þetta væri eini tollurinn og eina gjaldið, sem greitt er af vöru, en það er langt frá, að svo sé. Það eru margir áratugir síðan fyrst voru lagðir á tollar hér á landi. Það fylgdi fljótt á eftir því, að landið fékk sjálfstæða fjármálastjórn. Þá var byrjað á því að tolla ýmsar þær vörur, sem nú eru taldar til nauðsynja, t. d. eins og sykur og kaffi. Við vorum rétt áðan að samþykkja ákvæði í frv. um að fella með öllu niður aðflutningsgjöld af ýmsum nauðsynjavörum. Þess vegna er það, að ég hygg, að söluskatturinn gefi ekki eins mikið af mörgum vörum eins og alls konar tollar á þeim. Þetta verður að hafa í huga, þegar dæmt er um, hvað söluskatturinn sé ranglátur eða réttlátur.

Aðalröksemd hv. minni hl. fyrir því, að það ætti að fella frv., var þó það, að það væri milliþn. að rannsaka skattakerfi og tollakerfi landsins og ætti að gera tillögur um það, og þess vegna fannst honum, að það mætti fella niður söluskattinn, því að þessi nefnd hlyti að koma með tillögur um það, hvernig úr því ætti að bæta, — hann vildi sem sagt skjóta þessu máli frá sér og mínum spurningum og til þessarar nefndar. Mér er það nú óskiljanlegt, að sú nefnd geti fundið upp nokkra þá tekjustofna, sem einstaklingar þjóðarinnar þurfa ekki að greiða. Ég hygg, að henni sé nokkuð mikið ætlað, ef hún á að benda á eitthvað annað. Það gæti þá helzt verið að leggja Grænland undir Ísland og arðræna íbúana þar. Ef Íslendingar eiga ekki að greiða það, sem ríkissjóður þarf á að halda, þá er engin önnur leið til heldur en ef hægt er að skattleggja einhverjar aðrar þjóðir. En svo er það, að það eru engar minnstu líkur til þess, að milliþn. í skattamálum skili áliti um þessi atriði svo tímanlega, að það verði hægt að taka tillit til þess í afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, og þetta frv. er nú ekki um annað en að framlengja söluskattinn næsta ár. Ég skal ekkert fullyrða um það, nema nefndin geti komið með einhverjar tillögur á næsta ári, sem geri söluskattinn óþarfan. En hitt fullyrði ég, að hún gerir það ekki áður en þarf að ganga frá fjárlögum næsta árs, svo að þessi meginröksemd hv. minni hl. fellur algerlega um sjálfa sig, og mér er ekki kunnugt um, að núverandi ríkisstjórn hafi lofað öðru í þessu efni en því, að á þessu þingi skuli lögin um tekju- og eignarskatt verða endurskoðuð. Ég hef alls ekki skilið það svo, að ríkisstj. hafi lofað neinu um það, að öll tollalöggjöf landsins skuli verða endurskoðuð á þessu þingi. Og ég ætla, að til þess veiti ekki af næsta ári eða tímanum fram að næsta hausti, þegar þing kemur væntanlega saman aftur. Það er því ekki til neins að slá svona fram.

Það er auðvitað hægt að bera sig borginmannlega og segja: Ef ég væri fjármálaráðherra, þá mundi ég gera ýmsar tillögur og sjá um, að ríkissjóður bæri sig, þó að söluskatturinn væri felldur niður — og nefna svo ekkert, hvaða tillögur það mundu vera. Ég get bara ekki viðurkennt það sjónarmið, að þm. leggi til að fella niður stóran tekjulið og segi: Ja, ef ég væri fjármálaráðherra, þá mundi ég koma með tillögur um það, hvernig úr því ætti að bæta, en ég er ekki fjármálaráðherra, og mér kemur ekkert við, hvernig það er haft. — Hv. þm. nefndi þó tvö atriði aðeins. Annað var það að hækka áfengi. Það mætti ef til vill gera það. Þó þykir nú mörgum, sem það kaupa, það vera orðið nokkuð dýrt, og ég gæti haldið, eins og þingmaður komst að orði fyrir mörgum árum, að drykkjuskapurinn kæmist kannske í „afturför", ef það væri gert að miklum mun. Það gerir út af fyrir sig ekkert til, en ég hygg, að mikil hækkun áfengis yrði aldrei mikil tekjulind fyrir ríkissjóð. Ég hygg, að þá minnkuðu mjög kaupin í Áfengisverzlun ríkisins, ef áfengið yrði hækkað til stórra muna. En það er ekki víst, að drykkjuskapur minnkaði að sama skapi. Menn kunna sem sé ýmsar leiðir nú á dögum til þess að veita sér áfengi án þess að kaupa það í

áfengisverzluninni. Ætli það yrði ekki farið að brugga, ef þetta yrði gert að verulegu ráði — að hækka áfengið? Fréttir hafa komið um það a. m. k., að frændur okkar, Norðmenn, hafi lækkað áfengið, vegna þess að brugg var orðið svo mikið, að salan minnkaði í áfengisverzlun þeirra, en drykkjuskapur minnkaði ekki að sama skapi a. m. k., heldur jókst bruggið og önnur ólögleg meðferð áfengis. Ég hef ekki trú á þessu úrræði, að það mundi a. m. k. nægja til að bæta fyrir söluskattinn.

Og þá minntist hann á mæðiveikina. Það er rétt, að það er vonandi, að útgjöld ríkisins af sauðfjárpestunum fari nú að taka enda, en bæði hefur nú ekki verið varið til þeirra eins miklu fé og söluskattinum nemur, og í öðru lagi eru önnur verkefni komin, sem munu kosta meira heldur en sauðfjársjúkdómavarnirnar hafa kostað. Ég minni á samning stjórnarflokkanna um rafmagnsmálin. Ég hugsa, að þær framkvæmdir taki algerlega eins háa upphæð og sauðfjárveikivarnirnar hafa tekið.

Um brtt. hv. þm. vil ég ekki mikið segja og get í raun og veru ekkert um þær sagt fyrir hönd n., því að þær hafa ekki verið ræddar í nefndinni og ekki legið þar fyrir. Hefði þó hv. þm. vel getað borið þær upp í n., þar sem hann á þar sjálfur sæti.

Mér fyndist mjög gott, ef ríkissjóður þyldi það, að hægt væri að veita bæjar- og sveitarfélögum þá hlutdeild í söluskattinum, sem stungið er upp á í brtt., en ég sé ekki, með tilliti til afgreiðslu fjárlaga á þessu þingi, að slíkt sé hægt. Þar af leiðandi þykir mér ákaflega ólíklegt, að n. fallist á þessar brtt., vil þó ekkert um það fullyrða. Vilji hv. þm. fá um það álit nefndarinnar, þá mundi ég ráða honum til að taka þessar brtt. aftur til 3. umr., og mundi ég þá sem form. n. bera þær undir n. á milli umræðnanna.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Út af niðurlagsorðum hv. frsm. fjhn. vil ég segja það, að ég mun að sjálfsögðu eftir þessi óbeinu tilmæli hans taka brtt. aftur til 3. umr. og væri honum þakklátur fyrir, ef hann héldi nefndarfund, þannig að afstaða n. til þeirra fengist, áður en þær koma til afgreiðslu síðar hér í d. Ég mun þá geyma mér alveg að tala um efni þeirra frekar en ég hef gert þangað til við 3. umr., eftir að n. hefur athugað tillögurnar.

Hv. frsm. gerði mikið úr því, að söluskatturinn hefði ekki eingöngu verið á lagður til þess að greiða uppbætur á útflutningsvörur, heldur jafnframt til þess að greiða niður verðlag á vörum hér innanlands og þar með halda dýrtíðinni niðri. Nokkuð er til í þessu, en það er þó ekki nema bara svolítið brot af sannleikanum, sem hv. þm. þar segir. Vörur höfðu verið greiddar niður hér innanlands um alllangt árabil, áður en söluskatturinn var lögtekinn, og tilefnið til þess, að hann var lögtekinn, var fyrst og fremst það, að ástandið var þannig í sjávarútveginum, sérstaklega vélbátaflotanum, að talið var, að eitt af tvennu þyrfti að gera: að tryggja ákveðið verð á útflutningsvörunum, nokkru hærra en sýnt þótti, að mundi fást fyrir þær í markaðslöndunum, eða lækka gengið og fá fram krónuhækkun í gegnum það á verðlagi varanna.

Sú leiðin, sem ég nefndi fyrst, varð ofan á á þingi 1948, og söluskatturinn var lögtekinn beinlínis til þess, eins og 19. gr. þeirra l. ber með sér, að standa undir þeim uppbótargreiðslum, sem þurfti til þess að tryggja, að útgerðin fengi það verð, sem Alþ. hafði ábyrgzt á því ári. Tilgangurinn með álagningu söluskattsins var því sá fyrst og fremst og nærfellt eingöngu að standa undir þessum greiðslum. Hitt skipti svo ekki máli, hvernig framkvæmdin hefur farið úr höndum þeirrar hæstv. ríkisstj., sem þá fór með völd, hvort hún hefur haft algert „þokasystem“, eins og það var kallað, og gætt þess vandlega, að enginn eyrir af skattinum yrði notaður til annars en í þessar niðurgreiðslur, eða hvort þessu er blandað saman við aðrar greiðslur ríkissjóðsins. En fram hjá því verður ekki komizt, að skatturinn var á lagður í þessu skyni, og þess vegna voru ástæðurnar fyrir honum burt fallnar, um leið og niðurgreiðslurnar voru felldar niður.

Ég skal ekki taka upp neinar kappræður við hv. frsm. um gengislækkunina, það er búið að ræða hana svo oft. Hann sagði hér sem sína skoðun, að gengislækkunin hefði verið með öllu óhjákvæmileg, þegar hún var gerð, en hún hefði bara ekki verið nægilega mikil, og því þyrftum við í viðbót við gengislækkunina nú að hafa bátagjaldeyrisfyrirkomulagið og nota — held ég hann hafi sagt — fast að helmingi af söluskattinum til að greiða niður verð á vörum hér innanlands. Ég sé nú ekki betur en að þessar yfirlýsingar hv. frsm. séu þó áfellisdómur á einmitt gengislækkunaraðgerðir hæstv. ríkisstj. og hans flokks í þessum málum, því að það er sannað augljóslega, að gengislækkunin hefur alls ekki náð þeim tilgangi, sem yfir var lýst, þegar hún var samþ., og að sjálfsögðu var tilætlun þeirra, sem knúðu hana fram.

Þá sagði hv. þm. einnig, að innlendur kostnaður við framleiðsluna væri nú orðinn svo mikill, að það torveldaði sölu útflutningsafurða okkar í markaðslöndunum. Ég er honum alveg fullkomlega sammála um þetta. En meginástæðunnar til þess, hvað framleiðslukostnaðurinn er orðinn mikill, er að leita einmitt í tollapólitík hæstv. ríkisstj. Ég hélt nú ekki, að verkalýðsfélögin væru sérstaklega sterk hér innan stjórnarflokkanna eða hefðu verið frá því 1950, að gengislækkunin var samþ. Það er viðurkennt af hv. frsm. sjálfum, að söluskatturinn hljóti að koma fram í hækkuðu verði varanna. Hann hefur ekki hreyft neinum mótmælum eða athugasemdum við áætlun mína um, hvað þetta nemur mikilli upphæð. Ég hef áætlað, að það næmi nú allt að 100 millj. kr., sem vörurnar hækkuðu vegna söluskattsins, og að sjálfsögðu kemur það fram í aukinni dýrtíð, kemur fram í hækkuðu kaupi, kemur fram í auknum framleiðslukostnaði á þeim vörum, sem við flytjum út og seljum þar í samkeppni við aðra. Þetta sér hv. frsm. mætavel og viðurkennir. Þegar svo til viðbótar við þetta er tekinn bátagjaldeyririnn og sú verðhækkun, sem af honum stafar, vísitöluhækkun og kauphækkun, þá er augljóst, að þessir tveir

liðir eiga sinn ríka þátt í því, hversu framleiðslukostnaðurinn hefur aukizt og þar með nauðsynin á því að fá hækkað verð fyrir útflutningsafurðirnar.

Ég þykist vita, að hv. frsm. muni svara því til, að þetta sé því að kenna, að verkalýðssamtökin í landinu hafi knúið fram kauphækkanir og þar með íþyngt atvinnuvegunum, eins og það heitir. Ég hygg, að ef með sanngirni er litið á þessi mál, þá verði menn að játa það, því miður, að raunverulegt kaupgjald verkamanna í landinu nú, miðað við klst. eða dag, er sízt hærra, heldur lægra en það var fyrir gengislækkunina. Það, sem verkalýðurinn hefur áunnið með sínum samtökum í þessu efni, er ekki einu sinni nægilegt til þess að mæta þeirri dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur á þessum tíma. Ég hygg, að ef hv. frsm., sem er sanngjarn maður, kynnti sér þessi mál, þá hlyti hann að játa, að svo er. Þó var látið í veðri vaka, þegar gengislækkunarlögin voru sett, að svo væri um hnútana búið, að byrðar ættu ekki að lenda í formi kauplækkunar á almenning og verkalýðinn í landinu af þeim sökum.

Hv. þm. spyr enn um það, á hvern hátt ég vilji sjá ríkissjóði fyrir tekjum, ef þessi liður sé niður felldur. Ég vil alls ekki fallast á, að það sé skylda einstakra þingmanna, sem andstæðir eru stjórninni, í hvert skipti sem þeir hreyfa andmælum um hennar tekjuöflunarleiðir, að hafa á takteinum till. um það, hversu fjárins skuli afla í staðinn, vegna þess, eins og ég áður sagði, að það er tvennt, sem kemur til athugunar þar: annars vegar matið á þörfum ríkissjóðs og hvernig skuli verja því fé, sem ríkissjóður tekur til sín, og hins vegar, eftir hvaða leiðum þess skuli aflað. Því er alveg óeðlilegt að taka einn einstakan tekjulið eða gjaldalið og heimta, að það séu gerðar ráðstafanir til að mæta honum alveg sérstaklega. Þetta er samhangandi kerfi, eins og hv. þm. viðurkenndi, og það er einmitt verkefni þeirrar nefndar, sem nú situr, að finna réttlátari og skynsamlegri leiðir til þess að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem nauðsyn krefur á hverjum tíma, og því eðlilegt, að hún vinni það verk í heild, og ég verð að vænta þess, að till. komi frá henni í þessu efni.

Ég skal þó, rétt til þess að vekja athygli hv. þm. á þessu, sem ekki ætti að vera þörf á, benda á einn tekjustofn, sem er — mér liggur við að segja ónotaður sem slíkur. Það er sú gífurlega verðhækkun á fasteignum, sem fallið hefur í skaut einstakra manna í landinu og félaga á gengislækkunarárunum eða verðhækkunarárunum. Það er enginn vafi á því, að sú eignaaukning, sem fram hefur komið í gegnum verðhækkun fasteigna og fasteignaígilda á landi hér, er svo stórkostleg, að einmitt þar væri sjálfsagður tekjustofn fyrir hendi. (**Fjmrh.**: Ætli það gæti ekki þvælzt fyrir þingmanninum að innheimta hann.) Það er ekki ótrúlegt, en hæstv. fjmrh. hefur nú ýmis ráð, sem þingmaður hefur ekki, til að innheimta það. En fyrsta tilraunin er þó sú að setja um þetta skynsamlega löggjöf og síðan að fá öfluga og góða innheimtumenn til að sjá um framkvæmd hennar, og í því hefur nú fjmrh. nokkra æfingu, og ég efast ekki um, að hann mundi leggja sig í líma, — en ég vil ekki gera þetta að neinu gamanmáli. Það er alveg augljóst mál og viðurkennt af öllum, sem ekki loka augunum fyrir staðreyndum, að það eru hópar manna hér í þessu landi, sem hafa grætt hundruð þúsunda og milljónir á því, sem fasteignirnar hafa hækkað í verði, gersamlega án eigin aðgerða, og þessi verðhækkun kemur að sama og engu leyti fram til skatts. Ég skal bara minna á eitt dæmi hér, sem hv. frsm. ætti að vera í fersku minni. Það er sala Kveldúlfseignanna, um 12 millj. kr. Flokkur hans og blað hafa fullyrt, að kaup þessi séu ámælisverð af hálfu kaupandans, þetta sé svo háu verði keypt. Ég þori engan dóm á það að leggja. Ég er ekki viss um, að það sé hærri sala á þessum eignum heldur en ýmsum öðrum eignum, sem hafa verið seldar hér í bænum um svipað leyti, en hitt er víst, að þessi eign hefur ekki kostað seljandann nema nokkur hundruð þúsunda króna, langmestur hlutinn af þessum 12 milljónum er hreinn gróði, sem aldrei kemur til skatts og enginn eyrir hefur verið tekinn af til skatts. Ég nefni þetta dæmi bara af því, að það hefur verið umrætt hér mjög í blöðunum og einmitt orðið nokkurt umræðuefni milli stjórnarflokkanna.

Það er talið, að húseignirnar eingöngu hér í Reykjavík séu að brunabótamati nokkuð á fjórða þúsund milljóna króna. Meginhlutinn af þessari upphæð, þessu verðmæti, liggur í hækkuðu verði á fasteignum og húsum, sem voru byggð áður en til féþurrðar útgerðarinnar kom, enda er það vitað, að slíkar eignir hafa tífaldazt í verði og jafnvel meira núna á síðustu 10—11 árum. Ekki milljónir, ekki tugir milljóna, heldur hundruð milljóna hafa á þennan hátt skapazt sem verðmæti í eigu einstakra manna á gengislækkunarárum og dýrtíðaraukningarárum, sem ekki er tekinn neinn skattur af og enginn skattstofn verður að óbreyttu. Ég fæ ekki annað séð en einmitt meginverkefni slíkrar mþn. sem mþn. í tolla- og skattamálum væri að sjálfsögðu að finna leiðir til þess að fá eitthvað af þessu fé aftur í ríkissjóðinn. Það er ekki nóg að hrista höfuðið og segja, að það sé torvelt að innheimta þetta. Ég veit, að innheimta með sama hætti eins og á stóreignaskattinum getur kannske orðið leiðigjörn, en ég get vel skilið það, að hæstv. fjmrh. andvarpi, þegar minnzt er á slíka innheimtu, en það ætti að mega búa svo um hnútana í löggjöfinni, að til slíks greiðslufyrirkomulags ætti nú ekki að þurfa að koma. — En þetta er nú alls ekki verkefni mitt. Þetta er bara ábending til hv. þm., af því að hann sér engar leiðir aðrar en söluskattinn til þess að afla þessa fjár, og þarna er þó leið, sem mætti athuga í því sambandi.

Hv. þm. sagði, að hvað sem maður nú ætlaðist til af mþn., þá væri það ljóst, að hún gæti ekki skilað till. um þetta efni svo snemma, að þær yrðu afgr. fyrir lok þessa þings; það mesta, sem hún gæti klárað, væri það, ef hún gæti lokið við breytingar á tekju- og eignarskattslögunum. Þetta er mér ekkert kunnugt um. Ég vil ekki vefengja orð þm. í þessu efni, en mér hefur fundizt, að n. hefði getað sinnt öðrum störfum jafnframt, og mætti við því búast eftir hálfs annars árs starf, að hún gæti nú lagt einhverjar

fleiri till. fram heldur en þetta. En sannleikurinn mun vera sá í þessu efni, að hæstv. ráðh. og stjórnarflokkarnir una mjög sæmilega þessu fyrirkomulagi, sem nú er, og sjá því ekki ýkja mikla ástæðu til að leita að öðrum leiðum til að afla fjár fyrir ríkissjóð. Ef eindreginn vilji kæmi fram á Alþingi um það, að það telji þessar leiðir ekki lengur færar, efast ég ekki um, að hæstv. ráðh. og mþn. mundu óðar taka til starfa af meira kappi en gert hefur verið til þessa til þess að finna aðrar leiðir til að afla fjárins. Ég held sannarlega, eftir að búið er að framlengja söluskattinn nú ár eftir ár, eins og kunnugt er, undanfarin fjögur ár, þá sé ekki vanþörf á því að láta hæstv. ríkisstj. og þá mþn. líka hafa nokkurt aðhald í þessu efni.

Ég skal nú ekki ræða mikið um áfengisverðið eða „afturför" drykkjuskaparins, gefst sjálfsagt tilefni til þess seinna, en það vil ég nú segja, að ég hef enga trú á því, að þó að brennivínið yrði hækkað eitthvað lítillega, t. d. til þess að mæta því, sem þyrfti þá að leggjast sem aukaframlag til tryggginganna, — það mundi nema hér um bil 10 kr. á flösku, — þá mundi það nú gera verulegan mun á því, hvort menn brugguðu meira eða minna af þeim sökum. Sú markalína liggur ekki svo glöggt, að slík verðhækkun mundi hafa nein veruleg áhrif í þeim efnum. Ég veit ekki heldur, hvort áfengið er svo mjög dýrt, samanborið við annað. Ég gat um það áðan, að húseignir hafi ti- eða tólffaldazt í verði, og ég efast um, að brennivínið, „svarti dauðinn", hafi *gert betur en að fylgjast með verðhækkun* fasteignanna og kannske tæplega það. Og ekki get ég nú sagt, að það væri nein bein áníðsla á þjóðfélaginu, þó að hækkunin á „svarta dauða" væri eitthvað í líkingu við hækkunina á almennu húsnæði til almenningsþarfa, — það væri nein sérstök ástæða til að kvarta yfir því, að þeir, sem hann kaupa, væru svo illa meðfarnir af þeim sökum.

Ég get látið þetta nægja að sinni. Ég mun, eins og ég tók fram í upphafi máls míns, taka brtt. aftur til 3. umr. og er að sjálfsögðu formanni n. þakklátur fyrir, ef hann kallar saman fund til þess að ræða þær, og mundi sérstaklega verða honum þakklátur, ef hann féllist á að mæla með till.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af tilganginum með því að setja í fyrstu lögin um söluskattinn, því að hv. síðasti ræðumaður, frsm. minni hl., rangfærði nokkuð það, sem ég hafði sagt um það. Ég vil endurtaka það, að ég álít, að sömu ástæður séu enn fyrir hendi að nokkru leyti, ekki eingöngu vegna þess, að að nokkru leyti voru greiddar niður innlendar vörur og söluskattinum varið til þess frá upphafi, heldur var höfuðtilgangur með lögunum, eins og hv. þm. réttilega benti á, að verjast gengislækkun. Ég fullyrði, að þetta er enn, niðurgreiðslurnar eru enn gerðar til þess, því ef þeim væri hætt, þá mundi ekkert liggja fyrir að mínu áliti annað en gengislækkun. Þess vegna eru sömu ástæður fyrir hendi nú að halda söluskattinum eins og voru, þegar hann var settur 1948 að forgöngu stjórnar, sem Alþýðuflokksmaðurinn Stefán Jóh. Stefánsson veitti forstöðu.

Hv. þm. fór enn að benda á nýjar tekjulindir í staðinn fyrir söluskattinn og virtist með því vera að reyna þó að gera tilraun til að verða við áskorun minni, og þá benti hann á skatt af gróða á fasteignasölu, því að fasteignir hefðu hækkað mjög í verði vegna gengisbreytingarinnar. Það getur verið eitthvað til í þessu, og það getur verið ástæða til að athuga þetta atriði. Þó má benda á það, að þótt fasteignir hafi hækkað í verði, þá eru fasteignir, sem eru í höndum eigendanna, nákvæmlega þær sömu og þær voru. Þó að jörð t. d. mundi hækka í verði, ef hún væri seld nú, þá væri hún bóndanum, sem býr á henni og bjó á henni, þegar gengisfallið var gert, nákvæmlega sama jörðin og hún var fyrir gengisfallið, hafi hún ekki verið bætt síðan. Þannig mundi það vera töluvert vandasamt verk að setja löggjöf um skatt á þetta. Með því er ég þó ekki að segja, að slíkt sé með öllu óhugsandi, en hitt fullyrði ég — og ekki síst vegna þess, að hv. þm. hefur alltaf í sínum ræðum verið að skjóta sér á bak við mþn. í skattamálum, það væri ekki hann, sem ætti að benda á leiðir til þess, að ríkissjóður fengi skaðann bættan, heldur mþn. í skattamálum, — að það er alveg áreiðanlegt, að mþn. í skattamálum hefur engar till. um þetta fram að flytja fyrir þann tíma, sem afgreiða þarf fjárlögin fyrir næsta ár, og þetta frv. er ekki nema um að framlengja lögin um eitt ár. Það er hugsanlegt, að einhverjar *þær till. komi fram frá mþn., sem geri* framlengingu á þessum lögum óþarfa framvegis, en núna getur slíkt alls ekki legið fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 228 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

---

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 189, 228).

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Samkvæmt tilmælum frá hv. formanni fjhn. tók ég aftur til 3. umr. brtt. mína á þskj. 228 á fundi í gær. Ég hafði gert mér nokkrar vonir um, að hv. fjhn., sem hafði lofað að athuga till., mundi geta fallizt á að mæla með þeim annaðhvort að fullu eða að nokkru leyti. Það hefur nú ekki orðið, svo að till. verða að ganga til atkv. dm. eins og þær voru lagðar fram á síðasta fundi.

Efni till. er í sem stytztu máli það, að fjórði hluti af álögðum söluskatti skuli renna til jöfnunarsjóðs, sem aftur skiptir fénu milli bæja og hreppsfélaga í hlutfalli við íbúatölu, miðað við síðasta manntal, þó með þeim takmörkunum, að aldrei skuli meira fé renna í sjóð einstaks sveitarfélags en nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan. Þá er gert ráð fyrir því, að áður en slíkar greiðslur séu inntar af hendi til hlutaðeigandi sveitarfélags, skuli krefja þær upphæðir inn, sem ríkissjóður kann að hafa greitt

vegna ábyrgðar ríkissjóðs á lánum hlutaðeigandi sveitarfélags. Þetta er býsna mikilsvert atriði í þessu sambandi, og þykir mér því sjálfsagt að vekja sérstaka athygli á því. Það er nú árlega greitt svo að milljónum skiptir úr ríkissjóði vegna vanskila á lánum, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á. Ég vil ekki fullyrða, hve hér er um háar upphæðir að ræða, en mér þykir líklegt, að það sé nú síðustu árin eitthvað á milli 7 og 8 millj. kr. á ári, eða hér um bil þriðjungur þess, sem áætlað er, að fjórði hluti söluskattsins mundi nema, sem hér er gert ráð fyrir að renni til sveitarfélaganna. Þetta eitt með öðru mælir mjög sterklega með því, að þessar brtt. verði samþ. Annars get ég vísað til þess, sem ég sagði hér á síðasta fundi um nauðsyn sveitarfélaganna í þessu efni og hversu óhjákvæmilegt væri að ganga nokkuð til móts við þau í þeirra erfiðu fjárhagsörðugleikum. Ég vænti, að hv. dm. geti fallizt á þessar till. og goldið þeim jákvæði, þó að hv. n. hafi ekki treyst sér til að mæla með þeim.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Það er nú fullsterkt að orði kveðið, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég hefði beint þeim tilmælum til hans að taka þessar till., sem hann flytur við frv., aftur til 3. umr. Ég tók það fram, þegar frv. var hér til 2. umr., að ég gæti ekkert um þessar till. sagt frá n. hendi, af þeirri einföldu ástæðu, að þeim var fyrst útbýtt á þeim fundi og n. hafði þar af leiðandi ekki tekið þær neitt til athugunar. Ég bentí aðeins á, ef hv. flm. till. vildi fá umsögn n., þá væri rétta aðferðin að taka till. aftur til 3. umr. N. tók og till. til athugunar á nefndarfundi, þar sem hv. þm. var sjálfur viðstaddur. Þá kom fram, að n. sá sér ekki fært að mæla með þessum till., og skal því hér með lýst yfir í hv. d. Einhverjir af nm. að minnsta kosti og kannske nm. allir líta að vísu svo á, að sveitarfélögum veitti út af fyrir sig ekki af nýjum tekjustofni, sem svaraði til þess, sem farið er fram á í þessum till., en af sömu ástæðum og þetta frv. er fram borið og með því mælt af meiri hlutanum er það, að n. sér sér þó ekki fært að mæla með því, að ¼ af söluskattinum sé tekinn og varið í annað en að renna í ríkissjóðinn; og m. a. kom það fram á nefndarfundinum, að sá nm., sem jafnframt á sæti í fjvn., upplýsti í áheyrn hv. 4. þm. Reykv., að það mundi algerlega trufla þá afgreiðslu fjárlaga, sem nú er fyrirhuguð.

Ég skal viðurkenna, að það mælir að nokkru með þessum till., að sveitarfélög eiga að láta það sitja fyrir samkvæmt till. að greiða vanskilaskuldir til ríkissjóðs, þ. e. a. s., ríkisstj. getur haldið því eftir af greiðslunni, sem þau eru í vanskilum um. En það er þó of mikið gert úr þessari ástæðu, því að skuldir sveitarfélaga og bæjarfélaga eru ekki nema hluti af þeim ábyrgðum, sem fallið hafa á ríkissjóð og hann er enn í ábyrgð fyrir, heldur eru þar ýmsir aðilar, svo að það mundi alls ekki koma jafnmikið aftur sem innheimt fé í hluta ríkissjóðs, þó að till. væru samþykktar eins og hv. 4. þm. Reykv. gerir ráð fyrir. — Ég tel þýðingarlaust að orðlengja þetta frekar, en niðurstaðan er þessi, að fjhn., eða meiri hl. hennar, sér sér ekki fært að mæla með þeim brtt., sem fyrir liggja.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Það er sannast mála, að sá skattur, sem hér er um að ræða, hefur aldrei átt neinni hylli að fagna á hv. Alþ., þó að hann hafi verið misjafnlega mikið fordæmdur. Margt bendir til þess, að æskilegt væri, úr því að honum þarf enn að viðhalda, að unnt væri að stiga spor í þá átt, sem brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 238 marka, og er í rauninni ákaflega erfitt fyrir fulltrúa hér á Alþ., sem eru fyrir sveitar- eða bæjarfélög, sem erfitt eiga orðið uppdráttar undir oki dýrtíðarinnar og annars, sem að steðjar, að þurfa að ganga á móti till. slíkum sem þessum í sambandi við framlengingu laganna um söluskattinn. Það er mjög erfitt vegna þess, að það bólar ekki á neinum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að létta byrði sveitarfélaganna, heldur þvert á móti. En um leið er aðkallandi þörf ríkissjóðsins um það, að honum sé séð fyrir sómasamlegum tekjum til þess að geta staðið við þær skuldbindingar, sem Alþ. leggur fjármálastjórninni á herðar að bera. Það hefur verið misjafnlega vel að þessu gætt á undanförnum árum, og ég skal sízt lasta það, að að þeim hlutum sé búið eins traustlega og unnt er af hálfu Alþ., því að ég hef séð þá tíma og upplifað þá, að Alþ. hefur brugðið nokkuð frá þessari skyldu sinni, og ég óska engum þess, sem við þessi mál fæst, að hann þurfi að standa í slíkum sporum.

Söluskatturinn var eitt af þeim úrræðum, sem varð að grípa til á árinu 1948, þegar l. eru sett í sambandi við dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, og var hann valinn ásamt öðru, eftir að miklum tíma var búið að eyða í alls konar bollaleggingar og sérfræðingasamanburð á leiðum til þess að firra þjóðina sem lengst afleiðingum verðbólgunnar og dýrtíðarinnar þar af leiðandi, því að það þótti þá og — geri ég ráð fyrir — þykir enn muna mestu, að unnt sé að halda atvinnulífinu nokkurn veginn í lagi og sporna við því, að atvinnuvegirnir og þá sérstaklega framleiðslustarfið í landinu þurfi að stöðvast sökum óviðráðanlegrar dýrtíðar. Ég var þá fjmrh., og um ríkisstj. var samstarf þriggja flokka. Ég gerði það með engri ánægju að vera með í að flytja það mál hér á þingi að leggja þennan skatt á, en hitt var þá eins og nú nauðsyn, að afla ríkissjóði tekna til þess að standa undir skuldbindingum sínum, eins og ávallt hefur verið. Hæstv. núverandi fjmrh. átti þá sæti í ríkisstj. og lét þá svo um mælt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka það fram, að þeir, sem að ríkisstj. standa, hafa auðvitað ekki verið á einu máli um samningu þessa frv., og það er vitanlega ekki að efni til eins og það hefði orðið, ef hver flokkur um sig hefði einn haft aðstöðu til að móta það. Framsfl. fyrir sitt leyti hefði álitið, að skynsamlegra hefði verið að stíga spor í verðhjöðnunarátt, en þar sem ekki fékkst samkomulag um slíkt, er ekki um annað að ræða en að halda áfram á bráðabirgðabrautinni og afla tekna til þess að halda áfram niðurgreiðslunum og ábyrgðarverðinu.“

Þetta mælti hæstv. núverandi fjmrh. þá, og vil ég að öðru leyti geta þess, að hann fylgdi fram persónulega þessu máli ásamt öðrum þeim, sem ábyrgð báru á ríkisstj., þrátt fyrir það að hann teldi, að hann væri ekki að fullu leyti samþykkur þessari leið. Ég fyrir mitt leyti lýsti því yfir þá strax, að ég teldi þetta bráðabirgðaleið til þess að reyna að hamla upp á móti erfiðleikunum. Það var alla stjórnartíð stjórnar Stefáns Jóhanns reynt að spyrna við afleiðingum dýrtíðarinnar eftir mætti, þótt það tækist ekki nema að litlu leyti, — það skal viðurkennt. Það tókst þó svo, að engin stöðnun varð neins staðar á atvinnuvegunum á þessu tímabili af þeim ástæðum, að ekki væri hægt að halda sæmilega arðberandi atvinnurekstri áfram. Þeir, sem áttu hér þá sæti, minnast þess, að þetta kom oft til umræðu, og jafnvel af þeim, sem ekki var nú sérstaklega annt um ráðuneyti Stefáns Jóhanns, var það viðurkennt. T. d. man ég, að í þingræðu hjá hv. 1. þm. N-M. á þessu tímabili segir, að stjórninni hafi ekki tekizt að ráða að öllu við dýrtíðina, þó að það hafi verið stefna hennar, en þó hafi hún getað seinkað fyrir því versta, sem af dýrtíðinni leiddi, — eða eitthvað á þá leið voru þau ummæli hans.

En yfirleitt var það ekki nein einróma rödd, þegar hæstv. núverandi fjmrh. taldi á þessu tímabili, að verðhjöðnunarleiðin væri eiginlega að dómi Framsfl. heppilegasta leiðin til þess að ráða við dýrtíðardrauginn. Það gengur nokkuð eins og rauður þráður í gegnum þær ræður, sem flokksbræður hans fluttu á þinginu, svipað álit, þ. á m. hv. þm. Str., sem á ýmsan hátt talaði um þetta alllangt mál. Hann virðist frekar vera á þeirri skoðun, en viðurkennir þó, að það sé ekki fært að ná samkomulagi um þetta. Þær leiðir, sem um var þá rætt og uppi voru til úrbóta á þessu geysilega vandamáli þjóðarinnar, sem búið er að vera alla tíð síðan um síðasta ófrið eða lok hans, eru taldar upp hér í umr. um þetta mál á Alþ. þá af hv. þm. Barð., sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, í umr. um þetta mál:

„Ég er sammála þeim hluta ríkisstj., sem ekki vildi fallast á, að tekið verði upp svonefnt tvöfalt gengi. Það atriði eða sú leið var gaumgæfilega athuguð, er málið var rætt í fjhn. Nd., og var talin leiða út í hreina ófæru. Það mundi hafa leitt af sér mjög fljótlega algera gengisbreytingu og þá eðlilegra að fara hreinlega þá leið nú þegar.“

Þá lýsir hann leiðum, sem ræddar hafi verið. Í fyrsta lagi verðstöðnun, og segir um hana: „Hún hefur ekki tekizt og mun vart takast, nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir fram yfir það, sem hér er gert í þessu frv.“ Annað er verðhjöðnun. Um hana segir hann: „Sú aðferð mundi hafa í för með sér svo stórkostlegt fjárhagslegt hrun, að allt fjármálakerfi þjóðarinnar mundi fara úr skorðum, svo framarlega sem verðhjöðnunin yrði það mikil, að hún ein dygði til þess, að atvinnuvegirnir gætu stuðningslaust staðið undir kostnaðinum.“ Þriðja leiðin er svo gengisfall. „Ríkisstjórnin og þjóðin“, segir hv. þm. Barð., „kallar yfir sig gengisfall, ef ekki verður snúið við á þessari braut, sem farin hefur verið undanfarið. Þegar dýrtíðarlögin voru til umræðu 1946“, bætir hann við, „benti ég á, að ríkissjóður hefði enga aðra möguleika en gengisfall til þess að komast hjá að greiða ábyrgðarverðið, ef varan seldist ekki á því verði. Enn þá hefur verið farin sú leið að taka mismuninn af þjóðinni í sköttum, en þessi leið er nú að lokast, og stendur þá gengisfallið fyrir dyrum, ef ekkert er aðhafzt, enda flýtir það hröðum skrefum fyrir því að lögfesta tvenns konar gengi í landinu, eins og ætlazt er til með þessu frv.“

Það kemur sem sé glöggt fram í þessum ræðum, að menn höfðu það á tilfinningunni, eins og raunar hæstv. þáverandi menntmrh. lýsti hreinlega yfir, að frv. eða tekjuöflunin væri til þess, þar sem um annað hefði ekki orðið samkomulag, að halda áfram á bráðabirgðabrautinni og afla tekna til þess að halda áfram niðurgreiðslum og ábyrgðarverði á fiski. Um niðurgreiðslurnar vitum við, að það eru niðurgreiðslur á margs konar afurðum, sérstaklega landbúnaðarafurðum, og svo þetta ábyrgðarverð, sem tekið var í l. á árinu 1946 og einhverja leið varð að finna til þess að mæta, enda var þetta gert og menn fengu á þessum tíma sitt ábyrgðarverð, eins og samningar stóðu til, útborgað. Ég drep á þetta aðeins til þess að sýna fram á, að það er sannleikur, sem sagt hefur verið, að söluskatturinn er lagður á í upphafi vega sinna til þess að geta haldið áfram niðurgreiðslunum til að mæta dýrtíðinni að einhverju leyti og til þess að standa við ábyrgðarverðið.

Ræða hv. þm. Str. á þessum tíma er í rauninni ákaflega mikilsverðar athugasemdir og bollaleggingar um það ástand, sem ríkti og ríkir raunar enn, og líka um það, hvað þingið hafi í sjálfu sér ekki gert til þess að vinna bug á dýrtíðinni. Hann segir berum orðum, að á Íslandi sé farið allt öðruvísi að en í öðrum löndum, því að þar sé unnið að þessum málum á þann veg að lækka dýrtíðina, en hér séu önnur vinnubrögð viðhöfð, og það ber að því, sem ég lýsti áðan og kom fram í ræðu hæstv. þáverandi menntmrh., að Framsfl. áleit, að verðhjöðnunin væri leiðin.

Nú hefur margt skeð á þessu tímabili og mikið vatn runnið til sjávar, síðan þessi l. voru sett, og m. a. hefur það skeð, að margur getur í dag sagt, að „það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann“. En verðhjöðnunarleiðinni, sem Framsfl. taldi æskilegustu leiðina 1948, veit ég ekki til að neinn flokkur sérstaklega, ekki heldur Framsfl., hafi á þessum árum, hvorki undir forsæti fyrrv. hæstv. forsrh. né í núverandi ráðuneyti, barizt fyrir eða berjist fyrir, svo að sjáanlegt sé þann dag í dag, að sú leið verði farin. Það vill oft vera svo í stjórnmálum, og þeir standa kannske mest undir því áfalli, sem lengst eru búnir að vera á þingi, að eftir því sem tímarnir líða, þá kemur það fyrir okkur, að við verðum að endurskoða okkar fyrri afstöðu, og það er bezt bæði fyrir mig og aðra að taka sem minnst upp í sig af fullyrðingum um það, hvernig hægt sé að ráða við ástandið. Það var þá fundið að því af þeim, sem voru andstæðingar stjórnarinnar, að hún væri ekki með heildarráðstafanir, heldur væri hún með bráðabirgðaleiðir og það yrði ekki til halds eða langframa.

Hv. þm. Barð. sagði þá, að það að hafa tvöfalt gengi væri auðvitað leið, sem færi algerlega út í ófæru. Ég veit nú ekki betur en að það megi segja bæði um mig og fjölda af mínum flokksbræðrum, þ. á m. hann núna, að við höfum léð því máli lið í þinginu, að það væri nokkurs konar tvöfalt gengi á vissum hluta verðmætis útflutningsafurðanna. Með bátagjaldeyrinum má segja, að á vissu sviði og því hreint ekki litlu sé nokkurs konar tvöfalt gengi á ferðinni.

Það hefur sem sagt komið fyrir, síðan þetta var, að genginu hefur verið breytt til þess að losna við byrðar ríkissjóðs af ábyrgðargreiðslunum, og þeir, sem eins og hv. þm. Str. töldu söluskattinn óhollan vegna þess, að hann eyddi verðmæti sparifjárins í landinu, eins og kemur fram í ræðu hans um þetta leyti, geta þá horft á sjálfa sig hafa átt þátt í eins og hann að lögfesta breytt og fallið gengi á peningunum, og varla er hægt að segja, að það hafi hækkað verðmæti sparifjárinneigna, því að a. m. k. hefur Alþ. séð sig tilknúið að gera lítils háttar yfirbót gagnvart vissum hluta sparifjáreigendanna í landinu, og rekum við okkur þar enn á hið sama, að það, sem er fullyrt í dag, er samþykkt á morgun og látið gott heita.

Við gengisfallið breyttist náttúrlega aðstaða ríkissjóðsins ákaflega mikið, þar sem aukinn krónufjöldi gerði það að verkum, að tekjur ríkissjóðs þutu óðfluga upp, og er það út af fyrir sig góðu heilli, að hann gat þar rétt sinn hlut. Svo hefur og fleira til komið, að innflutningurinn vegna bátagjaldeyrisins jókst og tolltekjur ríkisins hafa margfaldazt af þeim orsökum, að ógleymdum þeim stuðningi við hið opinbera, sem Marshallféð í hvorum tveggja myndum sínum, bæði framlagsmyndinni og lánamyndinni, hefur veitt þjóðinni eða réttara sagt hefur veitt ríkissjóði í þessu falli til að styrkja hans gjaldgetu. Má þar á það minna, að ríkissjóði munu hafa fallið til um 50 millj. kr. í aðflutningsgjöld ýmiss konar á þeim varningi til stóriðjunnar, sem hefur verið keyptur fyrir Marshallfé.

Allan þennan tíma, með þessum stórkostlegu breytingum á ástandinu, niðurskurði krónunnar, margföldun tollteknanna, stórauknum innflutningi vegna bátagjaldeyris og Marshallgjöfum og Marshalllánum, hef ég ekki séð votta fyrir því, að Framsfl. hafi reynt sína uppáhaldsleið, sem hann taldi 1947 til að vinna bug á dýrtíðinni, verðhjöðnunina. Ég held þvert á móti, að það geti flestir verið sammála um það, því miður, að dýrtíðin er enn þá óyfirbuguð í þessu landi. Við reynum enn þá eftir mætti að greiða niður nauðsynlegustu neyzluvörur til fólksins til þess að berjast á móti dýrtíðinni á svipaðan hátt og gert var í stjórnartíð þeirra manna, sem með völdin fóru, þegar söluskatturinn var innleiddur. Það er ekki bara á einum stað, það er á svo mörgum stöðum, og sannast oft hér á Alþ., að menn geta komizt í þá aðstöðu að verða að ganga ofan í skoðanir þær, sem þeir á vissum tíma álitu góðar og gildar, og ganga jafnvel beint á móti þeim. Það er eins og sagt var hér í pólitiskri baráttu fyrir eina tíð og átti við sérstaka viðureign manna norður í Þingeyjarsýslunni annarri hvorri, að það, sem væri góð og gild vara niðri á Vopnafirði, gæti verið orðið forskemmt og óseljanlegt, þegar upp fyrir Smjörvatnsheiði kæmi. Verðhjöðnunin virtist vera bezta vara í augum Framsfl. 1947, en nú er þing eftir þing einmitt söluskatturinn, hin óvinsæla leið, látinn vera einn tekjumesti liður fjárl. Ég sé á fjárlfrv., að söluskatturinn er af fjmrh., eins og hann lagði það fyrir, áætlaður að gefa rösklega 91 millj. kr., og má þá ætla, að þar sé frekar van í lagt heldur en of í lagt.

Við stöndum í þessu máli og raunar í mörgum fleirum, að því er snertir viðureignina við dýrtíðina og verðbólguna í landinu, oft og tíðum í þeim sporum, að steinninn, sem byggingarmeistararnir á sínum tíma forsmáðu, er svo þegar þar að kemur notaður í hyrningarstein, og söluskatturinn er orðinn einn af hyrningarsteinum fjármálakerfisins undir fjármálastjórn Framsfl., sem áleit og lýsti yfir því á þingi 1948, að verðhjöðnunarleiðin væri betri leið og réttari í þessum málum heldur en innleiðsla söluskattsins.

Nú vildi ég aðeins drepa á þetta og skal ekki þreyta um það lengri ræðu. Ég veit það og viðurkenni, að það er þörf fyrir þessar tekjur núna, það er þörf fyrir þær á fleirum en einum stað í landinu. Það væri sannarlega þörf fyrir það hjá bæjarfélögunum að fá ¼ af þessum tekjum í sína sjóði, og að því leyti til er hv. 4. þm. Reykv. með sanngjarna till. Annað verður ekki sagt. Hitt er svo annað mál, að þeir, sem styðja núverandi stjórn og vilja standa að því saman með flokk hæstv. fjmrh. að afgreiða forsvaranleg fjárl. á þessu þingi, geta ekki sóma síns vegna hlaupizt frá því og tekið stóran hluta af áætluðum tekjustofni svona í miðjum klíðum og sent til sveitarfélaganna í stað ríkissjóðs. Og þess vegna treysti ég mér ekki til að fylgja till. hv. 4. þm. Reykv., þótt hvort tveggja sé, að ég telji þær eftir atvikum sánngjarnar í eðli sínu og ég viti, að sveitarfélögin og bæjarfélögin og ekki hvað sízt mitt bæjarfélag, Vestmannaeyjar, hefðu þess stóra þörf, að einhver tekjustofn af þessu tagi væri lagður til þarfa bæjarfélagsins. En jafnilla og það gengur hér á Alþ. að glíma við þá eiginlegu meinsemd, dýrtíðina og verðbólguna, sem ég sé ekki, að við séum eiginlega nokkru nær í baráttunni við þann dag í dag heldur en um það bil, sem söluskatturinn var fyrst innleiddur, þó að við höfum orðið að leggja tvo afar þungbæra skatta á þjóðina, þar sem er gengisfellingin og bátagjaldeyririnn, þá virðumst við ekki vera nær því takmarki heldur en þá að ráða niðurlögum verðbólgu eða dýrtíðar. Og það er annað, að þingið, og ekki einasta þingið, heldur þau stjórnarvöld, sem setið hafa, hafa ekki haft tóm til þess. Það var náttúrlega ekki von, að stjórn Stefáns Jóhanns hefði það, því að hún átti fullt í fangi, undir því ástandi, sem þá var, að reyna, eins og hv. 1. þm. N-M. viðurkenndi, að seinka fyrir fallinu niður í fenið, sem hann orðaði svo. En þau ráðuneyti, sem setið hafa síðan, hafa, að því er ég veit bezt um, ekki séð bæjarfélögunum fyrir neinum tekjustofnum, og ég veit ekki, hvort hægt er að segja, að það hafi verið gerð tilraun til þess af ráðandi mönnum í landinu. Ég vil þó ekki taka fyrir, að það eigi að felast í

störfum mþn. í skattamálum á sínum tíma að gera það, en ljóst er, að af henni verður a. m. k. ekki allt heimtað í einu. Hún er núna, eins og vitað er, að glíma við að framkvæma yfirlýst loforð núverandi ríkisstj. um lækkun á tekju- og eignarskatti, og a. m. k. meðan hún er að því, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að hún afgreiði tekjustofna fyrir bæjarfélögin mjög bráðlega. En Alþ. sem heild þarf nauðsynlega undir forustu ríkisstj. að reyna meira á sig í því að leysa vandræði sveitarfélaganna á þessu sviði, fjármálasviðinu, heldur en gert hefur verið. Ég er hér ekki með ásakanir í garð neins sérstaks manns eða sérstaks stjórnmálaflokks, en ég bendi bara á það, að þetta málefni er óleyst. Það er jafnvel ekki farið að gera tilraun til að leysa það, en skyldan til að veita sveitarfélögunum aðstoð í þessu skyni hvílir fyrst og fremst á Alþ., sem ákveður árlega, hvað há gjöld skuli goldin í ríkissjóðinn, og að öðru leyti ber ábyrgð á allri löggjöf, sem snertir bæjarfélög jafnt og ríkið sjálft.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það er af því að ég hef mikla tilhneigingu til þess að vera með tillögunum á þskj. 228, að ég vil gera grein fyrir því, hvers vegna ég kem þó til með að greiða atkv. móti þeim.

Það hefur verið skipuð mþn. í skattamálum, sem á, þegar við komum saman eftir áramótin, að skila frv. um ný tekjuskattslög eða breytingar á núgildandi tekjuskatts- og eignarskattslögum, breytingar á núverandi útsvarslögum og væntanlega breytingar yfirleitt á fjárhagsmálum ríkisins, og þegar þetta liggur fyrir, þá vil ég ekki vera að grípa fram fyrir hendurnar á n. og fara núna að ákveða, að viss hluti af einum gjaldstofni ríkisins skuli renna til sveitarfélaganna. Ég vil bíða og sjá, að hvaða niðurstöðu nefnd, sem búin er að starfa tvö ár, kemst, áður en ég fer að greiða atkv. um þessar till. Þess vegna kem ég til með að vera á móti þessum till., enda þótt ég sé í andanum með þeim og vel geti verið, ef það kæmi frá n. á sínum tíma eitthvað svipað, að þá yrði ég alveg með því. En þegar maður er búinn að láta n. sitja tvö ár til að finna lausn út úr vandamálum og þetta er eitt þeirra, þá finnst mér ekki ná neinni átt að fara að rjúka til og afgreiða það nokkrum dögum eða mánuðum áður en maður býst við að sjá, hvað frá n. kemur. Ég bíð þess vegna rólegur eftir að sjá, hvað kemur frá n., og mun greiða atkvæði á móti þessum till., enda þótt ég annars sé í anda mínum með þeim.

**Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Hér virðast nú ætla að verða meiri umræður en ég bjóst við í fyrstu við þessa umræðu, en ekkert er við því að segja.

Hv. þm. Vestm. hélt hér alllanga ræðu, og virtist aðaltilgangur hennar vera sá að gefa eins konar sögulegt yfirlit yfir dýrtíðarmál og fjárhagsmál hinna síðustu ára. Hann gat þess, sem öllum eldri mönnum er kunnugt, að margir verði fyrir því að verða að endurskoða sína fyrri afstöðu, hvað hann taldi sig og verða að gera, og það er nú vel, að svo er. Ef menn væru svo einstrengingslegir, að þeir gætu aldrei sætt sig við breytta afstöðu, hvernig sem tímarnir breytast, þá mundi ekki fara vel. Það var einn ágætur maður, sem ég þekkti í æsku, mjög virðulegur maður, borgari í bæ, — hann átti tún og á því hey, og það átti að fara að binda heyið, og hann sagði við þann, sem átti að binda heyið fyrir hann: „Ja, bólstrarnir eru sjö á túninu.“ Hinn sagði, að þeir væru nú ekki nema sex. Eigandinn sagði: „Þeir voru sjö í fyrra, og þeir hljóta að vera sjö.“ „Teljið þér þá bólstrana,“ sagði hinn. Og þessi ágæti maður fór að telja bólstrana og telur þá alla: 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, og henti þá á þann fyrsta. Það er vitanlega ekki gott að binda sig svo fast við fyrri skoðanir eða það, sem var í fyrra, að á því geti engin breyting orðið. Og af því að mér fannst nú kenna þess í ræðu hv. þm. Vestm., að hann vildi helzt beina því til Framsfl., að hann hefði breytt um afstöðu í ýmsum þessum málum, þá vil ég nú minna á, þar sem Sjálfstfl. hefur oft talið það úrræðið í öllum þessum málum að viðhafa sparnað, sparnað á ríkisfé og viðar, hvort það hefði orðið öllu meira úr sparnaðarstefnu Sjálfstfl. heldur en verðhjöðnunarstefnu Framsfl., sem ég kannast nú ekki beinlínis við að nokkurn tíma hafi verið stefna Framsfl., hvað sem einstökum ræðum líður. Hitt kannast ég við, að Framsfl. hefur á ýmsum tímum reynt að beita sér, stundum einn út af fyrir sig og stundum í samvinnu við aðra flokka og þá aðallega Sjálfstfl., fyrir því, að reynt væri að spyrna við fótum og festa verðlagið þannig, að ekki væri sífellt aukin dýrtíð. Í því sambandi minnist ég frumvarps, sem þáverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson, flutti á aukaþingi 1941, og einnig gerðardómsins svo kallaða, sem bæði Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu að, og fleiri ráðstafana, sem reyndar hafa verið til þess að festa verðlagið. En þetta hefur mistekizt, og úrræðið varð svo gengisfall. Og það, að enn þá er þörf á söluskatti og enn þá er þörf á ýmsum ráðstöfunum, bátagjaldeyri, niðurgreiðslum o. fl., sem menn bjuggust við að tækju enda með gengisbreytingunni, er að mínu áliti sökum þess, að ekki hefur verið hægt að framfylgja gengislögunum eins og þau voru, en til þess liggja tvær ástæður. Önnur er verðfall í útlöndum á afurðum okkar, sem kom rétt eftir gengisfellinguna, og hin er, eins og við vitum, að hér er ríki í ríkinu, það eru kannske mörg ríki í ríkinu, en hér er einkum eitt ríki í ríkinu, sem er það voldugt, að það gerir að engu og hefur gert að engu ýmsar ráðstafanir ríkisvaldsins. Þetta ríki í ríkinu hugsar sér að rétta við hlut hins fátækari hluta þjóðarinnar með sínum aðgerðum, en guð má vita, hvort það verður ekki á endanum öfugt, ef öllu er siglt hreint og beint í strand. Það er kröfupólitíkin, sem búin er að grafa um sig í öllu þjóðlífinu, sem er orsök þessa, kröfupólitík, sem menn svigna undan, ríkisstjórnir ýmsar og Alþingi. Ef svo fer fram, að alltaf er látið undan hvers konar kröfum, sem fram eru bornar til Alþ. og ríkisstj., þá skal ég játa, að ég er ekki bjartsýnn á framtíðina, ef menn læra aldrei að spyrna fótum við og láta hart mæta

hörðu, ef illa fer. Og uppfylling krafanna verður fyrirsjáanlega til þess, að annaðhvort fara þær með fjárhag ríkis og þjóðar ellegar þá að ríkið er neytt til að afla fjár eftir miður heppilegum leiðum til þess að standa enn um stund, án þess að allt fari í öngþveiti.

Hv. þm. Vestm. talaði allmikið um stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar og taldi hana hafa orðið fyrir ósanngjörnum dómum og það væri að ýmsu leyti gert það sama og hún hefði gert. Ég get tekið undir sumt af þessu. Ég var stuðningsmaður þessarar stjórnar, eins og ég er stuðningsmaður núverandi stjórnar og þeirrar, sem var næst áður, og viðurkenni það fúslega, að í ýmsum efnum var sú stjórn of hart dæmd. Það má segja, að hún fann ekki nein sérstök úrræði önnur en þau að leggja á skatta og tolla og reyna svo að borga niður og halda þannig á floti. Næsta eða næstnæsta stjórn, sem á eftir henni kom, gekkst fyrir því, að samþykkt voru gengislögin, sem óneitanlega réttu við atvinnulíf þjóðarinnar, a. m. k. til sjávarins, í bili, þó að það dygði ekki til langframa af þeim ástæðum, sem ég nefndi áðan.

Hv. þm. Vestm. var að tala um það, að tekjurnar hefðu sífellt aukizt, bæði vegna aukins innflutnings og af öðrum ástæðum. Þetta er rétt. Tekjurnar hafa sífellt aukizt í krónutali, en kröfurnar til ríkissjóðs og útgjöldin hafa einnig sífellt aukizt og ekki hvað sízt frá hendi þeirra manna, sem nú standa gegn því, að þessi tekjustofn ríkissjóðs verði framlengdur. Ef látið er undan kröfum um aukin útgjöld, þá verður einnig að krefjast nýrra tekna. Öðruvísi er ekki hægt að reka ríkið.

Hv. þm. Vestm. minntist á það, að bæjarfélögum og þá auðvitað sveitarfélögum einnig hefði ekki verið séð fyrir neinum tekjum af ríkisvaldinu. Að sjálfsögðu hafa sveitarfélögin sinn rétt til útsvarsálagningar, eins og alltaf hefur verið, og óneitanlegt er það, að þó að allmikill hluti af kostnaði við tryggingarnar sé lagður á sveitarfélögin, þá fá þau þó enn meira með því, að fátækraframfærinu hefur verið svo að segja algerlega af þeim létt, eða að miklu leyti, og kostnaði við skólahald og annað slíkt, og þetta, a. m. k. það síðasta, tekið meira en áður á herðar ríkisins. En svo vil ég minna á það, að í fyrra var sveitarfélögum séð fyrir nýjum tekjustofni, ef þau vilja nota hann, þar sem er fasteignaskattur, sem samþykkt voru lög um á síðasta þingi, að mig minnir. — Annars ætla ég ekki frekar út í þetta mál. Það mætti náttúrlega tala langt mál um liðinn tíma. Við gætum gert það okkur til skemmtunar, við hv. þm. Vestm., að rifja upp s. l. 30 ár og ýmislegt, sem skeð hefur á Alþ. á þeim tíma, því að við komum nú samtímis hingað í þessa virðulegu samkomu og höfum séð þar ýmislegt og lifað súrt og sætt í pólitískum skilningi, ef svo má að orði kveða. En ég held það greiði ekki beint fyrir afgreiðslu þessa máls, þó að við færum að gera það. En það gladdi mig þó, og auðvitað bjóst ég ekki við öðru af honum, að hann telur ekki annað fært en að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir til umræðu.

Að endingu vil ég undirstrika það, sem hv. þm. N-M. sagði og ég vék að líka við 2. umr. þessa máls, að þessi l. stendur ekki til að framlengja nema til eins árs, og áður en það er úti, má telja alveg víst, að þær mþn., tvær eru þær, sem starfa nú að endurskoðun skattalaga og útsvarslaga annars vegar og endurskoðun á tolllögum og tolltekjum ríkisins hins vegar, verði búnar að skila áliti. Þá kann að vera, alveg eins og hv. 1. þm. N-M. sagði, að fyrir liggi till. um aðra tilhögun þessara mála, sem geri söluskattinn óþarfan í þeirri mynd a. m. k., sem hann er nú, og þá er tími til að reyna framtíðarlausn þessara mála. En núna, þegar fjvn. er víst þegar búin að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr. og hnitmiða þar tekjur og gjöld, og ef að vanda lætur mun þó gjaldaliðurinn sízt lækka í meðferð þingsins, þá kemur auðvitað ekki til mála að fara nú, undir árslok, að afnema einn af stærri tekjupóstum ríkissjóðs.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka til máls við þessar umræður, enda treysti ég að sjálfsögðu fyllilega hv. frsm. til að halda hér uppi svörum, en vegna ræðu hv. þm. Vestm. þykir mér þó óhjákvæmilegt að segja hér nokkur orð. Ég vil ekki, að sú ræða sé skoðuð sem höfuðsjónarmið Sjálfstfl. í afgreiðslu þessa máls, og þar sem hv. þm. Vestm. er eini þm. Sjálfstfl., sem hefur rætt um þetta mál, og ég hins vegar á sæti sem fulltrúi flokksins í hv. fjhn., þar sem þetta mál er afgr., þá finnst mér óhjákvæmilegt að gera nokkra athugasemd við ræðu hv. þm. Vestm.

Ég skal ekki hér á þessu stigi málsins ræða um stefnubreytingar Framsfl. eða annarra þm. svo mjög, það geta aðrir gert hér, en ég get þó ekki stillt mig um að benda hv. þm. Vestm. á þá staðreynd, að það er ekkert óeðlilegt, þó að sjónarmið manna og flokka breytist nokkuð við breyttar aðstæður á Alþ. og í þjóðfélaginu eða jafnvel við það, að menn taka að sér önnur hlutverk eða önnur verkefni en þeir hafa haft á þeim tímum. Í því sambandi vil ég benda hv. þm. á það, sem hann sjálfsagt man eftir frá þeim tíma, sem hann sjálfur sat í sæti hæstv. sjútvmrh. og hæstv. fjmrh. á sínum tíma, að þá hafði hann þau orð út af alveg sérstökum málum, sem var verið að sækja undir hann þá sem ráðh., að þeir töluðu aldrei saman, sjútvmrh. og fjmrh. Þetta var viturlega mælt, eins og hans var von og vísa, og það var líka ákaflega skiljanlegt. Sjútvmrh. í persónu hv. þm. Vestm. hafði þá þá skyldu að sækja eins örugglega og fast og drengilega sjávarútvegsmálin og honum var unnt sem slíkur, en hins vegar hafði þáverandi hæstv. fjmrh., einnig í persónu hv. þm. Vestm., sömu skyldu til þess að standa á móti öllum kröfum, sem íþyngdu um of fjármálum ríkisins, svo framarlega sem ekki væri hægt að finna eðlilega gjaldstofna á móti. Ég sé ekki, að það komi fram í þessu neitt ósamræmi. Þótti þetta á þeim tíma viturlega og drengilega mælt, en það sannar þá líka, að aðrir menn geta breytt einnig um skoðun á sérstökum málum eftir því, hvaða hagsmuna þeir eiga að gæta á hverjum tíma við sín störf.

Mér þótti mjög vænt um, að hv. þm. las upp

stóran kafla úr minni ræðu frá 1948 um dýrtíðarmálin. Ég sé, að ég hef verið þar forspárri en ýmsir af mínum hv. samþingsmönnum hafa viljað trúa á þeim tíma. Þegar sá kafli er lesinn, þá sýnist mér, að allt hafi þar gengið eftir, sem ég sagði um þau mál, og er það mér náttúrlega til mjög mikillar ánægju að geta séð svo langt fram í tímann.

Ég hélt ekki, að hér mundu verða teknar upp mjög miklar umræður um söluskattinn sjálfan. Það hefði verið eðlilegra, að það hefði verið gert á fyrra stigi málsins, en úr því að þessu er hreyft, þá vil ég þó benda á, að það er ekki sagður nema hálfur sannleikurinn í sambandi við þær upplýsingar, sem hv. þm. Vestm. gaf í sambandi við þessi mál. Það er að vísu rétt, að söluskatturinn var á sínum tíma tekinn til þess að standa undir dýrtíðinni, en hins vegar er það ekki rétt, að þetta verkefni sé ekki jafnt fyrir höndum í dag eins og það var þá. Að vísu hefur verið tekið upp í stærri stíl en þá það, sem hv. þm. kallaði nokkurs konar tvöfalt gengi, þ. e. a. s. bátagjaldeyririnn. Hann er nú tekinn upp í stærri stíl en þá. Þá hafði þessi aðferð verið tekin upp, en í minni stíl, eins og hv. þm. er vel kunnugt um, og það var einmitt þáverandi hæstv. viðskmrh., núverandi hv. 5. landsk., sem einmitt tók upp þessa stefnu í viðskiptamálunum í sambandi við hrognapeningana og gotupeningana, sem þá gáfust svo vel, að þeir gátu leyst þann vanda, sem þá steðjaði að. Og það má segja við þá menn, sem aldrei sjá annað en illt í bátagjaldeyrinum og því kerfi, sem honum hefur fylgt, að asninn hafi verið leiddur í herbúðirnar af Alþfl., því að það var hann, sem fann upp á þessu fyrirkomulagi um bátagjaldeyri í smærri og annarri mynd. En það verður ekki heldur hægt að neita því, að með því að taka upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið hefur verið leystur annar vandi hér í þessu þjóðfélagi, sem ekki er lítils virði, og það eru verzlunarhöftin. Hvernig er verzlunin í landinu nú? Hvernig var hún áður en þetta kerfi var tekið upp, þ. e. a. s. bátagjaldeyriskerfið annars vegar og gengisfellingin hins vegar? Nú kemur fram í langflestum tilfellum, að hækkunin á vörunum gengur inn í kauplagsvísitöluna og kemur fólkinu til góða í launahækkun. Áður var það svo, að fólk varð að borga miklu hærri upphæðir í svartamarkaðsverði, sem aldrei kom fram í hækkuðu kaupgjaldi. Og þetta er hreint ekkert lítið atriði einmitt fyrir fólkið í landinu og þó einkum fyrir fátækasta fólkið í landinu. Hins vegar hefur það verið skipulagt þannig í sambandi við bátagjaldeyrinn, að hann hefur verið lagður langsamlega mest á þær vörur, sem fátækasta fólkið þurfti ekki að kaupa mest af, svo að ekki sé meira sagt, og sneitt einmitt fram hjá hinum vörunum, sem lægst launuðu mennirnir þurftu að kaupa sér til daglegs framfæris. Auk þess er söluskatturinn ekkert sérstakt fyrirbrigði hér á Íslandi. Honum er haldið í margfalt stærri stíl í flestum öðrum löndum, m. a. í Englandi og Ameríku er hann allt upp í 50% álag á vöruna eftir því, um hvaða vörutegund er að ræða.

Söluskatturinn stendur einmitt í dag ákaflega mikið undir dýrtíðarmálunum. Það af vöru, sem greitt er niður í dag af ríkissjóði, er enn þá greitt niður með hluta af söluskattinum. Og hann stendur auk þess í dag undir fjöldamörgum nýjum verkefnum, sem hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að víkja frá eða neita að styðja. Það hafa m. a. verið aukin stórkostlega framlög til rafvirkjunar. Það hafa verið byggð stórkostleg raforkuver og bætt við línum um landið og þó ekki verið hægt að mæta nema broti af því, sem þjóðin þarfnast í þeim málum, og nokkuð af söluskattinum er notað til þessara framkvæmda. Það er enn haldið áfram að nota nokkuð af söluskattinum í sambandi við sauðfjárveikivarnirnar. Það var notað allmikið af söluskattinum til þess að greiða með stórar upphæðir í sambandi við kaup á 10 togurum, sem keyptir voru, einnig með samþykki hv. þm. Vestm., í stjórnartíð Stefáns Jóh. Stefánssonar. Það hafa farið allmargar milljónir til þess að standa undir því fyrirtæki, og það hefur verið notaður allmikill hluti af söluskattinum til þess að aðstoða hin ýmsu sveitarfélög og hina ýmsu menn og ýmis atvinnufyrirtæki í landinu til þess að halda uppi almennri atvinnu, svo að fólkið væri ekki atvinnulaust. Til þessa hefur söluskatturinn verið notaður, og framlög til þessara mála fara sífækkandi með ári hverju. Söluskatturinn hefur verið notaður til þess að standa undir sífækkandi gjöldum til almannatryggingaanna, sem ekki stafa öll frá dýrtíðarhækkun. Hækkun þessi stafar, eins og kunnugt er, frá ýmsu öðru, m. a. frá fjölgun bótaþega, eins og hefur komið fram hér í öðrum málum. Hækkun þessara gjalda stafar m. a. af því, að starfsemi Tryggingastofnunarinnar var blandað inn í dýrtíðarmál á síðasta þingi, svo að þær 16 millj. kr., sem varð að greiða úr tryggingunum til þeirra mála, eru hreint dýrtíðarmál, svo að söluskatturinn stendur þar að nokkru leyti enn þá undir dýrtíðarmálunum, eins og hann gerði á sínum tíma. Söluskatturinn var þá, eins og hv. þm. sagði, einn steinninn í tekjubyggingunni fyrir ríkissjóð, og hann er það enn. Hann er einn aðalþátturinn í því, að hægt sé að halda áfram þeim störfum, sem hafin hafa verið í sambandi við atvinnumálin, og halda áfram að mæta þeim verkefnum, sem þarf að mæta á hverjum tíma.

Hv. þm. sagði einnig, — og var að heyra, að hann hefði verið andvígur þeirri stefnu, — að við hefðum orðið að leggja tvær þungar byrðar á þjóðina, gengisfallið og bátagjaldeyrinn. Ég verð að segja, að það hefði alveg eins mátt snúa þessum orðum við, að Alþ. hafi með því létt þyngstu byrðinni af þjóðinni, atvinnuleysinu. Ég blikna ekkert eða blána fyrir því nú þremur árum síðar en þetta var gert, að hafa verið með í þeirri ráðstöfun. Mér var það alveg ljóst þá, og mér er það alveg ljóst enn, að það var til þess að víkja burt frá dyrum almennings í landinu þeirri þyngstu byrði, sem hægt er að leggja á eina þjóð, þ. e. atvinnuleysinu og hungurvofunni. Og það er það, sem söluskatturinn er notaður til enn í dag, að halda þeim ófögnuði frá landsmönnum.

Hv. þm. sagði einnig, að það hefði ekki verið hægt að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar þrátt fyrir þessar þungu fórnir. Það er alveg rétt.

Það hefur ekki verið ráðið niðurlögum dýrtíðarinnar, en það hefur þó verið spyrnt við fæti, og það, sem er mest um vert, allar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af núverandi ríkisstjórn, hafa miðað að því að tryggja atvinnumálin í landinu, og það hefur tekizt svo vel, að það mun vera einsdæmi í sögunni, að menn hafi haft slíkar tekjur á Íslandi almennt eins og nú er. Það er vitanlegt, að svo og svo mikill hluti af þeim tekjum fer aftur til ríkisins og til bæjarsjóða, eins og það hefur alltaf gert, en hvenær hefur það skeð í jafnríkum mæli og nú, að erfitt sé m. a. að fá menn til að starfa að aðalatvinnuvegi þjóðarinnar eins og togaraveiðum og veiðum á bátum yfir vertíðina, þrátt fyrir það að þessir menn hafi ekki einungis góðar tekjur, heldur margir hverjir mjög miklar tekjur? Ég minnist ekki þess á minni ævi, að það hafi verið jafnerfitt að fá menn til þess að starfa að slíkum störfum eins og nú, einmitt vegna þess, að aðrir atvinnuvegir í landinu eru svo blómlegir, að þeir bjóða enn betri kjör, og það er m. a. vegna þeirrar stjórnarstefnu, sem hér hefur verið í landinu undanfarin ár. Það er þess vegna einmitt, sem þessi stofn, söluskatturinn, vex frá ári til árs, að hann er skýrasta tákn þess, hversu mikil gróska er í atvinnumálunum á Íslandi, því að prósentan hefur ekki verið hækkuð. Viðskiptin hafa aukizt og blómgazt vegna þeirra ráðstafana, sem ríkisstjórnirnar hafa gert á þessum undanförnum árum. Og það er hlægilegt, þegar menn svo rísa upp og tala um, að þetta sé erfiðasta byrðin á þjóðinni, sem er skýrasta tákn þess, að þjóðinni líður vel undir þessu formi, enda hefði ég ekki tekið mér tíma til þess að mótmæla þessu, ef þetta hefði ekki komið frá hv. þm. Vestm. og getað verið skoðað sem ummæli frá Sjálfstfl. í sambandi við umr. um þetta mál. Ef það hefði komið frá þeim mönnum, sem telja sér skylt að mæla á móti öllu, sem hæstv. ríkisstj. gerir, þá hefði ég sannarlega ekki tekið þetta svo alvarlega, en þegar um það er að ræða, að einn af þeim mönnum, sem á þátt í þessari uppbyggingu, snýst þannig í þessu máli eins og hann hefur snúizt hér, þá get ég ekki annað en mælt á móti þeim ummælum.

Ég vil í sambandi við þetta einnig leyfa mér að benda á, að ekki fá af þeim nýju verkefnum, sem hæstv. ríkisstjórn hefur stutt að, svo sem að auka atvinnutæki hvar sem vera skal á landinu, hafa beinlínis orðið til þess að torvelda, að hægt væri að spyrna á móti dýrtíðinni í landinu eins og æskilegt væri, af því að ný verkefni, sem gefa nýjar tekjur til mannanna, krefjast nýrra og fleiri verkamanna, meiri starfskrafta, eftirspurnin verður meiri, og þar af leiðandi verður kaupgetan meiri og því erfiðara að vinna á móti sjálfri dýrtíðinni í landinu. Þetta er augljóst mál. Það er vitað m. a., að 53 millj. kr. verktakasamningur, sem gerður var í Keflavík í fyrra um þetta leyti, hlaut að skapa ákaflega mikla erfiðleika í sambandi við þetta mál. Og hann skapaði strax á fyrsta stigi svo mikla erfiðleika, að það var vegna hans og hans eins, að ekki var hægt að víkja frá Tryggingastofnuninni þeim kaleik, að hún greiddi tugi milljóna króna til þess að sætta vinnudeilur í landinu. Þetta getur hver maður séð, sem vill yfirleitt líta nokkuð inn í þjóðmálin.

Þetta vildi ég hafa sagt um söluskattinn sjálfan, en ég get ekki látið vera að segja nokkur orð um þá brtt., sem er hér á þskj. 228, úr því að ég tók hér til máls á annað borð.

Það hafa komið fram raddir frá a. m. k. tveim hv. þm., hv. þm. N-M. og hv. þm. Vestm., að þeir væru nokkurn veginn efnislega samþykkir þeirri stefnu, sem væri farið inn á, ef till. yrðu samþ. (Gripið fram í.), eða hefðu tilhneigingu til þess, en hvorugur treysti sér til þess að gera það nú á þessari stundu, vegna þess að það mundi hafa slík áhrif á afgreiðslu fjárl. Ég er hins vegar alls ekki samþykkur þessu. Ég er alveg mótfallinn því, og það vildi ég gjarnan að kæmi hér fram. Ég er alveg mótfallinn því, að það sé farið inn á þá leið að leggja á skatta af Alþingi eða ríkisins hálfu í ríkissjóðinn til þess að láta aftur hluta af þeim ganga til sveitarfélaganna. Ég tel það vera ranga stefnu og fer ekki dult með það. Ef sveitarfélögin þurfa að halda á meira fé og ekki er hægt að ná því fé á neinn annan hátt en að taka það af ríkistekjunum, þá á fyrst að minu áliti að endurskoða þær kvaðir, sem hafa verið lagðar á sveitarfélögin, og létta af þeim kvöðum, en ekki láta kvaðirnar hvíla á sveitarfélögunum og síðar að koma til ríkisins og heimta fé úr ríkissjóði til þess að greiða kostnað við þær kvaðir, sem ríkið leggur á þau. Hér er verið að fara í kringum málið, og því er ég mótfallinn. Það þarf að athugast gaumgæfilega og það á að vera m. a. verkefni þeirrar mþn., sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, að sjá um, hvort það sé eðlilegt og hvort það sé fært að létta eitthvað af þeim kvöðum, sem Alþ. hefur lagt á sjálf sveitarfélögin í sambandi við ýmis mál, svo sem tryggingarnar, skólana, löggæzlu o. fl. í landinu. Þetta hefur verið til umr. í n. og er til umr. í n. enn, og það er sú leið, sem ber að fara, ef Alþ. kemst að þeirri niðurstöðu, að það verði að hjálpa sveitarfélögunum um nýja tekjustofna, — þá ber fyrst og fremst að létta þessum kvöðum af. Ég tel vera fjarstæðu að fara að leggja þetta á sem tolla eða skatta til ríkisins og greiða það síðan aftur út annaðhvort í jöfnunarsjóð eða eitthvað annað. Þess vegna er ég mótfallinn þessu. Þegar svo væri komið, mundu vitanlega kröfurnar halda áfram, það yrði ekki heimtaður 10. hluti eða 20. hluti í dag, heldur yrði haldið áfram að færa sig upp á skaftið, þar til heimtað væri, að allur kostnaður væri greiddur af ríkissjóði, þar til svo væri komið, að einn sameiginlegur sjóður yrði fyrir sveitarfélög, bæjarfélög og ríkissjóð. Um það má ræða, en þá erum við komnir aftur inn á það, að að sjálfsögðu yrðu fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna þá einnig að vera afgreiddar á Alþ., alveg eins og hvert einasta atriði, sem hér er gert í sambandi við fjárl.

Það er af þeim ástæðum, sem ég hef nú lýst, að ég mun greiða atkvæði á móti till. á þskj. 228, og lýsti ég því fullkomlega í n., þegar málið var afgreitt. Hv. 1. þm. N-M. sagði, að hann vildi nú ekki gera þetta af því, að hann vildi ekki taka fram fyrir hendurnar á þeirri n., sem í tvö ár hefði haft þetta til athugunar. Ég get alveg full-

vissað hann um það án þess að segja mikið, að það er mjög vafasamt, að sú von hans rætist, að þessar till. í sambandi við tekjur til sveitarfélaganna verði lagðar fram fyrir Alþ. núna strax eftir nýárið. Það mega þá verða einhver önnur vinnubrögð í nefndinni en hefur verið hingað til, ef það á að geta skeð. Annað meira skal ég ekki segja um það starf. Hins vegar er hlutverk n. að gera það, og ég geri ráð fyrir því, að hún geri það að minnsta kosti áður en hið reglulega Alþ. kemur saman í okt. Ég tel, að hún hafi ekki leyst að fullu sitt verkefni, nema því aðeins að hún brjóti það til mergjar, hvaða umbætur megi gera hér á, og það hafa þegar, a. m. k. síðan ég kom í n., verið ræddir ýmsir möguleikar til þess að leysa þennan vanda og margir hverjir þeir möguleikar eru líklegir til þess að mæta þeim óskum og kröfum, sem hér eru bornar fram. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við þetta mál.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Ég skal víkja fyrst með nokkrum orðum að brtt. á þskj. 228 og þeim athugasemdum, sem fram hafa komið í sambandi við þær.

Ýmsir hv. þm., eins og t. d. hv. N-M., hafa sagt ótvírætt, að þeir hafi mikla tilhneigingu til þess að fylgja þessum till., væru í andanum þeim meðmæltir, en sú vonda veröld og harði veruleiki mundi nú knýja þá að þessu sinni til þess að víkja af brautum dyggðarinnar og styðja heilsusamlega afgreiðslu fjárl., að mér skildist. Önnur röksemd hv. þm. N-M. var sú, að það væri að taka fram fyrir hendur mþn. að sjá sveitarfélögunum fyrir nokkrum tekjustofnum. Hv. þm. Barð. benti nú á, að n. hefði haft þetta mál til meðferðar í full tvö ár, svo að ég hygg, að það væri ekki úr vegi, að Alþ. sýndi n. vilja sinn, þótt ekki væri til annars en að ýta á eftir, að hún tæki þennan þátt af sínu verkefni til athugunar, sem ég hygg að hingað til hafi legið lítt athugaður í hv. n.

Að því er snertir fjárhagshlið málsins, skal ég geta þess, að ég hef nú athugað ríkisreikninginn frá 1952 og fjárlagafrv. fyrir 1954, og í reikningi ársins 1952 er það hvorki meira né minna en 8.2 millj. kr., sem ríkissjóður hefur greitt vegna vanskila á vöxtum og afborgunum af lánum, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Og sú upphæð hefur farið vaxandi ár frá ári. Ég hygg, að þetta sé mjög alvarleg vísbending til hv. Alþ. Ég tel enga ástæðu til að ætla, að hæstv. fjmrh. borgi þetta af öðrum ástæðum en brýnni nauðsyn. Þessi upphæð, eins og ég sagði áðan, fer hækkandi ár frá ári, sem stafar af þeim fjárhagsörðugleikum, sem þorri bæjar- og sveitarfélaganna á nú við að stríða. Og ef það er nokkuð, sem sannar áþreifanlega þörf sveitarfélaganna fyrir skjótar ráðstafanir til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikunum, þá er það einmitt þessi greiðsla úr ríkisssjóði. Í fjárlagafrv. er söluskatturinn áætlaður 91.5 millj. kr. Fjórði hluti hans er þess vegna tæplega 23 millj. kr., en fullvíst er, að útgjöld ríkissjóðs mundu af þeim sökum lækka minnst um 8 millj. kr. og sennilega nokkru meira, þannig að það, sem í raun og veru tekjur ríkissjóðs skerðast við þetta, er ekki nema rétt í kringum 14 millj. kr. og líklega ekki einu sinni það. Ég held því, að það væri hið mesta óráð að láta reka á reiðanum í þessu efni og bíða eftir allsherjar bjargráði frá hv. mþn. í skattamálum, þingið verði nú þegar að gera sínar ráðstafanir til að leysa þessi atriði.

Á bæjarstjórafundinum, sem haldinn var í fyrra, var samþ. ályktun í þessa átt, af fundarmönnum öllum, ætla ég. Var talið þar, að ekki mundi nægja minna en helmingur söluskattsins, eða allt að 50 millj. kr., til þess að leysa vandræði sveitarfélaganna í þessum efnum. Hér er því ekki farið fram á nema nokkurt brot af því, sem bæjarstjórafundurinn taldi að nauðsynlegt væri. Hef ég stuðzt í þessu efni við till. borgarstjórans í Reykjavík, sem hann bar fram með stuðningi margra flokksmanna sinna á síðasta Alþ., eins og kunnugt er, og færði fyrir, að ég hygg, þau hin sömu rök sem hér eru fram borin, en því einu bætt við, sem reikningar ríkissjóðs hafa síðan sýnt um greiðslur vegna vanskila á lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir fyrir sveitarfélögin.

Ég skal láta þetta nægja um brtt. að sinni, en get ekki látið hjá líða að víkja nokkrum orðum að söluskattinum almennt vegna þeirra miklu umr., sem nú við 3. umr. hafa orðið um eðli hans og áhrif.

Það er alveg fullkomlega rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði hér í upphafi ræðu sinnar, að söluskatturinn var á lagður sem hrein og bein bráðabirgðaráðstöfun til þess að koma í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins eða vélbátaflotans, með því að tryggja á þann hátt vélbátaeigendum ákveðið lágmarksverð fyrir sínar afurðir, sem talið var að gerði þeim fært að halda bátunum úti. Til þess að ríkissjóður gæti fullnægt skuldbindingum sínum um að tryggja ábyrgðarverðið var svo söluskatturinn á lagður til að greiða þær uppbætur, sem þyrfti hverju sinni að greiða, til þess að ábyrgðarverðið fengist. Þessi var tilgangur söluskattsins. Í þessu skyni var hann á lagður og innheimtur. Ég álít, að það hafi verið alveg rangt og óhyggilegt að hverfa frá þeirri stefnu, sem stjórn Stefáns Jóhanns tók upp á árunum 1947—1949 og fylgdi á því tímabili. Það er eina raunverulega alvarlega viðleitnin, sem sýnd hefur verið hér á landi, frá því að stríðið hófst, til þess að stöðva dýrtíðina og mynda sæmilega fastan grundvöll undir atvinnulífið í landinu. Einn meginþátturinn í þeim aðgerðum var ábyrgðarverðið fasta á útflutningsafurðunum og að nokkru leyti framhald á fyrri niðurgreiðslum á vöruverði hér innanlands, enda sýndi það sig, að á þeim tveim árum, sem sú stjórn fór með völd, frá 1947 til haustsins 1949, þegar hún leystist upp eftir kosningarnar, þá hafði dýrtíðin ekki aukizt nema um örfá stig. Hún lækkaði fyrst úr 328 og niður í 315 stig og var, ætla ég, komin eitthvað upp fyrir 330 stig, þegar stjórnarsamstarfið gliðnaði á haustinu 1949. Það er eina tímabilið, síðan stríðið hófst, sem tekizt hefur að halda nokkurn veginn föstu verðlagi í landinu og veita atvinnuvegunum nokkra tryggingu fyrir því, hvað þeir fengju fyrir sína framleiðslu. Ég tek alveg undir það,

sem hv. þm. Vestm. sagði, að þeir ósvífnu palladómar, sem kveðnir hafa verið upp um störf þessarar stjórnar, eru hinir furðulegustu. En hvað um það, meiri hluti Alþ. valdi þá leið að hverfa frá þeirri stefnu að tryggja ákveðið útflutningsverð og greiða uppbætur til að ná því, en ætlaði sér að leysa málin með því að lækka gengi krónunnar og fá þar með hækkað krónuverð á útflutningnum. Hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að með þessum ráðstöfunum hefði tekizt að afstýra ægilegasta bölinu, sem hefði vofað yfir þjóðinni, atvinnuleysinu, vegna þessara ráðstafana væri nú svo komið, að allir hefðu nóga vinnu, það væri reglulega erfitt að fá menn í vinnu og allir hefðu nóga peninga. Ja, mikil er trú þín, kona! ef ég mætti svo orða það. Gleymir hv. þm. því, að það vinna milli 3 og 4 þús. manns suður á Keflavíkurflugvelli og launagreiðslur til þessa fólks nema eitthvað yfir hálfa milljón hvern einasta dag? Man hv. þm. ekki, hvernig ástandið var hér 1951 og 1952, þann vetur, eftir blessun gengislækkunarinnar og eftir bátagjaldeyrinn? Þá voru yfir 2 þús. manns atvinnulausir í Reykjavík. Sannleikurinn er sá, að það, að allir hafa hér nóga atvinnu nú, er engan veginn afleiðing gengislækkunarlaganna og ekki heldur bátagjaldeyrisins, heldur bein afleiðing af þeim miklu framkvæmdum, sem varnarliðið hefur með höndum suður í Keflavík, og þeirri atvinnu, sem þessi sérstæði tekjuliður skapar öðru fólki í landinu en því, sem beinlínis vinnur þar, því að það fé, sem fólk vinnur sér inn á Keflavíkurflugvelli, verður ekki allt eyðslueyrir. Ýmist er það fé lagt í gagnlegar framkvæmdir, eins og t. d. að byggja hús yfir sig, rækta jörð og annað slíkt.

Því miður verðum við að horfast í augu við þá sorglegu staðreynd, að allar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til þess að tryggja atvinnulífið í landinu hafa gersamlega mislánazt. Hv. þm. Vestm. orðaði þetta ákaflega skemmtilega áðan. Hann sagði, að hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar hefðu alla tíð átt í stöðugri baráttu við dýrtíðina og hefðu reynt öll möguleg, hugsanleg ráð til þess að ráða hennar niðurlögum. En þetta hefur verið fjandans erfiður draugur við að eiga, minnir á Fróðárundrin helzt. Fyrst er gengið lækkað og útlendi gjaldeyririnn hækkaður um 75% til þess að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar. Síðan er bátagjaldeyrisfyrirkomulagið tekið upp, og þar var hækkaður um 60% mikill hluti af innflutningi þjóðarinnar af ýmiss konar varningi. Og enn er lagður á söluskattur, sem í flestum tilfellum nemur samanlagt hjá heildsölu og smásölu ekki minna en 10% og oft meiru. Er það ekki furðulegt fyrirbæri, að þrátt fyrir allar þessar „stórfenglegu ráðstafanir til þess að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar“, í gæsalöppum, eins og mér skildist hv. þm. meina, skuli ekki hafa tekizt að ná tilætluðum árangri? Það er alveg augljóst hverjum heilskyggnum manni, að þær ráðstafanir, sem hér eru nefndar, hvað sem annars má um þær segja, þær hljóta að verða til þess að auka dýrtíðina í landinu, til þess að skapa erfiðari lífskjör, til þess að fólk verður að heimta fleiri krónur til að geta fullnægt sínum þörfum. Af því leiðir aftur, að þær vörur, sem við framleiðum í landinu, verða dýrari en ella og erfiðara þess vegna að standast samkeppni við sams konar vörur annars staðar að, eins og ég benti hér á fyrst í máli mínu.

Ég held, að við ættum að gera okkur grein fyrir því, að hvað sem segja má um þessar ráðstafanir annars, þá er það náttúrlega hreint og beint fjarstæða að halda því fram, að þær miði að því að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar í landinu. Það er svo gersamlega fráleitt, þegar tillit er tekið til þess til viðbótar, að samhliða því, sem þessar ráðstafanir eru gerðar, er gróðaöflunum í þjóðfélaginu bókstaflega gefinn taumurinn laus. Verðlagseftirlitið er sumpart afnumið og sumpart að engu gert. Eftirlit með húsaleigu er ekkert. Hver og einn getur lagt á sína þjónustu, vöruna, sem hann selur, húsnæðið, sem hann leigir, svo að segja eins og hann sjálfur girnist, án þess að hið opinbera hafi þar afskipti af. Sannleikurinn er sá, að með þessum hliðarráðstöfunum hefur verið, eins og reyndar hv. þm. Eyf. orðaði það, þó að hann ætti nú við annað, skapaður möguleiki fyrir hópa manna og fjölda einstaklinga í þjóðfélaginu til þess að skapa sér alveg gersamlega óréttmætan og óeðlilegan gróða, og sá gróði verður ekki annars staðar tekinn en af hinu fólkinu í landinu og hlýtur að koma fram sem aukinn kostnaður við að halda í því lífinu, að svo miklu leyti sem það fæst bætt í gegnum kauphækkanir, og þá sem aukinn framleiðslukostnaður á vörum og varningi í landinu, hvort sem það er til neyzlu hér eða til útflutnings. Þetta er sú svikamylla, sem búið er að byggja upp og við nú súpum seyðið af.

Ég skal ekki lengja þessar umræður að sinni. Mér þótti yfirleitt gott og vel við eigandi, að þessar almennu hugleiðingar komu hér um ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í þessu efni og eðli og tilgang söluskattsins, og vildi mega vænta þess, að þess verði nú ekki langt að bíða úr þessu, að almenningur knýi fram afnám eða breytingu á þessum lögum um söluskatt, og get að því leyti tekið undir frómar óskir hv. þm. N-M. um störf mþn., þótt ég hins vegar sé þeirrar skoðunar, eins og ég sagði fyrst, að það væri mjög heppilegt, skynsamlegt og fyllsta ástæða til að gefa henni nokkrar ábendingar um að hraða störfum sínum í þessu efni, t. d. með því að samþ. þessar brtt. mínar, sem hér liggja fyrir og mundu gera það nokkru meira aðkallandi en nú er, þótt ekki sé um stórt að ræða, að n. ljúki störfum og leggi sínar till. um þetta atriði fyrir hv. Alþ.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd og varla það. Ég skal geta þess, að þegar ég talaði um þetta mál dálitið frá almennu sjónarmiði, var það einkum og sér í lagi vegna þess, að ég hef fengið alveg minn hluta af alls konar gagnrýni, vinsamlegri og óvinsamlegri, fyrir þau afskipti, sem ég hafði af þessum málum, og líka fyrir það á sínum tíma, að þessi söluskattur var innleiddur af þá aðkallandi nauðsyn. Ég tók til máls um málið til þess að rekja ofur lítið sögu þess og stikla á því stærsta, en ég geri enga kröfu til þess að vera álitinn standa hér sem fulltrúi Sjálfstfl.

eða að ræðan væri flutt fyrir hans hönd. Ég eftirlæt hv. þm. Barð. með ánægju þann heiður að tala fyrir flokksins hönd.

Hitt ætla ég, að staðreyndirnar sanni í þessu máli það, sem ég hélt fram, að það hefði gengið á svo mörgum breytingum og ýmsum aðferðum, sem menn hefðu aðhyllzt á hverjum tíma, að oft og tíðum hefði það verið álitið gott og gilt síðar meir og menn hefðu stutt það með atkv. sínu og afskiptum, sem þeir áður hefðu verið búnir að telja ófært, og þar vitnar þingsagan um, að slíkt hefur einmitt komið fyrir minn ágæta kollega, hv. þm. Barð., og má þá nærri geta, hvernig um aðra fer, þegar svo fer með hið græna tré.

Ég álít ekki nema rétt, að rifjað sé upp málið í heild sinni svona dálítið til athugunar, eins og ég hef gert. Sérstaklega álít ég það mikils virði í þessu máli að heyra þær yfirlýsingar, sem hv. þm. Barð. gaf, eða a. m. k. lét mjög skína í í lok sinnar ræðu, að það mundi bráðlega vera von á raunhæfum tillögum, — mér skildist frá mþn. í skattamálum — einmitt til þess að bæta eða auka tekjustofna sveitarfélaganna og þar með að bæta þeirra kjör og hag. Ég væri fyrir mitt leyti mjög þakklátur fyrir, að slíkt kæmi fyrr en síðar í dagsins ljós, og ég ætla, að allir hv. dm. geti verið sammála um, að slíkra aðgerða er orðin mjög brýn þörf í flestöllum sveitarfélögum, þótt með mismunandi hætti sé.

ATKVGR.

Brtt. 228 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** FRV, GÍG, HG.

**nei:** VH, AE, BSt, HermJ, IngF, JJós, KK, LJóh, PZ, SÓÓ, GJ.

3 þm. (BBen, BrB, JK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 248).

## 10. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um framlengingu bráðabirgðaákvæða).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:

**Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.** [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í þessu frv. eru ákvæði nokkur um vörumagnstoll, sem gilt hafa undanfarin ár, en aðeins frá ári til árs. Með þessu frv. er farið fram á, að þessi ákvæði verði framlengd fyrir árið 1953. Sé ég ekki ástæðu til að hafa um það frekari formála, þar sem hér er á ferðinni mjög gamall kunningi hv. dm., en legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 198).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þetta frv. hefur legið alllengi hjá fjhn. óafgreitt. Ástæðan til þess, hvað afgreiðslan hefur dregizt, er ekki sú, að fjhn. hefði ekki haft nógan tíma til þess, og málið er ekki svo flókið eða vandasamt, að hún út af fyrir sig hefði ekki fyrir löngu getað tekið afstöðu til þess efnislega, heldur er ástæðan sú, að n. hafði vitneskju um það, að tollskráin var í sérstakri athugun hjá þar til skipuðum mönnum, og var lengi búizt við því, að frv. um endurskoðaða tollskrá mundi verða lagt fyrir þingið, og verður kannske gert, en nú þykir sýnt, að það verði a. m. k. ekki gert fyrir áramót. En ef svo færi, að engin ný lög yrðu sett um tollskrána fyrir áramót og þetta frv. ekki samþ., þá mundi falla niður frá 1. jan. sú tekjuöflun, sem 1. gr. frv. fjallar um, og einnig sú ívilnun í greiðslum, sem 2. gr. fjallar um, og sú eftirgjöf á tollum, sem 3. gr. fjallar um. En þetta allt hefur gilt undanfarin ár, og frv. er ekki annað en endurnýjun á því, sem gilt hefur. Ef það félli niður, þá mundi það auðvitað valda óþægindum og röskunum, sem eru ófyrirséðar afleiðingar af, t. d. ákvæðin í 3. gr. Það mundi ýmsum finnast koma töluvert í bága við samningana upp úr vinnudeilunni í fyrra, ef þau ákvæði féllu nú niður og þyrfti að fara að innheimta þá tolla, sem þar um ræðir, samkv. sjálfri tollskránni.

Af þessum ástæðum er það, að fjhn. sá ekki fært að draga lengur að afgreiða þetta mál og hefur nú gert það og leggur til, að það verði samþykkt. Þó hefur einn hv. nm., 4. þm. Reykv., tjáð sig andvígan 1. gr. frv. og hefur áskilið sér rétt til að bera fram brtt., sem ekki hafa þó verið lagðar fram enn. Og annar nm., hv. þm. Seyðf., var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið, og tók því ekki þátt í afgreiðslunni, en ég geri ráð fyrir, að hann sé okkur hinum töluvert mikið sammála um þetta mál. En þó að n. leggi það til í aðalatriðum, að frv. sé samþ. og þar með endurnýjuð eða framlengd þau ákvæði, sem gilt hafa um þessi efni, þá tók hún eftir því, að það er ofur lítill smíðagalli á frv., sem hún leggur til að lagfærður sé.

Undir tölulið 1 í 3. gr., staflið e, er svo ákveðið, að heimilt sé að fella niður aðflutningsgjald af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár. En svo kemur annar töluliður þessarar sömu greinar, sem hljóðar svo, að ríkisstj. sé heimilt að lækka um helming aðflutningsgjald af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár. N. virðist þetta vera eins konar hortittur, því að það er auðvitað alveg óþarft að fara að hafa sérstakan tölulið um það, að lækka megi aðflutningsgjöld af sykri um helming, á eftir ákvæði um það, að fella megi þessi aðflutningsgjöld alveg niður, og það mun hafa verið gert undanfarið. Þau hafa verið felld alveg niður, og mun alls ekki vera meiningin að nota þá heimild, sem í 2. lið felst, að lækka þessi gjöld um helming.

N. leggur því til, að 2. töluliður 3. gr. sé felldur niður og í staðinn fyrir 1. tölulið komi bara stafliðirnir, sem tiltaka, af hvaða vörum aðflutningsgjald megi fella niður, og ber fram brtt. um það í nál. sínu á þskj. 198.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, þá er ég andvígur ýmsum atriðum í 1. gr. frv. og hef áskilið mér rétt til þess að bera fram brtt. við hana og frv. í heild sinni. Því miður hefur mér ekki unnizt tími til frá því í gær, að n. afgreiddi þetta mál, að ganga frá brtt., en ég mun reyna að hafa þær til fyrir 3. umr. og geymi mér þá að tala frekar um málið, þangað til ég legg þær fram.

ATKVGR.
Brtt. 198 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 8, 198).

**Haraldur Guðmundsson:** Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt., en hef því miður ekki haft tíma til að undirbúa hana. Ég veit ekki, hvort forseti treystir sér til að taka málið út til morguns. Ég gæti undirbúið till. fyrir þann tíma. Ég vildi mjög gjarnan mælast til þess.

**Forseti (GíslJ):** Ég mun verða við tilmælum hv. 4. þm. Reykv., en vil mælast til þess, að brtt. verði tilbúin fyrir næsta fund, sem ég býst ekki við að geti orðið fyrr en á fimmtudag.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 8, 198, 226).
Afbrigði um brtt. 226, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, þá hef ég breyt. að gera við frv. um breyt. á tollskrá o. fl. Breyt. þessar er að finna á þskj. 226. Hin fyrsta lýtur að því, að B-liður 1. gr. skuli falla niður, og 2. brtt. er bein afleiðing af því. Í þessum lið, B-lið 1. gr., er heimilað að hækka verðtollinn um 45% eða, eins og það er orðað í gr., að innheimta verðtollinn með 45% álagi. Eins og verðlagsbreytingum er háttað, þá er það bersýnilegt, að verðtollurinn fylgist nokkurn veginn með hækkuðu verðlagi og gefur þess vegna því meiri tekjur sem verðlagið á þeim vörum, sem hann er lagður á, verður hærra. Einmitt gengislækkun íslenzku krónunnar varð þess vegna til þess að hækka verðtollinn stórkostlega, nokkurn veginn sem samsvaraði því, sem erlendur gjaldeyrir, sem vörurnar voru keyptar í, hækkaði í verði, eða um nálægt 72%. Því var það í rauninni alveg óeðlilegt að halda því álagi á verðtollinn, sem áður hafði verið, enda viðurkenndi hæstv. ríkisstj. það í orði með því að lækka álagið örlítið frá því, sem áður var. Ég ætla, að það hafi verið 65% áður. Nú eru til athugunar breytingar á tolla- og skattakerfi ríkissjóðs, og eftir því sem stjórnarblöðin hafa skýrt frá, þá má gera ráð fyrir því, að till. um heildarbreyt. á skatta- og tollalöggjöfinni verði lagðar fyrir þetta þing svo snemma, að þær nái afgreiðslu áður en þinginu lýkur. Ég álít því rétt að svo stöddu að fella nú niður þennan viðauka á verðtollinum og vænti þess, að sú nefnd, sem um þetta fjallar, leiti þá annarra tekjustofna til að bæta þetta upp. (Gripið fram í.) Já, mþn., eins og hæstv. dómsmrh. veit, var falið að gera heildarendurskoðun á tolla- og skattakerfi ríkissjóðs, bæði beinum sköttum og tollum.

3. brtt. á sama þskj. er sérstaks eðlis og gengur aðeins í þá átt að bæta örlítið úr því misrétti, sem tollaálagningin og tollskráin innifelur. Þar er lagt til, að aftan við e-lið 3. gr., — en þeir liðir, a—e, eru upptalning á þeim vörum, sem aðflutningsgjöld skulu felld niður á, — sé bætt einum lið, f-lið, og í honum séu lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 30. kafla tollskrárinnar. Þetta munar engu fyrir ríkissjóðinn fjárhagslega, hvort aðflutningsgjöld eru heimt af þessum vörum. Aftur á móti kemur það fram í verðlagi lyfjanna. Það verður til þess að hækka þau, og munu þó flestir sammála um, að þau séu nógu dýr fyrir. Það sýnist alveg óeðlilegt að gera ríkissjóði að tekjustofni aðrar eins vörur og lyf, sem eru notuð að langmestu leyti beinlínis eftir læknisráði og til þess að lina þrautir manna og reyna að veita þeim lækningu. Hvað sem líður þess vegna þeim meginmun í skoðunum, sem ég þykist vita að sé milli mín og hv. meiri hl. og stjórnarflokkanna um 1. og 2. till., þá vænti ég, að sú litla till., sem greinir í 3. lið á þskj. 226, geti náð samþykki hv. dm. allra, því að þar er aðeins um að ræða — mér liggur við að segja sjálfsagða leiðréttingu, sem ekki getur haft nein áhrif á fjárhag ríkisssjóðs.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Þegar þessari umr. var frestað hér á dögunum, þá var það með tilliti til þess, að nefndin athugaði betur brtt. sína á þskj. 198, hvort hún væri ekki óþörf. Ég gat þess að vísu þá þegar, að ég áliti, að þetta væri fullathugað og óþarfi að fresta umr. þess vegna. Ég hef nú athugað það betur síðan, að það er alveg ástæðulaust að samþ. 2. tölulið 3. gr., þar sem hann er um sama efni og kemur að nokkru leyti í bága við e-lið 1. tölul. Þessi 2. tölul. mun bara vera leifar úr eldri lögum. Þá var heimilað að lækka um helming aðflutningsgjald af sykri o. s. frv., en svo var síðar settur inn e-liðurinn, án þess að 2. tölul. væri afnuminn. Brtt. n. er því alveg hárrétt að mínu viti. Hefur lítillega um það verið rætt í n. síðan, og er það álit nefndarinnar.

Þá liggja hér fyrir brtt. frá 4. þm. Reykv. Það segir sig sjálft eftir þeirri afstöðu, sem þegar er tekin af meiri hl. n., að hún getur ekki fallizt á þessar till., a. m. k. ekki á 1. og 2. lið þeirra. Hér er um framlengingu eldri laga að ræða, og þetta álag á verðtollinn, sem hér um ræðir, hefur áður verið innheimt og verið framlengt, og við, sem erum í meiri hl. n., álítum, að það geti

ekki komið til mála að lækka tekjur ríkissjóðs á þann veg, sem hv. 4. þm. Reykv. leggur til. Það má auðvitað færa ýmsar ástæður fyrir till. um skattalækkanir og tollalækkanir, en þeim till. þyrfti þá að fylgja greinargerð fyrir því, hvað ætti að koma í staðinn eða hvaða útgjöld ríkissjóðs ætti að lækka í staðinn. Ég álít, að ekki sé forsvaranlegt af þeim þm., sem vilja telja sig bera nokkra ábyrgð á gerðum sínum, að bera fram svona till. án þess. Ég býst við, að þetta komi nú betur til umr. í öðru máli, sem hér er á dagskrá í dag.

Það, sem hv. þm. sagði um það, að verðtollurinn fylgdist með verðbreytingum, þá er nokkuð til í því. En eins og hann sjálfur tók fram, þá var einmitt þetta álag lækkað, þegar gengisbreytingin var gerð, og þar af leiðandi tekið tillit til þeirrar verðbreytingar, og svo hækka sífellt útgjöld ríkisins, en ég hef ekki orðið þess var, að hv. þm. vildi nú lækka þau mikið, m. a. liggur nú hér fyrir frv. frá honum sjálfum, sem mundi hafa í för með sér töluverðan gjaldaauka.

Um 3. lið brtt. hv. þm. get ég ekkert sagt fyrir n. hönd, því að það hefur ekki beinlínis verið tekið fyrir á nefndarfundi, en þó geri ég ekki ráð fyrir því, að n. vilji nokkuð breyta afstöðu sinni í þessu máli, en fullyrði ekki um það fyrr en frekar líður á umr.

ATKVGR.
Brtt. 226,1 felld með 10:1 atkv.
— 226,2 tekin aftur.
— 198,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 198,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 226,3 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GÍG, HG, JJós, JK, LJóh, SÓÓ.
**nei:** HermJ, IngF, KK, PZ, VH, AE, BSt, BBen, GíslJ.
2 þm. (BrB, FRV) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 233).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 252, 253).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Frv. þetta er um bráðabirgðabreyt. á lögum um tollskrá. 1. gr. mælir fyrir um viðbót við vörumagnstoll og verðtoll. 2. gr. er um það, að ákveðnar vörur, sem þar eru upp taldar, skuli undanþegnar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. gr. Og loks er í 3. gr. heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörutegundum.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við þau lög, er nú gilda, og eru ákvæði þess efnislega alveg samhljóða þeim lögum um þessi efni, sem gilda nú til loka þessa árs, og slík lög hafa verið framlengd ár hvert fyrir eitt ár í senn að undanförnu.

Eins og fram kemur á þskj. 252 mælir fjhn. með frv., en einn nm., hv. 1. landsk., hefur lagt fram brtt. við frv. á þskj. 253. Ég vil taka það fram, að aðrir nm. geta ekki á þessar till. fallizt, telja, að það sé ekki fært annað en framlengja þessi lög eins og gert hefur verið að undanförnu. Er það því till. okkar fjögurra nm. í fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.
Brtt. 253,1 felld með 13:9 atkv.
1. gr. samþ. með 17:7 atkv.
Brtt. 253,2 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 253,3 felld með 15:9 atkv.
3. gr. samþ. með 21:3 atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 289).

---

## 11. Gengisskráning o. fl. (sparifjárbætur).

Á 5. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.** [51. mál] (stjfrv., A. 55).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er brbl., sem voru gefin út s. l. sumar. Það er ekki stórvægileg breyting, sem felst í þessu frv. frá núgildandi lögum, en það er þó ein breyting, að unglingar innan við 16 ára aldur geti fengið sparifé sitt bætt án þess að hafa talið það fram. Eins og lögin eru, þá er gert ráð fyrir, að því aðeins skuli sparifé bætt, að það hafi verið talið fram.

Þá er hér orðabreyting, þar sem talað er um, að „bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946“, segir hér í þessu frv., „og skal miðað við lægri innstæðufjárhæðina“. Það er breyting frá því, sem nú er í l. Ég hef ekki athugað þetta nákvæmlega, en ég held, að það

væri gott, ef hv. fjhn., sem fær frv. til athugunar, vildi gera svo vel að bera þessa málsgr. saman við l. eins og þau nú eru og athuga, hvort þetta orðalag stenzt nákvæmlega. Mér sýnist í fljótu bili, að það mætti betur fara, en vil ekki fullyrða um það að svo komnu, en vil leyfa mér að fela hv. fjhn. að taka það til athugunar.

Þá er hér annað smávægilegt atriði, sem tekið er fram í þessu frv. til breyt. á l., og það er, að ekki skuli bæta fjárhæð, sem er lægri en 200 kr., og virðist það vera eðlilegt ákvæði, því að skriffinnskan við þessar uppbætur verður nú ábyggilega nóg, þó að miðað sé við lágmarksupphæð í líkingu við þetta.

Ég held, að það sé óþarfi að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég vil leggja til, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 212).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram borið til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út þann 20. apríl s. l. Í þeim brbl. er gerð dálitil breyting á ákvæðum gengislaganna, nr. 22 frá 1950, um uppbætur á sparifé. Í þeim lögum var ákveðið, að 10 millj. kr. af stóreignaskatti skyldi varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga á tímabilinu frá árslokum 1941 til júnímánaðarloka 1946, þ. e. a. s. á fé, sem staðið hefði inni í láns- eða viðskiptastofnunum yfir það tímabil.

Samkv. 2. málsgr. laganna var það skilyrði sett, að innstæðan hefði staðið óslitið frá árslokum 1941 til júníloka 1946 til ávöxtunar í nefndum láns- eða viðskiptastofnunum. Samt var ákveðið, að réttur til bóta félli ekki niður, þótt sparifé hefði verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun eða á milli stofnana. Landsbanka Íslands var samkv. lögunum falin framkvæmd úthlutunar á þessum uppbótum.

Nú er frá því sagt, að það hefur komið í ljós, þegar farið var að vinna að framkvæmd laganna, að það hafi verið miklum erfiðleikum bundið að fullnægja þessu skilyrði laganna, að innstæðan hefði staðið óhreyfð allan tímann, þ. e. a. s., það er talið mjög erfitt að rekja þannig feril þessa sparifjár og finna, hvort það hafi staðið inni allan tímann í einhverjum stofnunum, sem til greina koma. Því er það, að ríkisstj. hefur gefið út þessi brbl., en aðalbreyt., sem þar er gerð, er sú, að þetta skilyrði er fellt niður, að það sé sannað, að innstæðan hafi staðið óslitið allt tímabilið inni í einhverri slíkri stofnun, heldur segir í brbl., að bætur skuli miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946, og skal miðað við lægri innstæðufjárhæðina. Þetta er aðalbreytingin, sem gerð er.

Auk þess er ákveðið í brbl., að bætur skuli ekki greiða á heildarinnstæðufjárhæðir manna, sem lægri eru en 200 kr. Hefur ekki þótt ástæða til þess að taka lægri upphæðir með, en það mundi að sjálfsögðu auka töluvert starfið við þetta, ef ætti að taka slíkar smáupphæðir með við úthlutunina, en skiptir sennilega ekki miklu máli fyrir innstæðueigendur.

Þá er loks sú breyting gerð með brbl., að það skilyrði, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts, er ekki látið ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjáreigenda, sem voru yngri en 16 ára í lok júnímánaðar 1946, en að öðru leyti er skilyrðinu haldið um það, að fjárhæðin hafi verið talin fram til skatts, eins og er í l. upphaflega.

Fjhn. hefur athugað þetta frv., borið það saman við eldri l. og mælir með því, að það verði samþ., getur að athuguðu máli á það fallizt, að rétt sé að gera þessar breyt. á lögunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 270).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Þetta frv. er stjórnarfrv. og lagt fram til staðfestingar brbl. útgefnum í aprílmánuði s. l. Frv. er komið frá Nd., og urðu engar breyt. á því þar, enginn hv. þm. þar flutti brtt. við það. Fjhn. Ed. hefur athugað frv., svo sem álit hennar á þskj. 270 ber með sér.

Með l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., nr. 22 frá 19. marz 1950, var ákveðið, að 10 millj. kr. skyldi varið til þess að bæta verðfall, sem orðið hafði á sparifé einstakra manna, og ákveðið, að Landsbanka Íslands skyldi falin framkvæmd úthlutunar bótanna. Þegar til framkvæmdanna kom, sem var fyrst á þessu ári, þótti nauðsyn á lítils

háttar breytingu á lagaákvæðunum, og því voru brbl. þessi út gefin. Breytingarnar eru aðallega þrjár. Fyrsta breyt. er, að ákveðið er í brbl., að sparifé sé bótaskylt, þótt ekki hafi verið talið fram til skatts, ef það hefur verið eign ófjárráða unglinga. Sanngjarnt má telja, að unglingarnir gjaldi ekki vanrækslu fjárráðamanna sinna. Önnur breyt. er, að brbl. ákveða, að bætur skuli miða við heildarinnstæðu eins og hún var í árslok 1941 og í lok júní 1946, en þó aðeins við lægri upphæðina á þessum tímamörkum. Aðallögin mæltu svo fyrir, að upphæðin skyldi hafa verið óhreyfð allt þetta tímabil, nema sannaður væri flutningur milli innlánsstofnana. Rannsókn virtist ekki framkvæmanleg á þessu, eða allt of fyrirhafnarsöm a. m. k. Þess vegna er því slegið föstu með brbl. að miða við lægri upphæðina og sleppa nostri við athugun á því, hvort upphæðin kann að hafa orðið lægri einhvern tíma á tímabilinu. Í þriðja lagi er svo þetta: Engin lágmarksupphæð var tiltekin um bótaskylt fé í aðallögunum. Brbl. slá því föstu, að ekki komi til greina lægri innstæða en 200 kr. Engin ástæða virðist til að hreyfa vegna lægri upphæðar svo margar hendur sem hér koma til greina, ef bæta skal eða rannsaka, hvort bótaskylt sé.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. þetta. Fjhn. mælir óskipt með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 293).

---

## 11. Sjúkrahús o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.** [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta var undirbúið af fyrrv. ríkisstj. og er samið af landlækni. Það skýrir sig að mestu sjálft, þarfnast lítilla skýringa að öðru leyti en því, að það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hver útgjöld fyrir ríkissjóð mundi leiða af þessari styrktarstarfsemi, sem frv. gerir ráð fyrir.

Landlækni telst til, að á næstu árum muni styrkhæfir legudagar nema allt að 150 þús., er skiptast mundu þannig: 30 þús. legudagar á 5 krónur, jafnt og 150 þús., 80 þús. legudagar á 10 krónur, jafnt og 800 þús., og 40 þús. legudagar á 20 krónur, jafnt og 800 þús.; samtals 1 millj. og 750 þús. — En eins og hv. þm. sjá, er ætlazt til með frv., að styrkurinn sé misjafnlega hár til hinna ýmsu sjúkrahúsa eftir aðstæðum og legurúmafjölda, og er það tekið fram í 1. gr. frv.

En til frádráttar þessari 1 millj. og 750 þús. kr. koma rúmlega 160 þús. kr., sem nú eru veittar til rekstrar fjórðungssjúkrahúsa. Á fjárlögum næsta árs, þ. e. til styrkveitinga árið 1954, mundu nægja 800—900 þús. kr., og sennilegt er, að komizt yrði af með 1 millj. og 250 þús. kr. á fjárlögum 1955, því að nokkur aðdragandi verður að því, að sjúkrahús þau, sem nú eru í smíðum, taki til starfa og nái fullum legudagafjölda. — Þannig er álit landlæknis.

Ég býst við því, að ýmsir telji, að það sé vafasamt, hvort það sé fært fyrir ríkissjóð að taka á sig þann bagga, sem mundi leiða af lagasetningu sem þessari, en hitt er þó ljóst, að það er ekki til nokkurs hlutar fyrir ríkið að styrkja sjúkrahúsbyggingar, ef ekki er um leið nokkurn veginn öruggt, að sjúkrahúsin geti verið rekstrarhæf. Eins og ástandið er nú um þetta, þá er það þannig með sjúkrahúsin, að þau geta ekki tekið til starfa, þótt búið sé að koma byggingunni upp. Þetta er vitanlega mál, sem hv. Alþingi hlýtur að taka til ákveðinnar yfirvegunar, og ég geri ráð fyrir því, að þegar sú yfirvegun hefur farið fram, þá verði niðurstaðan sú, að það sé óhjákvæmilegt að veita nokkurn rekstrarstyrk til sjúkrahúsanna, eitthvað í líkingu við það, sem þetta frv. fer fram á. — Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða við 1. umr. þessa máls að lýsa yfir ánægju minni yfir flutningi frv., og ég vona, að það komi til með að sigla hraðbyri gegnum báðar deildir þingsins.

Það er alkunna — ástæðulaust að fara út í það nánar — að rekstur sjúkrahúsanna hefur verið ákaflega þungur baggi á sveitarfélögunum, þar sem daggjöldin hafa í fæstum tilfellum staðið undir raunverulegum kostnaði. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að sveitarfélögin hafa orðið að greiða hallann, þ. e. a. s. mismuninn, úr eigin sjóðum.

Ég held, að það sé enginn vafi á því, að rekstrarerfiðleikar sjúkrahúsanna í landinu hafi mjög mikið staðið fyrir þrifum eðlilegri þróun í þessum málum. Ég tel, að hin bága fjárhagsafkoma sjúkrahúsanna hafi einmitt komið í veg fyrir það, að heilbrigðismálin næðu þeim þroska og þeim framförum, sem gera verður kröfu til í sérhverju menntuðu þjóðfélagi. Það er töluvert fróðlegt að bera saman t. d. þróunina í menntamálunum og heilbrigðismálunum, og ég held, að við nákvæman samanburð hljóti allir að gera sér ljóst, að þar er töluverður munur.

Það er ekki hægt að leyna því, að rekstur fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur verið bæjar-

stjórninni — og raunar öllum bæjarbúum — ákaflega mikið áhyggjuefni. Það var gifurlega mikið átak á sínum tíma að byggja þetta stóra og glæsilega sjúkrahús. Og það var ekki nóg að byggja húsið, heldur þurfti að búa það út með nauðsynlegum tækjum, sem voru mjög kostnaðarsöm. Til fróðleiks má t. d. geta þess, að röntgentækin ein í spítalann kosta hvorki meira né minna en 500 þús. kr. Bæjarbúar litu nú yfirleitt þannig á, að eftir að búið yrði að koma spítalanum upp, þá yrðu ekki vandræði með að sjá um reksturinn, þegar fyrsta áfanganum — og að okkar áliti erfiðasta áfanganum — væri náð. En það hefur nú komið í ljós, að það *er einmitt rekstur fjórðungssjúkrahússins, sem* veldur okkur áhyggjum, og það er einmitt þar, sem skórinn kreppir að.

Það er ekki með nokkrum rökum hægt að ætlast til þess, að Akureyrarbær taki að sér kostnað vegna utansveitarsjúklinga, en eins og dæmið stendur í dag, þá munu daggjöldin, sem tryggingarnar borga, nema um 70 kr. á legudag, en hins vegar er kostnaðurinn við hvern einstakan legudag aldrei innan við 100 kr. Það kemur því í ljós, að hallinn af hverjum sjúklingi daglega hlýtur að nema allt að 30 kr.

Sé gert ráð fyrir því, að legudagarnir á Akureyrarsjúkrahúsi verði um 36 þús. á ári, þá hlyti hallinn að nema allt að einni millj. kr. Og það er ekki hægt að ætlast til þess, að Akureyrarbær einn taki að sér þennan kostnað. Einnig má benda á það í þessu sambandi, að það er ekki gert ráð fyrir því, að Akureyrarsjúklingarnir, þ. e. a. s. sjúklingar frá Akureyri, komi til með að nota sjúkrahúsið nema að ¼ eða ⅓, svo að það kemur sem sé í ljós, að það eru ekki síður sveitirnar á Norðurlandi — það má segja allt Norðurland og jafnvel einhver hluti Austurlands — sem koma til með að nota hinn veglega spítala á Akureyri.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar við þessa umr. En ég vil aðeins geta þess, að bæjarstjórnin skipaði n. á s. l. vetri til viðræðna við ríkisstj. um þetta mikla hagsmunamál, og sú n. átti tvívegis viðræður við fyrrv. hæstv. heilbrmrh. Og ég vil strax taka það fram, að við Akureyringar höfum jafnan mætt skilningi hjá þeim ágæta manni, og við stöndum í mikilli þakkarskuld við hann fyrir að hafa beitt sér fyrir því, að þetta frv. yrði flutt, sem nú liggur hér fyrir hv. deild.

Ég tel, að sú stefna, sem mörkuð er í þessu frv., sé alls kostar rétt. Í frv. er gert ráð fyrir því að hjálpa öllum. Við vitum það, að skórinn kreppir víðar að en á Akureyri, og það er einmitt sú leið farin, að sveitarfélögunum er hjálpað eftir því, sem þau þurfa á hjálpinni að halda, sem sé: það er miðað við stærð og tilkostnað sjúkrahúsanna.

Ég vil svo endurtaka þá ósk mína, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu í hv. d., og ég vil þakka þeim aðilum, sem að þessu frv. hafa staðið.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Mér þykir rétt við þessa 1. umr. að segja aðeins örfá orð, vegna þess að ég átti nokkra aðild að því, að þetta frv. var samið.

Það var á síðasta Alþingi, eins og hv. þm. Ak. lýsti nú áðan, að n. frá Akureyrarkaupstað kom hingað til viðræðu við heilbrigðisstjórnina um það, á hvern hátt hugsanlegt væri að reka þeirra mikla og vandaða sjúkrahús, þegar það yrði fullgert, en það er nú fullreist og tekur sennilega til starfa innan mjög stutts tíma. Það virtist þá, að það væri mjög langt á milli þeirrar aðstoðar eða styrks, sem ríkið hafði veitt að undanförnu til rekstrar sjúkrahúsa, og yfirleitt þeirra reglna, sem giltu um það, og að unnt væri að reka þetta sjúkrahús. Það var á þeim tíma helzt reiknað með, að sjúkrahús Akureyrar tæki til starfa á miðju þessu ári eða einhvern tíma *eftir mitt ár, og var þeim að sjálfsögðu mjög* mikið í mun, að tryggð yrði sú skipan þessara mála, að húsið gæti strax tekið til starfa og það væri fullgert. Ég ræddi þetta mál töluvert við hv. fjvn. í fyrra, og kom það mjög greinilega fram þar, að það var engin leið að ætla að taka úr eitt sjúkrahús eða einn flokk sjúkrahúsa, þótt svo væri, og ætla að veita honum einhvern sérstakan rekstrarstyrk, án þess að sjúkrahúsmálin í landinu yrðu tekin til meðferðar í heild. Það var m. ö. o. engin leið að ná þá samkomulagi um það að veita eitthvert fé til rekstrar sjúkrahússins á Akureyri, eitthvert aukaframlag, eins út af fyrir sig. Það varð samkomulag, ja, kannske má segja þegjandi samkomulag, milli mín og hv. fjvn., að það mundi ekki verða átalið, þótt eitthvert fé yrði veitt til rekstrar sjúkrahússins síðustu mánuði ársins, ef það tæki til starfa, og að öðru leyti væri þetta mál látið bíða næsta þings.

Að vísu hefur það farið svo, að sjúkrahúsið tekur ekki til starfa fyrr en um næstu áramót eða upp úr þeim, en hins vegar varð mér það mjög ljóst af gangi þessa máls í fyrra, að það var að mínum dómi ekki hægt að taka þetta mál upp öðruvísi en í heild, reyna að gera sjúkrahúsin í landinu yfirleitt rekstrarhæf með einhvers konar framlögum úr ríkissjóði umfram það, sem áður hafði verið. Og það er út af þessu, sem samkomulag varð um það milli mín og landlæknis, að hann gerði till. um þetta atriði. Og þetta frv. er í raun og veru árangur af því, sem landlæknir og heilbrmrn. hafa starfað að þessum málum.

Ég skal ekkert fara inn á einstök atriði frv., sem er ekki mjög margbrotið. Sjúkrahúsunum er skipt í þrjá flokka og mismunandi rekstrarstyrkur ætlaður eftir því, hvað þau eru stór, hvað fullkomin tæki þar eru og yfirleitt hvaða aðstöðu þau hafa til að veita fullkomna þjónustu sem sjúkrahús. Ég vildi bara láta það koma hér fram við 1. umr. málsins, að ég tel ekki hægt að leysa þetta mál öðruvísi en á þessum grundvelli. Ég er ekki að segja, að þessar tölur, sem þarna eru settar fram, séu endilega þær einu, sem koma til greina, eða að ekki geti þurft að gera einhverjar aðrar breytingar, en m. ö. o. sé reynt að leysa þetta í heild.

En um leið og þetta er mín skoðun, mynduð af þeirri þekkingu, sem ég hef öðlazt á þessum málum þessi síðustu ár, þá vil ég taka annað fram, sem mér finnst að verði að athuga um leið. Það er geysilegur áhugi hjá flestum héruðum um að reisa sjúkrahús innan sinna endimarka.

Þetta er auðvitað eðlilegt og ekki nema gott eitt um það að segja. En vitanlega hlýtur það að vera takmarkaður fjöldi sjúkrahúsa, sem rétt er að reisa hér hjá okkur nú og starfrækja. Og þegar ríkið veitir jafnmikinn stuðning til stofnkostnaðar sjúkrahúsanna og nú er og ef það nú lögfestir rekstrarstyrk til allra sjúkrahúsa eftir þessu frv. eða eitthvað svipuðum línum, þá má segja, að þessi starfsemi sé að mjög miklu leyti komin á hendur ríkisins og kostuð af því. Þá finnst mér um leið, að það sé eftir eitt, sem Alþingi verður að gera í þessu efni, og það er að ákveða með föstu skipulagi, hvar á að reisa sjúkrahús hér á landi. Með þeim breyt., sem orðið hafa í samgöngum á síðustu árum og áratugum, getum við sagt, þá virðist mér aðstaða vera nú allt önnur en áður var. Með þeim nýjungum, sem nú eru í læknavísindunum á öllum sviðum, er það svo, að það eru aðeins tiltölulega mjög stór sjúkrahús, sem geta haft öll þau tæki, sem nauðsynleg eru til að geta veitt þjónustu. T. d. er mér tjáð af fróðum mönnum í þessum efnum, að þau megi ekki vera minni en sjúkrahús Akureyrar, til þess að hægt sé að hafa þá þjónustu, að það geti talizt í raun og veru fyrsta flokks sjúkrahús að öllu leyti. Og alltaf er að bætast við nýtt í þessum efnum, nýjar uppgötvanir, ný tæki, sem þá gerir nýjar kröfur, bæði um mannahald, sérfróða menn og um alls konar tæki í þessu skyni.

Mér finnst því, að það þurfi, — ég skal ekki segja í sambandi við þetta frv., það verður sjálfsagt að taka það upp sérstakt, en ég vildi aðeins geta þessa hérna, að ég held, að það verði að gera alveg ákveðna skipan um það og Alþingi verði að reyna að leysa það og ákveði: Svona mörg sjúkrahús og svona stór þarf að reisa hér með okkar þjóð, eins og nú er ástatt, til þess að hægt sé að veita nokkurn veginn fullkomna þjónustu á þessu sviði, eftir því sem fjárhagsgeta okkar leyfir.

Núna er verið að reisa myndarlegt sjúkrahús á Blönduósi. Skagfirðingar eru mjög áhugasamir um að reisa þar sjúkrahús. Þetta er í námunda við hið stóra sjúkrahús á Akureyri, sem nú á að taka til starfa. Og ef við höldum þannig áfram, þá hygg ég, að hægt sé að segja, að tiltölulega fljótt kunni að einhverju leyti að verða yfirbyggt í þessum efnum hjá okkur. Það er að mínum dómi jafnvel meiri þörf að setja eitthvert skipulag um það, hvar sjúkrahús eigi að vera nú á næstu árum, einmitt vegna þess að hér með verður í nýjum áfanga veittur aukinn stuðningur til sjúkrahússrekstrar, og ýtir það eðlilega undir hvert hérað að koma upp þessum stofnunum hjá sér, en getur hins vegar að mínum dómi kannske lagt ófyrirsjáanlega miklar fjárhagsbyrðar á herðar þjóðarinnar, ef þess er ekki gætt að stilla því sæmilega í hóf, hve víða séu reist sjúkrahús.

Mig langaði aðeins til að láta þessar hugleiðingar mínar koma fram, vegna þess að ég hef haft með þessi mál að gera að undanförnu, en er þakklátur núverandi hæstv. heilbrmrh. fyrir það, að hann hefur lagt frv. fram, sem ég sendi honum, enda hafði ég um það samið í raun og veru við sjúkrahúsnefnd Akureyrar, að ég mundi sjá um, að þessar till. kæmu fram fyrir Alþingi það, sem nú er að hefja störf sín. Hefði ég að sjálfsögðu reynt að standa við það, þó að hæstv. núverandi heilbrmrh. hefði ekki séð sér fært að flytja frv., en hann hefur gert það og virðist hafa svipaðan skilning á þessu máli og ég hafði og hef.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 182, 36, 85).

**Frsm. (Jónas Rafnar):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur þegar athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. ásamt brtt. á þskj. 36 frá hv. þm. V-Húnv. (SkG). Einnig leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með annarri brtt., sem ég leyfi mér hér með að leggja fram skriflega, en þar sem nefndin tók ekki fyrr en í morgun ákvörðun um þessa brtt., þá vannst ekki tími til þess að skila henni prentaðri hér á þessum þingfundi. Ég vil leyfa mér að lesa þessa brtt.

„Fyrir orðin „1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945“ í 2. málsgr. 2. gr. frv. kemur: 1. og 2. efnismálsgr. 1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945.“

Það er ekki ástæða til þess að skýra þessa till. sérstaklega, leiðir eiginlega af sjálfu sér, og sé ég því ekki ástæðu til þess að eyða orðum að henni.

Hæstv. heilbrmrh. gerði grein fyrir þessu máli mjög ýtarlega við 1. umr. Hann skýrði frá því, að þetta frv. væri stjfrv., það hefði verið undirbúið af fyrrv. hæstv. ríkisstj. og samið af landlækni. Frv. þetta miðar að því að auðvelda mjög rekstur sjúkrahúsanna í landinu, en eins og kunnugt er, þá hafa þau átt við mjög mikla fjárhagslega erfiðleika að stríða.

Þetta frv. er í sjálfu sér svo ákaflega skýrt, að það er ekki ástæða fyrir mig sem frsm. n. að eyða tíma þingsins í að skýra það nánar, en ég vil þó gjarnan láta það koma fram, að það er gert ráð fyrir því, að styrkhæfir legudagar verði á næstu árum, þegar öll nýju sjúkrahúsin, sem nú eru í smíðum, eru komin í notkun, um 150 þús. að tölu, og það má gera ráð fyrir því, að útgjöld ríkisins vegna þessa frv., nái það fram að ganga, verði um 1750 þús. kr. á ári. Á því er ekki nokkur vafi, að samþykkt þessa frv. muni mjög mikið auðvelda rekstur allra þeirra sjúkrahúsa í landinu, sem nú eiga við mjög mikla erfiðleika að stríða.

Á þskj. 85 flutti ég ásamt hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Rang. brtt. við þetta frv. Okkur flm. er kunnugt um það, að þessar brtt. okkar njóta ekki fulls stuðnings núverandi stjórnarflokka, og þar sem við viljum ekki setja frv. sjálft í hættu, höfum við komið okkur saman um að draga þessar brtt. okkar til baka.

**Forseti (HÁ):** Það hefur verið lögð fram brtt. frá hv. heilbr.- og félmn. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöfaldra afbrigða, og verður þeirra nú leitað.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 188) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 29. fundi í Nd., 26. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 85 teknar aftur.
— 36,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 36,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 188 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 195).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 249).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Frv. þetta er um breyt. á l. um sjúkrahús. Var það undirbúið af hæstv. ríkisstj., en er samið af landlækni. Talið er eftir áætlun landlæknis, að kostnaður ríkissjóðs vegna samþykktar frv. muni á næstu árum nema um 1750000 kr., en styrkurinn er misjafnlega hár til hinna ýmsu sjúkrahúsa, eins og frv. ber með sér. En til frádráttar þessu koma um 160 þús. kr., sem eru veittar eins og stendur til fjórðungssjúkrahúsa. Af því að sjúkrahús þau, sem frv. ráðgerir að fái styrk, eru ekki öll tekin til starfa, er ekki líklegt, að það verði hærra á næsta ári en 850 þús. kr., en hækki svo smám saman, eftir því sem ný sjúkrahús koma í notkun.
Ástæðan til þess, að frv. þetta er fram komið, er sú, að héruð þau, er sjúkrahús reka, gera ráð fyrir miklum rekstrarhalla, og fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur ekki tekið til starfa enn þá, vegna þess að forráðamennirnir treysta sér ekki til að reka það með þeim rekstrarhalla, sem gert er ráð fyrir eins og á stendur. En verði frv. þetta samþ., mun rætast úr þeim fjárhagsörðugleikum, svo að dugi til þess að rekstur geti hafizt þar, og mun svipað hægt að segja um fleiri sjúkrahús.
Þessar stofnanir eru mjög dýrar í rekstri, svo sem kunnugt er. Eins og nú er, getur hvert sveitarfélag byggt sjúkrahús með byggingarstyrk og rekstrarstyrk. En þegar ríkissjóður tekur á sig meiri og meiri þunga af þessum kostnaði, væri ekki óeðlilegt, að Alþ. og ríkisstj. hefðu afskipti af því, hvar sjúkrahús yrðu reist. Annars ætla ég ekki að fara lengra út í þetta mál, en einskorða mig við nál., en eins og það ber með sér, er það samþ. af öllum nm.
Eins og á stendur, virðist nauðsynlegt að gera eitthvað til þess, að sjúkrahúsin verði starfrækt, en það útilokar engan veginn, að endurskoða þurfi lög um sjúkrahús, áður en langt um líður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Þetta mál um sjúkrahús er til 3. umr., en í morgun var vakin athygli mín á því, að hér vantaði inn í tilvitnun í ein lög, sem ætti að fylgja 2. gr. Þess vegna vill heilbr.- og félmn. koma með þessa brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.: „Við 2. gr. Á eftir orðunum „samkv. l. nr. 24 20. apríl 1949“ í 2. málsgr. kemur: og l. nr. 24 16. febr. 1953.“ Þetta hafði fallið niður, en þarf að fylgja, til þess að lögin, sem tilheyra þessu máli, séu eins og þau þurfa að vera. Ég vildi fá forseta þessa till.

**Forseti (GíslJ):** Mér hefur borizt hér brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., frá heilbr.- og félmn., er hljóðar svo:
„Við 2. gr. Á eftir orðunum „samkv. l. nr. 24 20. apríl 1949“ í 2. málsgr. kemur: og l. nr. 24 16. febr. 1953.
Till. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 284) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 284 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 285).
Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 299).

## 13. Stimpilgjald (breyt. á l. nr. 75 1921).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald** [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það kom í ljós nú á milli þinga, að ekki eru skýr ákvæði í lögum um það, hvernig stimpla skuli svo nefnd ábyrgðartryggingarskírteini. En það er nokkurt nýmæli hér í tryggingarstarfsemi, að menn geta keypt ábyrgðartryggingu. Þurfti því að bæta úr þessu fljótlega, og var ekki um annað að ræða en að gefa út um þetta brbl. Eru þau nú lögð hér fyrir hv. Alþ. til staðfestingar eða synjunar. Málið er einfalt og þarf ekki útlistunar við. — Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 117).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 5, er flutt af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 5. ágúst s. l. Frv. fjallar um það að bæta inn í stimpilgjaldalögin ákvæði um það, að ríkisstj. hafi heimild til að stimpla ábyrgðarskírteini innlendra tryggingarfélaga með 8%, þ. e. a. s. 8% af iðgjaldaupphæðinni eins og hún er ákveðin, þegar ábyrgðarskírteinið er gefið út. — Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar og orðið á einu máli um að mæla með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Vátryggingarfélög hér á landi hafa tekið upp þá viðskiptagrein að tryggja ábyrgðir, taka svo nefndar ábyrgðartryggingar. Þegar farið var að athuga stimpillögin, kom í ljós, að engin ákvæði voru til í lögunum um það, hvernig stimpla skyldi skírteini fyrir slíkum tryggingum. Var þá til þess ráðs gripið að gefa út um það brbl., og eru þau hér nú lögð fyrir til staðfestingar. — Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 146).

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Á þessu ári tóku tryggingafélögin hér í Reykjavík upp nýja tegund trygginga, þar sem atvinnurekendum og öðrum er gert kleift að tryggja sig fyrir skaðabótum, sem þeir kunna að verða skyldaðir til þess að greiða vegna tjóns, sem þeir eða starfsmenn þeirra valda öðrum mönnum og þeir eru í ábyrgð fyrir.
Í stimpillögunum voru ekki ákvæði um, hvernig stimpla skyldi slík skírteini, sem gefin væru út fyrir þessum tryggingum, en einsætt þótti, að stimpla bæri þau eins og önnur vátryggingarskírteini. Fjmrn. taldi í samráði við umboð tryggingafélaganna, að sanngjarnt væri að stimpla tryggingarskírteini þessi með 8% af fyrsta árs iðgjaldi, og voru gefin út brbl. um það efni, sem fjhn. leggur einróma til að verði staðfest á þessu þingi. — Ég skal geta þess, að í stimpilgjaldalagafrumvarpinu, sem nú liggur hér fyrir d., er lagt til, að sams konar ákvæði verði um stimpilskyldu slíkra vátryggingarskírteina, en þar sem nú þykir útséð um, að það frv. nái fram að ganga fyrir áramót, er lagt til, að þessi lög verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

## 14. Innflutnings- og gjaldeyrismál, fjárfestingarmál o. fl.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.** [103. mál] (stjfrv., A. 175).

Á 26. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Þskj. það, nr. 175, sem hér er til umræðu, frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., er nú hér til 1. umr. Með frv. eru lög um fjárhagsráð afnumin. Fjárhagsráð hefur starfað frá því á árinu 1947. Hefur það samkvæmt lögum haft víðtækt valdsvið í innflutnings- og gjaldeyrismálum og ekki síður í fjárfestingarmálum og öllum framkvæmdum. Almenningur í landinu hefur unað illa því ófrelsi og höftum, sem á hann voru lögð með fjárhagsráðslögunum og framkvæmd þeirra. Engar framkvæmdir mátti gera án leyfis fjárhagsráðs, ef framkvæmdirnar kostuðu yfir 10 þús. kr. Byggingarefni var skammtað, og hefur það kostað mikla vinnu og fyrirhöfn þeirra, sem í byggingu stóðu, að fá leyfi og skömmtunarseðil fyrir byggingarefni. Sá tími og orka, sem í þetta hefur farið, ásamt allri skriffinnskunni, sem því fylgdi, hefur kostað þjóðina mikið í þau nær 5 ár, sem fjárhagsráð hefur starfað. Það munu því fáir sakna fjárhagsráðs, þegar það hættir störfum, en flestir fagna því, að stigið er stórt spor til afnáms hafta og aukins frelsis í athöfnum og framkvæmdum, sem almenning varðar.

Ríkisstjórnin hefur í samráði við stjórnarflokkana komið sér saman um flutning þess frv., sem hér er til umr.

Samkvæmt 1. gr. frv. skal vera frjáls innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstj. ákveður hverju sinni með reglugerð. Enn fremur ákveður ríkisstj. á sama hátt, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli vera frjálsar. Gert er ráð fyrir, að nokkur hluti innfluttra vara skuli enn vera háður innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum, sem stafar af því, að gjaldeyrisástand þjóðarinnar er ekki enn þannig, að fært þyki að hafa allan innflutning frjálsan. Má einnig segja, að fleira komi hér til en gjaldeyrisástandið eitt, svo sem takmarkaður innflutningur á ýmsum iðnaðarvörum til verndar iðnaðinum í landinu, og munu flestir telja það eðlilegt og sjálfsagt, að því leyti sem innlendur iðnaður getur leyst erlendan iðnaðarvarning af hólmi. Þá ber einnig að geta þess, að vegna millirikjasamninga er oft nauðsynlegt að beina viðskiptum til vissra landa eftir því, hvernig og hvert framleiðsla þjóðarinnar er seld. Oft hefur þótt nauðsynlegt að selja vörur til þeirra þjóða, sem gera kröfur til jafnvirðiskaupa (clearing), og verður þá ekki hjá því komizt að beina vörukaupum til þeirra landa, sem kaupa framleiðslu þjóðarinnar. Þetta hefur einnig verið framkvæmt að nokkru af millibankanefndinni með þær vörur, sem komnar voru á frílista. Höftin hafa því, síðan vöruhungrið var mettað, legið helzt í því að ákveða, hvaðan varan var keypt, fremur en að takmarka vörumagnið, eins og lengi hefur tíðkazt.

2., 3. og 4. gr. frv. þurfa ekki skýringa við. 2. gr. er um tollafgreiðslu vara, svo sem sjálfsagt er í lögum, 3. gr. er um, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafi einkarétt til þess að verzla með gjaldeyri, og 4. gr., að útflytjendum og öðrum hérlendum mönnum sé skylt að selja Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands þann gjaldeyri, sem þeir kunna að eignast, o. s. frv.

Samkv. 5. gr. frv. skal stofna innflutningsskrifstofu, sem hefur með höndum leyfisveitingar fyrir þeim vörum, sem háðar eru innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Tveir menn, skipaðir af ríkisstj., veita innflutningsskrifstofunni forstöðu og ráða nauðsynlegt starfsfólk. Innflutningsskrifstofan fer yfirleitt með það, sem eftir stendur af störfum fjárhagsráðs. Mun sparast við hina breyttu skipan húsnæði, fólkshald og ýmiss konar kostnaður, sem fylgdi fjárhagsráði og störfum þess. Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar taka sameiginlega ákvarðanir um afgreiðslu mála, en hafa hvor um sig rétt til að vísa ágreiningi til ríkisstj. Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar fara einnig með verðlagsákvarðanir samkvæmt lögum um verðlag og verðlagsdóm frá 1950. Verðgæzlustjóri skal annast birtingu verðlagsákvæðanna og aðra afgreiðslu verðlagsmála. Fjárhagsráði hafa alla tíð stjórnað 5 menn, og voru þeir alltaf, að því er virtist, störfum hlaðnir. Innflutningsskrifstofunni stjórna aðeins 2 menn og er það í samræmi við það, að störfin minnka í stofnuninni með minnkandi höftum og auknu frelsi.

Mikið er dregið úr fjárfestingareftirliti. Má segja, að allt það, sem snertir almenning, sé gefið frjálst. Íbúðarhúsnæði er frjálst upp að 520 m³. Munu fáir hafa áhuga fyrir að byggja stærri íbúðir. Útihús í sveitum og ýmsar fleiri byggingar í sveit og við sjó eru einnig frjálsar. Hvers konar byggingar og framkvæmdir, sem ekki kosta yfir 40 þús. kr., þótt þær teljist ekki bráðnauðsynlegar, eru einnig frjálsar.

Almenningur mun fagna þessari ákvörðun ríkisstj. og finna þá miklu breytingu, sem orðin er frá því að byggingarefni var skammtað og bann og sektir lágu við, ef menn gerðust svo djarfir að gera nokkuð í byggingarmálum án leyfis fjárhagsráðs. Byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og oddvitar í sveitum hafa eftirlit með þeim framkvæmdum, sem háðar eru fjárfestingareftirliti, eins og fram er tekið í 8. gr. Takmarkanir á byggingum og öðrum framkvæmdum eru nú bundnar við það, sem kalla má stærri framkvæmdir og ekki snerta einstaklinga eða almenning. Þótti ekki rétt að afnema fjárfestingareftirlit með öllu, enda eðlilegt, að slíkar ákvarðanir séu ekki teknar í einu. Sjálfsagt er að

athuga síðar, hvort heppilegt þykir að ganga lengra í afnámi fjárfestingareftirlits og annarra takmarkana á athafnafrelsi manna.

Gert er ráð fyrir, að Framkvæmdabanki Íslands fylgist með fjárfestingu í landinu og verði ríkisstj. til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn semji áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Í öllum menningarlöndum þykir nauðsynlegt að fylgjast með fjárfestingunni og semja skýrslur og áætlun um þjóðartekjurnar. Eru þjóðhagsreikningar á því byggðir. Liggi slíkir reikningar fyrir, er ríkisstj. og öðrum þeim, sem vilja fylgjast með og gera sér grein fyrir efnahagsástandinu, gert léttara fyrir. Slíkar skýrslur og reikningar geta talizt nauðsynlegir, til þess að unnt verði að taka réttar ákvarðanir í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar.

Innflutningsskrifstofan innheimtir 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem innflutningsleyfi hljóðar um. Gjaldi þessu skal verja til að standa straum af kostnaði við innflutningsskrifstofuna og framkvæmd þessara laga. Hrökkvi þær tekjur ekki til, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar. Verði tekjuafgangur, rennur hann í ríkissjóð. Leyfisgjaldið er jafnhátt og það hefur verið áður. Mun ýmsum finnast, að gjaldið hefði átt að lækka, um leið og kostnaður er lækkaður til muna við framkvæmd innflutnings- og fjárfestingarmála. En ástæðan til þess, að gjaldið er ekki lækkað, byggist á því, að stefna ber að því að fækka þeim vöruflokkum, sem háðir eru innflutningsleyfum. Takist það í framkvæmd, munu tekjur innflutningsskrifstofunnar minnka, þótt leyfisgjaldið verði óbreytt frá því, sem það hefur verið.

Millibankanefndin verður lögð niður, og munu bankarnir annast allar gjaldeyrisyfirfærslur, hvort sem um frílistavörur er að ræða eða gjaldeyrisgreiðslur, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Heimild til vöruskömmtunar er niður felld með frv. þessu að undanskildu því, að niðurgreiðsla á smjöri og smjörlíki er takmörkuð með skömmtun.

Framkvæmd laga þessara byggist að öðru leyti á reglugerð, sem ríkisstj. mun gefa út og tekur gildi um n. k. áramót.

Frv. þetta er í samræmi við stefnu ríkisstj. að stefna að frjálsri verzlun og auknum framkvæmdum og frelsi til athafna. En um leið og rætt er um frjálsa verzlun og auknar framkvæmdir, er sjálfsagt að gera sér grein fyrir því, hvað þarf að ske, til þess að slíkt verði raunhæft og tryggt í framkvæmdinni. Þjóðin þarf að framleiða meira, afla meiri verðmæta, auka gjaldeyristekjurnar og sparifjármyndunina í landinu. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að allar framfarir, athafnafrelsi í viðskiptum og öðrum atvinnugreinum byggjast á því, að þjóðinni með aukinni gjaldeyrisöflun og framleiðslu takist að mynda fjármagn og afla meira en eytt er á hverjum tíma, svo að raunverulega verðmæti verði til og geti staðið undir þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru, til þess að þjóðin verði efnalega sjálfstæð.

Á seinni tímum hefur átt sér stað talsverð sparifjármyndun í landinu og þó mest á liðandi ári. Sparifé banka og sparisjóða hefur aukizt sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1950 | um | 16 millj. kr. |
| 1951 | um | 16 millj. kr. |
| 1952 | um | 92 millj. kr. |
| 1953 (9 mán. af þessu ári) | um | 140 millj. kr. |

Sparifjáraukningin gæti, ef rétt væri á haldið, gert mögulegt að standa undir ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum, svo sem sementsverksmiðju, raforkuframkvæmdum o. fl., ef nokkur hluti af sparifjáraukningunni væri látinn ganga til þessara framkvæmda. Atvinnuvegir landsmanna eru fábreyttir og því nauðsynlegt að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Til þess að gera það kleift þarf sparifjármyndun eða erlendar lántökur. Það er þó mikið álitamál, hversu langt smáþjóð getur leyft sér að ganga í lántökum erlendis.

Ég sagði áðan, að nauðsyn bæri til að auka framleiðsluna. Er óliklegt, að nokkur hér í hv. þingdeild sé í vafa um þá nauðsyn. Koma mér í því sambandi eigi að síður í huga skrif nokkurra blaða á s. l. hausti, þegar ríkisstj. gerði ráðstafanir til, að sú rýrnun, sem hefur orðið á fiskibátaflota landsmanna, yrði bætt fyrir n. k. vetrarvertíð. Liggur í augum uppi, að þetta var rétt og sjálfsagt, enda þótt til þess þyrfti að grípa að þessu sinni að flytja inn erlenda báta, vegna þess að innlendir bátar hefðu ekki komið til nota fyrr en á seinni hluta næsta árs eða á vetrarvertíð 1955.

Framleiðslan hefur selzt sæmilega að þessu sinni. Eru nú litlar birgðir í landinu óseldar. Er enginn vafi á því, að möguleikar væru á því að selja mun meira af fiski og fiskafurðum, ef þær væru fyrir hendi.

Þannig mun það einnig vera á öðrum sviðum framleiðslunnar, að möguleikarnir virðast vera fyrir hendi. Það getur því tekizt að skapa hér það gjaldeyrisástand og fjármagn í landinu, að verzlunin og æskilegar framkvæmdir mættu vera með öllu frjálsar. Íslenzka þjóðin er fámenn og því nauðsynlegt, að vinnuaflið nýtist. Það er nauðsynlegt, að þeir, sem vilja og hafa getu til þess að koma upp atvinnutækjum, sem veita atvinnu og skapa verðmæti fyrir þjóðina, verði ekki heftir og hindraðir í þeirri viðleitni.

Frv. það, sem hér er til umr., markar tímamót í viðskipta- og atvinnulífinu. Frv. boðar frelsi og nemur í burtu ýmis höft, sem lögð hafa verið á einstaklinga og fyrirtæki. Það er ástæða til að ætla, að haldið verði áfram á þeirri braut, sem nú er mörkuð, og ekki verði numið staðar fyrr en fullt frelsi er fengið í verzlun og viðskiptum, framkvæmdum og öðrum æskilegum athöfnum. Mun þá ekki þurfa að óttast atvinnuleysi. Framleiðslan og gjaldeyrisöflun mun vaxa og þjóðin geta lifað á eigin afköstum án Keflavíkurvinnu og erlendrar aðstoðar, eins og verið hefur um sinn, meðan ekki eru til í landinu þau atvinnutæki og sú fjölbreytni í atvinnulífinu, að framleiðslan nægi til þess að standa undir þeim kröfum, sem þjóðin gerir hverju sinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. að svo stöddu, en legg til, að frv.

verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. allshn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þá er loks komið fram frelsisfrumvarpið hjá hæstv. ríkisstj. Mikið er nú búið að tala um, hvað í vændum væri, og mikið búið að lofa þjóðinni, og það er þess vegna ákaflega gaman að fá nú loksins að sjá þetta og rannsaka ofur lítið í því inniviðina.

Það er hálfleiðinlegt að heyra frá hæstv. ríkisstj. fyrir munn viðskmrh. þau eftirmæli, sem hann kemur með um fjárhagsráð. Ég veit nú ekki betur en að þetta hafi verið sú stofnun, sem tekið hefur á sig allar syndir ríkisstj. á undanförnum sex árum, þannig að hver einasta ríkisstj. hafi reynt að sleppa við hvaða smán og svívirðing og skömm sem hún hefur gert af sér með því að nudda henni yfir á fjárhagsráð. Og mér finnst það það minnsta, sem hægt er þó að segja af hendi ríkisstj. um slíka stofnun, þegar hún er að kveðja hana, að þakka henni fyrir að hafa borið þessar byrðar ríkisstj., því að fjárhagsráð hefur vissulega þjónað þeim flokkum, sem hafa haft völdin hér frá því 1944, mjög vel og tekið á sig að vera eins konar guðs lamb fyrir ríkisstjórnarflokkana til þess að losa þá við allar syndir. Ég held þess vegna, að fjárhagsráð hafi verðskuldað miklu hóflegri og skikkanlegri eftirmæli, þegar á nú að fara að láta nýtt taka við og finna út einhvern nýjan aðila, sem hægt sé að kenna um allar vammir og skammir héðan af.

Við skulum þá fyrst athuga í sambandi við þetta, hvað það er, sem nú hefur breytzt hvað lögin snertir. Ég skal koma að því á eftir, að það er ekki eitt einasta atriði, sem gefið er frjálst í innflutningi til landsins með þessum l., ekki ein einasta vara. Íslenzkur borgari hefur samkvæmt þessum l. ekki rétt til þess að flytja inn eina einustu vöru til landsins frekar en hann hefur nokkurn rétt til þess að flytja einn einasta þorsk út úr því. Ríkisstj. ræður með reglugerð, hvort nokkur maður fær að flytja nokkurn skapaðan hlut inn eða hvaða maður fær að flytja það inn, sem flutt er, og hvað það er. En við skulum ekki taka það fyrir strax. Við skulum athuga hitt.

Þegar fjárhagsráð var sett á laggirnar, voru búin til ákveðin lög, og það var sett alveg ákveðið fyrirmæli í l. um, hvernig það ráð skyldi starfa, að hvaða tilgangi það skyldi vinna, og borgarar landsins höfðu a. m. k. í l., þó að það væri máske ekki fyrir dómstólunum, vegna þess að dómstólar koma yfirleitt að litlu haldi, eins og ríkisstj. er, ofur lítið aðhald, þannig að þeir gátu vitnað í l., jafnvel þó að það væri ekki meira en að geta vitnað í þau, þó að enginn dómstóll í landinu færi eftir þeim.

Fjárhagsráði var fyrirlagt að miða störf sín við alveg ákveðna hluti, og þegar fjárhagsráð miðaði ekki störf sín við þá hluti, varð það að brjóta l., og sú ríkisstj., sem bar ábyrgð á því fjárhagsráði, var þá að brjóta l. Og það er alveg rétt að byrja með því að rifja upp, hvað það er nú, sem hæstv. ríkisstj. vill losna við að vera bundin við samkvæmt lögum.

Það var mælt fyrir í l. áður, hver tilgangur skyldi vera með fjárhagsráði. Það var í 2. gr. fjárhagsráðsl., og ég skal minna á nokkur atriði úr því. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:
1) að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna;
2) að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku;
3) að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt."

Þetta voru þrjú af fyrstu fyrirmælunum, sem með lögum fjárhagsráði og þar með ríkisstj. var fyrirlagt að miða störf sín við. Sem sé, þetta ráð og sú ríkisstj., sem skipaði það, átti að starfa í alveg ákveðnum, mörkuðum tilgangi, sem var slegið föstu með lögum, og þó að það hafi verið svikizt um að vinna að þessum tilgangi og þó að þessi l. hafi verið brotin, þá var þetta engu að síður lagabókstafur, sem var til, og hefði verið sæmileg stjórn í landinu, sem hefði viljað framkvæma l., þá gat hver borgari landsins vitnað í þetta. Og seinasta atriðið í þessum l. um fjárhagsráð, 8. atriðið, var: „að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa."

Af hverju sér nú hæstv. ríkisstj. ástæðu til þess að kippa öllum þessum tilgangi burt, kippa burt úr l. öllu því, sem að einhverju leyti gat verið eitthvert aðhald? Það var ef til vill ekki alveg loku fyrir það skotið, að einhvern tíma villtist einhver maður í dómarasæti á Íslandi, sem þyrði að dæma eftir l. Það var ekki alveg útilokað. Það hefur meira að segja stundum komið fyrir. En það á að koma í veg fyrir það, að nokkuð slíkt geti skeð.

Ákvæðin í þessum 1. kafla, 2. gr., um tilgang fjárhagsráðs, voru sett meðan nýsköpunarstefnan, öll sú mannréttindabarátta, sem þá var háð, var enn þá í fersku minni. Það voru áhrifin frá baráttu eftirstríðsáranna fyrir fullri atvinnu, fyrir áætlunarbúskap og öðru slíku, sem setti sitt mark enn þá á þessa löggjöf. Framkvæmdir þeirra ríkisstj., sem síðan hafa starfað, hafa gengið í þá átt að traðka þessi l. undir fótum, að traðka á þessum tilgangi, brjóta hann í reynd og gera hann að engu, og nú er svo lagt til af hæstv. ríkisstj. að afnema þetta endanlega úr l., sem sé, hvert aðhald, sem áður átti að vera, á nú ekki lengur að vera til.

Áður var litið svo á, þegar slíkt vald var gefið einni ríkisstj. eins og það að ráða öllum innflutningi til landsins, þá væri ríkisstj. fyrirlagt um leið að fara eftir ákveðnum, siðferðislegum reglum, að taka ákveðið tillit til hagsmuna landsbúa, og þessar reglur voru settar fram í 2. gr. þessara l. Þetta var aðhaldið, sem ríkisstj. og fjárhagsráði var skapað, aðhaldið,

sem hefur verið óþægilegt fyrir fésýsluklíkur Framsóknar og íhaldsins allan tímann og nú á þess vegna að afnema, eftir að þær eru búnar að traðka þetta undir fótum allan þann tíma að heita má, sem fjárhagsráð hefur starfað. Þetta er vert að gera sér alveg ljóst.

Það er enginn tilgangur yfirlýstur með þessu frv. Í 1. gr. þess er aðeins einu slegið föstu: ríkisstj. skal hafa allt vald. Í hvaða tilgangi hún notar það vald, hvaða aðhald hún hefur frá Alþ. til að nota það vald, er allt þurrkað burt. Ríkisstj. *má nota það vald, sem henni er gefið* samkvæmt þessum l., eins og hún raunar hefur gert, *í eiginhagsmunaskyni fyrir þá flokka*, sem ráða, fyrir hvaða klíkur sem ríkisstj. þóknast að *veita valdið, í hvaða tilgangi* sem henni þóknast, allt tillit til hagsmuna almennings í *þessu sambandi skal vera þurrkað burt*. M. ö. o.: Þessi gamli, 1. kafli, 2. gr., í l. um fjárhagsráð hefur alltaf verið til trafala fyrir valdhafa landsins, síðan þetta var sett, og nú skal þessum trafala *endanlega rutt úr vegi*. Það er búið að traðka hann vel niður í skítinn á undanförnum árum. Nú skal hann ekki einu sinni lengur vera til til þess að minna á það, að einokunarstjórn á Íslandi þurfi að taka eitthvert tillit til þjóðarinnar. Þetta er vert að gera sér ljóst. Hér eftir mun hæstv. ríkisstj. aldrei þurfa að standa reikningsskap gagnvart l. fyrir neinu, sem hún gerir í þessum efnum. Síðustu leifar allra ákvæða um, að það skuli reyna að vinna af einhverju viti, í einhverjum góðum tilgangi að þessum málum, eru þurrkaðar burt. Það hefur ekki verið mikið oft og tíðum um þann góða tilgang í framkvæmdinni eða um þau tillit í sjálfri starfseminni, en að svo miklu leyti sem ákvæðin hafa verið til í l., þá skulu þau fara.

Svo komum við þá að frelsinu, 1. gr.: „Frjáls skal vera innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstj. ákveður hverju sinni með reglugerð.“ Hver fær frelsið, mínir herrar? Er það þjóðin? Eru það borgararnir? Eru það mennirnir, sem framleiða, mennirnir, sem borga vörurnar? Nei, frelsið fær ríkisstj., takmarkalaust frelsi til þess að nota það eins og henni þóknast með því að gefa út reglugerð, eina í dag og aðra á morgun, með þessu tilliti til Framsóknar í dag og þessu tilliti til íhaldsins á morgun, samkvæmt þessum hrossakaupum innan ríkisstj. í dag, samkvæmt hinum á morgun, — engin takmörk, ekki nokkur. Ríkisstj. fær fullt frelsi, ekki einu sinni heft af neinum tilgangi viðvíkjandi l. Það er sem sé þó nokkuð satt í því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, þetta er mjög mikið frelsisfrv., en það er bara frelsisfrv. fyrir ríkisstj. Það er hún, sem fær allt valdið, alræðisvald um allan innflutning til Íslands. Það er hún, sem tekur sér alræðisvald um allan innflutning til Íslands. Gagnvart þeim almenna borgara er nú með samþykkt þessara laga um algert öryggisleysi að ræða. Enginn borgari í landinu er öruggur um nokkurn skapaðan hlut viðvíkjandi þessu. Hann hefur ekki einu sinni lengur nein lög og neinar hömlur í því að styðja sig við. Nú er það ríkisstj., sem ákveður með reglugerð hverju sinni, hvað skal vera frjálst og hvað skal ekki vera frjálst, með hverjum hætti vissir hlutir skuli vera frjálsir, og annað slíkt. Af hverju hefur nú ekki ríkisstj. og stjórnmálaflokkar, sem eru búnir að tala ár eftir ár um, að þeir vilji veita þjóðinni frelsi, kjark í sér til þess að setja inn í lög, að eitthvað, ein einasta vara, tvær vörur, tíu vörutegundir, skuli vera frjálsar til innflutnings á Íslandi? Af hverju þora þeir ekki að setja þetta í lög? Af hverju má ekki Íslendingum vera leyfilegt að flytja inn frjálst eina einustu vörutegund, ekki korn, ekki byggingarefni, ekki neitt? Er trú ríkisstj. ekki meiri á frelsi heldur en þetta? Á enginn maður í landinu að geta gert ráðstafanir með það fyrir augum að útvega sér til dæmis byggingarefni, án þess að geta átt á hættu, að daginn eftir að hann gerir ráðstafanirnar gefi ríkisstj. út reglugerð, sem afnemur þetta? Af hverju má ekki ákveða í lögum eitthvað af þessum hlutum? Lög eða reglugerð eru sitt hvað. Lög eru hlutur, sem fólkið í landinu getur haldið sig að. Reglugerðir eru hlutir, sem ríkisstj. hefur sýnt sig í að nota og misnota alveg eins og henni þóknast. Eftir að þessi lög eru samþykkt, þá á að stjórna landinu með reglugerðum, hvað innflutninginn snertir; það er auðséð.

Hvað er svo ákveðið viðvíkjandi þessum reglugerðum og með hvaða tilliti þær skuli gefnar út? Það er ekkert tillit neins staðar sett fram í lögunum, engin takmörk um, hvað þar skuli vera, og þar komum við að aðalatriðinu í þessu. Hæstv. ríkisstj. gerir það alveg af ráðnum hug að nema brott úr gömlu fjárhagsráðslögunum allt, sem gat skoðazt að einhverju leyti sem einhver takmörkun á valdi því, sem ríkisstj. væri gefið viðvíkjandi reglugerðinni. Og nú vil ég vekja athygli hv. þm. á, hvað hér segir. Í gömlu fjárhagsráðslögunum var ákveðið í 11. gr., að það mætti engar vörur flytja til landsins, nema heimta innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Í 12. gr. var ákveðið, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum yrði úthlutað til innflytjenda, og það voru enn fremur sett þau ákvæði, að úthlutun leyfanna sé „við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.“ M. ö. o.: Það voru í þessum gömlu lögum allmikil ákvæði viðvíkjandi því, hvernig með gjaldeyrinn skyldi fara, hvernig með gjaldeyrisleyfin skyldi fara, í hvaða tilgangi þeim skyldi úthlutað, og það skyldi vera sá tilgangur, að neytendur í landinu gætu fengið vöruna sem ódýrasta. Hvað hefur nú gerzt undanfarið í sambandi við þessa hluti? Það, sem hefur gerzt undanfarið, er, að sá, sem var viðskmrh. í fyrrv. ríkisstj., gaf út yfirlýsingu hér á Alþingi um, hvernig ríkisstj. liti á vald sitt til ráðstöfunar gjaldeyri. Það var Björn Ólafsson, núverandi hv. 3. þm. Reykv., sem þá var viðskmrh., og yfirlýsing hans hljóðaði á þessa leið:

„Fjárhagsráð hefur því óskorað vald um ráðstöfun gjaldeyris, þ. á m. að heimila útflytjendum öllum, eða einhverri sérgrein útflytjenda, að hafa frjáls umráð gjaldeyrisins að öllu eða einhverju leyti til innflutnings almennt eða bundið við sérstakar vörutegundir, sbr. bátalistann. Þeim, sem fá þennan ráðstöfunarrétt, er heimilt að notfæra sér hann á hvern þann hátt, sem ekki brýtur í bága við fyrirmæli fjárhagsráðs, þ. á m. að selja gjaldeyrinn með hagnaði í einu formi eða öðru, ef slík sala er heimiluð af fjárhagsráði.“

Þetta var yfirlýsing ráðherra. Yfirlýsing ráðherra skoðast venjulega sem fullgild skýring á lögum, og hæstv. núverandi ráðherra hefur aldrei fengizt til að hnekkja þessari yfirlýsingu. Ég sýndi fram á, að þessi yfirlýsing bryti í bága við lög. Engu að síður hefur hún verið grundvöllurinn að allri framkvæmd ríkisstj.

Hvað gerist nú í þessu frv., sem hérna liggur fyrir? Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er auðsjáanlega meiningin að slá því föstu, að þessi yfirlýsing ráðherra, sem áður hefur verið gefin út, skuli standa sem fullgildur praksis samkvæmt þessum nýju lögum, og ég tek eftir, að allar hömlurnar, allt, sem þessi yfirlýsing og ráðstöfunin um bátagjaldeyri rakst á í gömlu fjárhagsráðslögunum, er afnumið í þessu frv. Hins vegar stendur þar í 4. gr., þegar talað er um, að útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum er skylt að selja Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands þann erlendan gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast fyrir vöru eða þjónustu: „Þó getur innflutningsskrifstofan veitt undanþágu frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á.“ Og ríkisstj. ætlar sér auðsjáanlega með öllum þeim reglugerðarheimildum, sem hún fær hér í þessum lögum nú, að skapa sér rétt til að setja á bátagjaldeyri, togaragjaldeyri, smjörgjaldeyri, kjötgjaldeyri, hvaða gjaldeyri sem henni þóknast, og leyfa að leggja á innflutning til landsins hvort það er 25%, 60%, 100% eða 200%. Hvað þýðir þetta? Það þýðir m. ö. o., að ríkisstj. ætlar sér nú að tryggja sér með reglugerðarheimildunum, sem hún fær hér, það vald, sem hún hefur ekki haft samkvæmt lögum að undanförnu. Og ég vil beina hér með þeirri spurningu til hæstv. viðskmrh.: Álítur hann, að eftir þessu frv., eins og það er orðað, hafi ríkisstj. rétt til þess að setja reglugerðir eins og þær, sem voru settar 8. marz 1951? Það er engum efa bundið, að ríkisstj., sem gaf reglugerðina út eða lét fjárhagsráð gefa reglugerðina út 8. marz 1951, um bátagjaldeyrinn, hafði ekki rétt til þess. Og fjárhagsráð þá leit á sig sem það óháða stofnun, að það vildi ekki gefa þá reglugerð út. Það vildi ekki gefa hana út, af því að fjárhagsráði var ljóst, að sú reglugerð braut í bága við lög og af því að fjárhagsráð treysti sér ekki til að vitna í nokkur lög reglugerðinni til stuðnings. Og reglugerðin byrjar þess vegna með þeim orðum, sem eru einsdæmi í íslenzkum reglugerðum: Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar — en ekki samkvæmt heimild í lögum númer þetta og þetta. Nú á að laga þetta. Nú ætlar ríkisstj. með þessum lögum að tryggja sér réttinn og valdið og lögin til að gefa út reglugerð um hvað sem henni þóknast, m. a. reglugerð um að geta veitt hvaða útflytjanda eða innflytjanda sem er leyfi til þess að selja sjálfur sínar vörur, taka gjaldeyrinn fyrir þær, kaupa inn fyrir þann gjaldeyri og leggja á þær vörur alveg eins og honum þóknast, — gefa ákveðnum aðilum einokun, eins og nú þegar hefur verið gert á slíkum vörum.

Ég vil spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann álíti, að samkvæmt þessum lögum gæti t. d. framsóknarstjórn hér á Íslandi gefið út reglugerð, þar sem S. Í. S. fær einkarétt til þess að selja úr landinu, við skulum segja að hagnýta allan gjaldeyri, sem kemur inn t. d. fyrir landbúnaðarvörurnar, leggja á þann gjaldeyri, eins og nú er gert á bátagjaldeyrisskrifstofunni, t. d. 100% álag og selja síðan þennan gjaldeyri út til annarra aðila. Ég vil spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hann álíti, að ríkisstj. samkvæmt þessu frv., ef það verður að lögum, hafi rétt til þess að gefa annaðhvort L. Í. Ú. eða Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda einkarétt til þess að hagnýta allan gjaldeyri, t. d. Sölusambandinu fyrir saltfisk, til þess að leggja á hann 50% eða 100% eða 200% og selja þennan gjaldeyri í sambandi við innflutning á ákveðnum, tilteknum vörum til hvaða aðila sem væri í landinu með svona álagningu. Ég vil spyrja hæstv. viðskmrh. að því, hvort hann álíti, að ríkisstj. hafi rétt til slíks eftir þessum lögum. Ég veit, að hún var að brjóta lög, þegar hún gaf út reglurnar um bátagjaldeyrinn, og að hún ætlar sér núna með því að fara um bakdyrnar að tryggja sér nú með þessum lögum lagaheimildina fyrir því, sem áður voru lögbrot. Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst við þessar umr., því að það hefur ekki verið rétt gott að fá hæstv. ríkisstj. til að ræða þessi mál undanfarið í þinginu. En það er ekki vert, að hún sleppi með að segja afdráttarlaust, hvað hún meinar, til þess að það sé ljóst, hvort hún geti gefið einstökum mönnum í landinu einokunarvald eftir þessum l., sem hún gat ekki eftir þeim gömlu.

Þá kem ég að sjálfri innflutningsskrifstofunni. Einu sinni var það víst innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, svo var það viðskiptaráð, svo var það viðskiptanefnd, svo var það fjárhagsráð, og nú eru það nýjustu fataskiptin, og nú á það að heita innflutningsskrifstofan. Já, við erum nú orðnir svo vanir fataskiptum hérna allt frá því að Keflavíkursamningurinn var gerður, að við kippum okkur ekki upp við það, þó að það sé nú farið fram á, að einhverjar stofnanir, sem ríkisstj. er búin að gera óvinsælar með því, hvernig hún hefur látið þær starfa, verði að hafa fataskipti, áður en þær byrja á sínu næsta hlutverki fyrir ríkisstj. Í hverju eru nú fataskiptin fólgin að þessu sinni? Áður var það fimm manna nefnd, sem úthlutaði, sagði hæstv. ráðherra. Jú, það þótti meira að segja einu sinni eðlilegt, að Alþ. hefði eitthvað með það að gera, hvernig svona nefndir væru skipaðar. Jafnvel ýmsar stofnanir í landinu höfðu eitthvað með það að gera. Núna er alveg ákveðið, að það eru tveir flokkar, flokkarnir í ríkisstj., sem eiga að setja sinn manninn hvor. Af hverju

eru þeir nú að gera þetta. Það er ekki í sparnaðarskyni. Ríkisstj. hefur aldrei gert neitt í sparnaðarskyni. Nei, það er út frá öðru sjónarmiði. Það hefur reynzt hálfóþægilegt yfirleitt fyrir fésýslumennina í Framsókn og íhaldi, að það væru einhverjir fleiri við yfirleitt. Jafnvel þótt ekki væru nú duglegri menn en stundum hafa verið á undanförnum árum, þá hefur það verið hálfóþægilegt, að það væru yfirleitt einhverjir áhorfendur við hrossakaup stjórnarflokkanna. Við vitum, hvernig stjórnarflokkarnir hafa haft það í sambandi við lán til smáíbúðanna. Þeir tóku þar upp á þeirri reglu, að það skyldu bara vera tveir menn, sem úthlutuðu lánum til smáíbúðanna. Það þótti ekki fært, að bankarnir gerðu það. Nei, það var ófært. Bankarnir? Nei, það gekk ekki. Það voru tveir menn. Og hverjir voru mennirnir, sem settir voru í það að úthluta lánunum til smáíbúða rétt fyrir kosningar? Jú, mennirnir voru formaður framsóknarfélagsins í Reykjavík og formaður íhaldsfélagsins í Reykjavík. Það var alveg klárt mál, þetta voru alveg tilvaldir menn, ekki satt? Auðvitað gátu svona menn bezt séð um, að það færi á rétta staði. Þetta mundi á venjulegu máli vera kallað pólitískar mútur og spilling, en auðvitað tilvalið að taka þetta upp — þetta lýsandi fordæmi, það er alveg sjálfsagt í sambandi við frv. til l. um skipun innflutningsmála, þegar frelsið loksins á að koma. Má ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Af hverju lætur hún ekki t. d. Landsbankann úthluta þessu eða bankana sjá um þetta? Af hverju ekki? Er hún svona smeyk við það, að það yrðu ekki þau réttu sjónarmið meira að segja, sem bankarnir tækju tillit til? Er það ekki alveg öruggt, að embættismenn, sem verða samkvæmt sinni skipun að standa reikningsskil frammi fyrir þjóðinni, færu eftir öllum þeim hrossakaupum, sem eiga sér stað að tjaldabaki? Það væri meiri sparnaður. Ég gæti bezt trúað, að bankarnir gætu tekið þetta að sér ókeypis, en það væri máske ekki alveg öruggt fyrir spilltustu fésýsluklíkurnar, innstu koppana í búrinu hjá íhaldinu og Framsókn, að það færi rétt, sem úthlutað væri. Það er ekki alveg víst, þegar talað væri um, að nú ætlaði Sambandið að fara að flytja inn eitthvað, að þá bærist það kannske undireins til viðkomandi aðila hjá íhaldinu, — ja, nú ætlar Sambandið að gera þetta, við verðum að fá eitthvað á móti, — eða þá ef einhver duglegur kaupsýslumaður hjá íhaldinu sér möguleika á einhverju góðu gróðafyrirtæki, það væri þá kannske ekki alveg öruggt, að það bærist með sama til Sambandsins, svo að leyfisveitingarnar væru tafðar, þangað til Sambandið væri búið að leggja inn umsókn fyrir einhverju svipuðu. Það gæti sem sé verið, að meira að segja bankarnir sýndu eitthvað ofur lítið meiri heiðarleika heldur en þau hrossakaup, sem eru orðin aðalinnihaldið og eiga auðsjáanlega að verða eina uppistaðan í sambandi við þetta mál núna. Ég ætla bara rétt að leyfa mér að spyrja: Er alveg ákveðið, hvort það eru formaður framsóknarfélagsins og formaður sjálfstæðisfélagsins í Reykjavík, sem verða settir í þetta, eða er ríkisstj. e. t. v. ekki búin að koma sér saman um, hvernig hún skiptir því?

Ég hef getað fylgzt með þessum málum nokkuð lengi, og ég hef séð þróunina, sem er að ganga fyrir sig í þessu, og þróunin í því er sú, að það er að verða bein verzlun á milli tveggja flokka um allan innflutninginn til landsins, og sú verzlun gengur það langt, að fyrir kosningar er það meira að segja sagt, að svo framarlega sem menn láti ekki í kosningasjóð ákveðinna flokka, þá geti menn búizt við því að verða afskiptir með innflutningsleyfi. Þetta er grundvöllur að svívirðilegustu mútu- og kúgunarstarfsemi, sem til er í landinu, og svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að koma sér undan því ámæli, þá skora ég á hana að láta Alþ. hafa með það að gera, ef hún þorir ekki að láta bankana hafa með það að gera, hvernig stjórn þeirra mála er skipuð, sem ræður öllum innflutningi til landsins. Við höfum séð ofur litla smámynd af því undanfarið, hvernig farið er að í þessum efnum. Við höfum séð, hvernig samið er viðvíkjandi olíuflutningnum, hvernig hundruð þúsunda króna velta á víxl sem gróði á milli félaganna, jafnvel bara á farmgjöldunum, hvað þá öðru, og við höfum séð, hvernig farið er að bæta upp einhver töp, sem einhverjir forretningsmenn verða fyrir í sambandi við saltfisksflutninga, með því að leggja bara á saltfiskinn eða taka aukaprovisionir upp á 50 þús. kr. af einum farmi eða annað slíkt, og þetta eru hlutir, sem gerast bak við tjöldin og aldrei koma fram. Það er orðin slík spilling í sambandi við þessa hluti, að það er ekki þolandi lengur, og það er auðséð, að það, sem hér er stefnt að, er, að þessi spilling geti farið fram án þess, að það séu nokkrir möguleikar fyrir þjóðina að fá að vita um hana. M. ö. o.: Þetta frelsi fyrir ríkisstj., sem þetta frv. fer fram á, er frelsi hennar til að fá að líta á þjóðina sem bráð tveggja varga — Framsfl. og Sjálfstfl., sem skipti bráðinni á milli sín. Þetta er aðalatriðið í sambandi við valdabreytinguna, sem fer fram með þessu frv. Og svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. finnst ég vera að einhverju leyti ósanngjarn í hennar garð, sé með einhverjar aðdróttanir miður fagrar eða slíkt, þá er hægur vandi fyrir hana að bæta úr þessu. Hún getur breytt þessum l. þannig, að hún getur gefið ákveðna hluti a. m. k. frjálsa til landsins — frjálsa með l., tekið fram í lögunum, hvað menn hafi rétt til, en það þorir hún auðsjáanlega ekki. Ég vil aðeins minna á, að með þessum l. og með þessum yfirlýsingum, sem fyrir liggja frá ríkisstj., er kerfi eins og bátagjaldeyririnn gert að löglegu kerfi á Íslandi og þar með opnaðir möguleikar fyrir ríkisstj. til þess að skrá raunverulega hvaða gengi sem henni þóknast á hvaða útflutningi og innflutningi sem er — hækka gengið í landinu eins og henni þóknast á ákveðnum vörum eða á öllum vörum og að veita ákveðnum klíkum í landinu einokun — þeim klíkum, sem ríkisstj. hefur velþóknun á á hverjum tíma.

Svo komum við nú að því, sem hæstv. viðskmrh. af miklum klókindum dró sérstaklega fram í dagsljósið sem það stóra, jákvæða við frv., sem sé í 8. gr. Loksins átti þó að vera frjálst að byggja íbúðarhús. Þetta er það eina, sem eftir

öll þessi ár hefur unnizt á í frelsisátt. Þetta er það eina, sem loksins eftir alla þá baráttu, sem hérna hefur verið, hefur unnizt á, og samt: Hvar er frelsið á innflutningi byggingarefnisins? Það á að vera háð reglugerð, og það á að vera háð því, að ríkisstj. geti látið S. Í. S. og einn, tvo eða kannske þrjá af aðalmönnum íhaldsins fá einokun á byggingarefni, og síðan eiga þessir tveir aðilar, innstu koppar í búri Framsóknar og íhaldsins, að ráða því, hvaða menn fá byggingarefni — eða er þetta ekki frelsið? Menn byggja ekki úr 8. gr., menn byggja úr sementi. Hverjir fá sementið? Hefur íslenzkur maður rétt til að flytja sement til Íslands eftir þessu eða eftir reglugerðinni? Nei, það hefur enginn rétt til að flytja sement til Íslands nema sá, sem ríkisstj. leyfir það. Og hverjum leyfir ríkisstj. það? Það er hún búin að sýna. Þetta vil ég vekja athygli hæstv. viðskmrh. á, ef honum skyldi hafa yfirsézt, að það er ekki enn þá gengið eins langt í 8. gr. eins og við börðumst fyrir hér á árinu 1950—51. Við létum það fara saman hér á Alþ. að flytja frv. um, að frjáls yrði bygging íbúðarhúsa og frjáls innflutningur byggingarefnis til landsins. Þetta eru sem sé í fyrsta lagi hömlurnar viðvíkjandi byggingarefninu. — Í öðru lagi: Til þess að byggja þarf líka peninga, og það liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem núverandi ríkisstj. hefur ekki haggað, yfirlýsing, sem Björn Ólafsson, hv. 3. þm. Reykv. nú, viðskmrh. í fyrra, gaf um, að hann, þ. e. ríkisstj., hafi skrifað Landsbankanum bréf, þar sem hún uppáleggur Landsbankanum að hafa hömlur á lánum til íbúðarhúsa. Við skiljum, hvað það þýðir. Það þýddi að draga úr þeim litlu lánum, sem voru til íbúðarhúsa. Ég vildi mega mælast til þess við hæstv. núverandi viðskmrh., af því að hann hefur sýnt sig miklu betri gagnvart þinginu heldur en hans forgöngumaður í því að gefa þinginu upplýsingar, að hann birti þinginu það bréf, sem bankamálaráðherrann fyrrverandi skrifaði Landsbankanum um hömlurnar á lánum til íbúðarhúsabygginga. Það bréf fékkst sem sé hæstv. fyrrv. bankamálaráðherra aldrei til að leggja fram hér í þinginu. Meira að segja seinna meir, þegar kosningar fóru að nálgast, neitaði hann því að hafa skrifað Landsbankanum nokkuð, og það var ekki fyrr en ég vitnaði í hans eigin ummæli, sem hann varð að falla ofan af því. M. ö. o.: Ef standa eiga þau fyrirmæli, sem ríkisstj. hefur gefið bönkunum, þá á að sjá um það, um leið og menn fá leyfi á pappírnum til að byggja, þó ekki úr sementi, heldur úr pappír, að menn skuli helzt ekki fá lán til þess.

Við vitum ósköp vel, hvernig hlutirnir liggja viðvíkjandi íbúðarhúsabyggingum á Íslandi. Við höfum yfirlýsingu manna, sem þekkja það, um, hvers vegna Íslendingar mega ekki byggja alveg frjálst, fá að flytja byggingarefni inn frjálst og lánastarfsemin í landinu megi vera frjáls. Fjárhagsráð gaf þá yfirlýsingu í bréfi sínu 13. jan. 1951 til allshn. Sþ., þar sem það sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsráði hefur skilizt, að vegna tilrauna til þess að fá að nota fé úr mótvirðissjóði verði að takmarka fjárfestingu við ákveðið hámark og það sé fullkomlega skilyrði fyrir því, að leyfi fáist til þess að nota mótvirðissjóð. Ef fara ætti eftir till. þessari (það var um að gefa byggingarefnisinnflutning frjálsan til landsins), mundi það gera ómögulegt að sýna forráðamönnum mótvirðissjóðs fram á, hver fjárfestingin væri, þar sem takmarkanirnar næðu aðeins til hluta hennar.“

Ég skal geta þess, að með forráðamönnum mótvirðissjóðs átti fjárhagsráð þá ekki við Alþ., sem er sá eini forráðamaður mótvirðissjóðs, heldur við ríkisstj. í Washington, en það er nú orðið svo algengt, að því sé blandað saman, hver sé húsbóndi á því íslenzka heimili. M. ö. o.: Það var undir leyfum frá Washington komið, hvort menn ættu að geta fengið að byggja frjálst á Íslandi, og sá, sem varð reiðastur fjárhagsráði fyrir að kjafta frá þessu, var Benjamín Eiríksson. Ég hitti hann hérna á ganginum frammi, og hann var heldur gramur yfir því, hvernig fjárhagsráð hafi farið að með þessu bréfi, og var að tala við mig um, hvers konar vopn það hefði verið að gefa mér í hendurnar með þessu, en nú á að setja fyrir þennan leka. Hver er það, sem á að hafa eftirlitið með fjárfestingunni nú, yfirstjórnina á fjárfestingunni, sjá um, að það sé allt í samræmi við skilyrðin, sem forráðamenn mótvirðissjóðs setja? Það stendur í þessu frv. í 9. gr.: „Framkvæmdabanki Íslands skal fylgjast með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstj. til ráðuneytis um fjárfestingarmál.“ M. ö. o.: Benjamín Eiríksson, eftirlitsmaður Ameríkananna með því, að Íslendingar byggi ekki hús, á nú að verða aðalvaldamaður ríkisstj. til þess að sjá um það, sem kallað er þarna fjárfestingareftirlit. Kannske hann eigi að ráðleggja henni líka, hvað hún lætur mikið af innflutningsleyfum fyrir byggingarefni og hverjir fá byggingarefnið og innflutninginn á því? — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Einar Olgeirsson** [frh.]: Herra forseti. Ég var kominn þar síðast í ræðu minni að athuga nokkuð 8. gr. og var búinn að ræða um, hvaða frelsi það væri, sem þarna væri boðað viðvíkjandi íbúðarhúsabyggingunum, og hvað miklar takmarkanir væru á því, og ætla nú ekki að endurtaka það.

En ég hafði í þessu sambandi nokkuð minnzt á, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að haga til um fjárfestingareftirlitið, sem getið er um í síðari hluta 8. gr., hvað snertir þá fjárfestingu, sem leyfi þarf til, ýmist íbúðarhúsa, sem eru stærri en þetta, eða þá alls konar atvinnufyrirtækja. Og það var eitt sérstaklega í sambandi við þetta, sem ég hafði minnzt á, og það var, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að koma fyrir stjórninni á þessu eftirliti.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að vaninn er sá, þegar um er að ræða venjulegar skrifstofur ríkisins, við skulum segja vegamálaskrifstofu, vitamálaskrifstofu eða annað

slíkt, að þar er settur yfir einn embættismaður, og hann er raunverulega settur í trúnni á þann gamaldags heiðarleik embættismanna, að einn embættismaður skoði það sem sitt verkefni að eiga að þjóna þjóðarheildinni í þessu starfi, og hann er undirgefinn þá opinberu gagnrýni, sem er í sambandi við allt hans starf. Nú segist hæstv. ríkisstj. vilja spara, og í staðinn fyrir að hafa nú svo og svo stóra nefnd eins og áður á nú að setja tvo menn. Mér liggur við að spyrja: Af hverju eru mennirnir tveir? Af hverju er það ekki einn? Er það máske vegna þess, að stjórnarflokkarnir séu tveir og stjórnarflokkarnir geti ekki komið sér saman um, að það sé einn maður, sem stjórnar þessu? Ef um væri að ræða vegamál eða vitamál eða eitthvað þess háttar, þá mundi ríkisstj. varla detta í hug að leggja til, að það væru tveir forstjórar, þá mundi henni finnast sjálfsagt, að það væri einn maður, sem bæri ábyrgð gagnvart ríkisstj. og gagnvart þjóðinni. En af hverju vilja þeir hafa tvo í innflutningsskrifstofunni, þegar þeir ætla að fara að spara svona mikið? Er það máske vegna þess, að stjórnarflokkarnir treystu sér ekki til þess að finna nokkurn einn mann, sem þeir gætu treyst báðir? Eða liggur þannig í því, að svo framarlega sem stjórnarflokkarnir fyndu einn mann, sem þeir gætu treyst báðir til þess að hafa stjórn innflutningsskrifstofu, þá væru þeir hræddir um, að svoleiðis maður væri það heiðarlegur, að hann tæki líka tillit til annarra borgara þjóðfélagsins, sem ekki væru máske skjólstæðingar Sjálfstfl. eða Framsfl.? Mig langar til þess að vita, hvernig í þessu liggur.

Ég hef áður rakið allar þær mörgu nefndir, sem til samans hafa verið í þessu þessi síðustu 20 ár. En þegar byrjað var á því, þá þótti eitt sjálfsagður hlutur, og það var að reyna að koma í veg fyrir, að í sambandi við stjórn og allt það vald, sem er á svona málum, væri hugsanlegt, að mönnum dytti í hug nokkur misnotkun eða að þjóðin gæti grunað stjórnarvöldin um misnotkun á sínu valdi í sambandi við innflutninginn. Ég veit, að það er meira vald lagt í hendur þeirra manna, sem með þennan innflutning hafa að gera, heldur en nokkurra annarra manna í þjóðfélaginu, jafnvel oft og tíðum meira en ríkisstjórnarinnar. Þess vegna þótti eðlilegt fyrst, þegar byrjað var á þessum innflutningsskrifstofum, að það væru nefndir, sem þarna stjórnuðu og væru tilnefndar t. d. af ýmsum opinberum samtökum í landinu, S. Í. S., Alþýðusambandi Íslands, Verzlunarráði Íslands, að almenn samtök, líka útvegsmanna og annarra, tilnefndu þarna menn til að stjórna þessu. Og tilgangurinn var með þessu að reyna að tryggja það, að allir borgarar þjóðfélagsins fyndu sig jafnréttháa gagnvart þessari stofnun. Þegar sá háttur var tekinn upp, að að einhverju leyti var farið annaðhvort að kjósa menn af Alþingi eða tilnefna af hálfu ríkisstj., þá þótti lengst af, meðan sæmilega heiðarlega var stjórnað í landinu, sjálfsagt, að við slíka stjórn eins og á innflutningsmálunum hefðu allir aðilar fulltrúa, ýmist hin almennu samtök almennings eða allir þingflokkar, eða a. m. k. þannig, að ef stjórnarandstaðan væri það sterk, að hún hefði aðstöðu til þess að hafa áhrif á slíkt, þá hefði hún fulltrúa þar. Nú á í fyrsta skipti alveg gersamlega að þurrka þetta út. Ég skal taka það fram um leið, að þegar fjárhagsráð var sett — mér var fullkunnugt um það allt saman — og fimm manna nefnd var sett þar, þá var það upphaflega meiningin, — og ég skal færa sönnur á það, ef ríkisstj. óskar eftir því, — þá var það upphaflega meiningin, þó að það væru þá þrír flokkar í ríkisstj. hér á Íslandi, að stjórnarandstaðan hefði þar líka fulltrúa, og það liggur fyrir yfirlýsing frá þáverandi forsrh., Stefáni Jóh. Stefánssyni, um það hér á Alþingi. Það var ekki fyrr en ameríska ríkisstj. greip inn í í júní 1947 og breytti þeim ákvörðunum, að það var tekin ákvörðun um að hafa eingöngu stjórnarfulltrúa þá. Það voru þá um ⅔ hlutar þingsins og um ⅔ hlutar þjóðarinnar, sem stóðu að þeirri ríkisstj., ríkisstj. Stefáns Jóhanns, og maður gat sagt, að það væri þess vegna hlutfallslega mjög sterk stjórn. Nú á auðsjáanlega að breyta þarna til alveg prinsipialt. Það eru ákveðnir tveir menn. Ég bað um upplýsingar um það áðan, af hverju það væri ekki einn, fyrst stjórnin vildi spara svona mikið, og gat mér til, að það kynnu að vera tveir vegna þess, að það væru tveir flokkar í stjórninni, og eftir minum kunnugleik mundi mér detta í hug, að ef þeir væru þrír, þá væru kosnir þrír menn þar. En nú á sem sé að taka þá ákvörðun, að nú eru það stjórnarflokkarnir tveir, sem eiga að skipta þessu á milli sín, tvímenna þarna, skoða þjóðina eins og eins konar bráð, innflutninginn eins og eins konar bráð, veiði, sem þeir hafa komizt í til að skipta á milli sín.

Ég vil minna hæstv. ríkisstj. á, að þessir tveir stjórnarflokkar hafa ekki nema rúmlega 60% af þjóðinni á bak við sig. Stjórnarandstaðan hér á Alþingi hefur upp undir 40% af þjóðinni á bak við sig. Ég vil vekja athygli á því, að það er ekki alveg óeðlilegt, að sá grunur komi upp, ef stjórnarflokkarnir ætla að skipa þarna tvo menn til þess að stjórna öllum þessum innflutningi, að það eigi að beita því valdi sérstaklega með tilliti til hagsmuna stjórnarflokkanna og þeirra fésýslumanna, sem í þeim eru. Ég veit ekki, hvort menn hafa veitt því athygli, að það hefur jafnvel komið fyrir stundum, að það hefur stöðvazt bygging hjá einum ákveðnum aðila, við skulum segja t. d. að Morgunblaðshöllin er stöðvuð, þá leiðir það máske til þess, að það sé stöðvuð bygging hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, og síðan séu báðar byggingarnar stöðvaðar, þangað til samkomulag er innan stjórnarflokkanna um, að báðum sé haldið áfram. Ég býst við, að einhverjum, sem væru að byggja og væru smærri og ættu ekki inni hjá stjórnarflokkunum, gengi kannske erfiðlega að komast áfram, þegar svona gengur fyrir þeim stóru, sem mestu ráða í stjórnarflokkunum. M. ö. o.: Það er óviðkunnanlegt að taka þá ákvörðun að ráðstafa þessu þannig, því að ég þekki ósköp vel og það vel stjórnarhættina hjá hæstv. ríkisstj., eins og ég gat um hér seinast í sambandi við úthlutunina á smáíbúðalánunum, og hún er búin að gefa svoleiðis fordæmi þar, að það er engin ástæða til annars en að gruna hana um græsku.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti þess vegna alvarlega að athuga að breyta þessu.

Það vald, sem ríkisstj. tekur sér með þessum hlutum, er það mikið, að það er raunverulegt einræði yfir verzluninni, svo að ég tali nú ekki um, að það sé algert einræði viðvíkjandi öllum gróðanum á verzluninni. Og ég skal leyfa mér að taka sem dæmi, hvernig það kæmi út. Við skulum taka byggingarefnið. Ég minntist á það í sambandi við að gefa frjálsar íbúðarhúsabyggingarnar, sem hér er ákveðið, að það þýddi lítið, ef ekki væri gefinn frjáls innflutningurinn á byggingarefninu, þannig að hver maður hefði sinn ótvíræða rétt til þess að flytja byggingarefni inn og fá til þess gjaldeyri. Nú veit ég, að hæstv. ríkisstj. hefur keypt inn til landsins byggingarefni, — er það ekki um 50 þús. tonn eða rúmlega það? Hvernig er því byggingarefni úthlutað? Er það rétt, að því byggingarefni sé úthlutað þannig, að S. Í. S. annars vegar og Hallgrímur Benediktsson & Co. h/f og eitt eða tvö privatfyrirtæki í viðbót fá allan þennan innflutning? Ég er hræddur um, að það sé rétt. Hvernig er nú viðvíkjandi því að fá sement til íbúðarhúsa? Nú er það þannig, að það er að vísu naumt skammtað eins og ýmislegt annað, en það er þó þannig, að það getur einn maður, sem er að reyna að byggja sér smáíbúðarhús eða eitthvað annað, fengið kannske eitt eða tvö tonn hjá fjárhagsráði úthlutað beint til sín, sem hann fær þó rétt til að kaupa, og þeir byggingarefnakaupmenn, sem flytja inn, verða síðan út á slíkar ávísanir að afhenda þessum viðkomandi manni, sem er að byggja sitt hús, þetta sement. Má ég nú spyrja: Verður ástandið þannig, eftir að frelsið er komið, að hæstv. ríkisstj. kaupi inn allt sement til landsins, skipti þessu sementi í réttum hlutföllum á milli aðalfésýslufyrirtækja stjórnarflokkanna, S. Í. S. annars vegar, H. Benediktsson & Co. h/f og máske einhverra fleiri hins vegar, og þessir aðilar flytja síðan inn allt sementið til landsins, síðan þegar einn maður ætlar að fara að byggja, þá fer hann ekki upp í fjárhagsráð og fær ávísun á eitt tonn eða 1½ tonn af sementi til þess að byggja hús, heldur verður hann að fara til H. Benediktsson & Co. h/f eða til S. Í. S. og biðja þá um það, og svo framarlega sem H. Benediktsson & Co. h/f og Sambandið eru búin að ráðstafa þessu sementi, t. d. í samfélagi við einhver stærstu byggingarfyrirtæki landsins til þess að byggja hús, og segja: „Við erum búnir með allt sementið", þá hafi maðurinn, Íslendingurinn, engan rétt til þess að flytja inn sement? Er það þannig? Verður það þá frelsið? Þetta held ég að hæstv. ríkisstj. þurfi að gefa okkur alveg ótvíræða yfirlýsingu um. Verður innflutningur á byggingarefni algerlega frjáls, þannig að hver Íslendingur geti keypt sér sement og timbur? Eða á að úthluta þessu annars vegar til Sambandsins og hins vegar til H. Benediktsson & Co. h/f og Völundar? Er þetta eigi þannig, að það yrði úthlutað til einokunarfyrirtækja stjórnarflokkanna? Hvernig kemur frá sjónarmiði þess almenna manns til að líta út afstaðan, við skulum halda okkur til dæmis við byggingarefni og þess innflutning og gróðann af því í landinu? Við skulum taka íhaldshlutann. H. Ben. og Völundur eru aðaleigendur Morgunblaðsins. H. Ben. og Völundur láta ríflega fé við hverjar kosningar í kosningasjóð Sjálfstfl. H. Ben. og Völundur fá síðan að íhaldshlutanum til þá einokun — Sambandið fær hina — á innflutningi byggingarefnis til landsins. Þessi hlutafélög geta síðan lagt á þetta eins og þeim þóknast, eins og þeim þykir skynsamlegt. Þeim almenna manni er bannað að flytja þessa hluti til landsins. Það er tekinn ríflegur gróði af þessu, jafnvel máske sett beint í byggingar, sem líka er ríflegur gróði á, og borgar sig vel að nota eitthvað af þeim gróða til að „finansera" Sjálfstfl. við næstu kosningar og sjá um, að Morgunblaðið geti stækkað og haldið áfram sínu forheimskunarhlutverki.

Ég vil bara vekja eftirtekt hæstv. ríkisstj. á því, hvað verið er að gera með þessum hlutum. Það er verið að skapa einokun til handa sérstökum klíkum í þjóðfélaginu með því valdi, sem ríkisstj. heimtar að sér sé gefið til þess að gefa út reglugerð um allt milli himins og jarðar, sem snertir innflutninginn til Íslands, hvernig honum skuli ráðstafað, hvers konar bátaútvegsgjaldeyriskerfi skuli haft á því, hvaða mönnum sé úthlutað þetta. Þetta þýðir að skapa grundvöll að gífurlegri spillingu. Ég álít, að spillingin sé þó nokkur nú þegar, en mér sýnist, að hún muni vaxa við þetta, og mér sýnist, að með þessu frv. sé stefnt að því að gera möguleikana fyrir almenningseftirliti enn þá minni en þeir eru núna.

Svo ætla ég að leyfa mér í sambandi við þetta að beina þeirri spurningu til hæstv. viðskmrh.: Hvað er verðið á sementinu, sem nú er flutt til landsins? Hvað er verð á því fob., hvað er verð á því hingað komnu, og hvaða aðilar selja hér þetta sement? Þetta vildi ég nú aðeins minnast á í sambandi við ljósa punktinn í þessu frv., frelsið um íbúðarhúsabyggingar, svo að ég rétt dragi fram hættuna á dökku hliðunum, ef hæstv. ríkisstj. skyldi ekki hafa séð þær áður.

Þá er það svo að síðustu eftirlit með fjárfestingunni í landinu og valdið, sem Framkvæmdabankanum er gefið til að vera til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Ég þykist vita alveg, hvernig samhengið sé um það ráðuneyti. Framkvæmdabankinn er sá ameríski eftirlitsbanki hér á Íslandi nú. Benjamín Eiríksson framkvæmdastjóri hans er sá maður, sem amerísku bankarnir hafa sent hingað upp til þess að hafa eftirlit með okkar fjárfestingu. Ég vil taka það greinilega fram, að ég sé alveg fyrir, hvers konar stefna muni verða í fjárfestingarmálunum, ef þeirra ráða á að njóta, og vil bara gjarnan draga upp, til þess að minna enn þá einu sinni á það, myndina af því, hvað slíkar ráðleggingar þýða áfram fyrir Íslendinga, og skal gera það aðeins á einu einasta litlu sviði.

Þegar framkvæmdastjóri Framkvæmdabanka Íslands byrjaði sín afskipti af málum hér árið 1948, eða um leið og Marshallplanið byrjaði hér, þá lagði hann fyrir sínar áætlanir og gerði um leið grein fyrir sinni afstöðu til þeirra hluta, sem þá höfðu verið gerðir á Íslandi. Það kom þá alveg greinilega í ljós, hvernig sá maður mundi hafa ráðlagt og hvernig hann mundi hafa

stjórnað fjármálum Íslands, ef hann hefði ráðið hér 1944—46. Það, sem hann byggði á, var, að það væri ekkert vit í því að kaupa tæki til landsins, m. a. framleiðslutæki, nema því aðeins að landsmenn spöruðu sjálfir peninga til þess að kaupa þau tæki. Samkv. þeim kenningum, sem hann flutti hér og við höfum í hans stóru, rauðu bók, sem útbýtt var í sambandi við gengislækkunina, og í þeirri löngu grg. og vitlausu, sem fylgdi gengislækkunarfrv., þá sagði hann, að það næði ekki neinni átt annað en að láta sparifjármyndunina ráða því, hvað keypt væri. Það hefði þýtt, að á árunum 1944—46, þegar þær ákvarðanir voru teknar að kaupa inn 30 togara og ekkert sparifé var til fyrir þeim í eigu manna, sem vildu leggja í það, þá hefði samkv. kenningu Benjamíns Eirikssonar verið hætt við að kaupa þessa 30 togara. Það hefðu kannske orðið um sex togarar, sem einstakir togaraeigendur hefðu þá fengizt til að kaupa. Þeir menn, sem þá sátu hér á þingi, vita ósköp vel, hvernig hlutirnir þá gengu til. Ísland átti nóga peninga erlendis til að kaupa þessa togara, og við ráðstöfuðum þeim peningum til þess að kaupa þá. En það var óhugsandi að fá íslenzka peninga til þess að útleysa þessa togara. Mennirnir, sem þykjast hafa fjármálavitið, sáu ekki, að það væri hugsanlegt, þó að við værum búnir að kaupa fyrir sterlingspund 30 togara erlendis, að snara út íslenzkum peningum hér heima til þess að útleysa þá, þannig að þeir gætu komið hingað heim og komizt í eigu einstakra aðila. Það varð að setja hérna í gegnum Alþingi með baráttu, sem kostaði heilt ár, frv. um stofnlánadeild sjávarútvegsins til þess að kúska það í gegn, að að nafninu til væru lánaðar 100 millj. kr. til þess að kaupa þessa togara. Ég ætla að leyfa mér að staðhæfa, að svo framarlega sem Benjamín Eiríksson og Ameríkanarnir hefðu haft með þessa hluti að gera, þá hefði ekkert af þessu verið gert þá. Og ef það er einhver úr hæstv. ríkisstj., sem efast um það, þá skal ég minna þá á, hvernig það gekk fyrir ríkisstj., sem tók við af nýsköpunarstjórninni og keypti tíu togara, að fá Ameríkanana til þess að ganga inn á að láta Marshallfé fyrir þá. Ríkisstj., sem þá tók við, gekk út frá því að fá Marshallfé til þess að borga þá tíu togara, og henni var neitað um það. Hún varð að taka lán í Englandi og borga það lán fljótt upp, mun vera að borga það enn þá, vegna þess að Ameríkanarnir og Benjamínið þeirra var á móti því, að við værum að kaupa togara. Á hverju lifum við núna sem stendur? Við höfum ekki lifað á neinu Marshallfé undanfarin ár. Við höfum lifað á því, sem fyrst og fremst okkar togarar hafa aflað, en fyrir þá vitlausu fjármálapólitík, sem hér hefur verið rekin í sex ár, hafa afköst þeirra aldrei verið notuð til fulls. Einn nýsköpunartogari hefur hæglega, með því að koma þeim fiski, sem hann hefur framleitt, til vinnslu hér innanlands, getað framleitt verðmæti fyrir yfir 11 millj. kr. á ári í stað þess að kasta þeim fiski, oft og tíðum með tapi, í enska og þýzka markaðinn. Og ég vil vekja eftirtekt á því, að það er varla mikið yfir 11 millj. kr., sem allt sementið kostar fob. erlendis, sem keypt er til Íslands og þarf á einu ári. Einn einasti nýsköpunartogari ætti því að geta aflað andvirðis þess.

Ég veit ekki, hvar við stæðum í dag, ef við hefðum ekki haft þessa nýsköpunartogara, hvernig okkar þjóðlíf væri. En ég veit, að hefðu þeir menn, sem hafa ráðið síðustu sex ár fjármálum Íslands, fengið að ráða 1944—46, hefðu þeir ekkert af þessu keypt. Og nú er því slegið föstu í þessu frv., að nú séu það þessir menn, sem eigi að taka við og ráða, nú eigi þeir að vera til ráðuneytis. Hvað þýðir það? Það þýðir, að það á að bera undir þessa menn og hlýða þeirra ráðum um alla þá fjárfestingu, sem fram eigi að fara á næstu árum á Íslandi.

Þegar fjárhagsráð var myndað og þær áætlanir voru ræddar, sem það skyldi gera, þá gerði ég ýmsar brtt. í þeim málum, sem auðvitað var ekki tekið tillit til þá. Mér sýnist nú, að það sé lítið minnzt á þær fyrirætlanir, sem hæstv. ríkisstj. hafi nú. Það væri fróðlegt að heyra eitthvað af þeim. Þegar gengið var inn á Marshallbrautina, voru þó gefnar yfirlýsingar um mikinn óskalista, gerð risaáætlun, eins og hæstv. fyrrv. viðskmrh. kallaði það. Núna er ekki talað um neinar áætlanir. Það er hins vegar talað um það af hæstv. ríkisstj., að 100 millj. kr. eigi að taka og setja í raforkumál. Það getur út af fyrir sig verið ágætt. En hvað á um leið að verja miklu til þess að undirbyggja framleiðslu landsins, til þess að auka framleiðslu landsins, auka okkar framleiðslutæki og fyrst og fremst auka okkar stórvirku framleiðslutæki? Við vitum ósköp vel, að við höfum not fyrir miklu fleiri togara. Við getum mannað miklu fleiri togara, og við getum selt allan þann afla, sem okkar togarar gætu framleitt, þó að þeir væru miklu fleiri. Og við fáum ekki eins mikið út úr okkar vinnuafli við neinn hlut eins og í sambandi við okkar togara. Það þýðir, að þeir eru bezta undirstaðan undir góðri lífsafkomu í landinu, því að við getum ekki haldið uppi góðri lífsafkomu í landinu nema með því að hafa afkastamikil framleiðslutæki.

Við höfum ekkert heyrt frá ríkisstj. um neinar fyrirætlanir í þessum efnum. Ég held, að það væri vel viðeigandi, að hæstv. ríkisstj. gæfi Alþ. einhverja hugmynd um, hvað hún ætlaðist fyrir í þessum efnum, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. vilji bókstaflega krefjast sér til handa algers einræðis um öll atvinnu- og fjármál Íslands. Það er a. m. k. ekki vert að vera þá að tala hér sérstaklega mikið um frelsi um leið handa öðrum en ríkisstj. — Þetta þætti mér sem sé vænt um að fá að heyra, hvaða fjárfestingarhugmyndir hæstv. ríkisstj. hefði og hver hennar pólitík mundi vera viðvíkjandi þeim.

Svo er eitt viðvíkjandi fjárfestingunni á hinum einstöku stöðum. Þessir tveir menn, sem eiga að stjórna fjárfestingunni til atvinnufyrirtækja, mundu þeir eiga að sjá um, að ekki hallaðist á; ef það þyrfti að koma t. d. hraðfrystihúsi upp í einu kauptúni og ef það væri Sambandið eða einhver kaupfélög, sem gengjust fyrir því, þá ætti endilega að mynda annað hraðfrystihús við hliðina, sem íhaldið hefði ráð yfir? Við skulum segja: Á það að vera „systemið", sem er t. d. með kaupfélögin í Vík í Mýrdal? Á alls staðar á landinu að fara að byggja kannske tvenns konar

fyrirtæki þannig, hafa allt sem allra ópraktiskast frá þjóðhagslegu sjónarmiði, bara með tilliti til þess, að tvær fésýsluklíkur geti farið að skipta öllu svona á milli sín? Það væri gott að vita það. Við skulum segja t. d., ef það ætti að byggja verksmiðju í landinu til þess að framleiða rafmótora, ætti þá endilega að byggja tvær, t. d. af því, að annars vegar væru menn úr Framsókn og hins vegar væru menn úr íhaldinu, sem væru „interesseraðir"? Ef það ætti að byggja svona hluti, er þá ekki hugsanlegt að geta að einhverju leyti samrýmt nauðsynina fyrir þjóðina á því að geta rekið svona hluti sem praktiskast, í staðinn fyrir, að þetta eigi að fara að verða þannig bitbein, að stjórnarflokkarnir eigi yfirleitt að fara að skipta þessu á milli sín? Það væri alveg nauðsynlegt að fá einhverjar upplýsingar um, hvað er fyrirætlað í þessum hlutum.

Ég vil sem sé segja það, án þess að ég ætli að fara að segja nokkuð meira viðvíkjandi forsögu frv. og fyrirrennurum þess ráðs, sem hér á að setja á laggirnar, að minn ótti er sá, að sú einokunarspilling, sem verið hefur að vaxa undanfarið hjá okkur í þjóðfélaginu, eigi að setjast í kerfi með þessu hérna. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. getur lagað ákaflega mikið í þessum málum, ef hún gerir það, sem ég minntist á í upphafi míns máls, gefur t. d. eitthvað af vörum til Íslands frjálst með lögum, þannig að borgarar landsins geti alveg treyst því, að þessar vörur séu frjálsar, t. d. matvörur, byggingarvörur, — frjálsar að lögum.

Svo að síðustu: Ég held, að allan þann tíma, sem ég hef setið hér á þingi, og lengur, hafi mál eins og þessi alltaf verið í fjhn. Fjárhagsráð var í fjhn., þegar það kom. Öll mál, sem hafa snert þessa hluti, hafa alltaf verið í fjhn. frá upphafi vega. Ég skil ekki, af hverju hæstv. ráðh. leggur til að fara að setja þetta í allshn. nú. Það hefur aldrei nokkurn tíma komið fyrir hér á Alþ., og ég vildi fyrir mitt leyti gera það að till., að haldið yrði þeirri venju, að þetta mál færi til fjhn., og vil aðeins bæta því um leið við, að ég vil vonast eftir, að það verði tekið til mjög rækilegrar athugunar í þeirri nefnd.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég tel, að þetta frv. beri rangt nafn. Það ætti aðeins að heita: frv. um breytt nafn á fjárhagsráði. Annað felst ekki í þessu frv. Þýðing þess er sú ein, að skipt er um nafn á ráðinu, sem hingað til hefur haft með höndum veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa og fjárfestingarleyfa, og jafnframt er fækkað í því um þrjá menn.

Hæstv. viðskmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að þetta frv. markaði tímamót. Ég fæ ekki séð, hvernig frv., sem hefur þetta innihald og þetta innihald eitt, getur markað nokkur tímamót í viðskiptasögu þessarar þjóðar. Það er auðvitað fjarstæða, að í þessu frv. felist það, að við höfum fengið fullt verzlunarfrelsi. Í því felst ekkert spor í áttina til verzlunarfrelsis, eins og ég mun sýna fram á.

Hvað er verzlunarfrelsi? Verzlunarfrelsi er auðvitað fólgið í því, að allir, sem hafa hug á að flytja vörur inn frá útlöndum, eigi þess kost, þ. e. a. s., ef þeir eru reiðubúnir til þess að greiða fyrir þær í íslenzkum peningum það, sem þær kosta. Verzlunarfrelsi er fólgið í því, að engar hömlur skuli vera á innflutningi vara, ekkert almennt takmark á því magni, sem flytja megi inn, og jafnframt, að frjáls skuli vera sala á þeim gjaldeyri, sem hver maður girnist til þess að kaupa hvaða vörumagn sem hann vill. Ef einhverjar takmarkanir eru annaðhvort á vöruinnflutningnum sjálfum eða á gjaldeyrissölunni, sem til innflutningsins þarf, þá er verzlunin ekki frjáls. Hér er um að ræða svo einfalda hluti, að um þá er ekki hægt að deila.

Hvernig er nú ástand þessara mála? Er verzlunin frjáls í þessum skilningi? Á síðari árum, eða síðan hæstv. fyrrv. ríkisstj. tók við völdum, hefur verið alllangt gengið í því að afnema bein höft á því vörumagni, sem leyft er að flytja inn, þ. e. a. s., það hefur verið hætt að gera bein innflutningsleyfi að skilyrði fyrir vöruinnflutningi. En þetta hefur fyrst og fremst haft skrifstofuþýðingu, vegna þess að menn hafa ekki átt kost á að kaupa þann gjaldeyri, sem þeir hafa þurft á að halda til þess að flytja inn það, sem hugurinn kann að hafa girnzt. Höftin hafa birzt í því, að bankarnir hafa neitað um gjaldeyri, ef þeim hefur sýnzt, haft leyfi til þess að gera það og fengið að gera það alveg óátaldir. Höftunum hefur m. ö. o. ekki verið beitt með takmörkuðum gjaldeyrisveitingum. Þeim hefur verið beitt sem takmörkun á gjaldeyrissölu. Það er líka rétt, að þessum höftum hefur ekki verið beitt eins harkalega og gert var um tíma vegna gjaldeyrisskorts, en það hefði verið hægt að auka innflutninginn með nákvæmlega sama móti, þótt hitt kerfið, leyfakerfið, hefði verið í gildi. Og það er hægt að takmarka innflutninginn aftur með nákvæmlega sama hætti og áður, þó að leyfakerfið sé ekki í gildi. Þannig getum við búizt við því, að óbreyttri þeirri skipan, sem nú gildir og á að gilda, þótt þetta frv. verði að lögum, að innflutningurinn verði aftur takmarkaður stórkostlega með höftum, ekki með beinu innflutningsbanni, ekki með niðurskurði á leyfisveitingum, heldur með takmörkun á gjaldeyrissölu bankanna. Þangað til bönkunum hefur verið gert að skyldu að selja hverjum þeim gjaldeyri, sem óskar eftir gjaldeyri til að kaupa erlendar vörur, er verzlunin lögð í viðjar hafta, ekki frjáls. Þetta er sú meginstaðreynd, sem menn verða að hafa í huga, þegar um verzlunarfrelsi er rætt. Hitt eru furðulegar blekkingar, þegar talað er um það ár eftir ár og mánuð eftir mánuð, að stigin séu spor í áttina að verzlunarfrelsi með því einu að afnema það form hafta, sem felst í leyfisveitingum, meðan hinum raunverulegu höftum, sem felast í takmörkun á gjaldeyrissölunni er haldið.

Hvernig er ástandið núna í þessum málum? Að hversu miklu leyti er innflutningurinn frjáls? Það vita allir, sem til þekkja, að tiltölulega lítið er frjálst af innflutningi frá Bandaríkjunum. Það er ekki mikið frjálst af innflutningi frá löndunum í Greiðslubandalagi Evrópu. Hins vegar er hið svo kallaða innflutningsfrelsi aðallega gagnvart clearing-löndunum, sem við höfum vöruskiptasamninga við. Frelsið birtist aðallega í því, að sagt er við innflytjendur: Þið

megið kaupa eins mikið og þið viljið af tilteknum vörum frá tilteknum löndum, og það eru einkum og sér í lagi clearing-löndin. Viðskiptafrelsið er m. ö. o. ekki meira en það, að innflutningurinn er bundinn, honum er beint með þessum fyrirmælum til ákveðinna landa, vöruskiptalandanna, en frá löndunum, sem verzla í frjálsum gjaldeyri. Og það má ekki einu sinni velja milli clearing-landanna. Það er ekki svo vel, að viðskiptin við clearing-löndin í heild séu nokkurn veginn frjáls. Nei, þau eru hverju sinni bundin við ákveðið clearing-land, og það má ekki flytja viðskipti milli þeirra.

Þannig er ástandið í dag. Þetta er það ástand, sem Sjálfstfl. hefur verið að gorta af sem miklu verzlunarfrjálsræði á undanförnum árum. Hver er afleiðing þess, að verzlunarfrelsið er fyrst og fremst í því fólgið, að viðskiptunum er beint til clearing-landanna? Það er öllum kunnugt, að vörur í clearing-löndunum eru allmiklu dýrari en í löndunum í Greiðslubandalagi Evrópu og á dollarasvæðinu. Sem dæmi um það má t. d. nefna, að skófatnaður frá Ísrael, sem er í Greiðslubandalagi Evrópu, er um 20—30% ódýrari en nákvæmlega sams konar eða heldur lakari skófatnaður frá Spáni, sem er vöruskiptaland. En enginn innflutningur á skófatnaði er leyfður frá Ísrael, þótt stöðugt séu til boða tiltölulega mjög hagstæð kaup á skófatnaði þar. Allur skófatnaðarinnflutningur eða nær allur er látinn koma frá Spáni. Þetta er allt verzlunarfrelsið í skófatnaðarinnflutningnum. Ég get nefnt 10—20 dæmi hliðstæð þessu, en það er ástæðulaust. Þetta er öllum, sem til þekkja, svo kunnugt, að það er nóg að nefna um það eitt dæmi.

Það er ekki nóg að segja, að innflutningur ákveðinna vörutegunda sé frjáls eða skuli vera frjáls. Það er ekki nóg að afnema þá reglu, að það þurfi innflutningsleyfi fyrir ákveðnum vörutegundum, ef menn fá neiið, sem menn fengu áður í fjárhagsráði eða innflutningsstofnuninni, í bönkunum. Ég skal nefna um þetta dæmi, sem frá er skýrt í dagblaði alveg nýlega. Í Tímanum 17. nóv., eða fyrir tæpri viku, var viðtal við einn af fulltrúum Sambands ísl. samvinnufélaga, Hjalta Pálsson, um dráttarvélar, en innflutningur á þeim var gefinn frjáls fyrir ári. Hver er nú reynslan af verzlunarfrelsinu með dráttarvélarnar? Tíminn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjalti sagði, að í fyrra hefði ekki verið hægt að fullnægja eftirspurninni um dráttarvélar. Hefði það að mestu stafað af því, að erfiðlega hefði gengið að fá gjaldeyri fyrir kaupunum. Innflutningur á dráttarvélum ætti nú að heita frjáls, en að sjálfsögðu segði gjaldeyririnn til um það hverju sinni, hve mikið magn væri hægt að flytja inn hverju sinni.“

Hér er kjarna málsins lýst í örfáum setningum í öðru aðalblaði hæstv. ríkisstj., Tímanum. Hér er beinlínis frá því skýrt, að það sé ordaleikur einn að vera að tilkynna, að innflutningur á ákveðinni vöru sé frjáls, því að eftir sem áður verði að sækja um gjaldeyri og eftir sem áður sé neitað um gjaldeyri, ef hann sé ekki talinn fyrir hendi. Innflutningseftirlitið hefur hreinlega verið flutt ofan úr Arnarhvoli eða ofan af Skólavörðustíg niður að Austurstræti. Það er allt og sumt. Sannleikurinn er sá, að kjarni allra yfirlýsinga hæstv. ríkisstj. um aukið verzlunarfrelsi hefur verið sá einn, að yfirstjórn haftanna hefur verið flutt milli gatna. Það er glæsibragurinn yfir allri stefnu hæstv. ríkisstj. í átt að auknu verzlunarfrelsi. Ég ætla að vara menn við að svara þessu þannig, að reynslan sýni, að innflutningurinn hafi verið aukinn, vegna þess að hann hefði getað aukizt nákvæmlega jafnmikið, þó að haftakerfið hefði verið í gildi, og hann getur enn minnkað nákvæmlega jafnmikið, þó að búið sé að afnema haftakerfið, ef bankarnir taka upp harðhentari peningapólitík en þeir hafa fylgt nú undanfarið. Þess vegna er það mergur málsins, þegar talað er um, hvort þetta frv. boði einhverja stefnubreytingu í innflutningsmálunum, hver skilyrði eru til þess frá gjaldeyrissjónarmiði að auka innflutninginn, hver skilyrði eru til þess, að bankarnir eða innflutningsyfirvöldin fjölgi jáum sínum, en fækki neium sínum. Þetta er auðvitað háð því, hver gjaldeyrisafstaða bankanna er, hvort hún er að batna eða hvort hún er að versna.

Ef þetta frv. ætti að þýða einhverja breytingu fyrir landsmenn og fyrir innflytjendur, ef þetta frv. ætti að marka einhver spor í átt að verzlunarfrelsi, þá ætti því að fylgja yfirlýsing um, að væntanleg væri af hálfu ríkisstj. og bankanna sú stefna að stórfjölga jáyrðum við innflutningsbeiðnum, en stórfækka neitunum. Hvort þetta verður gert eða ekki, hlýtur að vera komið undir því, hvernig gjaldeyrishreyfingarnar hafa verið undanfarið. Hefur gjaldeyrisástandið verið að batna? Að því vék hæstv. viðskmrh. ekki einu orði í ræðu sinni. Ég skil vel, af hverju hann gerði það ekki. Það munu menn heyra á því, sem ég segi hér á eftir. Ég ætla ekki, að hæstv. viðskmrh. sé það ekki algerlega ljóst, hverja meginþýðingu þetta atriði hefur fyrir það, hverjum augum menn líta á þetta frv. Hann er það glöggur viðskiptamaður, hæstv. viðskmrh., að honum er áreiðanlega fullljóst, að mat manna á þessu frv. sem einhverri stefnubreytingu er algerlega komið undir því, hvort gjaldeyrisaðstaðan er þannig, að búast megi við auknum jáyrðum, en færri neitunum.

En hver skyldi vera sannleikurinn um þetta efni? Í lok síðasta mánaðar var aðstaða bankanna gagnvart útlöndum sem hér segir: Bankarnir áttu inni 102 millj. kr. í dollurum, þeir skulduðu 95 millj. kr. í gjaldeyri Greiðslubandalags Evrópu, og þeir skulduðu 30 millj. kr. í vöruskiptagjaldeyri, þ. e. a. s., þeir skulduðu nettó 23 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. (**BÓ: Í hvaða gjaldeyri?**) Það er EPU-gjaldeyririnn og clearing-gjaldeyririnn samtals. (**Gripið fram í:** Nú ruglar ræðumaður því saman, hvort það eru skuldir ellegar hvort þar eru með ábyrgðir.) Nei, nei, þetta er að frádregnum ábyrgðum. Þetta er gert á sama hátt og bankarnir gera gjaldeyrisaðstöðu sínu upp, að frádregnum ábyrgðunum. Við vitum báðir, sem erum þessum málum kunnugir, að það hefur lengi verið til siðs í bönkunum hér að gera gjaldeyrisaðstöðuna þannig upp, að ábyrgðirnar séu dregnar frá.

Þetta eru þær opinberu tölur, sem fyrir liggja um þetta mál. Og það er alveg óþarfi fyrir núverandi og fyrrverandi viðskmrh. að þykjast ekki hafa heyrt getið um þessar tölur. Þær eru sannar. Þær liggja fyrir í opinberum skýrslum. Ég skal lesa upp tölurnar aftur, ef þeir kynnu að hafa gleymt að líta á þessa staðreynd, sem ég trúi varla. Þær eru svona: Gjaldeyrisinneignin í dollurum er 102 milljónir, gjaldeyrisskuldin í EPU-gjaldeyri er 95 millj., gjaldeyrisskuldin í clearing-gjaldeyri er 30 millj., svo að heildarniðurstaðan er 23 milljóna skuld. Nú má geta nærri, hvort búast má við því, að í kjölfar þessarar skuldar muni fylgja stóraukning á jáum hjá bönkunum og minnkun á neium. Þá eru þessir heiðursmenn, sem nú stjórna viðskiptamálunum, ekki eins varkárir í fjármálum og viðskiptamálum og þeir hafa þótzt vera — það verð ég að segja — ef meiningin er nú að stórauka innflutninginn og skuldirnar.

Nú gæti enn verið um það að ræða, að þrátt fyrir þessa skuld hafi nú gjaldeyrisaðstaðan farið batnandi á s. l. ári. Við gætum sagt, að það væri ástæða fyrir breyttri stefnu í þessum málum, ef skuldin hafi verið enn meiri fyrir ári, og það gefi tilefni til þess að vona, að jáunum mundi nú fjölgað og neiunum fækkað. En fyrir réttu ári, þ. e. í októberlok 1952, var gjaldeyrisaðstaðan þessi: Inneign í dollurum 36 milljónir, skuld í EPU-gjaldeyri, gjaldeyri Greiðslubandalags Evrópu, 31 millj., og skuld í clearing-gjaldeyri 22 milljónir. Heildarniðurstaðan var neikvæð, nettóskuld erlendis 23 millj., nákvæmlega sama upphæð. Á s. l. ári hefur gjaldeyrisaðstaðan því staðið nákvæmlega í stað, ekki batnað um eina milljón. Mig langar til þess að spyrja, hvort það sé meining hæstv. ríkisstj. að fylgja þessari þróun eftir með fjölgandi jáum hjá bönkunum og fækkandi neium við innflutningsleyfabeiðnum. Það væri mjög fróðlegt fyrir alþingismenn og allan almenning að fá um það að vita.

Raunar gefur þessi staðreynd, að gjaldeyrisaðstaðan hefur staðið í stað á s. l. ári, þ. e. skuldin hvorki minnkað né vaxið, ekki rétta hugmynd um hina raunverulegu þróun málanna, vegna þess að Marshallviðskiptin hafa mjög veruleg áhrif á gjaldeyrisaðstöðuna. Þess vegna er mjög athyglisvert að virða fyrir sér innkominn gjaldeyri og útlátinn gjaldeyri á fyrstu tíu mánuðum þessa árs. Tölurnar um hann eru þessar:

Í mánuðunum janúar—október 1953 er innkominn gjaldeyrir 766 millj. kr., en útlátinn gjaldeyrir 841 millj. kr. Útlátinn gjaldeyrir hefur verið 75 millj. kr. meiri en innkominn gjaldeyrir. Það hefur m. ö. o. verið halli á gjaldeyrisviðskiptunum um 75 millj. kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins. Ástæðan til þess, að þessi halli kemur ekki fram í auknum gjaldeyrisskuldum erlendis, er auðvitað Marshallviðskiptin.

Þetta eru þær raunverulegu efnahagslegu staðreyndir, sem við okkur blasa á þeim sömu dögum sem hæstv. ríkisstj. leggur fram frv., sem hún segir að tákni tímamót í viðskiptasögu landsins. Frv. gæti því aðeins táknað tímamót, að von væri á stórauknum innflutningi. Og nú vil ég fá að vita: Er það meining hæstv. ríkisstj. að túlka þessar staðreyndir, sem ég nú hef verið að lýsa, á þann hátt, að von megi vera á stórauknum innflutningi til landsins?

Annað atriði í frv. er í raun og veru miklu þýðingarmeira, en það er, að fjárfestingareftirlitið er afnumið að talsverðu leyti og aukið frjálsræði manna til þess að byggja sér íbúðarhús. Hámark þeirrar íbúðarstærðar, sem má byggja án leyfis fjárhagsráðs, er hækkað verulega.

Um þetta er það að segja, að eftirlit fjárhagsráðs á undanförnum árum mun hafa verið mjög haldlítið. Það mun alls ekki hafa náð tilgangi sínum. Fjárhagsráð hefur haldið illa á málum að því leyti, að það hefur ekki fylgt því eftir, að settar reglur væru haldnar. Það verkar auðvitað mjög spillandi á allan hugsunarhátt almennings og virðingu fyrir lögum og reglum, að settar skuli reglur af opinberum aðilum, sem síðan er illa framfylgt, jafnvel alls ekki. Þess vegna held ég, að breytingin til batnaðar á þessu sviði sé í raun og veru miklu minni en stafirnir á pappírnum gefa tilefni til. Hitt er annað mál, að þessari breytingu ber hiklaust og tvímælalaust að fagna. Starfsemi fjárhagsráðs undanfarin ár hefur verið eins og lamandi hönd á byggingarstarfseminni, sérstaklega vegna þess, að fjárhagsráð hefur haldið illa á þessum málum, eins og ég hef margoft rakið hér áður, þegar þau hafa verið til umr. Þess vegna mátti búast við því, að um leið og afskipti þess af þessum málum mundu minnka, þá mundi ástandið í þessum málum batna fyrir almenning.

Heildardómur minn um frv. er því sá, að í því felist næsta lítil breyting á núverandi ástandi. Breytingin er aðallega sú, að mönnunum, sem hafa yfirstjórnina með höndum, er fækkað úr fimm ofan í tvo.

Hæstv. ráðh. lagði á það mikla áherzlu, að það væru grundvallaratriði í þessu frv., að nú skyldi innflutningurinn vera frjáls, en það þarf að bæta því við, að hann er frjáls samkv. reglugerð, sem ríkisstj. setur hverju sinni. Ég vil minna á, að samkv. gildandi lögum er innflutningurinn frjáls á þeim vörutegundum, sem hann á annað borð er frjáls á, samkv. reglugerð, sem fjárhagsráð setti. Munurinn er m. ö. o. enginn annar en sá, að nú á ríkisstj. að setja reglugerðina, en áður setti fjárhagsráð hana. Fjárhagsráð hefur heyrt undir alla ríkisstjórnina og mun auðvitað enga reglugerð hafa sett nema í fullu samráði við hana. Þetta er öll breytingin, sem á sér stað. Það breytist, hver skrifar undir reglugerðina. Þótt starfsmönnunum eða ráðsmönnunum verði fækkað úr fimm ofan í tvo, þá er bara spurningin, hvort starfsmönnum stofnunarinnar verði ekki fjölgað jafnmikið í staðinn. Ef það er rétt, að þessir menn hafi verið störfum hlaðnir, og verkefnin minnka ekki svo gífurlega mikið, þá virðist hafa verið illa á málunum haldið þarna hingað til, ef það er allt í einu hægt að láta þrjá menn, sem hafa haft fullt starf og verið störfum hlaðnir, fara, án þess að nokkur nýr maður komi í staðinn. Þess vegna vildi ég leyfa mér að ljúka máli mínu

á því að beina þeirri spurningu til hæstv. viðskmrh., hvort nokkur áætlun hafi verið gerð um það, hversu mikið muni sparast í sambandi við þessa breytingu. Ég trúi ekki öðru en að ríkisstj. vandi málatilbúnað sinn svo, að hún geri sér grein fyrir því, með hvað miklu starfsliði hún ætlar að reka þá stofnun, sem hún er hér að leggja til að komið verði upp, og hver er niðurstaðan af þeirri áætlun. Hversu mikið ætlar ríkisstj. sér að spara með þessari breytingu, hversu marga menn og hversu mikinn kostnað? Það þætti mér og vafalaust mörgum öðrum mjög fróðlegt að fá skýrar upplýsingar um. Ég efast ekki um, að hæstv. viðskmrh. sé reiðubúinn til að gefa þær, ef hann hefur þær á reiðum höndum.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að kveðja mér hljóðs nú að þessu sinni, en eftir atvikum þykir mér þó rétt að segja nokkur orð þegar á þessu stigi málsins. Það er staðreynd, sem eigi verður í móti mælt, að með frumvarpi þessu er mörkuð alveg ný stefna í verzlunar- og viðskiptamálum þjóðarinnar og athafnalífi einstaklinganna. Þetta skilst ekki bezt af því að hlýða á ræðu hv. 1. landsk. (GÞG), sem hann var að ljúka við að flytja, heldur hinu, að lesa lögin um fjárhagsráð, sem nú er lagt til að fella úr gildi. Með þeim lögum var athafnafrelsi manna satt að segja lagt í viðjar og öll fjárfesting bönnuð nema með sérstökum leyfum. Ég tel, að alþingismönnum beri skylda til að viðurkenna, að með þessari löggjöf var árið 1947 stigið mikið óheillaspor, þar sem lagt var inn á leiðir áætlunarbúskapar og hafta og allt athafnafrelsi þjóðarinnar lagt í hlekki. Reynslan hefur nú opnað augu manna fyrir því, að lögin um fjárhagsráð voru í raun og veru alls ekki framkvæmanleg. Og ástæðan til þess er sú, að lögin risu gegn því eðli Íslendinga að vilja hafa sem víðtækast sjálfsforræði, — þau voru í andstöðu við frelsið, en til þjónustu við höft og bönn og þann ófarnað allan, sem þeim er samfara.

Það er bezt að segja það eins og það er, að fjárhagsráð hefur orðið mjög óvinsælt, eins og öllum er kunnugt, og ég tel sóma alþingismanna þá mestan, þegar þeir viðurkenna, að það var yfirsjón að setja þessa löggjöf, en reyna ekki að fela sig á bak við fjárhagsráð. Óvinsældirnar hefur fjárhagsráð hlotið fyrir það eitt að framkvæma fyrirmæli Alþingis.

Það er kunnugt, að í fjárhagsráði hafa átt sæti ágætir menn, og um þá flesta þori ég að fullyrða, að þeir hafa sýnt óvenjulega starfshæfni, heiðarleik og góðan vilja til þess að leysa hin erfiðu verkefni samvizkusamlega og vel af hendi. En það er e. t. v. sterkasta sönnunin fyrir ófremd fjárhagsráðslaganna, hve óvinsældir stofnunarinnar eru miklar, þrátt fyrir það að framkvæmdin hefur verið í höndum góðra og gegnra manna.

Dóm sinn um fjárhagsráð hefur hv. 1. landsk. (GÞG) kveðið upp, er hann segir, að fjárhagsráð hafi legið sem lamandi hönd á öllu athafnalífi landsmanna og framtaki. Þetta er alveg rétt. En ég vil þó taka fram, að það, sem hér hefur mistekizt, er fyrst og fremst lagasetningin sjálf, og það er karlmannlegast fyrir okkur alþm. að viðurkenna það og horfast í augu við hina illu reynslu, sem fengin er af þessari löggjöf.

Aðalatriði þessa máls er í fáum orðum, að með þessu frv., sem hér liggur nú fyrir til umræðu, lýsa stjórnarflokkarnir yfir því, að þeir hafi séð og skilið sín eigin víxlspor og að þeir afneiti nú stefnu áætlunarbúskapar, hafta og banna. Jafnframt lýsa þeir yfir því, að þeir vilja gefa innflutninginn til landsins frjálsan, þó að þeim sé að sjálfsögðu ljóst, að slíku frelsi er stakkur skorinn af gjaldeyrisgetunni. Það er af þessari ástæðu, vegna þeirra algeru straumhvarfa, sem frv. þetta veldur, að það mun lengi að mínu áliti verða talið meðal hinna merkari mála, er komið hafa fram á Alþingi hin síðari ár.

Til þess að forðast endurtekningar um efni frv. vísa ég til framsöguræðu hæstv. viðskmrh. um málið.

Ég vil ekki skiljast svo við þetta mál, að ég beini ekki fáeinum orðum til kommúnista. Það er landskunnugt, að þeir hafa í þessu sambandi og öðru haldið uppi miklu lýðskrumi á liðnum árum. Þeir hafa þótzt vera boðberar og málsvarar hins mikla frelsis, og hefur frelsistal þeirra og „frelsisást“ magnazt frá ári til árs, eftir því sem þeir hafa orðið varir við vaxandi óánægju almennings vegna hafta og alls konar banna, er fjárhagsráðslögin hafa haft í för með sér. Hefur í blöðum þeirra verið hamrað mjög á því, að enginn mætti byggja án afskipta ríkisvaldsins, enginn flytja út vörur án samþykkis ríkisstj. og enginn flytja vöru til landsins án leyfis yfirvalda. Út af þessum texta hefur verið lagt í blöðum, á almennum fundum um stjórnmál og í ræðum þeirra hér í þingsalnum. Ég vil í þessu sambandi rifja upp, að þegar forseti Íslands fól mér haustið 1946 að gera tilraun til stjórnarmyndunar, þá settu kommúnistar ýmis skilyrði fyrir þátttöku sinni í ríkisstjórn áfram. Það er ekki ófróðlegt að rifja upp, hvað fólst í „óskalista“ kommúnistaflokksins, er ég fékk í hendur í sambandi við þessa stjórnarmyndunartilraun. Þar gætti þess fyrst og fremst, að alla hluti átti að skipuleggja, allt vald að hverfa undir eitt allsherjarráð, og stendur þetta svo orðrétt í óskalistanum:

„Hlutverk þessa ráðs sé samning heildaráætlunar um nýsköpun atvinnulífsins fyrir tímabilið 1945—1950, undirbúningur næstu heildaráætlunar þar á eftir, samning séráætlunar fyrir hvert einstakt ár um nýsköpun atvinnulífsins.“

En það er fleira, sem stendur í þessum óskalista. Eins og ég sagði áðan hefur jafnan verið á það minnt í blöðum sósialista, að menn þyrftu leyfi yfirvaldanna til þess að koma upp húsi yfir höfuðið á sér, og verið talið til hins freklegasta ófrelsis. En í óskalistanum er þess krafizt, að hið mikla ráð, sem stofnsetja skuli, eigi að „ákvarða um fjárfestingu í byggingum, hve mikil hún skuli vera í atvinnufyrirtækjum og mannvirkjum atvinnulífsins, íbúðarhúsum, opinberum byggingum og öðru. Stjórnin á þessari fjárfestingu sé framkvæmd með leyfum til að hefja byggingar, er séu lögbundin skilyrði til þess að fá byggingarefni.“ M. ö. o.: Enginn á að

fá byggingarefni, nema hann fái leyfi þessa ráðs til byggingarinnar. Þetta voru nú kröfurnar, sem Sósfl. gerði í þá daga, og getur nú hver sem er borið saman muninn á þessu, sem þeir vildu að yrði, og því, sem varð með lögunum um fjárhagsráð og framkvæmd þeirra.

En svo kemur verzlunarfrelsið. Það hefur auðvitað verið ætlazt til í þessum óskalista, að öll verzlun yrði frjáls, inn- og útflutningur, eða það skyldu menn halda af skrifum og tali sósíalista að undanförnu. En í hinu ágæta skjali, óskalistanum, stendur svo orðrétt: „Innkaupastofnun þjóðarinnar sé sett á fót, er samkvæmt lögum annist ein innkaup á öllum vörum, og sé því stjórnað með lýðræðislegu fyrirkomulagi.“ Hér virðist kveða nokkuð við annan tón. Verzlunin á m. ö. o. alls ekki að vera frjáls, eins og kommúnistar hamra á nú. Hún átti að vera bundin, svo rígbundin, að enginn nema ein einasta ríkisstofnun mátti flytja inn svo mikið sem einn eldspýtustokk.

Að því er útflutningsmálin varðar stendur í óskalistanum: „Komið verði upp sérstakri stofnun, er hafi umsjón með sölu á öllum sjávarafurðum landsins. Stefnt skuli að því, að sem allra flestar af útflutningsvörum landsins verði seldar á einni hendi, og annist þá þessi stofnun söluna. Enn fremur skal hún annast útgáfu útflutningsleyfa fyrir þeim vörum, sem einstaklingum er leyft að selja.“

Ég vil biðja menn að veita alveg sérstaka athygli þeim atriðum, sem sósíalistar hafa sett á þennan óskalista. Það á enga húskofa að mega byggja nema með leyfi, ekkert flytja til landsins, nema ríkið geri það sjálft, og helzt ekkert flytja út um hendur einstaklinga, því að ein stofnun á að annast það allt. Ég verð því að spyrja: Er hægt að hugsa sér ófrelsi á hærra stigi?

Þannig er nú sú stefna, sem sósíalistar vildu árið 1946 koma á í þessum málum þrátt fyrir allt *glamrið um fjárhagsráð síðan.*

Ég vil svo að lokum taka það fram, að mér dettur ekki í hug að víkja frá mér sök um að eiga þátt í setningu laganna um fjárhagsráð, þvert á móti. *Ég lýsi sök á hendur mér og fleiri* um það. En hitt tek ég fram, að þótt Alþingi á sínum tíma og í skammsýni hafi samþykkt slíka löggjöf, þá hefði því borið fyrir löngu og ber *nú að afnema lögin og draga lærdóma af* þeirri ófrelsisstefnu, sem þau hafa innleitt í verzlun og viðskiptum. Því fyrr sem Alþingi gerir skyldu sína í þessu efni, því betra.

**Einar Olgeirsson:** Það var vissulega tilefni til þess að lýsa ánægju sinni yfir því, að það skyldi þó loksins takast fyrir okkur vesæla þm. að fá sjálfan hæstv. forsrh. til að tala hér í þessu máli. Og ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að hann hefur nú tekið þátt í umr., og vona, að hann haldi því áfram, ekki sízt vegna þess, hver ánægja mér er að því að fá að tala við hann. Ég held líka, að það sé ákaflega heppilegt einmitt í sambandi við öll þessi mál að rifja upp, hvað hefur verið að gerast á Íslandi í þessum málum undanfarið, og þess vegna álít ég það ákaflega heppilegt, að hann skuli hafa komið inn á að rifja upp þessa hluti. Það eina, sem mig vantar til þess að geta alveg svarað honum að öllu leyti, er að hafa orðrétt hérna fyrir framan mig þessi skilyrði, sem hann var að vitna í og voru till. okkar sósíalista, lagðar fram 6. nóv. 1946 í þeirri 12 manna n., sem þá fjallaði um *nýja stjórnarmyndun, og prentuð eru í Rétti* árið 1947, þannig að þetta er allt saman til prentað, og ég vona, að ég fái það, áður en ég verð búinn að ljúka þessari ræðu. Þá skal ég með ánægju lesa dálítið upp yfir honum af þessum hlutum, en þangað til ætla ég að ræða ofur lítið af því, sem hann minntist hér á áðan.

Hann fór að ræða um fjárhagsráðslögin, og þar er talað um 15%, sem áttu að leggjast til hliðar. Ég vil þá um leið minna hann á það, að þessi 15%, sem þarna voru sett inn í fjárhagsráðslögin, voru tekin upp úr lögum, sem við höfðum sameiginlega komið í gegn áður, og áttu að tryggja framhald nýsköpunarinnar. Það átti að tryggja, að það yrði lagt a. m. k. 15% til hliðar af árlegum gjaldeyristekjum þjóðarinnar til þess að gera mögulegt að halda áfram nýsköpuninni, kaupa fleiri togara og annað slíkt. Og ég hafði alltaf lagt til, að það væri helzt reynt að fara upp í 25% með þetta, og ég held, að þetta plagg, sem hann var með áðan og vildi ekki leyfa mér að sjá, byrji á till. um, að það séu 25%. M. ö. o.: Það, sem við sósíalistar lögðum til og settum fram sem nr. 1 í sambandi við skilyrðin um nýja stjórnarmyndun, eftir að nýsköpunarstjórnin fór frá, var, að þjóðin legði nú enn þá meira að sér til þess að byggja upp sína framleiðslu, grundvöllinn að sínu lífi, að hún gerði mögulegt að kaupa enn þá meira af framleiðslutækjum til þess að undirbyggja þannig lífsafkomu þjóðarinnar.

Lögin um 15%, sem áttu að leggjast til hliðar, hafa aldrei verið framkvæmd. Þau voru því miður ekki einu sinni framkvæmd í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, eins og hann getur athugað, ef *hann athugar reikninga Landsbankans og síðan* nýbyggingarreikninginn, sem allt er þar framkvæmt. Það heyrði sem sé ekki undir okkur að leggja þessi 15% til hliðar. Bankamálin og verzlunarmálin *í nýsköpunarstjórninni* heyrðu undir Sjálfstfl., og það var svikizt um að framkvæma þessi lög allan tímann.

Hvað var það hins vegar, sem vakti fyrir okkur *og vakti raunar upprunalega fyrir* honum sjálfum líka að gera á þessum tíma? Það, sem vakti fyrir okkur, var uppbygging framleiðslugreinanna í landinu, eins og það var kallað þá *með orði, sem gaf líka nýsköpunarstjórninni* nafn, sem sagt nýsköpun atvinnulífsins. Með því að fjölga togurunum, fjölga hraðfrystihúsunum og hefja nýsköpun á sviði iðnaðarins, landbúnaðarins og stóriðjunnar átti þjóðin að *reyna* að halda áfram því mikla átaki, sem hafði verið byrjað með á árunum 1944—46. Hvað var það nú, sem gerði okkur svo erfitt fyrir, á meðan *við vorum í nýsköpunarstjórninni*, að geta ráðizt í þessa stóru og nauðsynlegu hluti, að geta einbeitt orku þjóðarinnar að því að kaupa togara, byggja báta, koma upp raforkuverum, koma upp stóriðju, koma upp vélreknum landbúnaði? Hvað var það, sem gerði okkur svona erfitt að ein-

beita orku þjóðarinnar að því, fjármagni þjóðarinnar og öllu slíku? Það var fyrst og fremst eitt, og það var vald verzlunarauðmagnsins í landinu. Það var það, að verzlunin, innflutningsverzlunin og útflutningsverzlunin, gaf af sér mestan gróðann. Og í þjóðfélagi, þar sem fjármagnsstraumurinn er frjáls, leitar fjármagnið þangað, sem gróðinn er mestur. Þess vegna var það svo, að bölið, sem við áttum við að berjast á þessum árum — og nú vona ég, að hæstv. ráðh. hlusti á mig — var, að í staðinn fyrir, að gróðinn, sem skapaðist, færi undir yfirráð þjóðarinnar og þjóðin gæti notað þennan gróða til þess að byggja upp betra atvinnulíf en áður, þá rann svo og svo mikið af öllum þessum gróða til heildsalastéttarinnar, til þeirra aðila, sem höfðu með innflutninginn og útflutninginn að gera — og þó sérstaklega innflutninginn.

Enn fremur var annað höfuðvandamál í byggingarstarfseminni. Það var byggt meira á þessum árum en verið hefur annars á Íslandi nokkurn tíma fyrr eða síðar, 1945 og 1946. Það hefur aldrei verið byggt meira hér í Rvík, aldrei fleiri íbúðir en á þessum tveim árum, komst yfir 600 íbúðir árið 1946. En hver voru vandræðin í sambandi við þær byggingar? Vandræðin voru, að þær voru gersamlega óskipulagðar og urðu öllum aðilum margfalt dýrari en ella hefði þurft að vera. Hvað var það, sem við þess vegna álitum að þyrfti að gera til þess að bæta úr þessu? Við álitum og lögðum til, að það ætti að þjóðnýta byggingarstarfsemina. M. ö. o.: Það var ákveðið frá okkar hálfu, að það skyldi byggja eins mikið og mögulegt væri, það skyldi byggja úr öllu því, sem þjóðin hefði efni á að flytja inn. Og það höfðu verið samþykkt lög árinu áður, 1946, um að útrýma á fjórum árum öllum heilsuspillandi íbúðum á Íslandi. Það, sem þurfti til þess að framkvæma þessi lög, var að einbeita fjármagni þjóðarinnar að því og láta ekki skapast einhvern stórgróða á því að byggja yfir þá, sem nú búa í bröggunum. Það átti ekki að vera hægt að taka hundruð þúsunda króna gróða á hverri íbúð, þegar væri verið að byggja yfir þá, sem nú eru í bröggunum, til þess að gera þeim mögulegt að flytja inn. Í lögunum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, sem fram voru borin og samþ. af nýsköpunarstjórninni, var ákveðið, að ríkisstj. skyldi sjálf lána og sjá um, að lánað væri upp í 85% af kostnaðarverði íbúðanna til bæjarfélaganna, sem tækju að sér að sjá um þessa útrýmingu á fjórum árum. Hvað þurfti að gerast til þess að framkvæma svona lög? Það er ekki nóg að samþykkja svona lög. Það þarf að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem gera það mögulegt, að svona lög verði ekki bókstafur. Við sáum, hvað þurfti að gera til þess. Þess vegna lögðum við til, að byggingarstarfsemin væri þjóðnýtt, það væri séð um að láta alla byggingarverkamenn hafa nóg að gera, flytja inn eins mikið af byggingarefni og framast væri mögulegt og einbeita þessu byggingarefni fyrst og fremst að því að byggja hús, til þess að allir þeir, sem væru í bröggum og öðrum heilsuspillandi íbúðum, fengju þar inni, og einbeita fjármagni þjóðarinnar um leið að þessu. Þetta var það, sem við lögðum til. Og hæstv. forsrh. las hér upp áðan klausuna um byggingarstofnun ríkisins, en hann hélt bara ekki áfram með skiptinguna á því, hvernig átti að verja þessu, til þess einmitt að framkvæma þau lög, sem þegar höfðu verið samþ. Ég veit, að hæstv. forsrh. var með þessum lögum, sem við samþ., en hvað var svo gert, vegna þess að ekki var gengið að okkar till. um að einbeita fjármagninu að þessum byggingum? Lögin voru afnumin árið eftir. Lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru afnumin hér á Alþingi árið eftir, strax og Marshallstjórnin tók við af nýsköpunarstjórninni, þá var ákveðið, að allir þeir, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, skuli búa þar áfram, og ekki aðeins, að þeir, sem bjuggu þá í heilsuspillandi íbúðum, skyldu búa þar áfram, heldur að helmingi fleiri skyldu verða hraktir út í þær heilsuspillandi íbúðir í viðbót. Þetta var það, sem var gert, og þetta er það, sem við höfum sannanir fyrir og liggur fyrir. Af hverju? Af því að sú ágæta stjórn, sem við þá tókum þátt í, var hrakin frá völdum með utan að komandi afskiptum og fjármálum Íslands var ekki stjórnað lengur með því tilliti, sem þó var tekið í nýsköpunarstjórninni til nauðsynja almennings, heldur með allt önnur sjónarmið fyrir augum. Þannig var viðvíkjandi því, sem snertir þjóðnýtingu byggingarefnisins.

Hvað var svo hitt? Jú, við lögðum til, að innflutningsverzlunin væri þjóðnýtt. Við lögðum til, að innkaupastofnun ríkisins annaðist öll innkaup til landsins. Hvað hefði það þýtt? Það hefði þýtt, að allur gróði einstaklinga af innflutningi til Íslands var útilokaður. Það þýddi, að enginn maður á Íslandi gat lengur grætt á því að flytja inn vörur. Það þýddi, að allir þeir heildsalar, sem þá voru til hér í Rvík og áttu milljónir króna, urðu að hætta að græða á verzlun. Hvað hefðu allir þessir menn gert, sem eiga tugi ef ekki hundruð milljónir króna í eignum? Allir þessir menn hefðu farið í atvinnureksturinn. Hvað var það, sem var böl Íslands á öllum þessum tíma? Bölið var það, að fjármagnið streymdi í verzlunina. Ég vil minna hæstv. forsrh. á, að þetta var ekki nýtilkomið í nýsköpunarstjórninni. Hver var niðurstaðan, sem skipulagsnefnd atvinnumála, Rauðka, komst að í sínum rannsóknum 1934? Það var — ég held tölurnar séu réttar hjá mér — að allt kapital, sem var í sjávarútveginum á Íslandi, væri þá 22 millj. kr. Það er maður hér inni, sem var í Rauðku og man það kannske, það er hv. 5. landsk. (EmJ). En ég man ekki betur en að 1934 hafi það verið 22 millj. kr., allt það fjármagn, sem var í sjávarútveginum á Íslandi. En allt fjármagn, sem þá var í verzluninni á Íslandi, var um 100 millj. kr. Þetta var eitt af böli Íslands, að fjármagnið leitaði ekki í framleiðsluna, ekki í sjávarútveginn, sem var nauðsynlegt fyrir þjóðina, heldur í verzlunina, vegna þess að þar voru gróðamöguleikarnir. Hvað var það, sem nýsköpunarstjórnin gerði? Nýsköpunarstjórnin kippti hlutum í lag, sem höfðu verið í ólagi í 20 ár. Hún gerði sjávarútveg Íslands að grundvellinum í allri okkar framleiðslu og að þeirri sterku undirstöðu, sem hann er enn þá í dag fyrir allt þjóðlíf Íslands. Hún gerði það með einu átaki. Þessi ein einustu tvö ár, sem hún fékk að lifa, gerði hún þetta

stórvirki, en það ætlaði varla að vera mögulegt að útvega fjármagnið í þessa þrjátíu togara, sem við keyptum. Við urðum að kúska hér í gegn lög, og jafnvel hæstv. forsrh. varð að taka sína góðu vini í Landsbankanum á endanum til bæna til þess að beygja þá undir það. Af hverju fékkst ekki fjármagnið í togaraútgerðina? Af því að menn græddu á því að setja það í verzlunina, í heildsöluna, og fjármagnið leitaði þess vegna þangað. Hver var ályktunin, sem við drógum af þessu, við sósialistar? Hún var sú, að það dygði ekki að láta fjármagnið geta leitað út í verzlunina, út til heildsalanna, það yrði að pína fjármagnið til að leita til atvinnuveganna. Það þýddi, að við yrðum að afnema gróðamöguleikana í verzluninni, við yrðum að afnema það, að hægt væri að græða á því fyrir einstaklinga að flytja inn vörur til landsins, það yrði ríkið, sem tæki allan þann gróða, sem álitið er að á því mætti yfirleitt vera. Það hefði þýtt, að allt það fjármagn, sem allan tímann á Íslandi hingað til hefur leitað í verzlunina, hefði verið kúskað út í sjávarútveginn, út í iðnaðinn, út í landbúnaðinn, út í uppbyggingu stóriðjunnar. Ég veit, að hæstv. forsrh. hefur alveg fullan skilning á því, hver nauðsyn var á því að reka fjármagnið út í atvinnuvegina og fyrst og fremst út í sjávarútveginn. Ég býst við, að það hafi fáir jafnvel skilið það betur en hann. En hitt var aftur á móti allt annað mál, að stjórnmálaleiðtoginn Ólafur Thors, sem verður að stjórna stærsta flokki landsins, flokkinum, þar sem stórútgerðin og heildsalarnir vega salt, verður að taka allt önnur tillit í slíkum málum, ef flokkurinn á að haldast saman, heldur en forsrh. nýsköpunarríkisstjórnarinnar hefði álitið skynsamlegt að taka. Þess vegna veit ég, að það hafa kannske fáir skilið betur þær till., sem við sósialistar fluttum þá, till. um þjóðnýtinguna á verzluninni, till. um þjóðnýtinguna á innflutningnum. En ég veit, að það var náttúrlega til ákaflega mikils mælzt, að hæstv. forsrh. ætti að vera með því að framkvæma það. En það var ekki till. um þjóðnýtingu á togurunum. Það var því síður till. um þjóðnýtingu á mótorbátum eða öðru slíku. Tillögurnar voru um að opna sviðin í atvinnulífinu, til þess að fjármagnið mætti fá að streyma þangað, til þess að þjóðin með harðri hendi ræki fjármagnið út úr verzluninni og inn í framleiðsluna. Það var ekki gert, vegna þess að heildsalarnir heimtuðu að fá að maka krókinn og fengu að gera það. Þess vegna varð næsta stjórn mynduð, Stefáns Jóhanns-stjórnin, og fjárhagsráð sett.

Það var fyllilega ástæða til þeirra tillagna, sem við komum fram með. Og þær till. voru þær einu skynsamlegu till., sem þá var hægt að bera fram, svo framarlega sem menn ætluðu að halda áfram því starfi, sem við höfðum verið að vinna að, nýsköpun atvinnulífsins, ef menn í staðinn fyrir 32 togara ætluðu að kaupa 25 togara í viðbót, ef menn ætluðu að halda áfram að byggja mótorbátaflotann, ef menn ætluðu að herða á byggingu millilanda- og flutningaskipanna, og hæstv. forsrh. hefði nú getað fengið enn þá betra efni í upplestur, ef hann hefði tekið upp allar brtt. mínar, sem ég flutti við umr. um fjárhagsráðið hérna í þessari hv. d. 1947, allar till., sem ég flutti um uppkomu stóriðju á Íslandi þá, á árunum 1951—56, undirbúning 10 ára áætlunarinnar, sem þá var. Það er alveg gefið mál, að það var gersamlega óhugsandi að ætla að vinna þessi verk öðruvísi en með harðvítugum áætlunarbúskap. Þeir menn, sem hefðu farið fram á eitthvað annað, sýndu bara eitt, að þeir höfðu ekki nokkurt vit á atvinnumálum.

Hæstv. forsrh. sagði ýmis ljót orð um áætlunarbúskapinn, og það var alveg rétt hjá honum, að í upphafi fjárhagsráðsl. var talað um svona þjóðarbúskap eftir fyrir fram gerðri áætlun. Ég vakti athygli á þessu strax við umr., og forsrh. þáverandi, Stefán Jóhann, vildi leggja ákaflega mikið upp úr því, að þetta væri meiningin, þessi þjóðarbúskapur. Ég man eftir, að þáverandi utanrrh., Bjarni Benediktsson, talaði fyrir hönd Sjálfstfl. og sagði alveg greinilega, að það væri alls ekki meiningin hjá Sjálfstfl., og það skildi ég líka fullvel. Það var sem sé þannig, að áætlunarbúskapurinn var í lögunum um fjárhagsráð aðeins sem falleg flík, sem var veifað með og aldrei var meiningin að framkvæma og aldrei var reynt að framkvæma. Það eina, sem gert hefur verið í áttina til áætlunarbúskapar hér á Íslandi, var gert af ríkisstj. hæstv. núverandi forsrh., *nýsköpunarstjórninni*, — það *eina*, sem gert hefur verið af viti, það langstærsta átak um áætlunarbúskap, sem gert hefur verið á Íslandi, og það langskynsamlegasta átak, sem nokkurn tíma hefur verið gert, það átak, sem *íslenzka þjóðfélagið lifir á í dag. Ég býst við*, að það sé meira en 90% af allri framleiðslu Íslands í dag, sem er framleitt af þeim tækjum, sem þá voru keypt, eða vegna þess að þau voru keypt á árunum á eftir, því að kaup nýsköpunartogaranna 10 rétt á eftir voru undir þeim sterku áhrifum, meðan nýsköpunarstefnan enn þá markaði hugi þjóðarinnar og markaði í orði kveðnu löggjöf, eins og heyrist alveg í upphafi fjárhagsráðsl. Það var bara vegna þess, að þjóðin einu sinni hafði upplifað það, hvað hún gat gert stórkostlega hluti, svo framarlega sem hún tók á með öllum sínum krafti, að hún gat gert eins stórkostlega hluti og á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, það var það, sem raunverulega gerði, að það var ofur lítið áframhald á einstaka sviðum á eftir, áður en allt var lagt í dróma. Þess vegna er það, að það, sem gert hefur verið af viti um áætlunarbúskap á Íslandi, var gert af nýsköpunarstjórninni undir forsæti hæstv. núverandi forsrh., Ólafs Thors, og enn þá býst ég við, að bæði hann sjálfur og meiri hluti þjóðarinnar fallist á, að það hafi verið langbezta stjórnin, sem hér hefur setið að völdum, ekki síst þegar hún er borin saman við allar þær stjórnir, sem síðan hafa komið. En af hverju? Af því að það var ofur lítill forsmekkur að því, hvað sósialismi og þjóðnýting mundi gera fyrir Ísland, svo framarlega sem þau væru framkvæmd hérna og framkvæmd af alþýðunni sjálfri. Menn fengu ofur lítið að sjá það, hvernig menn *gætu lifað hér í þessu landi, þegar allir* hefðu vinnu og þegar a. m. k. svo og svo miklu af allri fjármálaorku þjóðarinnar væri einbeitt að því að reyna að byggja upp atvinnulíf þjóðarinnar. — Í þessu hérna hefti var það allt sam-

an birt, sem við þá lögðum til. En ég er búinn að ræða svo mikið um það, að ég veit ekki, hvort ég á að fara að lesa þetta hér á eftir. En það voru engir smáræðis samningar, sem var lagt til af hálfu okkar. Það var heildarstjórn á nýsköpun atvinnulífsins, sem við lögðum til að lagt væri í. Það var um seðlabanka Íslands og bankana. Það var um innkaupastofnun þjóðarinnar. Það var um ýmiss konar ríkisrekstur. Það var um ráðstafanir til eflingar sjávarútveginum. Það var um raforku og stóriðju, undirbúning að virkjun Þjórsár, fyrir utan að ljúka við Sogið og Laxá 1948—49. Það var um byggingarstofnun ríkisins. Það var um almenn þjóðfélagsleg framfaramál. Þær eru upp á 16 síður, þær till., sem við lögðum fyrir þá. Ég hef þær hér prentaðar, þær hafa verið prentaðar allan tímann, og við höfum kynnt þessar till. hvað eftir annað í öllum okkar skólum. Greinin, sem þær birtust í, heitir: Hvernig skal einbeita orku íslenzka þjóðfélagsins. — Það gerir máske ekkert til, þótt ég lesi byrjunina á því, til þess að menn skilji aðeins andann, sem ríkti þá. Það byrjar svona:

„Nýbygging lands vors í nýstofnuðu lýðveldi þjóðar vorrar er hafin. Kynslóð feðra vorra tók við landi, sem rúið var eftir alda áþján, vegalausu, brúarlausu landi, þar sem vart var steinhús til og timburhús fá og framleiðslutæki öll fátækleg fram úr hófi. Öld fram af öld höfðu forfeður vorir orðið að berjast við það eitt að lifa, að halda lifandi íslenzku þjóðerni, íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum, við svo ömurleg ytri skilyrði, að flestum hefði orðið slík viðleitni ofvaxin. Meðan moldarbreysin hrörnuðu á Íslandi, voru byggðar hallir erlendis fyrir arðinn af vinnu íslenzkrar alþýðu. Meðan íslenzkir fiskimenn týndu lífinu hundruðum saman á fúnum fiskibátum, óx auður einokunarherranna erlendis, sem skömmtuðu Íslendingum smánarverð fyrir fiskinn og okruðu á útlendu afurðunum, er þeir seldu þeim. Meðan nágrannaþjóðum vorum fjölgaði, fækkaði Íslendingum, og þegar harðast var, stóð baráttan beinlínis um tilveru íslenzkrar þjóðar í þessu landi.

Við höfum á síðustu 150 árum sigrað í þessari baráttu, Íslendingar. Nú stendur baráttan um að vinna upp aldirnar, sem við höfum tapað. Engin kynslóð Íslendinga hefur haft eins góð skilyrði til þess og einmitt kynslóð vor. Auður og tækni, sem allar undanfarnar kynslóðir skorti, eru lögð upp í hendur vorar, ef vér aðeins kunnum að nota þetta hvort tveggja rétt. Við þurfum að skapa á einum áratug fullkomnasta framleiðslukerfi, sem nokkur þjóð hefur í hlutfalli við stærð hennar. Slíkt er hægt, ef stjórnað er af viti. Við þurfum að reisa íbúðarhús yfir alla þjóðina, byggja þetta land, sem mátti heita húsalaust fyrir hálfri öld, þannig, að ekki búi aðrar þjóðir betur, þótt þær standi á fornum merg efnahagslega. Það er hægt að vinna slíkt verk á einum til tveimur áratugum, ef kröftunum er varið rétt. Við þurfum að reisa fjölmargar menningarstofnanir og opinberar byggingar til þess að skapa þeirri menningu vorri, sem er tilveruskilyrði og aðall þjóðar vorrar gagnvart öðrum þjóðum, þau ytri skilyrði, sem hún þarf til þess að þroskast og verða raunverulega sameign alþjóðar. Og þetta er því nauðsynlegra sem íslenzkt þjóðerni og erfðamenning verður á komandi árum að heyja baráttu gegn smekkspillandi og lítillækkandi ómenningaráhrifum Vesturheimsauðvalds. Eigi þjóð vorri að takast að lyfta þessu Grettistaki á efnahagssviðinu á næstu áratugum, þá verður að einbeita öllum kröftum hennar að því. Slíkt stórvirki verður ekki unnið, ef sundrung ríkir með þjóðinni, ef kröftum eins er varið til þess að arðræna annan, ef margir menn eru látnir vinna með lélegum verkfærum það verk, sem einn gæti unnið með góðu tæki, ef skipulagsleysi á framleiðslu og verzlun hindrar þau afköst vinnunnar, sem eru undirstaða allrar velmegunar.

Sósfl. hóf það verk 1944 að sameina þjóðina til slíks átaks, til þess að hefja lífsafkomu alþýðunnar á hærra stig og tryggja efnahagslegt sjálfstæði og menningu þjóðarinnar. Afturhaldsöfl yfirstéttarinnar hafa reynzt drjúg í því að tefja það verk og spilla því, en mikið hefur samt áunnizt, og þó er það aðeins byrjunin. 6. nóv. 1946 lagði Sósfl. fram till. sínar um, hvernig áfram skyldi halda. Eru þær grundvöllur að stjórnarsamstarfi, settar fram í 12 manna nefndinni.“ — Till. fara hér á eftir.

Þessar till. munum við sósíalistar alveg standa við, frá orði til orðs, í dag. Þær eru till. um þjóðnýtingu íslenzku þjóðarinnar á þeim sviðum, sem var lífsspursmál fyrir hana að þjóðnýta þá, til þess að hægt væri að halda áfram af fullum krafti að einbeita allri getu þjóðarinnar, allri fjármálalegri orku hennar að uppbyggingu atvinnulífsins, að aukningu sjávarútvegsins, að vélrekstri landbúnaðarins, að sköpun stóriðju á Íslandi.

Þetta held ég þess vegna að hæstv. forsrh. hefði mátt íhuga, áður en hann kom með sína ræðu hér. Þjóðnýting á þessum sviðum þýddi þá að tryggja þjóðinni fulla atvinnu, betri lífsafkomu. Það, sem síðan hefur verið á Íslandi á þessum sviðum, eru einokunarhöft fyrir litla heildsalaklíku, sem annast útflutning og innflutning, og fyrir þann, sem hefur orðið samsekur henni um einokunina, Samband ísl. samvinnufélaga. M. ö. o.: Í staðinn fyrir þjóðnýtingu á þessum kröftum þjóðarinnar höfum við síðan haft einokun ákveðinna fésýslumanna, þeirra fésýslumanna, sem báru sigur úr býtum í því að drepa nýsköpunina. Það voru heildsalar Sjálfstfl. og Samband ísl. samvinnufélaga, sem ræður Framsfl., sem drápu nýsköpunarstjórnina, að svo miklu leyti sem það voru innlend öfl. Og síðan hafa þessir aðilar ráðið landinu, þessir aðilar, sem allan þennan tíma hafa aðeins hugsað um eitt, og það er, hvernig þeir eigi að skipta verzluninni á milli sín, hvernig þeir eigi að fara að því að ræna þjóðina gegnum verzlunina. Þessi einokun, sem verið hefur allan þennan tíma, á eftir því frv., sem hérna liggur fyrir, að halda áfram, nema nú á hún að verða einokun með reglugerðum ríkisstj., í staðinn fyrir að áður var hún einokun með reglugerðum fjárhagsráðs, gefnum út samkvæmt ósk ríkisstj. Það er skrambans mikill munur. Þess vegna ætla ég að biðja hæstv. forsrh., upp á gamlan kunnings-

skap, að blanda aldrei oftar saman, þegar hann talar hérna við okkur, áætlunarbúskap og þeim beztu tilraunum, sem gerðar hafa verið á Íslandi til þess að framkvæma hann með nýsköpunarstjórninni, og því haftafargani fyrir einstakar fjármálaklíkur í þessu landi, sem verið hefur síðan 1947, að hann lét af stjórn. Þess vegna er það, sem við höfum nú hér lagt svo ríka áherzlu á að fá að vita, hvað ríkisstj. hugsaði sér nú með þessum málum öllum. Hefði hún haft fyrir því að hlusta á mína ræðu hérna, þá hefði hún kannske svarað einhverju af slíku. — Áðan minntist hann á, svo að ég rétt ljúki með því að svara tveim, þrem orðum, yfirstjórn Íslands, sem hefði verið í fjárhagsráði, hún flyttist nú til ríkisstj. Flyzt hún ekki í Framkvæmdabankann? Er það alveg öruggt? Það er það, sem ég var hálfhræddur um. — Þá sagði hæstv. forsrh., að ríkisstj. óskaði eftir því að hafa ekki allt í höftum og böndum. Gildir það líka um útflutninginn? Á að afnema öll útflutningshöftin líka, af því að ríkisstjórnin óski svo mikið eftir að hafa engin höft og bönd? — Og svo að síðustu. Hæstv. forsætisráðherra sagði, að nú ætti að lyfta þeirri lamandi hendi fjárhagsráðs af atvinnulífinu. Þeir eru alveg öruggir að fá ekki í staðinn þá lamandi járnhnefa ríkisstj. á atvinnulífið. M. ö. o.: Fyrst hæstv. forsrh. hefur látið svo lítið að taka nú þátt í umræðunum án þess að hafa hlustað á ræðurnar, þykir mér vænt um, að hann hefur þó hlustað á þessa ræðu og gefið mér tækifæri til þess að rifja upp gamla og góða hluti. Og nú vona ég, að hann haldi áfram og taki þátt í þessum umræðum, því að þær eru vissulega þess virði, að þeim sé haldið áfram af fullum krafti.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég tel nokkra ástæðu til þess að víkja hér að þeim umræðum, sem fram hafa farið, áður en ég snýr mér sérstaklega að frv.

Fyrst er í tilefni af því, sem hér kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann vildi láta í það skína, að lögin um fjárhagsráð væru í rauninni til komin í sambandi við þær tillögur, sem við sósialistar lögðum fram á sínum tíma, eða um það leyti, sem nýsköpunarstjórnin var að láta af völdum, og um það leyti, sem þriggja flokka stjórnin var þá mynduð rétt á eftir. Ég hygg, að það sé rétt, eins og fram kom í ræðu 2. þm. Reykv., sem hér talaði næstur á undan mér, að það viti í rauninni fáir betur en einmitt hæstv. forsrh., að þetta er fullkomlega rangt, og ég ætla í því efni að rifja upp nokkur atriði frá þessum tímum og vitna hér í nokkur gögn, sem ég hef í höndum um það.

Ég hygg, að það muni flestir hv. alþm., að um það leyti sem nýsköpunarstjórnin var að láta af völdum, var orðið mjög rætt um það hér í landi, að það hefði ekki á tímum nýsköpunarstjórnarinnar verið hafður eðlilegur hemill á húsbyggingarstarfsemi landsmanna. Sérstaklega bar á því, að Framsfl. hafði uppi mjög háværar raddir í þessa átt og þóttist benda á það, að einkum hér í Reykjavík hefði verið byggt svo, að fjárhagur íslenzku þjóðarinnar hefði þar ekki haft bolmagn til að rísa undir. Það bar líka stórkostlega á því, að þm. Sjálfstfl. tækju undir þessa kenningu og teldu lífsnauðsyn að setja einhverjar hömlur á, að slík byggingarstarfsemi gæti haldið áfram. Um þetta leyti kom út hagfræðingaálitið svonefnda, en það lagði einmitt allmikla áherzlu á, að óhjákvæmilegt væri að koma fyrir einhverju hömlukerfi til þess að draga úr því, að menn gætu fengið að byggja að vild sinni.

Ég fyrir mitt leyti álít, að allt of mikið hafi verið gert bæði frá fræðimanna hálfu og stjórnmálaleiðtoga hálfu á sínum tíma úr þeim byggingarframkvæmdum, sem þarna áttu sér stað. Hinu er svo ekki að neita, að án efa var hér þá efnt til byggingarframkvæmda, sem vel má flokka undir það, að þar hafi verið um óþarfaíburð að ræða, sem vel hefði mátt bíða með framkvæmdir á, og að betra hefði verið, að það fjármagn, sem í það fór, hefði gengið í einhverjar aðrar framkvæmdir. En það voru líka tilboð, sem ég hef í mínum höndum frá Framsfl. í sambandi við stjórnarmyndanir um þetta leyti, sem stefndu í þá átt að gera kröfu um það, að komið yrði á sérstöku fjárfestingarkerfi, sem sérstaklega miðaði að því að torvelda mönnum að fá hömlulítið að efna til byggingarframkvæmda. Það voru þær kröfur, sem fyrir lágu frá Framsfl. og Sjálfstfl. tók undir á sínum tíma, sem réðu úrslitum um það, að hér komu fram snemma á stjórnartímabili þriggja flokka stjórnarinnar — ekki nýsköpunarstjórnarinnar — frv. um fjárhagsráð, sem að öllu leyti miðaði að því að koma upp kerfi í þá átt að stöðva framkvæmdir, að menn gætu ekki ráðizt í byggingarframkvæmdir nema eftir mati þessa ráðs. En að þessu leyti til voru lögin um fjárhagsráð og þær reglur, sem þarna voru teknar upp, alveg gersamlega á öðrum grundvelli en þær tillögur, sem við sósialistar höfðum lagt fram og hæstv. forsrh. var hér að vitna í, því að okkar till. voru um það, m. a. í byggingarmálunum, að það yrði á skipulegan hátt efnt til stórframkvæmda í byggingarmálum landsins. Í þeim tillögum, sem ég hef hér líka fyrir framan mig engu síður en hann, tillögum, sem við lögðum fram í sambandi við hugsanlega þátttöku okkar í nýrri ríkisstjórn, er gert ráð fyrir því, að sett verði á stofn sérstök stofnun ríkisins, sem taki að sér almennar byggingar í landinu fyrir byggingarfélög þau, sem þá var búið að lögfesta, og fyrir bæjar- og sveitarfélög, með það sérstaka verkefni fyrir augum að geta leyst þau húsnæðismál, sem enn lágu óleyst. Og ég veit, að ef hæstv. forsrh. vill lesa upp kaflann um verkefni þessarar sérstöku stofnunar, byggingarstofnunar ríkisins, þá sér hann það, og þá getur hver maður séð það, að aðalverkefni stofnunarinnar átti að vera að sjá um nægilegt fjármagn handa þeim byggingarfélögum, sem lögum samkvæmt voru til í landinu, byggingarfélögum verkamanna og byggingarsamvinnufélögum, og byggingum bæjar- og sveitarfélaga, sjá um það að aðstoða þessi félög í því að fá fjármagn og í því að koma upp þeim aðkallandi húsbyggingum, sem enginn ágreiningur var um að þyrfti að vinna að. Og þessi byggingarstofnun ríkisins átti að fá svo mikið vald, að hún átti að ráða yfir öllu því byggingarefni, sem samkvæmt sérstakri

áætlun átti að verja til byggingar á íbúðarhúsum. Og þessi byggingarstofnun var þess eðlis, þveröfugt við fjárhagsráð, að hún átti að efna til framkvæmda, hún átti að leysa úr málunum. Hún var á svipaðan hátt og nýbyggingarráð var áður; það var stofnun til þess að vinna að stórkostlegum framkvæmdum, en ekki stofnun til þess að torvelda framkvæmdir, eins og fjárhagsráðið var. En ég hygg líka, að munurinn sjáist, þegar þessi mál eru athuguð á þennan hátt, þegar þetta kemur fram og menn lesa þessar tillögur og bera þær svo aftur saman við reynsluna af fjárhagsráði, sem hefur orðið á þá lund, sem hæstv. forsrh. lýsti hér, ömurleg reynsla og öll í þá átt, eins og fjárhagsráð mun réttilega hafa skilið sitt verkefni, þegar lögin voru sett, að því bæri fyrst og fremst að setja hömlur á, að menn gætu byggt, og draga úr framkvæmdunum, eða í höfuðatriðunum að verða við meginkröfum Framsfl. frá tilraununum við stjórnarmyndun þetta ár og öllu því, sem fram kom í skrifum þeirra framsóknarmanna frá þessum tíma, að það væri eitt höfuðverkefni ríkisstjórnar á Íslandi að stöðva hinar „óhófslegu" byggingar, sem þá höfðu átt sér stað á nýsköpunartímabilinu. Og þeir sjálfstæðismenn, sem gengu til samstjórnar við Framsfl., létu undan þessari pressu og lögleiddu fjárhagsráð. Og af því var það líka, eins og þingtíðindin bera glöggt vitni um, að m. a. formaður Sósfl., hv. 2. þm. Reykv., sem hafði þó verið mjög mikill hvatamaður að nýbyggingarráði og er það í sambandi við áætlunarbúskap, stóð hér upp á Alþ., eins og allir alþm. muna, og mælti gegn lögunum um fjárhagsráð, þegar þau lágu hér fyrir hv. Alþ., og hann flutti fjöldamargar till. til breytinga á því frv., sem þá lá fyrir, og hann varaði við, að afleiðingin af samþykkt þess frv. mundi einmitt verða sú, að með þessu ætti að torvelda eðlilegar framkvæmdir í landinu, með þessu ætti að stöðva þá þróun, sem hefði verið. En það var m. a. hæstv. forsrh. og flokksmenn hans, sem höfðu látið undan pressunni í þessu efni og töldu nauðsynlegt að stofnsetja fjárhagsráð og stóðu að fjárhagsráði allan tímann, þó að reynslan hafi verið þessi, eins og hann lýsti í ræðu sinni hér áðan.

Það er vitanlega fullkomið öfugmæli að halda því fram, að frv. um fjárhagsráð hafi raunverulega verið lögfesting á tillögum okkar sósíalista í þessum efnum. Það er fullkomið öfugmæli að halda því fram, og það hlýtur í rauninni að vera gert gegn betri vitund.

Þá var hér annað atriði, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., en það var í sambandi við tillögur okkar um útflutningsverzlun, og hann vildi gera hér mikið úr því, að okkar tillögur í sambandi við þessar stjórnarmyndunartilraunir, sem fram fóru, hefðu verið á þá leið, að það skyldi komið á fót einni stofnun, sem hefði með höndum allan útflutning á útflutningsvörum landsmanna, og vildi svo draga af þessu þá ályktun, að þetta sýndi bezt, að við værum ekki með frelsi í útflutningi á okkar framleiðslu.

Þessu er í rauninni ranglega stillt upp af hæstv. forsrh. Við sósíalistar höfum aldrei dregið neina dul á það og gerum ekki enn, að við teljum, að þjóðnýting, t. d. á verzlun landsmanna, bæði innflutningsverzluninni sjálfri til landsins og eins útflutningsverzluninni, sé æskileg og það sé hægt að ná langbeztum árangri einmitt með því skipulagi. Við höfum aldrei dregið neina dul á það, að þetta er okkar skoðun. En hins vegar höfum við bent á, að þeir menn, sem halda hinu gagnstæða fram, þeir, sem halda því fram, að þjóðnýtingin á utanríkisverzluninni, bæði aðflutningsverzluninni og eins útflutningsverzluninni, sé óæskileg og að það eigi að ríkja fullt frelsi í þessum efnum og að það muni gefa beztan árangur, — en það eru sjálfstæðismenn, sem þessu halda fram, — við höfum bent á, að þeir vilja ekki viðurkenna þetta nema að sáralitlu leyti í framkvæmd. Mennirnir, sem boða frelsi í þessum efnum í tíma og ótíma, vilja sáralítið af þessu gefa frjálst í framkvæmd, og m. a. kemur það fram í sambandi við útflutningsverzlunina, að þá þarf að hafa eins og nú er fullkomið ríkiskontrol á öllum hlutum í þeim efnum, þó undir mjög losaralegu skipulagi í ýmsum greinum, skipulagi, sem verkar mjög misjafnlega og þeir menn a. m. k., sem hafa með framkvæmdina á því að gera, kvarta sáran undan opinberlega í blöðum landsins hvað eftir annað, þar sem þær stofnanir, sem langsamlega að mestu leyti hafa með þetta að gera, verða að vinna gegnum ráðuneytið, sem oft og einatt hefur verið afar þunglamalegt fyrir þessar stofnanir. En Sjálfstfl. telur þó nauðsynlegt að viðhalda hálfgerðu ríkisskipulagi á útflutningsverzluninni, en þetta ríkisskipulag má þó ekki koma að neinu leyti við innflutningsverzlunina. Þar verða aðeins einstakir menn úr fremstu röð Sjálfstfl. og reyndar annarra flokka að hafa þetta takmarkaða frjálsræði, sem þeim nú er veitt.

Ég vil t. d. spyrja hæstv. forsrh. að því í tilefni af hans orðum um þessa till. okkar sósíalista: Hvað er það, sem hann sjálfur vill leggja til núna í sambandi við útflutningsverzlun landsmanna? Hann skyldi þó ekki vera einmitt á þeirri skoðun, að hún þurfi að vera í höndum eins aðila, ríkisins sjálfs? Hann skyldi þó ekki vera á þeirri skoðun og halda henni stíft fram nú í dag, að útflutningsverzlunin þurfi óhjákvæmilega að vera í höndum eins aðila og í höndum ríkisins sjálfs? **(Forsrh.:** Nei, nei, það er megnasti misskilningur.) Ja, að minnsta kosti birtist skoðun hans þá í framkvæmd á annan veg, því að hann er andvígur því í framkvæmd, að útflutningsverzlunin verði gefin frjáls og hinir ýmsu framleiðendur hafi einir með þau mál að gera. Það er a. m. k. staðreynd. Einstakar tilraunir, sem einstaka framleiðendur, t. d. að sjávarafurðum, bæði þeir, sem eiga hraðfrystan fisk og aðrar tegundir, hafa gert til þess að fá leyfi til að starfa þar einir að útflutningsverzluninni án þess að fara í gegnum hin stóru samtök útvegsmanna, sem starfandi eru, hafa ekki náð fram að ganga. Og ríkisvaldið hefur haldið mjög fast um það vald sitt, að það hefði það fyrsta og síðasta vald yfir, hvernig yrði háttað útflutningsverzluninni. Auk þess vil ég benda hæstv. forsrh. á, að þær deilur, sem fram hafa komið frá okkur sósíalistum á útflutningsverzlunina, miðast ekki fyrst og fremst við það, að

ríkisvaldið hafi með framkvæmd málanna að gera, heldur er fyrst og fremst deilt á það, hvernig tekizt hefur með framkvæmdirnar. Því verður t. d. ekki neitað, að það er erfitt að ætla að samræma það, að ríkisvaldið hafi með útflutningssöluna alla að gera og leyfi þar ekki öðrum að koma höndum að, en verði hvað eftir annað að lýsa því yfir í framkvæmdinni, að það geti ekki selt framleiðsluvörur landsmanna, og verði að hverfa að því ráði að takmarka sjálfa framleiðsluna. Ég vil benda á bara nokkur dæmi um þetta, af því að ég er ekki alveg viss um, að þau liggi fyllilega glöggt fyrir hjá hv. alþm., að það er ekki lengra aftur í tímann að fara en á fyrri hluta þessa árs, að þá lágu fyrir bein fyrirmæli til allra hraðfrystihúsa í landinu um það, að þau hefðu ekki leyfi til að framleiða meira af frystum þorski en sem næmi ⅔ hlutum af þeirri framleiðslu, sem þau höfðu árið á undan. Það varð að takmarka framleiðsluna við þetta. Það var ekki hægt að selja meira. Og það var ekki fyrr en úr raknaði með nýjum og stórfelldum viðskiptasamningum við Sovétríkin, að þessar hömlur voru upphafnar og mönnum var leyft að framleiða af þessari vörutegund það, sem þeir gátu. Það er ekki heldur lengra aftur í tímann að fara en til seinni hluta septembermánaðar, að þá tilkynnti ein sú stofnun, sem hefur með útflutning á þeirri framleiðslu að gera, sem sagt saltaðri síld, að bannað væri að halda áfram að veiða þá síld, sem þá var veidd í reknet í austurdjúpum. Okkur var bannað að halda áfram að framleiða þessa vöru, því að sagt var, að hún væri ekki seld og það væri ekki hægt að selja hana. Bankarnir brugðu líka fljótt við og tilkynntu, að þeir mundu ekki lána eyrisvirði út á þessa framleiðslu, og þar með var henni hætt.

Ég hef haldið því fram, að um leið og ríkisvaldið áskilur sér þann rétt, sem ég hef ekkert við að athuga, að það hafi með alla útflutningsverzlunina að gera, að það telji sig hæfast um að samræma þar heildarhagsmuni landsmanna og selja sem mest af framleiðslunni á hverjum tíma að hægt er og fá sem bezt verð að hægt er fyrir framleiðsluna fyrir landsmenn sem heild, — ég álít, að það hljóti að fylgja þessari kröfu ríkisvaldsins, þegar það tekur þetta að sér, að sjá þá líka um, að sala fari fram á því, sem okkur er lífsnauðsynlegt, eins og að selja okkar sjávarafurðir, en gefast þar ekki upp að verulegu leyti, eins og stundum hefur átt sér stað.

Hvað sem um þau mál verður sagt, þá verður því ekki neitað, úr því sem nú er komið, að þeir tímar hafa gengið yfir hjá okkur, að þannig stirðleiki hefur verið í afurðasölu landsmanna stundum, að það hefur sannazt skömmu seinna, að þar hefur verið um einhverja óeðlilega þvermóðsku að ræða, en ekki það, að fullprófað hafi verið, að ekki væri hægt að selja. Ég minni t. d. á í þessu tilefni það, þegar formaður okkar flokks lýsti því hér yfir, eftir að hann hafði komið frá Austur-Þýzkalandi, að það væru verulega miklir möguleikar á því og lægju í raun inni fyrir bein tilboð um að selja allmikið af sjávarafurðum til Austur-Þýzkalands í vöruskiptum, að þá dundu hér yfir landsmenn yfirlýsingar um það frá ríkisstj., að það væri ekki hægt, þetta væri allt saman rangt. Því var haldið fram miskunnarlaust, að til Austur-Þýzkalands væri með öllu útilokað að selja íslenzkar sjávarafurðir, ríkisstj. hefði margreynt og sent menn að athuga þetta, og hún gat ekki neitt. En svo leið svolítill tími, og reynslan sannaði þá, að allt í einu var Austur-Þýzkaland einn af okkar stærstu kaupendum að frystum fiski og borgaði hagstætt verð, og allir voru ánægðir með viðskiptin, þegar þau gengu í gegn. — Svipaða sögu var að segja um viðskiptin til Sovétríkjanna. Það var búið að gefa hér yfirlýsingar í nafni ríkisstj. í útvarpi og í blöðum og við flestar umr. hér á Alþ., og það engu síður við útvarpsumræður, að það væri með öllu rangt, sem við sósialistar ýmsir bentum á, að það væru möguleikar á því að eiga viðskipti við Sovétríkin í þessum efnum, ef réttilega og eðlilega væri á málunum haldið, og bentum meira að segja á tilfelli, þar sem svo sérstaklega hafði staðið á, eins og t. d. í einu tilfellinu með mig sjálfan, að við höfðum haft beina aðstöðu til að ganga úr skugga um sjálfir, að það væri raunverulega hægt að selja afurðir til Sovétríkjanna. En þegar réttar íslenzkar stofnanir eru látnar vita um þetta á sínum tíma, þá verður útkoman eigi að síður sú, að það er hert aðeins á fullyrðingunum um það, að þetta sé ekki hægt og þetta sé bara kommúnistalygi, eins og maður heyrir stundum. En svo þegar allt er komið í fullkomið öngþveiti hér innanlands, þegar eitt aðalstjórnarblaðið, Morgunblaðið, verður m. a. að tilkynna, að þá, rétt upp úr áramótum, liggi m. a. fyrir um ⅔ hlutar af ársframleiðslu hraðfrystihúsanna í landinu óseldir, þegar svo er komið og í raun inni er komið fullkomið öngþveiti í sambandi við afurðasölu, þá tekst allt í einu að gera stóran og ágætan samning við Sovétríkin og leysa okkar vandræði. Og nú stendur þannig af sér, að það er beinlínis vöntun á fiski til þess að afgreiða upp í þá sölusamninga, sem hafa verið gerðir og eru ágætir.

Þessi dæmi — og fleiri væri hægt til að nefna — sýna það og sanna, að það hefur á ýmsum tímum ríkt þannig tregða og starfsleysi eða einhver pólitísk þrjózka, sem ráðið hefur og beinlínis hefur verið hemill á því, að afurðasalan gengi eins vel og æskilegt hefði verið. Og það er ekki aðeins, að það komi fram hjá mér — ég vil sérstaklega undirstrika það — heldur hefur þetta opinberlega komið fram m. a. frá þeim stofnunum, sem hafa fyrst og fremst með afurðasöluna að gera. Á ég þar t. d. við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þegar formaður þeirrar stofnunar hefur skrifað um þau mál m. a. í Morgunblaðið og lýst þar yfir, að það hafi beinlínis verið komið í veg fyrir góðar og hagstæðar sölur á frosnum fiski með tregðu ríkisvaldsins eða þá t. d. tregðu fjárhagsráðs, sem oft hefur verið í vitnað.

Í sambandi við söluna á sjávarafurðum, af því að ég hef rætt nokkuð sérstaklega um það, vil ég taka fram, að ég deili ekki fyrst og fremst í þessu efni á þær stóru stofnanir, sem hafa haft með söluna á þessum afurðum að gera, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og ekki heldur á S. Í. F. fyrir það, að það hafi haldið

linlega á því að reyna að selja þessar framleiðsluvörur, heldur miklu frekar á það skipulag, sem ríkt hefur í þeim efnum frá hálfu stjórnarvaldanna sjálfra. Það virðist vera, að oft og tíðum hafi ráðuneytin ekki verið sem liprust í þessu efni og a. m. k. fjárhagsráðið, sem nú á að leggja niður, hafi alloft lagt stein í götu þessara mála.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess fyrir mitt leyti á þessu stigi málsins að víkja frekar að því, sem hæstv. forsrh. sagði hér um þetta mál. Ég hygg, að ég hafi bent á það og það muni hann viðurkenna, að þessi tvö aðalatriði, sem hann vildi gera okkur sósialista hér tortryggilega út af, bæði byggingarmálin og eins í sambandi við tillögur okkar um skipun afurðasölumálanna, voru hér mjög ranglega túlkuð af honum og ekki í samræmi við það, sem okkar till. glögglega bera með sér.

En það voru hér nokkur atriði í sambandi við þetta frv., sem mig langaði að víkja sérstaklega að. Ég hygg, að það verði skoðun flestra, eins og hefur reyndar komið fram í þessum umr., að þeir telji, að aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, sé í rauninni nafnabreyting á fjárhagsráði og ekkert annað. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að benda hv. ræðumanni á, að fundartími er að verða búinn, en spyrja hann jafnframt, hvort hann búist við, að hann geti lokið ræðu sinni, ef við ykjum við fimm mínútum; þá mundi ég gera það.) Já, ég hugsa, að ég mundi nú ekki ljúka henni á fimm mínútum, en kannske á fimmtán mínútum eða svo, því að ég ætlaði að koma hér dálítið að frv. (**Forseti:** Ég geri ráð fyrir, að ég haldi fundarmönnum tæplega í fimmtán mínútur enn.) Ja, ég er tilbúinn að fresta minni ræðu, en ég ætlaði að víkja hér dálítið að frv. (**Forseti:** Það væri mjög æskilegt að ljúka umr. Ég vil mælast til þess, að ræðumaður freisti þess að ljúka ræðu sinni á tíu mínútum.) — Já, ég hafði sagt það, að ég býst við því, að það verði álit flestra, að aðalefni þessa frv. sé, eins og hér hefur komið fram í umr. áður, fyrst og fremst nafnabreyting á fjárhagsráði, að í rauninni sé ekki að finna í frv. neina verulega efnisbreytingu. Þó er því ekki að neita, að eitt ákvæði í frv. táknar nokkra breyt. frá því, sem verið hefur, en það eru ákvæðin um byggingarframkvæmdir. Það skal fúslega játað, að þar er gert ráð fyrir nokkuð rýmri reglum en gilt hafa, og er það auðvitað eðlileg afleiðing af því, að uppi hafa verið svo miklar og almennar kröfur um, að þar yrði nokkuð rýmkað frá því, sem verið hefur, að ríkisstj. hefur ekki talið sér fært að breyta nafninu á fjárhagsráði án þess að láta þó þessa breytingu fylgja með. En þó verð ég að segja það, að mér finnst, að þessi ákvæði frv. séu líka mjög ófullnægjandi og ekki í samræmi við það, sem hæstv. viðskmrh. lýsti hér yfir í framsöguræðu sinni fyrir frv. að væri þó megintilgangurinn og það, sem þyrfti sérstaklega að vinna að nú á næstunni.

Ég tók eftir því, að hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu sinni, að fyrst og fremst bæri að stefna að frjálsri verzlun og þetta frv. ætti að miða að því. En hann undirstrikaði það, að eitt grundvallarskilyrði fyrir frjálsri verzlun væri einmitt aukin framleiðsla þjóðarinnar, aukinn útflutningur og bætt gjaldeyrisástand, og þetta er eflaust rétt. Hann sagði líka, að þessu frv. væri ætlað að reyna að stuðla að þessu. En er þá ekki full ástæða til þess, m. a. í sambandi við rýmkun á leyfum til bygginga, sem nokkuð er tekið þarna fyrir í þessu frumv., að rýmka nokkuð um þessi höft öll í sambandi við framleiðsluna sjálfa? Mér sýnist, að eftir sem áður sé í rauninni gert ráð fyrir því með þessu frv., að t. d. aðalframleiðsluatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, verði eftir sem áður að eiga undir högg að sækja með sínar leyfisbeiðnir til yfirleitt allra sinna framkvæmda. Það er að vísu tekið upp í frv., að frjálst sé án þess að fá sérstök leyfi hinnar nýju stofnunar að byggja verbúðir og veiðarfærageymslur. En þetta eru þá einu byggingarframkvæmdirnar, sem eru leyfilegar í þágu sjávarútvegsins, án þess að leita þurfi til þessarar stofnunar, sem nú á að taka við af fjárhagsráði. Veiðarfærageymslurnar verða nú ekki taldar ýkja miklar byggingar eða miklar framkvæmdir í þeim efnum. Um verbúðabyggingar verð ég að segja það, að mér finnst, að þetta orð, verbúð, sé nokkuð óljóst. Ég er ekki alveg fullviss um, hvaða merkingu hver og einn leggur í það, en algengast þykir þó að miða merkinguna við það, að þarna sé um að ræða búðir sjómanna í verstöðvum, þar sem þeir liggja við eða búa yfir vertíðina sjálfa. Ef eingöngu er átt við slíkar byggingar, þá tel ég nú líka, að æðimargt sé eftir af aðkallandi og nauðsynlegum byggingum í þágu sjávarútvegsins, sem hann verður eftir sem áður að leita til hinnar nýju stofnunar með og sækja um leyfi til í hverju einstöku tilfelli. En hvaða ástæða er til þess að vera að binda þetta? Á ekki einmitt að greiða fyrir aukinni framleiðslu og gera m. a. sjávarútveginum fært að geta athafnað sig öllu frjálsar en hann hefur getað fram að þessu? Af hverju má t. d. ekki bæta við þessa grein að heimila að byggja — við skulum segja — fiskgeymsluhús, geymsluhús yfir útflutningsvöruna, og fiskverkunarhús og yfirleitt aðrar byggingar, sem beinlínis eru í þágu sjávarútvegsins. Mér er kunnugt um, að það hefur einmitt á þessu ári alveg stórkostlega borið á því, að hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins hafa þurft að sækja um leyfi til þess að byggja sér fiskgeymsluhús. Mikið hefur þurft að byggja af slíkum húsum um allt land, og alltaf er þörf fyrir að byggja fiskverkunarstöðvar. Og það er einkennilegt, ef það á að stöðva sjávarútveginn í eðlilegri gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarheildina á því, að eitthvert ráð eða nefnd hér í Reykjavík eigi að þurfa að vera að þæfa um það lengi, hvort á að leyfa þeim, sem fást við þessa hlið framleiðslunnar, að efna til þessara nauðsynlegu framkvæmda. Ég mun flytja hér brtt. um að bæta við þennan lið þessu, sem ég taldi þarna upp, að það verði fullt frelsi til þess að byggja bæði fiskgeymsluhús, fiskverkunarhús og enn fremur aðrar nauðsynlegar byggingar í þágu sjávarútvegsins, og ég mun líta svo á, að af afgreiðslu þessarar till. megi nokkuð dæma um það, hvað mikinn áhuga hæstv. ríkisstj. hefur í

raun og sannleika í þeim efnum að vilja stuðla sem allra mest og bezt að því, að framleiðslan geti haft sem frjálsastar hendur í því að vinna að þessu höfuðverkefni, sem er að vinna að aukinni framleiðslu, auknum útflutningi.

Það er áreiðanlega rétt, sem hér hefur fram komið, að breytingar á gömlu fjárhagsráðslögunum eru ekki gerðar í neinum verulegum efnum með þessu frv. Aðalástæðan til þess, að þetta frv. er lagt fram, er án efa það loforð ríkisstj., sem gefið var við myndun núverandi ríkisstj., loforð um að leggja fjárhagsráð niður. Eins og fram kom hér í ræðu hæstv. viðskmrh. og eins forsrh., mun það vera rétt, að fáir munu harma dauða fjárhagsráðs, allir telja, að þar hafi óþörf stofnun, sem megi fara, verið lögð niður. Ríkisstj. hafði einmitt tekið undir þessa skoðun landsmanna, lofað því að leggja fjárhagsráð niður, en efndirnar eru þannig, að það virðist vera, að það eigi ekkert annað að efna en að skipta um nafnið eitt. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á, að það virðist vera ástæðulaust að halda fundi lengur fram, þar sem maður er kominn á mælendaskrá og þar af leiðandi verður ekki hægt að ljúka umr.) Þá bara stöðva ég mál mitt. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 24. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Lúðvík Jósefsson** [frh.]: Herra forseti. Ég hafði ekki lokið máli mínu að fullu í gær, þegar umr. var frestað, en átti ekki mikið óflutt af minni ræðu, svo að ég mun nú ekki hafa mál mitt langt að þessu sinni.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. viðskmrh., þegar hann talaði fyrir þessu frv., að hann taldi, að það markaði tímamót, og hæstv. forsrh. lagði áherzlu á hið sama og sagði, að hér væri tvímælalaust um nýja stefnu að ræða í verzlunar- og fjárfestingarmálum. Ég hafði nú lýst því í minni fyrri ræðu, að ég kem ekki auga á það í þessu frv., hvar þar er að finna þau ákvæði, sem mættu leiða til þess, að hér yrði um verulega stefnubreytingu að ræða í þessum málum, og finnst mér, að það geti þá ekki legið í öðru en því, að í þessu frv. er svo fyrir mælt, að ríkisstj. sé heimilt með reglugerð að veita aukið frelsi í sambandi við innflutning á vörum og í sambandi við fjárfestingarmál. En þó held ég, að það sé ekki að efa, að sams konar heimild sé nú í dag fyrir hendi í þessum efnum, og að því leyti boði lögin í rauninni heldur ekkert nýtt. Ég veit ekki annað en að hæstv. ríkisstj. hafi nú fulla heimild til þess að veita með reglugerð allverulega rýmkun á innflutningi og á fjárfestingarframkvæmdum manna. Auk þess er svo það, að ekki væri óeðlilegt, að hv. alþm. færu þá fram á það við þá ráðh., sem lýsa yfir, að þetta frv. tákni hér tímamót í þessum efnum og nýja stefnu, að þeir lýstu því hér á hv. Alþ., hvaða rýmkun í þessum málum er fyrirhuguð, að hvaða leyti á að gera innflutninginn frjálsari en nú er og að hvaða leyti á að gera fjárfestingarframkvæmdir minni höftum háðar en nú er. Þetta hefur ekki komið hér fram, og ég fyrir mitt leyti vildi óska eftir því, að hér yrðu veittar upplýsingar um það, ef nú er ætlunin í rauninni að gefa út reglugerð, sem rýmkar eitthvað í þessum efnum frá því, sem verið hefur.

Það hefur verið lögð nokkur áherzla á það, að það þurfi að auka frelsið, það þurfi að auka verzlunarfrelsið, auka frelsi einstaklinga og félaga til framkvæmda í landinu. En það er nú svo, að það hefur komið greinilega í ljós, að það virðast ekki allir eiga við eitt og hið sama, þegar þeir tala um aukið frelsi í verzlunar- og athafnamálum. Ég dreg það t. d. mjög í efa, að það sé það frelsi, sem meiri hluti landsmanna óskar eftir í þessum efnum, að t. d. verzlunarstéttin fái rýmra olnbogarúm til þess að flytja inn og verzla með hvers kyns óþarfavörur eða að menn fái ótakmarkað frelsi til þess að leggja í fjárfestingarframkvæmdir, sem eru hreinlega óþarfar og koma þjóðinni ekki, hvorki í nútíð né framtíð, að gagni.

Ég tók eftir því, að hæstv. viðskmrh. skýrði hér frá í sinni ræðu, að á þeim tíma, sem liðinn er af þessu ári, eða ég held reyndar á níu fyrstu mánuðum þessa árs, hefði sparifjáraukning numið í kringum 140 millj. kr. Það er í rauninni gleðilegt, að sparifjáraukningin skuli hafa orðið þetta mikil. Það er ofur eðlilegt, þegar um sparifjáraukningu er að ræða, að þá muni fjármagnið leita í auknum mæli til hvers kyns kaupa og framkvæmda. Ef þá ríkir hið fullkomna frelsi, sem sumir virðast keppa að, t. d. með innflutning og sölu á alls konar óþarfavarningi, en raunverulega gilda í framkvæmdinni allverulegar hömlur á því, sem varðar framkvæmdir félaga og einstaklinga til hinna stærri og nauðsynlegri framkvæmda, þá er ósköp hætt við því, að einmitt þetta fjármagn, sem nú er að safnast fyrir, leiti beinlínis í það að kaupa óþarfann. Ég lít svo á, að jafnvel þó að sé um nokkra sparifjáraukningu að ræða í landinu, þá verði ekki ráðizt í það af einstaklingum eða félögum að hefja gagnlegar byggingar fyrir framtíðina, meðan svo háttar málum í landinu, að það er ekki hægt að fá nein skapleg lán til þeirra framkvæmda. Ég á heldur ekki von á því, að einstaklingar eða félög leggi verulega mikið fé fram til þess að kaupa fiskiskip, stór eða smá, byggja fiskiðjuver eða annað þess háttar, meðan þannig er högum háttað í okkar landi, að það er ekki möguleiki á því að fá neitt eðlilegt fé að láni til þessara framkvæmda. Það er að vísu gott, að sparifé safnast, en meðan þær reglur gilda í landinu, að lánastarfseminni er háttað eins og nú er, verður kyrrstaða í öllum gagnlegum framkvæmdum landsmanna. Það frelsi, sem menn væru þá að berjast fyrir, mundi raunverulega koma fram í því, að sparifjáraukningin mundi sækja í að kaupa það, sem væri flutt inn hömlulaust, alls konar óþarfavarning, sem framtíðinni kæmi ekki að neinu gagni. Það er því mín skoðun, að eitt af því fyrsta, sem þyrfti að tryggja, ef ætti að verða um stefnubreytingu raunverulega í okkar landi í þessum efnum að ræða, sé, að fjármagnið verði látið renna til gagnlegra framkvæmda, sem horfa til þjóðarheilla og eru meira miðaðar við framtíðina en daginn í dag, — það verði að skapa möguleika til þess, að það fjármagn, sem saman safnast á hverjum tíma í formi sparifjár, gangi

einmitt til þessara framkvæmda í gegnum lánastarfsemi. Engin slík ákvæði er að finna í þessu frv., og ekkert slíkt hefur komið fram hér í þessum umr., sem maður gæti búizt við að ætti að þýða slíka breytingu.

Ég vil lýsa því yfir beinlínis sem minni skoðun, að aukið innflutningsfrelsi á slíkum varningi sem ég hef rætt um er ekki æskilegt. Það mun ekki bæta úr neinu ástandi í okkar landi nú, nema þá helzt að auka nokkuð á gróðabrall þeirra, sem vilja endilega verzla með slíkan varning.

Sem dæmi til skýringar á því, hvað ég á í rauninni við í þessum efnum, vil ég nefna það, að þó að svo hátti, að einstaklingar, vegna þess að það er mikil atvinna í landi, safni nokkru fé saman, — við skulum taka til dæmis, að einstaklingur hefur lagt fyrir á tveimur, þremur árum 40—50 þús. kr., hann hefur tekið sinn þátt í því að auka sparifé í landinu, vegna þess að hann hefur haft mikla atvinnu og góðar tekjur og hans hagur hefur verið þannig, að hann hefur getað lagt fyrir af einni eða annarri ástæðu, — það eru litlar vonir til þess, að þessi maður mundi leggja í það að byggja sér íbúðarhús, sem kostar 300 þús. kr. eða jafnvel yfir það, á meðan þannig er farið með málin, að hann á enga leið til þess að fá neitt lán til viðbótar við það fé, sem hann leggur fram til þessarar framkvæmdar. Hann á því ekki þess kost að breyta því fé, sem hann leggur fyrir, í gagnlegar framkvæmdir fyrir þjóðina bæði fyrir nútíð og framtíð, en hætt er aftur við því, að hann ráðstafi sínu fé einmitt í krafti þessa verzlunarfrelsis, sem sumir eru að tala um, í óþarfavarninginn.

Ég vil líka einmitt í þessu sambandi, þegar hér er verið að upplýsa á hv. Alþ., að sparifjáraukningin hafi numið um 140 millj. kr. á 9 mánuðum ársins, að fyrir mér snýr það þannig og eftir því, sem ég þekki bezt til, þá veit ég ekki til þess, að það hafi í annan tíma verið þrengra fyrir framleiðsluatvinnuvegi landsins heldur en einmitt nú í dag að fá nokkurn pening að láni til eðlilegra framkvæmda. Það hefur aldrei verið örðugra en nú í dag að fá fé að láni til þess að kaupa nýjan fiskibát. Það hefur aldrei verið örðugra en nú í dag að fá fé að láni, meira að segja í gagnlegan framleiðslurekstur. Það hefur því síður en svo orðið stefnubreyting í þeim efnum, jafnvel þó að sparifé sé að aukast í landinu; það hefur síður en svo orðið stefnubreyting í þá átt að hlynna í rauninni að frelsi manna til þess að vinna að þessum gagnlegu framkvæmdum fyrir þjóðarheildina.

Mér sýnist, að þetta frv. bendi að öllu leyti til þess, að í staðinn fyrir 5 manna fjárhagsráð þá komi 2 manna innflutningsskrifstofa. Ég get ekki séð, að það verði um aðra breytingu að ræða. Og ef innflutningsskrifstofan, sem nú á að taka við, á að starfa í meginatriðum á sama grundvelli og fjárhagsráð hefur starfað, þá verður þar heldur engin breyting á í þessum efnum.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði m. a. í sinni ræðu, að það væri í rauninni sá grundvallarmunur á þessu frv. um innflutningsskrifstofu og l. um fjárhagsráð, að þetta frv. væri viljayfirlýsing ríkisstj. um breytta stefnu, um aukið frelsi, í staðinn fyrir, eins og maður gat helzt skilið, að þá hefðu aftur l. um fjárhagsráð verið hið öfuga, viljayfirlýsing um, að það ætti að auka höftin. Hver sá, sem ber nú saman l. um fjárhagsráð og þetta frv., sem hér liggur fyrir, hlýtur að taka eftir því, að það var meira að segja lofað í þessum efnum miklu meiru í fjárhagsráðsl. heldur en nokkurn tíma í þessu frv. Og það var sannarlega ekki sparað af þeim, sem þá höfðu framsögu fyrir því frv. um fjárhagsráð á sínum tíma, að gefa fagrar yfirlýsingar og mikil loforð um það, að úr ýmsu yrði bætt hér á landi. Ég fyrir mitt leyti tek því með mikilli varúð allar yfirlýsingar um það, að andi þessara l. sé eitthvað annað en andi þeirra l., sem þar voru fyrir áður.

Sömuleiðis finnst mér ástæða til þess að segja það út af þessari yfirlýsingu forsrh., að þá væri full ástæða til þess, að hann eða ríkisstj. lýsti því hér yfir fyrir alþm., hvaða breytingar eru í rauninni fyrirhugaðar, sem verða áþreifanlegar í þessum efnum. Hvað er það, sem á að tilkynna með nýrri reglugerð og skapar virkilega aukið frelsi, það frelsi, sem menn óska raunverulega eftir í þessum efnum? Hvað er það, sem fyrir liggur? Á meðan það kemur ekki fram, þá er engin ástæða til annars en að þm. taki frv. eins og það birtist hér, og það er ekki hægt að finna annað en að það sé í meginatriðum á sama grundvelli og frv. um fjárhagsráð var.

Ég hef lagt hér fram litla brtt. við þetta frv. Ég hef í fyrri hluta ræðu minnar gert grein fyrir þeirri brtt. og sé því ekki ástæðu til þess að fara að ræða hana frekar nú, en í sambandi við þau ummæli, sem hæstv. viðskmrh. lét hér falla m. a. um tilgang frv., þá þætti mér full ástæða til þess að búast við því, að mín brtt. yrði einmitt samþ., og ég vil vænta, að hún nái hér fram að ganga.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Þegar þetta frv., sem hér er til umr., kom fram hér í d., þá las ég það að sjálfsögðu yfir með nokkurri hliðsjón af fjárhagsráðsl. frá 1947 til þess að finna út, hvað það er nú, sem ríkisstj. ætlar að breyta frá því, sem þá var í gildi, og ég fann nú sannast að segja sáralítið. En þegar hæstv. forsrh. talaði hér úr þessum ræðustól í d. í gær, þá fór mér að detta í hug, að ég mundi hafa illa lesið, því að hann vildi svo vera láta, að hér væri um algera stefnubreytingu að ræða, og þess vegna hef ég nú rennt augum aftur yfir frv. til að ganga úr skugga um, hvort svo væri.

Hæstv. forsrh., sem er mjög skemmtilegur ræðumaður, flutti eina af sínum skemmtilegu ræðum hér í gær. Ég verð að játa, að ég hef hann nú ævinlega grunaðan um að vilja nokkru betur en hann gerir nú á síðustu árum, og þegar hann fór hér mörgum fögrum orðum um frelsi, sem í þessu frv. væri fólgið, þá hlaut ég að endurskoða það, hvað það væri nú eiginlega, sem mér hefði yfirsézt, í hverju frelsið væri fólgið í þessu frv. Ég hef komizt að raun um, að það muni nú einna helzt vera í því, sem forsrh. lagði alveg sérstaka áherzlu á, að frv. byrjar með orðunum: „Frjáls skal vera innflutningur“ o. s. frv.

En síðan eru þessi orð reifuð í slík bönd, að þau mega sín harla lítils sem einhver sérstök frelsisskrá.

Reynslan hefur, sagði forsrh. í gær, fordæmt fjárhagsráð því meir sem það starfaði lengur, lamandi hönd þess hefur valdið meira böli en flest annað. Ég get að verulegu leyti tekið undir þessi orð forsrh., en hins vegar verð ég að lýsa því yfir, að ég sé ekki, að mikið af því böli sé læknað, þó að þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum með sinn hæstv. forsrh. í broddi fylkingar, leggist í kirkjugarðinn, þar sem líkið af fjárhagsráði liggur, líkt eins og Jón Arngeirsson að gröf Valtýs á grænni treyju, og höggvi af höndina. Enn þá er glæpamaðurinn ófundinn, enn þá er ófundinn sá, sem bölinu veldur, og það mætti segja mér, að sá hæstv. forsrh., sem talaði hér digurbarkalegast um þessa lamandi hönd, sem valdið hafi bölinu, eigi eftir að uppgötva einhverju sinni, að þar er ríkisstj. sjálf, sú, sem hann veitir forstöðu, og þær, sem sátu næst á undan henni, einmitt sá, sem finna þarf og festa upp í gálgann sem slíkan, þ. e. a. s., ég á ekki við að festa ráðh. upp persónulega, heldur þá stefnu, sem þeir hafa viðhaft, og þá kúgun, sem þeir hafa haft uppi gegn landslýðnum.

Í sambandi við þessi tvenn lög — ég leyfi mér eins og aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, að tala um frv., sem hér liggur fyrir, sem lög í þessu sambandi — liggur það í fyrsta lagi fyrir, að breytingin er ein til bóta, það skal ég viðurkenna, og því fagna ég, ekki síður en forsrh., en sú eina breyting, sem ég sé að sé í þessu frv. til verulegra bóta, er í 8. gr. þess, 1. málsgr.: „Frjálst skal vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar er allt að 520 m³, svo og peningshús, heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, er kosta samtals allt að 40000 kr.“ Þetta er til bóta. Að vísu leysir þetta ekki nein stórkostleg vandkvæði, t. d. þar sem húsnæðisvandræði eru, en ég tel, að í þessu felist þó a. m. k. það, að þeir, sem byggja sér skapleg íbúðarhús og klífa það fjárhagslega, eins og um hnútana er búið í fjármálum þjóðarinnar nú til dags, verða a. m. k. ekki eftir á ofsóttir og dregnir fyrir dómstóla til sekta. Ég tel líka, að í þeim orðum hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér í gær og voru eitthvað á þessa leið: Við ættum að viðurkenna yfirsjónir okkar og vitleysur, sem við gerðum, þegar við samþ. l. um fjárhagsráð — ég tel, að í þeim orðum felist viðurkenning á því hjá forsrh., að ekki sé á neinu viti byggt að hafa enn þá uppi málssóknir og ofsóknir gegn húsbyggjendum, og tek það svo, að með þessum orðum gefi forsrh. loforð ríkisstj. fyrir því, að í framkvæmdinni verði ekki haldið áfram með þær réttarofsóknir, sem yfir standa gegn 22 Vestmannaeyingum og ég hef áður flutt hér í þinginu þáltill. um, sem ekki hefur verið afgreidd enn þá, að þessi málaferli verði afturkölluð, og vildi ég sérstaklega beina þeirri spurningu til forsrh., hvort ekki megi taka ummæli hans svo, að ríkisstj. felli þau málaferli niður.

Hinu er alls ekki að leyna, að í allmörgum atriðum er þetta lagafrv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, veruleg afturför frá l. um fjárhagsráð, og skal ég nefna nokkur dæmi.

Í 5. gr. þessa frv. felst breyting á nafni þeirrar stofnunar, sem á að hafa eftirlit með innflutningnum og fjárfestingunni. Þar segir: „Innflutningsskrifstofa, sem stofna skal samkvæmt l. þessum, hefur með höndum leyfisveitingar samkvæmt 1. og 8. gr.“ Það þýðir, að í staðinn fyrir fjárhagsráð er nú sett á stofn innflutningsskrifstofa. Það er nú heldur ósmekklega til fundið nafn og gefur tilefni til nokkurs misskilnings, þar sem ætla mætti eftir nafninu, að hér væri um að ræða skrifstofu, sem sjálf ætti að hafa með höndum innflutning til landsins. Þetta sést nú kannske öllu betur, þegar búið er að snúa þessu heiti á hið síðara móðurmál ríkisstj. Þá mundi þetta líklega verða Import Office, en það mundu víst fæstir skilja öðruvísi en svo, að það væri skrifstofa, sem ætlaði að annast innflutninginn. Þá er það a. m. k. ekki til þess að færa hlutina í lýðræðislegra form að draga valdið úr höndum fimm aðila í hendur tveggja, sérstaklega þegar höfð er hliðsjón af því, hvernig allt er í pottinn búið í okkar þjóðfélagi, að þeir tveir hv. stjórnmálaflokkar, sem að ríkisstj. standa, eru sem óðast að draga allt fjármálalíf þjóðarinnar beint inn í sínar flokksklíkur og setja ekki aðra til þess að gegna almennri þjónustu í fjármálunum en einmitt þá, sem draga allt fjármálalíf þjóðarinnar beint inn á flokksskrifstofurnar og taka flokkssjónarmiðin öllum sjónarmiðum framar. Því hefur áður verið lýst, að fylgjendur ríkisstj. við síðustu kosningar eru ekki, þegar öllu er á botninn hvolft, nema rétt rúmlega 60% þjóðarinnar, og þetta miðar mjög að því að gera hin 40% enn þá réttlausari en þau áður voru, og að því er tekur til hæstv. forsrh., — sem svo mjög talar um frelsi og ég í rauninni hef alltaf nokkra tilhneigingu til að halda að sé meinfangalaust við frelsið, enda þótt verk hans sýni það ekki upp á síðkastið, — þá bendir þessi breyting ekki til þess, að hann hafi yfir neinu að gleðjast hvað snertir lýðræði og frelsi.

Þá eru í 9. gr. þessa lagafrv. gerðar ráðstafanir til þess að lögfesta enn betur en verið hefur yfirráð Ameríkana yfir fjármálum íslenzku þjóðarinnar, en í 9. gr. er talað um, að Framkvæmdabanki Íslands skuli sjá um fjárfestinguna. Framkvæmdabanki Íslands er, eins og flestum er nú víst kunnugt, sú stofnun, sem fátækrafulltrúi Ameríkana veitir forstöðu í umboði Ameríkumanna og með samþykki íslenzku ríkisstj.

Þá er dálítið merkilegt atriði í þessu frv., sem er alveg nýmæli, að því er ég bezt veit. Í 3. málsgr. 8. gr. þessa lagafrv. segir:

„Óheimilt er byggingarnefndum í kaupstöðum og kauptúnum að leyfa að hefja framkvæmdir, sem fjárfestingarleyfi þarf til, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Enn fremur skulu byggingarnefndir hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, að framkvæmdir, sem heimilar eru án fjárfestingarleyfa, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.“ — Og greinin heldur áfram og segir: „Þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skulu oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er

háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við lög þessi.“

Þetta þýðir það, að byggingarnefndir í kaupstöðum og oddvitar í sveitum eru í rauninni gerð að lögreglu. Ég tel, að ríkisvaldið hafi þegar komið sér upp alveg nægilegu kerfi til þess að annast umsjónina með þessu, þótt ekki sé farið að gera sveitarstjórnirnar ábyrgar hér um hluti, sem þær hafa hingað til ekki borið ábyrgð á. Þá má og geta þess, að það er í ósamræmi við það, sem tíðkazt hefur á okkar landi, að hægt væri að draga bæjarstjórnir eða oddvita eða byggingarnefndir fyrir lög og dóm fyrir einhverjar yfirtroðslur á þessum væntanlegu lögum, sem kunna að verða framkvæmdar í viðkomandi héraði. Ég fyrir mitt leyti felli mig mjög illa við þessa grein og er á móti henni.

Það eru líka í 11. gr. allþung viðurlög við því, að þeir, sem skýrslur eiga að gefa um þessi mál, verði að gera það á tilskildum tíma, ella sæti þeir háum fjársektum. Þetta gæti komið á bæjarfélög eða sveitarfélög, og ég hygg, að það sé algerlega ósanngjarnt. Það eftirlitskerfi, sem ríkið þegar hefur, hlýtur að nægja og óþarfi að fara að gera hvern oddvita og hverja byggingarnefnd að lögreglufulltrúum ríkisstj.

Þá vil ég einnig benda á það, að miðað við fjárhagsráðslögin stefnir þetta frv. enn að frekari gengisfellingu. Í 12. gr. þessa frv. er svo fyrir mælt, að innflutningsskrifstofan megi innheimta 1% í leyfisgjald af öllum þeim fjárhæðum, sem hún veitir innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir. Í fjárhagsráðsl. er gert ráð fyrir, að þetta sé ½%, en þessi hækkun um ½% þýðir auðvitað, að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði sem því nemur, en allt, sem hækkar erlendan gjaldeyri í verði, miðað við íslenzka krónu, er auðvitað gengisfelling, og að því leyti miðar þetta frv. í átt að gengisfellingu. Ef svo færi, sem ekki er ólíklegt, að ríkisstj. yrði enn að hafa fataskipti á þessari stofnun sinni, t. d. næsta ár, og ef þá yrði haldið áfram á brautinni að hækka leyfisgjöldin kannske um hálft eða heilt prósent, þá vitum við ekki fyrr en við erum komin með verulega gengisfellingu í þessum lið. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti algerlega á móti þessari hækkun, þar sem hún miðar að enn frekari gengisfellingu.

Ég hef sýnt hér fram á, að a. m. k. í fimm atriðum er lagafrv., sem hér liggur fyrir, afturför frá l. um fjárhagsráð, en þá er ég kominn að því, að þetta lagafrv. er allmiklu styttra en l. um fjárhagsráð. Og hvað er það, sem fellt er niður? Jú, það, sem fellt er niður, eru allar skrautfjaðrirnar, sem hæstv. ríkisstj., sem sat að völdum, þegar fjárhagsráðsl. voru samþykkt, taldi sjálfsagt að í frv. yrði að hafa, þ. e. a. s., það er sú hlið á fjárhagsráðsl., sem veit að því, að þegnarnir í landinu skuli hafa einhver réttindi gagnvart stjórnarvöldunum En þetta á nú allt að fella niður. E. t. v. er það þess vegna, að hæstv. forsrh. er svo ákaflega hrifinn af þessu lagafrv. Það mætti segja mér, að undir niðri hefði sá maður haft heldur vonda samvizku af því að láta standa í l., án þess að ríkisvaldið gerði nokkurn skapaðan hlut til þess að framkvæma það, ákvæði eins og felast í upphafi fjárhagsráðsl., þ. e. a. s. í 2. gr. þeirra, og eru tölusett í átta liðum, sem ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér yfir. Þar segir:

„Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna. (Það er skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. líði betur, þegar þetta fellur út úr l.)

2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, sem stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku. (Það er sömuleiðis alveg skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. sé öllu glaðari í hjarta sínu, þegar hún er laus við þetta ákvæði út úr l.)

3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.

4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum. (Ja, það gengur nú heldur illa að tryggja fé til þeirra framkvæmda nú til dags.)

5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur, og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.

6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.

7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.

8. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“

Ég veit ekki betur en að flest þessi ákvæði, sem í l. eru nú, séu einmitt þess eðlis og stefni í sömu átt og mörg þau frumvörp, sem við sósíalistar erum að flytja hér nú á þessu þ. um smíði skipa, bæði báta og togara, og langtum fleira til þess að efla atvinnuvegi landsmanna og að Íslendingar yfirleitt fái að njóta sín við íslenzka atvinnuvegi, en séu ekki reknir í algerlega óarðbæra atvinnu suður á Keflavíkurflugvöll til þess að forðast hið sárasta atvinnuleysi. En þessu er öllu saman dauflega tekið af hv. ríkisstj., og eins og ég hef margtekið fram, þá er ekkert óskiljanlegt við það, þó að þessari hæstv. ríkisstj. finnist, að hún hafi öðlazt allmikið frelsi, þegar hún er laus við þessi ákvæði úr l. En það er hins vegar alveg misskilningur hjá hæstv. ríkisstj., að frv., sem hér liggur fyrir, miði að nokkru frelsi fyrir þjóðina, að undanskildum þeim eina lið, sem ég hef hér tekið fram, þ. e. a. s. að gefa frjálsa byggingu íbúð-

arhúsa og nokkurra fleiri framkvæmda, og um getur í 1. málsgr. 8. gr. þessa frv. Ég skal hins vegar, um leið og ég fagna þeim lið, taka fram, að þar finnst mér gengið skrefi of skammt, og hef ég ásamt hv. 11. landsk. þm. (LJós) borið fram brtt., sem útbýtt var hér í d. í dag, þess efnis, að auk þess, sem þar er lofað frjálsum framkvæmdum á, verði byggingar í þágu sjávarútvegsins, svo sem fiskgeymsluhús og aðrar byggingar í hans þágu.

En að síðustu vil ég taka það sérstaklega fram, að ég tel, að í ummælum forsrh. felist það, að ríkisstj. muni afturkalla málshöfðanir sínar gegn þeim 22 Vestmannaeyingum, sem nú standa frammi fyrir dómara fyrir það eitt, að þeir byggðu sér íbúðarhús.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Frá því að ég talaði hér nokkur orð í gær, hafa þrír ræðumenn sósíalista flutt alllangar ræður. Ég vil ekki tefja umr. með því að fara að karpa um minni háttar atriði, og ég veit, að ef ég færi að svara þeim orði til orðs, þá yrði það til þess eins, að umr. mundu dragast úr hófi fram. Hins vegar finnst mér nokkur ástæða til þess að þakka öllum þessum hv. ræðumönnum fyrir þann kærleika, sem ég sé að enn leynist í þeirra hjarta í minn garð. Ég tel, að þeir hafi átt það sameiginlegt allir í sínum ræðum að vera mjög vinveittir í minn garð, og maður er náttúrlega þakklátur fyrir það, þó að um andstæðinga sé að ræða — og ekki síður. Ég veit hins vegar ekki, hvort ég verðskulda það lof, sem þeir beint og óbeint hafa borið á mig, og kæri mig náttúrlega ekki heldur um að verðskulda það, ef það á að kosta einhverja linkind við þeirra höfuðstefnumál í þjóðmálum.

Ég vil svo að öðru leyti aðeins segja, að í þeirri ræðu, sem ég flutti hér í gær, var það tvennt, sem ég lagði höfuðáherzlu á. Annað var að sanna faðerni fjárhagsráðsl. Það, sem ég sagði um það, stendur óhaggað. Hitt meginatriðið var, hvort hér væri um að ræða aukið frelsi eða ekki. Ég hef um það mínar skoðanir og tel, að bókstafurinn sanni mitt mál, en ef menn vefengja það, þá segi ég það bæði við hv. síðasta ræðumann, 9. landsk., og aðra þá menn, sem hér hafa talað af hendi hans flokks, að við skulum spyrja reynsluna að því, þegar hún er fallin á. Við höfum nú haft reynslu nokkuð á 7. ár um l. um fjárhagsráð. Ef við hittumst hér á Alþ. að viðlíka tíma liðnum og spyrjum, hvort þessi l. hafi fært þjóðinni eitthvað annað meira og betra, þá veit ég, að ekki mun standa á þeim að viðurkenna, að ég hafi haft á réttu að standa þá, eins og mér sýnist raunar að þeir hafi tilhneigingu til þess að álíta að ég allajafna hafi.

Ég læt svo ekki þær einstöku rökvillur, sem gætu gefið ástæðu til andmæla, verða freistingu á mínum vegi til að tefja framgang þessa máls og læt þess vegna þessa stuttu aths. nægja. Ég vil þó aðeins bæta því við, að til mín beindi hv. 9. landsk. fyrirspurn varðandi málssókn á hendur borgurum í Vestmannaeyjum út af því, að þeir hafi brotið lög um heimildir til byggingarleyfa, hvort sakir mundu falla niður á þessa menn. Ég sé ekki ástæðu til þess að svara þessu, fyrr en ég hef haft tækifæri til að bera mig saman um það við þá menn í stjórninni, sem það sérstaklega fellur undir, og veit, að hv. þm. gerir sér ljóst, að það er ekki hægt að ætlast til annars af mér á þessu stigi málsins.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja neitt umr. um þetta mál, því að sú ræða, sem hæstv. forsrh. hélt, gefur heldur ekki tilefni til þess. Ég vildi aðeins ítreka frekar en ég gerði í gær þann mun, sem er á þeim till., sem við sósíalistar höfum alltaf flutt um lausn málanna hér á Íslandi á sviði fjárhags- og atvinnulífsins. Okkar till. hafa verið um þjóðnýtingu á ákveðnum sviðum í þjóðlífinu. Það, sem fólst í fjárhagsráðsl., og það, sem felst í núverandi l., eru till. um einokun til handa einstökum fésýslumönnum á ákveðnum möguleikum. Það er þetta tvennt, sem alltaf verður að aðskilja algerlega, þegar maður er að ræða um þessi mál, hvort t. d. ríkið tekur í sínar hendur til þess að þjóðnýta einhvern alveg ákveðinn hluta atvinnulífsins og rækir hann þar með, t. d. innflutningsverzlun, til ágóða fyrir alla þjóðina eða hvort ríkisstj. fær vald til þess að geta hagnýtt fyrir einstaka fésýsluhópa allan innflutning landsins eða eins stóran hluta af honum og ríkisstj. lízt. Og ég hef svo greinilega sýnt fram á, hvaða heimilda ríkisstj. er að afla sér með þessum l. til að gera allt slíkt með reglugerðum og hvernig hún hefur hagnýtt undanfarið þessa möguleika, að ég þarf ekki frekar orðum um það að fara. Okkar till. frá 1946, till. um þjóðnýtingu innflutningsverzlunarinnar m. a., koma til með gagnvart sögunni, þegar dæmt verður um þróun þessara ára, að standa sem till. í anda sósíalismans, þar sem hins vegar sú framkvæmd, sem verið hefur, og þau l., sem hér á nú að fara að lögfesta, kemur til með að standa sem dæmi um einokunarauðmagnið á Íslandi, þess vald og þess hagnýtingu á ríkisvaldinu einstökum fésýsluhópum til framdráttar.

En það var eitt, sem ég alveg sérstaklega beindi fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj. um í minni fyrstu ræðu um þetta mál, og það var út af bátagjaldeyrinum, hvort hæstv. ríkisstj. áliti, að samkvæmt 1. gr. þessara laga væri henni heimilt að gefa út reglugerðir eins og fjárhagsráð var látið gefa út eftir ósk ríkisstj. 8. marz 1951, um svo kallaðan bátagjaldeyri, og eins og ég hef margsýnt fram á þýðir líka, að það væri hægt að gefa út reglugerð um smjörgjaldeyri, togaragjaldeyri eða hvaða gjaldeyri sem vera skal, lækka gengi krónunnar raunverulega alveg eins og ríkisstj. þóknast bara með reglugerðum um slíkar sérstakar tegundir gjaldeyris. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til að svara þessu, og ég veit, að hún á bágt. Hún veit, að hún er búin að brjóta lög í tvö ár viðvíkjandi bátagjaldeyrinum og heimta inn á annað hundrað millj. kr. af þjóðinni án lagaheimildar. Nú þykist ég vita, að hún álítur, að eins og þessi lög eru orðuð, þá séu þær skorður, sem áður voru í fjárhagsráðsl. við setningu reglugerða eins og um bátagjaldeyrinn, í brott fallnar,

þannig að með reglugerðinni samkvæmt 1. gr. þessara laga geti ríkisstj. innheimt peninga handa sjálfri sér eða öðrum eins og henni þóknast af almenningi og hækkað verð á innfluttum vörum og raunverulega fellt gengi íslenzku krónunnar í sambandi við einstakar vörutegundir eins og henni þóknast. Þessu fæst hæstv. ríkisstj. ekki til að svara, og ég veit, að við fáum ekkert svar við þessu, fyrr en við fáum næstu reglugerðirnar um smjörgjaldeyrinn eða togaragjaldeyrinn eða annað slíkt.

Ég vildi hins vegar skjóta því til þeirrar n., sem þær þetta til athugunar, að hún gangi alvarlega úr skugga um þessa hluti og knýi fram svör um það, að það sé alveg greinilegt, hvort eftir þeim l., sem nú á að fara að samþ., sé svona álagning eins og bátagjaldeyrisins heimil. Ég hef áður gert það að till. minni, að þetta frv. fari til fjhn., og ég vil vonast til, að þessi hv. n. gangi úr skugga um þessi mál, þannig að það sé hægt að vita alveg um skilning Alþ., þegar þetta mál kemur til 2. umr., hvað þetta efni snertir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:3 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 175, n. 225 og 243, 186, 231, 239, 241, 245).

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og leggur meiri hl. til, sbr. nál. á þskj. 225, að frv. verði samþ. með tveim brtt., sem hann flytur við 2. gr. og 4. gr., en það er ekki um að ræða efnisbreytingar, heldur að það sé skýrar kveðið á um þann tilgang, sem ætlazt var til að í greinunum fælist.

Ef litið er á fyrri brtt., við 2. málsgr. 2. gr., þá stóð þar í frv.: „Bankar mega ekki láta gjaldeyri af hendi fyrir vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nema leyfi sé fyrir hendi.“ Þetta þótti of þröngt, og var ekki ætlazt til, að það væri svo þröngt, heldur að þeir mættu ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af hendi aðrar greiðslur, sem háðar væru leyfisveitingum, enda þótt þær greiðslur væru fyrir eitthvað annað en vörur, nema leyfi væri fyrir hendi. — Eins er breytingin í 4. gr., þar sem mönnum er gert skylt að skila til bankanna gjaldeyri, sem þeir eiga eða eignast fyrir vöru eða þjónustu. Þar leggur n. til að standi: „fyrir gjaldeyri, sem þeir eiga eða eignast“, hvort sem það er fyrir vöru, þjónustu eða einhver önnur tilvik. M. ö. o.: Þessar tvær till. fela ekki í sér efnisbreytingu frá því, sem ætlazt var til með frv.

En auk þessa hafa nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. er umfangsmikið og tekur til ýmissa vandasamra tilvika í viðskiptamálum okkar, svo að nm. vildu hafa fyrirvara um það, að þeir kynnu ef til vill að þurfa að gera einhverja frekari áréttingu eða breytingar í einstökum atriðum eða fylgja brtt., sem fram kæmu og þeir teldu vera til bóta.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa þessi orð fleiri.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Í frv. þessu felst ekkert spor í frelsisátt í viðskiptamálum Íslendinga. Það, sem fyrst og fremst felst í því, að því er varðar viðskiptamálin, er, að framvegis á ríkisstj. sjálf að gefa út reglugerðir, sem fjárhagsráð hefur gefið út til þessa. Það er ekki gert ráð fyrir því, að nein efnisbreyting verði gerð á skipun þessara mála frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu frv. verður ekki frjáls innflutningur á einni einustu vörutegund, sem nú er háð leyfisveitingum, og samkvæmt þessu frv. getur hæstv. ríkisstj. með útgáfu reglugerðar einni saman gert allan innflutning til landsins háðan leyfisveitingum.

Þetta er sú verzlunarfrelsisstefna, sem boðuð er í þessu frv., að hæstv. ríkisstj. áskilur sér rétt til þess og fær rétt til þess að geta gert bókstaflega allan vöruinnflutning og allar gjaldeyrisgreiðslur háðar leyfisveitingu. Hér er því ekkert spor, bókstaflega ekkert spor, hvorki fram né aftur, stigið varðandi skipun innflutningsmálanna. Í þeim efnum munum við standa nákvæmlega í stað, hvað svo sem verður um þetta frv.

Núgildandi skipun þessara mála er sú, að aðalreglan er, að vöruinnflutningur skuli háður leyfisveitingu, en þó hefur fjárhagsráð samkvæmt heimild í fjárhagsráðsl. gefið út reglugerð, svo kallaðan frílista, sem heimilar innflutning tiltekinna vörutegunda án gjaldeyris- og innflutningsleyfa. Enn fremur hefur verið gefin út önnur reglugerð, hinn svo kallaði skilyrðisbundni frílisti, þ. e. a. s. bátalistinn, sem gerir innflutning vissra vörutegunda háðan sérstökum leyfum, sem einvörðungu eru í höndum bátaútvegsmanna og þeir selja gegn sérstöku álagi, þannig að innflutningur þeirra vörutegunda er því aðeins frjáls, að umrætt álag sé greitt. Innflutningur allra annarra vörutegunda en þeirra, sem eru á frílistanum og hinum skilyrðisbundna frílista, er háður leyfum samkvæmt núgildandi skipun. Ég legg sérstaka áherzlu á, að ekki er gert ráð fyrir því, að á þessu verði nein breyting, þ. e. a. s., í þessu frv. felst ekki neitt um það, að vörur skuli flytjast frá því að vera háðar innflutningsleyfum yfir á annaðhvort frílistann eða hinn skilyrðisbundna frílista. Og það er þessi staðreynd, sem veldur því, að þetta frv. markar ekkert spor, hvorki fram né aftur, í ástandi viðskiptamála þjóðarinnar.

Það hefur mátt skilja ýmsa forsvarsmenn hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna þannig, að vöruinnflutningur til landsins væri nú svo að segja alveg frjáls. Því hefur verið haldið fram, að það hafi verið stefna hæstv. fyrrv. ríkisstj. og sé enn stefna þessarar ríkisstj. að gera innflutninginn frjálsan, og því hefur verið haldið fram, að þessari stefnu hafi verið fylgt og það ástand sé

nú þegar komið, að innflutningurinn sé að langmestu leyti frjáls. Þetta er algerlega rangt. Hversu rangt það er, mun ég nú sýna fram á með því að nefna tölur um þetta atriði.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins nam gjaldeyrissala fyrir vörur, sem eru á frílista, 41% af allri gjaldeyrissölunni. Gjaldeyrissala fyrir vörur á bátalistanum, hinum svo kallaða skilyrðisbundna frílista, nam 12,3% af allri gjaldeyrissölunni. En gjaldeyrissala fyrir vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nam 31,5% af gjaldeyrissölunni. Menn veiti þessu sérstaka athygli: gjaldeyrissala fyrir vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nam 31,5% af allri gjaldeyrissölunni, en gjaldeyrissala fyrir vörur á frílista nam ekki nema 45,5% af allri gjaldeyrissölunni, en gjaldeyrissala fyrir annað en vörur, en það er allt saman háð leyfisveitingum, nam 15,6% af gjaldeyrissölunni. M. ö. o.: Aðeins % af gjaldeyrissölunni eru fyrir vörur, sem eru á frílista. Þetta er árangurinn af þriggja ára baráttu tveggja ríkisstj. fyrir verzlunarfrelsi. Þetta er sá árangur, sem gumað er af sýknt og heilagt hér á Alþ., í blöðum og á mannfundum. Þetta er verzlunarfrelsið, sem tekizt hefur að koma á. % af gjaldeyrissölunni eru fyrir vörur á hinum svo kallaða frílista, og er þessi tala þó að því leyti villandi, að þessi innflutningur er alls ekki allur frjáls. Þetta er innflutningur á vörum, sem eru á frílistanum, en það er hinn mesti misskilningur, að innflutningur allra þeirra vörutegunda sé í raun og veru frjáls, því að það er mjög algengt, að bankarnir neiti um yfirfærslu fyrir vörum, sem þó eru á hinum algera frílista, og nefndi ég um þetta dæmi við 1. umr. málsins og skal ekki endurtaka það hér. En svo sem kunnugt er, þá höfum við í raun og veru haft tvær innflutningshaftanefndir undanfarin ár, innflutnings- og gjaldeyrisdeild fjárhagsráðs og svo kallaða millibankanefnd. Eitt helzta afrekið, sem þessar hæstv. verzlunarfrelsisríkisstj. hafa unnið, er að fjölga n., sem vinna að stjórn innflutningsmálanna, um eina, þ. e. fjölga þeim í tvær, en stjórn málanna hefur ekki síður verið í höndum millibankanefndarinnar svo kölluðu, sem einnig er þegar launuð n., en fjárhagsráðsins sjálfs. Að vissu leyti hafa störf millibankanefndarinnar verið miklu mikilvægari en fjárhagsráðsins, vegna þess að það er meiri innflutningur, sem hún hefur fjallað um, þ. e. a. s. allur frílistinn, heldur en fjárhagsráðið hefur fjallað um, sem eru þær vörur, sem eru háðar algerum leyfum. En þessi millibankanefnd hefur sannarlega látið mikið að sér kveða, því að hún hefur verið óspör á að segja nei, og mætti um það nefna mörg dæmi, ef umr. þessar lengdust.

Ég hélt því fram við 1. umr. málsins, að verzlunarfrelsi væri fólgið í því, að flytja mætti inn í landið þær vörur, sem menn girntust, og út úr landinu þær vörur, sem menn vildu flytja úr landi, og jafnframt að menn ættu kost á því að kaupa gjaldeyri við skráðu gengi fyrir þær vörur, sem þeir vildu flytja inn í landið. Ég lagði áherzlu á, að það væri ekki um að ræða frjálsa verzlun, ekki um að ræða fullt verzlunarfrelsi, þótt ekki væri bannað að flytja inn vissar vörutegundir. Hitt yrði líka að vera fyrir hendi, að menn ættu kost á að kaupa gjaldeyri við skráðu gengi fyrir þá íslenzku peninga, sem menn hefðu með höndum, fyrir þær vörur, sem frjáls innflutningur ætti að vera á, að öðrum kosti væri innflutningurinn ekki frjáls, höftin væru ekki hjá stjórnarskrifstofum, heldur einvörðungu hjá bönkunum. Þessari skoðun minni var andmælt af hæstv. forsrh. við þessa umr. Hann sagði það engan veginn ósamrýmanlegt verzlunarfrelsi, þótt bankarnir yrðu af gjaldeyrisástæðum að neita um gjaldeyri fyrir vörur, sem annars væri frjáls innflutningur á. Þessi skoðun er auðvitað fráleit. Allir, sem um þessi mál hafa eitthvað hugsað og einhverja sérþekkingu hafa á þeim, vita, að verzlun er því aðeins talin frjáls, að hún sé ekki háð leyfisveitingum og sala á gjaldeyri til hennar sé ekki takmörkuð. Ég skal í þessu efni leyfa mér að leiða til stuðnings þessari skoðun, og þar með gegn skoðun hæstv. forsrh., aðalráðunauta fyrrverandi og núverandi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, þ. e. dr. Benjamín Eiríksson og próf. Ólaf Björnsson, og skal leyfa mér í því sambandi að vitna til skjals, sem sjálf hæstv. fyrrv. ríkisstj. lagði fyrir þingheim, er hún gerði hina mikilvægu ráðstöfun, gengislækkun krónunnar, vorið 1950. — Því frv. fylgdi ýtarleg grg. eftir þessa tvo fræðimenn, þar sem einmitt rætt er um það, hvað sé frjáls verzlun og hvaða hag sé af henni hægt að hafa. En í upphafi V. kaflans, sem heitir „Hagur af frjálsri verzlun", segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frjálsri verzlun var áður fyrr átt við verzlun, sem var tollfrjáls. Í þessu áliti þýðir frjáls verzlun, að verzlunin er án innflutnings- og útflutningshafta, sem takmarka magn það, sem verzlað er með, þ. e. verzlun án hafta, sem stafa af gjaldeyrisskorti." — Og svo segir tveim bls. síðar, í framhaldi af þessu, og það er aðalatriði málsins: „Höfuðskilyrði frjálsrar verzlunar er, að greiðslurnar séu frjálsar, þ. e. a. s., að hægt sé að greiða erlendis, ef íslenzkir peningar eru fyrir hendi. Þegar greiðslurnar eru ekki lengur frjálsar, torveldast viðskiptin. Gjaldeyrishöft eru venjulegast þannig til komin, að snöggar breytingar hafa orðið í utanríkisverzluninni, gjaldeyrisforðinn hefur reynzt of lítill, til þess að menn hafi treyst sér til þess að standast hinar óeðlilegu sveiflur. Ef atvinnulífið, fjármálin og peningamálin eru á heilbrigðum grundvelli, þá er engin ástæða til, að gjaldeyrisskort geti borið að höndum nema rétt í bili, og þá því aðeins, að miklar og snöggar breytingar verði á utanríkisverzluninni."

Hér eru því tekin af öll tvímæli um það, sem reyndar hefði nú ekki átt að hljóta nein mótmæli, þegar ég hélt því fram, að frjálsar gjaldeyrisgreiðslur eru óhjákvæmilega tengdar frjálsri innflutningsverzlun. Ef verzlunin á að vera frjáls, verða gjaldeyrisgreiðslurnar fyrir þær vörur, sem frjáls innflutningur á að vera á, einnig að vera frjálsar. Þetta var það, sem ég hélt fram í ræðu minni við 1. umr. málsins, og þetta er það, sem báðir sérfræðingar hæstv. ríkisstj., dr. Benjamín Eiríksson og prófessor Ólafur Björnsson, undirstrika hér í grg. á þessum stað og raunar ýmsum fleiri stöðum í þess-

ari álitsgerð sinni. Þótt hv. formælendur ríkisstj. kunni að hafa viljað rengja mín ummæli um þetta, þá þykir mér undarlegt, ef þeir leggja út í það að rengja ummæli helztu sérfræðinga sinna um þetta efni, en þau falla algerlega saman við skoðanir og ummæli mín.

Ef dæma á um það, hvort þetta frv. muni leiða til aukins innflutnings, þá liggur beinast við að gera sér grein fyrir því, hvernig gjaldeyrisástandið er, og að því vék ég við 1. umr. málsins. En í byrjun nóvembermánaðar var gjaldeyrisaðstaðan gagnvart útlöndum þannig, að bankarnir skulduðu 23 millj. kr., og það var nákvæmlega sama talan og þeir höfðu skuldað erlendis einu ári áður. Á undanförnum 12 mánuðum hafði hæstv. ríkisstj. ekki tekizt að halda þannig á viðskiptamálum þjóðarinnar, að sú skuld, sem safnazt hafði erlendis, hefði minnkað um nokkurn skapaðan hlut. Hún var óbreytt, og þó var ástandið í raun og veru miklu verra en kom fram í þessum tölum, vegna þess að á þeim 12 mánuðum hafði verið mikill greiðsluhalli á viðskiptunum við útlönd. Greiðslur, sem höfðu verið inntar af hendi, höfðu verið 75 millj. kr. meiri en gjaldeyristekjurnar, m. ö. o., greiðsluhallinn gagnvart útlöndum hefði verið 75 millj. kr., ef ekki er tekið tillit til Marshallfjárins, en það var Marshallféð fyrst og fremst, sem olli því, að þrátt fyrir þennan mikla greiðsluhalla var ekki skuldasöfnun hjá bönkunum erlendis. En nú hefur því verið lýst yfir, að Íslendingar mundu ekki veita viðtöku meiri efnahagsaðstoð frá Marshallstofnuninni eða Bandaríkjunum. Framvegis munu því eigin gjaldeyristekjur Íslendinga verða að standa undir gjaldeyrisgreiðslunum, og þegar það er haft í huga, að þessar gjaldeyrisgreiðslur frá Marshallstofnuninni hafa á undanförnum árum numið gífurlegum fjárhæðum, þá má geta nærri, að gjaldeyrisástandið mun á næstunni fara stórversnandi, ef ekki er breytt að einhverju leyti um stefnu í efnahagsmálum og tryggð aukin gjaldeyrisöflun.

Ég hef hér fyrir framan mig yfirlit um það, hvað efnahagsaðstoð Bandaríkjanna hafi numið miklu frá upphafi, eða frá 1948, og þangað til henni lauk nú á s. l. vori, en inn í mótvirðissjóð hefur verið greitt jafnvirði 29.8 millj. dollara, eða í íslenzkum krónum 435 268 000 kr. Á undanförnum 5 árum hefur því bein efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum numið hvorki meiru né minnu en 435 millj. kr. Þessari efnahagsaðstoð er nú lokið. Meira fé úr þeirri átt mun ekki berast, svo að þess vegna munu nú eigin gjaldeyristekjur Íslendinga verða að standa undir nauðsynlegum gjaldeyrisgreiðslum. En þegar það er haft í huga, að þrátt fyrir þessar miklu gjaldeyrisgreiðslur hafa Íslendingar á síðari árum verið að safna skuldum erlendis og skuldirnar voru nú fyrir mánuði 23 millj. kr., þá má geta nærri, hvernig muni fara framvegis að algerlega óbreyttri stefnu, og þá má geta nærri, hver von er til þess, að þetta frv. þýði einhver spor í áttina til aukins innflutningsfrelsis.

Hið eina framfaraspor, sem í þessu frv. felst, er, að dregið er úr hinum geysióvinsælu höftum, sem verið hafa á íbúðabyggingum einstaklinga, en lágmark þeirrar íbúðarstærðar, sem byggja má án fjárfestingarleyfis, er hækkað mjög verulega. Þessu spori í framfaraátt ber hiklaust að fagna. Galli er þó hins vegar á, að ekki skuli jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að gera þann innflutning, sem nauðsynlegur er vegna þeirra auknu byggingarframkvæmda, sem væntanlega sigla í kjölfar þessa, frjálsan, en til þess eru ekki gerðar ráðstafanir. Allur innflutningur til bygginga, á byggingarefnum og öðru, sem til þeirra þarf, á eftir sem áður að vera háður leyfisveitingum, og ef dæma má eftir áður fenginni reynslu af óstjórn í þessum málum, þá er mjög hætt við því, að þetta verzlunarfrelsi verði því miður ekki nema á pappírnum, sumt af því að minnsta kosti. Hæstv. fyrrv. og núv. ríkisstj. er kunn að því að gefa út frílista, þ. e. a. s. heita frjálsum innflutningi á vörum með reglugerðum, og líða síðan bönkunum að neita um innflutning á þeim. En þá kæmi manni svo sem ekkert á óvart, þó að það gerðist, að því væri heitið, að menn mættu byggja íbúðir, sem væru að stærð allt að 520 m³, en síðan bara vantaði byggingarefni, til þess að menn gætu komið þessum íbúðum upp, vegna þess að innflutningur á byggingarefnum og öðru því, sem til þarf, sé takmarkaður. Bein afleiðing af þessu aukna byggingarfrelsi ætti auðvitað að vera, að lögleitt væri jafnframt fullkomið innflutningsfrelsi á því, sem þarf til bygginganna, eða í öllu falli, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess, að engin byggingarframkvæmd, sem á að vera frjáls samkvæmt þessum l., þurfi nokkurn tíma að tefjast vegna skorts á byggingarefni. En hlutaðeigandi yfirvöld og hæstv. ríkisstj. mega taka miklum framförum til þess, að maður eigi að treysta því, að slíkt muni verða.

Ég fór í hv. fjhn. fram á að fá upplýsingar um, hvort gerðar hefðu verið áætlanir um þann sparnað í útgjöldum ríkissjóðs, sem af samþykkt þessa frv. mundi hljótast. Ég fékk engar slíkar upplýsingar. Mér var sagt, að það mundi vera í athugun. Ég verð að segja, að mér finnst það næsta undarleg vinnubrögð af hæstv. ríkisstj. að leggja þetta frv. fram án þess að hafa áður gert sér hugmynd um, hvaða áhrif það mundi hafa á útgjöld ríkissjóðs. Allgrunsamlegt finnst mér það þó í þessu sambandi, að gert er ráð fyrir því, að leyfisgjöldin eigi að haldast algerlega óbreytt í frv., en þau hefði þegar fyrir löngu átt að vera búið að lækka um helming, og ég hef ekki mikla trú á því, að mikill sparnaður hljótist af ráðstöfununum, þegar sjálf hæstv. ríkisstj. auglýsir það, að hún þurfi á nákvæmlega sömu tekjum að halda til að standa straum af þessu eins og áður. Reynsla af öðru sviði um þetta efni er og mjög til varnaðar, og er þar skemmst að minnast þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um kostnaðinn í sambandi við verðlagsákvarðanir og verðgæzlu. Þrátt fyrir það að draga átti stórlega úr skrifstofubákninu og lækka stórlega útgjöld ríkissjóðs árin 1950 og 1951 með því að afnema nær allt verðlagseftirlit, hefur komið í ljós, að þótt nær allt

eftirlit hafi verið afnumið, hefur kostnaðurinn við þetta allt saman hækkað um 27 þús. kr. Þannig fór nú um allan sparnaðinn á því sviði. Mér finnst þessi reynsla óneitanlega benda til þess, að ekki muni vera von mikils sparnaðar af þessum ráðstöfunum. Þó hlusta ég mjög gjarnan á upplýsingar um það, hvaða sparnaðar ríkisstj. væntir sér í sambandi við þetta.

Ég hef leyft mér sem minni hl. n. að flytja nokkrar till. á þskj. 239. Með flutningi aðaltill. hef ég viljað gefa hæstv. viðskmrh. og flokki hans alveg sérstaklega kost á því að stuðla að framkvæmd þeirrar stefnu, sem hann og flokkur hans aðhyllist í viðskiptamálum, þ. e. a. s., að innflutningur og útflutningur skuli vera sem frjálsastur. Sú stefna, stefna hins algera verzlunarfrelsis, hefur mjög marga og augljósa kosti, svo sem t. d. er mjög skilmerkilega rakið í álitsgerð dr. Benjamíns Eiríkssonar og Ólafs Björnssonar, en allir, sem eitthvað skynbragð bera á þessa hluti, vita, að skilyrði til þess að framkvæma algerlega frjálsa verzlun, til þess, að hún geti notið sín og verið framkvæmanleg án þess að hafa í för með sér mikla ókosti, er sú, að stefnan í efnahagsmálum, og þá sérstaklega í fjármálum og peningamálum, sé fullkomlega heilbrigð, og það er einmitt það, sem lögð er sérstök áherzla á í greinargerð þeirra hagfræðinganna, en þar sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Ef atvinnulífið, fjármálin og peningamálin eru á heilbrigðum grundvelli, er engin ástæða til, að gjaldeyrisskort geti borið að höndum.“ M. ö. o.: Ef atvinnulífið, fjármálin og peningamálin eru á heilbrigðum grundvelli, þá er hægt og á að vera hægt að framkvæma stefnu hinnar frjálsu verzlunar. Þetta er rétt. Frjáls verzlun er auðvitað framkvæmanleg og hefur mjög marga og mjög veigamikla kosti, ef skilyrði eru fyrir hendi til þess að framkvæma hana. Þau skilyrði eru auðvitað, að atvinnulífið, fjármálin og peningamálin séu heilbrigð. Fjölmargar þjóðir hafa innflutnings- og útflutningsverzlun sína frjálsa að langmestu leyti. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar hafa komið á hjá sér meira og minna frjálsri verzlun bæði í innflutningi og útflutningi, og þær hafa gert það með því að taka upp heilbrigða stefnu í efnahagsmálum, heilbrigða stefnu í fjármálum og bankamálum fyrst og fremst. Ef menn eru sammála um, að ekki sé hægt að hafa verzlunina frjálsa, þá er samkvæmt skoðun þeirra hagfræðinganna, dr. Benjamíns og prófessors Ólafs, meginástæðan sú, að stjórn efnahagsmálanna og fyrst og fremst peningamálanna og fjármálanna er ekki heilbrigð. Í þeirri staðreynd, að hér skuli ekki eftir þriggja ára baráttu hafa tekizt að koma nema liðlega 40% af gjaldeyrissölunni á frílista, getur samkvæmt skoðunum helztu ráðunauta ríkisstj. ekki falizt annað en að stefnan, sem fylgt hefur verið í fjármálum og peningamálum, sé ekki heilbrigð. Ef hæstv. ríkisstj. ber á móti þessu og segist hafa fylgt algerlega heilbrigðri stefnu í peninga- og bankamálum, þá á það líka að vera kleift núna að taka upp algerlega frjálsa verzlun.

Til þess að gefa stjórninni kost á að sýna með atkv. sínu, að hún hafi trú á því, að stefnan hafi undanfarið verið algerlega heilbrigð, hef ég borið hér fram aðaltill. um, að innflutningurinn og útflutningurinn skuli vera frjáls. En einu rökin fyrir því, að hann geti ekki verið frjáls, eru samkvæmt skoðunum dr. Benjamíns og prófessors Ólafs þau, að atvinnulífið, fjármálin og peningamálin séu ekki á heilbrigðum grundvelli. Þetta eru einföld og augljós rök.

Hins vegar játa ég fúslega, að ég hef ekki trú á því, að hæstv. ríkisstj. hafi sjálf mikla trú á ummælum sínum, að ástand peningamála og fjármála þjóðarinnar sé svo heilbrigt, að hægt sé að gefa verzlunina frjálsa, og þess vegna hef ég ekki látið við þetta sitja, heldur einnig flutt aðrar till., varatill. á þskj. 239, en aðalefni þeirra er þetta: Hæstv. ríkisstj. hefur haldið þeirri andkannalegu reglu í þessu frv. að gera ráð fyrir því sem aðalreglu, að innflutningurinn skuli háður leyfisveitingu. Frv. byrjar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Frjáls skal vera innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstj. ákveður hverju sinni með reglugerð.“ M. ö. o.: Það verði ákveðið með reglugerð, hvað skuli vera frjálst. Allt hitt, sem ekki er nefnt, á að vera bundið. Ef ríkisstj. meinar það í alvöru, að hún sé stjórn hinnar frjálsu verzlunarstefnu, þá ætti hún auðvitað að snúa þessu við. Þá ætti hún að segja: Allt skal vera frjálst nema það, sem kveðið er á um í reglugerð að sé ekki frjálst, — og þannig legg ég til, að þetta sé orðað. Enn fremur tel ég sjálfsagt, að sömu reglur gildi um útflutninginn og innflutninginn, þannig að aðalreglan sé sú, að útflutningurinn sé frjáls. En ef ríkisstj. telur af einhverjum ástæðum nauðsynlegt að takmarka hann með höftum, þá sé sett um það reglugerð. Það er alveg ástæðulaust að láta sitt hvað gilda um innflutning og útflutning. Grundvallarreglan á að vera sú, að hvort tveggja sé frjálst, en síðar sé hægt að takmarka hvort tveggja með reglugerð, ef sérstakar ástæður þykja fyrir hendi.

Í öðru lagi er lagt til í þessum brtt., að bönkunum skuli gert skylt að afhenda innan tveggja vikna gjaldeyri fyrir þeim vörum, sem eru á frílista, þ. e. a. s., að bönkunum geti ekki haldizt uppi að neita um innflutning á vörum, sem ríkisstj. hafi sagt að skuli vera frjáls. Bankarnir hér eru opinberar stofnanir, eru ríkisfyrirtæki, og það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að ríkisvaldið segi með annarri hendinni: Innflutningur á þessum vörum skal vera frjáls, — en neiti síðan um hann með hinni. Það er ekkert vit í því, að ríkisstj. sé að koma á fót innflutningsskrifstofu, sem segi: Þessar vörur má flytja inn, — en síðan komi ríkisfyrirtæki eins og bankarnir og segi: Þessar vörur má ekki flytja inn, við látum ekki af hendi gjaldeyri fyrir henni. — Þess vegna á bönkunum að vera skylt að selja, ekki þegar í stað, heldur innan ákveðins frests, ég tel hann hæfilegan 2 vikur, gjaldeyri fyrir öllum þeim vörum og gjaldeyrisgreiðslum, sem ríkisstj. hefur auglýst frjálsar. Ef bankarnir segjast ekki geta þetta vegna þess, að þeir hafi ekki

nægan gjaldeyri, þá á ríkisstj. að taka þessar vörur af frílistanum eða afnema frjálsa innflutnings- og gjaldeyrisgreiðslu. Þá eiga þessar vörur heima undir haftakerfinu og þá auðvitað undir þeim heildarhatti, sem haftakerfið annars er undir. Það er gersamlega ástæðulaust að halda þeirri skipun, að hér séu tvær haftanefndir, annars vegar innflutningsskrifstofan og hins vegar millibankanefndin. Mér finnst, að hæstv. ráðh. ætti að hafa áhuga á því að spara og losna við millibankan.

Í þriðja lagi er svo það nýmæli í þessum brtt. mínum, að einstaklingum skuli auðveldað að panta vörur frá útlöndum til eigin þarfa. Sem kunnugt er, var það mjög algengt allt til þess tíma, er innflutningshöft voru hér fyrst innleidd á fyrstu árum fjórða áratugsins, að einstaklingar pöntuðu sjálfir ýmsar vörur frá útlöndum til eigin þarfa og komust með því móti oft að mjög hagkvæmum kaupum og spöruðu sér milliliðakostnað. En svo sem kunnugt er, þá starfa í öllum nágrannalöndunum geysistór fyrirtæki, sem hafa það eina verkefni að selja einstaklingum í eigin landi og öðrum löndum vörur gegn einkapöntun frá þeim samkvæmt mjög góðum, vönduðum og nákvæmum verðlistum. Að þessu kvað mjög mikið, áður en innflutningshöft voru fyrst lögtekin. Að þessu hefur kveðið nokkuð hér á undanförnum árum, þótt það hafi verið mörgum erfiðleikum bundið fyrir almenning. En fyrst innflutningur á vörum á annað borð á að vera frjáls, þá er það algerlega meiningarlaust, að almenningur skuli vera skyldugur til þess að kaupa þessar vörur um hendur millliliða, um hendur heildsala og smákaupmanna, ef hann getur sjálfur komizt í beint samband við erlendar sendiverzlanir, svo sem þessar verzlanir eru venjulega kallaðar. Slíkt á almenningi auðvitað að vera frjálst. Annars er innflutningurinn alls ekki frjáls. Ég tel rétt, að ríkið láti í té vissa aðstoð við þetta gegn hæfilegu gjaldi. Fyrst ríkið rekur verzlunarfyrirtæki eins og Innkaupastofnun ríkisins, þá tel ég það mjög eðlilegt, að hún verði látin aðstoða almenning við þetta, auðvitað gegn hæfilegri þóknun, þannig að þegar menn hafa útfyllt pöntunarseðil sinn samkvæmt verðlistanum, þá geti menn afhent hann til Innkaupastofnunar ríkisins, sem síðan fari yfir það, hvort þær vörur, sem pantaðar eru, séu raunverulega á frílista, hvort innflutningur á þeim sé raunverulega frjáls, og síðan sendi hún pöntunina út og veiti henni viðtöku og afhendi pakkann, eftir að tollur hefur verið greiddur og bátagjaldeyrir reiknaður, ef um það er að ræða, til einstaklinganna gegn einhverri hæfilegri þóknun. Af þessu mundi almenningi verða hið mesta hagræði, og með þessu móti mundi einnig skapast heilbrigt aðhald á þá aðila í verzluninni, sem reynzt hafa haft tilhneigingu til þess að leggja óhóflega á ýmsa smávöru, sem er þó eftirsótt hjá almenningi. En þeir, sem koma til helztu verzlunarborganna í nágrenni Íslands, taka eftir því, að þar eru oft og einatt á boðstólum ýmsar vörur og þó einkum ýmsar smávörur, sem einnig sjást í búðum hér í Reykjavík, en eru hér á margföldu verði við það, sem þær eru á boðstólum fyrir í þessum verzlunarborgum í grenndinni. Þetta mundi geta skapað mikla samkeppni í innflutningsverzluninni, og mér skilst einmitt, að það sé eitt höfuðboðorð hæstv. ríkisstj., að samkeppnin eigi að vera sem mest og heilbrigðust, og þá ætti hún vissulega að hafa ánægju af að stuðla að því að bæta aðstöðu almennings sjálfs til þess að verða aðili í þessari samkeppni og auka skilyrði hans til þess að fullnægja eftirspurn sinni á sem beztan og fjölbreytilegastan hátt. — Í samræmi við þessar brtt. hef ég svo enn fremur lagt til, að nafni frv. verði breytt.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það hafa orðið hér miklar umr. um lítið málefni, því að satt bezt að segja er það rétt, sem ýmsir af hv. ræðumönnum hér hafa tekið fram, að hér er um mjög lítið mál að ræða í eðli sínu, þó að hæstv. ríkisstj. hafi talið þetta eitt af meginmálunum, sem hún hafi hér lagt fram.

Ég mun ekki fjölyrða mikið um þetta mál eða lengja um það umr., enda þótt það væri freistandi að fara ýmsum orðum um þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 175. Það hefur komið fram hjá nokkrum andstæðingum þessa frv. ofur lítill misskilningur, sem ég vildi þó mega leiðrétta. Þeir hafa talið, að í 8. gr. frv. fælist nokkur rýmkun um byggingu íbúðarhúsa og útihúsabygginga frá því, sem nú er. Þetta er alger misskilningur, og vildi ég mega leiðrétta það. Það, sem í 8. gr. segir, að heimilt skuli vera að byggja íbúðir án fjárfestingarleyfa, sem séu að stærð allt að 520 m³, er nákvæmlega það sama og nú gildir um smáíbúðir. Það hefur verið núna í tvö ár heimilt að byggja smáíbúðir að stærð 340 m³, hæð og ris, en síðan hefur hver maður, sem vildi, getað fengið að byggja kjallara undir þessi hús, ef bæjaryfirvöld hafa talið það nauðsynlegt eða mælt með því af einhverjum ástæðum. Slík hús hafa því getað farið meira að segja yfir 520 m³. Þetta hafa allir fengið, sem hafa fengið lóð hjá bæjaryfirvöldunum. — Hv. 5. þm. Reykv. grípur fram í og segir, að þetta sé tilhæfulaus vitleysa. Ég vil benda honum á, að þessi ummæli hans munu ekki geta staðizt nema örfáa daga, þannig að nokkur trúi þeim, því að skýrsla fjárhagsráðs um fjárfestingarmál mun verða afhent þingmönnum innan fárra daga, og þá mun hann geta séð það þar með eigin augum, hvað hæft er í þessu máli. — Í öðru lagi er hér mælt svo fyrir, að útihúsabyggingar í sveitum skuli vera frjálsar. Það hafa s. l. 4 ár verið veittar allar umsóknir um útihús í sveitum, hver ein og einasta, þannig að þær hafa verið raunverulega frjálsar, og eftirlitinu, sem með þeim hefur verið haft, þ. e. a. s. því eftirliti, að það hefur þurft að sækja formlega um leyfi til fjárhagsráðs fyrir þeim, er hér haldið enn þá, þar sem segir svo í 8. gr., að byggingarnefndir og oddvitar skuli mánaðarlega senda innflutningsskrifstofunni tilkynningu um hverja þá fjárfestingarframkvæmd, sem hafin er í umdæmi þeirra. Og eins og áður hefur komið fram í þessum umr., þá er eftirlit jafnvel hert með þessu frv. frá því, sem verið hefur. T. d. segir svo í 8. gr.,

að þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skuli oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við lög þessi. Þetta er aukið eftirlit frá því, sem verið hefur.

Þá var líka á það minnzt af hæstv. viðskmrh., að það væri talsverð rýmkun í þessum málum, að leyft væri nú að hefja án leyfis fjárfestingarframkvæmdir, sem kostuðu ekki meira en 40 þús. kr. samtals, miðað við 10 þús. kr. áður. Rýmkuninni, sem í þessu felst, geta menn gert sér grein fyrir, ef þeir athuga það, að sæmilegur bílskúr kostar meira en 40 þús. kr., og fjárhagsráð hefur undanfarin ár veitt leyfi fyrir öllum minni háttar viðbyggingum og endurbótum, sem sótt hefur verið um, en það er nákvæmlega það, sem mundi falla undir þessa heimild um 40 þús. kr. fjárfestingu. Það er því engin rýmkun, sem felst í þessu frv., og það er ekkert nýtt, sem felst í þessu frv. heldur, að undanteknu einu atriði, sem ég mun koma að síðar.

Fjárhagsráð var á sínum tíma stofnað fyrst og fremst til þess að taka við óánægju, sem ríkisstj. hefði annars orðið fyrir í sambandi við störf sín. Því hefur verið haldið hér fram, að fjárhagsráð hafi farið með mikið vald. Það er rétt, að eftir lögunum um fjárhagsráð hafði það mikið vald, en í reyndinni hafði það ekkert vald *og gerði aldrei neitt annað en* að fara eftir till. og fyrirmælum ríkisstj. Breytingin, sem hér er gerð á með þessu frv., er því sú, að nú skal það ákveðið með lögum, að þessi stofnun ríkisstjórnarinnar, sem er til þess að taka við ýmissi óánægju fyrir ríkisstj., skal nú lögum samkvæmt vera valdalaus og skyldug til þess eins að taka við þessari óánægju. Og það er vitað mál, að þessi stofnun, sem hér er lagt til að verði sett á fót, mun innan fárra ára hafa hlotið þær óvinsældir hjá almenningi, að ríkisstj. neyðist til að breyta um nafn á henni eða gera einhverjar aðrar breytingar, — neyðist sjálf til þess, á sama hátt og nú með fjárhagsráð, að snúast á sveif með almenningi og sparka í þessa stofnun sína, því að það er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur raunverulega gert í sambandi við skrif sín og ræðuhöld um hina lamandi hönd fjárhagsráðs, eins og hæstv. forsrh. kallaði það hér um daginn. — Ég skal svo ekki orðlengja fleira um þetta mál.

Ég gat þess áðan, að í þessu frv. væri eitt nýmæli. Það er í 9. gr. frv., þar sem lagt er til, að farið sé að semja hér þjóðartekjureikninga, þjóðhagsreikninga. Mér þykir mjög vænt um að sjá þetta nýmæli. Ég ræddi nokkuð um þetta hér við 1. umr. fjárlaga, og þó að hæstv. fjmrh. *virtist ekki skilja* það þá, þar sem hann kallaði það, sem ég sagði, heimspekilegar hugleiðingar, þá er sýnilegt, að hæstv. ríkisstj. hefur nú áttað sig á því að nokkru leyti, hvað þetta þýðir og til hverra nota slíkir reikningar gætu orðið. En þó að ég sé ánægður með að sjá það, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið þetta atriði til meðferðar, þá er ég jafnóánægður með það, hvað hún hefur misþyrmt þessu í frv. Í frv. er lagt til, að Framkvæmdabanki Íslands skuli annast þetta hlutverk. Þetta mun nú algert einsdæmi í allri löggjöf, að einhverjum banka sé falið þetta hlutverk. Þar sem þjóðhags- og þjóðartekjureikningar eru samdir, mun það vera gert af stofnunum, sem eru algerlega hliðstæðar við Hagstofu Íslands hér, enda langeðlilegast og langsjálfsagðast, að slík stofnun hafi þetta hlutverk með höndum. Hjá Hagstofu Íslands eru nú þegar ýmis gögn, sem byggja yrði slíka reikninga á, og Hagstofa Íslands hefur allra stofnana *bezta möguleika í þessu þjóðfélagi til* þess að afla sér þeirra gagna, sem á vantar. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera hér fram skriflega brtt. við 9. gr. frv., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Hagstofa Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Hagstofu Íslands allar upplýsingar, sem hún þarfnast vegna þessa hlutverks.“

Vænti ég þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að taka þessa brtt., þó að hún sé skrifleg.

**Forseti (SB):** Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. Hún er bæði of seint fram komin og skrifleg og þarf því tvöfaldra afbrigða við. Jafnframt vil ég leyfa mér að leita afbrigða fyrir brtt. á þskj. 239, 241 og 245, sem einnig eru of seint fram komnar og ekki er getið í dagskrá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 246) og brtt. 239, 241 og 245, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. *Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir góða og* tiltölulega fljóta afgreiðslu á þessu máli, og þær breytingar, sem hún flytur, eru ekki efnislegar breytingar, heldur aðeins orðabreytingar, sem virðast vera sjálfsagðar og til bóta frá því, sem er í frv. Ég vil einnig nefna hér till. á þskj. 231 frá hv. 3. þm. Reykv. (BÓ). Mér virðist hún einnig vera til bóta, það er aðeins orðabreyting við bráðabirgðaákvæði frv. Svo eru hér margar brtt. á þskj. 239, sem ég mun gera nokkuð að umræðuefni, og brtt. frá hv. 9. landsk. á þskj. 241, sem ég mun einnig gera nokkuð að umtalsefni.

Ég vil fyrst vekja athygli á því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, þegar hann talaði um, að þetta frv. væri lítið mál, og hann gaf sér ekki tíma til að minnast á annað í frv. en 8. og 9. gr. og talaði um það hér áðan, að samkvæmt 8. gr. væri ekki um raunverulegt nein nýmæli að ræða eða rýmkun frá því, sem gilt hefði nú í fjárhagsráði undanfarið. Þetta er náttúrlega reginmisskilningur, vegna þess að nú verða menn að sækja um fjárfestingarleyfi fyrir öllu, smáu sem stóru, ef það kostar meira en 10 þús. kr., og þótt nokkuð hafi verið rýmkað síðustu mánuðina og fjárhagsráð verið greiðara á að veita leyfi nú síðustu mánuðina en áður, þá er þetta vitanlega reginmunur, sú framkvæmd hjá *fjárhagsráði nú og það, sem beinlínis er ákveðið* með 8. gr. þessa frv. Hv. þm. talaði um það, að

smáíbúðirnar væru 520 m³, því að það hefði verið þannig, að það hefði verið veitt leyfi fyrir kjallaranum eftir á. Og einn hv. þm. gall hér fram í og spurði, hvort það hefði verið þannig, að kjallarinn hefði verið byggður á eftir risinu, og þá vildi hv. þm. af eðlilegum ástæðum ekkert eiga við að svara því. Það er kunnugt, að smáíbúðirnar eru miklu minni að rúmmáli en 520 m³, þ. e. a. s., ef kjallarinn er ekki reiknaður með, og þessum hv. þm., sem hefur starfað í fjárhagsráði, ætti að vera kunnugt um, að það var rifizt um það, hvort þessir menn, sem voru að byggja smáíbúðirnar, fengju að hafa port á loftinu, til þess að það mætti verða að einhverjum notum, og þeim var bannað það. Þetta er það frjálslyndi, sem hv. 8. landsk. vill hrósa, og hann telur, að þetta frv. ríkisstj., sem rýmkar verulega um fjárfestingarmálin, sé raunverulega ekki til bóta. En ég undrast ekkert, úr því að þessi hv. þm. talar um, að það hafi verið veitt leyfi fyrir kjallaranum eftir á, þótt hann jafnvel telji, að 8. gr. þessa frv. sé ekki rýmkun frá því, sem gilt hefur.

Þá talaði hv. þm. um það, að útihús í sveitum hafi verið raunverulega frjáls síðustu 4 árin, því að það hafi alltaf verið veitt leyfi fyrir þeim. Það er rétt, að fyrir útihúsum í sveitum hefur verið veitt leyfi, en alltaf hafa nú menn orðið að sækja um leyfin, sækja leyfin eða bíða eftir þeim, og mikið erfiði og umstang hefur þetta kostað. Veit ég, að bændur landsins fagna því að vera lausir við þessa skriffinnsku og þau spor, sem þeir áttu vegna haftanna, jafnvel þótt þeir hafi fengið leyfi, og þeir munu áreiðanlega kunna að meta það betur en 8. landsk. þm., vegna þess m. a., að hann veit ekki, hvað það er að standa í þessu að sækja um leyfi, bíða eftir viðtölum, hvort leyfin eru fengin, og standa í öllum þeim snúningum, sem því fylgja.

Hv. 8. landsk. talaði um það, að byggingarnefndir í sveitum ættu að halda áfram, oddvitar ættu að safna skýrslum um þær framkvæmdir, sem kostuðu yfir 40 þús. kr. Þetta er alveg rétt, og það er vegna þess, að ríkisstj. hefur hugsað sér að framkvæma það, sem hv. 8. landsk. þm. var hér áðan að tala um að væri til stórbóta í frv., sem er 9. gr., og hann fagnar að er í frv. Þessi hv. þm. veit eða ætti að vita, að það er ekki unnt að semja þjóðhagsreikninga nema fylgjast með fjárfestingunni, fá að vita, hvað mikið fjármagn er sett í fjárfestingu hverju sinni bæði til sjós og lands, og ákvæðin í 8. gr., að oddvitar og byggingarnefndir fylgist með fjárfestingunni og sendi mánaðarlega skýrslur, eru tilkomin hér m. a. og aðallega vegna þess atriðis.

9. gr. frv. vill hv. þm. breyta og hefur flutt brtt. þar um, en sú breyting er ekki til bóta. Það er eðlilegt, að Framkvæmdabankinn hafi þetta með höndum. Það hefur verið athugað, hvort hagstofan gæti haft þessi störf, en hvort tveggja er, að hagstofan getur ekki tekið þetta að sér nema bæta við sig miklum mannafla og hefur ekki beinlínis aðstöðu til þess, og eins hitt, að eðlilegt er að öllu athuguðu, að Framkvæmdabankinn hafi þetta með höndum, og þess vegna er ráð fyrir því gert í 9. gr.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að segja fleira við hv. 8. landsk. um þetta mál. Hann telur frv. lítið mál. Það er hans skoðun. Hún er byggð á misskilningi og á því, að hann sjálfur hefur ekki kynnzt því persónulega, hvað allur almenningur, sem eitthvað hefur viljað gera í þessu landi undanfarið, hefur þurft að leggja á sig mikið auka- og óþarfaerfiði til þess að fá leyfi hjá fjárhagsráði með því að bíða á biðstofum, skrifa umsóknir og skýrslur og elta þessa menn, sem með völdin hafa farið í fjárhagsráði. Nú er fjárfestingin frjáls, að því leyti sem að almenningi lítur, og íbúð, sem er 520 m³, er engin smáíbúð. Og þið getið hér, hv. þm., setzt niður og reiknað og gert ykkur grein fyrir, hvernig íbúð þetta er. Það er — skulum við segja — hæð að flatarmáli 150 m², 6—7 herbergja íbúð, og auk þess er pláss í kjallara fyrir þvottaherbergi, miðstöð og geymslu. Ef gert væri ráð fyrir, að tveir tækju sig saman og byggðu hús, þá getur húsið þannig verið tvær hæðir og kjallari, 150 m² að flatarmáli. Og hv. 8. landsk. hlýtur að vera það reikningsglöggur að geta reiknað þetta út án þess að spyrja og án þess að fá leiðbeiningu frá mér eða öðrum. Ég fullyrði það, að allur fjöldinn kærir sig ekki um að byggja stærra en þetta.

Hv. 1. landsk. þm. er hér með margar brtt. og hélt nokkuð langa ræðu og fór út í vísindalegar hugleiðingar, sem ekkert er óeðlilegt, þar sem um hagfræðiprófessor er að ræða. Hv. þm. talaði um það, að þetta frv. væri ekkert spor í frelsisátt. Ég held, að ef hann gefur sér tíma til að athuga 8. gr. frv., þá hljóti hann að verða að taka þetta aftur, jafnvel þótt hann sé á annarri skoðun með innflutninginn eða 1. gr. frv., og vísa ég þá til þess, sem ég áðan var að tala um 8. gr. Ég veit, að hv. 1. landsk. leyfir sér ekki að mótmæla, hafi hann hlustað á það, sem ég sagði.

Það var 1. gr. frv., sem hv. 1. landsk. talaði nokkuð mikið um og taldi, að hún boðaði ekkert frelsi í innflutningi, og telur þess vegna nauðsynlegt að flytja brtt. við hana og snúa gr. við, af því að það sé óeðlilegt, eins og hann segir, að ákveða með reglugerð, hvað skuli vera frjálst. Þetta er óeðlilegt frá hans sjónarmiði, en þetta er samt sem áður alveg eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisstj. ákveði með reglugerð hverju sinni, hvaða vörur skuli vera frjálst að flytja til landsins, og hafi það hverju sinni eftir því, sem hægt er af gjaldeyrisástæðum. Nú er það vitað, hver er stefna ríkisstj. í innflutningsmálunum. Stefnan er sú að gera innflutningsverzlunina sem frjálsasta, ef ekki er talið fært að gera hana frjálsa að öllu leyti. Reglugerðin verður þess vegna sniðin eftir því, hvernig gjaldeyrisástandið er.

Hv. þm. var hér áðan að tala um það, að ekki væri unnt að tala um frjálsa verzlun, nema gjaldeyrisyfirfærslurnar væru frjálsar. Hann talaði í sömu andránni um það, að gjaldeyrisástandið væri ekki gott, það væri ekkert betra nú en á sama tíma í fyrra. Ég vil þó benda á, að þessi hv. þm. hlýtur að hafa góða trú á því, að úr rætist, vegna þess að hann flytur brtt. við frv. um það, að allur innflutningur til landsins skuli vera frjáls, en segir þó um leið, að

innflutningur til landsins geti ekki verið frjáls, nema nægilegur gjaldeyrir sé fyrir hendi, og það gleður mig, að hagfræðingurinn, hv. 1. landsk. þm., lítur ekki dekkri augum á ástandið en það, að hann telur nú vera hægt að nema öll höft í burt og ákveða, að innflutningur til landsins skuli vera frjáls, og ég vil segja þessum hv. þm. það, að ekki mun standa á núverandi ríkisstj. að ákveða með reglugerð, að allur innflutningur til landsins skuli vera frjáls, ef gjaldeyrisástandið verður þannig eins og þessi hv. þm. spáir með sínum till. En því miður hefur ríkisstj. litið þannig á, að það væri ekki enn unnt að afnema öll höft, enda þótt stórt spor sé stigið í rétta átt og hafi áður verið stigið í rétta átt af fyrrv. ríkisstj. og af þessari ríkisstj. Með flutningi þessa frv. og með ákvæðum um það, að með reglugerð megi hverju sinni ákveða, hversu mikill hluti af innflutningnum til landsins skuli vera frjáls, er ríkisstjórninni fengið í hendur vald til þess að ákveða þetta og haga gerðum sínum eftir því, hvernig gjaldeyrisástandið er. Hver ríkisstj. hlýtur að vilja hafa slíkt vald, og það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir hana að hafa slíkt vald. Hv. 1. landsk., sem nú vill afnema öll höft, hlýtur að sætta sig við það, að núverandi ríkisstj., sem hefur þá stefnuyfirlýsingu að gera verzlunina frjálsa, strax og unnt er, hlýtur að vera ánægður með það, að svo er nú komið, að ekki þarf nema reglugerð frá hendi ríkisstj. til þess, að innflutningurinn verði að öllu leyti frjáls.

Hv. þm. var að tala um það, hvað hefði verið mikið á frílista 10 fyrstu mánuði þessa árs, hvað mikið á bátalista og hvað mikið hefði verið háð leyfisveitingum. Þessar tölur, sem hann nefndi, munu ekki vera í aðalatriðum réttar, þær eru allónákvæmar.

Það verður ekki hægt að deila á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, að hún hafi ekki gert það, sem í hennar valdi stóð til þess að gera verzlunina frjálsa. Og hv. 1. landsk. staðfesti það hér áðan með því að segja, að gjaldeyrisástandið sé raunverulega ekkert betra núna en það var á sama tíma í fyrra. Fyrrv. ríkisstj. hefur þess vegna farið eins langt og hægt var í því að losa um höftin, og samkvæmt því, sem hv. 1. landsk. sagði hér áðan, eru það 53% af innflutningnum, sem hafa verið á frílista fyrstu 10 mánuði þessa árs, en er miklu meira. Er það vitanlega mikill munur frá því, sem var, á meðan allar vörur voru háðar leyfisveitingum. Og þannig var það a. m. k. á meðan flokksbróðir hv. 1. landsk. hafði stjórnarforustuna í þessu landi. Þá voru höftin í algleymingi, og þá var það fyrir hendi, sem hv. þm. var að lýsa hér áðan, að það var ekki heilbrigt ástand í atvinnumálum, peningamálum og fjármálum. Ég vil ekki segja, að það sé enn algerlega heilbrigt ástand í peningamálum, fjármálum og atvinnumálum. En úr því að það hefur verið kleift að gera meira en helminginn af verzluninni frjálsan, þá leiðir það af sjálfu sér samkvæmt kenningum hv. 1. landsk., að ástandið í peningamálum, fjármálum og atvinnumálum hefur batnað. Og ég vil segja hv. 1. landsk. það, að það er stefna núverandi ríkisstjórnar eins og hinnar fyrrverandi að laga það, sem aflaga fer í atvinnumálum og fjármálum og peningamálum, og stuðla þannig að því, að það verði ekki aðeins rúmlega 60% á frílista af þeim vörum, sem til landsins eru fluttar, heldur megi gera verzlunina algerlega frjálsa. En eigi að síður tel ég ekki að svo komnu fært að samþ. till. þessa þm. á þskj. 239 og ekki ástæðu til þess, vegna þess að núverandi ríkisstj. ætlar að losa af höftin með reglugerð hverju sinni, eftir því sem unnt er. Og það er vitanlega heppilegri og skynsamlegri aðferð heldur en að segja í dag: Verzlunin skal vera frjáls, — jafnvel þótt við hefðum trú á því, að þetta mætti takast.

Í rauninni eru till. á þskj. 239 frá hv. 1. landsk. trausttillögur á núverandi ríkisstj. Og hafi hv. þingmenn hlustað á það, sem ræðumaður sagði hér áðan, að það væru skilyrði til þess, að innflutningurinn væri frjáls, að atvinnuástandið væri heilbrigt, að peningamálin og fjármálin væru heilbrigð, — hafi menn hlustað á það og lesið svo till. þessa hv. þm., þá sjá allir, að þetta eru trausttill., því að þessi hv. þm. gæti ekki flutt till. um afnám allra hafta, nema hann treysti núverandi ríkisstj. til þess að uppfylla þessi grundvallarskilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að innflutningsverzlunin geti verið frjáls. Og það er ákaflega fróðlegt að hlusta á ræðu eins og hjá hv. 1. landsk. Það eru vísindalegar hugleiðingar, eins og vænta má hjá prófessor við Háskóla Íslands. Jafnvel þótt það séu ekki þung fræði, þá getur samt verið dálítið gaman að því, því að það er stundum, sem mönnum virðist hann vera að leggja spurningar fyrir sjálfan sig, en ekki fyrir áheyrendurna, og hann sé að leitast við að svara sjálfum sér, en ekki þeim, sem hann annars hefði verið að spyrja, og sumar af þessum spurningum voru nú þannig, að þær hefðu passað í gagnfræðaskóla frekar en hér í þingsölunum. Ég nefni gagnfræðaskóla, af því að þessi sami hv. þm. var að tala um gagnfræðaskóla hér í fyrradag í sambandi við viðræður, sem hann átti við hv. 8. landsk. þm.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að fara fleiri orðum um till. hv. þm. Ég vil þó minna á, að hann var áðan að tala hér um, að það væri æskilegt, að einstaklingar og allur almenningur í þessu landi ættu þess kost að gera pantanir eftir vörulistum og fara þannig fram hjá kaupmönnum og kaupfélögum í þessu landi, og þetta gæti orðið aðhald, þetta gæti skapað meiri samkeppni og orðið aðhald og gert ýmsum hægara fyrir. En ég vil benda á, að það er þó eitt, sem mælir gegn því, að þessi háttur verði á hafður, og það er sérstaklega það, að þessir vörulistar, sem eru sendir hingað til athugunar fyrir einstaklinga til að panta eftir, eru frá smásöluverzlunum, og það er alls ekki um heildsöluverð að ræða á þessum verðlistum, heldur smásöluverð. Og ég vil aðeins benda á það, að ég býst við, að gjaldeyrir þjóðarinnar drýgðist ekki með því, að farið væri að innleiða slíka verzlunarhætti, að gefa öllum almenningi kost á því að kaupa vörur beint erlendis frá á smásöluverði. Það hefur verið bent

á, að það væru ekki drýgindi á gjaldeyri, þegar sjómenn fara í verzlanir í hafnarborgum og kaupa á smásöluverði. Og það er alveg rétt, það eru ekki drýgindi á gjaldeyri. Það er þess vegna mjög hættulegt og vafasamt fyrir hagfræðiprófessorinn að vera með till. í þessa átt.

Um útflutninginn, sem þessi hv. þm. er með og eins hv. 9. landsk., vil ég segja það, að fyrirkomulagið á útflutningnum nú er eins og framleiðendur og útflytjendurnir sjálfir vilja hafa það. Þeir hafa sjálfir með sínum samþykktum kosið þetta skipulag, og það hefur reynzt vel, og í landi okkar, sem vegsamar lýðræðið, getur nú verið, að það þætti dálitið hart að fara að grípa þannig fram fyrir hendurnar á framleiðendum og skipa þeim að hafa annað fyrirkomulag á þessu heldur en þeir sjálfir kjósa. Ég býst við, að bæði bændur og verkamenn mundu líta það óhýru auga, ef löggjafinn vildi fara að grípa inn í um það, hvernig fyrirkomulag ætti að vera á verkalýðsfélögunum og hvernig fyrirkomulag ætti að vera á búnaðarfélögunum og bændasamtökunum. Það hefur verið haft þannig í þessum greinum, að það hefur verið tekið tillit til óska aðilanna sjálfra í þessum efnum, og löggjafinn hefur látið þessi samtök vera í friði. Það er ekki ástæða til þess að grípa þar inn í af löggjafans hendi, nema komið hafi í ljós, að það sé þjóðhagsleg nauðsyn, en um það er ekki að ræða í þessu tilfelli.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Þegar lögin um fjárhagsráð voru til meðferðar hér í þessari hv. d., á þinginu 1947, flutti ég margar ræður til að andmæla þeim og flutti brtt., sem voru ekki samþ. Ég sýndi fram á, að öll þau gylliloforð um allsherjar hagsbætur þjóðinni til handa, er framkvæmd þessarar löggjafar mundi hafa í för með sér, væru skrum eitt, sem aldrei yrði í samræmi við veruleikann. Þvert á móti mundi illt eitt af þessari löggjöf leiða, eins og alltaf áður hefði orðið af verzlunarhöftum og öðrum böndum á framtaki einstaklinganna, — að allur áætlunarbúskapur mundi fara út um þúfur og verða fjötur um fót, en ekkert bjargræði og hvergi til happa. Nú hafa þessi lög gilt í nærri sjö ár, og helztu formælendur þeirra eru fyrir löngu hættir að hrósa þeirri dýrð og dásemd, sem þau hafi haft í för með sér. Þjóðin hefur líka fengið á því að kenna, hvað það er, sem þessi mestu haftalög, sem sett hafa verið á Alþ., eru og hver áhrif þau hafa haft á viðskipti og framkvæmdir í landinu. Hygg ég það eigi ofmælt, að engin lög séu eða hafi verið jafnóvinsæl meðal almennings. En framkvæmd þeirra hefur kostað 3—4 millj. kr. á ári hverju, og hefur sú upphæð verið lögð á þann varning, sem fólkið þarf að kaupa, og þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið, í viðbót við alla aðra tolla og skatta. Er eitt dæmi þess, hvernig sá kostnaður leggst á, að eitt stærsta nytjafyrirtæki, sem hér hefur verið stofnað til, Sogsvirkjunin nýja, hefur þurft að greiða heila millj. kr. í þessa hít. Í allri þeirri gremju, sem soðið hefur í landsfólkinu út af þessari löggjöf, hefur það tíðkazt meira en góðu hófi gegnir að færa þungar sakir á hendur þeirra manna, sem fyrir framkvæmdinni hafa staðið. Má að vísu segja, að enginn þeirra hefði þurft að taka að sér svo óvinsælt starf, en að öðru leyti held ég, að miklu fremur megi þakka mörgum þessum mönnum fyrir að hafa ekki framkvæmt þessi þrautvitlausu lög á miklu verri hátt en þeir hafa gert. Ég segi þetta vegna þess, að ef lögin hefðu verið framkvæmd eftir því, sem orðanna hljóðan er í greinum þeirra, þá væri margt á annan veg og hálfu verra en er í okkar landi. Öll óþægindin, tafirnar, kostnaðurinn og reiði almennings, sem þessi lög hafa haft í för með sér, á að mínu áliti aðallega rót að rekja til laganna sjálfra, en minna til þeirra manna, sem með þau hafa farið. Skipulagið er fráleitt og gat aldrei tekizt nema illa. Því fer að vísu fjarri, að ég sé ánægður yfir því, að sú megna ótrú, sem ég fékk á þessum lögum í byrjun, skuli hafa komið svo átakanlega fram. Þvert á móti hefði ég glaðzt yfir því, almennings vegna, ef betur hefði tekizt.

Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 175, er til þess ætlað, að margar þær breytingar, sem verða skuli á viðskiptamálum okkar lands, verði til bóta. Þetta frv. hefur einn höfuðkost í hinni síðustu grein, og hann er sá, að lögin um fjárhagsráð skuli úr gildi felld. Hefur það það í för með sér, ef samþ. verður, að mikið af skruminu og mestu vitleysunum verður ekki lengur í lögum. Í 8. gr. þessa frv. eru og talsverðar endurbætur frá því, sem er og verið hefur, með stórum auknu frelsi til athafna. En í þessu frv. eru líka ýmis atriði, sem mér líkar ekki, svo sem það, að enn eigi haftastofnun að halda áfram. Það var því næst mínu skapi að flytja brtt. um þau atriði til þess að marka stefnu mína í samræmi við fyrri afstöðu og óbreytta sannfæringu. En ég hef nú horfið frá þessu, af því að ég hef fengið vissu um, að ekki er nein von til að fá samþ. verulegar breytingar til bóta með afnámi á þeim kostnaði og höftum, sem sýnilega á að halda áfram. Ég viðurkenni líka þann eðlilega sannleika, að ekki er mikil von til að fá því til vegar komið, að þýðingarmesta lífæð okkar fjármála, verzlunin, fái að renna frjálsa farvegi, meðan höfuðformælendur haftastefnunnar hér á landi hafa svo sterk völd sem þeir hafa nú. Þess vegna verðum við, sem teljum frjálsa verzlun frumatriði heilbrigðra fjármála, að sætta okkur við þau ógeðfelldu úrræði, að af tvennu illu beri þó að taka skárri kostinn. Sá hinn verri er í þessu falli það að láta fjárhagsráðslögin með öllum sínum göllum gilda enn um skeið.

Um þetta frv. vil ég að öðru leyti segja það, að miklu skiptir, hvernig það er framkvæmt, m. a. hvernig sú reglugerð verður, sem gert er ráð fyrir í 1. gr., og hvernig hún verður framkvæmd. Ekki sízt skiptir það miklu, að það verði vitrir menn og heiðarlegir, sem til þess verða valdir að stjórna þeim leyfum og bönnum, sem ætlazt er til að haldi áfram. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. hefur góðan vilja á að gera sitt bezta í þessu efni, og í trausti þess, að honum geti tekizt að halda þannig á þessum málum, að almenningur í landinu geti sæmilega við unað,

vil ég með tilliti til þess, sem ég hef hér sagt, og þrátt fyrir allt fylgja þessu frv. án mikilla breytinga. Þess vegna hef ég skrifað undir nál. meiri hl. hv. fjhn.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Það þingmál, sem hér liggur fyrir, er frv. til l. um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. Í 15. gr. þess segir, að þau lög, sem nú gilda um þessi efni, það er l. nr. 70 frá 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, skuli falla úr gildi, um leið og þetta nýja frv., ef það verður gert að lögum, kemur til framkvæmda.

Það er því rétt af þingmönnum að gera sér ljóst að hverju leyti ákvæði þessa frv. eru frábrugðin þeim lögum, sem nú gilda, þ. e. lögunum um fjárhagsráð. Ég vil nefna hér fyrst eftirlit með byggingum og öðrum slíkum framkvæmdum og takmarkanir í þeim efnum. Samkvæmt reglugerð um fjárhagsráð, sem út var gefin 1947 og enn gildir, eftir því sem ég bezt veit, er heimilt án fjárfestingarleyfis að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kosta yfir 10 þús. kr., að byggja íbúðarhús til eigin afnota, þó ekki yfir 350 $m^3$ að stærð, ef eigandi vinnur sjálfur með skylduliði sínu að byggingunni að mestu leyti, og að byggja verbúðir eða útihús á jörðum, sem eigi kosta yfir 50 þús. kr. í efni og vinnu. Í frv., sem hér liggur fyrir, segir, að frjálst skuli að byggja íbúðir allt að 520 $m^3$ að stærð, einnig að byggja útihús á sveitabýlum og verbúðir og veiðarfærageymslur á útgerðarstöðum. Þá segir og, að aðrar framkvæmdir, er eigi kosta samtals yfir 40 þús. kr., skuli heimilar án fjárfestingarleyfa. Við samanburð sést, að samkvæmt frv. á að veita heimild til nokkru stærri framkvæmda án fjárfestingarleyfa en leyfilegar eru samkvæmt reglugerðinni, er nú gildir. En vafasamt má telja, að þörf sé nýrra laga til þess að gera slíka breytingu. Ég hygg og tel reyndar fullvíst, að eins hefði mátt breyta reglugerðinni um fjárhagsráð og ákveða á þann hátt þau stærðartakmörk framkvæmda, sem eru í 8. gr. þessa frv.

Það er vitanlega æskilegt, að menn hafi frelsi til að ráðast í byggingu húsa eða aðrar framkvæmdir, sem þeir telja sér nauðsynlegar eða til hagsbóta. En þó að slíkt frelsi sé lögleitt, eins og lagt er til í þessu frv. innan vissra takmarka, er langt frá því, að vandinn sé þar með leystur. Fleira þarf til slíkra hluta. Til þess að reisa hús þarf til dæmis land eða lóð undir það. Víðast hér á landi er það ekkert vandamál. En í höfuðborginni, Reykjavík, þar sem flestir vilja byggja, hefur verið miklum erfiðleikum bundið fyrir menn að fá byggingarlóðir. Til þess að byggja þarf líka peninga. Flestir þeir, sem þurfa að byggja hús, geta ekki komið því fram, nema þeir fái lánsfé að meira eða minna leyti til greiðslu á kostnaði, en þrátt fyrir allmikla fyrirgreiðslu ríkisstj. í því efni síðustu árin hefur vantað mjög mikið á, að eftirspurn lánsfjár vegna bygginga hafi verið fullnægt. Hætt er við, að svo verði einnig fyrst um sinn, þrátt fyrir vilja og viðleitni ríkisstj. til að greiða fyrir mönnum í því efni. Byggingarefni þarf líka að vera fáanlegt, svo að mögulegt sé að byggja. Enn þarf innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir helztu efnivörum til bygginga, og sá innflutningur er ekki gefinn frjáls með þessu frv. Að svo stöddu er ekkert hægt að fullyrða um það, hvort hægt verður að kaupa til landsins á næstu missirum allt það efni, sem þörf er fyrir til þeirra bygginga, sem mönnum er heimilt eða þeir fá leyfi til að reisa. Það fer auðvitað eftir gjaldeyrisástæðunum á hverjum tíma. Ef svo fer, að ekki verður hægt að flytja inn svo mikið af byggingarefnum, að eftirspurninni verði fullnægt, tel ég, að ekki megi láta afskiptalaust og tilviljun eina ráða, hverjir ná í byggingarefni og hverjir verða þar út undan. Ég vil í þessu sambandi t. d. nefna byggingu íbúðarhúsa. Þeim, sem byggja íbúðarhús, má skipta í tvo flokka: Í öðrum flokknum eru þeir, sem byggja hús aðeins til eigin nota, en í hinum flokknum þeir, sem byggja hús í því skyni að selja þau eða leigja öðrum og hafa af því fjárhagslegan hagnað. Sé skortur á byggingarefni, tel ég það skyldu ríkisstj. og vil ég leggja áherzlu á, að það sé skylda hennar að gera ráðstafanir til þess, að þeir, sem þurfa að byggja hús til eigin nota og hafa fé til þess, hafi forgangsrétt að byggingarefni til íbúðarhúsa, en hinir, sem eiga íbúðarhús fyrir sig og sitt skyldulið, en vilja byggja hús í gróðaskyni, séu látnir sitja á hakanum.

Búast má við því, að ýmsir erfiðleikar verði á vegi þeirra, sem vilja ráðast í húsabyggingar og aðrar slíkar framkvæmdir hér eftir eins og áður, og ekki verður um það sagt með nokkurri vissu, hvort þær framkvæmdir verða auðveldari eftirleiðis en þær eru nú, þó að þetta frv. verði gert að lögum. Enginn veit fyrir fram, hvernig tímar fara í hönd.

Ég vil þá með nokkrum orðum víkja að þáttum frv. um innflutnings- og gjaldeyrismál. Engar breytingar eru þar á þeim ákvæðum, sem nú gilda um þau mál að efni til. Samkvæmt 1. gr. frv. fer það eftir ákvörðunum ríkisstj. á hverjum tíma, hvaða vörur er heimilt að flytja til landsins og hvaða greiðslur í erlendum gjaldeyri má inna af höndum án innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, en það er engin þörf nýrrar lagasetningar til þess að ákveða þetta. Á grundvelli fjárhagsráðslaganna, sem nú gilda, hafa verið gefnir út frílistar og reglur um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, sem stundum er nefnt bátalisti. Breytingar hafa verið gerðar á þessum vörulistum eftir því, sem viðskipta- og gjaldeyrisástæðurnar hafa gefið tilefni, og það væri líka hægt að gera hér eftir án þess, að nokkur lagabreyting ætti sér stað. Að vísu er það svo, að samkvæmt fjárhagsráðslögunum á fjárhagsráð að forminu til að gefa út auglýsingar um frílistann, en þó í samráði eða með samþykki ríkisstj., og vitanlega hefur ríkisstj. komið eða getað komið fram hverjum þeim breytingum á frílistanum, sem hún hefur talið fært og óskað að gera. Ákvæði frv. um gjaldeyrisverzlunina, einkarétt tveggja banka til þeirra viðskipta og önnur fyrirmæli þar um, eru nákvæmlega þau sömu að efni til og nú eru í lögunum um fjárhagsráð.

Við athugun á ákvæðum frv. um innflutnings- og gjaldeyrismál kemur það greinilega í ljós, að frv., þó að lögum verði, markar engin þáttaskil í okkar viðskiptasögu, með því er ekkert skref stigið í áttina til meira verzlunarfrelsis. Það skiptir vitanlega engu máli, hvort reglugerð hæstv. ríkisstj. um innflutninginn, þar sem ákveðið er, hvaða vörutegundir séu á frílista, er sett samkv. lögunum um fjárhagsráð, sem nú gilda, eða samkv. þeim væntanlegu lögum, sem verið er að leggja drög að með þessu frv. Hvort tveggja, þ. e. a. s. núgildandi lög og þau væntanlegu, er jafnvel nothæfur grundvöllur til að byggja slíka reglugerð á.

Ég tel tvímælalaust æskilegast fyrir þjóðina, að hún búi við sem mest frelsi og helzt fullt frelsi á viðskiptasviðinu, en viss skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess, að um ótakmarkað frjálsræði í þeim efnum geti verið að ræða. Það er rétt, sem áður hefur verið nefnt í ræðum um þetta mál, að aukin framleiðsla er hér undirstöðuatriði, en auk þess þarf, eins og líka hefur verið nefnt, jafnvægi í fjárhags- og peningamálum og greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Án þeirrar stefnubreytingar í fjármálastjórn ríkisins, sem varð með komu nýrrar ríkisstj. 1950, hefði ekki verið mögulegt að slaka á verzlunarhöftunum, eins og gert hefur verið 2 síðustu árin. Hafi verið mörkuð einhver tímamót í þessum efnum, þá má nú segja, að þau hafi verið þá, en ekki nú. Ég veit ekki, og sennilega veit enginn það, hvort innan skamms verður slakað á verzlunar- og gjaldeyrishöftunum meira en búið er að gera, — gott að taka því, ef svo verður. Það fer eftir því, hvort viðskipta- og gjaldeyrisástæðurnar verða þannig, að hæstv. ríkisstj. sjái sér þetta fært, en það segir sig sjálft, að hvort við fáum aukið verzlunarfrelsi eða ekki, er alveg óháð því, hvort þetta frv. verður samþ. eða núgildandi lög látin gilda áfram.

Ég hef áður bent á, að þá rýmkun á svonefndum fjárfestingarhömlum, sem ráðgerð er í þessu frv., hefði sennilega og reyndar vafalaust eins mátt gera með breytingu á reglugerð, sem nú gildir og sett var samkv. lögunum um fjárhagsráð.

En hvaða efnisleg nýmæli hefur þá þetta frv. að geyma? Ég tel ekki umtalsvert, þótt stofnunin, sem á að fara með viðskiptamálin samkvæmt frv., eigi að heita innflutningsskrifstofa, en hin, sem nú er uppi, nefnist fjárhagsráð. Mér finnst að vísu nýja nafnið lágkúrulegra en hið eldra, en þó megi láta þetta afskiptalaust. En annað er ástæða til að nefna. Í fjárhagsráðslögunum er ákveðið, að í fjárhagsráði skuli vera 5 menn, en arftaki þess, innflutningsskrifstofan, á ekki að hafa nema 2 stjórnendur. Til þess að koma fram þeirri fækkun stjórnenda þarf breytingu á lögum. Það er gott, ef unnt er að minnka mannahald og kostnað við rekstur þessarar stofnunar, en engu skal ég um það spá, hvort það tekst, þó að stjórnendum verði fækkað. Engar áætlanir liggja fyrir um kostnaðinn framvegis, enda stundum vart að treysta áætlunum, þótt til séu. Reynslan ein fær úr því skorið, hvort starfsmannahaldið í heild og kostnaðurinn við framkvæmd þessara mála minnkar eitthvað.

Samkvæmt lögunum um fjárhagsráð átti það að semja áætlanir um framkvæmdir og einnig áætlun um útflutning og innflutning hvers árs. En eftir þessu frv. á Framkvæmdabankinn að semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Ekki er óliklegt, að kostnaður við rekstur Framkvæmdabankans aukist nokkuð vegna þess verkefnis, sem honum er hér falið, og kemur það þá til frádráttar þeirri lækkun, sem verða kynni á kostnaði innflutningsskrifstofunnar.

Samkvæmt 8. gr. frv. á að fela byggingarnefndum í kaupstöðum og kauptúnum og oddvitum í sveitum eftirlit með nýjum framkvæmdum, sem fjárhagsráð hefur haft a. m. k. að nokkru leyti að undanförnu. Ekki er mér kunnugt, hvort til þess er ætlazt, að þeir aðilar annist þetta án þess að fá borgun fyrir eða hvort innflutningsskrifstofan þarf að greiða þeim einhverja þóknun fyrir eftirlitsstarfið.

Viðskipta- og gjaldeyrismálin eru þýðingarmikil, og það varðar miklu fyrir þjóðina, hvernig ástæður eru í þeim efnum á hverjum tíma. En frv., sem hér er verið að ræða, hefur fátt nýtt að flytja og er þannig langt frá því að vera stórt mál. Það er frekar eitt af þeim minni háttar hér á þingi. En úr því að hæstv. ríkisstj. óskar fremur að fá þetta frv. samþ. heldur en að byggja ráðstafanir sínar í viðskiptamálum á þeim lögum, er nú gilda, þá tel ég vel hægt að fallast á það. Og því er ég einn af þeim, sem hafa gefið út meirihlutaálit fjhn. og mælt þar með því, að frv. verði samþykkt.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég hef flutt hér nokkrar brtt. við þetta frv., sem frammi liggur, ýmist einn eða með hv. 11. landsk. þm., og áður en ég geri grein fyrir þeim, vil ég aðeins fagna því, að fram hefur komið hér í ræðum beggja hv. þm. Húnv., að þeir sjái ekki, að þetta frv. sé nein frelsisskrá íslenzkra verzlunarhátta, eins og sumir af hæstv. ráðherrum, einkum forsrh. og reyndar líka hæstv. viðskmrh., hafa viljað vera láta.

Ég lýsti því hér við 1. umr. málsins, að ég hafði ekki komið auga á það, að í frv. væru nein þau ákvæði, sem líkleg væru til þess að auka frelsi manna að nokkrum mun til framkvæmda eða verzlunar á þessu landi, að undanskilinni 1. málsgr. 8. gr. frv., þar sem segir, að frjálst skuli vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar sé allt að 520 m³. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég álít enn þá, að þarna sé um að ræða framför, og fagna þessu atriði. — Í sambandi við ummæli hv. 8. landsk. þm., þar sem hann taldi sig þurfa að leiðrétta ummæli stjórnarandstæðinga, og þá væntanlega mín líka, um, að hér væri nokkurt frelsi í fólgið eða nokkur framför, þá vil ég taka fram, að ég tel ekki, að það sé nein ástæða til þess að leiðrétta það, sem ég hef áður sagt um þetta mál. Ég hef ábyggilega nóg að skamma hæstv. ríkisstj. fyrir, þótt ég viðurkenni það, sem miðar í áttina hjá henni. Þetta eru framfarir.

Eins og hv. þm. V-Húnv. tók hér fram áðan, þá voru í gildi og eru í gildi reglur um, að íbúðarhús er ekki frjálst að byggja stærri en 350 m³, eins og er, jafnvel þó að einhverjar undanþágur hafi verið gefnar um kjallara, eins og hv. 8. landsk. þm. vildi vera láta, en mér er ekki kunnugt um að séu veruleg brögð að, þá er það þó a. m. k. nokkur réttindabót, að menn fá þó að ráða því, hvort þeir byggja ofan jarðar eða neðan.

Hins vegar skal ég taka fram, að ég álít það einn höfuðgalla á þessu frv., að það tekur eingöngu til innflutningsverzlunarinnar, en ekki til útflutningsverzlunarinnar, og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 241 brtt. um það, að útflutningurinn skuli fá hliðstætt frelsi því, sem talað er um að innflutningurinn eigi að fá hér í 1. gr. frv., þ. e. a. s., að útflutningur á íslenzkum framleiðsluvörum skuli vera frjáls innan þeirra takmarka, sem ríkisstj. setur með reglugerð hverju sinni til tryggingar því, að milliríkjasamningar um afurðasölu verði haldnir, og einnig að ríkisstj. geti gefið út ákvæði um lágmarksverð á íslenzkum afurðum til þess að fyrirbyggja, að um samkeppni verði að ræða í því að bjóða niður afurðaverð Íslendinga á erlendum markaði.

Hæstv. viðskmrh. taldi hér í ræðu sinni áðan, að útflutningi Íslendinga væri nú hagað í samræmi við óskir framleiðendanna og þar af leiðandi væri ekki þörf á að breyta neinu um þær reglur, sem nú gilda í þeim efnum. Þessu vil ég fyrir mitt leyti mótmæla. Það er að vísu alveg rétt, að útflutningnum er hagað í samræmi við vilja og álit ráðamannanna í Sambandi ísl. fiskframleiðenda og öðrum álíka samböndum, en ráðamennirnir í þessum samböndum eru einmitt sérstakir vildarvinir hæstv. ríkisstj., og þó að það sé þeirra álit, að útflutningi Íslendinga sé hagað upp á beztan máta, eins og er, þá er það ekki álit hinna almennu framleiðenda í landinu. Að því er snertir sjávarafurðir, þá vil ég minna hæstv. viðskmrh. á það, að samkvæmt þeirri almennu hlutaskiptingu, sem í landinu gildir um sjávarafla, a. m. k. á vélskipum, þá eru íslenzku sjómennirnir eigendur og í samræmi við það framleiðendur að þriðjungi af fiskaflanum. Þeir hafa hins vegar ekki nokkur minnstu réttindi í þeim samtökum, sem annast útflutning íslenzkra sjávarafurða með einkaleyfi ríkisstj., eins og málum er háttað. En setjum nú svo, að ráðherrann hefði sagt alveg satt, þegar hann sagði það, að útflutningnum væri hagað í samræmi við óskir framleiðenda, eins og nú er háttað málum, þá sé ég nú ekki, að það gæti neinu spillt, þó að till. mín á þskj. 241 við 1. gr. þessa frv. yrði samþ. Þar er aðeins sagt, að útflutningurinn skuli vera frjáls. Ef hann er í samræmi við það, sem framleiðendurnir, smáir og stórir, óska eftir, þá verður auðvitað engin breyting á þessu. En sé það hins vegar rangt, sem ráðherrann segir, — og ég leyfi mér eindregið að halda því fram, — þá má vænta nokkurra breytinga á útflutningnum, og ef hæstv. ríkisstj. meinar eitthvað með því tali sínu um frelsi, sem hún hefur viðhaft hér í sambandi við flutning þessa frv., þá held ég, að hún gæti einmitt þjónað þeirri frelsishugsjón sinni með því að samþ. þá brtt., sem ég hef hér lagt fram.

Þá skal ég geta þess, að við 8. gr. frv. hef ég gert brtt., sem fer í þá átt, að þrjár síðustu málsgr. 8. gr. falli niður, en það eru málsgr., sem kveða svo á, að byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og oddvitar í sveitum skuli taka upp eftirlit fyrir stjórnarvöldin og fylgjast með því, hverjar byggingarframkvæmdir séu á þeirra umráðasvæði. Ég tel, að þetta sé ekki í samræmi við það, sem eðlilegast væri. Ríkisvaldið heldur sjálft uppi dómgæzlu, lögregluþjónustu og opinberu eftirliti í hvívetna, sem samkvæmt því frv., sem hér liggur frammi til fjárl., er reiknað með að muni kosta á næsta ári 28½ millj. kr., þ. e. a. s. nálægt því 200 kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu. Með þessu kerfi álít ég að ríkisstj. eigi að geta haft eftirlit með þessu. Sveitarstjórnir og bæjarstjórnir eru kosnar fyrst og fremst til þess að vera fulltrúar fólksins í viðkomandi byggðarlögum, ekki sízt gegn ríkisvaldinu, og vaka yfir hag fólksins. Ríkið hefur ekki fyrr, svo að ég viti, litið á bæjarstjórnir og byggingarnefndir né oddvita í sveitum sem lögreglumenn, og þess vegna er alveg rangt að leggja eftirlitið á herðar þessara aðila. Þess vegna hef ég lagt til í minum brtt., að þessi hluti 8. gr. verði felldur niður, og ég verð þá jafnframt að mælast til þess við hæstv. forseta, þegar gr. kemur til atkv., að hún verði borin upp í tvennu lagi. Ég fyrir mitt leyti get með mikilli ánægju greitt 1. málsgr. hennar atkv., en er mjög andvígur þrem þeim síðustu.

Ég hef einnig lagt til, að 9. gr. þessa frv. verði felld niður. Það er greinin, sem felur Framkvæmdabanka Íslands að hafa eftirlit með fjárfestingunni. Ég hef áður lýst því yfir, að það er mín skoðun, að Framkvæmdabanki Íslands sé fyrst og fremst amerísk stofnun, sem komið er á fót fyrir erlend tilmæli, og það eigi ekkert skylt við íslenzk málefni að fela þeirri stofnun eftirlit með því máli, sem hér um ræðir.

Þá hef ég að lokum á þskj. 241 lagt til, að gjald það, sem talað er um í 12. gr. frv., verði einungis ½% í staðinn fyrir, að þar er það ákveðið 1%. Þetta er gjald, sem á að innheimta af innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Í lögunum um fjárhagsráð er gjald þetta ákveðið ½%, og það miðar a. m. k. ekki í frelsisátt að hækka það. Mér er kunnugt um, að með lögunum um söluskatt er gert ráð fyrir því, að þetta gjald sé tvöfaldað, þannig að í reyndinni er það 1%, eins og nú standa sakir. En í þessu sambandi vil ég benda á það, að lögin um söluskattinn, sem tvöfalda þetta gjald, eru aðeins tímabundin til árs í senn, og með því að samþ. þessa frvgr. eins og hún liggur hér fyrir, mundi því vera slegið föstu, að gjaldið ætti varanlega að hækka þannig, að það tvöfaldist. Þess vegna legg ég til, að gjaldið verði eins og í fjárhagsráðslögunum ekki ákveðið hærra en ½%.

Ég vil geta þess einnig, að ég ásamt hv. 11. landsk. þm. flyt hér brtt. við 8. gr. til þess að auka þau ákvæði, sem heimila byggingarframkvæmdir án sérstakra leyfa. Sú brtt. okkar er á þskj. 186 og fer í þá átt, að auk þeirra ákvæða,

sem talin eru í 8. gr., verði einnig frjálst að byggja fiskgeymsluhús og fiskverkunarhús og aðrar nauðsynlegar byggingar í sambandi við sjávarútveginn án sérstakra leyfa. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi ekkert við þessa brtt. að athuga, og geti fallizt á samþykkt hennar. Í frvgr. er nú reyndar talað um, að veiðarfærageymslur og verbúðir skuli vera undanþegnar því að þurfa sérstaks leyfis, en það eru einmitt ekki fyrst og fremst þess háttar hús, sem sjávarútveginn vanhagar mest um núna, heldur fiskgeymsluhús, ekki sízt í sambandi við hina nýtilkomnu skreiðarverkun, sem virðist ryðja sér óðfluga til rúms. Fyrir skreiðina eru sáralítil og á sumum stöðum alls engin geymsluhús til, og liggur þess vegna beint fyrir, að þau hús verður að byggja á næstunni. Ég tel því í alla staði eðlilegt, að þessu verði bætt við gr., sem hér er lagt til á þskj. 186.

**Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Þeir þm. A-Húnv. og V-Húnv. hafa haldið hvor sína ræðuna í þessu máli, sem eru með nokkuð gagnstæðum blæ. Hv. þm. A-Húnv. lýsti mjög eindregnum fögnuði sínum yfir því, að með því frv., sem hér liggur fyrir, skyldu vera numin úr gildi lögin um fjárhagsráð. Hins vegar leyndi það sér ekki, að töluverður harmur var í huga þm. V-Húnv. yfir því, að þessi lagabálkur skyldi nú þurfa að falla fyrir ætternisstapa. Eru þeir í þessu máli mjög á öndverðum meiði, eins og reyndar í mörgum öðrum, þessir þm. Húnv.

Ég verð nú að segja það og taka undir með hv. þm. A-Húnv., að það skiptir ákaflega miklu máli um það, hvað mikla þýðingu þetta frv. og væntanleg löggjöf kann að hafa, hvernig framkvæmdin reynist. Get ég ekki stillt mig um að segja það, að ég mundi ekki vera sérstaklega vonglaður um framkvæmdina, ef hv. meðnm. minn, þm. V-Húnv., væri núna viðskmrh., eftir þá ræðu, sem hann flutti. Hann vék að því, sem hér hefur verið talað um tímamót í þessu máli, þ. e. a. s. tímamót aukins verzlunarfrelsis, sem sumir vilja binda við þetta frv. Hann taldi, að það bæri þá fremur að tengja þau við stjórnarmyndunina 1950 og það verzlunarfrelsi, sem þá ávannst í tíð stjórnar Steingríms Steinþórssonar. Ég álít, að þessi ágreiningur skipti nú ekki miklu máli, en vil minna á, að það var minnihlutastjórn Sjálfstfl., sem tók við völdum 1949, sem lagði fram hér í þinginu viðreisnartill. í efnahagsmálum þjóðarinnar með frv. um gengisbreytingu o. fl., og það var í því frv., sem lagður var grundvöllurinn að auknu verzlunarfrelsi í landinu. Framsfl. vann sér að vísu það til frægðar að samþykkja vantraust á minnihlutastjórnina, en stofnaði síðan, eins og kunnugt er, til samvinnu við Sjálfstfl. um stjórnarstefnu, sem í öllum aðalatriðum grundvallaðist á þeirri stjórnarstefnu, sem minnihlutastjórn Sjálfstfl. hafði markað með gengisbreytingarlögunum. Það eru kannske langmerkustu tímamótin í stjórnmálum síðari ára, sú stjórnarmyndun, þegar Sjálfstfl. tókst að fá Framsfl. til samstarfs um grundvallarstefnubreytingu í verzlunarmálunum. Síðan ber báðum flokkunum að þakka jafnt það, sem áunnizt hefur.

Í raun og veru má segja, að sumir hv. þm. Framsfl. hafi frá eldri tíma verið í eins konar álagaham í verzlunarmálunum. Einn af þeim, sem vitað er að langlengst hafa gengið í haftastefnuáttina, er einmitt hv. þm. V-Húnv. Ég álít, að eftir að mynduð var samvinnustjórn sjálfstæðismanna og framsóknarmanna undir forsæti Steingríms Steinþórssonar 1950, hafi nú tekizt að ná þessum hv. þm. úr álagahaminum og það sé í raun og veru ekkert annað eftir fyrir hann en að brenna nú þennan álagaham, svo að hann eigi ekki á hættu að vera að skjótast í hann við og við, því að það verður honum ekki til neinnar sæmdar, úr því sem komið er, — og sannaðist reyndar í ræðu hans nú.

Það er kannske markverðast við flutning þessa frumvarps hér í þinginu að öðru leyti, að hér koma þm. upp hver á fætur öðrum til þess að lýsa því yfir, hvað þeir séu einlægir stuðningsmenn aukins frelsis í verzlun og viðskiptum. Þetta er alveg nýr tónn, sem kveður við hér í sölum Alþ., og ber vissulega að fagna honum. Menn deila helzt um það, hvort gengið sé nógu langt í frelsisáttina með þessu frv. Sumir segja, að það eigi að fara miklu lengra, jafnvel þeir menn, sem eru að stefnu til þekktir að því fram að þessu að hafa verið haftastefnumenn. T. d. talar hér hv. 1. landsk., sem samkvæmt sinni sósialistisku kennisetningu er einn af haftastefnupostulum þessa þjóðfélags, og er þar alveg í samræmi við stefnu flokksins, enda hefur flokkur hans og hann á undanförnum árum haugað upp heilum bunka af málum, þar sem haftastefnan er innsigluð í málflutningi þeirra. En þegar hér er stefnt að því með þessu frv., eins og stjórnin hefur lýst yfir, að auka verzlunarfrelsið, segir þessi hv. þm., 1. landsk.: Það er ekki farið nógu langt. Þetta er ekki nægilegt frelsi, — og leggur til í brtt., að það verði lögákveðið algert verzlunarfrelsi hér. Ég verð nú að taka undir með hæstv. viðskmrh., að þetta er mikil traustsyfirlýsing til núv. ríkisstj. og lýsir því, að þessi hv. þm. bindur miklar vonir við afrek og ágæti þessarar stjórnar.

Þegar hins vegar er deilt um það, eins og hjá þessum þm., hv. 1. landsk., að undanförnum tveim stjórnum hafi alls ekkert orðið ágengt til þess að auka verzlunarfrelsið á undanförnum árum, þá er auðvitað reynslan ólygnust í þessum efnum. Menn eru mjög gleymnir, ef þeir átta sig ekki á þeim gífurlega róttæka mun, sem orðinn er í þessum málum frá því, að stjórn Stefáns Jóhanns lét af völdum. Þá var hér allt í höftum og bönnum í samræmi við gildandi lög um fjárhagsráð, eins og þau voru framkvæmd. Ég skal ekki deila um það, að mátt hefði framkvæma þau öðruvísi, eins og vikið var að hjá hv. þm. V-Húnv. En þá voru lögin framkvæmd þannig í samræmi við stefnu þeirra, sem fyrst og fremst lögðu megináherzlu á áætlunarbúskaparstefnu þá, sem í þeim fólst, að hér var allt í höftum og bönnum. Verzlunarfrelsi var ekkert. Þá var svarti markaðurinn. Hann var það, sem menn ráku sig alls staðar á, biðraðirnar voru hér þannig, að fólk stóð tímum saman, það leið yfir margar konur næstum því á hverjum morgni, og það voru birtar af þessu myndir

í blöðunum. Þessa sögu hélt ég að væri nú óþarft að rifja upp eftir ekki lengri tíma. Hitt er svo annað mál, að það má viðurkenna margt gott í fari hv. 1. landsk. Hann er duglegur við að afla sér upplýsinga um tölur, og hann er líka nokkuð leikinn að fara með tölur, og má segja, að það sé í samræmi við hans atvinnu. En hann þekkir nú líka þetta gamla máltæki um hagfræðina, að statistikin lýgur. Og það er þess vegna ekki alveg að öllu leyti byggjandi á því, þegar leiknir hagfræðingar fara að fara með tölur, og eiginlega verða menn að vara sig þeim mun fremur, sem hagfræðingarnir eru slungnari. Hann hefur hins vegar sýnt fram á, að gjaldeyrisverzlunin sé svo og svo takmörkuð, það eru ekki nema svo og svo mörg prósent af gjaldeyrinum, sem eru fyrir frílistavörur, svo og svo mikið fyrir bátagjaldeyri o. s. frv. Og niðurstöðurnar af þeim tölum eru svo þær hjá hv. þm., að það sé í raun og veru ekkert verzlunarfrelsi, og í framhaldi af því var það, að þessar tvær fyrrv. stjórnir hefðu eiginlega engu áorkað. Kannske eru allar þessar tölur réttar, en ég efa mjög niðurstöðurnar og bendi bara þess vegna á fortíðina, á það, hvernig ástandið var hér, áður en þessar stjórnir tóku við, og hvernig ástandið er í dag. Það þekkja allir, hvort sem þeir eru hagfræðingar eða ekki, eins og fram kom hjá hv. 1. landsk. Slíkur málflutningur skiptir í sjálfu sér ekki ýkja miklu máli. Hann kemur hér og segir, að hann beri fram till. um algert verzlunarfrelsi, bara til þess að fá úr því skorið, hvort hæstv. ríkisstj. hafi trú á sjálfri sér. Þetta getur náttúrlega verið gaman að gera, og þetta gera menn kannske á málfundum í unglingaskólum og kannske gagnfræðaskólum líka, eins og nefnt var hér áðan, en þetta hæfir tæpast hér í þingsölunum. Menn eiga að bera fram sínar till. og marka með því sína stefnu og sýna alvöru sína í málinu, en ekki vera að neinum strákapörum í þessu efni. Þetta mál er miklu umfangsmeira en svo, að ástæða sé til þess.

Hv. 8. landsk. sagði, að í þessu frv. fælist ekkert aukið byggingarfrelsi, og hafa nú margir þm. áréttað, að þetta væri misskilningur hjá hv. 8. landsk. Þar held ég að sé langbezt að láta reynsluna tala líka, og það mun koma í ljós, þegar þetta frv. hefur orðið að lögum og verið í gildi um nokkurn tíma, hversu í raun og veru gífurlega mikið frjálsræði menn fá með þessu frv. frá því, sem einmitt hefur verið í byggingarmálunum. Það er ómögulegt að hrekja það, að menn hafa fengið frjálsræði til þess að byggja smáíbúðir 340—350 m³ síðari árin. Hér er um að ræða 520 m³, og það er auðvitað mikið frjálsræði í þessu einu, í þeirri stækkun, sem þarna er um að ræða, auk þess sem menn losna alveg, eins og hæstv. viðskmrh. benti á, við það umstang, sem því fylgir að sækja um byggingarvöruleyfi, og þar sem skömmtun byggingarvaranna á að afnemast. Ég ætla ekki að ræða frekar um kjallarann, sem byggður var á eftir risinu. Sannast að segja undraði mig á því, að hv. þm., sem er starfsmaður í fjárhagsráði, skuli koma hér upp í ræðustól til þess í raun og veru að lýsa því yfir, hvort sem hann gerir það klaufalega eða ekki, að fjárhagsráð hafi alls ekki farið eftir þeim reglum, sem settar hafa verið.

Það er eitt atriði, sem ég held að sé rétt að menn geri sér grein fyrir og fram kom í ræðu hv. þm. V-Húnv., þegar hann sagði, að það dygði auðvitað ekki að gefa byggingarfrelsi, ef þarf að skammta byggingarefni og menn þurfa að fara að slást um það, þ. e. a. s., það dugir ekki að gefa byggingarfrelsi, ef menn hafa ekki nóg byggingarefni og þurfa að fara að slást um það, hver á að fá það takmarkaða magn, sem til landsins flyzt af því. Þetta er rétt, og þess vegna ber að leggja áherzlu á það og verður að stefna að því, að það sé nægilegt fyrir hendi á hverjum tíma. En hv. þm. V-Húnv. dró þá ályktun að segja sem svo, að ef svo kynni að fara, að byggingarefni væri ekki nóg, þá liti hann á það sem skyldu ríkisstj. að skammta byggingarefnið, til þess að þeir ríku eða betur efnum búnu fengju ekki byggingarefnið umfram t. d. einstaklinga, sem byggðu til eigin afnota, eins og hann sagði, en hinir byggðu til þess að selja íbúðir og græða á þeim. Þetta getur látið vel í munni, en sannleikurinn er sá, að eins og ástandið hefur verið hér, þá fara bara þeir efnaðri í skjóli haftanna allt aðrar leiðir en þessa til þess að ná sér niðri á þeim minna efnuðu, og á því sannast, hversu lítils virði höftin eru. Nú er þessi skömmtun byggingarefnisins og menn fá ekki byggingarefni nema til þess að byggja til eigin afnota. Það eru margir efnaðir menn í þjóðfélaginu, — eða við skulum gera ráð fyrir, að það sé svo, — sem hefðu tök á því að byggja, eins og hv. þm. V-Húnv. sagði, fyrir aðra og selja íbúðirnar og mundu þá græða á þeim. En hvað gera þessir menn í dag? Þeir lána þeim fátæku á svarta markaðnum fjármagnið með okurvöxtum og hafa á þennan hátt miklu óheilbrigðari hagnað og gróða heldur en vera mundi, ef mönnum væri, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, frjálst að byggja. Og það legg ég áherzlu á, að mönnum er ekki aðeins frjálst að byggja eina íbúð, sem er 520 m³, heldur mega menn byggja fleiri íbúðir. Þannig mundi það vinnast m. a. með því aukna frjálsræði, sem hér er um að ræða, að fjármagnið, sem undanfarið hefur farið mjög óheillavænlegar brautir í þessu þjóðfélagi, — og mér þykir óliklegt, að hv. þingmenn hafi getað lokað augunum fyrir því svartamarkaðsbraski með peninga, sem átt hefur sér stað vegna haftanna, — mundi fara heillavænlegri leiðir, og menn verða að átta sig á því, að það eru margar hliðar á því máli, hvort rétt sé að takmarka byggingarefnisúthlutun aðeins við þá, sem byggja til eigin afnota, eða þá, sem byggja íbúðir til þess að selja öðrum. Ég fyrir mitt leyti tel mörgum sinnum heillavænlegri og ákjósanlegri stefnu í þjóðfélaginu, að duglegir og atorkusamir byggingarmenn og aðrir, sem hafa efni til þess, byggi íbúðir í landi, sem vantar íbúðir, og selji þær öðrum, heldur en að menn, sem hafa einhver efni, noti fjármagn sitt til þess að duldum leiðum að fá óhæfilega og ólöglega okurvexti af því, eins og verið hefur. Af þessum sökum m. a. ber að fagna því, að þetta frv. er fram komið.

Loks vil ég svo segja það, að það var sagt hér, að fjárhagsráð hefði verið stofnað á sínum tíma til þess að taka á móti óánægju af ríkisstj. Þetta held ég að sé mikill misskilningur. Hitt er rétt, að óánægjan hefur bitnað á fjárhagsráði, og að því vék hv. þm. A-Húnv., að það væri að ósekju í mörgum tilfellum, að óánægja manna bitnaði á fjárhagsráði og fjárhagsráðsmönnum, sem margir hverjir og kannske allir hafa verið ágætir menn, og það er vegna þess, að það er í raun og veru sjálft haftakerfið, sem er undirstaða óánægjunnar, og óánægja almennings átti því og á því að beinast gegn haftastefnunni í hverri mynd sem hún birtist í þjóðfélaginu. Ber því að fagna þessu frv. og öðrum frv., sem fram koma og eru miðuð við það og stefna að því að létta af höftum og skapa aukið frelsi í þjóðfélaginu.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Maður verður að segja, að það sé nú eiginlega hreinasta kraftaverk, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa fengið þetta frv. út úr fjhn., því að ég fæ nú ekki betur séð, þegar meiri hl. fjhn. er búinn að láta sína skoðun í ljós hér, en að raunverulega hafi nú meiri hl. verið á móti frv., þótt um mismunandi afstöðu hafi verið að ræða.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) hélt hér mjög skarpa ræðu gegn öllum þessum höftum og var auðsjáanlega á móti þeim höftum, sem enn þá eru eftir skilin í þessu frv., og fann aðeins eitt einasta atriði nýtilegt í öllu frv., og það var, að það ætti þó að leggja fjárhagsráð niður og afnema l. um fjárhagsráð. Svo kom hins vegar sjálfur hv. formaður fjhn., hv. þm. V-Húnv. (SkG), og þar var nú öllu beint að því að sýna fram á, að vel hefði nú mátt halda því gamla, það gamla fjárhagsráð væri raunverulega alveg eins gott og þetta nýja, sem nú ætti að fara að skapa, og ég fór eiginlega að undrast, hvort hv. þm. V-Húnv. væri nú öllu lengur í stjórnarliðinu, þegar hann var að gefa ríkisstj. aðrar eins áminningar og hann var að gefa. Hæstv. ríkisstj. hefur sem sé lýst því yfir, — og ég efast ekki um, að hæstv. viðskmrh. hafi þar talað fyrir hönd ríkisstj. allrar, eins og vera ber, — að stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., áliti þetta frv. vera efnd á sínum miklu loforðum um verzlunarfrelsi o. s. frv., og í ræðu, sem hæstv. viðskmrh. hélt, þar sem hann vafalaust talaði í nafni ríkisstj., og birt var undir stórum fyrirsögnum í Morgunblaðinu 25. nóv., segir hann: „Frv. það, sem hér er til umr., markar tímamót í viðskipta- og atvinnulífinu. Frv. boðar frelsi“ o. s. frv., o. s. frv. Og svo kemur formaður fjhn., sá maður, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið sér saman um, vafalaust eftir allmikla samninga, að skuli vera oddamaðurinn í þýðingarmestu n., sem með fjárhagsmálin hefur að gera í þessari hv. d., og lýsir yfir: Þetta frv. boðar engin þáttaskil. — Það er eins og hann hafi valið orðin alveg sérstaklega með tilliti til þess, sem hæstv. viðskmrh. hafði sagt áður. Hæstv. viðskmrh. og forsrh. sjálfrar ríkisstj. lögðu áherzlu á, að það marki tímamót — og það ekki nein smáræðis tímamót, en formaður fjhn. leggur áherzlu á: Það eru engin þáttaskil. — Hverjum eigum við nú, almennir þm., að fara að trúa? Hvað er nú skoðun stjórnarinnar og stjórnarflokkanna og stjórnarstefnunnar? Markar þetta þáttaskil, markar þetta tímamót, eða markar þetta engin þáttaskil og markar þetta engin tímamót? Eru þeir fáu af almennum stjórnarstuðningsmönnum hér á Alþ., og þá jafnvel úr þeirra röð, sem fremst standa af þeim, eins og formaður fjhn., að tala tóman þvætting, eða er hæstv. ríkisstj. að tala tóman þvætting? Ég verð nú að segja, að þrátt fyrir góð handjárn, þá er auðséð, að það er alls ekki hættulaust orðið fyrir hæstv. ríkisstj. að hleypa sínum stjórnarstuðningsmönnum hér á þingið í pontuna. Þeir fara bókstaflega að tala á móti stjórninni, áður en þeir vita máske sjálfir af og áður en hæstv. ríkisstj. veit af sjálf, svo að ég fer þá betur að skilja, af hverju ríkisstj. hefur yfirleitt verið ein um að verja sig, að svo miklu leyti sem hún yfirleitt hefur varið sig hér í þinginu, en aldrei hefur nokkur maður staðið upp til þess að standa með hennar stefnu af venjulegum stjórnarstuðningsmönnum. Ja, ég verð að segja: Hvernig færi eiginlega í hervarnarmálunum, þegar við höfum verið að ræða þau hérna í þessari d. og hæstv. ríkisstj. og allir stjórnarstuðningsmenn hafa verið í algeru bindindi um að tala, — hvernig færi eiginlega, ef stjórnarstuðningsþingmennirnir færu nú að tala, þegar þeir tala svona um mál, þar sem ríkisstj. leggur mest upp úr að hún sé að efna sín stóru loforð, sem hún gaf um það leyti, sem hún var mynduð?

Ég ræð það eiginlega helzt af ræðum hv. meiri hl. í fjhn., að andi meiri hl. hafi að sönnu verið reiðubúinn til baráttu gegn frv., en holdið hafi verið veikt, ríkisstjórnarítökin hafi verið nokkuð sterk, þannig að það sé með eins konar samvizkunnar mótmælum, sem þeir þm. A-Húnv. og V-Húnv. hafa nú léð lið sitt til þess að koma þessu frv. ríkisstj. aftur úr nefndinni. Og ég verð að segja, að það er ekki nema von. Það er ekki nema von, að þetta hafi gengið böksulega, enda varð fljótt vart við það strax við 1. umr., að allur sá mikli vindur, sem þá var í hæstv. ríkisstj. og varð jafnvel til þess, að hæstv. forsrh. fór hér — aldrei þessu vant — að tala, fór furðu fljótt úr. Og mér virðist nú, að við þessar umr. ætli að verða karp um það innan stjórnarflokkanna, hvort það sé yfirleitt til nokkurs gagns að vera að skipta svona um, hafa þessi fataskipti, eða hvort það hefði þá ekki verið miklu heiðarlegra að leggja þetta alveg hreint niður. En þetta var nú ekki raunverulega neitt annað en það, sem ég bjóst við, og er ekki nema eðlilegt, eins og frv. er úr garði gert.

Svo að ég snúi mér hins vegar að því, sem er nú aðalatriðið í sambandi við þessi mál, þá vildi ég í fyrsta lagi segja viðvíkjandi því, sem hæstv. ríkisstj. talar mest um að fyrir henni vaki, verzlunarfrelsinu, og því, sem hér hefur verið minnzt á að þurfi að vera undirstaða þess, sem sé nægur gjaldeyrir, þá er rétt fyrir okkur að muna, hvað er undirstaðan að því að fá nægan gjaldeyri. Undirstaðan að því er öflun nýrra atvinnutækja, fyrst og fremst atvinnu-

tækja, sem framleiða vörur til útflutnings, eða þá jafnvel atvinnutækja, sem spara innflutning. Það, sem er það alvarlega og háskalega í sambandi við þetta frv., eins og ég benti á við 1. umr., er, að það vantar alla fyrirhyggju í það, alla hugsun um heildarhagsmunina í því að undirbyggja það, sem raunverulega bæði tryggir lífsafkomu þjóðarinnar, og það, sem tryggir þá gjaldeyrisöflun, sem verður að vera sú eðlilega undirstaða undir verzlunarfrelsi, þ. e. skipulögð aukning á atvinnutækjunum. Þetta var það, sem var höfuðundirstaðan, þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð, og það, sem fyrst og fremst var unnið að, og á því er lifað enn þá. Meira að segja allt það snakk, sem Framsfl. er með öðru hverju, öll hans yfirboð öðru hverju í sambandi við landbúnað, rafmagnsvélar eða annað slíkt, byggist á því, að það eru til togarar, vélbátar, hraðfrystihús í landinu, sem framleiða miklu meira en áður var framleitt. En vegna þess að Framsfl. hefur á síðustu sjö árum haft mjög mikil afskipti og áhrif á íslenzkt stjórnmálalíf, þá sækir í sömu áttina og var, meðan sá flokkur réð hér mestu á tímanum 1930—40, að það er ekki hugsað um að undirbyggja atvinnulíf landsins, það er ekki hugsað um, að þjóðin geti staðið á eigin fótum. Það er ekki hugsað um, að landsmenn hafi togara, vélbáta og annað, sem þeir þurfa til þess að afla gjaldeyris. Og Framsfl. kemst aldrei nokkurn tíma út úr þeirri stefnu að skera niður og skera niður við almenning, og það er ekki von, að hann komist út úr þeirri stefnu, á meðan hann aldrei skilur, hver grundvöllurinn er fyrir því að geta flutt inn til landsins og fyrir því að geta haldið uppi mannsæmandi lífi bæði til sjávar og sveita. Það er líka greinilegt á öllu, að það sækir í þá áttina að gera ríkisapparatið þyngra og þyngra, dýrara og dýrara, en að vanrækja að sama skapi að láta fólkið, sem vinnur, fá öflugri og betri atvinnutæki til þess að vinna með. Síðan 1948, að kaupin voru þá gerð á tíu togurum, hefur ekki verið keyptur einn einasti togari til landsins, og það eru komin fimm ár síðan. Hver togari kostar að vísu kannske nú 8, 9—10 milljónir, en hann aflar fyrir 10 millj. kr. á ári minnst, jafnvel að frádregnum þeim gjaldeyri, sem hann þarf til síns rekstrar.

Sósfl. í þessari hv. d. hefur lagt fram frv. um kaup á nýjum togurum. Og satt að segja ættu þeir, sem vilja ræða í alvöru um verzlunarfrelsi og möguleika Íslendinga til þess að flytja inn, að gefa meiri gaum að slíkum frv. eins og þeim, sem hér var nýlega afgr. í d. til nefndar og hv. 9. landsk. þá mælti fyrir.

Þegar fjárhagsráðslögin voru sett 1947, var haldið í 1. og 2. gr. nokkru af þeim ákvæðum, sem þóttu óhjákvæmileg vegna nýsköpunarstefnunnar og hennar vinsælda þá. Þessi ákvæði voru gerð að pappírsákvæðum með stjórnarpólitíkinni á síðustu sex árum. Það, sem nú er gert með þessu frv., er að afnema þessi pappírsákvæði líka, og þar með er raunverulega verið að gera hreint borð. Það er verið að afnema síðasta orðið, sem var í lögum um skipun innflutningsmála á Íslandi, viðvíkjandi því að hafa eitthvert vit í verzlunarmálunum, sem sé, að jafnóðum sem menn væru að ráðstafa því, hvernig ætti að eyða peningunum, sem til væru, fyrir innflutning, væri eitthvað hugsað um að afla peninganna, sem þarf að eyða. Það síðasta af viti, sem sett var inn í íslenzkt atvinnulíf á nýsköpunarárunum, er þurrkað burt, eftir að búið var að traðka á því í praksis síðustu sex árin. Þess vegna vantar allt í þetta frv., sem snertir öflun framleiðslutækja. Þess vegna er líka að miklu leyti byggt á sandi, þegar verið er að tala um, að hve miklu leyti verzlunin gæti orðið frjáls, því að þetta tvennt verður að fylgjast að. Og þegar það er vanrækt, þegar þessu er sleppt, þegar sleppt er að taka ákvörðun um að skipuleggja útvegunina á atvinnutækjunum, þá er um leið líka verið að grafa undan því, að það verði raunverulega mögulegt að koma á verzlunarfrelsi. Ég mun ekki hér fara að minna frekar á það, sem gerðist á þeim tíma, þegar fjárhagsráðslögin lágu fyrir 1947. Þá lagði ég fram ákaflega ýtarlegar till. um öflun atvinnutækjanna, sem allar voru þá drepnar, og ég hirði ekki um að vera að rifja það upp nú. En þetta vil ég hins vegar taka fram bara vegna þess, að þetta verður allt eins og holgrafið að tala um verzlunarfrelsi, á meðan undirbyggingunna vantar, öflun atvinnutækjanna, aukninguna á framleiðslu gjaldeyrisins og þar með möguleikann fyrir fólkið í landinu til þess að kaupa frjálst inn það, sem það þarf að fá sér.

Svo er hitt atriðið, sem ég minntist nokkuð á við 1. umr. þessa máls og ætla mér ekki að endurtaka. Það er viðvíkjandi þeirri einokun, sem felst í þessu frv. Ég lýsti því þá, að þetta frv. væri að mínu áliti einokunarfrv. ríkisstj., krafa hennar um rétt til þess að mega úthluta á milli þeirra, sem hún hefur velþóknun á, þeirri vöru, sem flutt er inn til landsins. Ég hef oft áður sýnt fram á það, hvernig ríkustu heildsalarnir í Reykjavík, S. Í. S. og Kveldúlfur, myndi eitt þrístirni, myndi bandalag sín á milli sem voldugustu fésýsluaðilarnir í Sjálfstfl. og Framsfl. og skipti þessum hlutum á milli sín. Það er svo greinilegt, að það þarf ekki að lýsa því, hvernig samkomulagið er um að halda einokuninni í útflutningnum gegn því að skipta einokuninni í innflutningnum á milli Sambandsins og ríkustu heildsalanna. Og í samræmi við það eru líka þær ákvarðanir hér að hafa tvo menn, sinn frá hvorri klíku, til þess að sjá um, að ekki hallist á, þegar farið verður að deila bráðinni, þegar farið verður að skipta á milli sín arðinum af innflutningnum, gróðanum á fólkinu.

Hér hefur nokkuð komið til umræðu um útflutningsverzlunina í sambandi við þessi mál, og ég sé mér til mikillar ánægju, að Alþfl. setur hér inn í sínar brtt. tillögur um, að útflutningsverzlunin verði gefin frjáls. Það er mjög mikil framför hjá þeim flokki. Ég hef um nokkur ár undanfarið, um þrjú ár, flutt sérstakt frv., sem fór fram á að afnema þau lög, sem hv. 1. landsk. nú leggur til að afnema, lögin frá 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum. Alþfl. hefur aldrei fengizt í fjhn. til þess að standa með því frv. mínu. Ég hef alltaf orðið að afgreiða það frv. einn út úr fjhn., og af því að hæstv. forseti hefur verið það röggsamur og réttlátur í þeim efnum, þá hefur það frv. komið hér til at-

kvgr. hvað eftir annað, þó að meiri hl. í fjhn., fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., hafi aldrei treyst sér til þess að gefa út álit um málið. Og þetta frv. hefur verið fellt hér venjulega gegn atkv. okkar sósíalista einna saman. Ég vil því lýsa ánægju minni yfir því, að nú leggur hv. 1. landsk. til, að þessi lög um einokun á útflutningnum séu felld úr gildi. Og ég vona, að þetta boði dálítið betri skilning hjá Alþfl. á því, hvernig ríkisvaldinu er beitt. Þeir, sem muna langt, muna það kannske, að 1932, þegar Samband ísl. fiskframleiðenda var í fyrsta skipti löggilt sem útflytjandi, þá var það gert af Ólafi Thors, núverandi hæstv. forsrh., sem þá var dómsmrh. og atvmrh. fyrir Magnús Guðmundsson um stutt skeið, og Alþýðublaðið sagði þá, að þetta væri lofsvert spor í þjóðnýtingarátt. Þá var verið að gefa Kveldúlfi, Alliance og fiskhringunum á Íslandi einokunaraðstöðu til útflutnings á saltfiskinum. Mér þykir þess vegna mjög vænt um, að Alþfl. skuli í þessum efnum vera að breyta um skoðun.

Það er sem sé alveg nauðsynlegt, og ekki síst fyrir verkalýðsflokkana, að gera það upp við sig, að þegar ríkisvaldinu er beitt af auðmannastéttinni til þess að gefa einstökum auðhringum einkavald eða einokunarvald yfir almenningi, þá er það ríkisvald fjandsamlegt alþýðunni og það ber að berjast á móti því, og þá er það framför að geta knúið fram, að slíkri einokun einstakra auðmanna sé aflétt, jafnvel þó að við taki verzlunarfrelsi í þeirri venjulegu kapítalistísku merkingu þess orðs, sem oft þýðir meiri eða minni glundroða í verzluninni. Meira að segja það gæti verið framför frá því, að einstakir auðhringar eða auðmannaklíkur fái einokun. Hitt er svo aftur allt annað mál, eins og ég líka kom inn á við 1. umr., sú barátta, sem verkalýðurinn heyr fyrir því að knýja fram þjóðnýtingu, knýja það fram, að ríkið hafi t. d. oft sjálft með að gera innflutning eða útflutning á hinu og þessu og reki það þá með almenningshag fyrir augum.

Hæstv. viðskmrh. svaraði þessum till. í umr. í dag með því, að hann sagði, að útflytjendur vildu hafa það fyrirkomulag, sem nú væri, og spurði, hvort þingmenn vildu fara að taka fram fyrir hendur útflytjendanna í þessu efni, og kvaðst vilja koma á lýðræði í útflutningsverzluninni. Lýðræði og jafnrétti í útflutningsverzluninni, — það mundi þýða, að þeir sem vilja mynda samtök, þeir mynda samtök, þeir sem vilja treysta á sitt einstaklingsframtak, þeir treysta á sitt einstaklingsframtak, þeir sem vilja skipuleggja sig í samvinnufélög, þeir skipuleggja sig í samvinnufélögum. Fólkið ræður sjálft, á hvern hátt það skipuleggur þetta, en það mundi þýða, að ríkið gripi ekki þannig fram fyrir hendur almennings, að það ákvæði í krafti laganna frá 1940, að einn sérstakur aðili skuli hafa einn saman leyfi til þess að flytja út vörur. Og ég vil benda hæstv. viðskmrh. á, að það er ekki nema von, að þingmenn fari að verða nokkuð uggandi um, hvernig þessir hlutir eru reknir, þegar hæstiréttur nýlega vísar máli heim til undirréttar og gefur þar m. a. upplýsingar um, hvernig farið sé að viðvíkjandi útflutningi á vörum, þar sem það m. a. kemur í ljós, að þessir einokunaraðilar, sem svona útflutning hafa með höndum, gera ráðstafanir til þess að bæta upp töp, sem hinir og þessir aðilar kunna að verða fyrir í sambandi við fragtir eða verzlunarráðstafanir eða annað slíkt, svo að skiptir tugum þúsunda króna, á kostnað sjómanna og útgerðarmanna. M. ö. o.: Þessi verzlun er rekin þannig núna, að þeir menn, sem eiga meginið af fiskinum, hafa enga aðstöðu til þess að vita, hvað þarna er að gerast. Og þarna er komin slík spilling og slík vandræði, að það er ekki nóg með, að það sé kvartað af hálfu fjöldans af útgerðarmönnum í þessum efnum, heldur eru meira að segja þeir menn, sem hafa verið trúnaðarmenn fyrir þessi samtök, þegar þeir hafa viljað standa á verði fyrir þá, sem þeim hafa veitt trúnað, beittir ofsóknum af hálfu valdhafanna í þessum hringum, þannig að út af því hlotnast stórkostlegur málarekstur, sem opinberar hreina spillingu í þessum efnum. Nei, það er sem stendur þannig í útflutningnum, að það er ríkið, sem skapar þar einokun. Það er ríkið, sem tekur sér einokun í hendur með lögunum frá 12. febr. 1940 og notar þá einokunaraðstöðu til þess að gefa einstökum mönnum einokunarvald í sambandi við útflutninginn. Það er enginn að hafa á móti því, að útflytjendur hafi samtök. Það er mjög skynsamlegt af þeim, og það er sjálfsagt að ýta undir það. En ríkið á ekki að stuðla að því, að samtökin séu misnotuð eða að samtökin séu bundin og ofurseld einstökum valdaaðilum í þessum efnum. Og ég vil bara segja hæstv. viðskmrh. það, að hann ætti að athuga, hvernig stjórnin er skipuð í sumum af þessum samtökum, og jafnvel mundi hann þá reka sig á, að útgerðarmenn eru ekki einu sinni í meiri hluta í stj. slíkra samtaka, svo að ég ekki tali um það, að sjómenn eiga þar yfirleitt enga fulltrúa. Ég vil þess vegna taka undir það, sem hæstv. viðskmrh. minntist á, að það er rétt að innleiða lýðræði í útflutningsverzlun, skapa frelsi í útflutningsverzluninni og afnema þá einokun, sem núna á sér stað þar. En slíkt lýðræði þýðir jafnrétti allra þeirra, sem eiga fiskinn, til að flytja hann út á þann hátt, sem þeim finnst eðlilegast, hvort heldur það er í samtökum eða að selja einstökum aðilum hann eða annað slíkt. Aftur á móti, eins og ég hef alltaf sett fram í þeim frumvörpum, sem ég hef flutt um þetta mál hér, og eins og ég sé, að hv. 1. landsk. líka kemur inn á, er sjálfsagt að heimila ríkisstj. að setja lágmarksverð í sambandi við þennan útflutning til þess að koma í veg fyrir alla óeðlilega samkeppni, þ. e. undirboð, sem gætu verið skaðsamleg fyrir þjóðina. Þess vegna væri það ákaflega æskilegt, að sú hæstv. ríkisstj., sem nú talar mikið um frelsi, gæti haft sig upp í að samþ. þær till., sem hér eru nú bornar fram um að rýmka a. m. k. nokkuð um bæði í útflutningnum og innflutningnum.

Þá kem ég að spursmáli, sem hér hefur dálítið verið rætt líka, um það, að hve miklu leyti byggingarfrelsið hér sé raunverulegt. Eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, þá er það það eina, sem miðar þarna fram á við, að það er þó frelsi til þess að byggja íbúðarhús. Það er rétt að taka það fram, að þrátt fyrir þetta, sem tókst að

rýmka um tíma viðvíkjandi smáíbúðunum svo kölluðu, þá var það framkvæmt á þann frámunalega vitlausa hátt af hálfu hæstv. ríkisstj., að það var reynt að binda frelsið til þess að byggja smáar íbúðir við það að byggja íbúðarhús, sem í væri ein lítil íbúð. Það var þannig reynt að kúska menn til þess að gera þetta á þann ópraktískasta hátt, sem hugsanlegt var. Hins vegar hefur þeim mönnum, sem hefðu viljað byggja t. d. margar íbúðir saman, byggja skynsamlega í heilum blokkum, verið neitað um það, þannig að það er ekki rétt, sem ég held að hv. 8. landsk. hafi haldið hérna fram, að það hafi ekki verið neinar neitanir frá hálfu fjárhagsráðs eða slíkt. Það þarf ekki nema að minna á tvo aðila hér í Reykjavík, firma, sem ég held að heiti Benedikt og Gissur, sem fór hér fram á að byggja allmikla blokk af slíkum smáíbúðum, og fjárhagsráð og ríkisstj. skáru þetta niður. Það var ekki nema nokkuð af því, sem var leyft, þannig að það er auðséð, að það er enn þá bann í þessum efnum, og það bann yrði þó afnumið með þessum lögum. Það er sá eini ljósi blettur, sem í þessum lögum er, að það mætti byggja af viti smáar íbúðir í staðinn fyrir að byggja af vitleysu smáar íbúðir.

Hitt aftur á móti hefur ekkert lagazt í meðförum hv. fjhn., sem ég benti á sem tvo höfuðgallana í sambandi við þetta, — í fyrsta lagi með byggingarefnið. Það er sem sé ekki nokkur ráðstöfun, sem hér er gerð viðvíkjandi því að tryggja frjálsan innflutning á byggingarefninu, tryggja það, að þegar á að fara að flytja byggingarefnið inn, þá sé það ekki gert að einokunaratriði fyrir nokkur firmu. Ég hef áður beint þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh., og ég vil gera það enn: Er það rétt, að það séu ekki nema þrjú eða fjögur firmu, sem fá allan innflutninginn t. d. á sementi frá Ráðstjórnarríkjunum nú? Er það rétt? Og ef það á að vera fyrirmyndin um innflutningsfrelsi á næstunni, að það verði þrjú, fjögur firmu í landinu, sem fá einokunaraðstöðu með allt byggingarefni, þá fer að fara nokkuð lítið fyrir frelsinu. Enn fremur muna menn máske eftir, í sambandi við till., sem ég held meira að segja að nokkrir þm. Sjálfstfl. hafi flutt hér á þinginu 1950—51, um að gefa frjálsan innflutning byggingarefnis, að fjárhagsráð greip þá í taumana og gaf sína frægu yfirlýsingu viðvíkjandi forráðamönnum mótvirðissjóðs, að það væri ekki fært að leyfa frjálsan innflutning á byggingarefni. Þrátt fyrir samþykkt 8. gr., sem er eina jákvæða greinin í þessum lögum, fyrri hluta hennar, mundi þetta sem sé haldast, að ríkisstj. getur ráðið byggingarefnisinnflutningnum, látið gæðinga sína einoka hann og framkvæmt það eftirlit, sem Ameríkanarnir hafa heimtað af ríkisstjórnunum undanfarið til að koma í veg fyrir, að Íslendingar byggi af fullum krafti yfir sjálfa sig, til þess að geta kúskað Íslendinga til þess að vinna fyrir sig suður á Keflavíkurflugvelli, til þess að byggja þar yfir ameríska liðsforingja og allt þeirra dót. Ég held þess vegna, að hæstv. viðskmrh. ætti að gefa okkur upplýsingar um, hvernig þetta verður viðvíkjandi innflutningi byggingarefnis.

Hitt aðalatriðið, sem verður áreiðanlega það þýðingarmesta í þessu, er lánsspursmálið. Á að framkvæma í gegnum lánsbannið, sem nú er, hindrunina á byggingum á Íslandi? Það væri nú ákaflega æskilegt, fyrst bæði hæstv. núv. og fyrrv. viðskmrh. eru hér inni í salnum, að það bréf, sem fyrrv. viðskmrh., núv. 3. þm. Reykv., skrifaði Landsbankanum um að hafa hömlur á lánsfjárstarfsemi til íbúðarhúsabygginga, væri birt hér í þinginu. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að vita, að það séu ráðherrar Sjálfstfl., sem banna bönkunum í Reykjavík að lána Reykvíkingum til að byggja, og hafi þeir ekki bannað það, þá skora ég nú á hv. 3. þm. Reykv. eða hæstv. viðskmrh. nú að leggja fram í þinginu þau fyrirmæli, sem ráðherrar Sjálfstfl. hafa gefið Landsbankanum viðvíkjandi því, hvernig haga skuli lánum til íbúðarhúsabygginga í Reykjavík og annars staðar. Það er sem sé fróðlegt fyrir menn að vita nú. (Gripið fram í.) Hefur það aldrei verið skrifað? Ætli það hafi nú ekki verið skrifað um, að það ætti að hafa hömlur á lánum til íbúðarhúsabygginga á þeim tíma, sem lán til íbúðarhúsabygginga voru svo lítil, að það var ekki einu sinni lánað sæmilega út úr veðdeildinni, hvað þá annað? Ætli það hafi ekki verið skrifað? Hinu býst ég við, að það hafi ekki verið nefnt, að Sjálfstfl. hefði sérstakan áhuga á því og Landsbankanum væri hér með tjáð það, að Reykvíkingum væri ekki lánað, þannig að þeir gætu byggt. Ég veit, að Sjálfstfl. hefur hingað til látið Framsfl. vera einan um að gera till. um að banna íbúðarhúsabyggingar í Reykjavík, eins og Tíminn gerði 1938. Og ég veit, að sérstaklega nú sem stendur mundi Sjálfstfl. ekki sérstaklega kæra sig um, að það kæmi fram svart á hvítu, en hins vegar mætti nú kannske lesa eitthvað út úr bréfinu, ef það væri birt, a. m. k. að nú kæmi niður á Reykvíkingum það sama, sem ætlazt væri til að kæmi niður á öðrum Íslendingum, þannig að ef hæstv. fyrrv. eða núv. ráðh. vilja ekki, að þetta sé lagt út á verri veg, sem ég náttúrlega hef enga sérstaka tilhneigingu til, þá held ég, að þeir ættu nú að birta bréfið. Ég man nefnilega eftir því, að skömmu eftir að hæstv. þáverandi viðskmrh. lét þessi orð falla, sem ég hef oft vitnað í síðan, lét hann segja í blaðinu Vísi, að hann hefði aldrei nokkurn tíma skrifað Landsbankanum neitt. (Gripið fram í.) Jæja, kannske bannað eða reynt að draga úr lánveitingum til íbúðarhúsabygginga. Hv. 3. þm. Reykv. talaði tvisvar um þetta mál í þinginu. Hann hafði sitt orðið í hvort skipti um það, hvað hann hefði sagt í bréfinu, svo að það er ekkert nema það að heyra orðalag bréfsins, sem getur nú virkilega gefið okkur eitthvert haldreipi í þessum efnum, þannig að við berum ekki neitt upp á hv. 3. þm. Reykv., sem hann hefur ekki sagt. Nóg er nú sagt um hann samt. Þess vegna er spursmálið um lánveitingarnar til íbúðarhúsabygginga og um að afnumin séu þau bönn, sem ráðherrar Sjálfstfl. fram að þessu hafa lagt á, að eðlileg lánsfjárstarfsemi sé höfð með höndum hér, það allra þýðingarmesta í sambandi við byggingarfrelsið. — Það að gefa byggingu frjálsa á pappírnum, en hafa síðan einokun á byggingarefni og banna mönnum svo þar að auki að fá lán til íbúðarhúsabygginga, það er

sannarlega að gera þessa 8. gr., það eina jákvæða í frv., að hreinasta skripaleik.

Ég hef lagt fram hér á þinginu og það liggur hjá hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. allmikið frv. um húsnæðismálin, þar sem farið er einmitt fram á og gerðar gagngerðar till. viðvíkjandi þessum lánsfjármálum. Ég hef áður lýst eftir því frv. hér og óskað þess af hæstv. forseta, að ef ekki yrði komið fram innan viku álit frá hv. heilbr.- og félmn., þ. e. næsta þriðjudag, þá yrði málið tekið hér á dagskrá. Og ég verð að segja það, að einmitt þau orð, sem hv. frsm. fjhn. hafði hér um áðan, hv. 5. þm. Reykv., gefa mér tilefni til þess að ítreka þetta mjög. Hann deildi þar mjög skarplega og réttilega á hæstv. ríkisstj. og hennar pólitík í þessum efnum. Hann talaði um svarta markaðinn í sambandi við peningalánin til íbúðarhúsabygginga, og það er alveg rétt, og hann sagði þar satt frá, enda þekkir hann vel til, þar sem hann er bankastjóri, að sá svarti markaður, sem á sér stað og stafar af því lánsfjárbanni, sem ráðherrar Sjálfstfl. virðast hafa lagt á bankana, er markaður, sem er eins mikil þörf á að útrýma og þeim svarta markaði á vörum, sem núv. ríkisstj. er alltaf að stæra sig af að hafa útrýmt hér áður. Ég vil vekja athygli þessarar hæstv. ríkisstj. á því, að það er hún, sem hefur komið þessum svarta markaði á, það er hennar lánsfjárpólitík, sem hefur komið þessum svarta markaði í peningamálum á, og hann er ægilegri nú en hann hefur verið nokkurn tíma áður. Og ef það er ekki meiningin með þessu frv. að skipuleggja þennan svarta markað og viðhalda honum, þá þarf að koma hér fram, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að knýja fram breytingar í lánsfjármálunum, hún ætli að afturkalla þau bréf, sem ráðherrar Sjálfstfl. hafa skrifað Landsbankanum, og ætli að mælast til þess og skipuleggja það, að nú verði farið að láta lán í allstórum stíl. Ég tala nú ekki um, ef hún vildi ganga svo langt að samþ. það frv., sem ég hér hef flutt. En ég skal þó hins vegar geta um, að þær lánveitingar, sem ég legg til í því frv. til húsbygginga, munu vart ganga miklu lengra en þær till., sem einmitt hv. 5. þm. Reykv. og aðrir þm. Sjálfstfl. fluttu hér fyrir kosningar um breytingar bæði viðvíkjandi veðdeild Landsbankans og lánum til hennar. En munurinn var bara sá, að þá voru þessi frv. flutt fyrir kosningar. Síðan var talað um frelsið, sem ætti að komast á viðvíkjandi húsbyggingunum. Nú bólar ekki á neinu frv. viðvíkjandi lánum til íbúðarhúsabygginga. Og þó að við reynum að toga hér með töngum og ögra hæstv. fyrrv. og núv. viðskmrh. á allan hátt til að birta pólitík Sjálfstfl. í lánsfjármálunum, þá hefur okkur enn þá ekki tekizt að fá neitt fram, þó að ég hafi nú að vísu betri von, því að hv. 3. þm. Reykv. er þó ofur lítið byrjaður að tala úr sínu sæti um þessi mál, svo að hann fær nú kannske málið um þau, þegar hann kemur hér í ræðustólinn á eftir.

Þá eru viðvíkjandi Framkvæmdabankanum aðeins örfá orð. Ég hef áður sagt mitt álit á þeirri gr., sem um hann fjallar, 9. gr. Það er aðeins ein spurning, sem ég vildi leggja fyrir hæstv. viðskmrh. Þegar lögin um Framkvæmdabanka voru samþ. í fyrra, var því lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að bankastjóri Framkvæmdabankans mundi að öllum líkindum hafa aðsetur í herbergi í Landsbankanum, en í öllu falli mundi starfsfólk Landsbankans annast afgreiðslu allra mála fyrir Framkvæmdabankann. Ég held ég muni þetta áreiðanlega ekki skakkt. Ég held, að ég muni það rétt, að það hafi verið eitt af því, sem haldið var fram, að það yrði enginn aukakostnaður annar en laun bankastjórans, sem hvort sem er var á öðrum launum sem ráðunautur ríkisstj., tilsendur af Ameríkönum. Ég held, að ég muni það áreiðanlega rétt, að þessu hafi verið lýst yfir, að Landsbankinn mundi annast alla afgreiðslu á málum Framkvæmdabankans. Nú vil ég leyfa mér að spyrja: Hvernig er þetta? Er Framkvæmdabankinn núna sjálfur með afgreiðsluna á sínum málum, og hefur hann sjálfur sína skrifstofu? Ég kem fram með þessa spurningu vegna þess m. a., að hér hefur komið fram till. um, að Hagstofa Íslands taki þetta að sér, sem að mörgu leyti væri eðlilegt. En ég gæti trúað, að það, sem Hagstofa Íslands hefði máske á móti því að taka þetta að sér, væri það, að ef Hagstofa Íslands ætti að taka þetta að sér, þá mundi vera sparað mannahaldið og það mundi vera erfitt að fá tvo eða þrjá starfsmenn í viðbót og betra húsnæði. Aftur á móti ef hagstofa Ameríkana, Framkvæmdabankinn, á að taka þetta að sér, ef eftirlitsstöð Ameríkana, sú efnahagslega njósnarstöð Ameríkana á Íslandi, á að taka þetta að sér, þá verður ekki sparað fé. Ég býst nefnilega við, að það sé ekki lengur svo, að það eigi að spara svo mikið í sambandi við Framkvæmdabankann, að það sé starfsfólk Landsbankans, sem afgreiði fyrir hann. Ég býst við, að hann muni koma upp sínu starfsliði sjálfur, og það yrði kannske ekki sagt neitt við því, þó að Framkvæmdabankinn færi að bæta við starfsfólki, á sama tíma sem Hagstofu Íslands væri neitað um það. Það er a. m. k. gott að fá að vita, hvernig þetta er. Ég tala ekki um, hvað það væri viðfelldnara fyrir okkur, að það væri Hagstofa Íslands, sem sæi um þessa hluti, heldur en þessi Framkvæmdabanki, sem áður hefur sýnt sig í því, eða bankastjórinn, sem honum stjórnar, að gera það sérstaklega að sínu viðfangsefni að njósna um víxla, sem eru keyptir í ríkisbönkunum, til þess að vita, hvort ekki kynnu að leynast meðal þeirra víxlar til húsbygginga, út frá því að reyna að koma í veg fyrir, að það séu veitt lán af íslenzku bönkunum til byggingar á íbúðarhúsum. En þetta væri gott að fá upplýsingar um, hvernig er núna með sparnaðinn í sambandi við framkvæmdina á Framkvæmdabankanum.

Þá er viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á. Hann spurði, af hverju stjórnarandstaðan væri orðið með verzlunarfrelsi, sú stjórnarandstaða, sem annars er mjög mikið með ríkisrekstri og sérstaklega með þjóðnýtingu. Ég svaraði því að nokkru leyti áðan. Það, sem hér er um að ræða að koma á, er einokun nokkurra auðfyrirtækja á verzluninni, hagnýting ríkisvaldsins til þess að veita einstökum aðilum einokun. Þetta er samsvarandi út af fyrir sig eins og þegar verið var að selja verzlunina á leigu hér í gamla daga. Raunverulega er það svo, að Sjálfstfl. og Framsfl. eru að selja máttarstoðum

Sjálfstfl. og Framsfl., ríkustu heildsölunum og S. Í. S., verzlunina á leigu. Þetta kemur kannske hvergi greinilegar fram en í sambandi við olíuinnflutninginn, sementsinnflutninginn og annað slíkt. Það er verið að selja þetta á leigu, og hringrásin er, eins og ég rakti hér við 1. umr., ákaflega greinileg. Þessi fésýslufyrirtæki, sem fá svona verzlunina á leigu, gera síðan út Sjálfstfl. og Framsfl., og það borgar sig áreiðanlega mjög vel fyrir þessi verzlunarfyrirtæki, að Sjálfstfl. og Framsfl. hafi síðan ríkisvaldið og láti með ríkisvaldinu þessi verzlunarfyrirtæki fá verzlunina á leigu, skipti á milli þeirra: Svona skuluð þið nú skipta olíunni á milli ykkar. Svona skuluð þið nú skipta sementinu á milli ykkar. Svona skuluð þið skipta öllu því á milli ykkar, sem ríkið annars kaupir inn. Og jafnvel því, sem ríkið ekki kaupir inn, skuluð þið skipta á milli ykkar, með því að þið hafið þarna tvo menn í þessari innflutningsskrifstofu, og þeir skipta þá á milli ykkar, en ef þeir koma sér ekki saman um, hvernig eigi að skipta á milli ykkar, þá fer það til ríkisstj. og hún skiptir þá á milli ykkar. -- Ég held, að það ætti að vera skiljanlegt fyrir hv. 5. þm. Reykv., að stjórnarandstaðan væri á móti svona verzlunarfrelsi, hún væri með allt öðru verzlunarfrelsi, hún væri með því verzlunarfrelsi, að almenningur í landinu hefði rétt til að flytja inn vörur og mennirnir, sem framleiða fisk í landinu, hafi rétt til að flytja út fisk og fá betra verð fyrir hann en einokunarherrarnir fá núna. Það er ekkert undarlegt, þó að stjórnarandstaðan berjist á móti þessari einokun og sé með verzlunarfrelsi almennings, jafnvel þótt hún sé á þeirri skoðun, að fyrir almenning mundi það vera skynsamlegast, ef hann sjálfur hefði ríkisvaldið í höndunum, að skipuleggja innflutninginn í þágu alþjóðar og með hagsmuni alþjóðar fyrir augum, en ekki hagsmuni einstakra auðfyrirtækja.

Ég hef að þessu sinni ekki flutt mikið af brtt. við þetta frv., en ég ætla að leyfa mér aðeins að flytja tvær litlar brtt. Ég hef lýst minni afstöðu til frv. svo greinilega, að þetta er ekki vegna þess, að ég sé almennt með því. En það er tvennt, sem mér finnst vera nokkurn veginn prófsteinn á, hvað meint sé með þessu frv. og hvaða framkvæmd hæstv. ríkisstj. hugsar sér á þessu frv. Mínar brtt. eru báðar við 1. gr. Sú fyrri er við 1. málsgr., þar sem ríkisstj. er heimilað að gefa út reglugerð um vörurnar, sem fluttar eru inn. Ég hef áður bent á, hvernig ríkisstj. hefur, án þess að hafa heimild fyrir því í lögum, hagnýtt sér aðstöðuna og sitt vald til að láta gefa út reglugerð um bátagjaldeyrinn. Mín brtt. við 1. málsgr. hljóðar á þessa leið:

„Þó má aldrei með útgáfu reglugerða gera ráðstafanir til hækkunar á verði innfluttra vara eða aðrar ráðstafanir, sem raunverulega jafngilda breyttri gengisskráningu.“

Ég vonast til þess, að hv. þm. skilji alveg, hvað ég meina með þessu. Ég meina með þessu það, að þó að ríkisstj. hafi vald til þess að gefa út reglugerðir til skýringar á þessum lögum, þá sé það greinilega tekið fram, að hún hafi ekki vald til þess með slíkri reglugerð að leggja sérstakt hækkunargjald sjálfri sér til handa eða einstökum aðilum til handa á vörurnar, sem séu fluttar inn til landsins, m. ö. o., að hún hafi ekki rétt til þess að leggja á sérstaka tolla eða annað slíkt, hvaða nafn sem þeim væri gefið, á innflutningsvörurnar til landsins, hún hafi þar með ekki heldur rétt til þess að láta leggja á gjaldeyrinn, sem aflað væri, þegar hann væri seldur, þannig að á þann hátt kæmi fram hækkun á vörunum, sem fluttar væru inn. M. ö. o.: Það væri ekki heimilt með samþykkt slíkrar till. að leggja á bátagjaldeyrinn, nema með sérstökum lögum frá Alþ., sem er líka það eina sjálfsagða og rétta í þessu. Ég get bókstaflega ekki skilið, af hverju hæstv. ríkisstj. heldur svona fast við þetta, — hún hefur meiri hluta til þess að koma ákvæðum eins og þeim, sem felast í bátagjaldeyrisreglugerðinni, í gegn sem lögum, — af hverju hún heldur við það að eyðileggja bókstaflega öll lög og reglugerðir í landinu með því að viðhalda þeim óskapnaði. Ég hef áður vakið athygli á því, að eftir að 11., 12. og 13. gr. í fjárhagsráðslögunum eru numdar úr gildi, þá mundi með þeirri afar frjálslegu túlkun, sem verið hefur á reglugerðaútgáfu, ríkisstjórnin vafalaust eftir þessum lögum geta gefið út reglugerðir eins og bátagjaldeyrinn, og það þýðir þá um leið, að hún getur gefið út reglugerðir, sem leyfa að selja allan gjaldeyri, sem framleiddur er á Íslandi, með 100% álagi, því að hún hlýtur að hafa alveg sama vald til þess. Ef hún hefur vald til þess að leyfa, að lagt sé 25% eða 60% á bátagjaldeyrinn, þá hefur hún eins rétt til þess að láta leggja 100% á bátagjaldeyrinn. Hafi hún rétt til þess að láta leggja 100% á bátagjaldeyrinn, þá hefur hún rétt til þess að láta leggja 100% á togaragjaldeyrinn eða smjörgjaldeyrinn eða hvað sem er. Þá hefur hún rétt til þess að lækka gengi alveg eins og hún vill. Þess vegna álít ég, að þessi litla brtt. mín skeri úr um það, hvaða vald hæstv. ríkisstj. ætlar að taka sér í þessu efni.

Hin brtt. er við 2. málsgr. 1. gr., þar sem sagt er, að ríkisstj. hafi heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu. Þar legg ég til að bætt sé aftan við:

„Allir skulu hafa jafnan rétt til innflutnings. Ríkisstj. getur ekki með skilyrðum sínum veitt einstökum aðilum, einum eða fleiri, einkarétt til innflutnings ákveðinna vörutegunda.“

M. ö. o.: Hæstv. ríkisstj. segist vilja verzlunarfrelsi, en innan þeirra takmarka, að hún með reglugerðum geti sett ákvæði vegna viðskiptasamninga og annað slíkt. Segjum nú, að það sé nauðsynlegt fyrir ríkisstj. Vill hún þá meina, að hún með þeim skilyrðum hafi vald til þess — við skulum segja — að gefa Olíufélaginu einkarétt á því að flytja inn alla olíu til Íslands, útiloka t. d. öll önnur olíufélög og alla aðra aðila? Vill hún álíta, að hún hafi rétt til þess að gefa S. Í. S. einkarétt á því að flytja inn sement, neita öllum öðrum aðilum, eða að gefa t. d. Völundi einkarétt á því að flytja inn timbur? Vill hún túlka málið þannig, að hún hafi rétt til þess að gefa hvaða aðila sem er einkarétt til að flytja inn ákveðnar vörutegundir, m. ö. o., að ríkisstj. hafi sama vald og Danakonungur á sínum tíma til að leigja hvaða hörmangarafélagi

sem vera skal íslenzku þjóðina til arðnýtingar? Það, sem ég legg þarna til, er aðeins, að Íslendingar hafi jafnan rétt til innflutnings, þ. e. raunverulega jafnan teoretiskan rétt til að mega flytja inn vörur. Við vitum, hvað þeir standa misjafnt að vígi með að geta keypt þessa vöru, með að geta fragtað hana, með að geta keppt með hana, með að geta geymt hana og annað slíkt og hvers konar einokunarskilyrði til dæmis olíuhringunum, byggingarvöruverzlunum og öðrum slíkum er skapað með þeim geymsluhúsum, sem þær eiga, og öðru líku. Þetta fer sem sé aðeins fram á það, hvort Íslendingar hafi jafnan rétt til þess vöruinnflutnings, sem ríkisstj. leyfir að sé til landsins. Svo framarlega sem þessi till. mín er felld, þá þýðir það, að ríkisstjórnin skoðar sig hafa rétt til þess að veita einstökum firmum einkarétt til innflutnings á ákveðnum vörutegundum, og þá er nú farið að verða anzi fjarri verzlunarfrelsinu, ef það litla verzlunarfrelsi, sem ríkisstj. með sinni reglugerð ætlar að leyfa að sé til um ákveðnar vörutegundir, á ekki einu sinni að ganga jafnt yfir alla. Þá er það ekki lengur orðið frelsi. Þá er það einkavald ríkisstj. til þess að gefa þeim einokun, sem hún hefur velþóknun á.

Ég vildi mjög gjarnan, að hæstv. ríkisstj. léti uppi álit sitt um þessar litlu till. mínar eða hvernig hún hugsaði sér að breyta í þessum efnum. Mér mundi alveg nægja yfirlýsing hennar, ef það væri hennar meining að gefa öllum jafnan rétt til innflutnings, gefa ekki neinum aðilum einkaréttindi. — Ég vona sem sé, að hæstv. ríkisstj. leysi nú nokkuð úr þeim spurningum, sem ég hef komið hér fram með, þannig að það megi vera nokkru skýrara fyrir þingheimi, hvaða framkvæmd hún hugsar sér í þessum efnum.

**Forseti (SB):** Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hæstv. viðskmrh. við brtt. á þskj. 225, tölul. 2: „Fyrir orðin „Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands“ kemur: Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands. — Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöfaldra afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 250) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Ég hef flutt hér litla brtt. við bráðabirgðaákvæði frv., sem ég tel að betur fari, enda nokkur meiningarmunur.

Bráðabirgðaákvæðið í frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðan ríkisstj. telur nauðsynlegt að lækka verð tiltekinna nauðsynjavara með greiðslum úr ríkissjóði, er heimilt að takmarka sölu umræddra vara með skömmtun.“

Nú er það svo, að þær vörur, sem niðurgreiddar eru og skammtaðar, eru smjörlíki og smjör, en það er jafnframt leyft að selja báðar þessar vörutegundir ótakmarkað gegn hærra verði, m. ö. o. óniðurgreiddu verði. Ég hygg, að þegar frv. var samið, hafi verið ætlunin, að sami háttur væri hafður, en með orðalagi frv. er beinlínis gefin heimild til þess að takmarka sölu á þessum vörutegundum yfirleitt. En með þeirri brtt., sem ég legg fram, er gert ljóst, að heimilt sé að takmarka eingöngu það magn, sem greitt er niður af ríkissjóði, og hygg ég, að það sé réttari leið að fara í þessu efni.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. (SkG) flutti hér eina þá frómustu og heiðarlegustu þingræðu, sem ég hef heyrt nokkurn hv. þm. stjórnarflokkanna halda hér á þingi. Hann kom þar máli sínu, að hann var mér algerlega sammála um, að frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 175, sé eitt hið minnsta mál, sem hér hefur verið til umr., enda þótt um það hafi verið rætt meira en flest önnur mál, sem hér hafa verið til umræðu.

Niðurstaða hv. þm. V-Húnv. var sú, að eina breytingin, sem þetta frv. hefði í för með sér við fjárhagsráðsl., væri sú, að nafnið „fjárhagsráð“ væri fellt niður ásamt þremur ráðsmönnum. Þetta er fullkomlega rétt hjá hv. þm. V-Húnv., og ástæðan til þess, að þessi breyting er gerð, er, eins og öllum er kunnugt, loforð hv. stjórnarflokka í kosningunum í sumar um að leggja niður fjárhagsráð. Þetta loforð hafa þeir efnt eða hyggjast efna á þann hátt að nema burt nafnið „fjárhagsráð“ og þrjá ráðsmenn.

Hv. þm. V-Húnv. sagði þó, þegar hann var búinn að lýsa frv. því, sem hér liggur fyrir, að hann mundi nú fylgja þessu frv. hæstv. ríkisstj., og skildist manni, að það hlyti þá eingöngu að vera af hlýðni og þægð við hæstv. ríkisstj., en ekki af því, að hann sæi neina skynsamlega ástæðu sjálfur að fylgja málinu fram.

Þessi hv. þm. gat þess einnig mjög réttilega, að eitt megineinkenni þessa frv. væri að færa málfar þess í öllu lágkúrulegri stíl en verið hefði á fjárhagsráðsl. Tók hann sem dæmi nafn stofnunar þeirrar, sem hér á að setja á fót, innflutningsskrifstofa, og sagði, að sér fyndist öllu minni reisn í því orði heldur en „fjárhagsráði“. Þetta er einnig fullkomlega rétt hjá hv. þm. V-Húnv., eitt meginatriðið í þessu nýja frv. ríkisstj. er að færa allt málfar frv. á lágkúrulegra stig en var á fjárhagsráðsl., gera það flatneskjulegra og rislægra að öllu leyti. Mun þetta vera gert til þess að færa íslenzka löggjöf í búning núverandi valdhafa og samræma hana þeirri meðalmennsku, sem verið hefur aðaleinkenni íslenzkra valdamanna síðustu árin.

Um það atriði, sem hér hefur verið nokkuð rætt, að í þessu frv. fælist nokkur rýmkun í byggingarmálum, vil ég aðeins endurtaka það, sem ég áður sagði, að svo er ekki. Hæstv. viðskmrh. viðurkenndi, að það væri rétt, sem ég hefði haldið fram, að bygging útihúsa í sveitum hefði verið frjáls nema að því formi til, að sækja hefði þurft um fjárfestingarleyfi fyrir þessum byggingum. Sagði hann þó, að hér væri mikill munur á, því að menn hefðu haft af því mikla fyrirhöfn og erfiði að bíða lengi eftir leyfum fyrir þessum byggingum, eiga viðtöl við fjárhagsráðsmenn og annað þess háttar, alls konar óþægindi, sem þetta hefði haft í för með sér.

Þó að hæstv. ráðherrar hafi mikla löngun til þess að sparka í þjóna sína í fjárhagsráði, sem

verið hafa þeirra tryggustu þjónar undanfarin ár í verstu verkunum fyrir ríkisstj., — þó að þeir hafi mikla löngun til að sparka nú í þá svona rétt fyrir andlátið, þá held ég, að þeir ættu ekki að gera það, þar sem það er algerlega tilhæfu- og ástæðulaust. Varðandi þessi leyfi fyrir útihúsum í sveitum hafa engir þurft að bíða lengi eða baka sér óþarfa fyrirhöfn. Þessi leyfi hafa verið send inn á þeim tíma til fjárhagsráðs, þegar enginn gat byggt, þ. e. a. s. um áramót, og þau hafa ævinlega verið afgreidd fyrir febrúarlok, þ. e. a. s. áður en hægt var að hefja nokkrar byggingarframkvæmdir. Hafi leyfin úti um sveitir verið send fjárhagsráði að sumarlagi, þegar átti að fara að hefja byggingu, þá hefur það í velflestum eða öllum tilfellum verið afgreitt þannig, að samstundis hefur verið sent svar með símskeyti til viðkomandi aðila, en leyfi síðan með fyrstu ferð. Mér þykir leitt, að hv. þm. N-Þ. er ekki hér viðstaddur, en hann á sæti í fjárhagsráði, er þar að auki einn af hv. þm. stjórnarliðsins og hefði getað borið vitni um þessi mál og um það, hvernig hæstv. viðskmrh. fór með þau.

Annað atriði var í ræðu hæstv. viðskmrh., þar sem hann vék að því, sem ég hafði áður um þetta sagt, sem ég vildi gera lítils háttar athugasemd við. Hann sagði þar, að ég hefði lofsamað, að því er mér skildist, það fyrirkomulag að sækja um fjárfestingarleyfi og vildi ekki, að það væri afnumið. Þetta er ekki rétt. Ég sagði hvorki lof né last um það atriði út af fyrir sig. Það eina, sem ég sagði, var það, að breyting á skriffinnskunni yrði engin með þessu nýja frv., þar sem í stað fjárfestingarleyfanna kæmi nú, að oddvitar og byggingarnefndir skyldu safna upplýsingum um þær byggingar, sem leyfðar væru, og þá vitanlega fá þessar upplýsingar hjá þeim, sem byggja, og baka þeim því alveg sömu fyrirhöfn hvað skriffinnsku snertir.

Loks ætla ég svo aðeins að víkja að því atriði, þegar hæstv. viðskmrh. ræddi hér um brtt. þá, sem ég hef borið fram. Hann færði aðeins eina röksemd fram gegn þessari brtt. Hann sagði, að Hagstofa Íslands gæti ekki tekið að sér það verkefni að semja þjóðhagsreikninga án þess að bæta við sig miklu starfsliði. Ég vildi nú mega spyrja hæstv. ráðh., hvort Framkvæmdabanki Íslands geti tekið þetta verkefni að sér án starfsliðs eða án þess að bæta við sig miklu starfsliði. Á Framkvæmdabanki Íslands eitthvað auðveldara með að leysa þetta verkefni án starfsliðs heldur en Hagstofa Íslands? Ég sagði í þeim orðum, sem ég mælti fyrir þessari brtt., að Hagstofa Íslands hefði nú þegar með höndum mikið af því starfi, sem leysa þarf í sambandi við þjóðhags- og þjóðartekjureikningana. Ég sagði, að hagstofan hefði og léti vinna árlega mikið af þessu starfi. Það er engin stofnun til í þessu þjóðfélagi, sem þyrfti minna að bæta við sig af starfsliði til að taka þetta verkefni að sér heldur en Hagstofa Íslands. Mér þætti ekki ótrúlegt, þó að Hagstofa Íslands þyrfti ekki að bæta við sig nema einum manni, þ. e. a. s. einum sérfræðingi, einum manni með sérþekkingu á þjóðhagsreikningum, til þess að geta tekið þetta verkefni að sér. En Framkvæmdabanki Íslands þarf fyrst og fremst þennan sérfræðing og þar að auki talsvert — ég þori að segja talsvert — starfslið annað til þess að geta leyst verkefnið af höndum. Þar að auki mundi Framkvæmdabanki Íslands aldrei geta leyst þetta verkefni af höndum nema fá þær upplýsingar, sem Hagstofa Íslands hefur nú þegar.

Það er líka eitt þýðingarmikið atriði í þessu sambandi. Ef á að semja þjóðhagsreikninga og þjóðartekjureikninga, sem byggja á síðan á ákveðnar mjög þýðingarmiklar ráðstafanir og gerðir, þá er nauðsynlegast af öllu, að þessir reikningar séu sem allra réttastir og allra nákvæmastir, og það getur enginn efazt um það, að það er fjöldi manna og fyrirtækja í þessu landi, sem ættu að gefa upplýsingar varðandi þessar breytingar, sem vantreysta Framkvæmdabanka Íslands fullkomlega og mundu aldrei af hræðslu einni saman þora að gefa honum nákvæmar eða réttar upplýsingar. Hins vegar vantreystir enginn maður Hagstofu Íslands, og Hagstofa Íslands er áreiðanlega sú stofnun þessa þjóðfélags, sem á hægast og auðveldast með að fá upplýsingar og fólk treystir almennt langbezt. Ég segi þetta ekki endilega Framkvæmdabanka Íslands til lasts. Það er sama, hvaða banki tæki þetta að sér, ef það þarf endilega að vera banki, sem ég alls ekki skil, því að það þekkist hvergi nokkurs staðar í veröldinni, að bankar hafi svona störf með höndum. Ef menn vilja gera eitthvert grín eða telja nauðsynlegt að fara fram hjá Hagstofu Íslands með þetta mál, þá væri miklu viturlegra að afhenda það — við skulum segja — framleiðsluráði landbúnaðarins, því að sú stofnun hefur ýmsar upplýsingar í höndum og safnar þeim árlega, sem þarf að nota við svona verk. Það væri miklu skynsamlegra. Landssambandi sjávarútvegsins væri miklu viturlegra að afhenda þetta heldur en einhverjum banka, og sízt af öllu kæmi þó Framkvæmdabanki Íslands til greina, vegna þess að í l. þess banka er ákveðið, að hann skuli hafa sem allra minnst starfslið. Þar er ákveðið, að Landsbanki Íslands skuli annast flestöll dagleg störf fyrir hann, og þetta var gert til þess, að þessi stofnun yrði ódýr í rekstri. En nú á allt í einu að fara að afhenda þessari stofnun verkefni, sem þarf, fyrst þessi stofnun tekur við því, áreiðanlega nokkuð marga menn til að leysa. Þetta er mikið og vandasamt verkefni. Framkvæmdabankinn hefur mér vitanlega engan mann í sinni þjónustu núna, sem gæti tekið þetta starf að sér eða unnið nokkuð að því. Og þó er það allra helzt að athuga, að þær þjóðir, sem bezta reynslu hafa í þessu efni og hafa látið semja svona þjóðhagsreikninga árum saman, hafa allar falið það verkefni stofnunum, sem eru algerlega hliðstæðar Hagstofu Íslands. Þess vegna vænti ég þess, að hv. þm. hafi vit fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu efni og samþ. brtt. þá, sem ég hef borið fram, og ég vona það, þrátt fyrir það að handjárnin hafi verið sterk og séu sterk, meira að segja svo sterk, að hæstv. ríkisstj. er farin að tala hér sérstakt handjárnamál.

Í framsöguræðu þeirri, sem hæstv. viðskmrh. flutti fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 175, sagði hann svo í upphafi ræðu sinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Með frv. þessu eru lög

um fjárhagsráð afnumin.“ Ég hef aldrei heyrt það fyrr, að l. væru afnumin með frv., fyrr en þá frv. hefur verið samþ. og orðið að l. Þetta er handjárnamál. Þetta er orðað svo vegna þess, að ríkisstj. er viss um, að hennar lið þorir ekki annað en að samþ. það, sem hún ber fram. Ummæli eins og þessi eru þó algerlega ósæmileg hér á hinu háa Alþ., jafnvel frá hæstv. ríkisstj.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til andsvars þeim tveim ræðum, sem fluttar voru í eftirmiðdag, eftir að ég hafði talað. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda gefa ræðurnar ekki mikið tilefni til þess. Þó vil ég segja þetta:

Hæstv. viðskmrh. sagði, að aðaltill. mín á þskj. 239 um það, að verzlunin skuli gefin frjáls, bæri vott um það, að ég hlyti að hafa góða trú á, að úr rættist í fjárhagsmálum þjóðarinnar, og að hún væri í raun og veru traustsyfirlýsing til hæstv. ríkisstj.

Það, sem í till. þessari felst, er það eitt, að ég vil gefa hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokkum kost á því að sýna í verki með atkv. sínu, hvort þeir trúa á stefnu sína, hvort þeir trúa á það, að þeim hafi tekizt að framkvæma þá stefnu, sem þeir boðuðu fyrir þrem árum, er gengislækkun krónunnar var samþ. vorið 1950 að tilhlutan hæstv. fyrrv. ríkisstj.

Þegar gengislækkunarfrv. var borið fram, var því haldið fram í þeirri sérfræðilegu ritgerð, sem fygldi frv., að ef haldið væri vel og skynsamlega á efnahagsmálum þjóðarinnar og þó sérstaklega fjármálum hennar og peningamálum, þá væri hægt að gefa alla utanríkisverzlunina frjálsa. Þetta var boðskapur sjálfrar hæstv. fyrrv. ríkisstj. til þingsins, um leið og hún lagði frv. fram. Með því átti að stíga stórt spor í þá átt að gera efnahagskerfið heilbrigt, og það var undirstrikað sérstaklega, að það, sem á stæði til þess að gefa verzlunina frjálsa, væri það eitt, að rekin væri heilbrigð stefna í efnahagsmálum. Nú höfum við haft tvær ríkisstj., sem báðar hafa væntanlega framfylgt heilbrigðri stefnu í efnahagsmálum. Þessar stjórnir hafa báðar sagzt vilja framkvæma slíka stefnu og hafa ávallt sagzt vera að gera það. Það eru tvö eða þrjú ár liðin síðan framkvæmd þessarar heilbrigðu stefnu hófst, og nú langar mig að vita, hvort hæstv. ríkisstj. sjálf og stuðningsflokkar hennar trúa á árangurinn af stefnu sinni.

Hafi þessi boðskapur sérfræðinganna til þingsins verið réttur, og hafi þessar tvær ríkisstj. fylgt réttri fjármálastefnu, þá ætti núna að vera komið það ástand, að óhætt væri að gefa verzlunina frjálsa. Ef hæstv. ríkisstj. telur það ekki óhætt, þá getur ástæðan ekki verið nema önnur hvor, að boðskapurinn frá 1950 hafi verið rangur eða þá að stefna stj. í efnahagsmálum hafi verið óheilbrigð. Ég vil segja, að ef í þessum till. mínum felst traustsyfirlýsing til ríkisstj., þá vil ég benda hæstv. viðskmrh. á það, að ef stjórnin eða stjórnarflokkarnir fella þessa till., þá eru þeir að samþ. vantraust á hæstv. ríkisstj. Með því að lýsa þessum till. sem traustsyfirlýsingu á hæstv. ríkisstj., er hæstv. ráðh. eiginlega að beina því til flokksmanna sinna að samþ. till., því að fella þær væri að lýsa vantrausti á stjórnina. Ekki skil ég, að hæstv. viðskmrh. ætlist til þess af stuðningsmönnum sínum, að þeir lýsi vantrausti á honum sjálfum.

Hæstv. viðskmrh. sagði, og það sagði einnig hv. 5. þm. Reykv., að nú væru gjaldeyriserfiðleikar. Það hafði ég einmitt upplýst við 1. umr. málsins, en hæstv. viðskmrh. ekki. Hann hafði þagað algerlega um ástandið í gjaldeyrismálunum, svo alvarlegt sem það er nú, en ég varð til þess að skýra þingheimi frá því, hversu alvarlegt það er. Ef hann bendir einvörðungu á gjaldeyriserfiðleikana sem rök fyrir því, að ekki sé hægt að gefa verzlunina frjálsa, þá vildi ég benda hæstv. ráðh. á, að hann virðist alls ekki hafa áttað sig á kjarnanum í röksemdafærslu sérfræðinga hæstv. fyrrv. ríkisstj. Kjarni röksemdafærslu þeirra er sá, að gjaldeyriserfiðleikar séu einvörðungu afleiðing af rangri stefnu innanlands í efnahagsmálum. Það gengur eins og rauður þráður í gegnum alla hina hagfræðilegu álitsgerð sérfræðinga fyrrv. ríkisstj., að gjaldeyriserfiðleikar séu aðeins ranghverfan á óheilbrigðri stefnu í fjármálum og peningamálum innanlands; með því að haga útlánapólitík bankanna og fjármálastefnu ríkisins á tiltekinn hátt og að öðru leyti stefnunni í fjármálunum, þá megi ávallt tryggja, að komizt verði hjá gjaldeyriserfiðleikum.

Samkvæmt kenningakerfinu, sem hæstv. ríkisstj. vill lifa eftir og segist lifa eftir, eru gjaldeyriserfiðleikar einmitt staðfesting á því, að fjármálastefnan innanlands hafi verið röng. Láti hæstv. ríkisstj. í ljós, að hún búist við því, að þessir gjaldeyriserfiðleikar muni halda áfram og þess vegna muni ekki verða hægt að létta á þeim höftum, sem nú eru, á næstunni, þá er það yfirlýsing um, að hún treysti sér ekki til þess að manna sig upp í að taka upp svo heilbrigða fjármálastefnu innanlands, að hún geti losað okkur við gjaldeyriserfiðleikana. Þetta er auðvitað mergurinn málsins.

Hæstv. ráðh. tók ekki vel í þá till. mína, sem ég flyt á þskj. 239, að létt verði undir með almenningi að gera sjálfur pantanir á vörum frá útlöndum, þeim vörum, sem á annað borð eru frjálsar. Verð ég að segja, að hér birtist ástin á verzlunarfrelsinu í mjög undarlegri mynd. Hvað á það að þýða að lýsa því yfir, að innflutningur á ákveðinni vöru skuli vera frjáls, en meina síðan almenningi að panta vöruna sjálfur, ef hann vill og getur komizt í samband við erlent pöntunarfirma, sem selur einstaklingum, og hann sér í verðlistum frá því vörur, sem hann hefur ágirnd á? Varan er á frílista, og það á að vera frjálst að flytja hana til landsins. Hví má ekki einstaklingurinn panta hana, ef honum sýnist svo? Hví má ekki gera tilraun til þess að komast fram hjá milliliðunum og fá vöruna, sem hann velur sér sjálfur, við hagstæðu verði? Einu rökin, sem hæstv. viðskmrh. nefndi, voru þau, að hjá slíkum erlendum pöntunarhúsum væri um að ræða smásöluverð, en ekki heildsöluverð. Þetta er mesti misskilningur. Það verð, sem slík pöntunarfirmu bjóða upp á í verðlistum sínum, er mjög lágt, oft og einatt beinlínis lægra en heildsöluverð í viðkomandi löndum, vegna þess að þessar verzlanir eru reknar sem heildverzl-

anir, eru mjög stórar og komast af með mjög lítið húsnæði, vegna þess að þær eru oft staðsettar í úthverfum bæja, hafa mjög einfalt afgreiðslukerfi, þar sem þær senda allt í pósti og afgreiða einvörðungu standardiseraðar vörur og í standardiseruðu formi, og hafa þess vegna ákaflega lágan afgreiðslukostnað og tekst því einmitt að bjóða upp á sérstaklega lágt verð. Þessi stóru heimsþekktu „mail-order"-firmu svo kölluðu, eins og t. d. Montgomery Ward í Ameríku, og mörg fleiri mætti nefna, sem starfa í Bretlandi, Frakklandi, Þýzkalandi og á Norðurlöndum, selja með verði, sem er lægra en smásöluverð, og það er í algeru ósamræmi við boðskap hæstv. viðskmrh. um nauðsyn á verzlunarfrelsi, ef hann vill meina almenningi að komast í beint samband við slík firmu og komast fram hjá milliliðum hér.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að sér kæmi það á óvart, að málsvarar flokka, sem aðhylltust sósíalistíska stefnuskrá, bæru fram till. um að gefa innflutning og útflutning frjálsan. Það er alger misskilningur á kjarna sósíalistískrar stefnuskrár að telja hana jafngilda höftum á innflutningi eða útflutningi. Kjarni sósíalistískrar stefnuskrár er, að komið sé á áætlunarbúskap og ríkisrekstri í ýmsu formi og á vissum sviðum. Þar er um að ræða gagngera heildarskipulagningu á atvinnukerfinu öllu. En ef atvinnukerfið á annað borð byggist á frjálsu einkaframtaki eða samvinnu frjáls einkaframtaks, samvinnurekstrar og opinbers rekstrar, þá er enginn kominn til með að segja, að það sé í samræmi við stefnu sósíalistískra flokka, að sá hluti hagkerfisins, sem er í höndum einkaframtaks, skuli vera háður einhvers konar höftum. Þvert á móti getur verið æskilegra og réttara, að sú starfsemi sé sem frjálsust og samkeppni milli aðilanna innbyrðis sem mest og bezt og samkeppni við hin önnur skipulagssvið efnahagslífsins, samvinnureksturinn og hinn opinbera rekstur. Ef um höft er að ræða á innflutningi eða útflutningi í hagkerfi, sem á annað borð er kapítalistískt, eru þau oft og einatt og venjulega sett af allt öðrum ástæðum og mjög oft til þess að leysa úr vissum bráðabirgðavandkvæðum, sem að steðja, til þess að koma í veg fyrir önnur enn þá verri vandkvæði, sem ella mundu dynja yfir. Þess vegna er það ekkert andstætt stefnuskrá sósíalistískra flokka, þó að þeir vilji, að sá einkarekstur, sem á annað borð er til, sé sem frjálsastur. Það getur verið miklu heilbrigðara, að hann sé algerlega frjáls og óheftur, heldur en að hann sé í viðjum hafta, sem þá kannske verða undirrót ýmiss konar spillingar og misnotkunar, eins og þau höft, sem hér hafa verið undanfarin ár, hafa verið að mjög mörgu leyti, fyrst og fremst vegna þess, að illa hefur verið á þeim haldið.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Brtt. þá, sem hér hefur verið lýst, við 4. gr. frv., og ég hef leyft mér að flytja, má skoða nánast sem leiðréttingu. Það stendur, að skylt sé að afhenda Útvegsbanka Íslands og Landsbanka Íslands þann gjaldeyri, sem mönnum kann að áskotnast, en þetta á vitanlega að vera Útvegsbanka Íslands eða Landsbanka Íslands, því að það er ekki ætlazt til, að báðum bönkunum sé endilega afhentur gjaldeyrir.

Hv. 1. landsk. gerði enn að umtalsefni þá brtt. sína, að almenningi mætti vera frjálst að gera pöntun á vörum erlendis frá og kaupa vörur þannig í smásölu. Ég lýsti því í kvöld, að það gæti hætta af þessu stafað að því leyti, að sá gjaldeyrir, sem þjóðin hverju sinni hefur yfir að ráða, yrði ekki drýgður með þessu verzlunarfyrirkomulagi. Ég er eins kunnugur þessu eins og hv. 1. landsk., að þessir verðlistar, sem hingað eru sendir frá hinum ýmsu vöruhúsum, eru með smásöluverði. Sú röksemdafærsla hjá hv. 1. landsk., sem hann hér fór með áðan, að þessi verzlunarhús væru rekin svo sérstaklega ódýrt, þau hefðu fátt starfsfólk, þau hefðu lítið húsnæði og gætu þess vegna boðið vörur á lágu verði, fær vitanlega ekki staðizt, vegna þess að þessi vöruhús afgreiða til hv. 1. landsk. og mín og hvers annars aðeins einn frakka, ef við viljum panta hann, aðeins einn hlut. Það leiðir af sjálfu sér, að fyrirtæki, sem hefur þannig afgreiðslu, þarf fleira starfsfólk og meiri kostnað heldur en fyrirtæki, sem aðeins afgreiðir í stórum slöttum. Ég held, að hv. 1. landsk. hljóti að hverfa frá villu síns vegar og viðurkenna, að það er nauðsynlegt fyrir þjóðina, að þær vörur, sem eru keyptar, séu keyptar á hagstæðu verði. Ef við ekki stuðlum að því, þá hljótum við alltaf að verða í gjaldeyrisþröng. Það er þess vegna höfuðnauðsyn, að vanir menn, duglegir menn og kunnugir menn geri innkaup á vörunum og leitist eftir því að fá vörurnar á sem lægstu verði, — það er þjóðfélagsleg nauðsyn, — en ekki að einstaklingar, Pétur og Páll, séu að kaupa í smásölu, á smásöluverði og láta þannig gjaldeyri út úr landinu til óþarfa.

Hv. 1. landsk. vill ekki viðurkenna það, að till. hans um að gera verzlunina frjálsa sé traustsyfirlýsing á núverandi ríkisstj. En þetta munu allir skilja svo, vegna þess að við erum sammála um, hvað þarf að ske, til þess að verzlunin geti orðið frjáls. Það þarf að gerast í atvinnumálum, peningamálum og fjármálum, að traustlega og vel sé á þessu haldið, svo að þessir þættir atvinnulífsins geti verið heilbrigðir að öllu leyti. Og sú ríkisstj., sem á að gera þessar ráðstafanir og ætlazt er til að geri þessar ráðstafanir, hlýtur að hafa traust hjá þeim, sem ætlast til slíks af henni. Hv. 1. landsk. hefði vitanlega ekki flutt þessa till., ef hann hefði ekki treyst ríkisstj. til þess að uppfylla skilyrðin.

Hv. ræðumaður sagði áðan, að það hafi lítið áunnizt í þau 3 ár, sem liðin eru síðan boðskapurinn um frjálsa verzlun var boðaður hér í sölum þingsins. Það er rétt, að 1950, með þeirri stefnubreytingu, sem þá var gerð, með gengisbreytingunni og þeim boðskap og athöfnum, sem því fylgdi, skapaðist grundvöllur fyrir frjálsa verzlun að nokkru leyti og afnám ýmiss konar hafta, sem voru í algleymingi meðan Alþfl. hafði stjórnarforustuna í landinu. Og ég verð að segja það, að þótt ekki hafi enn tekizt að ná fullu frelsi í þessum málum, þá hefur miðað vel í áttina. Það eru 50—60% — eða 65% jafnvel af þeim vörum, sem fluttar eru til landsins, á frílista, þótt nokkuð af þessu vörumagni sé á hin-

um svo kallaða skilorðsbundna frílista, bátagjaldeyri. Og það er ákaflega mikill munur á, sé miðað við það, þegar allar vörur voru háðar leyfum og höftin voru hér í algleymingi og svarti markaðurinn þróaðist í skjóli haftanna.

Núverandi ríkisstj. hefur sömu stefnu í viðskiptamálum og sú fyrrverandi, að gefa verzlunina frjálsa, og mun fikra sig áfram á þeirri braut, eftir því sem gjaldeyrisástæðurnar leyfa. Þess vegna er 1. gr. frv. orðuð eins og hún er orðuð, að á þeim vörum, sem ríkisstj. ákveður hverju sinni með reglugerð, skuli vera frjáls innflutningur til landsins. Þessi reglugerð verður sniðin og henni verður breytt hverju sinni eftir því, hvernig gjaldeyrisástandið er. Ríkisstj. þarf þess vegna ekki á till. hv. 1. landsk. að halda, vegna þess að 1. gr. frv., eins og hún er, skapar ríkisstj. möguleika til þess að gefa verzlunina alfrjálsa, hvenær sem hún telur sér það fært.

Hv. 1. landsk. gengur algerlega í villu um það, ef hann álítur, að hann hafi opnað augu ríkisstj. fyrir því, að ekki er nægjanlegur gjaldeyrir fyrir hendi í dag til þess að gefa verzlunina að öllu leyti frjálsa. Ríkisstj. hefur gert sér þess fulla grein. Þess vegna gerir hún ráð fyrir takmörkunum á innflutningi á ýmsum vörum enn um sinn, en keppir fast og ákveðið að því marki að gera verzlunina frjálsa og byggja undirstöðuna á föstum grunni að frjálsri verzlun með því að gera peningamálin, fjármálin og efnahagsmálin í landinu þannig, að þessi grundvöllur fáist. Hér eru því engar skoðanir skiptar á milli mín og hv. ræðumanns, hvað þetta snertir, en með því að 1. gr. frv. er eins og hún er úr garði gerð, gefur hún ríkisstj. möguleika á því að gera verzlunina alfrjálsa, hvenær sem hún telur sér það fært, en hafa takmarkanir á innflutningi, ef það er nauðsynlegt.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að gera athugasemdir við í sambandi við ræðu hv. 1. landsk. þm. Vil ég þá fara nokkrum orðum um það, sem hv. 8. landsk. sagði hér áðan. Hann byrjaði á því að tala um ræðu hv. þm. V-Húnv. og talaði um það, að hv. þm. V-Húnv. hafi í ræðu sinni verið á sama máli og hann, 8. landsk. þm. Þetta er alveg reginmisskilningur, vegna þess að hv. þm. V-Húnv. varði verulegum tíma ræðu sinnar í það að leiðrétta hv. 8. landsk., þar sem hv. 8. landsk. hafði farið með staðlausa stafi í sambandi við 8. gr. þessa frv. Hv. 8. landsk. þm. vildi staðhæfa, að samkvæmt 8. gr. frv. fælist engin rýmkun á fjárfestingunni frá því, sem gilt hefði, og vildi meina, að smáíbúðirnar væru eins stórar og gert væri ráð fyrir í 8. gr. frv., eða 520 m³, og að smáíbúðirnar hefðu verið að öllu leyti frjálsar. Hv. þm. V-Húnv. varði löngum tíma í að upplýsa, að hv. 8. landsk. fór hér með rangt mál, sem hann gerði, vegna þess að smáíbúðirnar eru aðeins 340 m³, — 340 sagði einn ráðsmaður mér núna kl. 7 í kvöld, þegar ég hringdi til hans, og skeikar þetta nokkuð miklu, miðað við 520 m³, sem er áreiðanlega fullkomin íbúð eins og ég hef áður upplýst, íbúð að flatarmáli 150 ferm., 7 herbergja íbúð, ásamt geymslu, þvottahúsi og öðru, sem þarf að fylgja fullkominni íbúð. Það er þess vegna rangt, þegar talað er um, að í þessu frv. felist engin rýmkun í fjárfestingu. Það má segja, að öll fjárfesting, sem snertir almenning, sé frjáls, bílskúrar líka. Það er einnig rangt, sem hv. 8. landsk. sagði hér í dag, að bílskúrar kostuðu meira en 40 þús. kr. Ég þekki dálítið inn á það, hvað kostar að byggja, og ég staðhæfi, að það má byggja ágætan bílskúr fyrir 20—25 þús. kr. Það má kannske halda þannig á málum í sambandi við byggingar, að einn bílskúr kosti yfir 40 þús. kr., en það er algerlega óþarfi að láta hann kosta svo mikið.

Hv. 8. landsk. var að tala um það, að við í stj. vildum sparka í starfsmenn fjárhagsráðs, ráðsmennina, sem hafi þó verið skjöldur og skjól ríkisstj. undanfarið. Ég kannast alls ekki við, að við höfum löngun til að sparka í þessa menn, og við viljum alls ekki gera það eða vanþakka þeim störfin. Ég hef aldrei sagt, að þessir menn í fjárhagsráði hafi unnið illa sín störf. En ég hef staðhæft, að þau störf, sem þeir hafa unnið þarna í sambandi við öll höftin, hafi verið óvinsæl og gert ágæta menn og vel starfhæfa óvinsæla vegna þeirra skilyrða og þess ramma, sem þeim var sniðið að starfa eftir. Og hvers vegna skyldum við vilja sparka í þessa menn? Þeir eru beztu kunningjar okkar og vinir. En þegar verið er að ræða um þessi mál, þá verður að geta um, hvernig þetta hefur reynzt, og það hefur verið tekið fram hér áður, að það er ómaklegt að skamma mennina fyrir það, þótt framkvæmdin hafi orðið óvinsæl, vegna þess að hún gat ekki verið annað, alveg sama hvaða menn þarna hefðu verið. Undir þeim skilyrðum, sem þeir áttu að starfa, var ekki hægt annað en að það yrði óvinsælt hjá öllum almenningi.

Hv. 8. landsk. fór með þá fullyrðingu hér fram áðan, að skriffinnskan mundi ekkert minnka í sambandi við fjárfestinguna, þó að þetta frv. yrði að lögum. Það er nú óþarfi að svara slíku, að skriffinnskan minnki ekkert, þegar ekki þarf að sækja um leyfi og ekki þarf að gefa út leyfi, hvorki fjárfestingarleyfi né skömmtunarleyfi á byggingarefni. Það er einnig óþarfi að svara þeirri fullyrðingu þessa manns, að menn spari sér ekki fyrirhöfn og tíma, eftir að þessi breyting er á orðin. Hvað hafa menn eytt löngum tíma í að sækja skömmtunarseðla fyrir byggingarefni upp í fjárhagsráð, enda þótt þeir hafi eftir atvikum fengið þar góða afgreiðslu og eins góða og fljóta afgreiðslu og skilyrði voru til að veita? Eigi að síður kostaði þetta tíma og fyrirhöfn og skriffinnsku, sem allur almenningur í landinu verður glaður að vera laus við.

Hv. 8. landsk. þm. gerði 9. gr. enn að umtalsefni, sem eðlilegt er, af því að hann hefur séð ástæðu til þess að flytja brtt. við þá gr. og vill, að Hagstofa Íslands annist útreikninga á þjóðhagsreikningunum og leiti þeirra upplýsinga, sem til þess þarf, að það sé gert. Hann fór með fullyrðingar í sambandi við það eins og margt annað hér, sem ekki geta staðizt. Það hefur verið rætt við Hagstofu Íslands um þetta, og það er óhætt að segja, að hún hefur ekki óskað eftir að gera reikningana, hvort sem hún hefði nú gert það, ef henni hefði verið falið það. Það er áreiðanlega ekki álit hagstofustjórans, að hann kæmist af með að bæta við einum manni við starfslið sitt, ef hann tæki þetta að sér. Ég sagði

ekki hér í dag, að málinu væri betur borgið hjá hagstofunni en Framkvæmdabankanum. Ég sagði þvert á móti, að málið gæti átt heima hjá hagstofunni, en af eðlilegum ástæðum væri því bezt borgið hjá Framkvæmdabankanum og heyrði undir þá stofnun, þar sem Framkvæmdabankinn væri eðlilegasta stofnunin til þess að annast þjóðhagsreikningana og fylgjast með fjárfestingunni í landinu. — Sú fullyrðing hv. 8. landsk. þm., að almenningur í þessu landi muni ekki treysta Framkvæmdabankanum, heldur aðeins hagstofunni, er vitanlega alveg út í bláinn, vegna þess að það er vitað, að bankastjóri Framkvæmdabankans a. m. k. og það fólk, sem hann mun til sín ráða, mun vitanlega verða ekki síður starfhæft fólk heldur en það, sem hagstofan hefur. Svona fullyrðingar út í bláinn hafa vitanlega ekkert gildi og alger óþarfi að eyða tíma í að hrekja þær.

Hv. 2. þm. Reykv. flutti hér óvenjulega stutta ræðu, ef miða skal við það, sem hann er vanur að gera um svona mál. Hann varpaði þeirri spurningu fram, hverju ætti að trúa í sambandi við frv., að einn stuðningsmaður ríkisstj., hv. þm. V-Húnv., hefði nú sagt, að þetta frv. boðaði engin þáttaskil, aftur á móti héldi ríkisstj. fram, að frv. boðaði nýja tíma.

Ég býst nú við, — og veit það, — að hv. 2. þm. Reykv. er nógu greindur til þess að gera hér mun á, og hann þarf ekki að spyrja, að þetta frv. boðar þáttaskil. Það boðar þáttaskil, þegar það afnemur alla fjárfestingu, sem snertir almenning í landinu. Það boðar þáttaskil, þegar það er flutt af ríkisstj., sem hefur frjálsa verzlun á stefnuskrá sinni og gerir frv. þannig úr garði samkvæmt 1. gr., að ríkisstj. getur gefið verzlunina frjálsa, hvenær sem ástæður eru fyrir hendi. Þetta eru þáttaskil, og þetta skilur hv. 2. þm. Reykv., þótt hann varpi svona spurningu fram.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði útflutningsverzlunina nokkuð að umtalsefni og vill halda því fram, að hún sé einokun, eins og hún er nú, en ég minntist á það hér í dag, að útflutningsverzlunin væri í því formi, sem útflytjendurnir, framleiðendurnir óska, þ. e. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga. Þessir aðilar hafa allir með sér félagsskap, og það eru kosnir fulltrúar til þess að mæta á fundum þessara stofnana, og það eru þessir fundir, sem ákveða það og ráða því algerlega sjálfir, hvaða fyrirkomulag þeir vilja hafa. Er nokkur ástæða til þess, að hv. Alþ. fari að grípa hér inn í og hafa vit fyrir þessum aðilum? Er nokkur ástæða til þess að ætla, að þeir velji sér ekki það form, sem þeir eftir reynslu og sérstakri þekkingu telja heppilegast og bezt? Ég er alveg sannfærður um það, að þessir aðilar hafa það form á þessu, sem reynslan hefur sýnt þeim að væri bezt og heppilegast, og þess vegna er ekki ástæða til, að Alþ. fari að grípa þarna inn í.

Hv. 2. þm. Reykv. varpaði einnig fram þeirri spurningu, hvort innflutningur á byggingarefni ætti að einokast, eins og hann orðaði það, og innflutningur á byggingarefni væri það raunverulega samkvæmt þessu frv. Ef hv. 2. þm. Reykv. hefur ekki lesið frv. nógu vel, þá vil ég taka það fram, að frv. segir ekkert um það. Það segir ekkert um það, að innflutningur á byggingarefni skuli ekki vera frjáls, heldur það, að innflutningur á byggingarefni, eins og á öðrum vörum, er háður reglugerð, sem ríkisstj. gefur út. Frv. gefur þess vegna fulla heimild til þess að gefa innflutning á byggingarefni algerlega frjálsan.

Hv. 2. þm. Reykv. var hér að tala um lánaspursmálið og lánsfjárbann, sem ráðherra eða ráðherrar Sjálfstfl. hefðu komið á, og það var ekki annað að heyra á þessum hv. þm. heldur en að ráðherrar Sjálfstfl. hefðu fyrirskipað bönkunum að lána ekki til íbúða. Hv. 3. þm. Reykv., sem hlustaði á þetta hér áðan, kallaði fram í og neitaði því, að á meðan hann var ráðherra hefði nokkuð slíkt átt sér stað. Ég get upplýst hv. 2. þm. Reykv. um það, að síðan ég tók þetta sæti, hef ég ekki skrifað neitt slíkt bréf, og ég get líka upplýst hv. 2. þm. Reykv. um, að sjálfstæðismenn og ráðherrar Sjálfstfl. hafa fullan hug á því að leysa lánsfjárþörfina til íbúða ekki síður en til annarra framfara og framkvæmda í þessu landi. Og ráðherrar Sjálfstfl. í ríkisstj. undanfarið og nú hafa sýnt fulla viðleitni til þess, eftir því sem unnt hefur verið, og munu gera það áfram. Hv. 2. þm. Reykv. ætti þess vegna að hætta því að kasta fram bombum eins og þessum, því að þær eru orðnar svo máttlausar, að þær springa ekki lengur, og tekur enginn mark á því, því að reynslan hefur sýnt, að sjálfstæðismenn hafa, eftir því sem unnt hefur verið, beitt sér fyrir því að greiða fyrir lánsfjárútvegun og munu gera það.

Hv. 2. þm. Reykv. spyr, hvar Framkvæmdabankinn sé til húsa og um starfsfólk hans. Framkvæmdabankinn er til húsa í útvegsbankahúsinu, og starfsfólk hans er enn sem komið er mjög fátt, að ég ætla. Þótt talað hafi verið um það, þegar verið var að lögfesta lögin um Framkvæmdabankann, að ef til vill mundi hann hafa aðsetur í landsbankahúsinu, þá má áreiðanlega hugga hv. 2. þm. Reykv. með því, að þótt bankinn hafi nú aðsetur í útvegsbankahúsinu, þá hefur það ekki í för með sér neina aukningu á starfsliði fyrir bankann. Ef Landsbankinn hefði tekið að sér að vinna þau störf, sem Framkvæmdabankinn gerir nú í húsnæði Útvegsbankans, þá hefði Landsbankinn vitanlega þurft að bæta við sig starfsliði á sama hátt eða ekki minna en núna er ráðið til Framkvæmdabankans, þótt hann sé í húsnæði Útvegsbankans. Þetta veit ég að hv. 2. þm. Reykv. skilur og veit, þótt hann sé nú með svona fyrirspurnir aðeins að gamni sínu og til þess að spauga svolítið um þessa hluti og Framkvæmdabankann, sem hann kallar ameríska stofnun.

Ég held, að ég þurfi svo ekki meira um þetta að segja. Skoðanamunurinn er nú ekki eins mikill og margir gætu haldið. Hv. 2. þm. Reykv. er í hjarta sínu glaður yfir því, að rýmkað hefur verið á höftunum, vegna þess að hann vill, að fólk fái möguleika til þess að byggja yfir sig, og hann vill frjálsa verzlun, og hann sér, að það er stefnt í þá átt. Og það er svipað ástatt með hv. 1. landsk. þm. Þótt hann, sem er í stjórnarandstöðu, vilji koma hér upp og andmæla þessu frv. og gera lítið úr því, þá viður-

kennir hann eigi að síður, að þetta er stórt spor í rétta átt og getur orðið til þess að bæta fyrir á margan hátt.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. talaði hér áðan, en hann kom ekkert inn á bréfið til Landsbankans og las ekki bréfið upp, sem mér þótti mjög leitt, og hæstv. viðskmrh. kom nú hérna áðan, og ég held nú bara, að hæstv. viðskmrh. hafi alls ekki kannazt við bréfið. Nú skal ég lofa hæstv. viðskmrh. að heyra, hvað fyrirrennari hans í embættinu, hv. 3. þm. Reykv., sagði. Í umræðum, sem urðu um till., sem ég flutti 1951 til rannsóknar á afskiptum ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálunum af lánveitingamálum bankanna, svaraði þáverandi viðskmrh., Björn Ólafsson — það er prentað hér í D-deild þingtíðindanna — orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er það ekkert launungarmál, að um það leyti sem frílistinn kom fram sendi viðskmrn. þau tilmæli til bankanna að auka lánveitingar ekki um of.“

Þetta er orðalagið í þessu: „að auka lánveitingar ekki um of“. Það voru tilmælin frá ráðherra Sjálfstfl. til bankanna, og þá vafalaust fyrst og fremst til Landsbankans, að auka nú lánveitingar ekki um of. Þó var þetta ekki alveg orðalagið úr bréfinu, sem hæstv. viðskmrh. þáverandi viðhafði. Nokkru seinna sagði hann í annarri ræðu, sem hann hélt aðspurður, með leyfi hæstv. forseta:

„Sannleikurinn er sá, eins og ég hef sagt hér áður, að ég sendi þeim (þ. e. bönkunum) tilmæli um að hafa hemil á útlánastarfseminni.“

Þá hét það nú „að hafa hemil á útlánastarfseminni“. Eftir að hann var nú búinn að verða tvísaga um, hvernig bréfið hljóðaði, þá bað ég hann þess vegna um að birta bréfið og hef nú gert það síðan í 2 ár að minna hann á þetta, svo að það ekki sofnaði hjá honum, en hann hefur ekki fengizt til að birta bréfið. En svo mikið er þó víst, að annaðhvort hefur hann sagt, að það mætti ekki auka lánveitingar um of, eða þá að hann hefur sagt, að það yrði að hafa hömlur á útlánastarfseminni. Ég hef nú frekar tilhneigingu til að halda, að það hafi verið kveðið þó nokkuð skarpt að orði með hömlurnar. En hvernig var lánveitingastarfsemin til húsbygginga hjá Landsbankanum á þessum tíma, þegar viðskmrh. Sjálfstfl. skrifar Landsbankanum til þess að segja Landsbankanum, að hann verði að hafa hömlur á lánveitingum til húsbygginga? Hæstv. fyrrv. viðskmrh., 3. þm. Reykv. nú, segir í þessari sömu ræðu um lánin:

„Hins vegar er vitað, að bankarnir hafa ekki lánað neitt út á húsbyggingar í mörg ár, að öðru leyti en því, að veðdeild Landsbankans hefur lánað út á hús gegn veðdeildarbréfum.“

M. ö. o.: Viðskmrh. Sjálfstfl. skrifar Landsbankanum og segir, að Landsbankinn og aðrir bankar verði nú að gera svo vel að hafa hömlur á lánveitingum til húsbygginga. Um leið segir hæstv. þáverandi viðskmrh., að bankarnir hafi nú ekki lánað neitt út á húsbyggingar í mörg ár.

Það væri nú dálítið gaman að fá bréfið. Er nú ekki von, að mann langi til þess að sjá bréfið, hvað viðskmrh. Sjálfstfl. hefur sagt við banka, sem hafa ekki lánað út á húsbyggingar í mörg ár, þegar hann leggur fyrir þá, að þeir verði nú að hafa hömlur á lánveitingunum? Skyldi ekki felast í þessu, að Sjálfstfl. gegnum sinn viðskmrh. og bankamálaráðherra þáverandi fyrirskipar bönkunum, að þeir verði að halda stranglega áfram þeirri pólitík að vera ekki að lána út á húsbyggingar? Ég held, að það sé bezt fyrir hæstv. núverandi viðskmrh. að láta þann gamla um þetta, láta hann bera sínar syndir og vera ekkert að fara að reyna að verja hann. Framkoma hans í þessu er gersamlega óverjandi. Hann er tvísaga hérna, og hann gefur sjálfur yfirlýsingar um leið, að það sé ekkert lánað út á hús, og segist fyrirskipa, að það séu nú settar hömlur á þessar lánveitingar. Það er svo auðséð sem verið getur, hvað verið er að fyrirskipa með þessu. Sjálfstfl. fyrirskipar svartan markað á lánveitingum í Rvík. Ég hef orð hæstv. fyrrv. viðskmrh. fyrir því. Það er bara eitt, sem núverandi hæstv. viðskmrh. gæti gert, og það er að grafa bréfið upp og láta okkur fá það hérna, til þess að við höfum það alveg svart á hvítu, hvað Sjálfstfl. og hans ráðherra lagði fyrir viðvíkjandi húsbyggingunum, að viðhafa hömlur á lánveitingunum, þegar engar lánveitingar voru.

Þetta er nú viðvíkjandi lánapólitíkinni. Er ekki von, að mig hafi langað til að vita eitthvað um lánapólitík Sjálfstæðisflokksins? Nú gefur hæstv. viðskmrh. þá yfirlýsingu, að Sjálfstfl. hafi fullan hug á að leysa lánsfjármálið, og ég sá það, að fyrir kosningar höfðu þm. Sjálfstfl. hér í þessari hv. d. líka fullan hug á að leysa lánsfjármálið, báru fram ágæt frv. hér. Ég lýsti yfir stuðningi við þau, og ég lýsti sérstökum stuðningi við þau í fjhn., en það lengsta, sem hægt var að komast, þó að fjórir menn úr fjhn. væru með þessum málum, var, að flm. sjálfur, núv. 5. þm. Reykv., lagði til, að málinu væri vísað frá, sínu eigin frv., þó að hann hefði yfirlýst fylgi sjálfstæðismanna auðvitað, því að þeir fluttu það, Alþfl. og Sósfl. til að koma málinu í gegn. Svona verður nú stundum að fara að, þegar verið er að koma með kosningafrv., sem menn eiga á hættu að verði samþ. Þá verða menn að leggja til sjálfir að vísa sínum málum frá, af því að þau hafa þingfylgi.

Nú vil ég segja hæstv. viðskmrh., að hafi hæstv. ríkisstj. fullan hug á að koma í gegn því að laga til í lánveitingamálunum, eitthvað svipað t. d. eins og Sjálfstfl. lagði til á síðasta þingi, þá hefur Sósfl. fullan hug á því að styðja hana í því. Ég býst við, að Alþfl. mundi hafa það líka. Og þá þarf ég nú ekki lengi að leita til þess að vita, hvaðan mótstaðan muni koma. Ég þykist sem sé vita, að það sé Framsfl. og kannske einhverjir, sem eru interesseraðir í svarta markaðinum á peningum í Reykjavík. Þeir vilja ógjarnan fá þetta í gegn. En þá vil ég bara segja Sjálfstfl. það, að jafnvel þótt hann stæði einn með Alþfl. og Sósfl., þá hafa nú þessir þrír flokkar meiri hluta í þinginu til þess að setja þetta í gegn, þannig að hafi ríkisstj. fullan hug, þó að hennar stuðningslið úr Framsfl., sem við höfum nú rekið okkur á í umr. um þetta mál, sé ekki

allt of tryggt stjórninni, þá er sem sé nægilegt þingfylgi til þess að framkvæma allan hug Sjálfstfl. viðvíkjandi lánveitingamálunum. Ég vona nú, að hæstv. viðskmrh. noti sér þennan meiri hluta, sem hann á hér í þinginu, til að framkvæma hug sinn í þessu máli.

Svo spurði hæstv. viðskmrh., hvort ég sæi nú virkilega ekki frelsið í þessu, — ég hafði verið að tala um byggingarefni, — ég hlyti að sjá, að það stæði hvergi nokkurs staðar í þessum lögum, að byggingarefni skyldi ekki vera frjálst. Alveg rétt. Ég sé, að það stendur hvergi í þessum lögum, að byggingarefni skuli ekki vera frjálst, en það, sem ég sé líka, er, að það stendur ekki heldur í þessum lögum, að byggingarefni skuli vera frjálst. Og það er það, sem ég sakna, af því að frv. kvað vera um frelsi. Það stendur hvergi í lögum, að byggingarefni skuli vera frjálst. Ríkisstj. hefur vissulega eftir þessum lögum heimild til þess að gefa byggingarefni frjálst. Það hafði hún líka seinast. Og þegar þáltill. um að skora á hana að nota þá heimild var langt komin á leið hér í þinginu, þá var hún stoppuð af fjárhagsráði, sem talaði fyrir munn Ameríkananna, forráðamanna mótvirðissjóðs, eins og það var orðað þá í Washington. Þess vegna er það, að mig langaði einmitt til þess að fá að vita, hverjir mundu nú gefa út leyfin á byggingarefnin, sem kæmu til landsins, þegar það væri afnumið, að fjárhagsráð gæfi út leyfi, og menn þyrftu ekki lengur að fara til þess, og ég fékk ekki svar frá hæstv. viðskmrh. Ég spurði: Á sá almenni maður að þurfa að sækja um leyfi — við skulum segja til H. Ben. og Völundar — til að fá sement eða timbur, eða á hann að hafa jafnan rétt eins og allir aðrir til að kaupa það inn á þann hátt, sem honum þóknast, eða þannig, sem honum finnst praktískast? Ég veit, að hæstv. viðskmrh. veit, að t. d. þessir aðilar, sem hafa núna einkaréttindi ríkisstj. viðvíkjandi stórum hluta af sementinu til landsins, H. Ben. & Co., eru aðaleigendur Morgunblaðsins. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. veit, að Völundur er líka annar eigandi Morgunblaðsins. Þannig eiga nú Reykvíkingar og aðrir, sérstaklega þó Reykvíkingar, að þurfa að sækja til eigenda Morgunblaðsins um leyfi til þess að fá að kaupa sement eða timbur. Það, sem ég lagði til, var, að þetta væri frjálst, að menn hefðu jafnan rétt til þess að kaupa inn það sement, sem ríkisstj. gat með sínum reglugerðum leyft mönnum að flytja til landsins. M. ö. o.: Það stendur ekki í frv., svo að ég noti orð hæstv. viðskmrh., að Völundur og H. Ben. & Co. eigi svo að segja einir að hafa innflutning á sementi og timbri til Reykjavíkur, en það stendur ekki heldur í frv., að Íslendingar almennt skuli hafa rétt til þess að kaupa sement og timbur. Þess vegna var ég að spyrja að þessu. Ég var að spyrja, hvernig þetta væri núna með sementið, og ég hef ekki fengið svör enn þá, en ég hef haldið því fram, að það væru þrír, fjórir aðilar, S. Í. S., H. Ben. & Co. og nokkrir fleiri, sem fengju þetta allt saman núna. Á þetta einokunarkerfi að haldast? Eiga menn að sækja um leyfi til eigenda Morgunblaðsins, til Árvaks og til þeirra, sem eru aðaleigendurnir þar, í stað fjárhagsráðs? Þetta finnst mér nefnilega ekki frelsi. Það er svo misjafnt, hvað við skiljum með frelsi. Ég skil það við verzlunarfrelsi, að fólk hafi rétt til þess að reyna að kaupa sínar nauðsynjar sem allra ódýrast. En hæstv. ríkisstj. virðist skilja það við verzlunarfrelsi, að ríkisstj. hafi frelsi til þess að úthluta sínum gæðingum nægilegu frelsi, til þess að þeir geti arðrænt almenning með því, sem þeir flytja inn. Og það er anzi mikill munur á því, hvernig við skiljum frelsi.

Svo kom hæstv. viðskmrh. að því, að það væri undarlegt, að við sæjum ekki, hvaða þáttaskil þetta væru. Það er náttúrlega, ef menn fara að athuga þetta mjög vel, afar erfitt að neita því t. d., að þetta séu þáttaskil í lífi fjárhagsráðs. Þetta eru mjög mikil þáttaskil í lífi fjárhagsráðs. Það eru til alls konar þáttaskil. Ef menn hafa t. d. fataskipti, — við skulum segja, að einokunin á Íslandi vilji önnur föt, — þá eru það alltaf a. m. k. fataskipti, og fyrir gömlu fötin eru það þó nokkuð stór þáttaskil. En gagnvart almenningi er viðbúið, að þar við verði látið sitja.

Svo sagði hæstv. viðskmrh. viðvíkjandi útflutningseinokuninni, að þeir menn, sem hefðu saltfisksútflutninginn, kæmu saman og kysu sína stjórn á ákaflega lýðræðislegan hátt, — það eru saltfiskstonnin, sem hafa atkvæðisréttinn. Látum það nú vera. Það er svo margs konar lýðræði. Svo vildi hann segja, að ríkisstj. ætti ekkert að vera að skipta sér af þessu. En hæstv. viðskmrh. veit, að það er einmitt ríkisstj. og Alþ., sem eiga að skipta sér af þessu. Alþ. hefur sett lög, sem gefa saltfisksútflytjendum alveg sérstaka einokun. Ef nokkrir þeirra vilja hafa einokun, þá skulu hinir beygðir undir hana. Og ríkisstj. hefur sett önnur lög, sem eru enn þá rammari einokun á þetta, og það er, að ríkisstj. skuli ein ráða því, hverjir eiga að flytja út saltfisk, og ekki skuli aðrir fá að gera það en þeir, sem hún úthlutar leyfi til slíks, og sama skuli gilda um, að ekki skuli aðrir hafa leyfi til að flytja út freðfisk, skreið eða annað slíkt en þeir, sem hún leyfir. M. ö. o.: Það er núna Alþ. og ríkisstj., sem með lögum og reglugerðum úthluta einokun, sem bannar Íslendingum almennt og þeim, sem vilja selja þessar vörur út úr landinu, að gera það, en leyfir vissum einokunaraðilum einkarétt til þess. Þetta hefur m. a. sýnt það, að í mörg ár hefur Íslendingum verið bannað að selja út úr landinu á betra verði en aðrir hafa getað selt, bannað að selja til landa, sem hinir hafa ekki getað selt til, bannað að útvega markaði, sem síðar meir hefur sýnt sig að voru með beztu mörkuðum, sem hægt var að fá fyrir Ísland, svo að það er búið að valda stórkostlegu tjóni með því að viðhalda þessari einokun einstakra manna. Það er hæstv. viðskmrh. ósköp vel kunnugt.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að orðlengja neitt sérstaklega viðvíkjandi þessum málum um útflutninginn. Ég hef svo oft tekið það mál, og ég veit ósköp vel, að því verður ekki mótmælt. Það er engin vörn til fyrir þeirri einokun, sem núna á sér stað hér á Íslandi í þessum efnum, enda veit ég alveg, að það eina, sem hæstv. ríkisstj. er að hugsa um í þessu, er, að ef þetta frv. í einhverju formi slampast í gegnum þingið, þá hefur hæstv. ríkisstj. og þær auðmanna-

klíkur, sem á bak við hana standa, allt valdið í þessum efnum. Það er þess vegna, sem það hefur gengið ákaflega erfiðlega að fá nokkrar upplýsingar um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að beita þessu valdi. Henni er ekki vel við að láta það koma í ljós.

Viðvíkjandi því, sem sagt var um Framkvæmdabankann, þá var því lýst yfir, þegar frv. um Framkvæmdabankann var lagt hér fyrir, að það væri meiningin, að Landsbankinn annaðist alla afgreiðsluna, þannig að þetta yrði þess vegna mjög ódýrt og þyrfti enga breytingu þannig. Það var meiningin. Það var ekkert „ef til vill“ í sambandi við það þá. Hins vegar segir nú hæstv. viðskmrh., að það muni verða mjög fátt starfsfólk. Þá var það ekkert nema bankastjórinn. Svo segir hæstv. viðskmrh.: Hefði þetta verið í Landsbankanum, hefði Landsbankinn vitanlega þurft að bæta við sig starfsfólki. — Því var þvert á móti haldið fram, að Landsbankinn þyrfti engu starfsfólki að bæta við sig, vegna þess að þetta félli alveg inn í venjulega afgreiðslu Landsbankans, og það er líka vafalaust rétt. Fyrir stofnanir, sem hafa annan eins fjölda af starfsfólki og Landsbankinn, er enginn vandi að bæta á sig eins litlum afgreiðslum og eru í Framkvæmdabankanum, en ef Framkvæmdabankinn á að hafa þetta sjálfur, þá er náttúrlega alveg gefið, að hann þarf að hafa eitthvert starfsfólk, þó að það starfsfólk hafi kannske hverfandi lítið að gera, t. d. að skrifa þessi fáu rukkunarbréf, sem Framkvæmdabankinn nú er farinn að láta rigna yfir Sogsvirkjunina og aðrar opinberar stofnanir. Það virtist ekki, að það hefði þurft að koma upp sérstakri stofnun til þess að fara að rukka þannig aðrar opinberar stofnanir.

Ég sé nú ekki eftir þau svör, sem hér hafa komið fram, að við þm. séum miklu nær um stefnu ríkisstj. í þessum málum. Ég virði það hins vegar mjög við hæstv. viðskmrh., að hann hefur sýnt þá kurteisi að mæta og tala út af þessu máli, reynt á sem beztan hátt að verja vondan málstað, þegar allir hinir hafa flúið af hólmi, meira að segja 3. þm. Reykv. flúið út án þess að þora að tala um bréfið. Og það væri eiginlega mjög gaman að því, fyrst það kom þó ein rödd að lokum frá einum þm. Framsfl., að einhverjir af ráðh. Framsfl. sæjust í málinu og töluðu, áður en því lyki nú alveg. (Gripið fram í.) Ja, við erum búnir að toga orð upp úr einum þm. Framsfl., svo að það er nú bara eftir að reyna að toga dálítið upp úr ráðherrunum til þess að reyna að fá einhverja ofur litla hugmynd um, hvernig ráðherrar Framsfl. í ríkisstj. mundu hugsa sér að framkvæma það vald, sem ríkisstj. er þarna gefið. Hæstv. viðskmrh. er búinn að segja okkur, að hann og Sjálfstfl. hafi fullan hug í t. d. lánsfjármálunum. En ætli Framsfl. hafi þá engan hug í lánveitingamálunum? Væri ekki hægt að gefa okkur neina upplýsingu um það, hvernig togstreita væri innan ríkisstj. í þessu efni, þannig að áður en frv. færi alveg út úr d. væri ef til vill hægt að skakka leikinn, ef togstreitan stæði á milli ráðherranna.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég skil ekki almennilega, hvernig á því stendur, að hæstv. viðskmrh. er jafnilla og raun ber vitni við þá einföldu og meinlausu till., sem ég hef flutt, að almenningi skuli, ef honum sýnist, gert kleift að flytja inn til eigin nota þær vörur, sem á annað borð skal vera frjáls innflutningur á. Hæstv. viðskmrh. og hv. 3. þm. Reykv. virðast reka hornin alveg sérstaklega í þá hugmynd, sem hér er á ferðinni, og bera þar aðallega við, að með því móti sé hætta á, að illa verði farið með gjaldeyri þjóðarinnar. En mér er spurn: Hvaða ráðstafanir eru gerðar af hálfu ríkisstj. til þess að tryggja, að vel sé farið með þann gjaldeyri, sem nota má til þess að kaupa þær vörur, sem innflutningur er frjáls á? Þær ráðstafanir eru alls engar. Sá innflytjandi, sem biður um gjaldeyri fyrir frílistavörum, getur farið með hann alveg eins og honum sýnist. Hann getur fleygt honum í fullkomna vitleysu. Hann getur keypt inn hvað dýra vöru sem honum sýnist. Við þessu eru alls engar ráðstafanir gerðar. Og hvað á að þýða að rjúka svo allt í einu upp til handa og fóta, þótt lagt sé til, að almenningur skuli líka eiga kost á að flytja inn einstaka vöru, sem hann kann að vilja kaupa, fyrir sjálfan sig til eigin nota? Ef gerðar væru einhverjar ráðstafanir til þess, að farið væri skynsamlega og vel með frílistagjaldeyrinn, þá gæti ég skilið þetta. En að telja sérstaka nauðsyn á að hafa vit fyrir almenningi, sem í einstaka undantekningartilfellum mundi vilja nota sér þennan rétt, en láta sjálfa innflytjendurna algerlega afskiptalausa, það virðist bera vott um, að hér liggi eitthvað allt annað á bak við, að hér telji þessir hv. þm. vera eitthvað miklu meira að óttast en ég tel vera.

Hæstv. viðskmrh. endurtók það, að hjá þessum stóru pöntunarhúsum væri um smásöluverð að ræða. Það er alveg ástæðulaust fyrir okkur að deila lengi um þetta. Um það má ganga úr skugga með því að skoða einhvern slíkan vörulista. Þeir eru til hér í tugatali, í hundraðatali, og ósköp fljótt að ganga úr skugga um þetta. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um, að það verð, sem þarna er boðið, er oft undir smásöluverði í viðkomandi löndum, og þetta hélt ég satt að segja, að hann, sem er reyndur kaupfélagsstjóri og hlýtur að hafa einhverja þekkingu á starfsemi slíkra pöntunarhúsa, vissi, ella væri gersamlega útilokað, að þessi pöntunarhús væru jafnstór og þau eru, þar sem þau á annað borð starfa, og viðskipti við þau væru jafnmikil og þau eru, því að viðskiptin eru mjög mikil með stórþjóðunum öllum og smærri þjóðum líka, ekki aðeins innanlands, heldur einnig við útlönd. Það væri útilokað, að þau gætu haft slík stórviðskipti, ef þau seldu á venjulegu smásöluverði síns lands. Nei, sannleikurinn er sá, að hér er um að ræða allmiklu lægra verð en smásöluverð, svo miklu lægra, að þetta verð er oft og einatt lægra en heildsöluverð mundi vera hér — það sagði ég áðan, og við það stend ég.

Hitt er svo annað mál, að hér getur ekki verið um að ræða kaup á öllum vörum, það dettur engum manni, sem þekkir til, í hug. Matvöru er ekki hægt að kaupa á slíkan hátt, ekki húsgögn, ekki þungavöru. Hér er um að ræða alveg takmarkaða völuflokka, „standard“ fatnaðarvöru og

ýmsar smávörur. Ég satt að segja skil ekki, hvers vegna almenningi má undir engum kringumstæðum vera kleift að bjarga sér sjálfur upp á þennan máta, ef honum sýnist svo. Að þessu gæti aldrei kveðið nema tiltölulega mjög lítið. En ástæðan til þess, að ég nefni þetta, er einmitt sú reynsla, að á mörgum þessum smávörum, sem hér er um að ræða, hefur verið gífurlegur verðmunur hér og í nágrannalöndunum í kringum okkur. Það er ekki mjög langt síðan ég átti sjálfur kost á því að gera slíkan samanburð með eigin augum í stórborg, þar sem ég sá í búðargluggum og verzlunum fjölmargar vörur, nákvæmlega sömu smávörurnar og eru hér í búðargluggum, en eru oft seldar hér á tíföldu verði við það, sem um var að ræða þar, þótt maður tæki tillit til tolla og venjulegrar álagningar. Það er þetta, sem er mjög óeðlilegt.

Ef verzlunin hér væri algerlega frjáls og algerlega heilbrigð og álagning væri hófleg, þá ætti heimild til þessa fyrir almenning ekkert að gera til. Ef menn ættu kost á því að kaupa slíkar smávörur hér í búðum við hóflegu og sanngjörnu verði, þá mundi engum detta í hug að standa í því sjálfur að útvega sér þær. En það er einmitt vegna þess, að reynslan hefur sýnt, að verzlunarhættirnir hér eru að mörgu leyti mjög óheilbrigðir, sem ég tel, að hér væri aðeins um heilbrigt aðhald að ræða. Þeim mun minna mun að þessu kveða sem verzlunarhættirnir eru heilbrigðari, og það mundi vafalaust mjög lítið að þessu kveða, ef verzlunin væri komin í fullt jafnvægi og vöruverð hér væri algerlega eðlilegt. En það mætti alltaf búast við því, að almenningur vildi geta gert slíkt einstaka sinnum, ef hann rækist á eitthvað eða frétti af einhverju, sem hann vildi geta aflað sér beint. Í smábæ eins og Reykjavík er náttúrlega vöruúrval heildverzlana og smásöluverzlana takmarkað og hlýtur ávallt að vera, og þá getur vel verið, að mönnum detti í hug að kaupa sér eitthvað, sem menn frétta af annars staðar, sem beinasta leið, og þá eiga menn að hafa rétt til þess. Það er ekkert frelsi í verzluninni, ef það á að skylda menn til þess að verzla eingöngu við milliliðina, sem hér starfa. Og ef milliliðirnir fyllast einhverjum fjandskap í garð jafneinfaldrar og sjálfsagðrar hugmyndar og þessarar, þá liggur einhver óhreinn fiskur undir steini.

Raunar tel ég sjálfsagt að taka fram, að mál sem þetta má ekki gera að neinu stórmáli eða aðalatriði. Þetta er hreint aukaatriði. Það hefur aldrei hvarflað að mér, að neitt mundi kveða að ráði að slíkum viðskiptum. Þau mundu ávallt vera eins og dropi í hafinu í heildarinnflutningi landsmanna. Það eina, sem ég hef viljað undirstrika, er það, að almenningur á að eiga rétt á slíku, ef honum sýndist svo. Verzlunarfrelsi er ekki algert, nema það nái til almennings líka í þeim tilfellum, sem almenningur telur sig geta komizt að sæmilega góðum kaupum upp á eigin spýtur. Hann á ekki að vera bundinn við milliliðina. Það er ekki hið sanna verzlunarfrelsi, sem þá er um að ræða.

Að síðustu þetta: Hæstv. viðskmrh. ítrekaði enn, að till. mín um frelsi í innflutnings- og útflutningsverzluninni væri traustsyfirlýsing á ríkisstj. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja, að ég vona, að till. verði samþ. Ég vona, að hæstv. viðskmrh. beiti sér fyrir því, að flokksmenn hans sýni honum og stjórn hans traust með því að samþ. þessa till.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Í tilefni af þeim deilum, sem risið hafa hér um það, hvort Framkvæmdabankinn sé heppilegur til þess að taka við þeim störfum, sem honum eru ætluð eftir því frv., sem fyrir liggur, má geta þess, að eftir þeim umr., sem fram fóru hér á síðasta þingi um einmitt þennan Framkvæmdabanka, er greinilegt, að þar hafa þeir menn, sem nú standa að því að koma fjárfestingarmálunum undir hann, ekki reiknað með því, að hann hefði á hendi slík störf. Ég vil leyfa mér að vitna í þingtíðindi frá síðasta ári, 1952, þar sem Bernharð Stefánsson, hv. 1. þm. Eyf., kemst að orði um Framkvæmdabankann á þessa leið:

„Í þessu sambandi má benda á, að bankanum er ætlað að vera í sambandi við Landsbankann, þannig að Landsbankinn annast afgreiðslu og bókhald fyrir hann. Sýnir það m. a. sérstöðu hans.“

Og með leyfi hæstv. forseta vil ég einnig vitna í ummæli hæstv. núverandi fjmrh., Eysteins Jónssonar, þar sem hann segir um þessa sömu stofnun:

„Til þess á hinn bóginn að gera þessa stofnun sem allra ódýrasta, þá var tekið það ráð, að öll afgreiðslustörf stofnunarinnar, bókhaldsstörf, reikningsskil og öll afgreiðslustörf yfirleitt skuli framkvæmd af Landsbankanum.“

Ég læt þetta nægja til þess að sýna fram á það, að það er í alla staði óeðlilegt, að Framkvæmdabankanum verði falin þau störf, sem í frv. er gert ráð fyrir að undir hann verði lögð, enda hef ég gert að till. minni, að sú grein frv., sem fjallar um aðild Framkvæmdabankans, verði felld niður.

En þá vil ég leyfa mér að snúa aðeins máli mínu til hæstv. viðskmrh. Það er vegna brtt. minnar um það, að útflutningur verði einnig gefinn frjáls á sama hátt a. m. k. og gert er ráð fyrir að innflutningurinn verði gefinn frjáls, eða þó í öllu ríkari mæli, þar sem aðeins sé skilin eftir heimild fyrir ríkisstj. til þess að hafa hönd í bagga um þennan útflutning að því markmiði að uppfylla milliríkjasamninga og til þess að koma í veg fyrir, að undirboð verði á milli íslenzkra aðila á erlendum markaði. Þessari till. minni hefur ráðh. tvívegis svarað á þá leið, að hún sé óþörf, útflutningurinn sé í eins góðra manna höndum og á verði kosið. Og hann tilnefnir réttilega, að þeir aðilar, sem einkum hafa með útflutninginn að gera, eru Samband ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, og hann tilgreinir það einnig réttilega, að þessir aðilar hafa með sér samtök og haga útflutningnum á þann hátt, sem þeir telja beztan.

En þeir telja ekki útflutninginn beztan á þann hátt, sem hann er beztur fyrir íslenzka þjóðarhagsmuni. Ég vil upplýsa ráðherrann um það, að hversu ánægðir sem forkólfar S. Í. F., Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og S. Í. S. kunna

að vera með þessa ráðstöfun, þá er það samt sem áður staðreynd, að íslenzkir útvegsmenn, og íslenzkir sjómenn þó allra frekast, fá langtum lægra verð fyrir sinn fisk heldur en nágrannaþjóðir okkar, eins og t. d. Norðmenn.

Verðmæti það, sem sjávarútvegurinn gefur af sér, er, eins og allir vita, sá nægtabrunnur, sem öll eða næstum öll utanríkisverzlunin byggist á, en í henni er spillingin í algleymingi. Ríkið hefur afhent fáeinum gæðingum sínum, eins og ráðh. réttilega tilgreindi, einkaleyfi til sölu á sjávarafurðum. Annað slagið hefur komizt upp um stórgróða milliliða í þessari verzlun. Enginn Íslendingur efast um það, að í gegnum afurðasöluna er útgerðin rænd gífurlegum upphæðum, og gleggsta dæmið um það er samanburður á fiskverði til sjómanna í Noregi og hér á s. l. vertíð. Íslenzkir fiskimenn fengu 1.37 kr. fyrir kg af hausuðum og slægðum þorski beztu tegundar, en Norðmenn fengu, miðað við ísl. krónur, 1.60—2.06 fyrir kg af sambærilegum fiski, og trúi því svo hver sem vill, að norskir fiskkaupendur bjóði svo upp verðið á fiski, að þeir skaðist á kaupunum. Norska fiskverðið hefði gefið 30 þús. kr. hásetahlut, þar sem íslenzka verðið gefur 22 þús. kr. Og miðað við norska meðalverðið er því augljóst, að 27 fiskar af hverjum 100, sem á land eru dregnir alls hérlendis, eru alls ekki greiddir. Þeir eru hlutur söluokraranna. Það er þungur ómagi, sem sjómenn og útvegsmenn hafa þannig á framfæri sínu, þar sem eru þessir vildarvinir ríkisstj., sem nú eru margmennir. — Í fáum orðum sagt: Sjávarútvegurinn er tröllriðinn af milliliðaokrurunum, sem stinga í sína hít ótöldum milljónum af aflaverðmætum, og verðið, sem greitt er fyrir fiskinn, er miklum mun lægra en efni standa til. Því veldur fyrst og fremst gegndarlaus fjárgræðgi þessara söluokrara, fjárplógsstarfsemi þessara útvöldu vildarvina ríkisstj., sem jafnt með löghelguðum og glæpsamlegum starfsaðferðum draga sér fjárfúlgur af óbreyttum útgerðarmönnum og sjómönnum, að mestur hluti sjávarútvegsins er nú reikningslega á vonarvöl, þótt hann sé í rauninni máttarstoð þjóðarbúskaparins.

En ríkisstj. svarar því einu til, þegar lagt er til, að útflutningurinn verði frjáls, að S. Í. F., S. H. og S. Í. S., þ. e. okraraklíkurnar, sem svelgja í sig endurgjaldslaust 27 fiska af hverjum 100, sem dregnir eru á land, séu ánægð og þar með sé allt raunverulegt útflutningsfrelsi ekki einasta ónauðsynlegt, heldur beinlínis skaðlegt. Það er þessi skoðun hæstv. viðskmrh., sem ég vil eindregið mótmæla og spyrja hann um það, ef það skyldi nú vera skakkt hjá mér, að það séu milliliðaokrararnir í útflutningsverzluninni, sem svelgja þessa 27 fiska, sem Íslendingar fá ekki borgaða af hverjum 100, miðað við verðlag í Noregi, hvort hann álíti, að það séu einhverjir aðrir aðilar, sem hirða þá, heldur en útflutningshringarnir. Geti hann bent mér á, að ég fari hér með rangt mál og að þessi verðmismunur liggi í einhverju öðru, þá skal ég gjarnan taka við þeim upplýsingum hans. En meðan hann ekki sannar mér það, að hér sé farið heiðarlega að í útflutningsverzluninni, þá vil ég eindregið skora á hann og þá, sem beita sér gegn því, að útflutningur á sjávarafurðum verði gefinn frjálsari en hann er, að standa ekki í vegi fyrir samþykkt tillögu minnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 239,I.1 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

nei: SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SB.

2 þm. (BÓ, BFB) fjarstaddir.

Brtt. 239,II.1 felld með 19:11 atkv.

— 239,I.2—8 teknar aftur.

— 241,1 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV.

nei: JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HÁ, IngJ, SB.

2 þm. (BÓ, BFB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Útflutningnum er nú hagað samkv. kröfum og óskum framleiðendanna, og mun svo verða a. m. k. á meðan ég fer með þessi mál. Ég segi þess vegna nei við þessari till.

**Skúli Guðmundsson:** Ég tel þörf á því að losa um höft á útflutningsverzluninni ekkert síður en á innflutningnum. Hins vegar hef ég nú við athugun á þessari till. komizt að þeirri niðurstöðu, að hún muni ekki, eins og hún er, leysa vandann, heldur muni Alþ. þurfa að setja um þetta miklu ákveðnari og nánari fyrirmæli í lögum. Ég tel því ekki gagn að því að samþ. till. eins og hún liggur fyrir og segi nei.

Brtt. 245,a felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

nei: SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SB.

2 þm. (BÓ, BFB) fjarstaddir.

Brtt. 245,b felld með 18:10 atkv.

1. gr. samþ. með 21:8 atkv.

Brtt. 239,II.2 felld með 15:8 atkv.

— 239,II.3 felld með 20:10 atkv.

— 225,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 250 samþ. án atkvgr.

— 225,2, svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 20:3 atkv.

6.—7. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 186 felld með 18:12 atkv.

Brtt. 241,2 felld með 21:7 atkv.
8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 241,3 felld með 20:5 atkv.
— 246 felld með 18:8 atkv.
9. gr. samþ. með 21:6 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 241,4 felld með 19:10 atkv.
12.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 239,II.4 felld með 22:11 atkv.
15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 231 (nýtt bráðabirgðaákvæði) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 239,II.5 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:8 atkv.

---

Síðar á sama fundi, utan dagskrár, mælti

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins nota þetta hlé, sem hér varð á, til að vekja athygli á því, að hér er verið að útbýta í hv. þd. frv. eftir 2. umr. í Nd., en það eru ekki nema fimm mínútur síðan þessari umr. var lokið eða tæplega það, og verður því annað tveggja að hafa gerzt, að prentun hafi gengið ákaflega fljótt fyrir sér eða að það hafi verið ráðið löngu fyrir fram, áður en málið var til umr. og atkvgr. hér í d., hvernig það mundi fara, hvernig því mundi verða breytt og hvernig það mundi verða afgr. til 3. umr.

Ég vildi vekja athygli á þessu og um leið því, að svona nokkuð er að mínu áliti ekki hægt að bjóða hv. Nd.

---

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 266).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér sýnist nú, að það hafi við 2. umr., sem fram fór um þetta mál, og atkvgr. fengizt nokkur sönnun fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að framkvæma þetta mál, sem hér liggur fyrir. Frv. var upphaflega lýst svo, að það mundi hafa í för með sér aukningu á frjálsri verzlun hér á landinu og að það miðaði í þá átt að auka frelsi manna til innflutnings á vörum og verzlunar með þær. Og það er vitanlegt, að þegar talað er um frelsi manna til þess að flytja inn vörur, þá þýðir það, að menn hafi jafnan rétt til þess að flytja vörurnar inn, og það þýðir enn fremur, að menn hafi rétt til þess að keppa hver við annan um söluna á þessum vörum, þannig að menn reyni að ná sem heppilegustum innkaupum og geti selt sem ódýrast, þannig að það komi neytendum að gagni.

Ég vildi við 2. umr. þessa máls reyna nokkuð, hvort hæstv. ríkisstj. væri alvara um að reyna að koma þannig á frjálsari verzlun í landinu, og bar þess vegna fram þær till., sem áttu að koma í veg fyrir, að ríkisstj. gæti hagnýtt sér þau reglugerðarákvæði, sem hún í 1. gr. frv. sérstaklega áskildi sér rétt til þess að gefa út, til þess að gefa einstökum mönnum einokunaraðstöðu um innflutning vara til landsins og til þess að hækka verðið á þeim vörum, sem inn væru fluttar, meira en eðlilegt væri. Það fékkst alveg prófað við atkvgr., sem fram fór við 2. umr. þessa máls, hvernig stjórnarliðið hugsar sér að framkvæma þessi lög. Ég flutti þar till. um, að það skyldi ekki vera löglegt með útgáfu reglugerða að hækka verð á innfluttri vöru eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngilda breyttri gengisskráningu. Stjórnarliðið fylkti sér allt saman um að fella þessa till. Í lögunum um fjárhagsráð, sem nú er verið að afnema, eru sérstök lagaákvæði, sem banna, að það sé lagt sérstaklega mikið á vöruna, og fyrirskipa, að úthlutun leyfa skuli vera framkvæmd með það fyrir augum og leyfum skuli sérstaklega úthlutað til þeirra, sem selja sína vöru ódýrast í landinu. M. ö. o.: Hæstv. ríkisstj. leggur til með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að afnema öll lagaákvæði, sem fyrirskipa, að þeir aðilar skuli sérstaklega fá vöruna til sölu í landinu, sem selja ódýrt, og hæstv. ríkisstj. leggur til að afnema öll þau lagaákvæði, sem fyrirskipa, að neytendur skuli hafa rétt til þess að kaupa vöruna sem ódýrasta inn. M. ö. o.: Öll ákvæði, sem snerta verzlunarfrelsi almennings í gömlu lögunum, skulu afnumin. Að vísu hafa hv. stjórnarflokkar þverbrotið þessi ákvæði í praksis, en það, sem nú bætist ofan á, er, að þeir leggja þar að auki til, eftir að vera búnir að traðka á þessum lagaákvæðum í 5 ár, að útrýma þeim úr lögunum.

Ég hef áður hvað eftir annað vakið athygli á því, að lögin um bátagjaldeyrinn og öll lög, sem eitthvað væru svipuð, væru brot á lögunum um fjárhagsráð, og það hefur enginn hæstv. ráðh. treyst sér til að mótmæla þessu. Einungis vegna þess, að alþýða manna í landinu hefur enga trú á dómstólum landsins, þegar ríkisstj. á í hlut, hefur enginn maður farið í mál út af bátagjaldeyrinum. En hann er sjálfur og hans álagning algert brot á grundvallarákvæðum alls þingræðis og stjórnarskrárinnar, öllum þeim ákvæðum, að enginn aðili nema Alþ. hafi rétt til þess að leggja álögur á menn og það sé ekki hægt að leggja álögur á borgarana nema með lögum. Með bátagjaldeyrinum er það gert með reglugerð. Og nú hefur komið í ljós, að hæstv. ríkisstj. ætlar sér að feta áfram á þeirri braut. Með því að fella mína till. um að bæta því við, að það mætti ekki með útgáfu reglugerðanna hækka verð á innfluttum vörum, er ríkisstj. bókstaflega að heimila sér, eins og ég vakti athygli á að hún gerði yfirleitt með þessu lagafrv., réttinn til þess að geta með reglugerðum raunverulega breytt genginu, hækkað verð á innfluttum afurðum og annað slíkt, og ég efast ekki heldur um, að þar sem ríkisstj. hefur verið feimin fram að þessu við allar umr. um reglugerðina og bátagjaldeyrinn, þá mun hún vera ófeimin, eftir að þetta frv. er samþ., og segist standa á grundvelli laga. En þá þýðir það bara um leið, að raunverulega hefur hæstv. ríkisstj. ekkert að tala við Alþ. um nein lög, sem snerta það að afla sér tekna. Þá getur hún bara gefið út reglugerðir um að hækka verð á þeim afurðum, sem inn eru fluttar, og láta það renna m. a. í ríkissjóðinn.

Hví í ósköpunum er ekki hægt með reglugerð að ákveða t. d., að á allan þann gjaldeyri, sem notaður er til innkaupa á tóbaki og áfengi, skuli mega leggja alveg sérstaklega mikið? Eins og það þurfi þá nokkur sérstök lög viðvíkjandi álagningunni á tóbakið eða gjaldeyrinum. Ef hægt er með reglugerðum ríkisstj. að taka 100 millj. kr. og úthluta þeim t. d. til útgerðarmanna, þá er náttúrlega alveg eins hægt að taka aðrar 100 millj. kr. og úthluta þeim til ríkissjóðsins, enda veit ég ósköp vel, að það er þegar farið að misnota þessi ákvæði þannig. Ég vildi leyfa mér að koma fram með þá fyrirspurn hér við þessar umr., hvort það sé rétt, að það hafi verið notað nú þegar fyrir kosningar í sumar, að ákveðnum, tilgreindum togurum hafi verið veittur bátagjaldeyrir, þeim togurum, sem gerðir eru út í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. sérstaklega að því, af því að það er Framsókn, sem komst þar að, hvort það sé með vilja og vitund Framsfl., að það hafi verið liðkað þannig til bátareglugerðinni, að reglugerð, sem átti að vera handa smáútvegsmönnum viðvíkjandi bátunum, gildi nú líka fyrir togara, hina gömlu togara, svo framarlega sem þeir eru gerðir út í ákveðinni sýslu á landinu. Ég vil leyfa mér að spyrja að þessu, og ég vona, að Framsfl. upplýsi það. Ég vil þá leyfa mér að spyrja um það næst, hvort það sé meiningin hjá hæstv. ríkisstj., að hún með þessu fái t. d. heimild til þess að ákveða, að — við skulum segja ákveðnir togarar, t. d. togarar, sem eru gerðir út í bæjum, þar sem íhaldið hefur meiri hluta, — þeir togarar skuli fá sérstakan gjaldeyri, þeir skuli mega leggja 60% á sinn gjaldeyri. Við skulum svo segja t. d., að það væri einhver bær á landinu, þar sem Framsókn væri í meiri hluta, og gerði út togara, þá mætti leggja á 25%. Mér dettur bara svona í hug, hvernig þeir mundu skipta á milli sín, af því að það þykir nú dálítið líklegt, að Framsókn yrði sparsamari. Mig langar yfirleitt til þess að fá dálitla hugmynd um, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að misnota þessi ákvæði.

Þá hef ég enn fremur orðið var við, að það hafa komið nokkrar kröfur fram um það frá hálfu bænda í landinu, að farið sé að flytja út kjöt í mun stærri stíl en nú er gert, og mun vafalaust verða þörf á því. Og ég vil leyfa mér að spyrja sérstaklega hæstv. fjmrh., hvort hann áliti, að ríkisstj. hafi með þessum reglugerðarheimildum hér leyfi til þess að leggja á sérstakan kjötgjaldeyri, þannig að þegar kjöt sé flutt út, þá megi á þann gjaldeyri, sem inn kemur fyrir kjötið, leggja t. d. 200% og láta þá, sem flytja kjötið út — við skulum segja, að það sé S. Í. S. — fá leyfi til þess að selja gjaldeyrisleyfi fyrir ákveðnum vörutegundum, sem flytja skal inn, hvort sem það yrði nú olía eða annað, og leggja á það t. d. 200%, sem er náttúrlega alveg jafnleyfilegt. Ef menn hafa rétt til þess að taka gjaldeyrinn, sem inn kemur fyrir bátafiskinn, og leggja á hann 60%, þá er náttúrlega jafnleyfilegt að taka gjaldeyri, sem inn kemur fyrir kjötútflutning, og leggja á hann 200% og gefa kjötútflytjendum einkaréttindi á innflutningi ákveðinna afurða, eins og nú eru gefin þeim, sem flytja út fyrir bátagjaldeyri. M. ö. o.: Ég sé ekki betur en með þessum reglugerðarheimildum, sem ríkisstj. þarna er að taka sér, fái hún vald til þess að brjála algerlega alla verzlunarálagningu, alla gengisskráningu og allt verzlunarfrelsi í landinu.

Þá bar ég fram aðra till. við 2. umr., og það var um, að ekki væri hægt að veita einstökum aðilum einkarétt innflutnings ákveðinna vörutegunda. Ég hef margspurt að því í sambandi við þann innflutning, sem nú fer fram, — við skulum segja t. d. á byggingarefni, — hvort ríkisstj. úthluti honum til einstakra aðila, hvort aðalfésýslufyrirtæki Sjálfstfl. og Framsfl. skipti þessum innflutningi á milli sín. Og ég hef spurt að því, hvort það væri meira að segja í einhverju beinu hlutfalli í sambandi við framlög í kosningasjóði viðkomandi flokka. Ég hef vakið eftirtekt á því, hvers konar spilling sé verið að skapa, hvort sé raunverulega verið að selja verzlunina í landinu á leigu með þeim möguleika, sem gefinn er til þess að veita einstökum aðilum í landinu þannig einkaréttindi til innflutnings. Ég vildi fá úr þessu skorið með því að taka það fram, að menn ættu að hafa jafnan rétt til innflutningsins, að það væri ekki hægt að veita neinum einkarétt. Þessar till. voru felldar. Stjórnarliðið fylkti sér allt saman gegn þessum tillögum.

Ég verð að segja það, eftir að þessar till. eru felldar og ríkisstj. hefur þannig alveg skorið úr því, hvernig hún hugsar sér, þegar hliðsjón er höfð af hennar praksis til þessa, að misnota það vald, sem henni hér er gefið, til að skapa einstökum aðilum einkaréttindi og til þess að okra á almenningi, — þá vil ég segja það, að þetta frv. er að verða harðvítugasta einokunarfrumvarpið, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, — með hliðsjón af þessum praksis og með hliðsjón af þeim till., sem felldar hafa verið. Og þetta litla, sem horfir til bóta í því, ljósi bletturinn í frv., þ. e. fyrri parturinn af 8. gr., fer, svo framarlega sem höfð verður einokun á byggingarefni og skipulagning á svörtum markaði hvað snertir peningalán til íbúðarhúsabygginga, að verða harla lítils virði í því einokunarmyrkri, sem auðsjáanlega á að innleiða með þessu.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við þessa 3. umr. málsins. Mér þykir leitt, að hæstv. ríkisstj. og hennar stjórnarlið skuli ekki hafa séð sér fært að samþ. þessar litlu brtt., sem fluttar voru. Ég tel hins vegar nokkurn veginn úr því skorið, að eins og vant er hér, þá er stjórnarliðið það handjárnað í þessum efnum, að það muni litlu verða um þokað og sé þess vegna til lítils að bera fram frekari brtt. þarna við. En með hliðsjón af þessari meðferð málsins vil ég lýsa mig andvígan þessu frv., eins og það nú er orðið, með hliðsjón af þeirri afstöðu, sem ríkisstj. hefur sýnt gagnvart þeim brtt., sem fram hafa verið bornar við það.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég þarf ekki að viðhafa mörg orð í sambandi við þessa ræðu hv. 2. þm. Reykv. og kem nú ekki hér upp aðallega til þess að andmæla því, sem hann hefur sagt, — það hef ég svo oft gert

áður, — heldur til þess að leiðrétta það, sem hv. 1. landsk. þm. sagði hér á föstudaginn. En úr því að ég er kominn hér upp í ræðustólinn, þá vil ég eigi að síður segja það við hv. 2. þm. Reykv., að hann hefur enga ástæðu til þess að ætla, að ríkisstj. ætli að misnota þau lög, sem við erum hér að samþykkja, og það er vitanlega alveg órökstutt, þegar hann er að tala um, að hér sé verið að innleiða einokun og setja fjötra á landsfólkið. Mörgum mun finnast það dálítið skrýtið, þegar þessi hv. þm. er að tala um, að með þessu frv. sé afnumið það verzlunarfrelsi, sem var innleitt hér á landi með fjárhagsráðslögunum, og ég trúi ekki öðru en að fólk yfirleitt brosi, þegar það heyrir þessi orð af vörum hv. þm., sérstaklega ef það minnist þess, hvaða orð þessi sami hv. þm. hefur áður haft um fjárhagsráð, á meðan það var og hét og völd þess voru sem mest hér í landinu. Ég hef áður bent þessum hv. þm. á það, að reglugerðin, sem hæstv. ríkisstj. mun gefa út, mun skera úr um það, hvað þetta frv. hefur að geyma. Með reglugerðinni er hægt að ákveða, að verzlunin skuli verða frjáls, og reglugerðin verður samin þannig, að hún verði sniðin á hverjum tíma við gjaldeyrisgetu þjóðarinnar, og þar sem ríkisstj. hefur þá stefnu að gera verzlunina frjálsa, þá getur þessi hv. þm. reitt sig á, að reglugerðin verður eins rúm og frekast er unnt.

Hv. 8. landsk. þm. var að furða sig á því hér áðan, að frv. skyldi vera útbýtt hér svo fljótt, eftir að brtt. hefðu verið samþ. En ég held, að þetta hafi nú oft komið fyrir áður, að svona frv. hafi verið prentuð með tilliti til þess, sem líklegt væri að yrði samþ., en ef það stæðist ekki, það yrði ekki allt samþ. eða eitthvað meira, þá var nú ekki meira, sem skeði, heldur en það, að upplagið varð ónýtt, og það var vitanlega ekki í mikið ráðizt, þótt svo hefði farið.

En það, sem ég vil leyfa mér að leiðrétta 1. landsk. þm., er það, að hann sagði hér á föstudaginn, að frílistinn væri tíu fyrstu mánuði þessa árs 41% og bundinn listi 12%, þ. e. bátalistinn, og það, sem væri frjálst, væri þá ekki nema 30%. En það, sem ég hef við þetta að athuga, er það, að fyrstu tíu mánuðina er frílistinn 48.1% (Gripið fram í.) af innflutningnum. (Gripið fram í.) Er það allt annað mál? Erum við ekki að tala um innflutninginn? (GÞG: Við erum að tala um gjaldeyrissöluna.) Nú, ég held endilega, að hv. þm. hafi talað um innflutninginn hér á föstudaginn. Ég vil þá halda áfram að upplýsa það, að af innflutningnum er 48.1% á frílista, 14.6% á bundnum lista og 37.3% er samkv. leyfum. Þannig er það þá 63%, sem hefur fyrstu tíu mánuðina verið á frílista. En ef við tökum fyrstu 11 mánuðina, þá er þetta aðeins hagstæðara, eða ca. 64%. Og ég verð að segja það, að þetta er ekki slæmur árangur, þegar það er athugað, að aðeins fyrir þremur árum var enginn frílisti hér í landi. Og ég verð að segja, að ef hægt væri að fikra sig þannig áfram stig af stigi, þá væri ef til vill ekki svo langt að bíða þangað til meginhluti verzlunarinnar gæti orðið frjáls. En það er enginn vafi á því, að eins og hv. 1. landsk. setti þetta dæmi upp s. l. föstudag, þá munu flestir hafa skilið það svo, að frílistinn væri aðeins 41%. En það er ágætt, ef hv. þm. hefur aðeins átt hér við gjaldeyrissöluna, því að þá gætu tölurnar staðizt. Ég leiðrétti þetta hér með, vegna þess að það er enginn vafi á því, að það var þannig skilið, að það væri innflutningurinn, sem þessi hv. þm. átti við, og gaf því skakka mynd af ástandinu.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Það er ekkert misræmi milli þeirra talna, sem hæstv. viðskmrh. og ég höfum nefnt um þessi efni. Þær eru hvorar tveggja algerlega réttar. Því miður er ekki komið handrit að ræðu minni frá þingskrifurum, en það er alveg tvímælalaust, að ég marggat þess í ræðu minni, að mínar tölur væru um gjaldeyrissöluna. Hið sama kemur fram í nál. mínu, en þar segir svo einmitt um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Á tíu fyrstu mánuðum þessa árs nam gjaldeyrissala til kaupa á frílistavörum aðeins 40.6% af allri gjaldeyrissölunni, 12.3% var fyrir bátagjaldeyrisvörum, 31.5% fyrir vörum, sem háðar eru almennum leyfisveitingum, og 15.6% fyrir öðru en vöruinnflutningi."

Það er því alveg tvímælalaust, að orð mín um þetta efni hefur ekki verið hægt að misskilja. Og þess vegna eru allar þær tölur, sem ég hef nefnt, fullkomlega réttar. Hitt er auðvitað nákvæmlega jafnrétt, að ef tekinn er vöruinnflutningurinn einn og reiknuð út hlutdeild frílistans, þ. e. a. s. öðru en vöruinnflutningi sleppt, og stærstu liðirnir þar eru ferðakostnaður, námskostnaður og flutningsgjöld, — ef því er sleppt og frílistinn reiknaður af vöruinnflutningnum einum, þá verður sú prósenttala náttúrlega eilítið hærri og sömuleiðis prósenttala bátalistans og leyfisveitingalistans. En þetta skakkar ekki miklu. Menn þurfa þó að taka alveg skýrt fram og gera sér alveg ljósa grein fyrir því, hvort menn eiga við prósentur af heildargjaldeyrissölunni eða hvort menn eiga við prósentur af heildarinnflutningnum, — svo að tölur okkar beggja hæstv. viðskmrh. eru algerlega réttar.

Í frásögn af upplýsingum mínum í tveimur blöðum, sem ég man eftir að sagt hefur verið frá þeim í, blaði míns flokks og blaði hv. Framsfl., var skýrt þannig frá tölum mínum, eins og ég sagði þær, þ. e., að átt hefði verið við gjaldeyrissöluna, svo að það fer ekkert á milli mála, að þar tók ég skýrt fram í ræðu minni.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. minntist hér á áðan, að ég þyrfti nú ekki að óttast, að hæstv. ríkisstj. mundi misnota þetta frv., þegar það væri orðið að lögum. Það er nú ekki undarlegt, þótt ég sé dálítið tortrygginn, þegar ég hef fyrir mér lög, sem þeir flokkar, sem nú standa að ríkisstj., hafa misnotað til að gefa út reglugerðir eftir, þó að lögin banni útgáfu reglugerða í þeim anda, sem sú reglugerð var. Það hefði verið betra, ef hæstv. viðskmrh. hefði viljað segja okkur hér nú, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að hafa reglugerðina, sem hún gæfi út. Þá hefðum við ef til vill getað rætt málið á dálítið raunhæfari grundvelli. Og ég efast nú satt að segja ekki um, að hæstv. ríkisstj. hefði gefið mjög fagra yfirlýs-

ingu um það, hve frjálslynd hún ætlaði að verða með útgáfu reglugerðanna, svo framarlega sem hún hefði hugsað sér að vera sérstaklega frjálslynd. Ég hef hvað eftir annað áður sýnt fram á, hvernig reglugerðin um bátagjaldeyri væri brot á núverandi lögum um fjárhagsráð, hvernig það væri brot á 12. gr., sem mælir fyrir um það, að ef gefin eru út innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, þá skuli þau gefin út til innflytjenda, þannig að það er ekki hægt eftir núgildandi lögum að gefa út gjaldeyrisleyfi til útflytjenda. Með því frv., sem hér liggur fyrir, eru allar þessar takmarkanir afnumdar. Það er hægt á morgun að veita útflytjendunum allan réttinn til innflutningsins á landinu samkvæmt því frv., ef það verður að lögum. Þessu hef ég vakið eftirtekt hæstv. ríkisstj. á, og það er þá bara vegna þess, að henni finnst sporin hræða, ef hún fer ekki miklu meira í þá áttina. Ég hef hvað eftir annað spurt hér núna um, hvort byggingarefni yrði gefið frjálst með þeim reglugerðum, sem hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að gefa út. Það hafa engin svör fengizt. Mundi nú ekki hæstv. ríkisstj. hafa notað tækifærið og lýst því yfir í sambandi við frelsið, sem hún segist vera að gefa Íslendingum í íbúðarhúsabyggingum, að hún ætlaði að gefa innflutning byggingarefnis frjálsan, svo framarlega sem hún ætlaði sér það?

Hæstv. viðskmrh. sagði, að ég þyrfti ekki að óttast, að það yrði farið að gefa einstökum mönnum einokun. Af hverju hefur hæstv. ríkisstj. ekki fengizt til að segja eitt orð um, hvernig einokuninni á olíunni er skipt niður eða hvernig einokuninni á sementinu og innflutningnum á því er skipt niður? Ætli það sé ekki vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hugsar sér að halda viðteknum praksis í þessum efnum?

Þá talaði hæstv. viðskmrh. og virtist nú alveg sérstaklega undrandi yfir því, að ég skyldi hafa látið annað eins út úr mér og það, að það væri verið að afnema eitthvert verzlunarfrelsi, sem innleitt hefði verið með fjárhagsráði. Ég sagði, að það væri verið að afnema lagaákvæðin, sem hefðu verið um verzlunarfrelsi almennings í lögunum um fjárhagsráð, og tók greinilega fram, að hæstv. undanfarnar ríkisstj. hefðu fótumtroðið þennan lagabókstaf og þessi lagaákvæði síðustu 5—6 ár, en séu nú að afnema lagaákvæðin sjálf, svo að þau séu þeim ekki einu sinni lengur til trafala. Ég vil minna hæstv. viðskmrh. á, að í lögunum um fjárhagsráð stendur í 2. gr., 3. undirlið, þar sem segir, við hvað fjárhagsráð skuli miða sín störf, að það skuli miða störf sín við það, að „neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands sé gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt". Það voru þessi ákvæði, sem gerðu m. a. sérstaklega að verkum, að allar ráðstafanir til einokunar og ráðstafanir eins og bátagjaldeyririnn voru í algeru ósamræmi og algert brot á lögunum um fjárhagsráð. Nú eru öll þessi ákvæði afnumin. Það er ekkert til í þessum lögum, sem segir, að neytendur í landinu hafi einhvern rétt, að þeir hafi rétt til þess að flytja nokkurn skapaðan hlut inn til landsins, því síður að þeir eigi rétt á að fá vöruna ódýrt, því síður, að að svo miklu leyti sem leyfi eru gefin út, þá skuli þau frekar fara til þeirra samtaka, sem selja neytendum ódýrt. Þetta hefur að vísu ekki verið gert á undanförnum árum. En það eru lagaákvæði til um, að það eigi að gera. En Framsfl. og Sjálfstfl. hafa komið sér ákaflega vel saman um að traðka á öllum slíkum lagaákvæðum. Hins vegar er ríkisstj. dálitið viðkvæm fyrir því, að alltaf er verið að nudda í því, að hún sé að brjóta lög, svo að þá er þess vegna miklu betra að afnema þau lög, sem hún er að brjóta, afnema þau ákvæði endanlega, og það er það, sem er að gerast núna með þessum lögum.

Ég get skilið, að þau ákvæði fari líka í taugarnar, þær fínu taugar á hæstv. ríkisstj., að fjárhagsráð skuli miða störf sín við eftirfarandi, eins og stendur í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„2. Að öllum vinnandi mönnum og þá sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, sé tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku." Það er skiljanlegt, að svona ákvæði fari í taugarnar á hæstv. ríkisstj., fari í taugarnar á Framsfl. og Sjálfstfl. — óeðlileg sérréttindi. Ég hef heyrt um það, að framsóknarmennirnir segja, að heildsalarnir hafi einhver óeðlileg sérréttindi, og sjálfstæðismennirnir segja, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi óeðlileg sérréttindi. En svo koma þeir sér bara saman um, að þeir skuli skipta þessum sérréttindum ákaflega vel á milli sín, þannig að þeir hafi báðir, þessir flokkar, sérréttindi gagnvart almenningi til þess að arðræna hann. Og þá er náttúrlega bezt að taka burt svona ákvæði eins og þau, að störf þess aðila, sem stjórnar innflutningnum til landsins, skuli miðuð við það að koma í veg fyrir óeðlileg sérréttindi. — Ég tala nú náttúrlega ekki um, að önnur eins ákvæði skuli vera í lögum eins og það, að vinnandi mönnum eigi að tryggja réttlátar tekjur fyrir vinnu sína. Það er náttúrlega til stórbölvunar, að þess háttar skuli enn þá standa í lögum, svo að það er ósköp eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. vilji endilega fá þetta afnumið. Það er eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls: Þegar fjárhagsráðslögin voru samin, þá voru áhrif nýsköpunarstefnunnar og þeirra endurbóta, sem þá höfðu verið framkvæmdar á hag almennings á undanförnum 2 árum, svo rík í landinu, að það þótti ekki annað fært en að taka upp í lög ákvarðanir í þeim anda. Það er hins vegar reyndin á þeim sex árum, síðan lögin um fjárhagsráð voru samþ., að öll þessi ákvæði hafa verið tröðkuð undir fótum. Áhrif þess umbóta- og nýsköpunartímabils, sem var frá 1944—46, hafa verið smám saman þurrkuð út, en það, sem nú er að gerast, er, að það er verið að þurrka þessi áhrif að lokum út úr lögunum líka, eftir að þau eru búin að vera lagabókstafur, sem hefur verið brotinn í þessi 6 ár.

Ég tala nú náttúrlega ekki um það, að það sé nauðsyn að þurrka út úr lögum önnur eins ákvæði og þau, að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eins og ákveðið var í 2. gr. þá. Það hafa nú í 5 ár ekki verið gerð kaup á einum einasta nýjum

togara, síðan togararnir 10 voru keyptir 1948. Það er að sækja alveg hreint í gamla horfið, sem var á árunum 1930—40. Það er þess vegna ósköp skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. vilji sleppa sem allra mestu af öllum slíkum ákvæðum.

Ég tala nú ekki um 8. ákvæðið í 2. gr., að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa. Eftir að búið er að afnema raunverulega úr lögum allan lagakaflann um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, þá er náttúrlega bezt að fá þetta líka burt úr fjárhagsráðslögunum. — M. ö. o.: Hæstv. viðskmrh. getur þess vegna ekki verið neitt undrandi, þó að við þm., eftir þær till., sem felldar voru við 2. umr. þessa máls, séum orðnir miklu tortryggnari út í þetta frv. heldur en við vorum áður.

Hvað fjárhagsráð snertir, þá lagði ég áherzlu á það við 1. umr. þessa máls, að fjárhagsráð hefði allan þann tíma, sem það hefði verið til, verið verkfæri slæmra ríkisstjórna og tekið á sig andúð almennings af því að framkvæma slæma pólitík. Nú á að hafa fataskipti, nú á að skapa nýtt fjárhagsráð og að því er virðist, eftir afstöðu ríkisstj. við 2. umr. þessa máls og hennar stuðningsmanna, til þess að halda áfram jafnslæmri pólitík og áður, en pólitík, sem búin er að þurrka af sér þá lagafjötra, sem áður þurfti að brjóta. Það getur lengi vont versnað. Fjárhagsráð þótti ekki gott, þegar það tók við, enda tók það við af vinsælum stofnunum, sem áður höfðu verið, ætlað til þess að drepa niður alla viðleitni almennings til að skapa sér betri kjör í landinu, sem borið hafði mikið á á árunum áður. Mér sýnist um þá innflutningsskrifstofu, sem nú eigi að koma, þetta nýja rentukammer undir yfirstjórn ameríska bankans, Framkvæmdabankans, að það muni verða reyndin, að lengi geti vont versnað, svo slæmt sem fjárhagsráð hafi verið, þá sé nú meiningin, að sú stofnun, sem hér tekur við, geti haldið áfram á sömu brautinni, án þess að þar séu til trafala lengur nokkur þau ákvæði, sem hefðu átt að vera til hömlunar slæmri pólitík fjárhagsráðs, ef lög og réttur hefði gilt í landinu.

Ég býst við, að hæstv. ríkisstj. verði mjög fegin að fá þetta frv. nú út úr þessari deild, henni muni þá þykja nokkurn veginn borgið að fá þetta fram nú á þinginu, og það er vel, að það sýni sig, hvernig afstaðan er hjá hv. þm. stjórnarflokkanna til þess. Það sýndi sig, að þeir einu menn, sem töluðu auk hæstv. viðskmrh., sem hefur sýnt virðingarverða viðleitni í því að verja vondan málstað, — þeir einu þm. stjórnarflokkanna, sem töluðu, voru báðir raunverulega á móti frv., hv. þm. þeirra Húnvetninganna, sinn frá hvoru sjónarmiði að vísu, en báðir hjálpuðu þeir samt til þess að nudda því áfram í gegnum deildina. Allir aðrir þm. stjórnarflokkanna virðast að vísu rétta höndina upp, þegar á liggur, til þess að koma því áfram, en ekki einn einasti þeirra hefur lokið lofsorði á þetta frv. eða tekið upp á því að reyna að fara að verja það. Og ég ætlaði rétt að lykta með því að segja, að það hefur ekki tekizt að fá ráðh. Framsfl. heldur til þess að tala í málinu. Það er auðséð, að sá flokkur ætlar að láta frv. fara í gegn án þess, að frá hans hálfu heyrist ein einasta rödd með því. Það eru bara hendurnar, sem þar eiga að tala. En fyrst samvizkan er nú svona slæm hjá þeim, sem þessu frv. fylgja, og stjórnarflokkunum við þessa meðferð í þinginu, hvernig halda menn þá að verkin verði, þegar á að fara að framkvæma það á eftir?

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SÁ, SkG, ÁB, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, SB.

nei: LJós, SG, BergS, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj.

9 þm. (MJ, ÓTh, PO, StgrSt, BÓ, EggÞ, GTh, BFB, JóhH) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 30. fundi í Ed., 9. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. á þskj. 266, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hefur fengið afgreiðslu í Nd. Er það hér til 1. umr. Ég veit nú ekki, hvort það er beinlínis þinglegt að óska eftir því, að 1. umr. verði ekki lengd úr hófi fram, þannig að það mætti takast að koma málinu í n. á þessum fundi, en ég hætti nú eigi að síður á að bera það upp. Ég vil samt sem áður fara nokkrum orðum um frv. eins og það liggur hér fyrir.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. dm. hér í Ed. hafi fylgzt nokkuð með umræðunum í Nd., enda hefur einnig verið skrifað töluvert um málið og það sem sagt verið á hvers manns vörum undanfarna daga. Það er í sjálfu sér heldur ekkert undarlegt, því að frv. þetta markar nokkur tímamót og gefur mönnum ýmsar góðar vonir um aukið frelsi í viðskipta- og athafnamálum. Hafa þess vegna margir fagnað flutningi þessa frv. og gera sér þess fulla grein, að það er verið að innleiða aukið frelsi í landinu með því að lögfesta það.

Eins og 1. gr. frv. ber með sér, er ljóst, að möguleiki er á því að gera innflutninginn frjálsan að öllu leyti með reglugerð, sem ríkisstj. gefur út, ef hún treystir sér til að orða hana svo af gjaldeyrislegum ástæðum. Því miður er gjaldeyrisástand þjóðarinnar ekki það gott í dag, að ríkisstj. treysti sér til að ákveða, að innflutningurinn skuli vera að öllu leyti frjáls. En stefna ríkisstj. er að gera verzlunina eins frjálsa og unnt er hverju sinni. En ríkisstj. gerir sér grein fyrir því, að til þess að svo geti orðið, þarf gjaldeyrisforði að vera í landinu og gjaldeyrir það mikill fyrir hendi, að unnt sé að greiða þennan frjálsa innflutning hverju sinni. Ríkisstj. gerir sér grein fyrir því, að það er óhollt og það má ekki eiga sér stað, að innflutn-

ingur til landsins verði meiri en svo, að unnt sé að greiða hann af þeim gjaldeyristekjum, sem þjóðin kann að fá eða eignast. En með því að ákveða með 1. gr. frv., að ríkisstj. geti með reglugerð ákveðið hverju sinni, hverjar vörur skuli vera frjálst að flytja inn til landsins, hefur ríkisstj. þetta atriði í hendi sér. Og þeir, sem vilja frjálsan innflutning og telja það æskilegasta formið, geta, um leið og þeir vita um stefnu ríkisstj. í þessum málum, verið ánægðir með, að þetta skuli ákveðast með reglugerð, sem ríkisstj. gefur út.

2. gr. frv. er ekki nema eðlileg og sjálfsögð, enda í samræmi við það, sem hefur gilt í lögum og hlýtur ávallt að vera í íslenzkum lögum, sem sé að banna að tollafgreiða vörur, sem ekki eru fluttar til landsins samkvæmt leyfum, eða á ólcyfilegan hátt.

3. gr. frv. er um, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafi einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, og er það einnig í samræmi við það, sem hefur gilt.

4. gr. er um það, sem einnig hefur áður gilt, að útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum sé skylt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands þann gjaldeyri, sem þeir kunna að eignast.

Þá er það 5. gr., sem gerir ráð fyrir því, að stofnuð verði innflutningsskrifstofa og að innflutningsskrifstofunni veiti forstöðu 2 menn, sem ráða starfsfólk til skrifstofunnar og gera kostnaðaráætlun í sambandi við hana og leiti að því leyti samþykkis ríkisstj. Innflutningsskrifstofan má segja að komi í staðinn fyrir fjárhagsráð. Og þar sem fimm menn hafa áður stjórnað fjárhagsráði, er ætlazt til, að nú verði aðeins 2 menn, sem stjórna starfsemi innflutningsskrifstofunnar, og er það í samræmi við minnkandi verkefni frá því, sem verið hefur, að ætlazt er til, að 2 menn leysi nú af hendi það, sem 5 menn hafa áður verið önnum kafnir að starfa við, sem sagt fjárhagsráðsmennirnir. Það er enginn vafi á því, að með þessu breytta fyrirkomulagi sparast starfsfólk og húsnæði og öll framkvæmd þessara mála verður mun einfaldari en hún hefur áður verið vegna minnkandi skriffinnsku, og má þess vegna reikna með því, að þessi framkvæmd verði mun vinsælli en áður hefur verið, ekki sízt vegna þess, að með auknu frelsi verður mun fámennari hópur, sem þarf að leita til þessara manna, heldur en áður var, meðan fjárhagsráð var og hét og ekkert mátti gera í þessu landi nema að fengnu leyfi fjárhagsráðs. Það er enginn vafi á því, að þessi breyting hefur í för með sér það að gera alla þessa framkvæmd mun vinsælli og einfaldari, og almenningur í landinu mun finna það, að losað hefur verið á hafta- og skrifstofubákninu, sem hefur gert mörgum áður erfitt fyrir.

Samkvæmt 6. gr. taka forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar sameiginlegar ákvarðanir samkvæmt þessum lögum, og hefur hvor þeirra rétt til þess að vísa ágreiningi um meiri háttar mál til ríkisstj. Þetta er eðlilegt ákvæði. Ef þessir 2 menn koma sér ekki saman um meiri háttar mál, þá er það vitanlega eðlilegt, að slíkur ágreiningur komi til ríkisstj. til úrskurðar.

Samkvæmt 7. gr. fara forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar, að fengnum till. verðgæzlustjóra, með verðlagsákvarðanir samkvæmt l. nr. 35 26. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Verðgæzlustjóri skal annast birtingu verðlagsákvarðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála. Undanfarið hafa verðlagsákvarðanir verið í fjárhagsráði, þannig að 3 menn hafa haft fast starf í fjárhagsráði við verðlagsákvarðanir, en verðgæzlan hefur svo verið annars staðar, og hefur því verðlagsákvörðun og verðgæzla verið í tvennu lagi. Með því að sameina þetta mun sparast töluverður kostnaður og fást betra samræmi í þetta en áður hefur verið með því að láta tvær stofnanir fjalla um þessi mál.

8. gr. frv. kveður svo á, að frjálst skuli vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar er allt að 520 m³, svo og peningshús, heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, sem kosta samtals allt að 40 þús. kr. M. ö. o.: Þessi grein léttir fjárfestingunni af öllum einstaklingum. Allt, sem snertir almenning í landinu, er raunverulega gefið frjálst hvað byggingarmálin snertir, því að 520 m³ íbúð er ekki nein smáíbúð, og þótt finnast megi menn, sem vilja byggja stærra, þá má fullyrða, að þeir eru tiltölulega fáir, sem kæra sig um stærri íbúð en hér er um að ræða, því að það er hvorki meira né minna en 7 herbergja íbúð með tilheyrandi þvottahúsi og geymslu, sem rúmast innan þessarar stærðar. Og það er alveg óþarft að tala um húsnæðisvandræði, ef almenningur í landinu telur heppilegt að byggja stærri íbúðir eða búa yfirleitt í stærri íbúðum. Það er mikil breyting, sem á verður samkv. þessari grein, miðað við það, sem áður hefur gilt, þegar ekkert hefur sem sagt mátt gera eða framkvæma án leyfis.

Ég býst nú við, að einhver segi sem svo: Ja, það hefur nú verið sama sem frjálst undanfarið að byggja bæði smáíbúðir og peningshús í sveitum. — Og rétt er það hvað snertir peningshús í sveitum, að þá hafa menn undantekningarlítið fengið leyfin, en þeir hafa eigi að síður orðið að sækja um leyfin, og þeir hafa orðið að sækja um skömmtunarseðil fyrir byggingarefni, og allt hefur þetta kostað snúninga, skriffinnsku og ýmiss konar vafstur, sem menn munu fagna að losna við í sambandi við þetta. — Hvað smáíbúðirnar snertir, þá er það nú svo, að þær hafa verið bundnar við 340 m³ stærð, og það eru náttúrlega ekki stórbyggingar, og við munum það rifrildi og óþægindi, sem ýmsir áttu í að stríða við fjárhagsráð, þegar þeir vildu hafa port á loftinu, til þess að einhver not mættu verða af því, en þessum mönnum var neitað um það og jafnvel talað um að refsa ýmsum fyrir að hafa port, sem höfðu nú ráðizt í það án leyfis fjárhagsráðs. Þegar allt þetta er athugað og að áður mátti ekki gera við þak á húsi, sem lak, nema með leyfi fjárhagsráðs, og það er borið saman við 8. gr. þessa frv., þá munu menn sjá, að hér er mikil breyting á orðin frá því, sem verið hefur.

Nú mun einhver spyrja: Hvers vegna er verið með þessi takmörk, 520 m³? Hvers vegna var

ekki ákveðið, að fjárfestingin skyldi vera að öllu leyti frjáls? Það er auðvelt að svara því. Ríkisstj. þykir eðlilegt að þreifa sig áfram í þessum efnum og losa á höftunum smátt og smátt og taka sporið ekki stærra hverju sinni heldur en svo, að það megi örugglega ganga áfram og það þurfi ekki til þess að koma, að það þurfi að fara að stíga spor aftur á bak í áttina til hafta og þess háttar, sem við viljum losa þjóðina að öllu leyti við. Það er gert ráð fyrir því, að skömmtun á byggingarefni verði afnumin að öllu leyti, og sparast við það skriffinnska, snúningar og fyrirhöfn, sem einstaklingar hafa átt við að stríða undanfarið, að ógleymdum þeim mikla tíma, sem farið hefur í það að sækja skömmtunarseðla fyrir byggingarefni og bið á biðstofum, enda þótt þeir, sem við afgreiðsluna hafa fengizt, hafi verið allir af vilja gerðir og framkvæmt það eins vel og sanngjarnt var af þeim að heimta undir því fyrirkomulagi, sem þeir bjuggu við. Það felst ekki í þessu nein ásökun á þá menn, sem hafa fengizt við framkvæmdina. Ég geri ráð fyrir því, að þeir hafi unnið það vel og sómasamlega, en sá stakkur, sem þeim var sniðinn til þess að vinna í, var þröngur, að það hlaut alltaf að verða óvinsælt og tiltölulega erfitt að standa í þeirra sporum.

9. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að Framkvæmdabanki Íslands fylgist með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstj. til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Skal Framkvæmdabankinn semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast vegna þessa hlutverks. Í öllum menningarlöndum þykir sjálfsagt að semja þjóðhagsreikninga, og þjóðhagsreikningar byggjast m. a. á því, að unnt sé að fylgjast með fjárfestingunni og reikna út, hversu mikið fjármagn þjóðin lætur árlega í fjárfestingu. Þykir eðlilegt, að Framkvæmdabankinn annist þessa starfsemi, svo sem lagt er til í 9. gr. frv.

10. gr. frv. kveður svo á, að starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar og öðrum, sem annast framkvæmd þessara l., sé bannað að gefa upp það, sem þeir kunna að frétta, og annað þess konar, nema því aðeins að það sé leyfilegt, og er það eins og áður hefur verið í lögum hér á landi. — Sama máli gegnir um 11. gr. Það er alveg í samræmi við það, sem áður hefur gilt, og þarfnast ekki skýringa.

Þá er það 12. gr. Þar er kveðið svo á, að innflutningsgjald skuli vera 1% af leyfisupphæð, og er það eins og það hefur verið núna undanfarið í framkvæmd. Nú mun einhver vilja spyrja, hvers vegna þetta leyfisgjald sé ekki lækkað, þegar vitað sé, að leyfin muni verða mun færri, sem gefin verði út, og starfsemin dragast mjög mikið saman, fólkinu fækkað og húsnæði minnkað og sem sagt allur kostnaður við þessa starfsemi minnkar. En það er eðlileg skýring á því, að með því að dregið verður úr leyfisveitingum vegna aukins frelsis, þá munu tekjur skrifstofunnar minnka að sama skapi, enda þótt prósentgjald af leyfunum sé látið vera jafnhátt og það hefur verið áður.

Í 13. gr. er tekið fram, að þar sem talað er um ríkisstj., sé átt við ríkisstj. í heild, en ekki aðeins einn ráðherra. Er það eins og verið hefur áður, að fjárhagsráð hefur heyrt undir ríkisstj. alla, en ekki viðskmrh. Innflutningsskrifstofan mun einnig heyra undir ríkisstj. alla, en ekki aðeins undir viðskmrh.

Þá segir í 14. gr., að ríkisstj. setji reglugerð um nánari ákvæði og framkvæmd l. þessara, og er það í samræmi við það, sem ég minntist á áðan um 1. gr.

15. gr. þarf ekki skýringa við.

Þá eru hér ákvæði til bráðabirgða, og er það í sambandi við niðurgreiðslu á smjörlíki og smjöri. Eru það nú einu vörurnar, sem eru skammtaðar í þessu landi, og er það eingöngu vegna takmörkunar á niðurgreiðslunni.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. hér við 1. umr. Ég sagði áðan, að það væri ósk mín, að þetta frv. mætti ganga til n. í dag, þar sem ætlazt er til, að það verði að l. núna fyrir jólin. Ég er hins vegar ekki að mælast undan því, að umr. verði um frv., en ef hv. dm. teldu, að þeir gætu með góðri samvizku geymt aðalumr. til 2. umr., þá væri mér þægð í því, aðeins vegna þess, að frv. kæmist þá til n. og athugunar þar, og mundi það flýta fyrir afgreiðslu málsins.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég tel ekki fært að láta þetta frv. ganga svo til frekari meðferðar í þinginu, að ég geri ekki grein fyrir afstöðu minni og Alþfl. til þess.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni áðan, að með þessu frv. væru mörkuð tímamót í sögu okkar Íslendinga, það gæfi vonir, miklar vonir, því að þeir ætluðu að innleiða verzlunarfrelsi, það gæfi vonir um að gera innflutninginn frjálsan, — svo kom hæfileg ræðumannsþögn, og svo viðbótin: ef ríkisstj. treystir sér til af gjaldeyrisástæðum, — og svo kom enn þögn: en gjaldeyrisástæður eru því miður ekki góðar. — Það er vissulega ekki óeðlilegt, að hæstv. ráðh. þyrfti að lækka nokkuð tóninn, ef svo mætti segja, frá því að hann hóf mál sitt og þangað til hann var kominn svo langt sem ég rakti nú í ræðu hans. Sannleikurinn er sá, að þetta mál er hreint hégómamál, sem hefur verið reynt að telja fólki trú um að hefði verulega þýðingu fyrir fólkið í landinu og afkomu þess. Þetta hefur verið málefni, sem hefur verið samið um í sambandi við stjórnarmyndunina, að auka verzlunarfrelsið í landinu, og blöðin hafa skrifað um þetta feitletraðar greinar. Og til þess að sýna viðleitni til efnda á þessum stóru loforðum er þetta hégómamál fram borið.

Það, sem um er að ræða hér, er ekkert annað en að breyta um nafn á fjárhagsráði, sem nú er, og setja í staðinn innflutningsskrifstofu. Og í staðinn fyrir fimm menn, sem nú ráða þessum málum, þar sem mismunandi sjónarmið geta komið fram og eiga rétt á sér og eiga sína málsvara, þá eiga nú tveir með rígbundin flokkssjónarmið stjórnarflokkanna að skipa þessum málum án annarra manna íhlutunar. Þetta er

meginefni frv. Það er því ekki einbert hégómamál, vegna þess að það er verið að herða á viðjunum þarna, það er verið að loka önnur ráð úti frá skipun þessara mála heldur en þau, sem mótast af hreinum flokkssjónarmiðum stjórnarflokkanna.

Fjöllin tóku jóðsótt, og fæddist lítil mús. Þetta er einhver sú auvirðilegasta mús, sem ég hef vitað fæðast eftir jafnstrangar fæðingarhríðir og á undan hafa gengið. Það er lítil mús í þessu, — ég skal játa það, — lítil og léleg, en þó er viðleitni í rétta átt á einum stað, þar sem segir í 8. gr. frv., að það skuli þó vera frjálst að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar nemur allt að 520 m³ að stærð. Þetta er spor í rétta átt. Þetta er nokkur rýmkun frá því, sem nú er, þ. e. a. s., ef ekki koma aðrar hömlur í staðinn, sem draga úr möguleikum til þessara framkvæmda, því að þess er rétt að minnast í þessu sambandi og má aldrei gleymast, að þó að staðið hafi á fjárfestingarleyfum oft og einatt til íbúðabygginga, þá er fleira, sem á hefur staðið. Hér í Rvík t. d. hefur verið hörmung og erfiði að fá aðeins lóðir undir þær byggingar, sem fjárhagsráð hefur veitt leyfi til að byggja, fyrir utan það, sem allir vita, hversu ástatt er um peningamálin og möguleika til að fá lán til íbúðabygginga fyrir þá, sem ekki hafa nægilegt fé til að gera það af eigin rammleik. Þó skal játað, að í þessu er nokkur rýmkun frá því, sem nú er, en það er líka það eina, sem miðar í rétta átt í þessu frv.

Ég get ekki að því gert, að þessar sífelldu nafnabreytingar á þeim stofnunum, sem hafa innflutningshömlurnar með höndum, eru farnar að verða næstum spaugilegar, ef ekki væri um svo alvarlegt mál að ræða sem hér er um að ræða. Fyrst var þetta gjaldeyrisnefnd, svo innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, síðan var það fjárhagsráð, og loksins núna á þetta að heita innflutningsskrifstofa. Það minnir á nafnabreytingar Sjálfstfl., sem fyrst, held ég, hét Sparnaðarbandalag, síðan Borgaraflokkur, svo Íhaldsflokkur og loksins Sjálfstæðisflokkur, en innihaldið var það sama allan tímann. Það voru bara nöfnin, sem breyttust. Þegar eitt nafnið var orðið óvinsælt, þá varð að fá annað nýtt, þangað til það var útslitið líka. Alveg á sama hátt er þessi nafnabreyting á þessum stofnunum, sem hafa höftin með höndum.

Ég verð að segja það, að 1. málsgr. í 1. gr. frv. sýnir í raun og veru ákaflega greinilega, hversu aumlegt fálm hér er um að ræða hjá hæstv. ríkisstj. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar málsgr. svo:

„Frjáls skal vera innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstj. ákveður hverju sinni með reglugerð.“

Það skal vera frjálst, sem ríkisstj. segir að eigi að vera frjálst. Þetta er einhver sú kyndugasta lagasetning, sem ég hef þekkt. Það eðlilega í þessu máli væri að segja: Það skal vera frjáls innflutningur á vörum til landsins, en telji ríkisstj. óhjákvæmilegt að takmarka það á einhvern hátt, þá skal hún gefa út reglugerð, sem bannar, að einhverjar ákveðnar vörur séu fluttar inn, og segja til um það, hvað er bannað á hverjum tíma, hitt, sem ekki er bannað, það á að vera frjálst. En hér segir í þessari grein: Það skal vera frjáls innflutningur á þeim vörum, sem ríkisstj. leyfir frjálsan innflutning á. Ég verð að segja það, að aumari kattaþvott hef ég nú sjaldan komizt í kynni við í lagasetningu heldur en það, sem hér er fram borið.

Hæstv. ráðh. sagði réttilega í inngangi síns máls, að það væru vonir um að gefa innflutninginn frjálsan, ef ríkisstj. treysti sér til þess af gjaldeyrisástæðum, sem því miður væru nú ekki góðar. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðh. Gjaldeyrisástæðurnar eru ekki góðar. Ég veit ekki betur en skuldir bankanna við útlönd séu hinar sömu nú — ef ekki heldur hærri — og þær voru fyrir ári, þ. e. a. s. milli 70 og 80 millj. kr. lausar gjaldeyrisskuldir. Ég veit ekki betur en verzlunarjöfnuðurinn sé okkur í óhag hátt á þriðja hundrað millj. kr., það sem af er árinu, nokkuð innan við 1 millj. kr. á hverjum einasta degi. Það er rétt, að verzlunarjöfnuðurinn sýnir ekki, hvernig gjaldeyrisviðskiptin hafa verið á árinu. Það hafa komið ýmsar tekjur inn aðrar en fyrir útflutningsvörur, t. d. Marshallfé, sem nú er hætt að koma inn og ekki hægt að reikna með sem tekjum lengur og hæstv. fyrirrennari núverandi viðskmrh. lýsti yfir, að við hefðum ekki þörf fyrir lengur, heldur skyldum þakka fyrir það. Það var mjög fallegur máti að þakka fyrir það, sem veitt hefur verið, en tungur segja nú, að hvort sem við eigum að þakka eða ekki þakka, þá muni nú greiðslunni vera ráðstafað hvort sem er um mitt þetta ár. En það kemur nú ekki þessu máli við. Það er víst, að slíkra framlaga er ekki að vænta fyrst um sinn a. m. k.

Þá eru aðrar tekjur, sem ekki koma inn í verzlunarjöfnuðinn. Það eru tekjur af starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og utan um það. Það eru tekjur, sem nema geysifjárhæðum, að mér er sagt, ekki minna en yfir ½ millj. kr. á dag, en ég mundi telja hið mesta glæfraspil og ábyrgðarleysi að reikna með þeim sem varanlegum tekjum í þjóðarbúið. Þetta veldur því, að gjaldeyrisjöfnuðurinn er ekki verri þó en hann er nú, og hæstv. ráðh. segir, að hann sé ekki góður. Það er vissulega mjög varlega sagt af honum. En náttúrlega er óvit að reikna með slíkum gjaldeyristekjum áfram. Þegar þetta er athugað, er bersýnilegt, að engar líkur eru til þess, ef hæstv. ráðh. meinar nokkuð með því, sem hann segir, að gjaldeyrisástandið verði á hverjum tíma að segja til um það, hvað hægt sé að leyfa, þá er ekki hægt að gera sér nokkrar vonir um neina rýmkun, sem máli skiptir, í sambandi við setningu þessara laga, og löggjöfin sjálf hefur vitaskuld ekki nokkur áhrif í þessu efni, því að það, sem ræður því, hvort verzlunin getur verið frjáls í þeim skilningi, að þeir, sem vilja og hafa fjárráð til þess að kaupa vörur frá útlöndum, geti gert það og fái það, er það, hvernig gjaldeyrisástand landsins á hverjum tíma er gagnvart útlöndum. Það eru þau máttarvöld, sem hæstv. ríkisstj. verður að beygja sig fyrir. Sú leið, sem ein getur orðið til að skapa varanlegt frelsi í verzlunarmálum í þessum skilningi, sem ég hér

hef talað um, er að auka og tryggja gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Það er augljóst mál. Og í því efni er þetta frv. á engan hátt til styrktar, þvert á móti, og mun lakara á allan hátt heldur en fjárhagsráðslögin, sem á að nema úr gildi, því að samkv. þeim er skylda stjórnarvaldanna í landinu og þeirra, sem með þessi mál fara, að beina fjármagninu í þá átt, sem eykur gjaldeyristekjur landsins, en öll slík ákvæði eru tekin út og felld úr gildi með því að setja þessi lög í staðinn fyrir fjárhagsráðslögin frá 1947, eins og hæstv. ráðh. sjálfur veit.

Ég hygg, að það muni láta nærri, að innkominn gjaldeyrir á þessu ári nemi nærfellt 80 millj. kr. minna en sá erlendi gjaldeyrir, sem látinn hefur verið af hendi, og hafa þó komið þessar sérstöku tekjur, sem ég áðan drap á, bæði Marshallféð og tekjur af Keflavíkurflugvellinum, og eiga ríkastan þátt í þessu.

Ég skal verða við tilmælum hæstv. ráðh. um að geyma mest af mínu máli til síðari umr. um þetta mál. Það fer væntanlega til fjhn., eins og áður hefur verið lagt til, og get ég þá komið að mínum skoðunum í sambandi við afgreiðslu málsins þar. Ég vildi aðeins benda á þetta hér við 1. umr. strax, að ég tel þetta frv., með þeirri litlu undantekningu, sem ég nefndi í 8. gr., á engan hátt til bóta og að verulegu leyti til hins verra frá því, sem nú er samkvæmt gildandi lögum.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég ætla nú ekki að segja mörg orð um þetta frv. á þessu stigi, enda ekki tími til þess.

Þegar hæstv. ríkisstj. boðaði, að hún hefði ákveðið að leggja fjárhagsráð niður, vakti það mikinn fögnuð meðal landsmanna. Þegar lögin voru sett, voru þau borin fram, eins og menn muna, með miklu yfirlæti. Í þeim fólst glæsilegt fyrirheit um fullnýtingu allra atvinnutækja landsmanna og tryggingu atvinnu handa öllum landsbúum, sömuleiðis, að vörur skyldu fluttar inn með svo hagkvæmu verði sem hugsazt gæti og að þeir, sem selja vörur sínar með minnstri álagningu, skuli sitja fyrir leyfum o. s. frv. Þetta voru allt saman ákaflega fögur heit. Sem sagt, með stofnun ráðsins voru gefin fyrirheit ekki aðeins um trygga atvinnu í landinu og auknar framkvæmdir, heldur og um lækkaða dýrtíð. En reynslan hefur vissulega orðið önnur, því að aldrei fyrr hefur atvinnulíf landsmanna verið lagt í slíkar viðjar eins og á því tímabili, sem fjárhagsráð hefur verið starfandi, og aldrei fyrr hefur dýrtíðin vaxið með slíkum ódæmum. Fá lög hafa verið sett, sem hafa orðið óvinsælli með þjóðinni. Og nú kemur hæstv. ríkisstj., fulltrúi þeirra sömu flokka, sem báru fram lögin um fjárhagsráð á sínum tíma með þessu mikla steigurlæti, sem ég var að lýsa, og telur nú eitt helzta afrek sitt að afnema þessi sömu lög. Fallvölt er heimsins dýrð.

Frv. þetta er borið fram til þess að láta líta út eins og það sé verið að láta undan þrýstingi fólksins um að afnema fjárhagsráð og hverfa frá þeirri stefnu, sem fjárhagsráð táknar. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Reykv., að þetta frv. sé einbert hégómamál. Nafni fjárhagsráðs er breytt, fjárhagsráð er kallað innflutningsskrifstofa og skal heita það eftirleiðis. Þetta er þungamiðja málsins, auk þess sem ráðið er þrengt þannig, að stjórnarfl. eru þar nú ótvírætt einráðir. En nú eru öll fögru orðin úr lögunum um fjárhagsráð, sem ég gat um áðan, látin niður falla. Og vegna hvers eru þau látin niður falla? Vegna þess að þau eru orðin að athlægi og viðundri meðal almennings.

Það má segja, að nokkurt undanhald felist í þessu frv. Það felst þegar undanhald í þessum sýndarráðstöfunum. Það sýnir í öllu falli, að ríkisstj. gerir sér ljóst, að öll stefna hennar í efnahagsmálum, sem er nátengd lögunum um fjárhagsráð, er fordæmd af þjóðinni. Ákvæðin í 8. gr. um frelsi til íbúðarhúsabygginga af ákveðinni stærð eru líka undanhald, enda þótt mikill vafi leiki á um það, hvort þessi ákvæði losa raunverulega um hömlur á byggingu íbúðarhúsa, því að hús verða ekki byggð, nema hægt sé að fá til þess lánsfé, en nú ríkir algert bann um lánveitingar til íbúðarhúsa, eins og kunnugt er. En þetta eru þó samt sem áður allt saman nokkrir tilburðir til undanhalds.

Þá er nýmæli í 9. gr., þar sem vald Framkvæmdabanka Íslands er ákveðið með lögum, þ. e. a. s. sett einnig inn í þessi lög það vald, sem bankanum er fengið með lögunum, sem sett voru á þinginu í fyrra. Yfirstjórn efnahagsmálanna á Íslandi skal vera í höndum þess banka, einmitt vegna þess, að þessi banki ræður yfir mótvirðissjóði, og þar með eru tengslin tryggð við yfirstjórnina í Washington.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 290).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur tekið fyrir á einum fundi sínum frv. á þskj. 266, um skipan innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmála o. fl., sem hér er til umræðu á þessum þingfundi. Hefur n. rætt málið á fundi sínum og afgr. svo sem þskj. bera með sér. Málið sjálft hefur verið rætt svo ýtarlega, bæði á Alþingi og í blöðum, að n. sá enga ástæðu til þess að tefja það með löngum umræðum í n., þar sem allir nm. höfðu haft margvíslega möguleika til þess að kynna sér það frá ýmsum hliðum. Um meðferð málsins var þá heldur enginn ágreiningur í n., enda komu þar ekki fram neinar óskir um frestun á afgreiðslu þess til þess að afla um það frekari upplýsinga en þegar lágu fyrir. Þykir mér rétt, að þetta komi hér fram við umræðuna.

Um hitt gátu nm. ekki orðið sammála, á hvern hátt málið skyldi afgr. úr n. Hv. meiri hl. n. vildi leggja til, að frv. yrði samþ. með nokkrum breytingum á 1. gr. þess, en á þetta gat hv. minni hl., hv. 4. þm. Reykv. (HG), ekki fallizt. Hefur hann því gefið út sérstakt nál.

Þótt hæstv. viðskmrh. hafi þegar við 1. umr. frv. gert ýtarlega grein fyrir höfuðtilgangi þess og skýrt, svo að ekki verður um villzt, í hverju þær umbætur á viðskiptalöggjöfinni felast, sem gerðar eru með þessu frv., ef að lögum verður, þykir mér þó rétt að gera hér nánari grein fyrir þeirri stefnu, sem þessi löggjöf kemur til þess að marka í viðskiptalífi þjóðarinnar, einkum þó eftir að hv. 4. þm. Reykv. fullyrti hér við 1. umr. málsins, að hér væri um hreint hégómamál að ræða. Sannleikurinn er þó sá, að frv. það, sem hér um ræðir, er eitt hið merkasta, ef ekki hið allra merkasta mál, sem legið hefur fyrir þessu þingi. En áður en ég ræði hin einstöku atriði þess þykir mér rétt að minnast nokkuð á innflutnings- og gjaldeyrismálalöggjöfina almennt.

Það mun vera í fyrsta skipti á árinu 1935, að heildarlöggjöf er sett um þessi mál á Alþingi. Í þeim lögum er svo fyrir mælt, að ríkisstj. skuli heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Er þá um leið komið á stofn fimm manna nefnd, sem falin er framkvæmd þeirra mála. Áttu Landsbankinn og Útvegsbankinn sinn fulltrúa hvor í þeirri stofnun, en ríkisstj. þrjá fulltrúa, og var einn þeirra form. nefndarinnar. Ég skal ekki rekja hér starfssvið þeirrar stofnunar. Það væri allt of mikið mál, ef gera ætti því skil, svo að vel væri, en aðeins benda á, að með göngu hennar er brotið blað í verzlunarsögu Íslendinga.

Alla tíð síðan einokunarverzluninni var aflétt af þjóðinni hafði það verið hlutverk verzlunarstéttarinnar, hvort sem hún stóð í sambandi við kaupmenn eða kaupfélög, að afla þjóðinni sem allra hagkvæmastra vörukaupa, fá sem allra mestar og beztar vörur, sem hægt var að fá, fyrir minnstan framlagðan gjaldeyri. Á því valt ekki einasta hagur einstaklinga og þjóðarinnar, að þetta tækist sem bezt, heldur og var þetta einn sterkasti þátturinn í því að skapa jafnvægi á milli inn- og útflutningsins og tryggja með því hagstæðan verzlunarjöfnuð fyrir landið. Að vísu var verzlunarjöfnuðurinn einnig háður framleiðsluútflutningi landsmanna og því verði, sem fyrir þá vöru fékkst, en allt um það var hér um veigamikinn þátt að ræða í baráttunni fyrir betri kjörum. Fjöldi merkra manna, sem fengið höfðu hina ágætustu menntun á sviði verzlunarmálanna, gerðu það að lífsstarfi sínu að vinna á þennan hátt fyrir landið, hjálpa þannig til þess að byggja það upp, og það náðist undraverður árangur, sem fór vaxandi með ári hverju. Sambönd voru tengd eftir þessum leiðum við hinar fjarlægustu og óskyldustu þjóðir, báðum aðilum til hagsbóta.

En stofnunin hafði ekki starfað í mörg ár, þegar hér var orðin gerbreyting á grundvallaratriði viðskiptalífsins í landinu. Nú var það ekki lengur höfuðatriði að fá sem mestar og beztar vörur til landsins fyrir minnstan gjaldeyri, heldur að fá sem flest og sem hæst innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Sá, sem á einn eða annan hátt gat tryggt það, gat tryggt sér gull og græna skóga án þess að tryggja þjóðinni hagkvæm viðskipti. En það leiddi aftur til hins, að í stað þess að stunda vörukaupin af samvizkusemi og þekkingu, fóru menn í þúsundatali að stunda sókn á hendur stofnuninni með öllum leyfilegum og óleyfilegum meðulum. Tugþúsundum dagsverka var kastað á glæ árlega bara fyrir það eitt að standa og bíða í biðstofum stofnunarinnar eftir samtölum við þá aðila, sem úthlutuðu af náð sinni þessum veraldargæðum. Alveg ný, óþekkt og óholl stétt manna reis upp, þ. e. þeir, sem gerðu sér það að atvinnu að afla sér leyfa og selja þau aftur sárþurfandi mönnum fyrir okurfé, mönnum, sem vegna atvinnu sinnar gátu ekki verið án vörunnar og höfðu enga möguleika til þess að geta fengið leyfin sjálfir. Var þessi atvinna oft miklu gróðavænni en vöruverzlunin sjálf. Þessi helstefna náði þó hámarki, er atvinnufyrirtæki, ný og gömul, urðu að lúta þessu fyrirkomulagi. Verður ekki með tölum talið það tjón, sem útflutningurinn, framleiðslan og stynjandi atvinnulaus vinnulýður beið við þetta fyrirkomulag. Öll árin frá því 1935 og þar til ófriðurinn hófst 1939 seig sí og æ á ógæfuhliðina hjá þjóðinni undir þessum lagafyrirmælum, sem enginn treysti sér til að fá breytt til batnaðar.

Á árunum 1941—47 er lögum um viðskipti og verzlun, innflutning og gjaldeyri og verðlag breytt á ýmsan hátt, eftir því sem nauðsyn þótti til bera á hverjum tíma, en þrátt fyrir hinar margvíslegu breytingar laganna er meginstefnunni haldið óbreyttri, þ. e., að viðskiptin skuli yfirleitt háð leyfisveitingum. Hversu mikið eða lítið var hert á þessum ákvæðum, fór þó jafnan nokkuð eftir gjaldeyrisforða og frjálslyndi þeirra manna, sem fóru með framkvæmdir laganna.

Árið 1944 eru sett sérstök lög um nýbyggingarráð. Var með þessum lögum sett upp sérstök stofnun við hliðina á gjaldeyris- og innflutningsnefndinni og henni ætlað það hlutverk að undirbúa framtíðaratvinnurekstur þjóðarinnar, bæði til lands og sjávar, þannig að hann gæti orðið sem arðbærastur. Fékk ráðið allvíðtækt vald, einnig til innflutnings- og gjaldeyrisveitinga fram hjá sjálfri gjaldeyris- og innflutningsnefndinni, einmitt vegna þess, að n. hafði árum saman vanrækt þá hlið málanna, sem beinlínis snerti framleiðsluna í landinu og aukin atvinnuskilyrði. Lagði nýbyggingarráð grundvöllinn að mörgu því í atvinnulífi þjóðarinnar þann tíma, sem það starfaði, sem bezt og öruggast hefur reynzt, jafnt í sambandi við sjávarútveg, landbúnað og iðnað í landinu. Verða þau störf seint fullmetin eða fullþökkuð.

Með lögunum 1947 um fjárhagsráð, sem nú er gert ráð fyrir að afnema, þegar frv. það, sem hér um ræðir, er orðið að lögum, voru öll innflutnings- og gjaldeyrismál, verðlagsmál og fjárfestingarmál sett undir eina og sömu stjórn. Aldrei hafði Alþ. gefið nokkurri stofnun jafnmikið og víðtækt vald sem það gaf fjárhagsráði með þessum lögum. Má í raun og veru segja, að meðan lögin eru í fullu gildi, hafi Alþ. beinlínis afsalað sér rétti til þess að ráða mörgum mikilsvarðandi málum þjóðarinnar og falið þau stofnuninni, og það jafnvel svo, að ríkisstj. gat ekki gripið inn í gerðir þessara manna, nema þá helzt ef meðlimir ráðsins gátu ekki komið sér saman um afgreiðslu mála. Það var því mikið í húfi, að vel tækist um val þeirra manna,

sem falið var slíkt vald, og að vel tækist um þá stefnu, sem þeir kæmu til þess að marka með störfum sínum í ráðinu. Færi sú stefna í öfuga átt við þjóðarviljann, var þess ekki að vænta, að hljótt yrði um stofnunina eða verk hennar. Og hvernig hefur þá þetta reynzt í þau sex ár, sem stofnunin hefur verið starfrækt? Ég held, að um það verði ekki deilt, að engin stofnun á Íslandi hefur orðið eins óvinsæl og það þegar frá upphafi. Því er sannarlega ekkert hégómamál það frv., sem nú er verið að ræða um og gerir ráð fyrir því, ef að lögum verður, að langóvinsælasta stofnun landsins verði lögð niður. Og þó er þetta atriði í frv. ekki þýðingarmesta atriðið, heldur hitt, að með þessu frv. er snúið við á þeirri braut, sem mörkuð var af hinni voldugu stofnun, og stefnt að öðru og hollara marki, þ. e. að skapa meira frelsi í viðskiptalífi þjóðarinnar og með því að hleypa meiri grósku í allt athafnalíf í landinu, framkalla ónotuð öfl, sem ekki koma fram hjá þjóðinni, á meðan viðskipti hennar eru öll í viðjum. Það getur engin fjötruð þjóð og engir fjötraðir aðilar lyft grettistökum. Til þess að svo megi verða, þarf maðurinn að vera frjáls bæði í athöfnum og hugsunum.

Því hefur verið haldið fram, og það kom að nokkru fram hjá hæstv. viðskmrh. í framsöguræðu hans hér um þetta mál, að það bæri ekki að ásaka fjárhagsráðsmennina fyrir margt af því, sem miður hefur tekizt í framkvæmd laganna, heldur beri að kenna hér um sjálfum lögunum. Ég hef enga löngun til þess að bera þá menn neinum sérstökum sökum. Það hefðu sjálfsagt hvaða menn sem með þau mál hefðu farið verið dæmdir til þess að haga framkvæmdum sínum þannig að fá fyrir það litlar eða engar þakkir. En sé svo, þá er enn meiri nauðsyn til þess að afnema slík lög, sem beinlínis gera þá, sem sjá eiga um framkvæmdirnar, að óvinsælli og lakari mönnum en þeir eru í raun og veru, og ekki sízt þegar sýnilegt er, að annað og auðveldara kerfi samrýmist miklu betur þjóðarsálinni og allri skapgerð þjóðarinnar. Einmitt vegna þessarar skoðunar þykir mér rétt að fara hér nokkrum orðum um þá kafla fjárhagsráðslaganna, sem nú er ætlazt til að falli úr gildi, svo að hægara sé að átta sig á því, hvaða reginmunur er á þeim og frv. því, sem hér um ræðir.

Í fyrsta kafla laganna, 1. gr., er sagt, að af andvirði útflutnings hvers árs skuli jafnan leggja eigi minna en 15% ársfjórðungslega eftir á á reikninga erlendis og að þessu fé skuli eingöngu varið til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Þetta var raunverulega hyrningarsteinninn undir fjárhagsráði og öllum þess störfum. En þessu ákvæði hefur aldrei verið framfylgt og er ekki framfylgt enn í dag. Þegar fjárhagsráði var ljóst, að ekki var hægt að framkvæma þetta atriði, sem var grundvallaratriði fyrir öllum störfum þess, þá hefði ekkert verið eðlilegra en að fjárhagsráð hefði lagt niður störf sín og lögunum hefði þá þegar verið breytt, og einmitt vegna þess hefur margt farið öðruvísi en æskilegt var og menn vonuðust eftir á sínum tíma.

2. gr. í fjárhagsráðslögunum er í raun og veru sama og 6. gr. í frv., þ. e., að fjárhagsráð felur sérstakri nefnd að fara með innflutnings- og gjaldeyrismálin í landinu.

3. gr. laganna er um það, að fjárhagsráð átti að gera fyrir fram áætlun um heildarframkvæmdir fyrir yfirstandandi ár og tillögur um það, hvernig því fé skyldi varið. Raunverulega hafa þessi mál aldrei komið til framkvæmda eins og lögin ákveða.

4. gr. laganna kveður svo á, að fjárhagsráð skuli leita samvinnu um samningu heildaráætlun við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga. Þetta var heldur aldrei framkvæmt eins og lögin ákváðu.

5. gr. segir, að til hvers konar fjárfestingar einstaklinga og félaga og annarra opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs fyrirtækis eða ekki, skuli leita samþykkis fjárhagsráðs. Þessari gr. fjárhagsráðslaganna hefur verið beitt og er beitt mjög skefjalaust. Og það er ákaflega táknrænt, að þegar fjárhagsráð brestur möguleika til þess að láta framkvæma höfuðmarkmið laganna, þá grípur það til þess að láta framkvæma með mjög mikilli harðneskju þau ákvæði, sem tekin eru upp í þessari gr. Raunverulega hefur það m. a. skapað svo að segja meginhlutann af þeim óvinsældum, sem ráðið hefur orðið fyrir hjá þjóðinni síðan það var stofnað.

Í þessum málum var alveg frá fyrstu byrjun ekki mörkuð nein ákveðin stefna. Hér var aðeins beitt naggi og framúrskarandi smásálarskap, m. a. í sambandi við úthlutun á öllu byggingarefni, og það svo, að þjóðin undraðist alveg þá stefnu, sem þar var mörkuð. Það er vitanlegt, að þá var á glæ kastað þúsundum dagsverka frá mönnum, sem sátu á tröppum fjárhagsráðs þegar frá upphafi og fóru heim að loknum degi, eftir að hafa setið þar klukkustundum saman, með aðeins leyfi til þess að mega vinna verk, sem tók örfáa klukkutíma eða minna að framkvæma. Ég hygg, að það hafi ekkert verið, sem hafi skapað fjárhagsráði jafnmiklar óvinsældir og einmitt það, hvernig þessari gr. var beitt. Nú er þessi gr. að nokkru leyti tekin upp í 8.—9. gr. frv., en þó með allt öðrum hætti og því mörkuð þar allt önnur stefna en mörkuð var í fjárhagsráðslögunum. Hér er gert ráð fyrir því, að hinar nauðsynlegustu framkvæmdir í sambandi við byggingu yfir fólk í landinu og til verklegra framkvæmda eða til atvinnumálanna skuli ekki háðar slíkum leyfum eins og ákveðið er í 5. gr. laganna. Þó að þetta frv. hefði ekki verið um neitt annað en þetta eina atriði, sem ég hér ræði um, þá hefði verið svo stórkostlegur vinningur að fá þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir, að það eitt hefði nægt til þess að vera eitt af merkustu málunum á þingi að koma fram slíkri breytingu. Að vísu hefur fjárhagsráð orðið að sveigja nokkuð af sinni upphaflegu braut fyrir þunga frá fólkinu í landinu í sambandi við þessi mál, en engan veginn þó neitt svipað því og gert er ráð fyrir hér í þessu frv.

6. gr. frv. var aldrei framkvæmd, þ. e., að fjárhagsráð átti að hafa fulla samvinnu við Alþ. í sambandi við fjárfestingar þess opinbera. Ég minnist ekki þess allan þann tíma, sem ég sat í fjvn. sem formaður, sem ekki var minna en 8

ár, — og á því tímabili voru 6 ár, sem átti að hafa samstarf við fjárhagsráð, — að þar sæjust nema í eitt einasta skipti fulltrúar úr fjárhagsráði til þess að ræða þau mál, og af þeim fundi var þó ekki heldur neinn árangur. Það kom skýrt fram þá þegar, að fjárhagsráð vildi marka þá stefnu að taka að fullu og öllu valdið af Alþ. í þeim málum, en það lét hvorki Alþ. né fjvn. bjóða sér, jafnvel ekki þó að leggja mætti þann skilning í lögin, eins og fjárhagsráðsmenn gerðu. Það er því engin eftirsjón að þessari gr. úr lögunum, og tel ég, að það sé stórbót, að hún sé felld niður.

Í 7. gr. laganna er fyrirmæli um það, hvernig skuli fara með innflutnings- og gjaldeyrismálin, *og skal ég koma að þeim nokkru síðar.*

8. gr. laganna var aldrei reynt að framkvæma, þ. e., að fjárhagsráð skyldi beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðunum. Það hefur aldrei verið reynt að framkvæma þetta atriði, svo að ekki er nein eftirsjón að þeirri gr. úr lögunum.

9. gr. í lögunum er um það, að ríkisstj. skuli raunverulega hafa yfirstjórn fjárhagsráðs, en þó er það þannig, að ríkisstj. er þar valdalaus, nema því aðeins að ágreiningur sé í ráðinu um hin ákveðnu atriði, en sé sá ágreiningur ekki fyrir hendi, verður ekki séð annað en ráðið hafi getað beygt vilja ríkisstj., enda farið þar sínar leiðir oft og tíðum án þess að hafa um það fullt samkomulag. Allur þessi kafli í fjárhagsráðslögunum er felldur niður með hinu nýja frv., og ég held, að það verði ekki ofsögum sagt, að það mun margur maður í landinu gleðjast mjög yfir því að losna við öll höft og það, sem þeim er samfara og reynslan hefur sýnt að hefur engan veginn orðið til hagsbóta, hvorki fyrir almenning í landinu né fyrir landið sjálft í heild.

Sá kafli laganna, sem tekinn er upp í þetta frv., sem hér um ræðir, er 2. kaflinn, um innflutning og gjaldeyrismeðferð. 10. gr. í þeim kafla er í raun og veru sama og 6. gr. í frv., og 11. gr. er sama og 1. gr. í frv., og skal ég fara nokkrum orðum um það atriði.

*Samkvæmt lögunum, eins og þau eru nú, má* ekki flytja til landsins neinar vörur nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur þó fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingum, og hefur því verið að nokkru leyti beitt. Nú er ætlazt til þess samkv. frv., sem hér liggur fyrir, og þá einkum og sér í lagi ef brtt. okkar í meiri hl. n., sem er á þskj. 290, verður samþ., að hér sé mörkuð sú stefna að gera allan innflutning til landsins frjálsan, en meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægi ekki til þess, að svo megi verða, þá ákveði ríkisstj. hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls. Hér er reginmunur á stefnu, sem mörkuð er með þessu frv., og því, sem markað er með 11. gr. í lögunum eins og þau eru núna.

12. gr. í lögunum er sama og 5. gr. í frv. Það er um innflutningsskrifstofuna, hverjir skuli annast úthlutun innflutningsleyfanna. Það er gert ráð fyrir því í lögunum, að fyrst skuli þetta heyra til 5 manna fjárhagsráði, en síðan felur fjárhagsráðið öðrum 2 eða fleiri mönnum að gera þessa hluti, að sjálfsögðu á sína ábyrgð. Nú er sú breyting gerð á hér með frv., að þetta er aðeins falið 2 mönnum í staðinn fyrir 5 áður auk þeirra, sem áttu að annast hinn daglega rekstur og gátu þar af leiðandi haft allvíðtæk áhrif á innflutningsmálin. Því hefur verið haldið fram hér, m. a. af hv. 4. þm. Reykv., að hér væri horfið til hins verra fyrirkomulags, og hann benti m. a. á það í sinni ræðu hér í gær, að nú orðið væri ekki sýnilegt annað en að hér væri stefnt beinlínis að flokkshagsmunaúthlutun, þannig að völuleyfi eða gjaldeyris- og innflutningsleyfi yrðu hér eftir afgreidd sem beint flokksmál, eftir því sem hann ræddi hér um í gær. *En ég vil í því sambandi leyfa mér að benda* á og rifja upp, hvernig hefur verið farið með þessi mál undanfarið. Þessi mál hafa verið undanfarið þannig, að síðan Alþfl. gekk úr ríkisstj. og gerðist óábyrgur í stjórn landsins, óábyrgur í landsmálum yfirleitt, hafa tveir stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., haft sína 2 mennina hvor í ráðinu, en oddamaðurinn í öllum þeim málum, þar sem einhver ágreiningur var, var maður úr flokki, sem var gersamlega óábyrgur í sambandi við þessi stóru mál. Við skulum hugsa okkur, að sama fyrirkomulag hefði verið haft í sambandi við afgreiðslu fjárlaga í *þinginu, að stjórnarflokkarnir, sem áttu að bera* ábyrgð á, að fjárlög væru afgr. með nokkru skynsamlegu viti, bera ábyrgð á tekjunum, tollum og sköttum, sem á bak við fjárl. stóðu, og bera ábyrgð á því, að fólk fengi greitt úr ríkissjóði samkvæmt þeim lögum, sem hér eru samþ. á hverjum tíma, og að það byggi afkomu sína alla á þessum ákvæðum, — við skulum hugsa okkur, að þessir menn hefðu ekki komið sér saman um að bera ábyrgð á þessu, heldur hefðu þessi mál verið endanlega afgreidd með atkvæði þriðja aðila, sem enga ábyrgð bar og enga tilhneigingu hafði til þess að bera neina ábyrgð á þessum málum. Hver hefði þá útkoman orðið? Við, sem þekkjum afgreiðslu fjárlaga, vitum um ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar, höfum haft síðast dæmi hér í dag í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þar sem óábyrgir andstöðuflokkar hafa borið fram brtt., sem nema milljónum eða tugum millj. kr., án þess að finna nokkur rök fyrir því, að hægt væri að mæta þeim útgjöldum með eðlilegum tekjum. Það segir sig sjálft, að slík fjármálaspeki leiddi þjóðina aldrei langt. Það Alþingi hefði ekki lengi samúð hjá þjóðinni eða nyti ekki lengi virðingar þjóðarinnar, sem færi þannig að í fjármálum ríkisins. Og ef það væri ekki hægt og ekki viturlegt að gera það í fjármálum ríkisins, hversu miklu óviturlegra er þá ekki að gera það í sumum þeim málum, sem snerta viðskipta-, verzlunar- og innflutningsmál þjóðarinnar? Enda er það vitað, að langsamlega mestu mistökin, sem hafa orðið á þessum málum, stafa af því, að stjórnarflokkarnir, sem á sama tíma báru ábyrgð á málunum, voru ekki þvingaðir til þess að setja til hliðar flokkssjónarmiðin líkt og gera verður við afgreiðslu fjárlaganna, en nutu hins vegar aðstöðar óábyrgs aðila til þess að koma málunum fram þjóðinni til óþurftar. Ég tel því, að þessi skipun málanna sé ekki

einungis mörgum sinnum betri en hún er nú, heldur að hún sé alveg óhjákvæmileg sem framkvæmdaratriði hjá meirihlutaríkisstj., sem samansett er af tveimur flokkum, sem eiga ekki í öllum málum samleið, það sé gersamlega óhjákvæmilegt að hafa slík ákvæði eins og hér er lagt til að lögleidd verði með þessu frv. Ég get því ekki fallizt á þau rök, sem fram hafa verið færð, að hér verði frekar afgreidd slík mál með flokkssjónarmið fyrir augum heldur en afgreidd eru yfirleitt mál á Alþ. hjá þeim ríkisstj., hvort sem þær eru samansettar af einum flokki eða af tveimur flokkum eða fleirum, heldur með fullri ábyrgð hjá þeim mönnum, sem standa að slíkum ríkisstj.

13. gr. frv. er tekin upp í frv. nokkuð breytt í 2., 3. og 4. gr., 14. gr. l. er tekin upp í frv. sem 12. gr., og 15. gr. er tekin upp sem 7. gr. Allar eru þessar gr. teknar upp nokkuð breyttar, en hins vegar færðar í þann búning, sem nauðsynlegt er að gera í sambandi við aðrar breytingar á frv.

21. gr. er 10. gr., 22. gr. frv. er 11. gr. og 23. gr. frv. er 12. gr., en 24. gr. frv. er beinlínis til sparnaðar, þar sem lagður er niður svo og svo mikill fjöldi sérfræðinga og annars starfsfólks í þjónustu fjárhagsráðs, sem ekki er þörf á, eftir að málunum er skipað á þann hátt, sem gert er með þessu frv. Það hefði einhvern tíma þótt hyggilegt af ríkisstj., sem á þessum tímum eins og endranær á allerfitt með að koma saman fjárlögum, ef mæta á meiri hluta af þeim óskum, sem þjóðin ber fram til Alþ. á hverjum tíma, með þeim möguleikum, sem hún hefur til tekjuöflunar án þess að leggja á nýjar byrðar, — þá hefði það einhvern tíma þótt ekki lítið málefni að gera þá ráðstöfun í sambandi við lagabreytingar, að hægt væri að spara hér hundruð þúsunda, eins og gert er hér í sambandi við þetta mál. Það eitt út af fyrir sig er ekki neitt smáatriði í sambandi við þetta frv.

Af þessum samanburði, sem ég hef gefið hér á sjálfum lögunum, eins og þau eru í dag, og á frv., sést, hversu feikna efnismunur er á frv. og lögunum. Hér er mörkuð sú stefna, sem ég hef lýst, að gera innflutninginn frjálsari, kostnaðinn við framkvæmdirnar miklu minni og skapa miklu meira réttlæti í þessum málum og festu en verið hefur.

Eins og kemur fram í nál. meiri hl., þá leggur meiri hl. til, að það verði nokkuð breytt 1. gr., svo að sýnt sé, hvaða stefnu þetta frv. á að marka í viðskiptalífi þjóðarinnar. Vill meiri hl., að það komi skýrt fram í sjálfum lögunum, að stefna skuli að því að gera viðskiptin og verzlunina frjálsa í landinu.

Það hefði við fyrstu sýn þótt eðlilegt að telja upp þær vörur, sem leyfi þyrfti fyrir á hverjum tíma, eftir að slíkt ákvæði hefði verið sett inn. En því er til að svara, að svo lengi sem við erum háðir vöruskiptum samkv. vöruskiptasamningum við aðrar þjóðir, þá verður ekki unnt að ákveða þessi mál nema í samræmi við slíka samninga, en slíkir samningar eru ekki gerðir nema frá ári til árs. Og það er einmitt þess vegna, að það þykir rétt að orða greinina á þann hátt, sem gert er í frv.

Þjóðin kemst aldrei úr þeim erfiðleikum, sem gjaldeyrisskorturinn skapar, nema hún vilji það sjálf, taki sjálf upp jákvæða baráttu af frjálsum vilja frjálsborinnar þjóðar gegn böli því, sem samfara er gjaldeyrisskorti hjá hverri þjóð. Bezta og öruggasta vörnin gegn gjaldeyrisskortinum er fyrst og fremst sparsemi, nýtni á erlend efni, meiri og betri framleiðsla, sem erlendir þegnar sækjast eftir, minni erlend vinna, sem hægt er að annast í landi voru, hagkvæmari kaup á aðkeyptum vörum og meira frelsi í vöruvali og viðskiptum.

Það frv., sem hér er til umr., miðar að því, að þegnarnir sjálfir geti hafið slíka sókn á öllum sviðum þjóðlífsins og sigrað. Og takist það, en það er undir fólkinu sjálfu komið, þá er sannarlega um mjög merkilegt mál að ræða hér í sambandi við þetta frv. Meiri hl. í n. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fram eru bornar á þskj. 290, og væntir þess, að hv. d. fallist á þá tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 292, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Því miður lauk ég ekki við að skrifa nál. fyrr en um kl. 7 í kvöld, og hefur því ekki unnizt tími til þess að prenta það eða vélrita til útbýtingar. Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann óskar eftir því, að brugðið sé frá þingsköpum á þann hátt, að málið sé rætt, þó að nál. minni hl. liggi ekki fyrir og þó að ekki sé útrunninn sá frestur, sem venjulega er til þess ætlaður að ganga frá nefndarálitum, og mun fara að óskum hæstv. forseta í því á þann hátt að lesa þá upp handritið að nál., ef það er ósk forseta og þeirra, sem vilja framgang málsins, að ég geri það.

**Forseti (BSt):** Þar sem brtt. hv. minni hl. hefur þegar verið útbýtt, þá mun hentast að halda málinu áfram, og eru mörg fordæmi fyrir því, að nál. hafa fyrst verið lesin upp á þeim fundi, er þau eru til umr.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Ég mun ekki setja mig gegn óskum hæstv. forseta í þessu efni og byrja þá ræðu mína á því að lesa það nál., sem ég hef afhent. Það er á þessa leið: [Sjá þskj. 291].

Í sjálfu sér hef ég ekki mjög miklu við þetta nál. mitt að bæta, en nál. og brtt. hv. meiri hl. svo og framsöguræða hv. þm. Barð. fyrir meiri hl. fjhn. gefur mér þó tilefni til að segja nokkru fleira.

Ég sé nú, að hæstv. meiri hl. fjhn. hefur fallizt á það, að orðalagið á 1. málsgr. 1. gr. frv. væri ekki alls kostar heppilegt, að segja þar, að það skuli vera frjálst, sem stjórnin segir að sé frjálst. Í stað þess að halda þessu orðalagi, þ. e. a. s. að gefa fyrirheit í 1. málsl. og taka þau aftur í 2. málsl., hefur nú meiri hl. horfið að því ráði að gefa engin slík loforð, engin slík bindandi fyrirmæli, heldur í staðinn komið með eins konar stefnuyfirlýsingu, og sú stefnuyfir-

lýsing felst í brtt. hv. meiri hl. á þskj. 290. Þar segir svo:

„Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstj. hverju sinni, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls."

Ég hefði nú kosið, úr því að hv. meiri hl. féllst á, að þetta væri mjög óheppilegt og óviðeigandi orðalag, sem var á gr., að hann hefði stigið skrefið til fulls, — ég meina með því, að hann hefði sagt: Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða — að innflutningurinn sé frjáls — ákveður ríkisstj. hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera bannaður eða háður leyfisveitingum, því að það er að sjálfsögðu það, sem almenningur í landinu vill vita, hvaða vörur það eru, sem þarf að sækja um leyfi til að fá að flytja inn. Hvernig stendur nú á því, að hv. meiri hl. getur ekki fallizt á að gera jafnsjálfsagða og eðlilega breytingu eins og þessa, úr því að hann er mér efnislega sammála um þetta? Hv. frsm. sagði, að það stafaði af því, að við gerðum samninga, sem kynnu að breytast árlega, við aðrar þjóðir og þyrftum að beina vörukaupum þar af leiðandi á ákveðin lönd. Þetta er rétt, við þurfum sjálfsagt að gera það framvegis. En ég sé ekki á nokkurn hátt, að það geri framkvæmdina erfiðari á þann hátt, sem ég hef bent á. Það yrði ákveðið hverju sinni með reglugerð, við hvaða lönd kauparéttur á ákveðnum vörum væri bundinn. Og það er einmitt það, sem almenningur og innflytjendur þurfa að fá að vita. Nei, ástæðan er ekki sú, að það séu neinir erfiðleikar á þessu í framkvæmd. Ástæðan er blátt áfram sú, að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar telja ekki heppilegt, ekki líklegt til vinsælda — það var talað um það hér áðan — að segja berum orðum, hvaða vörur eru bannaðar. Það lítur miklu betur út, halda þeir, í augum fólksins að segja: Þessar vörur eru frjálsar — og pressa svo upp lista yfir þær. Það er hætt við, að mönnum fyndist kannske lítið til um frelsið, ef þeir fengju margra álna langa lista yfir allar þær vörur, sem hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að banna að flytja inn á hverjum tíma. Það er til að koma sér hjá því, það er til að geta auglýst í blöðum sínum: Nú er þessi vara frjáls — og forðast að nefna nokkra vöru, sem er ekki frjáls, sem þarf að sækja um leyfi eða ekki fæst leyfi fyrir. Það er óttinn við það, að skrafið um frjálsa verzlun sé kveðið niður og steindrepið að fullu, um leið og haftalistinn er birtur, sem veldur því, að hv. meiri hl. fjhn. kýs að hafa þetta orðalag á till., sem hér er greint.

Í sjálfu sér hef ég ekki fleira um brtt. hv. meiri hl. að segja. Hún er réttmæt viðurkenning og að því leyti spor í rétta átt, en því miður er þar staðnæmzt allfjarri því eðlilega marki, þ. e. a. s. réttinum, hvernig þessum málum skuli skipa.

Áður en ég held lengra með málið, þykir mér rétt að gera hér eina játningu, sem ég býst við að a. m. k. hv. frsm. meiri hl., vini mínum, þm. Barð., komi vel. Hún er sú, að ég er mjög vantrúaður yfirleitt á höft og hömlur á viðskiptum og innflutningi nema sem bráðabirgðaráðstafanir. Og ég hef aldrei leynt því, að ég hef álitið, að ef ástandið væri þannig í fjárhagsmálum og gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að til langvarandi hafta þyrfti að grípa, þá væri eðlilegra og heppilegra að taka beinlínis upp sameiginleg innkaup fyrir þjóðina á þeim vörum, sem þar er um að ræða, því að það er ekki hægt að neita því, að höft og hömlur, umsóknir, beiðnir, skriffinnska og allt, sem því fylgir, dregur úr viðleitni manna og áhuga manna fyrir að bjarga sínum málum og er oft og einatt þeim nokkur fjötur um fót, þegar til lengdar lætur. Í öðru lagi virðist svo, þegar langvarandi höftum er beitt, sem þá myndist styrjöld milli þeirra, sem framkvæma höftin, og hinna, sem sækja um leyfin, og þá læra menn gjarnan að beita nýjum vopnum og nýjum aðferðum til þess að draga úr áhrifum haftanna. Ég hygg því og hef ekki leynt því fyrr, að það hefði verið miklu skynsamlegra að taka upp beinlínis sameiginleg innkaup á miklum hluta þeirra vara, sem háðar eru haftainnflutningi, í stað þess að halda þessu haftakerfi við, sem kostaði stórfé og getur þó aldrei fullkomlega náð tilgangi sínum. En fyrir því hefur enginn vilji verið hjá Alþingi og því tómt mál um það að tala sem framkvæmdaatriði, en þó vil ég gera þessa játningu hér nú.

Það, sem að sjálfsögðu er meginatriðið, það, sem er kjarni þess máls, hvað öll verzlunin getur verið frjáls og viðskiptin við útlönd á hverjum tíma, er fyrst og fremst, að ég ekki segi eingöngu, gjaldeyrisafstaða landsins gagnvart útlöndum. Þær einu raunverulegu aðgerðir, sem nokkuð duga til þess að gera verzlunina frjálsa, eru þær að búa svo um hnútana, að gjaldeyrisöflunin vaxi eða ákveðin gjaldeyriseyðsla sé lækkuð eða niður felld, t. d. með því að koma þeirri framleiðslu upp hér innanlands, sem ella hefði verið keypt frá útlöndum. Þetta er kjarni málsins, og ég veit, að hæstv. ríkisstj. og hennar flokkum er þetta fullkomlega ljóst. En í þessu frv., sem lofar frjálsri verzlun og segir, að að því stefni, að verzlunin skuli vera frjáls, er ekki eitt einasta pennastrik, ekki eitt orð, ekki punktur eða komma, sem til þess bendi, að viðleitni verði sýnd í því að auka gjaldeyristekjurnar eða draga úr gjaldeyriseyðslunni á þann hátt, sem ég áðan nefndi. Það er því hið fyllsta öfugmæli að tala um, að hér með þessu frv., sem eingöngu er um höft og hömlur, sé stefnt í þá átt að gera verzlunina frjálsa.

Eru þá líkur til, að gjaldeyrisástandið sé þannig nú gagnvart útlöndum, að verzlunin geti verið frjáls? Ég drap lítillega á það við 1. umr. þessa frv. og skal endurtaka nokkur atriði úr því. Verzlunarhallinn við útlönd hefur til uppjafnaðar, það sem af er árinu, nálgast talsvert 1 millj. kr. á dag, — er talsvert mikið á þriðja hundrað þúsunda um mánaðamótin okt.—nóv. Það vantar því upp undir það 1 millj. kr. á dag til þess, að útflutningurinn, okkar eðlilega gjaldeyrisöflun, hrökkvi til að borga innflutninginn. Nú skal það viðurkennt, að þetta eitt gefur ekki fullkomna mynd af gjaldeyrisviðskiptunum eða gjaldeyrisafstöðunni gagnvart útlöndum, því

að við höfum fengið ýmsar aðrar gjaldeyristekjur en þær, sem koma inn fyrir seldar afurðir. Tvennt vegur þar mest. Annars vegar er sá gjaldeyrir, sem kemur inn í sambandi við dvöl varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og framkvæmdirnar þar. Mér er sagt, að þær gjaldeyristekjur muni hafa numið, a. m. k. núna síðari hluta þessa árs, ekki minnu en sem svarar ½ millj. ísl. kr. á dag og kannske meiru, svo að það er augljóst mál, að það munar mikið um slíkar tekjur. Þá höfum við einnig fengið stórfé á okkar mælikvarða gegnum Marshallstofnunina á fyrri hluta þessa árs. Um þá gjaldeyristekjulind er það að segja, að hún er nú lokuð og læst, það drýpur ekki meira úr henni. Hvað sem menn annars segja um dvöl varnarliðsins hér og framkvæmdir þess, þá er augljóst mál, að það væri fullkomið ábyrgðarleysi, óafsakanlegt ábyrgðarleysi að reikna með slíku sem varanlegum gjaldeyristekjum fyrir okkur Íslendinga í framtíðinni. Þá mætum við þeirri bláköldu staðreynd, sem ég áðan dró hér fram, að eftir okkar viðskiptum við útlönd að dæma til þessa, þrátt fyrir blessun gengislækkunarinnar, þrátt fyrir blessun bátagjaldeyrisins eða kannske réttara sagt vegna þessara ráðstafana, skortir fast að því 1 millj. kr. á dag til þess, að við getum borgað þann innflutning, sem hingað til hefur verið veittur, með okkar útflutningi.

Þetta eru staðreyndir. Þetta er ástandið í gjaldeyrismálunum, þegar hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar eru að prédika fyrir landsfólkinu, að nú eigi að breyta um stefnu, nú eigi að gera verzlunina frjálsa, nú eigi að fella niður höft og hömlur. Ég verð að segja, að mig furðar á þeirri dirfsku — ég kann ekki við að segja „óskammfeilni“ — (Gripið fram í.) ja, það er ljótara orð, og ég er ákaflega orðprúður alltaf — að halda þessu fram, vitandi allra manna bezt, hvernig ástandið er í gjaldeyrismálunum hjá okkur í dag. Nei, góðir hv. alþm., við skulum bara horfast í augu við þá bláköldu staðreynd, sem hv. þm. Barð. tók að vonum mjög greinilega fram áðan og skýrði ljóslega. Hann sagði, að fjárhagsráð væri orðin óvinsælasta stofnunin í landinu. Ég hygg, að þetta sé ekki fjarri lagi, sumpart kannske að maklegleikum og sumpart ekki. En fjárhagsráð hefur líka haft ákaflega örðugt hlutverk síðan 1950. Fram á árið 1949 var mér ekki kunnugt um óvinsældir fjárhagsráðs, a. m. k. hafa þær ágerzt stórkostlega frá lokum þess herrans árs 1949, enda hefur hv. fjárhagsráð haft ákaflega erfiðu hlutverki að gegna. Það hefur verið eins konar aurbretti á lúxusbílum ríkisstj. Það átti að framkvæma fyrir hana það, sem hún vildi ekki nærri koma og vildi ekki baka sér óvinsældir með að gera sjálf.

Þetta er nú sannleikurinn um hlutverk fjárhagsráðs. Í raun og veru eru það þeir tveir flokkar, eins og hv. þm. Barð. sagði, sem skipa ríkisstj. síðan 1950 og ráða málum landsmanna, sem bera alla ábyrgð á störfum fjárhagsráðs, segja því fyrir í stórum dráttum — ég meina ekki um hverja einstaka leyfisveitingu — segja því fyrir í stórum dráttum, hvernig það skuli haga sínum störfum, segja því fyrir um, að það megi ekki veita fjárfestingarleyfi til íbúða nema að vissu marki, en einmitt þetta hefur án efa átt einn ríkasta þáttinn í því að gera fjárhagsráð óvinsælt. Fjárhagsráð hefur, virðist mér, síðan samstjórnarflokkarnir tveir tóku við árið 1950, haft það hlutverk að taka á sitt bak þær óvinsældir, sem ríkisstj. með sínum aðgerðum í þessum málum skapaði hjá þjóðinni og beindi á fjárhagsráð til þess að reyna að koma þeim fram hjá sér. Þetta er vissulega erfitt hlutverk, sem fjárhagsráð hefur haft að gegna. Ríkisstj. hefur að verulegu leyti tekizt að koma óvinsældunum af sér og á það, en ekki með siðferðilegum rétti, það verð ég að segja.

Hv. þm. Barð. sagði í sinni löngu ræðu margt gott, þó að ég vilji nú ekki skrifa undir það allt saman, enda okkar sjónarmið kannske dálítið mismunandi. Hann lýsti því mjög átakanlega, hvílík ógnarleg helstefna hefði ríkt í okkar viðskiptamálum, ef mér skildist rétt, alla leið frá 1932 óslitið. Þá var sá ófögnuður upp tekinn að gera innflutning á ýmsum vörutegundum til landsins háðan leyfum, og svo ágerðist þetta. Svo lýsti hv. þm. því, hversu óskaplegt spillingarástand hefði skapazt hér í landinu vegna þessara aðgerða. En nú, sagði hann, nú er komið frv., sem markar tímamót í þessu máli. Það eru ekki smá tímamót. Í staðinn fyrir fjárhagsráð, viðskiptanefnd og innflutnings- og gjaldeyrisnefnd kemur nú innflutningsskrifstofa, þar sem tveir menn hafa alræðisvald og önnur sjónarmið en þeirra komast ekki að. Höftin og hömlurnar er allt saman eftir. Heldur nú hv. þm. í alvöru, að helstefnan verði nú einhver lífsstefna, þó að þessi óábyrgi oddamaður, eins og hann kallaði það, í fjárhagsráði hverfi nú út úr því? Ég hefði ekki trúað því, ef ég hefði ekki heyrt það af vörum hv. þm., að ekki væri nú eftir meiru slægzt í þessu frv. heldur en því að losna við óábyrgan Alþýðuflokksmann úr fjárhagsráði, því að sannleikurinn er sá, að þegar stjórnarflokkarnir standa þar saman, sem venjulega mun vera tilfellið, þá hefur hann engin áhrif, og jafnvel þó að ágreiningur rísi með þeim og hann geti skapað meiri hl. með öðrum hvorum hinna, þá verður ríkisstj. reyndar að skakka leikinn, ef í það fer, samkvæmt reglum fjárhagsráðs.

En þessi lýsing hv. þm. á því, hve óheppileg væri skipun fjárhagsráðs nú, staðfestir einmitt ummæli mín hér áður um það, hvað fyrir ríkisstj. vaki í þessu efni. Hún telur sýnilega óheppilegt, að mörg og margvísleg sjónarmið komi fram við afgreiðslu mála í n., leyfisveitingar og slíkt. Þess vegna er að þrengja hópinn og sjá um, að enginn óábyrgur sé þarna að brúka munn og halda fram skoðunum, sem falla ekki saman við sjónarmið þeirra tveggja fulltrúa stjórnarflokkanna, sem þessi störf voru falin.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að það mundi sparast á þessu stórfé. Ég hef nú mínar efasemdir í því. Ég verð að segja rétt eins og er. A. m. k. hefur hæstv. ríkisstj. ekki haft mikla trú á því, því að ekki er einu orði að því vikið í greinargerð frv., að neitt fé muni á þessu sparast, þvert á móti. Leyfisgjaldinu er haldið óbreyttu með öllu, og það bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert ráð fyrir því, að

kostnaður mundi lækka neitt að ráði. Jú, það er fækkað um 3 menn í fjárhagsráði. En það munar nú engin ósköp um það í þeim mikla mat, sem þarna er um að ræða. Ég er dálítið orðinn varfærinn í því að leggja trúnað á sparnaðarráðstafanir í sambandi við breytingu á innflutningsmálum og verðlagsmálum og verðgæzlu og öðru slíku eftir þeirri niðurstöðu, sem virðist nú hafa orðið á sparnaðinum í sambandi við breytt verðlagseftirlit og verðgæzlu, sem mér skilst nú að hafi orðið nokkru minni en hæstv. ráðh. hafði gert sér vonir um a. m. k. og um einn tíma látið í veðri vaka. Ég mun því bíða þangað til reynslan sker úr því, hvað sparnaðurinn verður mikill af þessu, með að taka sem fullgildan sannleika frásagnir hv. þm. í því efni.

Í þessari sorgarsögu íslenzku þjóðarinnar allt frá 1932, þegar helstefnan var upp tekin, var þó, virtist mér á ræðu hv. þm. Barð., eitt ánægjulegt tímabil, en það var tímabil nýbyggingarráðs. Það var nú eitthvað annað en fjárhagsráð. Það vann mikil og stórkostleg afrek fyrir þjóðina. Störf þess verða seint fullmetin og verða seint fullþökkuð, sagði hv. þm. í líkræðustil. Það sé fjarri mér að gera lítið úr störfum nýbyggingarráðsins. Það gerði ýmsa hluti góða. En það gerði líka stórkostleg mistök. En það merkilega er, að það, sem hefur haldið lofsamlegri minningu nýbyggingarráðs á lofti, er einmitt það, að það starfaði eftir sömu ákvæðum og nú á að fella úr gildi í fjárhagsráðslögunum, því að þau ákvæði í fjárhagsráðslögunum voru upp tekin sem framhald af því starfi, sem nýbyggingarráð hafði haft með höndum til þessa. Þess vegna finnst mér dálítið skjóta skökku við eftir þessi hugnæmu eftirmæli eftir nýbyggingarráð, sem hér voru flutt, að beita sér með slíkri hörku og offorsi fyrir því að fella úr gildi öll þau fyrirmæli í lögum, sem hníga í þá átt að halda áfram því, sem eftir var af störfum nýbyggingarráðs. En allt slíkt á, eins og áður hefur verið bent á, að þurrka út úr lögunum með þessu nýja frv., sem hér liggur fyrir. Þar á ekkert að vera nema vald stjórnarinnar til að setja höft og hömlur á hverjum tíma, eftir því sem hún metur ástandið og hennar geðþótti segir til um. Annað er ekki í þessu frv.

Hv. frsm. sagði, að í till. meiri hl. væri mörkuð sú stefna stjórnarflokkanna að gera allan innflutning frjálsan. Ég hef þegar bent á, að þetta er ekki nema orðin tóm, innantóm orð, falleg orð, sem ekki er veittur nokkur minnsti stuðningur í frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekkert ákvæði, sem á nokkurn hátt er hægt að túlka í þá átt, að það auki gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Öll slík ákvæði í fjárhagsráðslögunum eru þurrkuð burt. Það er ekki einn stafur í þessu frumvarpi, engin ákvæði, sem að því miða að auka verðmætasköpun hér innanlands, annaðhvort eða hvort tveggja til útflutnings eða til neyzlu hér í landinu, og þar með spara erlendan gjaldeyri. Um það er ekkert orð, engin viðleitni, engin vísbending fyrir innflutningsskrifstofuna, hvað á að hafa í huga, þegar hún veitir innflutningsleyfi. Samkvæmt þessum lögum er alveg jafnsjálfsagt að biðja um varalit og annað slíkt eins og vélar í mótorbáta. Gagnvart innflutningsskrifstofunni eru þessar vörur alveg jafnágætar. Hvort það er flutt inn glingur frá Englandi eða togari skiptir engu máli samkvæmt þessu frv., en fjárhagsráði var þó fyrirskipað í l. að miða leyfisveitingar sínar við það að auka gjaldeyristekjur og spara gjaldeyriseyðslu hér innanlands. Þetta er allt þurrkað út úr frv. auk annars, sem ég hef áður nefnt. Því hygg ég, að það sé mjög vægilega til orða tekið, að þetta fyrirheit eða stefnuyfirlýsing í 1. gr. minni helzt á stefnuyfirlýsingu í öðru frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ., áfengislagafrv., sem var þannig, að stefnan sé að stuðla ekki að hófdrykkju, heldur hóflegri meðferð áfengis. Mér finnst þessi nýja stefnuyfirlýsing í innflutningsmálunum, þó að öðru leyti sé, helzt minna á þessa mjög rómuðu yfirlýsingu, sem áfengislagafrv. byrjar á, og er ég nú ekki viss um, að það hafi verið heppilegasta fyrirmyndin, sem hægt var að velja sér í þessum efnum, svo að ég segi alveg eins og er.

Ég vík svo að því að lokum, sem snertir brtt. mínar.

Aðaltill. mín á þskj. 292, 1. tölul., er sú, að allur innflutningur til landsins skuli vera frjáls og sömuleiðis útflutningur á vörum úr landinu. Þessi till. er beinlínis flutt í tilefni málflutnings hæstv. ríkisstj. og flokka hennar til þess að sannprófa, hvað mikil alvara felist að baki þessara yfirlýsinga. Ef loforðin um frjálsa verzlun eiga að vera annað en hjóm, ef hæstv. ríkisstj. trúir því, að það sé hægt að taka hana upp nú eða t. d. þegar þessi lög öðlast gildi eftir 2, 3 eða 6 mánuði, þá er bezt að segja það eins og er, og þá er rétt að gefa verzlunina frjálsa, láta hvern sem er fá að flytja inn hvað sem honum sýnist og selja sína vöru hvert sem honum sýnist. Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. sé svo raunsýn í þessu efni, að hún játi, að þetta er ofmælt, sem hefur verið sagt í hennar yfirlýsingum, og felli þessa till. Og ef hún er felld, tek ég aftur aðrar aðaltill. mínar.

Mér þykir rétt til þess að tefja ekki tímann að flytja einnig varatill. á sama þskj., og sú fyrsta þeirra lýtur að því, sem ég hef drepið hér á áður, að ég tel sjálfsagt, að reglugerðirnar, sem ríkisstj. gefur út samkvæmt þessum lögum, segi til um það, hverjar vörur skuli bannaðar á hverjum tíma, en ekki aðeins telja þær, sem frjálsar eru. Það var sú skipun, sem tekin var í upphafi, þegar innflutningshöftin voru sett á. Þá þótti sjálfsagður hreinleiki og heiðarleiki, að þær vörur væru upp taldar, svo að fólk vissi um það, sem þyrfti að sækja um leyfi fyrir. Hinar, sem ekki var auglýst að þyrfti að sækja um leyfi fyrir, gat þá hver maður keypt með venjulegum hætti. Till. mín lýtur að því, að reglugerðin ákveði, hvaða vörur skuli bannaðar eða háðar leyfisveitingum á hverjum tíma, en þær, sem þar eru ekki upp taldar, skuli vera frjálsar. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti ákveðið á hverjum tíma, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli háðar leyfisveitingum. Mér finnst eðlilegt, að gjaldeyrir sé frjáls fyrir hverjar þær vörur, sem frjáls innflutningur er á, því að sé gjaldeyririnn ekki afhentur innan hæfilegs frests, þá er frelsið gert að engu með þeim hömlum,

sem eru lagðar á nauðsynlegan gjaldeyri og útvegun hans.

Þá er gert ráð fyrir því í 2. brtt., að einstaklingum sé gert auðveldara að panta sér til eigin nota þær vörur, sem á annað borð eru frjálsar á hverjum tíma. Og til er stofnun í landinu, innkaupastofnun ríkisins, sem er til þess valin að hafa fyrirgreiðslu í þessu efni og safna þessum pöntunum saman. Þá fyrst er verzlunin frjáls, þegar hver maður getur pantað vörurnar frá þeim aðilum, sem hann kýs helzt, gengið fram hjá innlendum aðilum, kaupmönnum, kaupfélögum eða heildsölum, ef hann telur sig fá betri kjör með því að kaupa vörurnar beint frá útlöndum. Úr því að innkaupastofnun ríkisins er til, er ekkert auðveldara en að hún dragi þessar pantanir saman og afgreiði þær svo, þegar fólk óskar eftir því, sem ekki vill sjálft kaupa beint inn frá útlöndum.

Í þriðja lagi er svo till. um það, að bankarnir skuli jafnan skyldugir til að afgreiða gjaldeyri innan hæfilegs frests til kaupa á þeim vörum frá útlöndum, sem á annað borð eru frjálsar, því eins og ég áðan sagði, er frjáls innflutningur ekki nema orðið tómt, ef neitað er um gjaldeyri til að greiða fyrir vöruna. — Hinar aðrar brtt. mínar leiðir svo af því, sem ég nú hef sagt.

Ég hef svo ekki fleira að segja að þessu sinni. Ég hef markað mína lokaafstöðu í þessu máli eftir því, hvernig atkvgr. um till. mínar fer. Fáist ekki sú efnisbreyting á frv., sem í þeim felst, sé ég mér ekki fært að greiða því atkv. og mun verða því andvígur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. (sjá þskj. 291) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fjhn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á þessu máli, sem hér er til umr. Og ég vil lýsa því yfir, að ríkisstj. er samþykk þeirri breytingu, sem gerð hefur verið við 1. gr. frv. Það er vitanlega engin efnisbreyting, það er aðeins orðalagsbreyting, og það er sjálfsagt að fallast á þessa breytingu, þar sem a. m. k. margir vilja halda því fram, að þetta orðalag fari betur í gr. heldur en eins og hún er í frv.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði hér langt mál áðan, og hann vildi taka undir það, sem hv. frsm. sagði hér, að þessi breyting væri til bóta, og er það út af fyrir sig gott, að hv. minni hl. finnur eitthvað til bóta í þessu frv., svo margt sem hann hefur við það að athuga.

Hv. 4. þm. Reykv. harmar mjög, að fjárhagsráð skuli vera að kveðja og völd þess og áhrif skuli vera að líða undir lok. Hann harmar mjög þau ákvæði fjárhagsráðslaganna, sem — eins og hann sagði — tryggðu landsfólkinu nægilega atvinnu, tryggðu það, að framleiðslutæki væru keypt til landsins, tryggðu það, að gjaldeyris væri aflað í þjóðfélaginu, tryggðu það, að landsfólkið fengi nægilegar vörur með réttu verði, og fleiri kosti, sem hann taldi upp í fjárhagsráðslögunum, en þetta frv. væri nú að afnema. Með þeirri tröllatrú, sem þessi hv. þm. virðist hafa á fjárhagsráði, og þeirri bölsýni, sem kom fram hjá honum í ræðunni út af því, að það skuli nú eiga að líða undir lok og það frv., sem hér er til umr., að lögfestast í staðinn, þá má ætla, að þessi ágæti og hv. þm. eigi ekki skemmtileg jól að þessu sinni.

En hvað er það nú, sem er fellt burt í fjárhagsráðslögunum og hefur gert þjóðinni svona mikið gagn eins og þessi hv. þm. vill fram halda? Hvernig hefur þetta verið á undanförnum 6—7 árum, sem fjárhagsráðslögin hafa verið í gildi? Hefur fólkið undir þessum lögum fengið nægilegar vörur á réttu og hagstæðu verði? Var það þannig, þegar stjórn Alþfl. fór með völd í landinu? Og var það þannig, að sú stjórn tryggði landsfólkinu nægilega atvinnu og sæi um, að gjaldeyrisöflunin væri nægileg hverju sinni, til þess að fólkið fengi nægilegar vörur og góðar vörur á réttu verði? — Þessi hv. þm. sagði hér áðan, að fjárhagsráð hefði verið óvinsælt eftir 1950, það hefði ekki borið á óvinsældum fjárhagsráðs fyrr en eftir þann tíma. Ég er nú dálítið hissa á því, að hv. þm. skuli koma fram með slíka firru hér í áheyrn okkar allra. Við munum það ástand, sem var hér í landi fyrir 1950, fyrstu ár fjárhagsráðs. Fjárhagsráð var stofnað 1947 eftir þessum ágætu lögum, sem hv. þm. las hér upp úr áðan. Og það var Alþfl., sem á þessum árum fór með stjórn landsins, fyrsta stjórn Alþfl. í þessu landi. Var það af því, að þessi stjórn notfærði sér ekki þessi ágætu lög, að allt var komið hér í strand, þegar þessi stjórn sagði af sér, að hér var vöruskortur og svartur markaður, að hér var töluvert um atvinnuleysi, að á þessum tíma var lítið keypt af framleiðslutækjum til landsins og atvinnuvegir landsmanna voru keyrðir í dróma og allt var komið í strand í árslok 1949, þegar stjórn Alþfl. kvaddi? Var það af því, að stjórnin notaði ekki lögin, að svona fór, eða var það af því, að lögin dugðu ekki? Ég vil halda því fram, að stjórn Alþfl. á árunum 1947—49 hafi viljað skapa nægilega atvinnu í landinu, hafi viljað hafa nægilegan vöruforða í landinu, enda þótt hún hafi ekki sýnt þá nauðsynlegu viðleitni, sem þarf til þess, að slíkt megi ske. Það dugir ekki fyrir neina ríkisstj. að hafa lagabókstaf, sem má vitna í, lagabókstaf, sem segir, að það eigi að tryggja fólkið fyrir atvinnuleysi, tryggja fólkinu nægilegar vörur, nema því aðeins að stjórnin hafi úrræði og raunsæi til þess að framfylgja þessum lögum og reglum. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að fjárhagsráð var óvinsælast á 2—3 fyrstu starfsárum sínum, á meðan Alþfl. fór með stjórn í landinu og á meðan vöruskorturinn var í landinu og svarti markaðurinn þróaðist hér og var í algleymingi. Það var í ársbyrjun 1950, eftir að minnihlutastjórn Sjálfstfl. markaði stefnuna og benti á leið út úr ógöngunum, að það fór að rofa til, að menn fóru að sjá til lofts og gerðu ráð fyrir því, að framvegis gæti þessi þjóð komizt út úr vandræðunum og atvinnulífið ætti fyrir sér að ganga áfram. Það var með þeirri stefnu, sem mörkuð var í ársbyrjun 1950 af minnihlutastjórn Sjálfstfl., sem bent var á leiðir út úr ógöngunum. Og eftir að Sjálfstfl. og Framsfl. tóku höndum saman til þess að framkvæma

þessa stefnu, þá fór að rofa til, þá fór að skapast möguleiki fyrir því að slaka á höftunum að nokkru leyti, og þá var byrjað á því að útrýma svarta markaðinum og gera mönnum yfirleitt fært að halda atvinnu sinni áfram. Þetta veit ég að hv. 4. þm. Reykv. viðurkennir í hjarta sínu og veit, enda þótt hann hér áðan kæmi hér upp, þegar hann var að andmæla þessu frv., og segði allt annað en það, sem hann veit, og það, sem hann meinar í þessu efni.

Hvers vegna hv. þm. leggur svona mikla áherzlu á að mótmæla þessu frv., sem hér er lagt fram til úrbóta og aukins frelsis fyrir alla landsmenn, er mér að nokkru leyti ráðgáta, enda þótt ég sjái að sumu leyti ástæðuna, sem sé þá, að vegna þess að hann er í stjórnarandstöðu, telur hann pólitíska og flokkslega nauðsyn á því að gera lítið úr þessu frv. ríkisstj. og sem sagt reyna að koma í veg fyrir, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hljóti verðugar vinsældir af þessari lagasetningu. Þetta er ekki nema mannlegt. Þannig gengur þetta oft í hinni pólitísku baráttu, og ég ætla ekki að kveða upp neinn áfellisdóm yfir hv. þm. fyrir það, þótt hann hér reyni að berja í brestina og halda sínum málstað fram.

Hv. þm. talaði um það, að ríkisstj. vildi hafa vald. Ég verð nú að segja, að það væri dálítið einkennileg ríkisstj. og lítilsvirði, ef hún vildi ekki hafa vald. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir hverja ríkisstj. að hafa vald, en hver ríkisstj. þarf að fara vel með það vald, sem henni er gefið, og það er rétt, að þetta frv. tekur ekki af ríkisstj. vald til þess að ráðstafa og ákveða hverju sinni skipun innflutningsmálanna, fjárfestingarmálanna eða atvinnumálanna í þessu landi. Það tekur ekki valdið af ríkisstj., en það eykur lítið eða ekkert vald ríkisstj. frá því, sem hún hafði undir fyrri lögum um fjárhagsráð. Það er tekið fram í 1. gr. frv., að það skuli, eins og nú verður orðað, stefna að því að gera allan innflutning frjálsan, eftir því sem hægt er hverju sinni, og reglugerð verði gefin út um það. Það er löngu kunnugt, að það er stefna ríkisstj. að gera innflutninginn frjálsan eftir því sem hægt er. Og reglugerðin verður sniðin hverju sinni eins rúm og frekast er unnt. Og það er vitanlega veigamikill munur, hvort það er stefna ríkisstj. að hafa innflutninginn eins frjálsan og unnt er hverju sinni, hvort það er stefna ríkisstj. að hafa höft og hömlur meira en nauðsyn ber til, hvort það er stefna ríkisstj. að hafa landsverzlun og einkasölur, innlenda einokun í staðinn fyrir erlenda, sem hér var áður og gafst eins og okkur er öllum kunnugt um, eða hvort stefna ríkisstj. væri sama stefna og kemur fram í till. hv. 4. þm. Reykv., að einstaklingar færu að gerast innflytjendur og kaupa erlendan varning á smásöluverði. Ég undrast, að jafngreindur maður og hv. 4. þm. Reykv. skuli láta sér sæma að flytja till. um það, að einstaklingar í þessu landi fari að panta vörur á smásöluverði eftir vörulistum frá magasínum erlendis frá, á sama tíma og hann talar um, að gjaldeyrir þjóðarinnar sé af skornum skammti og það þurfi að gæta varúðar við og nauðsyn beri til að efla gjaldeyrisöflunina, til þess að þjóðin hafi nægilegan gjaldeyri á hverjum tíma. En á sama tíma ber hann fram till. um, að Pétur og Páll geti pantað vörur eftir vörulistum frá erlendum magasínum á smásöluverði. Það væri farið vel með gjaldeyrinn, ef þetta væri innleitt! Það hefur áður verið á það minnzt, að það væri ekki heppilegt, þegar íslenzkir sjómenn færu í verzlanir í erlendum hafnarbæjum og keyptu á smásöluverði, það væri ekki til þess að drýgja gjaldeyrinn, það væri heppilegra að gefa sjómönnunum tækifæri á einhvern annan hátt til þess að drýgja tekjur sínar heldur en að eyða gjaldeyrinum til óþarfa með því að kaupa á smásöluverði í erlendum hafnarbæjum. Það, sem er nauðsynlegt, er, að vörurnar séu keyptar á hagstæðu verði til landsins og að vel sé farið með gjaldeyrinn á hverjum tíma. Og það er samkeppni hinna vönu, menntuðu og þjálfuðu verzlunarmanna, sem tryggir það bezt af öllu.

Hv. þm. talaði um það, að með þessu frv. væri verið að tryggja, að flokkssjónarmiðin réðu í innflutningsmálunum, með því að nú væri fækkað úr 5 mönnum í 2 menn á innflutningsskrifstofunni, og það væri sýnilegt, að stjórnarflokkarnir ætluðu að láta flokksvaldið ráða. Þetta er náttúrlega reginmisskilningur hjá hv. þm. Breytingarnar, sem hugsaðar eru á skipan innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmálanna með þessu frv., eru í því fólgnar að gera þessi mál einfaldari og framkvæmdina á allan hátt réttlátari en áður hefur verið, og ég er sannfærður um það, að þegar aðeins er um tvo menn að ræða, sem bera ábyrgð á þessu, í stað 5, þá verður öll framkvæmdin einfaldari og réttlátari en á meðan þeir voru 5. Ábyrgðin dreifist minna. Hún er á þessum 2 mönnum. Þeir geta ekki skýlt sér á bak við neina aðra, og ef ranglæti er framið, þá skellur það beint á þeim. Þeir geta ekki flúið eða skýlt sér á bak við aðra, en reynslan mun vitanlega skera úr því, hvort þessi spádómur minn og þessi sannfæring mín reynist ekki að öllu leyti rétt. Hitt eru svo óviðeigandi aðdróttanir og ég vil segja svigurmæli í garð núverandi ríkisstj. og stjórnarflokka að slá því hér fram, að það eigi að fara að nota þetta pólitískt eða láta flokksvaldið ráða, jafnvel til þess að níðast á einhverjum öðrum, t. d. andstæðingum.

Hv. þm. hefur áður minnzt á 8. gr. frv. og gerir lítið úr henni, þótt hann hafi nú sagt hér einhvern tíma, að þetta væri aðeins rýmkun, en sýndarrýmkun að mestu leyti, eins og hann orðaði það. Það er alveg í samræmi við það, sem stjórnarandstæðingar sögðu og gerðu í hv. Nd. við atkvgr. um þetta frv. Þeir greiddu allir atkv. á móti 8. gr. frv. Þeir greiddu allir atkv. á móti byggingarfrelsi. Ja, mér kom það dálítið einkennilega fyrir. Þeir voru á móti því, að byggingarfrelsi væri innleitt. Þeir eru á móti því, eins og stendur í 8. gr., að öll fjárfesting, sem snertir almenning í þessu landi, sé gefin frjáls. Þeir vilja hafa höft á byggingunum. Hvers vegna? Er það til þess að geta haldið áfram að skamma ríkisstj. fyrir það, að hún leyfi ekki byggingar yfir húsnæðislaust fólk? Er það til þess að geta skammað ríkisstj. áfram

fyrir það, að hún vilji viðhalda heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum? Ef þetta er ástæðan, þá er þetta óleyfileg hræsni og óleyfilegur málflutningur, óleyfileg málsmeðferð í hv. Alþ., og ég sé ekki, að það geti verið nokkur önnur ástæða fyrir því að vera á móti þessu, vegna þess að 8. gr. og frelsi í byggingum er svo þýðingarmikið fyrir allan almenning í þessu landi og svo mikið spor í áttina til frelsis og aukinna möguleika á því að fá sæmileg húsakynni, að það er ekki leyfilegt fyrir nokkurn vel hugsandi mann að standa hér á móti. — Þá segja þessir menn, að það sé nú lítið gagn í því að ákveða með lögum, að fjárfestingin skuli vera frjáls, en loka svo bönkunum fyrir fólkinu og neita því um lán. Það er náttúrlega rétt, að það er erfitt um lánsfé, og það hefur nú alltaf verið, en bæði fyrrverandi og núverandi ríkisstj. hafa reynt, eftir því sem mögulegt hefur verið, að greiða úr þessu með smáíbúðalánum og gert miklu meira í þessum efnum en aðrar ríkisstjórnir, t. d. stj. Alþýðuflokksins á meðan hún fór með völd, — ekkert svipað. Það verður að segja, að það er stórt átak, sem gert hefur verið í því að útvega fólki lán til þess að koma þaki yfir höfuðið með þessum smáíbúðalánum, sem hafa verið veitt hundruðum manna í landinu undanfarið. Og það er stefna núverandi ríkisstj. að halda áfram á þeirri braut, eftir því sem mögulegt er, að hjálpa fólki til þess að fá lán til þess að byggja þannig nauðsynlega yfir sig.

Þegar hv. 4. þm. Reykv. er að tala hér um það, að þetta frv. sé ómerkilegt mál og sýndarfrv., vegna þess að það sé raunverulega ekki hægt að gefa innflutninginn frjálsan, þá leyfir hann sér samtímis að flytja hér till. á þskj. 292 um það, að innflutningurinn skuli vera að öllu leyti frjáls. Þetta stangast nú dálítið á. Og ég verð að segja það, að fram að þessu hef ég tekið hv. 4. þm. Reykv. dálítið alvarlega, ég hef álitið hann greindan, gegnan og reyndan þm., og þess vegna undrast ég, að hann skuli taka upp þessar till. hér á þessu þskj. og flytja þær í algerri mótsögn við það, sem hann sjálfur talar hér.

Höfum við gert okkur grein fyrir því, hvað þarf að ske í þessu þjóðfélagi til þess, að verzlunin geti orðið frjáls að öllu leyti? Við vitum það sennilega allir, að til þess, að það geti skeð, þarf atvinnulífið að standa í blóma. Það þarf að vera hér heilbrigt atvinnuástand, það þarf að vera hér heilbrigt ástand í fjármálum, bankamálum og peningamálum, og þegar það kemst á, getur verzlunin verið raunverulega frjáls.

Nú mun einhver spyrja: Er það ekki þannig í dag? Er ekki hægt í dag að segja, að verzlunin skuli vera að öllu leyti frjáls, vegna þess að þessi skilyrði séu að öllu leyti fyrir hendi? Ég segi: Það hefur færzt mikið í áttina nú undanfarið til þess, að þetta megi ske. Atvinnuástandið hefur batnað stórlega, og verið er að vinna að því, að peningamálin og fjármálin komist einnig í gott horf. Þessi skilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til þess að innflutningurinn geti verið að öllu leyti frjáls. Það er ekki enn komið í það ástand, að við getum sagt þetta, en ríkisstj. er að vinna að því.

Af því að hv. 4. þm. Reykv. veit, að þessi skilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til þess að innflutningurinn sé að öllu leyti frjáls, og hann samt sem áður flytur till. um frjálsan innflutning að öllu leyti, þá verð ég að segja það, að í till. hv. þm. felst fullkomið traust á núverandi ríkisstj., og getum við þess vegna sætt okkur vel við þann dóm, sem felst í flutningi þessarar till. En ríkisstj. telur ekki ástæðu til þess að samþ. þessa till., vegna þess að hún hefur samkv. 1. gr. möguleika til þess að gera verzlunina að öllu leyti frjálsa, þegar hún hefur gert það, sem þarf, til þess að það megi takast, þ. e. að koma atvinnumálunum, peningamálunum, fjármálunum og bankamálunum í heilbrigt horf að öllu leyti.

Nú vil ég segja það, að 1947 og 1949 var hér allt í haftadróma. Þá var hér stjórn Alþfl. Hún gerði ekki tilraun til þess að leysa höftin, hún gerði ekki tilraun til þess að koma atvinnumálum þjóðarinnar í heilbrigt horf né peningamálum og bankamálum. Hún gafst upp. Hún sigldi svo skútunni algerlega í strand og gafst upp, og aðrir tóku við og mörkuðu nýja stefnu og hafa á undanförnum árum náð miklum árangri með því að vinna eftir þessari nýju stefnu, þeim árangri að breyta verzlunarfyrirkomulaginu þannig, að í dag eru 63—64% af öllum innflutningi til landsins frjáls, á frílista. Er það mikil breyting frá því, sem var, þegar allt var skammtað og allt var bundið í höftum. En það er ekki enn nema 63—64% af innflutningnum frjálst, vegna þess að það er ekki enn búið að koma öllu í það lag eins og þarf að vera, til þess að þetta geti orðið, en ríkisstj. mun vinna að því eftir fremstu getu og losa á höftunum að svo miklu leyti og eins fljótt og unnt er.

Það verður að gera kröfur til þess, að allir þm. geri sér ljóst, að verzlunin og athafnafrelsið í þessu landi byggist á því, að þjóðin afli gjaldeyris. Það ættu allir að vita, að það má ekki flytja meira inn til landsins hverju sinni heldur en unnt er að greiða. Ég sagði hér við 1. umr. þessa máls, að gjaldeyrisástandið væri í dag ekki það gott, að við gætum gefið verzlunina að öllu leyti frjálsa, en gjaldeyrisástandið er í dag eigi að síður mjög sæmilegt. Það er betra en það var á sama tíma í fyrra. Ef við sleppum fyrirframgreiðslunum, þá er aðstaða bankanna nú gagnvart útlöndum þannig, að við eigum inni 100 millj. kr. 1. des. 1953, en á sama tíma 1952 68 millj., og ég hef hérna skýrslur hjá mér, sem ég tel ekki ástæðu til að lesa upp úr, en hv. 4. þm. Reykv. er velkomið að sjá, ef hann vefengir þessar tölur.

Ég segi: Þótt aðstaða bankanna við útlönd hafi batnað um 32 millj. kr. á þessu ári, þá er það ekki neitt til þess að hæla sér af, en það er sjálfsagt og rétt að upplýsa þetta, segja mönnum frá þessu, vegna þess að það sýnir, að við erum þó á réttri leið, við erum að vinna dálítið á hvað þetta snertir.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það væri slæmt, að við lifðum ekki eingöngu á eigin framleiðslu. Hann sagði það ekki með þessum orðum, en í þessari meiningu, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar á þessu ári væru að nokkru leyti vegna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli,

að nokkru leyti vegna Marshallaðstoðar, sem nú væri búið að loka fyrir. Og þetta er alveg rétt. Þannig hefur þetta verið, og vitundin um það, að þetta getur ekki orðið þannig til frambúðar, hlýtur að gera hverri ríkisstj. ljóst, að það ber að vinna að aukningu atvinnutækjanna og að aukningu gjaldeyris fyrir framleiðsluna, hvað sem lögum líður í þessu efni. Og núverandi ríkisstj. mun gera þetta, ekkert síður fyrir það, þótt einhver lagabókstafur í lögum um fjárhagsráð sé ekki lengur fyrir hendi. Hún mun ekki gera það neitt síður fyrir það, enda, eins og ég sagði hér áðan, dugði ríkisstj. Alþfl. ekki lagabókstafurinn á árunum 1947 og 1949, því að hún hafði ekki stuðning af þessum lagabókstaf, sem hv. 4. þm. Reykv. var hér að rexa um áðan, eða þá hafði ekki úrræði til þess að styðjast við hann. Og ég segi: Það er þá betra að hafa ríkisstj., sem hefur úrræði og veit, hvað þarf að ske og hvað þarf að vera fyrir hendi, til þess að þjóðin geti verið efnalega sjálfstæð og lifað á eigin framleiðslu, án þess að hafa lagabókstaf, heldur en úrræðalausa ríkisstj., sem hefur lagabókstaf til að styðja sig við, en hefur ekkert gagn af því.

Hv. 4. þm. Reykv. var að tala hér um, að það yrði nú ekki annar sparnaður við þessa breytingu heldur en það, að í stað 5 fjárhagsráðsmanna yrðu nú 2. Ég held hann hafi bara sagt það hér skýrum orðum, að það yrði ekki annar sparnaður. Hvað veit nú hv. þm. um þetta? Ef hann veit ekki betur, þá ætla ég að upplýsa hv. þm. og aðra hv. dm., að hér verður um töluverðan sparnað að ræða. Það verður um töluverðan sparnað að ræða í mannahaldi, í húsnæði og ekki sízt í skriffinnsku. — Hv. þm. talaði um, að það hefði lítið sparazt við verðgæzluna og verðlagsákvarðanir, þótt hámarksákvæði hafi verið afnumin af ýmsum vörutegundum. Ég vil upplýsa hv. dm. um, að það er 8 mönnum færra núna í verðgæzlunni heldur en var, á meðan hámarksákvæðin voru á öllum vörum. Ég veit ekki, hvort þetta er nokkuð til þess að hrósa sér af, en það er staðreynd, — það er 8 mönnum færra, — og hlýtur þess vegna að hafa sparazt þarna sem nemur launum þessara 8 manna, enda þótt launagreiðslur hjá verðgæzlunni núna séu ekki lægri en þær voru fyrir gengisbreytinguna, vegna þess að laun hafa hækkað síðan til hvers manns. Þó hafa þessir menn, sem starfa við verðgæzluna, ekki hærri laun en ákveðið er í launalögum, og með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að verðlagsákvörðun og verðgæzla verði sameinuð. Eins og núna er, starfa 3 menn að verðlagsákvörðun í fjárhagsráði. Þessu verður breytt og allt fengið verðgæzlunni, nema það, sem þessir tveir menn, sem veita innflutningsskrifstofunni forstöðu, hafa á hendi af verðlagsákvörðununum. En þessir 3 menn, sem nú starfa í fjárhagsráði að verðlagsákvörðunum, sparast náttúrlega og vitanlega margir menn, sem hafa unnið að fjárfestingarmálunum í fjárhagsráði, en fara þaðan algerlega og hætta þar starfi, vegna þess að ekki er lengur verkefni fyrir þá.

Ég veit ekki, hvort það er nokkur ástæða til þess að vera að tala hér öllu lengur. Ég hef drepið á flest þau atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. var hér með áðan. Ég ætla, að þegar menn líta á frv. hér á þskj. 266 og bera það saman við fjárhagsráðslögin og það ástand, sem menn hafa orðið að búa við undir þeim lögum og framkvæmd þeirra laga, þá muni allir, — og ekkert síður þeir, sem eru í stjórnarandstöðu, en eiga eitthvað við atvinnurekstur, — þeir munu ekkert síður fagna flutningi þessa frv. heldur en aðrir, enda þótt þeir af vissum ástæðum telji rétt að gera lítið úr því.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að það er vitanlega aðalatriðið hverju sinni og það hlýtur að vera aðalatriði hverrar ríkisstj. hverju sinni að efla framleiðsluna með öflun nýrra atvinnutækja og tryggja fólkinu í landinu nægilega atvinnu. Það er ekki hægt að tryggja nægilega gjaldeyrisöflun fyrir nauðsynjum þjóðarinnar og uppbyggingu atvinnulífsins nema með því, að þessir fáu menn, sem búa í landinu, hafi nægilega atvinnu. Það verður bezt tryggt með því að losa á fjötrunum, auka athafnafrelsið, til þess að þeir, sem hafa dug og getu til að starfa, fái notið sín. Þetta er hollt að gera sér ljóst, og það hefur verið nú upp á síðkastið unnið eftir þessari stefnu og verður haldið áfram að vinna eftir þessari stefnu, að þjóðin geti aflað sér nægilegs gjaldeyris fyrir nauðsynjum og að hér verði byggð upp nægileg atvinnutæki, til þess að fólkið hafi atvinnu. Þetta er og verður að vera höfuðverkefnið, því að okkur er ljóst, að það er ekki framtíð í því að byggja á gjaldeyristekjum, sem koma frá varnarliðinu eða á annan óeðlilegan hátt inn í landið. — Held ég, að ég hafi svo ekki þessi orð fleiri að sinni.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Ég gerði við 1. umr. í stuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þessa frv., og ég hef ekki miklu við það að bæta. Og þessar umræður, sem hér hafa farið fram, gefa mér ekki mikið tilefni til langra hugleiðinga.

Hv. frsm. meiri hl., hv. þm. Barð., hélt hér að mörgu leyti ágæta ræða, mér þótti hún að mörgu leyti alveg prýðileg. Hann gaf góða og beinlínis dramatíska lýsingu á starfsemi fjárhagsráðs, sem hann réttilega kallaði helstefnu. Aldrei hefur nokkurri stofnun verið gefið jafnvíðtækt vald, sagði hv. þm., eins og þessari stofnun. Það má segja, að Alþingi hafi afsalað sér henni valdið yfir veigamestu atvinnumálum þjóðarinnar. Svo spyr hann, hvernig tekizt hafi að beita þessu mikla valdi. Og hann svarar: Aldrei hefur nokkur stofnun á Íslandi orðið svo óvinsæl sem þessi. — Þetta er maðurinn, sem sjálfur átti þátt í setningu þessara laga og var með í samþykkt þeirra. Og þetta er maðurinn, sem nú er að leggja til, að þetta fyrirkomulag haldi áfram í öllum meginatriðum. Sú breyting, sem í þessu frv. felst, er helzt fólgin í því, að felldir eru niður nokkrir áróðurskaflar, sem blátt áfram eru orðnir að viðundri, og nokkur ákvæði, sem aldrei hefur verið reynt að framkvæma og aldrei ætlazt til að yrðu framkvæmd, eins og líka hv. þm. viðurkenndi sjálfur.

Ég harma það ekki, þó að þetta áróðursskvald-

ur sé látið niður falla, en mér finnst það ekki mikið til þess að hrósa sér af. Ástæðan fyrir því, að þetta hefur verið gert, er sú, að þessi ákvæði eru blátt áfram orðin að viðundri með þjóðinni, og þetta viðurkenndi hæstv. viðskmrh. alveg skýlaust í sinni ræðu. Hann virtist sem sagt hafa nokkuð svipaðar skoðanir og hv. frsm. á starfsemi fjárhagsráðs. Lýsing hans á því var að vísu ekki alveg jafndramatísk, en hún fór í sömu átt, en hann reyndi að koma því þannig fyrir, að óvinsældir fjárhagsráðs hefðu verið mestar undir stjórn Alþfl., meðan Alþfl. hafði stjórnarforustuna. Ég held, að þar verði nú ekki gert upp á milli, en hitt finnst mér dálítið skoplegt að heyra skammir um stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar af munni þessara hv. þm., þ. e. af munni sjálfstæðismanna, sem stóðu að þessari stjórn og mótuðu raunar stefnu hennar fyrst og fremst.

Ef þetta væri í raun og veru andlátsstund fjárhagsráðs, þá væri freistandi að tala hér nokkur orð yfir moldum þess. Hv. þm. Barð. gerði það nú raunar, en það var misskilningur, að hann væri að tala yfir moldum þess. Svo er nefnilega ekki. Fjárhagsráð lifir enn þá og á að halda áfram að lifa. Það gengur aðeins undir nýja skírn.

Ég held, að þessu frv. verði ekki breytt með einstökum brtt., svo að nokkurt vit verði í því frá mínu sjónarmiði. Ný og víturleg stefna í efnahags- og viðskiptamálum þjóðarinnar mundi krefjast algerlega nýrra laga, algerlega nýrrar skipunar á innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmálum þjóðarinnar. Brtt. við einstakar greinar gætu aldrei orðið annað en bót á gamalt fat, þó að þær yrðu samþykktar.

Í hv. Nd. hefur þegar verið prófað, hvort til sé þingvilji til gagngerðra breytinga á þessum málum. Þingmenn Sósfl. báru þar fram till. um það, sem mestu máli skiptir, um það, að útflutningsverzlunin yrði gefin frjáls, að skýlaust sé tekið fram, að óleyfilegt sé að innheimta hinn ólöglega bátagjaldeyrisskatt og að allir skuli hafa jafnan rétt til innflutnings. Það sýndi sig, sem raunar var vitað, að allt stjórnarliðið stóð eins og blökk á móti þessum till. Og það er víst, að ástandið er nákvæmlega eins í þessari hv. deild. Hér hefur verið borin fram ein brtt. af hv. meiri hl. fjhn., en sú brtt. breytir efnislega engu, ekki nokkrum sköpuðum hlut. Það er aðeins viljayfirlýsing, sem raunar má lesa og hefur mátt lesa daglega í Morgunblaðinu undanfarin ár, en efnið er nákvæmlega hið sama og í frv. hæstv. ríkisstj., þ. e.: Ríkisstj. ákveður með reglugerð hverju sinni, hvaða vörur skuli vera frjálsar og hverjar háðar innflutningi og hömlum, og það eru þessar innflutningshömlur, sem frv. fjallar um, þannig að hér er aðeins um orð að ræða, en efnislega ekki neitt.

Um till. hv. minni hl., hv. 4. þm. Reykv., vildi ég segja þetta: Aðalbrtt. hans fjalla um að gera innflutningsverzlunina algerlega frjálsa. Ég veit nú ekki, hvað þessar till. eru alvarlega meintar hjá hv. þm., og mér virtist ræða hans ekki benda til þess, að þær væru meintar í alvöru, því að það er augljóst mál, að meðan við höfum stóra vöruskiptasamninga við aðrar þjóðir, er óhjákvæmilegt, að til sé einhver opinber skipun þessara mála, sem gerir slíka samninga mögulega. Sjálfur sagði hv. þm., að það væri eingöngu undir gjaldeyristekjunum komið, hvað verzlunin gæti verið frjáls á hverjum tíma. En hitt er vissulega satt, að það er fróðlegt að sjá, hvernig stjórnarflokkarnir bregðast við þessum till. — Stjórnarflokkarnir lýsa því yfir hverja stund með miklum fjálgleik, að það sé þeirra æðsta hugsjón og tilgangurinn með þessu frv., sem nú er lagt fram, að gera verzlunina frjálsa. Ef þetta væri nokkuð annað en orð, nokkuð annað en glamur, þá mundu þeir greiða atkvæði með þessum brtt. hv. 4. þm. Reykv., sem einmitt fjalla um það að gera verzlunina frjálsa, þar sem þetta frv. hins vegar fjallar um hömlur á verzluninni, hömlur og viðjar á á öllum viðskiptum landsmanna og öllu þeirra efnahagslífi.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að stjórnarandstaðan hefði greitt atkvæði á móti 8. gr. í Nd., og vildi af því draga þá ályktun, að stjórnarandstaðan væri á móti því, að bygging íbúðarhúsa af ákveðinni stærð væri gefin frjáls. Ég veit ekki um það. Ég fylgdist ekki með því, hvernig stjórnarandstaðan greiddi atkvæði um þessa grein í Nd., en hitt veit ég, að þessi 8. gr. fjallar um allt annað en að gefa byggingu íbúðarhúsa frjálsa. Aðalefni þessarar till. er allt annað, það er fleira, sem stendur í gr. Þar stendur: „Aðrar framkvæmdir skulu háðar fjárfestingarleyfum, er innflutningsskrifstofan veitir.“ Og það er þetta, sem er aðalefni greinarinnar, og það var þetta, geri ég ráð fyrir, sem stjórnarandstaðan hefur verið að greiða atkvæði á móti. Hvað snertir ákvæðið um, að ekki þurfi leyfi til þess að byggja íbúðarhús allt að 520 m³, þá er ekki vitað, hvers virði slíkt frelsi er, hvort það hefur nokkurt raunhæft gildi. Það þarf nefnilega meira til að byggja hús heldur en formlegt leyfi. Það þarf aðgang að lánum, það þarf byggingarefni, og það þarf lóðir. Og allt er þetta háð sömu viðjunum og áður.

Í frv. þessu felst ekki hin minnsta von um það, að raunverulega verði dregið úr viðskiptahömlunum eða rýmkað um einokunina í utanríkisverzluninni. Útflutningsverzlunin er jafneinokuð, jafnalgerlega einokuð og hingað til, og það er eins og komið sé við kviku, ef minnzt er á að létta þeirri einokun af, þrátt fyrir öll hin fögru orð um frjálsa verzlun og þrátt fyrir alla þá hneykslun, sem hæstv. viðskmrh. lagði í orð sín, þegar hann var að tala um einokun í ræðu sinni hér áðan. Vald hæstv. ríkisstj. og hins nýja ráðs hennar yfir innflutningsverzluninni og til þess að halda henni í þeim viðjum, sem hún ákveður hverju sinni, er nákvæmlega hið sama og áður. Og það hafa ekki verið færðar neinar líkur fyrir því, að horfur séu á, að slakað verði á höftunum. Þvert á móti hygg ég, að það ástand sé nú fram undan, að það sé mikil hætta á, að gripið verði til stóraukinna innflutningshafta, ef haldið verður áfram á sömu braut í efnahagsmálum og utanríkisviðskiptum.

Allt talið um aukið frelsi í sambandi við þetta frv. er ekki annað en innantóm orð. Eina breytingin til bóta er fólgin í því, að mönnum er nú

heitið því að sleppa við eina píslargönguna, ef þeir hafa hug á að koma sér upp þaki yfir höfuðið, gönguna til fjárhagsráðs. Enginn gæti lýst þeirri píslargöngu átakanlegar en hv. þm. Barð. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. þykist eiga miklar þakkir skilið fyrir slíkt góðverk, fyrir það góðverk að létta þannig af einni plágunni, sem hún hefur sjálf lagt á menn.

Það er fjarri því, að fjárhagsráð sé lagt niður með þessum lögum, nema aðeins að nafninu til, heldur eru nú í raun og veru komin tvö fjárhagsráð fyrir eitt, annað þeirra er Framkvæmdabankinn, og hann er enn á ný lögfestur sem slíkur eða verður lögfestur sem slíkur, þegar frv. þetta verður að lögum. Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður í fyrra. Banki þessi var stofnaður utan um mótvirðissjóð, sem þannig er gerður að fastri stofnun. Það er svo að sjá sem þær kvaðir, sem hvíldu á því fé, sem lagt var í mótvirðissjóð sem andvirði hinna óafturkræfu framlaga samkvæmt Marshallsamningnum, eigi nú að ná til þessarar föstu stofnunar, þ. e. einnig til þess fjár, sem inn kemur sem endurgreiðsla af lánum úr sjóðnum. Þar með eru líka yfirráð Bandaríkjanna yfir öllum helztu fjárfestingarframkvæmdum hér á landi, sem í Marshallsamningnum felast, orðin að fastri skipun í íslenzkum þjóðarbúskap. Ég spurði margsinnis um þetta, þegar Framkvæmdabankinn var til umræðu á síðasta þingi, og það varð ekki annað skilið af ræðum ráðherranna en að þeir staðfestu þennan skilning minn. Þetta þýðir sem sé, að Bandaríkin hafa með samþykki íslenzkra stjórnarvalda tekið sér vald til íhlutunar um fjárfestingu á Íslandi til frambúðar, enda þótt slíkt vald felist ekki í neinum samningum, sem Alþingi hefur samþykkt. Samkvæmt þessu er Framkvæmdabankinn yfirfjárhagsráð, og yfirstjórn hans er aftur í Washington.

Það er áreiðanlega mjög fjarri sanni, að þetta frv. hafi nokkurn sparnað í för með sér. Tvö fjárhagsráð, annað, sem fjallar um einstök atriði, hitt um stefnuna í stórum dráttum, verða varla ódýrari en eitt, enda er auðséð, að það er síður en svo gert ráð fyrir því í þessu frv. Hæstv. ráðh. sagði raunar, að þetta ætti að verða til sparnaðar, það ætti að fækka starfsfólki. Mér er það sem sagt óskiljanlegt, hvernig á því stendur. Þessi nýja stofnun, sem nú á að heita innflutningsskrifstofa, hefur sömu verkefnin, alveg sömu verkefnin og fjárhagsráð hafði, — ja, aðeins að undanskildum leyfisveitingunum fyrir smáíbúðirnar, að öðru leyti alveg þau sömu. Og ef svo er, þá hefur verið um mikið bruðl að ræða í fjárhagsráði, enda er þetta í algerri andstæðu, fullkominni mótsögn við fjárlögin, sem gera ekki ráð fyrir neinum slíkum sparnaði, og við þetta frv., þar sem gert er ráð fyrir sömu leyfisgjöldunum og áður. Það er sem sé auðséð, að það er síður en svo gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessu frv., því að leyfisgjöldin eru hin sömu og áður og alls ekki gert ráð fyrir neinni lækkun ríkisútgjaldanna vegna þessa frv. — 1% leyfisgjald er enginn smáræðis skattur og engin smáræðis viðbót við söluskattinn, og við þetta bætist svo sá kostnaður, sem hvílir á þjóðinni vegna rekstrar yfirráðsins, Framkvæmdabankans.

ATKVGR.
Brtt. 292,I.1 felld með 11:2 atkv.
— 292,I.2—8 teknar aftur.
— 292,II.1 felld með 11:4 atkv.
— 290 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 292,II.2 felld með 11:4 atkv.
— 292,II.3 felld með 11:4 atkv.
— 292,II.4—5 teknar aftur.
2.—7. gr. samþ. með 11:4 atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann léti greiða atkv. um 1. málsgr. 8. gr. sérstaklega. Efni hennar er alveg sérstakt og haggar ekki neitt atkvgr. um hinn hluta greinarinnar.

**Forseti (GíslJ):** Ég sé ekkert á móti því að verða við þeirri ósk hv. þm., þó að það sé nú ekki vani að skilja í sundur þannig greinarnar, en þetta er sérstök málsgr., svo að ég tel, að það sé hægt að gera það, og skal verða við því.

8. gr., 1. málsgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., 2.—5. málsgr. samþ. með 11:4 atkv.
9.—15. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 296).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 296, 309).
Afbrigði um brtt. 309, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þetta frv. hefur nú tekið nokkrum breytingum í meðferð hv. Ed., og ég fæ ekki séð betur en að það fari nú að fara dálítið glansinn af þessu frv., þegar Ed. er búin að fjalla um það. Þegar þetta frv. var hér í Nd. og var lagt fyrir þingið, þá hljóðaði byrjunin svo: „Frjáls skal vera innflutningur til landsins.“ Þannig byrjaði fyrri hlutinn af fyrstu setningunni. Og það var tilkynnt, að nú væru mikil þáttaskil, nú væru mikil tímamót og hér væri sem sé loksins eftir áþján liðinna ára boðað frelsið á ný.

Hv. Ed. virðist hafa litið eitthvað dálítið svipuðum augum á frv. og við hér í stjórnarandstöðunni leyfðum okkur að setja fram í þessari hv. d. Hún hefur breytt byrjuninni þannig, að þar stendur nú: „Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan.“ M. ö. o.: Í staðinn fyrir ákvæði um að gera innflutning-

inn frjálsan kemur nú ósköp falleg yfirlýsing um, hvert stefna skuli. Samt hefur það verið tekið fram líka í lögunum um fjárhagsráð, sem nú á að afnema, að meiningin hafi nú verið líka með þeim að reyna að gera innflutning frjálsan, hins vegar hafi þar átt að gera ýmsar ráðstafanir til þess að undirbyggja það verzlunarfrelsi, m. a. með skipulagðri aukningu og eflingu á öllu atvinnulífi landsins, með áframhaldi nýsköpunarstefnunnar, eins og tekið var fram í 2. gr. fjárhagsráðslaganna, með skipulögðum ráðstöfunum til að bæta við skipastól landsbúa, efla iðnaðinn, landbúnaðinn og annað atvinnulíf. Hér er allt slíkt þurrkað út, engar ráðstafanir eftir í sambandi við þetta frv., sem beri vott um, að stefnt sé að því að gera innflutning til landsins frjálsan, engar ráðstafanir, sem miði í þá átt að undirbyggja atvinnulífið þannig, efla það þannig, að innflutningurinn geti virkilega einhvern tíma orðið frjáls, vegna þess að gjaldeyristekjur landsins séu orðnar svo miklar vegna blómlegs aukins atvinnulífs, að það sé hægt að gefa hann frjálsan. Mér sýnist þess vegna breytingin á þessu frv. vera öll í realistiska átt, það sé verið að taka skrautfjaðrirnar úr því og setja í staðinn máttlitla stefnuyfirlýsingu.

Út af fyrir sig er ekkert við þessu að segja. Þetta er þannig samrýmt ofur lítið meira þeirri raunverulegu stefnu, sem vafalaust vakir fyrir ríkisstj. — 2. málsl. í 1. gr. hljóðar nú svo: „Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstj. hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls.“ M. ö. o.: Alveldi reglugerða, alræði ríkisstj. um verzlunina til landsins er þar með slegið föstu, en framan við þetta er bætt þessari sakleysislegu yfirlýsingu. Þessu vildi ég aðeins vekja athygli á, um leið og ég segi nokkur orð um þá brtt., sem ég hef lagt hér fram.

Ég ætla ekki að fara að gera neinar stórbrtt. við frv., en eftir að búið var að fella hér fyrir mér við 2. umr. eða 3. umr. allar þær smábrtt., sem ég flutti þá við 1. gr. um, að frjáls skyldi vera innflutningur á vörunum, þannig að allir hefðu jafnan rétt til hans, þá hef ég nú hér flutt brtt. á þskj. 309 um, að innflutningur á einni einustu vörutegund skuli vera frjáls. Og ég verð nú að segja, að mér finnst ekki farið fram á nein ósköp, að bara innflutningur á einni einustu vörutegund, sem flutt er til landsins, eða vöruflokki, sem sé byggingarefnum, skuli vera frjáls, það skuli þó vera ákveðið með lögum. Mér finnst ekki farið fram á nein ósköp í sambandi við þetta, sérstaklega með tilliti til þess, að 8. gr. mælir svo fyrir um, að frjálst skuli vera að byggja íbúðarhús, og af því að ekki er ætlazt til þess, að þau séu byggð úr torfi, — það veit ég, — heldur úr sementi, timbri og alls konar nýtízku byggingarefnum, þá verður máske lítið um það frelsi, sem 8. gr. mælir fyrir um, ef innflutningur byggingarefnis er ekki frjáls. Þess vegna álít ég, að í samræmi við þau ákvæði, sem eru í 8. gr., að frjálst skuli vera að byggja íbúðarhús, skuli innflutningur á byggingarefnum vera frjáls. Þó orða ég þetta þannig: „Innflutningur á byggingarefnum skal vera frjáls, þannig að allir hafi jafnan rétt til þess að fá þau.“ Ég er ekki þar með að slá því föstu, að hvaða maður í landinu sem er skuli geta fengið hvaða gjaldeyri sem er til þess að byggja hvað sem er, heldur aðeins hitt, að ríkisstj. skuli sjá um, að nægilegt sé flutt inn af byggingarefni. Hún getur þá ráðstafað því í sambandi við viðskiptasamninga á hverjum tíma, eins og hún fær heimild til með reglugerðarheimildunum í 1. gr. En ég vil aðeins taka þetta fram, að það sé öruggt, að þessir menn, sem fá nú frelsi til þess að byggja íbúðarhús af ákveðinni stærð, skuli hafa rétt til þess að kaupa það byggingarefni, sem flutt er inn til landsins, skuli hafa jafnan rétt til þess að kaupa það byggingarefni, m. ö. o., að hæstv. ríkisstj. geti ekki gefið einstökum firmum einokun á innflutningnum á byggingarefninu. Þetta held ég að séu alveg óhjákvæmileg fyrirmæli til þess að gera 8. gr. raunhæfa og legg þess vegna til, að þessu sé bætt við. — Enn fremur legg ég til í seinni hluta þessarar málsgr., að annað ákvæði sé sett, sem miðar í þá átt eða er a. m. k. sterk viljayfirlýsing Alþ. í þá átt að tryggja það, að íbúðarhúsabyggingafrelsið verði raunhæft, þ. e., að þarna skuli koma inn í lögin svo hljóðandi setning: „Bankar ríkisins skulu auka stórum lán til íbúðarhúsabygginga, svo að mönnum verði gert kleift að hagnýta sér byggingarfrelsið.“ Við vitum, að ákvæðin um byggingarfrelsið verða að engu, jafnvel þó að innflutningur á byggingarefninu sé frjáls, svo framarlega sem haldið er þeirri lánsfjárpólitík, sem nú hefur verið rekin.

Ég minnti hér á við umræðu málsins í þessari deild, að fyrir liggur bréf frá ríkisstjórn Íslands, frá fyrrv. bankamrh. til Landsbanka Íslands, þar sem mælt er svo fyrir af hálfu ríkisstj., að hafðar skuli hömlur á, — það hefur nú aldrei fengizt upp orðalagið á því bréfi, af því að hæstv. ríkisstj. hefur aldrei fengizt til þess að lesa það hér, — en það er ekki óeðlilegt, að sá grunur hafi komið upp, að í bréfinu séu fyrirmæli um að lána sem minnst til íbúðarhúsabygginga. Og þau fyrirmæli eru gefin á tíma, sem svo að segja ekkert er lánað til íbúðarhúsabygginga. M. ö. o.: Það liggur núna fyrir bréf frá ráðherra Sjálfstfl. um, að bankarnir skuli ekki lána til íbúðarhúsabygginga í Reykjavík, og í hvert skipti, sem ég minnist á þetta bréf, gætir hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. bankamrh., þess mjög vel að vera annaðhvort ekki hér inni eða þá, ef hann kemur í stólinn hér á eftir mér, að minnast ekki einu orði á bréfið. Ég held þess vegna, að það sé tími til kominn, að Alþ. gefi fyrirmæli til bankanna um, hvernig það hugsar sér byggingarfrelsið í framkvæmd, og þess vegna hugsa ég þetta sem eins konar bréf til bankanna, sem eigi nú að afnema það bréf, sem hæstv. fyrrv. viðskmrh., núv. 3. þm. Reykv., skrifaði, — að Alþ. fyrirskipaði þeim að auka stórum lán til íbúðarhúsabygginga. Ég veit, að þetta er ekki skoðað nema eins og viljayfirlýsing frá Alþ., en ég held, að sú viljayfirlýsing þurfi að koma fram. Ég held, að það sé þýðingarlítið að segja við menn: Þið megið byggja fyrir

næstu tvö, þrjú hundruð ár, þið megið auðga þjóðfélagið með því að byggja hús, sem standa í aldir, en þið skuluð ekki fá nein lán frá þjóðfélaginu til þess að geta gert þetta. — Slíkt frelsi er til lítils.

Ég held þess vegna, að þessi fyrirmæli, sem þarna eru, séu mjög nauðsynleg og þau séu í beinu samræmi við þann vilja, sem kemur fram hjá hæstv. ríkisstj. og alltaf hefur verið skoðaður eini ljósbletturinn í þessu frv., við þann vilja, að það skuli vera frjálst að byggja íbúðarhús. M. ö. o.: Þetta tvennt þarf til, að það frelsi verði raunhæft, innflutningurinn á byggingarefnunum sé frjáls, a. m. k. þannig, að allir hafi jafnan rétt til þess að fá þau, en engin einokun á þeim, og í öðru lagi að bönkunum sé fyrirskipað að auka lánin til íbúðarhúsabygginga, og það set ég fram alveg með sérstöku tilliti til þeirra fyrirmæla, sem ég veit að enn liggja því miður fyrir hjá hæstv. ríkisstj. í öfuga átt.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að eftir að Ed. hefur sýnt mjög raunhæfa afstöðu til þessa frv. með breytingu á 1. gr., þá muni hv. Nd. sýna raunhæfa afstöðu til 8. gr., vilja til þess að gera hana raunverulega með því að tryggja það byggingarfrelsi, sem þar er mælt fyrir að skuli komið á, með því í fyrsta lagi að tryggja mönnum byggingarefni og í öðru lagi að tryggja mönnum lán til íbúðarhúsabygginganna. — Ég vona þess vegna, að þessi brtt. mín hljóti samþykki í hv. d.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Afgreiðsla þessa máls í hv. Alþ. virðist ætla að verða með dálítið spaugilegum hætti. Þegar málið fyrst var lagt fyrir, var það kynnt sem allsherjar frelsisskrá fyrir íslenzka verzlun. Fram á það var að vísu sýnt þegar við 1. umr. málsins, hversu fjarri færi, að svo væri. Engu að síður reyndu fulltrúar hæstv. ríkisstj. að halda sér fast við það hér í þessari deild, að frv. væri mikilvæg frelsisskrá. En þegar það komst upp í Ed., þá virtist allur vindur úr fulltrúum hæstv. ríkisstj., því að þar bar einn af voldugustu stuðningsmönnum hennar fram brtt. við 1. gr. frv., þar sem það er sagt alveg skýrum stöfum, að frv. sé engin frelsisskrá fyrir íslenzka verzlun. Nú er það orðin fyrsta setning þessa frv., að stefna skuli að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Manni skildist satt að segja, þegar þetta frv. fyrst var lagt fyrir, að með þessu frv. væri allur innflutningur til landsins gefinn frjáls. En nú hefur hv. Ed. rekið þetta rækilega ofan í hæstv. viðskmrh., og ætti þá ekki að þurfa aðra til þess.

En það er eitt annað, sem ég vildi benda á í sambandi við frv. eins og það er nú orðið, og það er hið eina, sem ég vildi leggja til málsins á þessu síðasta stigi þess.

Frv. hefst nú með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstj. hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls.“

Nú er spurningin: Hvaða ástæður geta legið til þess, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægi ekki til þess, að innflutningurinn geti orðið algerlega frjáls? Um þetta skulum við fletta upp í bibliu hv. stjórnarflokka í efnahagsmálum, en það er hin hagfræðilega álitsgerð þeirra dr. Benjamíns Eirikssonar og Ólafs prófessors Björnssonar, sú, er þeir sömdu í sambandi við gengislækkunina, en þar segir svo á bls. 20, með leyfi hæstv. forseta: „Ef atvinnulífið, fjármálin og peningamálin eru á heilbrigðum grundvelli, er engin ástæða til, að gjaldeyrisskort geti borið að höndum.“ Svo mörg eru þau orð. Samkvæmt þessari álitsgerð, sem fram til þessa hefur verið biblía stjórnarflokkanna í efnahagsmálum og grundvöllur að þeirri stefnu, sem þeir hafa fylgt, þá er eina ástæða til þess, að um gjaldevrisskort geti verið að ræða, sú, að atvinnulífið, fjármálin og peningamálin séu á óheilbrigðum grundvelli. Og hvað er nú búið að setja hér í sjálft lagafrv. hæstv. ríkisstj.? Það er: Meðan gjaldevristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess að gera innflutninginn frjálsan, skal hann vera takmarkaður. Hvað segja sérfræðingar stjórnarinnar? Hvenær nægja gjaldeyristekjurnar ekki? Jú, þegar stefnan er óheilbrigð. Hér er m. ö. o. í sjálfu frv. hæstv. ríkisstj. verið að gera ráð fyrir því, að stefnan verði áfram eins og hingað til óheilbrigð, því að meðan hún treystir sér ekki til þess að hafa verzlunina frjálsa, þá er, samkvæmt hennar eigin efnahagsbiblíu, ástæðan sú, að stefnan innanlands er ekki heilbrigð í fjármálum og efnahagsmálum. Við höfum alltaf vitað þetta, andstæðingar hæstv. ríkisstj., að stefna hennar í efnahagsmálum hefur ekki verið heilbrigð. Hins vegar er það mjög skemmtilegt að fá það staðfest í lagaformi frá hinu háa Alþ. fyrir forgöngu hv. stjórnarflokka, að gert er ráð fyrir því, að svo muni verða enn um alllangt skeið, að stefna stjórnarflokkanna í efnahagsmálum verði ekki heilbrigð. Við höfðum að vísu ekki við öðru búizt, en við höfðum ekki gert ráð fyrir hinu, að stjórnarfl. mundu játa getuleysi sitt í efnahagsmálunum svo greinilega sem hér á sér stað í 1. gr. frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 309 felld með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, SG, BergS, EggÞ, EOl.

**nei:** EystJ, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, SB.

GíslG greiddi ekki atkv.

4 þm. (BFB, JR, LJós, SÁ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

## 15. Háskóli Íslands (prófessorsembætti í lagadeild).

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands** [17. mál] stjfrv., A. 17).

Á 4. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en þá varð það samkomulag innan ríkisstj. að hlutast til um, að frv. næði ekki fram að ganga, heldur taka það til frekari athugunar og að öllu óbreyttu greiða fyrir, að málið fengi framgang á þessu þingi. Nú hefur menntmrn. enn athugað málið og er eindregið þeirrar skoðunar, að það sé þörf á að samþykkja frv., en það er um það að bæta við einum kennara eða prófessor í lagadeild háskólans. Þetta er rík nauðsyn vegna þess, hversu störfin hafa aukizt í lagadeildinni frá því, sem áður var.

Kennarafjöldi í lagadeild sjálfri er nú hinn sami og hann var þegar háskólinn tók til starfa í fyrstu. Nemendafjöldi hefur margfaldazt, og próf eru nú orðin mun flóknari og umsvifameiri en áður var. Þess vegna er miklu meiri vinna í sambandi við þau. En einnig vegna þess, að kennslunni er nú skipt með öðrum hætti en áður var, þá hleðst meira starf á hvern kennara, þannig að í raun og veru má segja, að starf hvers kennara nú sé varðandi kennslu margfalt við það, sem var í fyrstu. Hitt dregur raunar á móti, að fyrstu kennarar lagadeildarinnar, sem voru allt ágætir menn, höfðu mjög miklum störfum að gegna sem brautryðjendur í því að gera sér grein fyrir, hver væru íslenzk lög um ýmis efni, og draga saman a. m. k. frumdrætti að kennslubókum í sínum greinum, og einn þeirra, Einar prófessor Arnórsson, skrifaði kennslubækur í öllum þeim umfangsmiklu greinum, sem hann lengst af kenndi, og vann þar með starf, sem er ómetanlegt fyrir íslenzka lögfræði í heild og auðvitað gerir starf eftirkomenda hans miklu auðveldara en það ella hefði verið. Við þetta er þó það að athuga, að löggjöf nú er að ýmsu leyti orðin flóknari en hún var á árunum kringum 1910, alltaf bætast ný lög við, sem þessir menn verða að fylgjast með, og enn vantar mikið á, sem skiljanlegt er, að búið sé að koma kennslubókamáli deildarinnar í viðhlítandi horf. Það er því mikið starf að vinna við þessa deild, bæði við rannsóknir og við bókaskriftir, auk kennslunnar. Það má einnig geta þess, að tekin er upp kennsla í viðskiptafræði, og eru tveir sérstakir kennarar við það, sem má segja að séu lögfræðikennslunni sjálfri óviðkomandi, en lögfræðikennararnir hafa orðið í sambandi við viðskiptadeildina — en svo má kalla þann hluta lagadeildarinnar — að taka á sig nokkuð aukið starf. Það er því næstum því óskiljanlegt, að lagadeildin skuli hafa orðið að una við það að fá ekki fleiri kennara, einkum þegar á það er litið, að allar aðrar deildir hafa mjög aukið við sig mannafla frá því sem var, þegar háskólinn var settur á stofn.

Við vitum, að norrænudeildin, heimspekideild, hefur margfaldazt, læknadeild hefur mjög bætt við sig starfskröftum, og er ég ekki að telja það eftir, hvorugt. Guðfræðideildin hefur einnig fengið aukningu, og mætti þó kannske ætla, þó að ekki sé lítið gert úr þeim fræðum, sem þar eru stunduð, að þar væri um svo gamalkunnugt efni að ræða frá rannsóknum víða um lönd, að kennsla í þeirri deild ætti að vera öllu auðveldari en í sumum öðrum, þar sem um sjálfstæðar íslenzkar rannsóknir, eins og t. d. í lögfræði, er þar ekki að ræða í sama mæli. Það eru hreinleg alþjóðleg vísindi. Og auk þess eru í guðfræðideildinni auðvitað miklu færri menn heldur en í lagadeild. Þrátt fyrir það sá Alþ. fyrir nokkrum árum ástæðu til að fjölga kennurum í guðfræðideild. Ég benti á í því sambandi og raunar við umr. um fjölgun í öðrum deildum, að lagadeildin væri sett til hliðar.

Deildin sjálf óskaði lengi vel ekki eftir aukningu á starfsafla. Nú orðið hafa kennararnir, — sem allt eru frábærir menn í sínum greinum, þeir menn, sem þar eru nú, miklir starfsmenn og samvizkusamir, — ekki treyst sér lengur til að komast yfir þau efni, sem þeim er ætlað, og telja sig því nauðbeygða til að leggja áherzlu á að fá þarna fjölgað kennurum. Ég tel, að það sé brýn nauðsyn að verða við þessari ósk, og legg þess vegna eindregið til, að frv. nái samþykki. Ég vonast til, að frv. verði samþ. við 1. umr., og legg til, að því verði vísað til hv. menntmn.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Mig minnir, að hér hafi verið á ferðinni áður frv. viðvíkjandi háskólanum um fjölgun prófessora og að það muni fyrirfinnast í skjölum þessarar hv. d., að samþykkt hafi verið hér í hv. Ed. prófessorat í röntgen- eða geislalækningafræði. Í það sinn stöðvaðist málið í Nd., eftir að það hafði verið afgr. hér í þessari hv. deild, komst ekki lengra þá. En ég satt að segja man ekki, hvernig málið bar að á s. l. þingi. Nú vildi ég mælast til þess við þá hv. n., sem þessu máli er vísað til, að athuguð væru afskipti þessarar hv. d. af svipuðu frv. um fjölgun prófessora á næstsíðasta þingi, að ég held, því að þá var hér gerð viss ályktun í því efni. Þau afskipti eru skjalfest í þingtíðindunum, og ef hv. menntmn. vildi svo vel gera að kynna sér það, sem þá var hér samþ., væri mér þökk á því.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hef auðvitað síður en svo á móti því, að hv. menntmn. kynni sér það atriði, sem hv. þm. Vestm. drap á, en ég vil þó leggja á það ríka áherzlu, að það verði ekki til þess að hefta framgang þessa frv., vegna þess að það er eindregin skoðun mín og sannast sagt byggð á töluverðri þekkingu, þar sem ég var um allmörg ár kennari við lagadeildina, að lagadeildin hafi orðið óhæfilega aftur úr varðandi starfskrafta, svo aftur úr, að með öllu sé óviðun-

andi, þegar tekið er tillit til þess aukna fjölda kennslugreina, sem nú eru í deildinni, og með því fyrirkomulagi, sem nú er þar orðið á skiptingu námsins og mikilli fjölgun prófa. Ég tel, að þessar óskir lagadeildarinnar eigi tvímælalausan forgang fram yfir allar aðrar óskir, sem frá háskólanum koma. Aðrar deildir eru búnar að fá sínum óskum að mestu leyti framgengt á undanförnum árum. Lagakennararnir hafa sökum hógværðar látið liggja niðri sínar óskir, þangað til nú er svo komið, að þeim er ofætlun, miðað við sína starfsbræður, að anna þessu starfi eins og til háttar.

Ég vildi til viðbótar því, sem ég sagði áðan, drepa á, að í grg., sem fylgir frv. frá þeim, er vikið að því, að sennilega muni vera hægt að spara tvo aukakennara við deildina, sem nú starfa, ef hinn nýi prófessor kemur. Ég efast mjög um, að þetta verði hægt, miðað við það fyrirkomulag, sem búið er að taka upp, auk þess sem ég vil, að það komi hér skýrt fram, að ég tel það vera rangt frá deildarinnar sjónarmiði að miða eingöngu að því að hafa fasta kennara. Ég tel, að það geti verið mikill vinningur að því fyrir deildina og nemendur að fá menn, sem aðallega vinna að öðru, til þess að kenna sín sérfög við deildina að einhverju leyti. Það er t. d. enginn vafi á, að það er mjög hagkvæmt, að þaulæfður málfærslumaður hafi vissar æfingar með nemendunum. Núverandi kennarar deildarinnar — eins og raunar fyrrverandi kennarar — hafa yfirleitt ekki verið æfðir málfærslumenn, og það er mikill vinningur, að maður, sem hefur raunverulega æfingu í þessum störfum, skuli vinna við deildina. Og þó að hann fái einhverja litla borgun fyrir, þá skiptir það ekki máli í því sambandi, að mínu viti. Eins er það, að annar aukakennari við deildina, núverandi þjóðréttarfræðingur utanrrn., Hans G. Andersen, er af öllum Íslendingum langlærðastur í sinni grein og raunar sá eini, sem má segja að hafi fengið þá fræðslu í þeirri grein, að frambærilegt sé að hann sé kennari í henni, en hann hefur líka fengið ágæta menntun og viðurkenningu hæfustu manna við erlenda háskóla fyrir sína þekkingu. Það væri því mikill missir fyrir deildina, ef slíkur maður hætti þar kennslu. Þessu vildi ég aðeins skjóta að, ætlaði að minnast á það áðan, en gleymdi.

Aðalatriðið var þó að leggja áherzlu á það, sem ég gerði, að setja þetta mál ekki í samband við önnur úrlausnarefni háskólans. Lagadeildin er orðin á eftir, og má ekki lengur þar við una. Hitt er svo enn annað, að ég er hræddur um, að læknadeildin sjálf sé mjög ósammála um það prófessorat, sem hv. þm. Vestm. talaði um, og hún telji, að ef þar eigi að stofna nýtt prófessorat, þá eigi að gera það í annarri grein en þeirri, sem hv. þm. Vestm. hefur sérstakan áhuga fyrir, svo að það mál allt þarf mjög náinnar skoðunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 147).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Menntmn. hefur haft til umsagnar þetta frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. um laun háskólakennara, 17. mál, þar sem farið er fram á, að prófessorum í laga- og hagfræðideild fjölgi um einn, þ. e., að prófessorarnir verði fjórir í stað þriggja, sem þeir hafa verið frá upphafi. Grg. sú, er með frv. fylgir, skýrir glögglega frá, hvernig nemendafjöldi og kennsluhættir hafa breytzt frá fyrstu tíð, og skyldi engum koma á óvart, miðað við aðra þróun, sem orðið hefur á öllum sviðum frá þeim tíma, enda hefur ósk um aukningu kennara komið fram oft áður og síðast á þinginu 1952. Var sams konar frv. og nú liggur fyrir lagt fram í Nd. Þáverandi menntmrh. fylgdi frv. úr hlaði á 3. fundi í Nd., 3. okt., og lagði til, að það yrði samþykkt. Síðan var það tekið fyrir til 2. umr. í Nd., og mælti þá 7. þm. Reykv. (GTh) eindregið með því, að það yrði samþ., en minni hl. menntmn. mælti með því, að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var sú rökstudda dagskrá samþ. með eins atkv. meirihlutamun, og þar með var frv. úr sögunni og fór ekki lengra.

Menntmn. er einhuga um það, að það sé ekki æskilegt að fjölga embættum við Háskóla Íslands eða annars staðar, nema brýna nauðsyn beri til. N. hefur haldið 3 fundi um þetta mál, og m. a. hefur háskólarektor mætt á fundi n. og gefið henni mikilvægar upplýsingar til viðbótar því, sem grg. lætur í té. Prófessorar lagadeildar kenna 17 greinar lögfræðinnar og þurfa að sjálfsögðu að eyða mjög löngum tíma vegna prófa hjá svo mörgum nemendum sem nú eru í lagadeild, og er því ekki undarlegt, þó að nauðsyn sé á því að bæta við kennslukröftum. — Einn nm. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, með þeim forsendum, að það sé ekki síður æskilegt að fjölga prófessorum í læknadeild, og eru nm. yfirleitt, að ég hygg, sammála um það. En það er ekkert frv., sem liggur fyrir um þetta í bili. Það lá fyrir á síðasta þingi, en hefur ekki komið fram enn, en mér er ekki grunlaust um, að það sé von á því í annarri hvorri deildinni.

Fleira hef ég ekki að segja um þetta.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir fyrirvara mínum. Hann er þess efnis, eins og nál. ber með sér, að ég tel, að nauðsynlegt sé, um leið og þessi breyting er gerð á lögunum, að athuga einnig nauðsynina á fjölgun kennara í læknadeild háskólans. Ég tel enn fremur, að jafnframt sé nauðsynlegt að athuga kennaraskipun í heild og verkaskiptingu við háskólann. Ég vil ekki mæla því í gegn, að full nauðsyn sé á þeirri aukningu við lagadeildina, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar held ég nú, að hún sé ekki það aðkallandi, að hún gæti ekki beðið eftir því, að fram færi athugun á fjölgun við aðrar deildir og þá sérstaklega læknadeildina. Ákjós-

anlegast tel ég það væri, að skipun kennara og verkaskipting þeirra við háskólann í heild yrði tekin til athugunar sem fyrst. Ég mun þó greiða þessu frv. atkv. nú við þessa umr. og sjá, hvort nokkuð bólar á till. um það efni, sem hér hefur verið drepið á, en vil ekki leyna því, að sé þetta frv. samþ. eins og það nú er, þá tel ég alveg sjálfsagt, að einnig verði fjölgað í læknadeildinni. Ég ber þó ekki fram tillögu um það að svo stöddu, tel rétt að bíða þess, hvort till. berast frá háskólanum eða hæstv. ríkisstj. um það efni.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., þá lét ég þess getið, að síðast þegar hér hefði verið rætt um fjölgun prófessora í háskólanum, þá hefði þessi hv. d. tekið alleindregna afstöðu, að vísu ekki varðandi lagadeild háskólans, heldur læknadeild, og mæltist ég til þess þá við hv. n., sem þetta mál fengi til meðferðar, að hún athugaði þessa sögu málsins. Nú er málið fram komið við 2. umr., eins og hér segir, og hef ég tekið eftir því, að hv. frsm. sagði, að háskólarektor hefði gefið n. mjög mikilsverðar upplýsingar varðandi skipun prófessoranna, en mér fannst vanta á, að þær upplýsingar væru látnar ná til þessarar hv. d. Nú talaði hér næstur á undan mér hv. 4. þm. Reykv. og taldi, að einmitt í læknadeildinni væri ekki síður þörf á nokkrum breytingum heldur en í lagadeild. Ég skal engan dóm á það leggja og vil ekki á neinn hátt leggja stein í götu fyrir þetta frv. og mun greiða því atkv. til 3. umr., en ég vil láta í ljós þá skoðun, að mér þætti það gott og mikils um vert, ef till. eins og hv. 4. þm. Reykv. boðaði kæmu hér fram, annaðhvort í sambandi við þetta frv. eða sjálfstæðar. Vitaskuld er líka tími til að koma með brtt. við þetta frv. við 3. umr. og engin ástæða til að tefja framgang þess nú eins og er.

Ég skal lauslega geta þess, að þau einu afskipti, sem ég hef haft af prófessoraskipunum eða frv. þar að lútandi varðandi þá mikilvægu stofnun, sem hér er um að ræða, er það, að á þinginu 1951 flutti ég hér brtt. við svipað frv., sem að vísu snerist þá eingöngu um fjölgun læknaprófessora, um að sá læknir, sem hefur röntgen- og geislalækningakennslu á hendi, yrði skipaður prófessor. Þá horfði nú málið þannig við, að það mundi hafa einhvern kostnað í för með sér, en nú horfir málið öðruvísi við að því leyti til, að það mundi ekki auka neitt á útgjöld ríkissjóðs frá því, sem er, en vera eingöngu til þess, að þessari grein læknavísindanna yrði gert jafnhátt undir höfði og öðrum greinum þeirra vísinda er gert í dag, þar sem prófessor er í lyfjalækningafræði og prófessor í handlækningum. Það mundi þess vegna vera miklu aðgengilegra að gera röntgen- og geislalækningafræðinni jafnt undir höfði núna heldur en það var á þeim tíma, svo að læknir sá, sem hefur þessa kennslu á hendi, fengi og hans fræðigrein sömu aðstöðu hvað þetta snertir við háskólann eins og aðrar nauðsynlegar fræðigreinar í heilsubótarkennslu landsmanna. Ég skal ekki orðlengja um þetta, en vildi aðeins nota tækifærið til að benda á þessa staðreynd, að þótt sú breyt. væri á gerð nú, að prófessorat væri stofnað, eða héti svo, þá kostaði það ekkert meira fyrir ríkissjóðinn heldur en það, sem hann geldur í dag samkv. þeim beztu upplýsingum, sem ég hef fengið í þessu máli.

Eins og ég sagði áður, þá er það ekki mín meining að spilla fyrir framgangi þessa máls, og mikil lagavísindi eru vissulega til í landinu og sjálfsagt ekki vanþörf á, að þau séu vel lærð og kennslan sé vel af hendi leyst. Ég mun þess vegna fyrst um sinn fylgja þessu máli til 3. umr., en tel ekki örgrannt um, eftir því sem orð hafa fallið hér, að einhver breyting kunni á að verða, annaðhvort í sambandi við þetta mál ellegar þá með nýjum till. Ég tel það ekki mitt mál að taka upp nýjar till. í þessu máli, öðruvísi en ef það væri brtt., því að það er miklu frekar þeirra manna mál, sem hafa yfirstjórn heilbrigðismálanna í landinu, að sjá því farborða, að fræðigreinum sé ekki mismunað hvað þetta snertir, fræðigreinum, sem talið er nauðsynlegt að iðka til að halda við heilbrigði landsmanna. Það væri náttúrlega eðlilegast, að slíkar till. kæmu fram frá þeim ráðh., sem hefur með læknamálin í heild sinni að gera.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Út af tveim síðustu ræðum, sem fluttar hafa verið hér um þetta mál, vil ég aðeins benda á, að menntmn. hefur ekki tekið neina afstöðu um annað en það frv., sem til hennar var vísað, og mælir hún með því, eins og sést á nál. á þskj. 147. Mér hefur fundizt þess kenna í þessum tveimur síðustu ræðum, að jafnvel sá skilningur ríkti, að menntmn. deildarinnar hefði að vísu mælt með þessu atriði, sem frv. fjallar um, en þar með lýst sig andvíga öðrum breytingum. Það kom nú að vísu skýrt fram hjá hv. frsm. n., að sá skilningur er ekki hinn rétti, en af því að þessar ræður voru fluttar, eftir að hv. frsm. talaði hér, þá finn ég ástæðu til þess að benda á það, að n. hefur alls enga afstöðu tekið sem slík til þeirra atriða, sem hér hefur verið talað um síðan, heldur aðeins til frv., sem fyrir liggur. Þess vegna, þó að hv. 4. þm. Reykv. hafi einn skrifað undir nál. með fyrirvara, þá ber vitanlega að skilja það svo, þar sem ekkert er farið út í önnur atriði í nál. og engin till. hefur legið fyrir um önnur atriði, að auðvitað eru nm. alveg óbundnir um till., sem fram kynnu að koma um fleiri atriði varðandi Háskóla Íslands.

Ég fann ástæðu til að taka það skýrt fram út af þeim ummælum, sem fallið hafa, að það er síður en svo, að menntmn. hafi á nokkurn hátt fyrir fram lýst sig andvíga till., sem fram kynnu að koma. Hún á eftir að taka afstöðu til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 21. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það, sem ég vildi segja, á í raun og veru frekar heima utan dagskrár heldur en í því dagskrármáli, sem hér er um að ræða. Ég vildi finna að því, að hér skuli hvert stjfrv. vera til 1. umr. á fætur öðru án þess, að því fylgdi nokkur framsaga af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Að þessu kveður orðið svo *mikið*, að *mér finnst* hv. þd. ekki mega láta þetta vera óátalið. Ég hef veitt því athygli, að undanfarna daga hafa fjögur eða fimm stjfrv. verið hér á dagskrá til 1. umr. og þeim vísað til 2. umr. og n. framsögulaust. Mér *finnst* þetta sýna svo slæm vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj., að við það sé ekki unandi alveg þegjandi. Með þessu er hæstv. ríkisstj. að sýna þinginu allt að því lítilsvirðingu, að kynna ekki mál, sem lögð eru fyrir deildina, þótt seinni deild sé, og kannske væri öllu frekar ástæða til þess að gera það einmitt þar. Frá því að ég kom hér á þing, hefur það verið svo að segja föst regla, að stjfrv. sé fylgt úr hlaði, þótt ekki sé nema með nokkrum orðum, til þess að kynna þingheimi málin. En nú á þessu þingi hefur alveg gerbreytt um hvað þetta snertir, og þau eru áreiðanlega ein sjö eða átta, stjórnarfrumvörpin, sem komið hafa til 1. umr. í þessari d., án þess að þeim hafi fylgt nokkurt orð af hálfu ríkisstj. Mér finnst rétt, að hún viti það, að það er ekki öllum hv. þm. sama um það, ef hún sýnir slíkt sleifarlag gagnvart afgreiðslu mála hér á Alþingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 37 fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 265).

**Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Þetta frv. er stjfrv. og fjallar um það, að í laga- og hagfræðideild háskólans skuli vera fjórir prófessorar í lögfræði í stað þriggja áður.
Frá því er háskólinn var stofnaður 1911, hefur tala fastra kennara í lögfræði verið óbreytt. Á sama tíma hafa aðrar deildir fengið verulega fjölgun kennara. Námsgreinum hefur fjölgað verulega og tala nemenda margfaldazt. Það er því af hálfu lagadeildarinnar og háskólans talin mjög brýn þörf á því, að bætt verði við einum föstum kennara.
Ég vísa um rök fyrir þessu máli til þeirrar grg., sem fylgir frv. Eins og ég tók fram áðan, þá er hér um stjfrv. að ræða, en í menntmn. Nd. hefur ekki orðið samkomulag um málið. Hv. þm. Ísaf. og ég höfum mælt með samþykkt þess, en tveir nm., hv. 2. þm. N-M. og hv. þm. A-Sk., létu bóka það í gerðabók, að þeir mundu ekki gefa út nál., en gera grein fyrir afstöðu sinni við umr. um málið, en fimmti nm. var fjarstaddur, er málið var rætt og afgr. Við tveir, sem ég greindi, leggjum til, að þetta stjfrv. verði samþ. óbreytt.

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Á undanförnum árum hefur orðið allmikil aukning á kennaraliði háskólans. Á síðustu þingum hafa samt legið fyrir frv. um stofnun nýrra embætta við háskólann. 1951 lá fyrir þinginu frv. um stofnun tveggja nýrra prófessorsembætta í læknadeild, og á þingi 1952 voru flutt í þessari hv. d. frv. um stofnun prófessorsembættis í lögfræði og annað frv. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild. Þessi frv. hafa ekki náð samþykki hér á hv. Alþingi.
Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, fjallar um það að stofna eitt nýtt prófessorsembætti í lagadeild háskólans, en forráðamenn háskólans munu hafa hug á því að leita til Alþ. á næstunni um stofnun fleiri nýrra embætta. Frv. þetta er flutt af hæstv. ríkisstj. og mun ríkisstj. öll vilja styðja að framgangi málsins. Við hv. 2. þm. N-M., sem sæti eigum í menntmn., höfum samt ekki staðið að nál., þar sem mælt er með þessu frv., og munum við ekki greiða atkv. með málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 38. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:4 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 327).

---

## 16. Gjaldaviðauki 1954.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka** [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Undanfarið hefur verið heimilt að innheimta þau gjöld, sem í frv. greinir, með þeim viðaukum, sem þar eru upp taldir. Með þessu frv. er farið fram á, að þessar viðaukaálögur verði framlengdar svo sem verið

hefur. Ég leyfi mér að óska eftir, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ekki get ég neitað því, að mér fannst hæstv. fjmrh. fullstuttorður í framsöguræðu sinni um þetta frv. Efni frv. er, eins og þskj. ber með sér, að þeir tekjuliðir, sem þar greinir, þ. e. a. s. vitagjald, gjöld af innlendum tollvörutegundum og ýmsar aukatekjur, séu hækkaðir um 100—560%, eða fast að því sjöfaldaður sá liðurinn, sem mest er hækkaður. Þetta mun óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, eins og grg. skýrir frá, að niður er felldur sá liðurinn, sem fjallaði um 50% álag á eignarskatt. Er þess getið í því sambandi, að gert er ráð fyrir nýrri heildarlöggjöf um tekju- og eignarskatt samkv. samningum milli stjórnarflokkanna, eins og það er orðað í grg. Á Alþingi 1952, 16. jan., var samþ. þál. um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkis og bæjar- og sveitarfélaga, sem ég vildi leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Ályktunin hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt. — Rannsókn málsins og undirbúningi þess skal hraðað svo, að ríkisstj. leggi frv. til l. um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Um 20 mánuðir eru nú liðnir síðan þessi þál. var afgr. á Alþ. eftir mjög ræki legan — skulum við segja — undirbúning af hálfu þáverandi og núverandi stjórnarflokka. Enn hefur ekkert sézt frá þessari hv. n., nema hvað nú upplýsist í grg. með frv. hæstv. ráðh., að vænta megi, að á þessu þingi verði lagðar fram till. eða drög að nýrri heildarlöggjöf um tekju- og eignarskatt samkv. samkomulagi stjórnarflokkanna. En eins og ályktun sú ber með sér, sem ég áðan las upp, þá er ætlazt til þess, að miklu víðtækari endurskoðun á skattamálunum fari fram heldur en sú, sem í því felst að endurskoða eingöngu tekju- og eignarskattslögin. Tekju- og eignarskatturinn nemur ekki að jafnaði nema eitthvað milli 12 og 14% af heildartekjum ríkissjóðins. Hann er því aðeins einn liður í skattakerfi ríkisins og ekki nema brot af heildarupphæð óbeinu skattanna, að ógleymdum útsvörum til sveitarsjóða.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðh., hvenær vænta megi tillagna frá þessari n. samkv. því, sem fyrir hana hefur verið lagt, eða tillagna frá ríkisstj. sjálfri, því að ályktuninni er beint til hennar, — hvenær vænta megi heildartillagna um þetta efni frá hæstv. ríkisstjórn. Það er augljóst, að sá háttur, sem upp hefur verið tekinn og haldið nú nokkur síðustu ár, að leggja 100—700% á þá tekjuliði, sem lögfestir hafa verið í mismunandi tilgangi, getur ekki staðizt. Slíkt skapar gífurlegt ranglæti og ósamræmi í skattalöggjöfinni, sem ekki er viðunandi. Og þó að einhverjar breytingar yrðu gerðar á l. um tekju- og eignarskatt, þá er það kák eitt, ef litið er til þess verkefnis, sem ríkisstj. var falið með ályktuninni, en það var að vinna að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamálanna og að endurskoðun fari fram ekki aðeins á sköttum til ríkissjóðs, þ. e. a. s. tollum og beinum sköttum, heldur einnig á útsvörum og tekjustofnum bæjarfélaganna. Ég vil ekki mæla gegn því, að þetta frv. fari í n. og fái eðlilega athugun þar, en ég teldi mikilsvert, að hæstv. ráðh. sæi sér fært að skýra hv. d. frá, áður en hún afgreiðir þetta mál, hversu miði þessu starfi og hvort ekki megi vænta einhverra frekari tillagna frá ríkisstj. eða þeirri n., sem vinnur fyrir hennar hönd að endurskoðun skattakerfisins, áður en þingi lýkur nú í vetur.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Að þessu tilefni gefnu vil ég upplýsa, að skattamálanefndin hefur beint starfi sínu fyrst og fremst að endurskoðun beinu skattanna, enda var henni fyrst og fremst ætlað það hlutverk, og það var það, sem vakti fyrir, þegar þál. var sett, og svo tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga. Þetta verkefni hefur reynzt svo umfangsmikið, eins og engum hefur komið á óvart, að ekki gat komið til mála, að n. gæti haft till. sínar tilbúnar fyrir síðasta þing, og gilti það áreiðanlega jafnt um fulltrúa allra flokka, sem í n. áttu sæti. Enginn þeirra hafði á þeim tíma tilbúnar tillögur um afstöðu sína eða síns flokks í málinu. Síðan eru liðnir 20 mánuðir, og mun vera óhætt að segja það sama enn. Enn hafa ekki fulltrúar frá neinum flokki, sem á fulltrúa í n., tillögur sínar tilbúnar. Áherzla hefur á hinn bóginn verið lögð á, að fyrir þetta þing gæti komið frv. um beinu skattana og um útsvörin, þ. e. a. s. tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Er unnið að því að hraða störfum n., þannig að þetta geti tekizt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 273).

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Í frv. þessu, sem er gamall kunningi, fer ríkisstj. fram á það, að henni verði heimilað að innheimta með viðauka eins og undanfarin ár ýmis gjöld og skatta til ríkissjóðs, mismunandi háum eftir eðli gjaldanna. Í undirbúningi fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár hefur verið gert ráð fyrir þessu, og er þetta endurnýjunarheimild að öllu leyti, en þó felld úr heimild til þess að innheimta með 50% viðauka eignarskatt, þar sem gert er ráð fyrir nýrri löggjöf um það efni á þessu þingi.

Fjhn. hefur athugað frv. þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt við þessa umr. N. gerir þann fyrirvara, að fyrir henni liggur frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs og stimpilgjöld, og ef þau frv. skyldu verða samþ. fyrir áramót, þá falla niður b- og c-liðir. En þar sem búast má við, að svo verði ekki, úr því að svona áliðið er, er lagt til, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það gildir sama um þetta eins og 8. málið, vörumagns- og verðtollinn, að það eru framlengingar á gjöldum, sem ríkisstj. að vísu hvað eftir annað hefur lofað, að hún mundi reyna að létta að einhverju leyti af almenningi. Það er hins vegar svo nú, að þó að loforðin um skattaléttun hafi verið ítrekuð meira en nokkru sinni áður, þá virðist það eiga að ganga þannig á þessu þingi, að fyrst verði allir skattarnir afgreiddir og allar álögur framlengdar, og svo koma menn til með að sjá eftir bæjarstjórnarkosningar, hvernig muni verða með skattana. Ég býst hins vegar ekki við, að það sé neitt við þessu að gera. Þessi mál ganga áfram með þeim meiri hl., sem ríkisstj. hér hefur. Sumt af þessum gjöldum er ekki nema eðlileg hækkun, en með sumum þeirra er líka farið alveg óþarflega langt. — Ég vildi aðeins láta þessi orð fylgja, um leið og þetta frv. nú færi til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 306).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. þetta er komið hingað frá hv. Ed. Það er um heimild fyrir stjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka, og er þetta framlenging á þeim gjaldahækkunum, sem gilda í ár, að því undanskildu, að ákvæði, sem hafa verið í lögum um að innheimta eignarskatt með 50% álagi, hafa verið felld niður, vegna þess að gert er ráð fyrir því, að sett verði ný lög um tekju- og eignarskatt á þessu þingi.

Fjhn. hefur athugað þetta frv., borið það saman við gildandi lög og mælir með því, að það verði samþ. Einn nm., hv. 1. landsk. þm., hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 328).

---

## 17. Sveitarstjórnarkosningar (stjfrv.).

Á 21. fundi í Nd., 12. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar** [99. mál] (stjfrv., A. 163).

Á 22. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að gefa neina skýrslu hér út af eldhúsdagsræðu hv. 1. landsk. áðan, sem að vísu var ekki varðandi það mál, sem nú er til umræðu. Það geta náttúrlega oft verið ástæður til þess, að sá ráðh., sem mál heyrir undir, geti ekki verið við við 1. umr. málsins. Ég veit ekki, hvort skýrsla hv. 1. landsk. um 7 eða 8 stjórnarfrv., sem þannig hafi verið flutt án þess, að nokkur framsaga hafi fylgt, er rétt, — ég efa það nokkuð. En ég vildi geta þess, að ég veit ekki til, að það hafi neitt frv. komið hér fram á Alþ. frá þeim rn., sem ég hef með að gera, sem ekki hafi verið flutt framsaga um.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 163, er smávægileg breyting á sveitarstjórnarkosningalögunum. Þessi breyting er sú ein, að sveitarstjórnarkosningalögin eru færð til samræmis við alþingiskosningalögin um eitt atriði, og það er um það, að kjósendur geti neytt kosningarréttar síns utan þess heimilis eða þess kjörstaðar, sem þeir eiga heima á, og að þar sé að öllu leyti fylgt sömu reglum og gilda um alþingiskosningar, þannig að kjósendur, sem eru á kjörskrá annars staðar hér á landi eða erlendis, geti á sama hátt neytt þar kosningarréttar síns. Það er í sveitarstjórnarkosningalögunum mjög oft vitnað til laganna um kosningar til Alþingis

og auðséð, að löggjafinn hefur ætlazt til þess, að sömu reglum væri fylgt í öllum meginatriðum, en það mun hafa frekar verið af einhvers konar mistökum á sínum tíma, að þetta atriði var ekki fært til samræmis, en virðist mjög eðlilegt, að þar gildi sömu reglur. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, enda er skýrt frá þessu í athugasemdum við frv. rækilega. En ég vænti þess, að hið háa Alþ. geti fallizt á það að gera þessa samræmingu á milli sveitarstjórnarkosningalaganna og laganna um alþingiskosningar. Og ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 163, n. 304).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 163, og telur ákvæði þau, sem í frv. felast, eðlileg og sjálfsögð. Hefur hún því einróma mælt með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 340).

---

## 18. Fjárlög 1954.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt:
**Frv. til fjárlaga fyrir árið 1954** [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

**Forseti (JörB):** Umræðum þessum verður hagað þannig, að hæstv. fjmrh. flytur fyrst sína ræðu. Þá fer fram umræða eða ræður af hálfu stjórnmálaflokkanna. Hefur hver flokkur hálftíma til umráða, og verður talað af hálfu flokkanna í þessari röð: 1) Þjóðvfl., 2) Alþfl., 3) Sjálfstfl. og 4) Sósfl. Hver flokkur hefur hálftíma. Að þeim umr. loknum hefur hæstv. fjmrh. stundarfjórðungs ræðutíma til andsvara. Hefst þá umræðan. Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, tekur til máls.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Samkv. því, sem venja er til, mun ég byrja á því að gefa yfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1952. Nú hefur verið útbýtt til hv. alþm. aðalreikningum fyrir það ár ríkissjóðs, og sé ég því ekki ástæðu til að lesa rekstrarreikninginn eða yfirlitið um eignahreyfingarnar, en það eru þau reikningsyfirlit, sem hér áður fyrr var venja að lesa í sjálfri fjárlagaræðunni, en það á að mega spara sér, þegar það liggur fyrir hv. alþm.
Samkv. rekstrarreikningi hafa rekstrartekjur ársins 1952 orðið 420 millj., en voru áætlaðar 376 millj. í fjárl. Rekstrarútgjöldin urðu 357 millj., en voru áætluð 332 millj. Rekstrarafgangur hefur því orðið 62 millj. í stað 43 millj., eins og áætlað var, eða 18½ millj. fram yfir það, sem gert var ráð fyrir. Á hinn bóginn hafa ýmsar greiðslur fallið á ríkissjóð, sem eru settar á eignahreyfingar, umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, og hefur því greiðsluafgangur farið minna fram úr áætlun en rekstrarafgangurinn, eða orðið rúmar 7 millj., 7 millj. og 300 þús., en var áætlaður tæpar 3 millj., eða nánar til tekið 2 millj. og 660 þús. Kem ég að því síðar.
Umframgreiðslur gjaldamegin á rekstrarreikningi nema 25 millj. og 300 þús. Eru það tiltölulega lægstu umframgreiðslur síðustu áratugi, að undanskildu árinu 1950, en þá voru þær enn þá lægri. Sé tillit til þess tekið, að 3 millj. og 200 þús. af þessari fjárhæð eru útborgaðar samkv. sérstökum lögum og þingsályktunum frá

Alþingi sjálfu, þá verða hinar raunverulegu umframgreiðslur um 6,6% af heildarfjárhæð fjárl. Flestar umframgreiðslurnar eru þannig vaxnar, að ekki er sérstök ástæða til að gera þær að umtalsefni, þar sem þær eru smávægilegar og stafa yfirleitt af því, að áætlunarfjárhæðir hafa farið nokkuð fram úr áætlun, en við slíku verður aldrei að fullu séð fyrir fram. Verðlagsvísitalan reyndist nokkru hærri en gert var ráð fyrir í fjárl., og veldur það dálitlum umframgreiðslum og á sinn þátt í þeim í heild.

Varðandi einstaka liði þykir mér ástæða til að taka þetta fram:

Kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn hefur farið 1½ millj. fram úr áætlun. Eru það aðallega saka- og lögreglumálakostnaður, kostnaður við embætti héraðsdómara, mest þó vegna hækkaðrar verðlagsuppbótar, og svo kostnaður hæstaréttar við útgáfu hæstaréttardóma, sem einnig hefur farið nokkuð fram úr áætlun.

11. gr., innheimta tolla og skatta, var 1 millj. og 400 þús. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á árinu 1952 var loks gerð upp við Reykjavíkurbæ þátttaka bæjarsjóðsins í kostnaði við skattstofuna undanfarin ár, en það mál hefur legið óútkljáð lengi. Það hefur verið gert ráð fyrir, að bæjarsjóður greiddi ⅓ af kostnaðinum, en niðurstaðan varð sú, að bæjarsjóður greiddi nokkru minni hluta af skattstofukostnaðinum. Samkv. hinni nýju reglu, sem um samdist, átti bærinn því inni á þessum reikningi, sem upp hafði verið settur yfir skattstofukostnaðinn, væntanlega þátttöku bæjarins, um 770 þús. kr., og varð að færa þá fjárhæð til gjalda og bæta því við skattstofukostnaðinn árið 1952. Er þetta því aðalástæðan fyrir þessari tiltölulega háu umframgreiðslu á þessum lið.

Þá kem ég að 13. gr., samgöngumálum. Þar eru umframgreiðslur mestar. Umframgreiðslur á vegamálum eru alls 4 millj. og 700 þús. kr., vegna viðhalds 2 millj. kr. og brúargerða 2 millj. kr. Stafar þessi umframgreiðsla til brúargerða sumpart af því, að brýr eyðilögðust, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárl. að endurbyggja, og varð ekki hjá því komizt að leggja til þeirra.

Rekstrarhalli strandferðanna varð tæpum 5 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Er það langstærsti umframgreiðsluliðurinn á reikningnum, og kemur ýmislegt til, að hallinn hækkaði svo mjög frá því, sem fjárl. gerðu ráð fyrir. Fyrst er það, að hallinn var of lágt áætlaður í síðustu fjárl., þar sem ekki þótti, þegar til kom, fært að hækka flutningsgjöld með ströndum fram. Þá kemur hér hækkuð verðlagsuppbót til greina, og verkfallið í desember varð einnig að nokkru tjóni fyrir strandferðaútgerðina, en langmestu valda hér viðgerðir á skipum, sem ekki hafði verið gerð grein fyrir fyrir fram, og aðrar viðgerðir, sem urðu dýrari en gert var ráð fyrir.

Þá er að minnast 14. gr. B., kennslumála. Umframgreiðslur á þeim lið hafa orðið um 3 millj. kr., og er það að nokkru afleiðing hækkaðrar vísitölu. Enn fremur hefur kostnaður við nokkra skóla orðið meiri en gert var ráð fyrir. Er þetta ekki óalgengt og stafar af því, að því er kennslumrn. upplýsir, hve ört fjölgar nemendum í skólum landsins, og þarf því sífellt að fjölga kennaraliðinu og auka annan kostnað. Virðist þessi nemendafjölgun ætíð vera örari en þeir gera ráð fyrir, sem ganga frá áætlunum fyrir fram um kostnað við kennslumál, en eins og gefur að skilja, verður að greiða kostnaðinn við skólahaldið lögum samkvæmt, hvað sem áætlunum líður.

Greiðslur vegna dýrtíðarráðstafana á 19. gr. fóru rúml. 2 millj. kr. fram úr áætlun. Stafar þetta af því, að sala á þeim vörum, sem niðurborgaðar eru, hefur orðið meiri en fyrir fram var ráð fyrir gert. Verður þessi fjárlagaliður ætíð ágizkun nokkur og ekki hægt að stöðva greiðslur til niðurborgana, þótt í ljós komi, að sala niðurgreiddra vara verði meiri að magni en áætlað er fyrir fram.

Greiðslur samkv. heimildarlögum, sérstökum lögum og þáltill. námu samtals 6 millj. og 200 þús., og eru helztu greiðslur samkv. heimildarlögum þessar: Til brimbrjóts í Bolungavík var enn greitt vegna skemmda í des. 1950 660 þús., og hefur þá verið greitt talsvert á aðra milljón vegna þeirra skemmda. Til hafnarsjóðs Húsavíkur var greitt vegna gamals samnings við síldarverksmiðjur ríkisins 240 þús. kr. Til hafnargerðar á Dalvík vegna skemmda 1950 317 þús. kr.

Samkvæmt sérstökum lögum eru þessar greiðslur helztar: Varnir gegn gin- og klaufaveiki 119 þús. Vegna laga um vátryggingu fyrir fiskiskip, — það eru eins konar ábyrgðargreiðslur, þ. e. greiðslur fyrir þau bátaábyrgðarfélög, sem hefur rekið upp á sker fjárhagslega, — 203 þús. Vegna varnarsamnings, aðallega kostnaður við landkaup vegna varnarráðstafana, 832 þús.

Samkvæmt væntanlegum fjáraukalögum voru greiddar um 2 millj., og stærstu liðirnir eru þessir: Til fiskiðjuvers í Ólafsfirði 150 þús. Vegna hafnargerðar á Þórshöfn, raunar samkv. sérstakri heimild, — svo að spurning er, hvort sá liður á nú þarna heima, en hann er nú færður þarna í reikningnum samt, — 420 þús. kr. Loks lögboðið framlag til Reykjavíkurbæjar vegna hluta hans af stofnkostnaði fæðingardeildar 1 millj. 235 þús. kr. Þetta er líka lögboðið framlag og vafasamt, að það eigi heima þarna undir væntanlegum fjáraukalögum, en það er nú sett þar samt í reikningnum. Reykjavíkurbær átti rétt á greiðslu þessari samkv. lögum um byggingu sjúkrahúsa, en fé hefur ekki verið áætlað til þess í fjárl., en það þótti ekki lengur hugsanlegt að draga að gera upp þessi viðskipti.

Ég kem þá að greiðsluniðurstöðu ársins 1952. Eins og ég sagði áðan, þá var rekstrarafgangur 62 millj. rúmar. Við bætast innborganir á fjárlagaliði 20. gr., 13 millj. og 700 þús. kr. samtals, en frá dragast, þegar íhuga þarf um rekstrarniðurstöðuna, útborganir á fjárlagaliðum af 20. gr., sem nema samtals 45 millj. og 800 þús., enn fremur greiðslur á 20. gr. utan fjárlaga: keyptar fasteignir 2 millj. og 600 þús., sem er sendiherrabústaðir og eignir til afnota fyrir sendiráðin erlendis; aukið rekstrarfé ríkisstofnana 2 millj. kr. og ýmsar lánveitingar af eigin fé

ríkissjóðs, sem nema um 18 millj. kr. Verða þá samtals útborganir á 20. gr., sem koma til frádráttar, þegar finna þarf niðurstöðuna, greiðsluhalla eða afgang, 68 millj. og 700 þús. kr., og telst þá greiðsluafgangur vera, eins og ég sagði áðan, rúmar 7 millj., en var áætlaður í fjárl. tæpar 3 millj., eða um 2 millj. og 700 þús.

Af þessum 18 millj. kr., sem taldar eru til útlána af ríkisfé, eru 7 millj. kr. eftirstöðvar af andvirði 10 togara, sem ríkissjóður lét byggja í Bretlandi, og eru það síðustu lokaeftirstöðvarnar af andvirði þessara skipa, en vegna þess að ekki hefur fengizt lán í Bretlandi handa ríkinu til að greiða hluta af andvirði togaranna þrátt fyrir mjög miklar og ýtarlegar tilraunir, þá hefur orðið að leggja þetta fé út beinlínis hér heima og yfirfæra það. Þá er undir þessum lið einnig lán til atvinnuaukningar samkv. sérstakri þál. 4½ millj., enn fremur lán til ríkisútvarpsins vegna fjárhagserfiðleika þess 1 millj. kr. og útlagt vegna vélakaupa í sambandi við lýsisherzluverksmiðju, sem einu sinni átti að reisa, en ekkert hefur orðið úr, um 600 þús. kr., auk þess ýmsar smærri fjárhæðir, sem ekki hefur orðið komizt hjá að festa. Fylgir nákvæm sundurliðun í þeim prentaða landsreikningi, sem ég vona að útbýtt verði til hv. alþm. eftir nokkra daga, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það nánar hér.

Skuldir ríkissjóðs námu í árslok 1952 490 millj. kr., og á árinu 1952 tók ríkissjóður á hinn bóginn lán hjá Alþjóðabankanum og Marshallstofnuninni vegna áburðarverksmiðjunnar og enn fremur lán vegna skuldaskilasjóðs útvegsmanna. Námu þessi lán samtals 35 millj. kr., og eru þau talin með í þessari tölu, sem ég nefndi, um ríkisskuldirnar. Er ríkissjóði hins vegar ekki ætlað að standa undir þessum lánum. Enn fremur er talinn með í skuldunum sem geymslufé innheimtur stóreignaskattur. Er það gert vegna þess, að honum ber að verja í sérstöku augnamiði. Hefur bætzt við þann lið á árinu 21.6 millj. kr., nær allt í skuldabréfum. Þegar þessar fjárhæðir hafa verið teknar til greina, kemur fram, að aðrar skuldir nema 433 millj. og 600 þús. í árslokin, og verður þá ljóst, að skuldir þær, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af, hafa lækkað um 17 millj. og 300 þús. á árinu 1952. Svarar það hér um bil alveg til þeirra föstu umsömdu afborgana, sem eiga að vera á föstum lánum ríkisins samkv. reikningnum, og sést það á 20. gr.

Þessi afkoma má viðunandi teljast, og hefur rætzt allvel úr fyrir árið 1952, þótt að ýmsu leyti væri andstætt árferði. Einkum báru menn kvíðboga fyrir, hversu mundi fara, þegar ljóst varð, að síldveiðarnar höfðu algerlega brugðizt sumarið 1952.

Auðséð er á ríkisreikningnum fyrir árið 1952 og því, sem ég hér hef upplýst, og öðrum reikningsskilum ríkisins undanfarið, að búið er að vefja ríkissjóð slíkum skuldbindingum í ábyrgðum og alls konar afskiptum af atvinnurekstri, að á hverju ári þarf talsvert fé umfram það, sem hægt er að sjá fyrir, þegar fjárl eru afgr., til þess að mæta afleiðingum þessara skuldbindinga, sem koma fram með mörgu móti og úr öllum áttum svo að segja. Þetta sést á því, hvernig ríkissjóður hefur sífellt orðið að leggja aukið rekstrarfé til ýmissa starfsgreina sinna og leggja út fé með mörgu öðru móti vegna viðskipta, sem ríkið hefur haft afskipti af að tilhlutan Alþingis. Sérstaklega vil ég benda þeim, sem áhuga hafa á að athuga þessi aukaviðskipti ríkisins, ef svo mætti segja, á að athuga útgjöldin á 20. gr. undanfarin ár og þann lið, sem heitir „veitt lán“ og ég var að ræða um áðan, þar sem mjög stórar fúlgur koma oft, sem þarf að leggja út og ómögulegt er að sjá fyrir. Það er því augljóst, að séu fjárl. ekki sæmilega varlega afgr., má búast við greiðsluhalla af þessum ástæðum.

Um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári get ég ekkert fullyrt. Teflt var á tæpasta vað við afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár. Á ég þar einkum við hinar stóru fúlgur, sem ríkissjóður tók á sig í sambandi við lausn vinnudeilunnar í fyrravetur, en þær munu hafa numið samtals um 20 millj. kr., mest til þess að lækka verð á vörum í viðskiptum. Þótti þetta þó betra úrræði en að stórfelld almenn kauphækkun yrði, sem hefði hlotið að hafa í för með sér gengislækkun eftir stuttan tíma. Hins vegar ætti engum að hafa dulizt, í hverju lausnin var í raun og veru fólgin. Lækkun dýrtíðarinnar, sem þá var framkvæmd, var nálega ekki fólgin í öðru en því, að nokkuð af þeim fjármunum, sem innheimtir eru með tollum og sköttum, er borgað út aftur til þess að lækka verð á vörum. Ef ekki hefði þurft að grípa til þessa, hefði verið hægt að gera annaðhvort: lækka tolla og skatta sem svaraði þessum fjármunum, eða verja tilsvarandi fjárhæð á annan hátt mönnum að gagni, t. d. til lausnar húsnæðisvandamálinu, svo að dæmi sé tekið, en það mál er ekki sízt vandamál ungu kynslóðarinnar og raunar þjóðarinnar allrar, eins og menn þekkja allt of vel. En sama fé verður ekki notað í senn til þess að lækka vöruverð í búðunum og til þess að standa undir þýðingarmestu framkvæmdum, svo sem íbúðarhúsabyggingum eða öðrum slíkum.

Fjárlagafrv. það fyrir árið 1954, sem ég mun ræða hér á eftir, ber ljóslega með sér, að hin nýja stórfellda útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna lausnar vinnudeilunnar í fyrravetur verður til þess, að ríkissjóður getur ekki á næstunni lagt fram aukið fjármagn að ráði til fjárfestingar, nema ráðizt verði í að auka enn tekjur ríkissjóðs með nýrri tekjuöflun, og heyrist mér það ekki þykja fýsilegt. Þetta benti ég rækilega á við afgreiðslu fjárl. á síðasta Alþingi, við 3. umr. sér í lagi, þegar hinir nýju atburðir höfðu gerzt, en á þetta er ekki síður þörf að minna nú, vegna þess að seint mun fjárhagsmálum haganlega skipað né hyggilega fyrir alþýðu hag, nema almennur skilningur sé ríkjandi á því, að eftir því sem meira af þjóðartekjunum er varið til neyzlu, eftir því verður minna fé handbært til framkvæmda. Á hinn bóginn verður þetta ár, sem er að líða, að mörgu leyti góðæri, tekjur óvenjumiklar hjá mörgum. Hér við bætist, að ríkissjóður fær óvenjulegar tolltekjur í ár af innflutningi véla til stóru framkvæmdanna þriggja. Vona ég því, að afkoma ríkissjóðs verði vel við

unandi á þessu ári. Mun ég gefa fjvn. og hv. Alþingi upplýsingar um horfur í þessum efnum, þegar betur sést, hvert stefnir. Þetta breytir á hinn bóginn því miður ekki því, að við munum fá okkur fullkeypta um það er lýkur við afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárl. fyrir næsta ár. Valda því hinir miklu baggar, er bundnir hafa verið.

Margir bera mikinn kvíðboga fyrir afkomu þjóðarinnar út á við vegna þess, hve hallinn á verzlunarskýrslunum er og hefur verið mikill. Árið 1952 voru hingað fluttar vörur fyrir 767 millj. kr. á fob.-verði, en útfluttar fyrir 640 millj. á fob.-verði. Vöruskiptahalli var því mikill. En hér kemur margt fleira til, svo sem kunnugt er, bæði til gjalda og tekna á greiðslureikningi út á við, þegar hann er gerður upp. Nokkuð af innflutningnum er vélar og efni, sem borgað er með fjárfestingarlánum, fengnum erlendis. Enn fremur hefur verið flutt inn í landið Marshallfé. Kemur það teknamegin á greiðslureikninginn, meðan þess nýtur við, þótt ekki sé hægt að gera ráð fyrir því til frambúðar, eins og ég kem að síðar. Þegar þetta er tekið með í reikninginn, mun láta nærri, að greiðslujöfnuður við útlönd hafi náðst á árinu 1952, gjaldeyrisinnstæður hafi staðið nokkurn veginn í stað.

Gert var ráð fyrir því, að árið 1951 yrðu notaðar um 100 millj. kr. af Marshallfé til venjulegra vörukaupa. Nú er álitið, að á árinu 1952 hafi verið notaðar um 45 millj. kr. af Marshallfé til venjulegra vörukaupa, eða rúmlega helmingi minna en árið áður. Á þessu ári er aftur á móti gert ráð fyrir, að notaðar verði til venjulegra vörukaupa um 69 millj. kr. af Marshallfé. Yrði það þá heldur meira en árið 1952, en mun minna en árið 1951. Ástæðan til þess, að heldur meira verður notað nú í ár en í fyrra í þessu skyni, er sú, að Bandaríkjamenn létu í té sérstaka efnahagsaðstoð á þessu ári til þess að ljúka stóru fyrirtækjunum þremur. Var ekki þörf á því fé til þess að kaupa vélar eða efni til þeirra fyrirtækja erlendis. Féð var lagt fram vegna innanlandskostnaðar við fyrirtækin, eða m. ö. o. til þess að mæta þeirri auknu eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem hlaut að koma fram við það, að stórum meira fé þurfti að taka og lána út til þessara fyrirtækja úr mótvirðissjóði á árinu en í hann hefði komið á árinu, ef þessi aukna aðstoð hefði ekki verið í té látin.

Nú hættir Marshallaðstoðin, og verða Íslendingar eins og aðrir að sjá málum sínum borgið án þess að fá slíkan beinan stuðning. Á það að vera vorkunnarlaust. Við munum finna minna til þeirra breytinga, sem þetta veldur í þjóðarbúskap okkar, vegna þess, að síðustu árin höfum við notað meginhlutann af Marshallfénu til fjárfestingar beint eða óbeint, einkum til að koma upp hinum þremur stóru fyrirtækjum: Sogsvirkjun, Laxárvirkjun og áburðarverksmiðju. Allt öðru máli hefði gegnt, ef áfram hefði verið haldið á þeirri braut, sem upphaflega var gengin, þegar meginhluta Marshallfjárins var varið til venjulegrar neyzlu eða eyðslu vegna þess stórfellda halla, sem var á ríkis- og þjóðarbúskapnum fyrir gengisbreytinguna og stefnubreytingu þá, sem varð í fjármálum árið 1950. Sú stefnubreyting í fjármálum, sem þá varð, hefur komið í veg fyrir, að Marshallféð allt sogaðist í hallahítina og yrði þannig að eyðslueyri.

Marshallaðstoð Bandaríkjanna er tvímælalaust ein merkasta framkvæmd, sem sögur fara af. Því átaki Bandaríkjaþjóðarinnar mun ekki verða gleymt í löndum þeim, sem hennar hafa notið, og það mun verða metið, meðan saga er sögð og skráð. Það þurfti meira en litla framsýni til þess að skilja nauðsyn þess að styrkja Evrópu með gífurlegum beinum styrkjum eða beinum fjárframlögum eftir styrjöldina. Það þurfti líka meira en að sjá þetta og skilja, til þess að Marshallhjálpin kæmist í framkvæmd. Ekkert var hægt að gera, nema Bandaríkjaþjóðin samþykkti að leggja á sjálfa sig skatta, til þess að hægt væri að gefa í önnur lönd hinar gífurlegu fjárhæðir, sem hér var þörf á, ef forða skyldi frá öngþveiti algeru í Evrópu. En þetta gerði Bandaríkjaþjóðin og sýndi með því meiri framsýni og þegnskap en áður hefur þekkzt í slíkum málum. Með framkvæmd Marshallaðstoðarinnar hefur verið komið í veg fyrir stórkostlega viðskiptakreppu og miklum mannfjölda forðað frá atvinnuleysi, örbirgð og hvers konar þjáningu.

Ég kem þá að fjárlagafrv., sem hér er nú til 1. umr.

Rekstrartekjur í þessu frv. eru áætlaðar 427 millj. kr., en 418 millj. á gildandi fjárlögum. Rekstrargjöld eru áætluð 389 millj., en 380 millj. á gildandi fjárl. Eru því rekstrargjöldin áætluð 9 millj. kr. hærri en í gildandi fjárl. Útborganir á 20. gr. eru aftur á móti áætlaðar 2 millj. kr. lægri í þessu frv. Heildargreiðslurnar eru því áætlaðar 7 millj. kr. hærri. Er það um 1.6% hækkun á gjöldunum. Má því segja, að gert sé ráð fyrir því sem næst sömu útgjöldum í þessu fjárlagafrv. og fjárl. þeim, er nú gilda fyrir árið 1953. Þessi heildarhækkun á frv. svarar a. m. k. ekki meira en til þeirrar hækkunar á fjárl., sem yfirleitt verður frá ári til árs að óbreyttri útgjaldalöggjöf og fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Mikið af útgjaldalöggjöfinni er sem sé þannig vaxið, að með aukinni fólksfjölgun í landinu aukast útgjöld ríkisins af sjálfu sér ár frá ári.

Greiðsluafgangur á þessu fjárlagafrv. er ráðgerður 1 millj. 626 þús. kr., eða nærfellt sá sami og gert er ráð fyrir í gildandi fjárl.

Vegna þess, hve fjárlagafrv. þetta er líkt núgildandi fjárl., gerist ekki þörf að rekja mjög ýtarlega einstaka liði, en ég mun geta um nokkra, sem eru frábrugðnir.

Tekinn er nú upp áætlaður kostnaður við sendiráðið í Moskvu 1 millj. kr. Sovétríkin hafa ákveðið að eiga á ný viðskipti við Íslendinga, og hefur því náðst við þau allstór viðskiptasamningur. Er framkvæmd hans mjög þýðingarmikil, og hefur því ekki þótt annað koma til mála en að skipa sendiherra búsettan í Moskvu til þess að fylgjast með og greiða fyrir öllum þeim málum af Íslands hendi. Verður það vafalaust mikið verk.

Löggæzlukostnaður á Keflavíkurvelli hefur aukizt nokkuð af skiljanlegum ástæðum.

Kostnaður við innheimtu tolla og skatta er

settur nokkru hærri í þetta frv. en í gildandi fjárl. Þar er í raun réttri um leiðréttingu að ræða, þar sem sá kostnaður hefur undanfarið jafnan verið of lágt áætlaður miðað við reynslu.

Kostnaður við heilbrigðismál á 12. gr. eykst um rúma 1 millj. kr. Fer kostnaður við heilbrigðismál sífellt og ört hækkandi. Aukinn halli af sjúkrahúsum ríkisins er áætlaður 650 þús. kr. Koma hér m. a. til greina tvær nýjar stofnanir: fávitahælið í Kópavogi og blóðbankinn.

Rekstrarútgjöld sjúkrahúsanna aukast m. a. vegna lengingar á sumarleyfum, sem ákveðin voru á s. l. vetri. Þá aukast einnig greiðslur ríkisins vegna sjúkrahúsvistar sjúkra manna og örkumla. Fer þessi kostnaður síhækkandi frá ári til árs og veldur því, að ríkið greiðir yfirleitt legukostnað vegna langvarandi sjúkdóma, þegar menn fá sjúkrahúsvist, en annars ekki.

Þegar sjúkrahúsin eru stækkuð og nýjum heilbrigðisstofnunum komið á fót, aukast því útgjöld ríkissjóðs, bæði vegna rekstrarhalla, sem ætíð er á þessum stofnunum, og einnig af því, að þá koma nýir sjúklingar á ríkisframfæri, sem áður voru það ekki. Nemur þetta árlega talsverðum fjárhæðum, jafnótt og áleiðis gengur um aukningu sjúkrahúsanna. Má á það benda, að af 619 þús. kr., sem eru áætluð daggjöld í tekjum nýja fávitahælisins, greiðir ríkissjóður nær 500 þús. kr. Hið sama er að segja um tekjuaukningu Kleppsspítalans vegna nýju deildanna þar. Ríkissjóður greiðir yfirleitt ⅘ af þessum tekjuauka. Í áætlun blóðbankans er t. d. gert ráð fyrir 100 þús. kr. tekjum af blóðrannsóknum, en þetta fé er aftur tekið frá rannsóknarstofu háskólans, og eykst rekstrarhalli hennar sem þessum tekjum blóðbankans nemur.

Það skal tekið fram, að fyrir liggja beiðnir frá forstöðumönnum ýmissa ríkissjúkrahúsa um fjölgun á starfsfólki, en fæstar þeirra hafa menn séð sér fært að taka til greina í fjárlagafrv. Verður vafalaust að athuga í samráði við fjvn., hvort hægt er að standa á móti þessum óskum, eins og þó hefur verið gert fram að þessu. Dreg ég í efa, að það sé fært.

Nú eru í byggingu mörg stór sjúkrahús og mörg þeirra langt komin áleiðis. Mun rekstur þeirra valda ríkissjóði enn auknum útgjöldum til heilbrigðismála, og gildir það um þau öll, bæði þau, sem ríkið reisir sjálft, og eins þau, sem héruðin koma upp, eins og ég hef minnzt á hér að framan. Fram að þessu hefur ríkið styrkt sjúkrahús þau, sem héruðin reka, lítils háttar sum, en ekki verulega. En nú er svo komið um þau mál, að ríkisstj. leggur fyrir þetta þing stjfrv. um talsvert aukna rekstrarstyrki til sjúkrahúsa þeirra, sem héruðin reka. Mun það frv. auka útgjöld ríkisins um 1 millj. kr. á næsta ári og sennilega 1½—2 millj. kr. árlega úr því fyrst um sinn, og svo vaxandi eftir því sem sjúkrahúsin stækka eða þeim fjölgar.

Það er augljóst af þessu öllu, að gera verður ráð fyrir mjög auknum kostnaði til heilbrigðismála á næstu árum, enda full þörf endurbóta í þeim málum. En menn verða bara að gera sér grein fyrir því, að endurbætur allar í þessum efnum kosta peninga.

Framlag til sýsluvega er í frv. hækkað um 550 þús. kr. í samræmi við lög frá síðasta Alþingi. Enn fremur hækka orlofsfjárgreiðslur vegna vegagerðarinnar um 225 þús. kr., sumpart vegna þess að orlofsfjárgreiðslur voru hækkaðar s. l. vetur.

Þá eru það strandferðirnar. Rekstrarhalli á strandferðum er áætlaður 6½ millj. kr., og er það tæplega 1½ millj. hærra en í fjárl. þessa árs, en þó sízt hærra en hallinn verður á þessu ári, en nokkru lægra en hallinn varð 1951. Verður ekki komizt hjá því að greiða þennan halla, nema menn vilji hækka öll flutningsgjöld með ströndum fram, og munu menn tregir til þess.

Framlög til menntamála eru í frv. nær 2½ millj. hærri en í gildandi fjárl. Nokkuð af þessari hækkun stafar af því, að leiðrétt er skekkja fræðslumálaskrifstofunnar á útreikningi verðlagsuppbótar frá því áður. En annars hækkar kostnaður við menntamál ár frá ári, af því að nemendum fjölgar í skólum og þar af leiðandi eykst kostnaður við kennsluna, eins og ég gat um áðan í sambandi við ríkisreikninginn 1952. Þetta á bæði við um framhaldsskóla og barnaskóla. Þannig mun t. d. láta nærri, að liðurinn „barnakennaralaun“ hækki um 500 þús. kr. árlega.

Framlög til jarðræktarframkvæmda eru áætluð um 950 þús. kr. hærri en í fjárl. þessa árs, og er það miðað við reynsluna, því að jarðræktarframkvæmdir fara vaxandi ár frá ári.

Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma lækkar aftur á móti um 7 millj. og 400 þús. Eru það fjárskiptabætur, sem lækka mjög mikið frá því, sem áður hefur verið. Eins og menn vita, þá er nú þeirri stórkostlegu framkvæmd lokið, fjárskiptaframkvæmdinni, og sem betur fer eru allar horfur á því, að það hafi tekizt mjög giftusamlega að ráða fram úr því stórkostlega vandamáli, sem mæðiveikin var, með þessum merku og miklu framkvæmdum. Einhver kostnaður verður næstu ár áfram vegna þess arna, en þó lækkandi ár frá ári, og lækkar sem sagt um 7 millj. og 400 þús. kr. í þessu frv. frá því í gildandi fjárlögum.

Á 16. gr. B. er nýr liður til kaupa og uppsetningar á asdic-tæki í varðskipið Ægi, 800 þús. kr. Hefur lengi verið reynt að útvega slíkt tæki og tókst nú. Var það þá keypt án tafar og sett í Ægi, þótt ekki væri fjárveiting fyrir hendi. Þótti ekki til mála koma að draga deginum lengur að kaupa tækið og setja í skip, og er nú leitað fjárveitingar eftir á í fjárlagafrv.

Framlög til nýrra raforkuframkvæmda eru aukin í frv. um 7 millj. kr. í samræmi við málefnasamning núverandi ríkisstj. og settur inn nýr liður vegna virkjunarrannsókna í stórám landsins, 400 þús. kr.

Á 17. gr. hækkar framlag til jöfnunarsjóðs um 250 þús. kr. Er þetta áætluð fjárhæð, og sýnist þurfa að hækka hana um þetta, til þess að hægt sé að standast lögboðin framlög vegna fátækraframfæris sveitarfélaga, en ríkissjóður á að leggja þar nokkuð til eftir lögunum.

Þá kem ég loks að framlögum vegna dýrtíðarráðstafana. Fjárveiting í því skyni nemur í gildandi fjárl. 36 millj. og 800 þús., en er á

þessu frv. 43 millj. og 500 þús. Þessi áætlun um niðurgreiðslur var byggð á því, að sömu reglum um niðurgreiðslur yrði fylgt á næsta ári og gert var í ár. Gert var sem sé ráð fyrir því, að 7 millj. kr. meira þyrfti á næsta ári til þess að greiða eftir sömu reglu og greitt var í ár heldur en á gildandi fjárl. stendur. Hér kemur þrennt til: Áætlun um kostnað við niðurgreiðslu á kartöflum reynist of lág á fjárl. þessa árs og líka dálítið of lág áætlun um niðurgreiðslu á mjólk. Og þetta á við um kartöflurnar jafnvel miðað við venjulega uppskeru. Gera má ráð fyrir aukinni nýmjólkursölu ár frá ári. Loks kemur til stóraukin kartöfluuppskera. Útlendar kartöflur munu ekki verða á markaðnum hér á næsta ári, og verður við það aukning á kostnaði við að greiða niður kartöflur.

Nú ber að geta þess, að síðan gengið var frá fjárlagafrv. hefur ríkisstj. ákveðið að greiða 10 aurum meira niður á hvern mjólkurlítra en áður var til þess að fyrirbyggja hækkun mjólkur í útsölu í haust. Veldur þetta sennilega 2 millj. og 400 þús. kr. útgjöldum umfram það, sem greinir í fjárlagafrv., og verður að hækka þennan lið sem því svarar við meðferð málsins. Verða þá dýrtíðargreiðslur komnar upp í 46 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að árið 1952 voru þessar greiðslur komnar niður í 27 millj. tæpar. M. ö. o.: þær ráðstafanir til aukinnar niðurgreiðslu, sem gerðar voru í fyrravetur og aftur nú í haust í framhaldi af því, munu kosta hátt í 20 millj.

Til þess að gefa mönnum ofur litla hugmynd um, hvaða áhrif þessi niðurgreiðslupólitík hefur á fjárhagsafkomu ríkisins, tekjuþarfir ríkissjóðs og möguleika hans til þess að sinna öðrum verkefnum, þykir mér rétt að upplýsa, að á þessu fjárlagafrv. eru fjárveitingar til allra nýrra verklegra framkvæmda, þar með taldar allar fjárveitingar til byggingarframkvæmda, jarðræktarstyrkurinn og allt það, sem með réttu móti er hægt að tína til, samtals 66 millj., en niðurgreiðslurnar eiga að verða 46 millj.

Þá er þess loks að geta varðandi einstaka liði fjárlagafrv., að fjárveitingar til nýrra vega og brúa, til nýrra hafnargerða, til nýrra skóla, til sjúkrahúsabygginga og annarra slíkra verklegra framkvæmda eru yfirleitt settar jafnháar í þetta fjárlagafrv. og þær voru í fjárlagafrv. fyrrv. ríkisstj. fyrir yfirstandandi ár, sem lagt var fyrir Alþingi í fyrrahaust. Munu þessar fjárveitingar vera samtals rúml. 4 millj. kr. lægri en Alþ. gekk frá þeim í gildandi fjárlögum.

Heildarblærinn á fjárlagafrv. er því sá, að framlög til nýrra raforkuframkvæmda eru hækkuð um 7 millj. og 400 þús. Framlög til annarra verklegra framkvæmda munu vera rúmum 4 millj. lægri en í gildandi fjárl. Framlög til verklegra framkvæmda í þessu fjárlagafrv. eru því hærri en á gildandi fjárl. Framlög vegna sauðfjárveikivarna lækka um rúml. 7 millj., eins og ég gat um áður, en framlög vegna dýrtíðarráðstafana, þ. e. a. s. framlög til þess að borga niður verð á ýmsum vörum á innanlandsmarkaði, hækka um 6 millj. og 700 þús. frá gildandi fjárl., en verða að hækka enn til viðbótar um 2 millj. og 400 þús.

Hækkun sú, sem verður á heildarútgjöldum á fjárlagafrv., stafar sumpart af hækkuðum framlögum til verklegra framkvæmda, en sumpart af óhjákvæmilegum hækkunum lögboðinna útgjalda. Eftirtektarvert er, að hefði aukningin á dýrtíðargreiðslunum frá því, sem þær eru á gildandi fjárl., ekki komið til, þá hefði fjárlagafrv. ekki hækkað neitt frá gildandi fjárl. Og ef niðurgreiðslurnar hefðu ekki verið auknar í fyrravetur, þá hefði fjárlagafrv. nú í fyrsta sinn um langan tíma getað lækkað frá því, sem verið hefur.

Í þessu fjárlagafrv. er ekki sérstök fjárveiting eða heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja fé vegna atvinnuaukningar, þar sem sérstaklega stendur á, en í gildandi fjárl. er heimild í þessu skyni. Þetta mál er í athugun hjá ríkisstj., og þótti því réttara að láta tillögur um þetta efni bíða af því tilefni. Munu till. ríkisstj. hér að lútandi koma fram síðar í sambandi við meðferð fjárl. á Alþingi.

Um tekjuáætlun fjárlagafrv. vil ég taka þetta fram: Tekjur af tollum og sköttum eru áætlaðar álíka háar og í gildandi fjárl., en þó ívið hærri. Reynsla þessa árs virðist benda til enn sem komið er, að þetta sé nærri lagi, þegar tekið er tillit til þess, að á yfirstandandi ári nýtur ríkissjóður sérstakra tekna af innflutningi til stóru fyrirtækjanna þriggja. Aftur á móti kemur það í ljós, að óhætt ætti að vera að hækka áætlaðan hagnað tóbakseinkasölunnar, og er áætlunin hækkuð um 4 millj. kr. Tekjur áfengisverzlunarinnar virðast ætla að fara talsvert fram úr áætlun á þessu ári og verða óvenjulega miklar, og þykir því óhætt að áætla rekstrarhagnað þess fyrirtækis óbreyttan á næsta ári frá því, sem hann nú er á fjárl., enda þótt búast megi við eitthvað lækkuðum tekjum fyrst í stað, a. m. k. vegna lokunar nokkurra áfengisútsala.

Þessa tekjuáætlun er sjálfsagt að endurskoða í samráði við hv. fjvn., þegar meira er vitað um tolltekjur í ár en enn þá liggur fyrir. Það sem af er þessu ári hafa tolltekjur ekki vaxið verulega frá því, sem þær voru áður, né innflutningurinn þrátt fyrir stóraukna kaupgetu frá því í fyrra. Stendur þetta vafalaust að einhverju leyti í sambandi við það, að vörubirgðir í landinu hafa verið að aukast undanfarið og innflutningur því verið meiri en neyzlan, a. m. k. áreiðanlega 1951, sennilega líka 1952. Áherzla hefur því líklegast verið lögð á það nú á þessu ári að reyna að minnka vörubirgðir og talsvert verið selt af áður innfluttum vörum.

Hér kemur einnig til greina, að nú hefur um nokkurra missira skeið verið allmikið úrval af vörum á boðstólum eftir hinn mikla vöruskort, sem áður átti sér stað, og hafa vörukaup manna því sennilega verið tiltölulega mikil og menn ef til vill gengið á lausafé sitt í fyrra t. d. og árið 1951, þar sem það var til, til þess að bæta úr brýnni nauðsyn og kaupa varning, sem áður var ófáanlegur. Aukast vörukaup og innflutningur því ekki í réttu hlutfalli við auknar tekjur, og kemur það þá einnig þannig fram, að sparnaður verður meiri en áður, menn leggja meira fyrir, enda augljóst á reikningsuppgjöri bankanna, að sparisjóðsinnlög aukast nú mun meira en áður

hefur verið. Er rík ástæða til þess að gleðjast yfir þeirri þróun, og mundi það verða grundvöllur vaxandi velmegunar og framfara, ef framhald gæti orðið á því.

Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa ákveðið að beita sér fyrir samþykkt nýrra skatta- og útsvarslaga, m. a. með það fyrir augum að lækka beinu skattana, einkum til að bæta úr því ósamræmi, sem orðið hefur vegna verðþenslunnar undanfarin ár og breytinga á gildi peninganna. Skattstigarnir hafa staðið óbreyttir að öðru leyti en því, að skattur var lækkaður að tilhlutun fyrrv. ríkisstj. af lágum tekjum og tekjur einstaklinga að vissu marki hafa verið umreiknaðar, sem kallað er. Eru því beinir skattar orðnir í sjálfu sér hærri en löggjafinn hefur ætlazt til, þegar skattalögin voru sett. Þá er brýn nauðsyn að ívilna í sköttum til þess að auka sparnað, endurskoða ákvæðin um persónufrádrátt, skattgreiðslu hjóna, skattgreiðslu félaga og lagaákvæðin um útsvör, svo að dæmi séu nefnd um þau atriði, sem taka verður til meðferðar. Ekki hefur enn þá verið gengið frá þessum málum og því ekki hægt að vita, hvaða áhrif hin nýja löggjöf hefur á tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum. Þótti því ekki annað fært en að áætla þann lið jafnháan í þessu fjárlagafrv. og í gildandi fjárl. Kemur þá hér til greina sérstaklega, að tekjur hafa yfirleitt orðið mun meiri almennt á þessu ári, sem er að líða, en áður, og kemur því lækkun á beinum sköttum ekki á sama hátt fram sem rýrnun á þessum tekjulið fyrir ríkissjóð og verða mundi, ef tekjur almennt hefðu á yfirstandandi ári orðið ámóta og verið hefur eða rýrari.

Það er ekki óvenjulegt að heyra kröfur um, að ríkisútgjöldin verði lækkuð. Mun ég fara um það mál fáeinum orðum.

Í fjárlagaræðunni í okt. s. l. varpaði ég fram þessari spurningu: Er hægt að lækka ríkisútgjöldin? Spurningunni svaraði ég sjálfur með því að ræða um útgjöldin nokkuð, og um þetta ályktaði ég þá orðrétt þannig:

„Það er auðvitað hægt að lækka ríkisútgjöldin. Þau eru að vísu flest lögboðin beint eða óbeint eða afleiðing laga, sem Alþ. hefur samþ., en vitaskuld er hægt að breyta lögum, ef menn vilja og telja það réttmætt. Það er sem sagt hægt að lækka ríkisútgjöldin, en ekki svo um muni, nema með því að draga úr þeirri þjónustu eða þeim hlunnindum, sem ríkið veitir þegnunum."

Í eldhúsumræðunum s. l. vetur tók ég þetta efni ýtarlega fyrir og benti á, að af 400 millj. kr. útgjöldum fjárlagafrv., sem þá lá fyrir, væru 375 millj. kr. eftirtaldir liðir: vextir, dómgæzla og lögreglustjórn, þar með landhelgisgæzla, læknaskipun og heilbrigðismál, samgöngumál, kirkjumál, til bókmennta, lista og rannsókna, til atvinnuveganna, til félagsmála, til eftirlauna, til afborgana af ríkislánum og vegna ríkisábyrgða og loks til nokkurra byggingarframkvæmda á 20. gr.

Síðan sagði ég orðrétt:

„Eftir eru þá ótaldar um 25 millj. kr., og er það kostnaður við ríkisstarfræksluna í þrengstu merkingu, utanríkisþjónustan, skatta- og tollinnheimta og sameiginlegur embættiskostnaður yfirleitt. Þessi kostnaður nemur um 6½% af útgjöldunum."

Enn fremur sagði ég um þetta:

„En til þess að fá mynd af málinu skulum við gera okkur í hugarlund, að einhver hinna miklu sparnaðarkappa kæmi til sögunnar og hann kæmi á 15%, — eða til þess að vera ekki of smátækir skulum við segja 20% lækkun á þessum beina starfrækslukostnaði. Slíkt átak mundi þýða 5 millj. kr. sparnað, eða 1.2% lækkun á ríkisútgjöldunum."

Enn fremur sagði ég:

„Enn fremur er það alveg augljóst mál af þessum upplýsingum, að engir möguleikar eru til þess, hvorki fyrir þá stjórn, er nú situr, né aðrar stjórnir eða þingmeirihl., að færa niður ríkisútgjöldin þannig, að það hafi áhrif á dýrtíðina, nema með því að skera stórlega niður framlög til atvinnuveganna, til verklegra framkvæmda, til heilbrigðismála og allrar annarrar slíkrar þjónustu."

Þessi ummæli mín um ríkisútgjöldin, sem eru sönn, sem enginn getur haft á móti með rökum, sem gefa alveg rétta mynd af ástandinu og þeim viðfangsefnum, sem við er að fást, þegar verið er að ræða um möguleika á lækkun ríkisútgjalda, hafa ekki aðeins verið hártoguð, heldur beinlínis fölsuð í blaðaummælum og öðrum pólitískum málflutningi og jafnvel í fundarsamþykktum og því haldið blákalt fram þvert ofan í staðreyndir, að ég hafi sagt á Alþingi, að ekki væri hægt að lækka ríkisútgjöldin. Síðan hafa viðeigandi útleggingar fylgt þessum rangfærslum. Þetta sýnir bara, að það fylgir því sérstök áhætta á Íslandi að tala blekkinga- og falslaust og án lýðskrums um fjárhagsmálin.

Sýni þjóðin það, að hún vilji láta blekkja sig og segja sér ósatt um þessi efni, en þoli ekki að heyra sannleikann, þá mun þess ekki langt að bíða, að hún fái þá stjórnmálaforustu, sem kinokar sér við að segja sannleikann um þessi mál, en teygir í stað þess lopa undanbragða, blekkinga og lýðskrums til þess að afla sér stundarvinsælda og tekur svo ákvarðanir í samræmi við þann málflutning, enda þótt stórslysum valdi og almannatjóni fyrr en varir.

Ég hef undanfarin ár, þann tíma, sem ég hef gegnt starfi fjármálaráðherra og haft með höndum að setja saman fjárlagafrv., óskað eftir því við meðráðherra mína, sem hafa með höndum framkvæmd á útgjaldaköflum fjárl., að þeir beittu sér fyrir endurskoðun á starfrækslu þeirri, sem þeir hefðu yfirstjórn á, með það fyrir augum að gera till. um lækkun ríkisútgjalda. Mér dettur ekki í hug að ályktа, að ástæðan til þess, að slíkar till. hafa ekki komið, sé sú, að ráðh. hafi ekki viljað koma á sparnaði og lækkun ríkisútgjalda.

Þegar til kom nú í september að ganga frá fjárlagafrv., var ekki um annað að ræða, ef takast ætti að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþingi í tæka tíð, en að byggja yfirleitt á þeim tillögum, sem ráðh. í fyrrv. ríkisstj. höfðu lagt fyrir fjmrn. um starfræksluna. Var ríkisstj. sammála um, að þannig yrði að vinna að málinu, en jafnframt hef ég farið þess á leit við samstarfsmenn mína í núverandi ríkisstj., að þeir fram-

kvæmi með sínu starfsliði og þeim trúnaðarmönnum, sem þeir kynnu að vilja kveðja til með sér, sem ýtarlegasta athugun á möguleikum til lækkunar á kostnaði við þá starfrækslu, sem fellur undir þeirra starfssvið, enn fremur athugun á þeirri útgjaldalöggjöf, sem rn. þeirra sjá um framkvæmd á, með það fyrir augum, hvort unnt væri að þeirra dómi að breyta löggjöfinni þannig, að leiddi til lækkunar lögboðinna útgjalda.

Ég kem þá nokkuð að fjárfestingarframkvæmdum og fjáröflun til þeirra.

Þegar ég í fyrrahaust lagði fram fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, gerði ég nokkra grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrrv. ríkisstj. áleit að sitja yrðu fyrir öðru. Það var þá fyrst að ljúka hinum þrem stóru fyrirtækjum, Sogsvirkjuninni, Laxárvirkjuninni og áburðarverksmiðjunni. Benti ég þá á, að svo erfitt væri um fjáröflun til fjárfestingar innanlands, að leita mundi verða eftir erlendu fé til þess að ljúka fyrirtækjunum og mundi verða að reyna að fá til þeirra nýtt Marshallfé. Þá gerði ég grein fyrir því, að nauðsyn bæri til að dómi ríkisstj. að útvega nýtt lán handa stofnlánadeildum Búnaðarbankans til fjárfestingarlána vegna landbúnaðarins og að útvega fé til íbúðarhúsabygginga, mundu smáíbúðirnar sitja fyrir því lánsfé, sem til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum yrði útvegað. Þá lýsti ég yfir því fyrir hönd ríkisstj. og þeirra flokka, sem að henni stóðu, þeirra sömu sem standa að núverandi ríkisstj., að fjáröflun til sementsverksmiðju sæti fyrir næst á eftir þeim verkefnum, sem ég nú hef rakið. Loks lýsti ég þeirri skoðun minni, að raforkuframkvæmdir úti um land yrðu að sitja fyrir fjármagni, þegar lokið væri Sogs- og Laxárvirkjun. Mér þykir rétt að minnast þess með fáeinum orðum, hvernig þessi mál standa.

Bandaríkjastjórn féllst á að leggja fram enn aukið framlag til fyrirtækjanna þriggja til þess að ljúka þeim framkvæmdum, og nam hið nýja framlag 4 millj. og 250 þús. dollurum, eða jafngildi 70 millj. ísl. kr. Hefur því ekki orðið endasleppur stuðningur Marshallstofnunarinnar eða Bandaríkjastjórnar við þessar þýðingarmiklu framkvæmdir.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að sýna fram á, hvernig fé er fengið til þessara þriggja stóru fyrirtækja. Ég geri það m. a. vegna þess, að fjáröflun til þeirra sýnir ef til vill betur en flest annað, hvernig ástatt hefur verið um fjáröflunarmöguleika innanlands með frjálsu móti til stórframkvæmda nú undanfarið.

Talið er í síðustu gögnum, að stofnkostnaður Sogsvirkjunarinnar muni verða 195 millj. Af þessum 195 millj. kr. hefur ríkisstj. útvegað 177 millj. kr., og eru það erlend lán og Marshallfé. Mótvirðissjóðslán og Marshalllán nema samtals af þessu 144 millj., en rúmar 17 millj., eða um 9% af kostnaði við mannvirkið, eru eigin framlög þeirra, sem að því standa, ásamt því, sem þeim aðilum hefur reynzt unnt að afla innanlands með skuldabréfasölu. Var þó allmikið til þess gert að afla fjár með því móti.

Heildarkostnaður Laxárvirkjunarinnar er áliti inn verða um 60 millj. eftir nýjustu gögnum. Af þessum 60 millj. eru rúmlega 55 millj. útvegaðar um hendur ríkisstj. með erlendum lántökum og af Marshallfé. Þar af eru Marshalllán og mótvirðissjóðslán 48 millj. og 400 þús., en tæpar 5 millj., eða um 8% af stofnkostnaðinum, er framlag frá þeim, sem að fyrirtækinu standa, og fé, sem þeim hefur tekizt að afla með skuldabréfasölu, og var einnig í því dæmi mikið gert til þess að selja slík skuldabréf.

Talið er, að áburðarverksmiðjan muni kosta rúmlega 118 millj. Af því fé eru 106 millj. útvegaðar um hendur ríkisstj. með láni erlendis og af Marshallfé, þar af Marshalllán og mótvirðissjóðsfé um 92 millj. En 12 millj., eða um 10%, er hlutafé og lán innanlands. Þar af eru 6 millj. kr., eða um helmingur, hlutafjárframlag ríkissjóðs.

Þessar upplýsingar segja sína sögu um fjáröflun til fjárfestingar undanfarið, og kem ég að því nokkuð hér á eftir.

Þjóðin mun fagna því, að nú er verið að ljúka þessum þremur miklu framkvæmdum, sem áreiðanlega verða allar styrkar stoðir í þjóðfélagsbyggingunni og bæta hag landsmanna. Í því sambandi mun Bandaríkjamönnum verða flutt viðeigandi þökk fyrir stuðning þeirra við þessar framkvæmdir.

Tekizt hefur að útvega nýtt lán frá Alþjóðabankanum til landbúnaðarframkvæmda, sem nemur jafnvirði 22 millj. ísl. kr. Var sá háttur á hafður, að Framkvæmdabankinn verður lántakandi. Er það von mín, að þetta lán ásamt því fé, sem stofnlánadeildir Búnaðarbankans eiga von á að fá frá Framkvæmdabankanum á þessu ári og næsta ári, muni nægja til þess, að byggingarsjóður og ræktunarsjóður geti fullnægt lánaeftirspurn bænda þetta ár og næsta ár, miðað við útlánareglurnar. Færi svo á næsta ári, að of lítið yrði eftir, til þess að féð hrökkvi, verður að fara í að útvega meira fé, því að þessar lánveitingar mega ekki stöðvast.

Fyrrv. ríkisstj. hafði ætlað sér, sem kunnugt er, að útvega 16 millj. kr. til smáíbúðalána. Búið er að útvega og ég hygg að mestu leyti úthluta 10 millj. kr., og er verið að vinna að því að útvega þær 6 millj., sem á vantar. Standa vonir til, að það takist, og verður þeim þá úthlutað án tafar, því að þörf er ákaflega mikil fyrir þessi lán, og hrekkur þetta fjármagn alls ekki til þess að greiða fyrir öllum þeim, sem endilega þyrftu að geta komið til greina við úthlutun lánanna.

Fé það, sem útvegað hefur verið til smáíbúðalána, hefur verið fengið með samningi við Landsbanka Íslands, og er gert ráð fyrir, að það fé, sem bankinn nú lánar ríkissjóði í þessu skyni, verði endurgreitt af þeim hluta mótvirðissjóðs, sem ekki er bundinn í Framkvæmdabankanum með lögum um hann, og verður þetta gert svo fljótt sem unnt er að ráðstafa þessu fé úr mótvirðissjóði.

Undanfarið hefur stöðugt verið unnið að útvegun fjár til byggingar sementsverksmiðju. Undirbúningsvinna mikil hefur verið framkvæmd í sambandi við þetta mannvirki, og er nú augljóst orðið af reynslu, að mjög hentugt er að

afla hráefnis þess úr botni Faxaflóa, sem frá öndverðu hefur verið gert ráð fyrir í þessari áætlun. Tel ég góðar horfur á því, að lán fáist hjá Alþjóðabankanum til þess að mæta erlenda kostnaðinum við verkið. Þótt erlent fé fáist til þessara framkvæmda, þá þarf meira til. Það þarf að útvega milli 40 og 50 millj. kr. innanlands í byggingarkostnað verksmiðjunnar. Það þarf að leita ýmissa úrræða, og mun verða leitað sérstaklega til Framkvæmdabankans í því sambandi. Gert er ráð fyrir, að sementsverksmiðjan verði þrjú ár í byggingu, og gerir það nokkru léttara en ella hefði verið að útvega þetta mikla fjármagn.

Hef ég þá gert grein fyrir fjáröflun til hinna stóru fjárfestingarframkvæmda, sem á síðasta Alþingi var ráðgert að sætu fyrir um fjármagnið. Kem ég þá að því, sem nú er fram undan í þessum efnum.

Flokkar þeir, sem styðja ríkisstj., hafa gert með sér málefnasamning, og fjallar hann mjög um nýjar framkvæmdir. Er það sett á oddinn að gera stórt átak í rafmagnsmálum þeirra byggðarlaga, sem annaðhvort hafa nú engan aðgang að raforku eða búa við ófullnægjandi raforkuskilyrði. Er ákveðið í málefnasamningi ríkisstj., að fyrir öllu öðru sitji að tryggja 100 millj. kr. lánsfé til þessara framkvæmda. Auk þess er svo ákveðið, og það hef ég þegar rakið, að auka verulega framlag til raforkumála af ríkisfé. Er nú verið að undirbúa till. um öflun lánsfjár í þessu skyni.

Þá er í stjórnarsamningnum ákvæði um, að ríkisstj. og flokkar þeir, sem að henni standa, vinni að aukinni fjáröflun til lánveitinga vegna íbúðarhúsabygginga, en allir vita, að brýn og aðkallandi nauðsyn er á því að afla meira fjár til lánveitinga út á nýjar íbúðir en enn þá hefur verið gert og reynzt mögulegt. Vinnur stjórnin að þessu máli. Er hér um eitt hið mesta vandamál þjóðarinnar að ræða.

Þá er vitað, þótt ekki séu um það ákvæði í stjórnarsamningnum, að óleyst er það verkefni að útvega lönaðarbankanum lánsfé, sem Alþingi hefur heimilað ríkisstj. að afla honum til handa; enn fremur, að veðdeild Búnaðarbankans skortir mjög fé til bráðnauðsynlegra lána, að meira fjármagn þarf til lána handa frumbýlingum í sveitum landsins en nú er fyrir hendi, og einnig mun fiskveiðasjóð og aðrar stofnlánadeildir sjávarútvegsins skorta fé á næstunni. Auk þessa bíða í öllum áttum óframkvæmdar fjárfestingaráætlanir, og í öllum greinum er krafizt meiri framkvæmda.

Þegar menn nú líta yfir þessi mál, þessar fyrirætlanir og það, sem er að gerast, er von, að margur spyrji: Hvar á að taka fé til allra þessara framkvæmda, sem eru bráðnauðsynlegar? Það er sízt að ófyrirsynju að koma enn á ný inn á það efni, svo sem nú horfir um fyrirætlanir ríkisstj. og Alþingis og óskir þeirra og annarra, að ekki sé talað um kröfur.

Fjárlagafrv., sem hér er nú lagt fram, ber það með sér, að þess er ekki að vænta, því miður, að ríkissjóður geti lagt fram að óbreyttri tekjuöflun svo að nokkru nemi af nýju fé til fjárfestinga eða framkvæmda yfirleitt frá því, sem hann gerir nú, þegar tekin hefur verið upp stóraukin fjárveiting til raforkumála, eins og búið er að gera á fjárlagafrv., sem liggur fyrir. Það er nú búið að festa svo mikið af fjármagni ríkissjóðs á nýjan leik í niðurgreiðslur, að ríkissjóður getur ekki að óbreyttum tekjum lagt neitt verulega af mörkum umfram það, sem áformað er í fjárlagafrv., til þeirra stórkostlegu fjárfestingaráforma, sem ríkisstj. og Alþingi og landsmenn yfirleitt hafa á prjónunum. Mér skilst, að það mundi ekki vekja hrifningu, ef nú ætti að fara á stúfana með nýja stórfellda tekjuöflun til ríkissjóðs, jafnvel þótt það væri til þess að standa undir alveg óhjákvæmilegum nauðsynjaframkvæmdum eins og rafmagnsframkvæmdum og íbúðarhúsabyggingum, svo að dæmi séu nefnd. Það breytir víst ekki þessu, að skattar og tollar hafa ekki verið hækkaðir síðan 1949, og svo löng hvíld í þeim efnum er næsta óvenjuleg.

En hvað skal þá til bragðs taka, þegar ríkissjóður getur ekki lagt fram aukið fjármagn, sem nokkuð dregur, til fjárfestingarmála nema með nýjum álögum, sem menn vilja ekki á sig taka fyrr en í fulla hnefana? Þá er ekki nema um tvær leiðir að ræða til fjáröflunar til framkvæmdanna. Önnur leiðin er sú að fá erlent fé, og tel ég sjálfsagt að fara þá leið svo sem unnt er. En það er mjög takmarkað, sem hægt er að fá af lánsfé erlendis, og þess verður að gæta, að erlendu lánsfé sé skynsamlega varið, svo að þjóðina reki ekki upp á sker fjárhagslega. Jafnframt er rétt að gera sér grein fyrir því, að nú er mjög erfitt eða jafnvel ókleift að fá lán erlendis nema fyrir erlendum stofnkostnaði hinna beztu fyrirtækja, sbr. það, sem ég upplýsti áðan um fyrirhugaða lántöku til sementsverksmiðjunnar. Hversu mjög sem menn leggja sig fram um að fá lán erlendis, þá er það ljóst, að ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að meginhluti þess fjár, sem við þurfum til þeirra fjárfestingaráforma, sem ég nefndi áðan, komi erlendis frá. Meginhluti þess fjár, sem til þeirra verkefna þarf, verður að fást eftir hinni leiðinni, sem til greina kemur, eða frá landsmönnum sjálfum, og verður sem sé að takast af þjóðartekjunum.

Sé ekki um að ræða framlög ríkissjóðs af skatta- og tollafé, þá kemur ekki annað innlent fé til ráðstöfunar sem lánsfé til fjárfestingar, hvort sem það er til raforkuframkvæmda, íbúðarhúsabygginga eða annarra mannvirkja, en það fjármagn, sem landsmenn sjálfir eða fyrirtæki þeirra leggja upp eða leggja til hliðar. Það fé, sem þannig er til hliðar lagt, skapar möguleika til aukinna fjárfestingarlána úr bönkum landsins og möguleika fyrir landsmenn til þess að kaupa beint skuldabréf þau, sem út eru gefin til fjáröflunar í þær framkvæmdir, sem þýðingarmestar eru.

Sparnaður er að vísu nokkur og vaxandi, eins og ég gat um áðan. En augljóst er, að aukist sparnaður ekki verulega, þá verður ekki unnt að afla nægilega mikils fjár innanlands til þeirra framkvæmda, svo sem raforkuframkvæmdanna, sem nú er ætlunin að ráðast í, og hafa á sama tíma viðunandi fjárráð til íbúðarhúsabygginga,

sem er ein hin fjárfrekasta framkvæmdagrein, en um leið slíkt nauðsynjamál, að það verður að gera þar meiri átök en enn þá hefur reynzt fært.

Vandamálið er sem sé þetta, að allt of miklu af þjóðartekjunum er eytt, en of lítið lagt til hliðar. Af því stafa erfiðleikarnir við fjárútvegun til framkvæmdanna, og niðurgreiðslustefnan, hvað sem menn vilja um hana segja að öðru leyti, hefur a. m. k. ekki greitt úr þessum vanda, heldur aukið hann, eins og hver maður, sem hefur opin augun, getur séð. Það verður sem sé að finna ráð til þess, að þjóðin eyði minnu og leggi meira til hliðar. Og það verður að reyna að koma þessu til leiðar án þess að taka af mönnum nýtt fé með valdboði. Það verður að leita nýrra ráða til þess að reyna að minnka eyðsluna og auka sparnaðinn. Það verður að reyna að fá menn til að auka sparnaðinn með því að gera ábatavænlegra að eignast sparifé en verið hefur. Þess háttar ráðstafanir mundu ekki aðeins verða gerðar í þeirra þágu, sem hefðu einhverja möguleika til að leggja fyrir fé. Þær mundu reynast engu síður í þágu þeirra mörgu, sem þurfa á lánsfé að halda. Það verður að gera ráðstafanir nú á þessu Alþingi í þessa átt, og koma þær einkum til greina í sambandi við setningu nýrrar skatta- og útsvarslöggjafar.

Þá verður einnig að gera ráðstafanir til þess, að hæfilegur hluti af því fé, sem þjóðin sparar, renni sem lánsfé til þeirra framkvæmda, sem mestu máli þykja skipta, og nefni ég þá enn í því sambandi raforkumálin og íbúðarhúsabyggingar, þótt fleira komi til, eins og ég drap einnig á áðan. Það verður að finna leiðir til þess að tryggja þetta, og er það mikilvægt verkefni ríkisstj. og Alþingis og peningastofnana landsins.

Það, sem ég hef nú sagt um fjárfestingu og fjáröflun til hennar, hef ég miðað við þau verkefni, sem allra næst liggja, en ekki við stórvirki, svo sem stórfellda virkjun fallvatna og iðnað í því sambandi, og má þó ekki úr hömlu dragast að sinna þeim málum. Þar koma á hinn bóginn fleiri sjónarmið til greina en hér verða rakin.

Á árinu 1950 varð alger stefnubreyting í fjármálum. Árin á undan hafði verið stórfelldur greiðsluhalli á rekstri ríkisins og framleiðslan barðist í bökkum. Afleiðingin varð m. a. sívaxandi verðbólga og öngþveiti í gjaldeyrismálum, vaxandi vöruskortur, höft og ný rekstrartöp. Á árinu 1950 voru margvíslegar ráðstafanir gerðar í fjármálum landsins, sem urðu til þess, að ríkisbúskapurinn varð greiðsluhallalaus á því ári og hefur verið það síðan. Þessi breyting á fjármálastefnunni varð til þess, að á árinu 1951 var hægt að slaka á viðskiptahöftunum. Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur ársins 1950 og afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárlaga fyrir árið 1951 varð til þess, að mögulegt reyndist að fá Greiðslubandalag Evrópu til að leggja fram verulega fúlgu í erlendum gjaldeyri, sem höfð var að bakhjarli, þegar slakað var á verzlunarhöftunum. Hefði fjármálastefnunni ekki verið breytt, gengislækkunin ekki framkvæmd og ekki tekinn upp greiðsluhallalaus ríkisbúskapur, eða hefði afgreiðsla fjárl. mistekizt og ríkisbúskapurinn ekki orðið greiðsluhallalaus í framkvæmd, þá hefði aldrei getað komið til mála, að Greiðslubandalag Evrópu hefði látið nokkurt framlag til þess að létta undir við tilslökun á verzlunarhöftum á Íslandi, og þá ekki heldur komið til greina aukið verzlunarfrelsi.

Greiðsluhalli og jafnvægisleysi í fjármálum landsins hlýtur að hafa í för með sér gjaldeyrisskort og neyðir til verzlunarhafta. Greiðsluhallalaus ríkisbúskapur og jafnvægi í fjármálum innanlands eru frumskilyrði þess, að frjáls verzlun geti komið til mála. Aukið frelsi í viðskiptum er beinlínis afleiðing þess, að breytt var um stefnu í fjárhags- og framleiðslumálum.

Gengislækkunin og stefnubreytingin í fjármálum, sem hvort tveggja var framkvæmt á árinu 1950, miðuðu að því að stöðva verðbólguþróunina og koma á jafnvægi í verðlagsmálum.

Augljóst var, að vegna gengislækkunarinnar hlaut að verða stórfelld verðhækkun til að byrja með, en hugsunin var sú, að þegar verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar væru komin fram, mætti vænta þess, að meira jafnvægi næðist í verðlagsmálum, svo framarlega sem ekki mistækist um framkvæmd fjármálastefnunnar eða knúðar væru fram ráðstafanir utan þinghúss og stjórnarráðs, sem sneru verðhækkunarhjólinu áfram. Það var í engu sparað að gera hróp að verðhækkunaráhrifum gengislækkunarinnar, sem voru auðvitað óhjákvæmileg, en um hitt hefur verið minna talað af sömu mönnum, að nú undanfarið hafa komið glöggt í ljós áhrif hinnar breyttu stefnu í fjárhagsmálum á verðlagsþróun í landinu. Vísitala framfærslukostnaðar í marz 1952 var 156 stig, og vísitalan núna 1. okt. var 157 stig. Þannig hefur framfærslukostnaður staðið svo að segja óbreyttur í 19 mánuði. Þessi þróun verðlagsmálanna hefur haft í för með sér heilbrigðara ástand í öllum framleiðslu- og viðskiptamálum landsins. Ein afleiðingin er vafalaust aukinn sparnaðarvilji og trú á framtíðina, og er það ekki þýðingarminnst, eins og ég hef þegar nokkuð rætt.

Hin nýja fjármálastefna, sem tekin var upp 1950, hefur orðið grundvöllur að stóraukinni framleiðslu í öllum greinum, auknu frelsi í atvinnu- og viðskiptamálum og óvenjumiklum framkvæmdum. Fullyrða má, að fjáröflun til þessara miklu framkvæmda hefði verið alveg óframkvæmanleg án þessarar stefnubreytingar.

Fjármálastefna þeirrar ríkisstj., sem nú hefur tekið við, er hin sama og þeirrar, er frá fór. Kjarni hennar er hallalaus ríkisbúskapur og jafnvægi í fjárhagsmálum, sem verði grundvöllur að sem frjálsustu viðskipta- og atvinnulífi. Þessi fjármálastefna krefst þess manndóms af þeim þingmeirihluta, sem að henni stendur, að innheimta fé til þess að standa undir þeim gjöldum, sem Alþingi ákveður; enn fremur þess, að fé til fjárfestingarinnar og framkvæmdanna sé fengið með heilbrigðu móti, en ekki með aðferðum, sem hrinda öllu fjárhagskerfinu úr skorðum og reynast skammgóður vermir. Ég vona, að þingmeirihlutanum takist vel að standa saman á Alþingi um afgreiðslu mála í samræmi við fjármálastefnu þá, sem mörkuð er í málefnasamningi stjórnarflokkanna.

**Forseti (JörB):** Þá hefur hæstv. fjmrh. flutt sína ræðu. Næst tekur til máls hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, og talar af hálfu Þjóðvfl. og hefur 30 mín. til umráða.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Það er með fjárlfrv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. á þskj. 1, eins og hæstv. ríkisstj., að hvorugt er nýtt, heldur uppsuða á langvarandi óláni.

Fjárlfrv. er í öllum meginatriðum og flestum aukaatriðum samhljóða fjárlfrv. síðustu ára. Að byggingu til og undirbúningi er það því í fullu samræmi við þá kenningu hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, að fjárlög þjóðarinnar séu aðeins dautt bókhald, sem hafi því einu meginhlutverki að gegna að skila rekstrarafgangi í ríkissjóð, jafnframt því sem hæstv. ráðh. telur það eitt mikilvægasta atriði í sambandi við fjárl., að þau séu lögð fyrir Alþ. ákveðinn dag og séu á 1. þskj.

Þó að þetta séu atriði, sem hafa þarf í huga við fjárl., er þó skynsemi við fjárlagaafgreiðslu meira virði. Í höndum heilbrigðra og hugsandi stjórnarvalda eru fjárl. ekki dautt bókhald, heldur lifandi tæki til að hafa heillavænleg áhrif á allt atvinnu-, efnahags- og menningarlíf þjóðarinnar til örvunar, samdráttar, ef ofþensla hefur komizt í einhverja þætti þess, eða aðstoðar, eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma. Fjárlfrv. þarf því og verður að semja með hliðsjón af þörfum og hag þjóðarinnar á hverjum tíma, en ekki af embættisskyldu, gömlum vana eða einhverjum enn þá annarlegri hvötum.

Þeim mönnum, sem taka eiga jafnalvarlega ákvörðun og afgreiðsla fjárl. er í eðli sínu, verður að vera ljóst, hver áhrif einstakir þættir fjárl. hafa á efnahagslíf og atvinnulíf þjóðarinnar allrar svo og hag og afkomuöryggi einstakra atvinnugreina, stétta og einstaklinga. Þess vegna hefur það verið föst regla um langt árabil með öllum siðmenntuðum þjóðum öðrum en íslenzkri þjóð, að nákvæmir þjóðhagsreikningar og þjóðartekjureikningar hafa fylgt og verið undirstaða fjárl. Hafa fjárlfrv. þá fyrst verið samin, þegar slíkir reikningar lágu fyrir, og hafa þeir m. a. verið notaðir við að taka ákvörðun um það, hvað ríkið mætti taka í sinn hlut án þess að ofbjóða gjaldþoli skattgreiðenda og skerða möguleika atvinnulífsins til eflingar í nútíð og framtíð. Einnig hafa þeir verið notaðir til þess að taka ákvarðanir um það, hve miklum hluta af ríkistekjunum mætti verja til eyðslu og hve miklu til fjárfestingar, arðbærrar og óarðbærrar. Hér á landi ríkir aftur á móti fullkomið handahóf um samningu fjárlfrv., jafnframt vísvitandi og viljandi tilraunum hæstv. ríkisstj. til að falsa einstaka liði þeirra með því að leggja fram ár eftir ár áætlanir, sem aldrei hafa staðizt og aldrei fá staðizt í reynd, eins og ég mun síðar víkja að.

Sem dæmi um þessi handahófsvinnubrögð má nefna það, að í skýringum við tolltekjur árið 1954, en þær nema á annað hundrað millj. kr., segir, að verðtollur sé nú áætlaður 1 millj. kr. hærri en s. l. ár, en það er ekkert tillit tekið til þeirra breytinga, sem hljóta að verða á samsetningu og tollflokkun innflutningsins næsta ár frá því, sem nú er, þar sem hinn mikli innflutningur til virkjananna við Sog og Laxá og áburðarverksmiðjunnar fellur niður að mestu næsta ár, en aðrar vörur, sem falla undir allt aðra tollflokka, koma í staðinn.

Undanfarin ár hefur það einnig verið föst regla, að hvert nýtt fjárlfrv. hefur verið hæsta fjárlfrv., sem til þess dags hafði verið lagt fyrir Alþ. Íslendinga. Í þessu efni gerir hæstv. núverandi ríkisstj. heldur enga undantekningu. Fjárlfrv. fyrir árið 1954 er enn nýtt met í skattkúgun og fjármálaóstjórn. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 427 millj. kr. 1954, eða 39 millj. kr. hærri en 1953 og 51 millj. kr. hærri en 1952. Þetta svarar til þess, að á næsta ári þurfi hver 5 manna fjölskylda að greiða um 15 þús. kr. til ríkissjóðs að meðaltali og um 1700 kr. meira en 1952.

Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 385 millj. kr., eða 33 millj. kr. hærri en 1953 og 53.6 millj. kr. hærri en 1952.

Eftir því, sem næst verður komizt, tekur íslenzka ríkið nú og hefur tekið undanfarin ár stærri hluta þjóðarteknanna en nokkurt annað ríki veraldar. Af fjárlfrv. er einnig ljóst, að meginhluti ríkisteknanna er innheimtur með óbeinum sköttum, eða um 265 millj. kr., en aðeins um 60 millj. kr. eru beinir skattar.

Í reynd eru þó áhrif hinna beinu skatta nánast hin sömu og um óbeina skatta væri að ræða, þar sem eingöngu er haft eftirlit með framtölum launþega, þ. e. nær eingöngu lágtekjumanna, en hinir raunverulegu hátekjumenn hafa allar gáttir opnar til skattsvika. Með þess konar framkvæmd koma beinu skattarnir því einnig hlutfallslega þyngst niður á launa- og lágtekjufólki, eins og um óbeina skatta væri að ræða. Skattakerfi ríkisins verkar því í heild á efnahagsafkomu og efnahagsöryggi einstaklinganna á svipaðan hátt og eingöngu væri um óbeina skatta að ræða, en það þýðir, að þeir koma hlutfallslega þyngst niður á þeim, sem minnsta getu hafa til að bera þá. Þarf að fara langt aftur í miðaldir til að finna sögulega hliðstæðu til samanburðar.

Ég sagði áðan, að undanfarin ár hefðu þær hæstv. ríkisstj., sem með völd hefðu farið, vísvitandi og viljandi lagt fram falskar áætlanir um einstaka liði fjárl. hverju sinni. Við nánari athugun sé ég, að ég get ekki að öllu leyti staðið við þessi orð, — því að þar er ekki nógu mikið sagt.

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hefur síðustu ár, vísvitandi og í ákveðnum tilgangi, lagt fram rangar eða falskar áætlanir til fjárl. bæði í einstökum atriðum og í heild. Ég skal nefna nokkur dæmi þessu til sönnunar.

Árið 1951 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar á fjárl. 298 millj. kr., en reyndust samkvæmt ríkisreikningi þess árs 413.5 millj., eða 115.5 millj. kr. hærri en fjárl. sýndu. Engum manni dettur í hug, að hæstv. fjmrh. beri svo lítið skyn á það, hverju tekjustofnar ríkisins geti skilað í ríkissjóð árlega, að hin ranga fjárlagaáætlun hafi stafað af því. Ef svo væri, mundi ekki einu sinni Sjálfstfl. treysta honum fyrir fjármálum ríkisins, sem ekki væri von, hvað þá hans eigin flokkur.

Árið 1952 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 376

millj. kr. á fjárl., en urðu 420 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi þess árs, eða 44 millj. kr. hærri en áætlað var. Þegar er sýnilegt, að 1953 mun þetta fara á sömu leið.

Árið 1950, en það var fyrsta árið, sem hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, fór með embætti fjmrh. eftir nokkurt hlé, voru óviss útgjöld í 19. gr. 4 á fjárl., en þar er m. a. færður bílakostnaður hæstv. ríkisstj., greiðsla til hv. þm. stjórnarflokkanna fyrir að sitja flokksfundi í Rvík utan þingtíma, nefndabitlingar til þægra flokksmanna stjórnarflokkanna og fleira þess háttar, áætluð 500 þús. kr., en urðu samkv. ríkisreikningi þess árs 3.1 millj. kr. Árið 1951 voru sömu útgjöld í 19. gr. 4 enn áætluð 500 þús. kr. þrátt fyrir reynslu ársins á undan. En það ár reyndust þessi útgjöld samkv. ríkisreikningi hvorki meira né minna en 4.6 millj. kr., enda var hinn svonefndi varnarsamningur gerður á því ári. Árið 1952 voru svo þessi óvissu útgjöld loks hækkuð í 1.5 millj. kr. á fjárl., en munu hafa farið a. m. k. 100% fram úr þeirri áætlun, þó að ég hafi ekki nákvæmar tölur um það atriði, þar sem mér var neitað um þær í ríkisbókhaldinu og fékk ekki að sjá þær, fyrr en parti af ríkisreikningi var útbýtt hér áðan, þegar umræðan hófst.

Engum dettur í hug að ætla, að hæstv. fjmrh. hafi ekki vitað nokkurn veginn, hvað mikið fé hæstv. ríkisstj. þurfti til sinna þarfa í þessum efnum, hve marga einkabílstjóra hæstv. ráðh. ætluðu að hafa á árslaunum hjá ríkissjóði til að aka sér á milli húsa í Reykjavík og flokkserindrekum í þágu stjórnarflokkanna út um byggðir landsins, hve margar veizlur stjórnarflokkarnir mundu halda hvor um sig fyrir flokksgæðinga í ráðherrabústaðnum o. s. frv. En hann veigraði sér við að tilkynna það fyrir fram og gaf þess vegna vísvitandi falska áætlun um þennan lið í fjárlfrv.

Þannig mætti lengi telja, en ég ætla, að þessi dæmi nægi til að sanna það, sem ég fullyrti um fjárlfrv. síðustu ára í heild.

Frá sjónarmiði hv. þm. er einnig önnur og jafnvel enn þá alvarlegri hlið á þessu máli. Með því að láta fjárl. aðeins sýna nokkurn hluta ríkistekna og ríkisgjalda, en ekki allar tekjur og öll gjöld ríkissjóðs, hefur hæstv. fjmrh. raunverulega svipt sjálft Alþ. fjárveitingavaldinu að verulegu leyti, því fjárveitingavaldi, sem það eitt á að hafa samkv. stjórnarskránni. Öllum hv. þm. er ljóst af ríkisreikningum síðustu ára, sem út eru komnir, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. fór ekki eftir fyrirmælum Alþ. í fjárl. um greiðslur úr ríkissjóði, heldur notaði formálalaust umframgreiðslur úr ríkissjóði eins og fjárl. væru ekki til eða að engu hafandi. Áðan nefndi ég umframgreiðslur á 19. gr. 4 í nokkur ár, en ég get bætt því við, að af 29 aðalútgjaldaliðum á fjárl. 1951 námu umframgreiðslur á 24 þeirra 54 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi.

Þessi dæmi sýna, svo að ekki verður um villzt, réttmæti þeirrar fullyrðingar, að fjárveitingavaldið hefur í raun og veru verið tekið úr höndum þingsins og þar með brotnar allar lýðræðis- og þingræðisvenjur. Ber að víta slíkt harðlega.

Fjárlfrv. fyrir 1954 er, að því er snertir handahófsvinnubrögð í sambandi við samningu þess og vísvitandi rangar áætlanir, í engu frábrugðið fjárlfrv. síðustu ára, og því vildi ég vekja athygli á þeim þegar við 1. umr., ef verða mætti til þess, að hv. þm. reyndu að koma í veg fyrir það, að sagan endurtaki sig.

Ég sagði áðan, að hinar vísvitandi röngu fjárlagaáætlanir, sem ég hef lýst, væru gerðar í ákveðnum tilgangi. Ég mun nú nefna nokkur dæmi því til sönnunar.

Það er öllum almenningi ljóst, hve blygðunarlaust stjórnarflokkarnir hafa notað ríkisfé hin síðari ár til að halda völdum og fylgi í landinu. Til þess að hafa nægilegt olnbogarúm í þeim efnum mátti ekki ráðstafa öllum tekjum ríkissjóðs fyrir fram með fjárl. Þess vegna voru tekjurnar vísvitandi áætlaðar lægri en vitað var að þær yrðu.

Þá hefur það og færzt í aukana hin síðari ár, að ríkisstjórnir notuðu ríkisfé á einn eða annan hátt í eigin þágu eða flokksþágu. Má þar til nefna, að nú þykist vart nokkur maður geta verið ráðh. stundinni lengur án þess að hafa einkabílstjóra á fullum launum úr ríkissjóði. Sem dæmi um þetta má einnig nefna það, að í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj. var ríkissjóður látinn taka verðlausan skúr hér í bæ til greiðslu á stóreignaskatti eins ráðherrans. Skúr þessi hafði engin lóðarréttindi, og hvíldi á honum sú kvöð, að hann varð að rífa þegar er ríkissjóður hafði tekið við honum, þar sem hann stóð í vegi fyrir gatnagerð og var stórhættulegur umferðaröryggi í bænum. Engu að síður var hann tekinn til greiðslu á stóreignaskatti ráðherrans fyrir samtals um 127 þús. kr. og síðan brotinn niður, og kostaði það verk ríkissjóð 22600 kr. Þannig sameinuðust tveir ráðherrar um það að hafa af ríkissjóði um 150 þús. kr. í þágu annars þeirra.

Það er ekki langt síðan tveir ráðherrar í Finnlandi urðu uppvísir að því að hafa lánað gjaldþrota fyrirtæki, sem þeir áttu hlut í, upphæð sem svaraði 165 þús. ísl. kr. af ríkisfé. Þeir voru dregnir fyrir landsdóm og dæmdir frá embættum og þingmennsku og til að endurgreiða ríkissjóði lánið auk hárra sekta, en til vara fangelsi. Það er ekki langt síðan brezkur þingmaður varð að afsala sér þingmennsku sökum þess, að upp komst, að hann hafði látið konu sína nota ókeypis farmiða með járnbrautarlestum, sem þingmönnum einum var ætlaður. H. Dalton, sem var fjmrh. í verkamannaflokksstjórninni brezku, varð að segja því embætti af sér vegna þess, að hann hafði gefið blaðamanni upplýsingar úr fjárlagaræðunni nokkrum stundum áður en hann flutti hana. Íslendingum er rétt að gera sér þess fulla grein, að ef þeir til langframa gera minni kröfur til stjórnmálalegs siðgæðis en aðrar lýðræðisþjóðir, mun það fyrr en síðar leiða yfir þá einræði sekra manna, sem þora ekki að eiga völd sín og áhrif undir lýðræðislegum stjórnarháttum.

Allt frá dögum Rómaveldis hins forna er það þekkt fyrirbæri, hvernig dáðlaus og hugsjónalaus stjórnarvöld reyna í lengstu lög að halda völdum ýmist með hótunum, mútum, fjáraustri eða fagurgala og loforðum um það, sem almenningur girnist. Þeir stjórnmálaflokkar, sem mestu hafa ráðið í íslenzkum stjórnmálum síðustu ára-

tugi, hafa þegar reynt ýmsar af þessum leiðum, svo sem kunnugt er.

Að gefnu tilefni í svonefndum málefnasamningi og stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. get ég ekki látið hjá líða að nefna eitt dæmi hér að lútandi, en það eru rafmagnsmálin. Það er öllum ljóst, að það er ein af heitustu óskum þjóðarinnar að fá rafmagn til sinna þarfa. Það hefur heldur ekkert skort á það, að ríkisstjórnir síðustu ára þættust bera þessi mál sérstaklega fyrir brjósti. En hvernig hafa þær haldið á þeim í framkvæmd? Árið 1952 og 1953 eru veittar af ríkisfé 3 millj. 860 þús. kr. hvort ár til nýrra raforkuframkvæmda, eða samtals um 7.7 millj. kr. En á sama tíma lagði hæstv. fyrrv. ríkisstj. leyfisgjöld, tolla og söluskatt á vélar og efni til Sogs- og Laxárvirkjananna samtals að upphæð 31 millj. kr. og hefur þegar innheimt þessar álögur að nokkru. Af þessu fé bar Laxárvirkjuninni að greiða 5.7 millj., en Sogsvirkjuninni um 25 millj. kr. samkvæmt þeim upplýsingum, sem mér hefur tekizt að afla hjá þeim aðilum, sem eiga að sjá um þessar framkvæmdir. Þannig hefur ríkissjóður beinlínis haft stórfelldar tekjur af raforkuframkvæmdum í landinu s. l. tvö ár, og lýsir það vel umhyggju stjórnarflokkanna fyrir þeim.

Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur í hinum svonefnda málefnasamningi sínum lýst sig mestu raforkumálaríkisstjórn allra tíma. Lofaði hún 100 millj. kr. til nýrra raforkuframkvæmda næstu 4 ár til viðbótar því fé, sem áður var veitt til þeirra mála. Gera má þó ráð fyrir, að efndirnar verði eitthvað svipaðar og áður í þeim efnum, því að á fjárlfrv. er aðeins 7 millj. kr. nýtt framlag, en enn þá hefur ekki verið minnzt á heimild til lántöku handa raforkumálasjóði í þessu skyni, eins og lofað var í stjórnarsamningnum.

Það eru að sjálfsögðu engin tök á því að gera athugasemdir við allt það, sem athugavert er í fjárlfrv., á þeim tíma, sem ég hef hér til umráða. Ég kemst þó því miður ekki hjá því að nefna eitt átakanlega hróplegt dæmi um réttlæti og sanngirni íslenzkra valdhafa í sambandi við aðstoð veitta af ríkisfé. Á 18. gr. fjárlfrv. eru eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna. Við athugun þessarar greinar kemur í ljós, að ýmsum er þar veittur styrkur auk lögboðinna eftirlauna, og er það vel. Nemur þessi styrkur til þeirra bágstöddustu yfirleitt 1600—5000 kr. að meðaltali, auk vísitöluuppbótar. En síðan er inn á þessa grein potað ýmsum vildarmönnum og gæðingum valdhafanna og skjólstæðingum þeirra, sumum hverjum með þannig ástæður, að styrkir til þeirra af ríkisfé eru að mestu eða öllu óþarfir, en þeim er greitt allt að 45—50 þús. kr. á ári með vísitöluuppbótum. Mér þykir leitt að þurfa að skýra frá því, að svo sé komið réttlætiskennd íslenzkra valdhafa, að þeir geti ekki einu sinni sýnt sanngirni í afskiptum sínum af öldruðu og þurfandi fólki.

Það er ekki óeðlilegt, þó að gerð sé tilraun til að bregða upp mynd af stefnunni í efnahagsmálum þjóðarinnar og þróun þeirra við 1. umr. fjárl., ekki sízt ef það er haft í huga, hve mikill hluti þjóðarteknanna rennur nú orðið eftirlitslítið um hendur pólitískra valdabraskara. Frá árinu 1948 hafa íslenzkar ríkisstjórnir varpað fyrir borð í bókstaflegri merkingu þeirra orða öndvegissúlum sjálfstæðrar þjóðar, sjálfsvirðingu og sjálfsbjargarviðleitni, og gerzt bljúgir betlarar í samfélagi þjóðanna. Fé það, sem þær hafa með því móti fengið til umráða, nemur 38.65 millj. dollara gegnum Marshallaðstoð eða, ef reiknað er á núverandi gengi, svo sem sjálfsagt er að gera með hliðsjón af kaupmætti, um 630 millj. kr. auk um 70 millj. kr. yfirdráttar frá svonefndu Greiðslubandalagi Evrópu. Alls eru það því um 700 millj. kr., sem þessar ríkisstjórnir hafa haft til umráða í erlendum gjaldeyri umfram það, sem þjóðin aflaði á sama tíma.

Hæstv. fyrrv. ríkisstj. stóð andspænis þeim vanda, að Bandaríkin hættu að veita náðarbrauð öðrum þjóðum en þeim, sem þjálfa sig í hernaði, þ. e., að Marshallaðstoðinni var breytt í gagnkvæma hernaðaraðstoð. Trú reisn sinni og sjálfsvirðingu gerði þessi hæstv. ríkisstj. enga tilraun til að leysa þennan vanda fyrir atfylgi þjóðarinnar sjálfrar, þeirra möguleika og þess auðs, sem hún á í landi sínu. Áður en til þess kæmi, að Ísland yrði með öllu svipt hinum auðmýkjandi gjöfum Bandaríkjanna, hafði hún endanlega þeygt sig fyrir kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar og hersetu á Íslandi um langa framtíð, og það er eftirtektarvert í því sambandi, að það er ekki fyrr en hinn ameríski asni, klyfjaður dollurum, hafði verið leiddur á beit á stjórnarráðsblettinum í Reykjavík, að íslenzkir valdamenn láta hafa sig til þess að halda fram því öfugmæli, að hernaðarbækistöðvar Bandaríkjanna hér á landi séu gerðar til þess að tryggja varnir og öryggi Íslands og beinlínis af einskærri löngun Bandaríkjanna til að verja Íslendinga í styrjöld.

Frá 7. maí 1951 hefur Bandaríkjaher sífellt verið að búa um sig hér á landi og í siauknum mæli. Hann hefur sogað til sín íslenzkt vinnuafl, svo að framleiðsla landsmanna sjálfra hefur beðið af stórtjón. Bændur hafa ekki fengið það vinnuafl, sem þeir þurftu, bátum hefur orðið að leggja vegna skorts á sjómönnum, iðnaður hefur dregizt saman o. s. frv.

Árið 1952 greiddu Bandaríkin Íslendingum gegnum hervirkjagerð sína hér 60 millj. kr. samkvæmt opinberum heimildum. Á árinu 1953 munu þeir greiða okkur um 160 millj. kr. fyrir utan ótalinn hundruð milljóna kr. óbeinan kostnað í sambandi við herstöðvarnar. Einhverjum hlýtur að fara að detta í hug, hvort við getum ekki eingöngu lifað á því að láta verja okkur gegn stríðshættu. Það er ekki ósennilegt, að ýmsum þyki hugkvæmni hv. stjórnarflokka einkennilega lítil nú, jafnmikil og hún reyndist á betliárunum, að þeim skuli ekki hafa hugkvæmzt að bjóða út og efna til samkeppni þjóða í milli um varnir Íslands, jafneftirsótt hlutskipti og það hlýtur að vera, miðað við það, sem Bandaríkin vilja borga fyrir. Er þetta ekki í gamni mælt, því að einni allra þjóða í veröldinni er Íslendingum nú ætluð sú svívirða að fórna sonum annarra þjóða til þess að verja sig

í styrjöld og taka þó fé fyrir samkvæmt kenningum *forustumanna stjórnarflokkanna.*

Þannig leysti hæstv. fyrrv. ríkisstj. þann vanda þjóðarinnar að lifa í eigin landi, þegar betlifé erlendis frá þraut. Auk þess höfðu tveir ráðherrar orð á því að stofna íslenzkan her til þess að fá gjafafé út á hann frá Bandaríkjunum. Er því að vonum, að ýmsir spyrji: Hvernig horfir nú við, þegar ný stjórn hefur tekið við völdum?

Það vill svo vel til, að stefnu hæstv. ríkisstj. í þessum málum hefur maður svart á hvítu, í fyrsta lagi í fjárlfrv. á þskj. 1, sem hér er til umræðu, og í öðru lagi í svonefndum málefnasamningi hæstv. ríkisstj., sem birtur var í Morgunblaðinu 12. sept. s. l. Í fjárlfrv. er ekki um neina nýja eða breytta stefnu að ræða í efnahagsmálum frá því, sem var, og í málefnasamningnum er stefnunni lýst í kapitulanum, sem ber hið fagra heiti: „Jafnvægi í byggð landsins", 7. versi, og hljóðar svo, með leyfi hæstvirts forseta:

„Til þess að auðvelda framkvæmd varnarmála verði sett á stofn sérstök deild í utanrrn., sem fari með þau mál."

Þetta er að vísu nokkuð loðið orðalag, en þó ekki svo, að ekki skiljist þeim, sem til þekkja. Með þessu er einfaldlega sagt, að halda eigi áfram að auka hervirki Bandaríkjanna hér á landi, og er beinlínis tekið fram, að í því efni skuli haldið jafnvægi í byggð landsins, en það þýðir, að nú á ekki lengur að halda sér við Keflavík og Hvalfjörð, heldur skuli nú öll byggðarlög landsins verða þessarar blessunar aðnjótandi. Þetta er það fagnaðarerindi, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað þjóð sinni, og menn veiti því athygli, að þetta er sú eina efling atvinnulífs í landinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað. Nú eru 3000—4000 manns starfandi hjá herliðinu, en samkvæmt framansögðu á að auka þetta *til stórra muna, því að aukin víghreiðrabygging* krefst að sjálfsögðu aukins vinnuafls. Af því mundi aftur leiða það, að enn þá fleiri atvinnutæki landsmanna sjálfra mundu stöðvast og grotna niður vegna skorts á vinnuafli, og gæti þá jafnvel svo farið, að heilar atvinnugreinar legðust með öllu niður.

Nú er það að athuga, að í setuliðsvinnunni fær þjóðin aðeins greitt fyrir það starf, sem þjóðfélagsborgararnir inna af hendi með höndunum einum eða einföldustu tækjum. Þær tekjur, sem þjóðfélagið ber úr býtum á þann hátt, hljóta alltaf að verða minni, ef allt er með eðlilegum hætti, heldur en þær tekjur, sem myndast, ef vinnuaflið er hagnýtt í sambandi við afkastamikil og arðbær framleiðslutæki, sem auka og margfalda afrakstur vinnuaflsins. Við setuliðsvinnuna skapast heldur ekki nein markaðsverðmæti né arðbær framleiðslutæki, sem gætu gefið þjóðinni arð í framtíðinni. Setuliðsvinnan miðar þess vegna beinlínis að því að gera þjóðina fátækari en hún þyrfti að vera.

Þegar svo sú stund rynni upp, t. d. eftir nokkur ár, að Bandaríkin teldu víghreiður sín hér á landi nægilega öflug og frekari vinna við þau væri þar af leiðandi óþörf, stæði íslenzka þjóðin uppi fátækari en hún var, þegar herliðið kom til landsins, með niðurnídd atvinnutæki og lífsmöguleika betlarans eina opna til frambúðar.

Við ömurleika þessarar myndar bætist svo það, að hér á landi er fjölmennt erlent herlið með fullar hendur fjár. Þessu herliði leyfist m. a. að bjóða í húsnæði Íslendinga sjálfra með þeim afleiðingum, að húsaleiga rýkur nú upp úr öllu valdi, svo að algert neyðarástand er að skapast í *þeim efnum.*

Mörg fleiri atriði mætti nefna, sem sanna það, að dvöl herliðsins hér á landi felur í sér það verðbólgufræ, sem þreifst hér svo lystilega á stríðsárunum. Afleiðingar þessa stjórnarfars eru þegar farnar að gera vart við sig. Samkvæmt opinberum heimildum fluttu 1058 manns úr landi umfram þá, sem til landsins komu, s. l. tvö ár. Þeir, sem opin hafa augun, skilja, hver blóðtaka slíkt er fámennri þjóð. Það er áberandi, að þeir, sem höfðu varið ærsku sinni og miklu fé til að afla sér sérmenntunar, sem íslenzkt atvinnulíf þarfnast e. t. v. meir en nokkurs annars, neyðast nú til að yfirgefa landið vegna þess, að þeim er af þröngsýnum valdhöfum meinað að verða þjóð sinni sú lyftistöng, sem þeir hefðu getað orðið. Hafa jafnvel Tyrkir, Ceylonbúar og Suður-Ameríkumenn sýnt meiri skilning í þessum efnum en íslenzk stjórnarvöld og fengið íslenzka sérfræðinga til bjargar sínum þjóðum.

Þetta er í stuttu máli mynd þess ástands, sem stefnu hæstv. ríkisstj. og fjárlfrv. er ætlað að fullkomna framtíð íslenzku þjóðarinnar til tortímingar.

Gegn þessari helstefnu rís Þjóðvfl. Íslands, flokkur þess fólks, sem ekki vill una því hlutskipti lengur að láta gömlu flokkana skipta þjóðinni í tvær fjandsamlegar fylkingar til samkeppni um það, hvor fylkingin geti lotið dýpra í auðmýkt sinni og þjónustu við erlent vald í vestri eða austri. Hann boðar þjóðinni þau sannindi, að hún verði umfram allt annað að leggja rækt við virðingu sína og sjálfstæði og efla atvinnulíf sitt til að geta eignazt þau verðmæti, sem hún á hverjum tíma telur eftirsóknarverð. Þjóðvfl. Íslands boðar íslenzkri þjóð þau einföldu sannindi, að hún geti aðeins með einu *móti tryggt og varðveitt sjálfstæði sitt í nútíð* og framtíð, með því að standa efnahagslega á eigin fótum, óháð aðstoð eða fjárgjöfum annarra þjóða. Þjóðvfl. telur, að fábreytt atvinnulíf geti hvorki skapað þjóðinni örugga efnahagsafkomu né veitt þjóðfélagsborgurunum tækifæri til að hagnýta gáfur sínar, hæfileika og þekkingu fullkomlega *sjálfum sér og þjóðinni allri* til hagsbóta; þess vegna verði hún að leggja höfuðáherzlu á það að gera atvinnulíf sitt fjölbreyttara en nú er og efla það á skipulegan hátt á þann veg, að hinar vinnandi stéttir beri úr býtum allan þann arð, sem vinna þeirra skapar, og öðlist skilyrði til að eignast sjálf framleiðslutækin.

Þjóðvfl. Íslands hikar ekki við að segja þjóðinni það umbúðalaust, að hún verði að leggja að sér og neita sér um margt, til þess að svo geti orðið. Hún verður t. d. að neita sér um þann munað að láta fimm einkabílstjóra aka ráðherrum sínum á milli veizluborða þjóðfélagsins.

Hún hefur ekki heldur efni á því að láta ráðherra sína fétletta ríkissjóð í eiginhagsmunaskyni. Hún verður einnig að neita sér um þann munað að lifa á því að selja sjálfstæði sitt og manndóm eða taka borgun fyrir það að láta aðrar þjóðir verja líf sitt, ef mönnum finnst karlmannlegra að orða það svo.

Í samræmi við þessa stefnu hafa þm. Þjóðvfl. Íslands flutt þáltill., þar sem auk uppsagnar hervarnarsamningsins og brottflutnings herliðsins er sett fram krafa um eflingu atvinnulífsins til að taka við þeim mönnum, sem nú vinna hjá herliðinu. Í beinu framhaldi af því hefur hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, einnig flutt þáltill. um smíði 200 opinna vélbáta og 20 þilfarsbáta innanlands, sem veita mundi a. m. k. 1000—1200 manns atvinnu. Fleiri tillögur og frumvörp til eflingar iðnaði og landbúnaði verða lögð fram af hálfu þingmanna Þjóðvfl. Íslands á næstu vikum í krafti þeirrar sannfæringar, að nú sé gaman að vera Íslendingur og fá að fórna kröftum sínum í baráttunni fyrir sjálfstæði og sjálfræði íslenzkrar þjóðar.

**Forseti (JörB):** Næst tekur til máls hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, og talar af hálfu Alþfl. og hefur til umráða 30 mín.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Í byrjun þessa fundar var aðalreikningi ríkissjóðs 1952 útbýtt, og er það dálítið bagalegt, að þetta plagg skyldi berast þingmönnum svo seint. Í ríkisreikningnum 1952 eru auðvitað ýmsar upplýsingar, sem gott hefði verið að byggja á í þessum umræðum, þegar ræða á fjárlfrv. fyrir næsta ár, 1954.

Það er séð, að það hefur farið eins og áður oftast nær, að ýmsir tekjuliðir hafa verið of lágt áætlaðir í fjárlfrv. fyrir árið 1952. T. d. eru tollar og skattar 30 millj. hærri samkv. reikningnum en þeir voru í áætluninni, og þær ágætu ríkisstofnanir, tóbakseinkasalan og áfengiseinkasalan, hafa skilað 94 milljónum rúmum í staðinn fyrir 84, sem áætlað var, og hafa þannig ekki orðið fjármálaráðherra sínum til vonbrigða fremur en fyrri daginn. Skuldir ríkissjóðs í árslok 1952 virðast samkvæmt sjóðsyfirlitinu vera 490 millj. kr., og margt er fleira, sem fróðlegt væri fyrir útvarpshlustendur að fá að vita úr þessu plaggi, sem því miður barst svo seint, en það verður að bíða seinni tíma, því að það er bezt að snúa sér að dagskrárefninu.

Frv. það til fjárl., sem hér liggur fyrir til 1. umr., hefur fáar nýjungar að flytja. Það er á uppleið með öll útgjöld ríkissjóðs eins og öll þau fjárlfrv., sem ég man eftir.

Skattar og tollar eru nú 325 millj. og 200 þús. kr. á móti 296 millj. á frv. í fyrra. Ég skal taka það fram, að ég tel réttast að miða allar samanburðartölur við fjárlfrv. nú og fjárlfrv. í fyrra. Gjöldin á sjóðsyfirliti núna eru 427 millj. móti 388 millj. á fjárlfrv. í fyrra. Tekju- og eignarskatturinn hefur hækkað um 4½ millj., úr 52 í 56 millj. Og skrýtið er það með stríðsgróðaskattinn. Hann — og þá sjálfsagt líka stríðsgróðinn — fer síhækkandi eftir því, sem lengra líður frá stríðinu. Í fyrra var hann áætlaður réttar 4 millj. Nú er hann áætlaður — sjálfsagt varlega áætlaður — 6 millj. og 800 þús. Verðtollurinn, sem er hæsti tekjuliður fjárl., er nú áætlaður 110 millj. og er 5 millj. kr. hærri en á frv. í fyrra. Og þá gerir illræmdasti skattur þessarar skattheimturíkisstjórnar, söluskatturinn, það ekki endasleppt. Hann er kominn upp í 91½ millj. á þessu frv., en í fyrra var hann áætlaður 77 millj. Hækkunin á einu ári er hvorki meira né minna en 14 millj. og 500 þús. Árið 1948 var söluskatturinn ekki til. Frá árinu 1949 hefur hann farið síhækkandi, en samt aldrei tekið svona heljarstökk eins og nú frá haustnóttum í fyrra og þar til núna. 14½ millj. kr. hækkun á einum skatti á einu ári er dálítið athyglisverð hækkun frá fyrra árs meti, jafnvel þótt íþróttamaður í skattahækkunum eins og Eysteinn Jónsson fjmrh. eigi í hlut. Þá var söluskattinum ætlað það hlutverk, þegar hann var fyrst lagður á, að standa undir fiskábyrgðarverðinu og skyldi þannig verða aðalframleiðslustétt þjóðarinnar, sjómönnunum, til tekjubóta og afkomuöryggis. En þegar hætt var við fiskábyrgðina, gleymdist bara að fella söluskattinn niður; það var gleymska hæstv. fjmrh. Þá var hann tekinn til almennra búdrýginda, þ. e. a. s. til aukinnar eyðslu. Með sívaxandi eyðslu hefur söluskatturinn líka hækkað, og hann hefur hækkað um 50 millj. á síðustu 5 árum, en þið megið reiða ykkur á, að söluskatturinn fer upp í 100 millj. á árinu 1954. Það er á þennan hátt, sem hæstv. fjmrh. hefur ávaxtað sitt pund þjóðinni til lítils fagnaðar eða ánægju.

Og hvað áætlar svo hæstv. fjmrh., að vindrykkja þjóðarinnar skili ríkissjóði miklum tekjum á næsta ári? Á þessa árs fjárl. gerði hann sér vonir um, að áfengissalan gæfi ríkissjóði a. m. k. hálft hundrað millj. og tveimur betur. Og á þessu fjárlfrv. fyrir árið 1954 áætlar hann enn 52 millj. kr. nettótekjur af brennivínssölu ríkisins. Þetta bendir ótvírætt til þess, að hæstv. ríkisstj. sé búin að semja um einhverjar meiri háttar aðgerðir til aukinnar vínsölu, sem fyllilega bæti það upp, sem draga kynni úr vínsölu við ráðstafanir fólksins sjálfs í þeim kaupstöðum landsins, sem þegar hafa ákveðið að loka vínbúðum ríkisins, en það hefur þegar verið gert a. m. k. í þremur stærri kaupstöðum landsins.

Það hefur heyrzt, að hinu kátlega brennivínsstríði hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar, og hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, hafi lyktað með friðarsamningi á þá lund, að Sjálfstæðishúsið ásamt nokkrum öðrum veitingahúsum, sem dómsmrh. ber fyrir brjósti, og svo Hótel Borg, Hótel KEA og nokkur önnur álíka mörg, sem fjmrh. hefur áhuga fyrir að komist vel af, eigi að fá óskorað vínveitingaleyfi, svo að þau geti selt vínföng fyrir sig og íslenzka ríkið hvert í kapp við annað. Þetta þarf þó ekki endilega að vera rétt, en trúlegt verður að teljast, að friður hafi verið saminn, einnig á þessu sviði, þegar þeir Eysteinn og Bjarni gengu á ný undir jarðarmen og mynduðu nýja ríkisstj.

Þá er það með tekjurnar af vindrykkjunni eins og með söluskattinn, að þær hafa alltaf

bætt fyrri met, farið síhækkandi frá ári til árs allt fram til þessa. Það er t. d. ekki óviðeigandi að geta þess, að fyrir tíu árum, þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi, gerðu menn sér vonir um, að lýðveldið kynni að standast, þó að ríkissjóður fengi ekki meira en 9—10 millj. kr. tekjur af áfengissölu, en nú eru þær sem sé orðnar 52 millj., eða rétt ein millj. á viku. En bölið, sem hlýzt af ofdrykkju áfengis í landinu, — ja, hver treystir sér til þess að mæla það? Hitt er víst, að það er til smánar, hversu lítið er gert til gæzlu og lækningar þeim ógæfusömu mönnum, sem áfengissala ríkisins hefur sogað niður í hyldýpi eymdar og niðurlægingar. Þar eru þeir látnir eiga sig, eftir að ríkissjóður hefur hirt til sín milljónatugina sem auðfenginn gróða af eymd þeirra og böli.

Þá hafa tekjur ríkissjóðs ekki aukizt minna af tóbakssölu ríkisins á undanförnum árum. Nú eru þær tekjur áætlaðar 39 millj., og er það 4 millj. hærra en á fjárl. þessa árs og 9 millj. hærra en þær voru áætlaðar á seinasta fjárlfrv. Má því telja víst, að raunverulega séu þær orðnar yfir 40 millj. Það er nefnilega ein af meginreglum núverandi hæstv. fjmrh. að áætla alla stærstu tekjuliði fjárl. vísvitandi of lága, svo að samtals hefur numið milljónatugum á hverju ári. Þetta er svokölluð fjármálaspeki hans, sem hann ætti að taka „patent“ á, en er í rauninni algert blygðunarleysi gagnvart fjárveitingavaldinu, sem samkv. lögum og stjórnarskrá á að vera í höndum Alþingis. Síðan 1950 hafa tóbakstekjur ríkissjóðs hækkað um 20 millj. og síðan á ári aldanna, 1944, um rúmar 33 millj. kr.

Samtals eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af ríkisstofnunum nærri 96 millj. þrátt fyrir halla póstsjóðs, sem aldrei virðist ætla að verða yfirbugaður þrátt fyrir margfalt heimsmet í uppskrúfuðum burðargjöldum. Hefðu þó ýmsir getað ímyndað sér, að með lokun áfengisbúðanna úti um land yrði því marki náð, að halli póstsjóðs hverfi og sjái ekki framar dagsins ljós. En samkv. fjárlfrv. er svo að sjá sem hæstv. fjmrh. geri sér jafnvel ekki vonir um það.

Samtals eru áætlaðar tekjur á sjóðsyfirliti fjárlfrv. nú 430 millj., og er þá hagstæður greiðslujöfnuður aðeins upp á 1.6 millj. kr. Fer varla hjá því, að þessar niðurstöðutölur fjárl. eigi eftir að hækka um 25—30 millj. í meðförum þingsins. Má það a. m. k. líklegt teljast eftir reynslu undanfarinna ára. Það mun þannig ekki fara fjarri því, að niðurstöðutölur fjárl. að þessu sinni verði eitthvað í kringum 450—460 millj. kr. — Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um tekjuhlið frv.

Nú mundi ef til vill vera spurt: Sjást þess engin merki á þessu fjárlfrv., að hæstv. ríkisstj. vilji draga úr kostnaði við rekstur ríkisins og ríkisstofnana og verða þannig öðrum í landinu til fyrirmyndar í því efni? Það er nefnilega ekki svo langt síðan hæstv. fjmrh. kom fram fyrir þjóðina í ríkisútvarpinu og áminnti hana bæði fyrst og síðast um sparnað, sparnað umfram allt. En þrátt fyrir þessar leiðbeiningar til gjaldendanna um að spara er það sannast sagna, að hér sést síður en svo örla á nokkurri viðleitni til sparnaðar. Gjaldendurnir eiga að vera einir um það, — og til hvers mundu þeir eiga að spara? Auðvitað til þess, að þeir geti betur staðið í skilum við ráðh. og ríkissjóð. Í þessu efni er hæstv. ráðh. þó sjálfum sér samkvæmur sem bezt má verða, því að menn muna það sjálfsagt, að í hvert skipti sem hann hefur verið spurður um, hvort ekki væri hægt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, hefur hann, svo langt aftur í tímann sem stálminnugustu menn muna, alltaf haft eitt og sama svarið á reiðum höndum: Nei, hjá ríkissjóði er fyllsta sparnaðar gætt í smáu og stóru. Þar fer ekkert í súginn. Þar er fyllsta reiða og regla á öllum hlutum og ekkert hægt að spara. — Og þetta margra ára gamla svar sitt las hann einmitt upp hérna áðan úr seinustu ræðu hér við fjárlagaumræður. (Fjmrh.: Það var nú ekki eins og þm. segir.) Það var efnislega alveg samhljóða þessu — ekkert hægt að spara. Það var upphafið, og það var endirinn, og það var sem sé niðurstaðan, sem er búin að fá á sig nokkurn veginn hefð.

Ég get ekki fengið af mér að vera svo harðbrjósta við hæstv. ráðh. að leiða talið að slíku enn þá einu sinni, enda hef ég nú heyrt, að hann hefur kippzt við, af því að hann hélt, að það ætti að fara að tala um þetta, en ég sleppi honum þá. Ég veit það líka fyrir fram, hvert svarið yrði, og þið vitið það líka jafnörugglega, góðir hlustendur. Það er einmitt þetta: Það er ekki hægt — og þar með búið. Og þar með vitum við a. m. k. það, að það verður ekki heldur reynt að spara, því að sjálfsagt hefur hæstv. ríkisstj. eitthvað þarfara að fást við en að vera að bisast við það, sem hún fyrir fram er sannfærð um að sé ómögulegt.

En þá er eðlilegt, að spurt sé, hvort ríkisútgjöldunum sé þá ekki haldið í skefjum, reynt að stöðva þenslu ríkisbáknsins samkv. þeirri myndarlegu áminningu, sem verkalýðssamtökin veittu hæstv. ríkisstj. í desemberverkfallinu s. l. haust. Því miður verður einnig að svara því neitandi.

1. liður 10. gr., sem heitir: Til ríkisstjórnarinnar er veitt — hefur t. d. hækkað úr 5.6 millj. í 6.4 millj., kannske ekki neitt stórkostlegt, en þó um 800 þús. kr., sem sýnir strax, hvert stefnir og hvert ríkisstj. virðist ætlast til að sé stefnt. Hefur þó kostnaður við ráðunaut ríkisstj. í efnahagsmálum og ritara hans verið færður út af þessari gr., þar sem ráðunauturinn er nú orðinn bankastjóri Framkvæmdabankans.

3. liður sömu gr., utanríkismálin, hækkar um 1 millj. og 100 þús. kr., úr 5.3 millj. í 6.4 millj. Þessari hækkun veldur að mestu hið nýendurreista sendiráð í Moskvu, sem áætlað er að kosti 1 millj. kr. og ráða má af athugasemdum ráðh. með frv., að kunni þá jafnvel að taka til sín svona 1½ millj. kr.

11. gr., um fjárveitingu til dómgæzlu og lögreglustjórnar og til opinbers eftirlits og innheimtu tolla og skatta, er alls komin upp í 38 millj. 777 þús. kr., eða nærri 39 millj., og er ekki alveg ólíklegt, að í framkvæmdinni geti gr. komizt eitthvað á fimmta milljónatuginn.

Ríkislögreglan, sem einu sinni var mikið deilumál, er ekki orðin neitt smáfyrirtæki í landi

voru. Ríkislögreglan í Reykjavík kostar ríkissjóð 1 millj. og 800 þús., ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 1 millj. og 100 þús. og ríkislögreglan á Akureyri, í Hafnarfirði og á Siglufirði 260 þús. Auk þess er svo hlutur ríkissjóðs af lögreglukostnaðinum í Reykjavík rúmlega 1 millj. kr. Er nú þarna einhverju óþörfu eða lítt nauðsynlegu til kostað? Menn vita það ekki. En hitt er mér a. m. k. kunnugt um, að óþörfum lögreglukostnaði er með lögboði þröngvað upp á kaupstaðina úti um land. Það er engin þörf á fimm lögregluþjónum að vappa um göturnar í 3000 manna bæjum, en það skal vera einn á hverja 700 íbúa, og bæirnir hafa ekki frjálsræði til að draga úr þessum kostnaði, þó að þeir hafi hver á fætur öðrum reynt það.

Á þessari gr. er í þriðja eða fjórða sinni fjárveiting til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju við Grundarfjörð, sem þó er alls ekki tekið til starfa. Þarna er komið nálægt hálfri milljón í rekstrarstyrk til stofnunar, sem ekki er í rekstri og verður kannske aldrei rekin, en þetta er talin einhvers konar innheimtuaðstoð fyrir Reykjavíkurbæ. Ber svona örlæti nú vott um sparnaðarvilja? Ég segi nei.

Þá ber líka þarna annað fyrir augu. Húsaleigulögin eru úr gildi felld og veita engum lengur neina vernd í húsnæðisneyðinni, en á annað hundrað þús. kr. kostar húsaleigueftirlitið eftir sem áður, og virðist þó hafa verið beðið um meira fé til þess.

Innheimta tolla og skatta samkv. þessari gr. kostar 10 millj. og 700 þús. kr. Tollstjóraembættið í Reykjavík er orðið eitt stærsta embættisbákn og kostar fast að 3½ millj. kr. Tollgæzlan í Reykjavík er þar að auki um 2½ millj. og tollgæzla úti um landið, utan Reykjavíkur, kostar eina millj. Skattstofan í Reykjavík kostar talsvert á þriðju millj. kr., þar af borgar Reykjavík 500 þús., svo að ríkishlutinn verður 1¾ millj. Hins vegar kosta allar skattstofurnar utan Reykjavíkur ekki nema 600 þús. kr.

Á 12. gr. fjárl., sem fjallar um heilbrigðismálin, er að vísu ekki um stórfelldar hækkanir að ræða. Heildarniðurstöðutala gr. er tæpar 29 millj. En þessi gr. sýnir annað. Hún sýnir greinilega, að ríkið misskiptir fjárveitingu til Reykjavíkur annars vegar og landsbyggðarinnar utan höfuðborgarinnar hins vegar svo, að fullkomið ranglæti verður að kallast. Tökum t. d. tvo liði gr. Landsspítalinn er í rauninni að miklu leyti bæjarsjúkrahús fyrir Reykjavík. Þó er hann rekinn af ríkinu, sem hefur 3 millj. og 150 þús. kr. í halla af rekstri hans. Fæðingardeild landsspítalans er einnig að sjálfsögðu að langmestu leyti stofnuð fyrir Reykjavíkurbæ. Samt borgar ríkið rétt við ½ millj. upp í rekstrarhalla hennar. Vegna þessara tveggja heilbrigðisstofnana í Reykjavík borgar ríkissjóður rúma hálfu fjórðu millj. kr. En samkv. 7. lið þessarar sömu greinar greiðir ríkissjóður svo einar 160 þús. kr. í styrki til samans til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Siglufirði og í Vestmannaeyjum, sem öll veita utanbæjarfólki heilbrigðisþjónustu, sum í svo ríkum mæli, að legudagafjöldi utanbæjarmanna nálgast það að vera eins mikill og innanbæjarmanna. Síðan verða þessi fátæku bæjarfélög, sem teljast eiga þessi sjúkrahús, að bera hundraða þús. kr. halla af sjúkrahúsum sínum, að nokkru leyti vegna utanbæjarsjúklinga.

Það verður að teljast höfuðnauðsyn, að ríkið tryggi það, að til sé a. m. k. í hverjum landsfjórðungi eitt stórt og vandað sjúkrahús, sem sé búið hinum fullkomnustu tækjum og sé undir stjórn hinna færustu sérfræðinga. Þetta verður varla tryggt nema með einu móti, því, að Landsspítali Íslands starfi auk aðalspítalans í Reykjavík í fjórum deildum, sinni í hverjum landsfjórðungi. Hef ég nú þegar lagt fram á Alþingi frv. til laga, sem túlkar þessa lausn málsins. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram á þinginu frv. um 5—20 kr. styrki á legudag til sjúkrahúsa úti um land, hæstu styrkina til stærstu húsanna. Þetta frv. er fram komið vegna hins mikla og vandaða sjúkrahúss Akureyrar, sem á að geta tekið til starfa upp úr næstu áramótum. Mun það hafa álíka mörg sjúkrarúm og landsspítalinn hefur nú. Allir viðurkenna, að það sé Akureyrarbæ ofvaxið að standa undir rekstrarkostnaði slíks sjúkrahúss, enda væri það ranglátt, þar sem það mun veita utanbæjarsjúklingum heilbrigðisþjónustu að ekki minna leyti hlutfallslega heldur en landsspítalinn gerir hér. Hér á því ekkert náðarbrauð eða styrkjakák við. Hér ber að stíga heilt spor og gera Akureyrarspítala að fjórðungsdeild úr Landsspítala Íslands. Annað eða minna geta Norðlendingar varla sætt sig við.

Þá er komið að 13. gr. fjárl., fjárveitingunni til samgöngumála, þ. e. hinna verklegu framkvæmda. Og nú koma lækkanirnar allt í einu eins og fyrri daginn. Á fjárlfrv. fyrir 1954 er áætlað til nýrra akvega 8 millj. og 100 þús. kr., en í gildandi fjárl. þessa árs eru ætlaðar 10 millj. og 150 þús. kr. til nýrra akvega. Lækkunin nemur þannig 2 milljónum. Til viðhalds er hins vegar ætluð sama upphæð og í gildandi fjárlögum, en þar hefur vegamálastjóri þó talið sig þurfa 2 millj. meira, og aðrar 2 millj. segist hann þurfa til endurbóta á aðalleiðum. Sú fjárveiting er þannig 4 millj. kr. lægri en vegamálastjóri telur nauðsynlegt. Til brúargerða eru á gildandi fjárl. ætlaðar rúmar 4 millj., en á fjárlfrv. eru brúnum ætlaðar 3 millj. á næsta ári. Lækkunin er þar 1 millj. Til vita- og hafnargerða eru á þessa árs fjárl. ætlaðar 11 millj. og 600 þús., en á frv. næsta árs ekki nema 10 millj. og 800 þús. Lækkunin er 800 þús. kr.

Samkv. fjárlfrv. er áætlað, að ríkissjóður styrki strandferðaskip með 7 millj. og 750 þús. kr. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja, því að auðvitað dettur engum í hug, að þessi nauðsynlega þjónusta við fólkið í dreifbýlinu sé möguleg án halla, sízt af öllu nú við sívaxandi vöru- og fólksflutninga með bílum og flugvélum. En vitlausara fyrirkomulag er naumast hægt að hugsa sér á þessum málum. Einkafyrirtæki er látið hafa hinn gróðavænlega hluta vöruflutninga til landsins og fólksflutninga, og sá einkarekstur er hafður skattfrjáls, en ríkið er síðan látið reka hinn hlutann, sem ekki getur með nokkru móti borið sig. Er þó auðsætt, að vöru- og fólksflutningarnir til landsins ættu auðvitað að vera í ríkisrekstri og síðan ætti að verja nokkr-

um hluta þess gróða, sem af því fengist, til þess að standa undir myndarlegum strandferðum og flóabátaferðum. En þetta samrýmist ekki hagsmunum braskaranna í landinu, og þess vegna kemur ekki til mála, að þessi ríkisstj. fari inn á slíka braut.

Sama er að segja um flugsamgöngurnar, sem ríkið kemst ekki hjá að hafa hið strangasta eftirlit með og veita hina fullkomnustu aðstöðu. Þær eru svo þýðingarmikil þjónusta fyrir þjóðina, að þær mega alls ekki veita fjárgróðamönnum frítt spil. Auk þess eru þær svo alþjóðlegar í eðli sínu, að það er jafnaðarlilegt, að þær séu í ríkisrekstri, eins og póst- og símaþjónustan. Nettóútgjöld ríkissjóðs til flugsamgangna nú eru 3.3 millj. kr.

14. gr. fjárl., til kirkju- og kennslumála, hækkar um 2 millj. Er niðurstöðutalan 58 millj. Þar af eru til kirkjumálanna 6 millj., sama upphæð og á þessu ári. Fara þannig til kennslumálanna 52 millj. kr., eða sama upphæð og áætlað er til tekna af áfengisverzlun ríkisins. Sá liður þessarar gr., sem einna örast hækkar frá ári til árs, er kennslueftirlit, sem nú er komið upp í 570 þús. kr., — liður, sem ég er ekki alveg viss um að svari tilgangi sínum.

Framlög ríkissjóðs til atvinnumála samkv. 16. gr. haldast óbreytt í frv. Það eru 54 millj. Aðalbreytingin er sú, að útgjöld vegna fjárskiptanna lækka um 7 millj., en sama upphæð fer aftur til raforkumála. Samkv. skýringum ráðh. með frv. virðast þó aðeins 2 millj. eiga að fara til nýrra raforkuframkvæmda. Er það sýnu minna en búast hefði mátt við eftir glæstum loforðum stjórnarsamningsins, — loforðunum, sem hæstv. ráðh. einmitt var að rifja hérna upp áðan. Sjást þess þannig engin merki, að hæstv. stjórn geri sér ljóst, að ráðast verður hið bráðasta í stórfelldar raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum og Austfjörðum, einmitt nú, þegar miklum og merkum áfanga er náð í rafvæðingu Suðurlands og Norðurlands með viðbótarstórvirkjunum Sogs og Laxár. En það er vitað mál, að sú gerólíka og óhagstæða aðstaða atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem útundan hafa orðið í raforkumálum, getur á skömmum tíma leitt til landauðnar austanlands og vestan, ef ekki fæst fljótlega vissa um, að framkvæmdir séu á næsta leiti og þeirra verði ekki langt að bíða.

Landbúnaðinum eru ætlaðar 34½ millj. kr., sjávarútveginum 6 millj., iðnaðinum 2 millj. Eru þessi hlutföll mjög lík og áður milli aðalatvinnuveganna, og er engin von til þess, að þau þyki réttlát eða veki ánægju. Þýðingarmestu ráðstafanir, sem gera þyrfti fyrir sjávarútveginn að minni hyggju, eru í fyrsta lagi að kaupa nokkra dieseltogara til þess að afla hráefna fyrir illa hagnýtt fiskiðjuver víðs vegar um landið og tryggja þannig þrennt í senn: atvinnurekendum bætta efnahagsafkomu, verkafólki í landi aukna atvinnu og þjóðarheildinni aukin framleiðsluverðmæti. Jafnframt er brýn nauðsyn á að koma þegar í veg fyrir nauðungarsölur nauðsynlegra atvinnutækja í útgerðarbæjum, sem barizt hafa við atvinnuleysi mörg undanfarin ár. Í þriðja lagi er aðkallandi að vinna ötullegar en gert hefur verið að markaðsöflun fyrir sjávarafurðir. Í fjórða lagi er nauðsynlegt að tryggja sjómönnum okkar undir öllum kringumstæðum rétt verð fyrir afla sinn, svo að það standist samanburð við fiskverð nágrannalanda okkar, sem við keppum við, eins og t. d. Noregs. En hér er fullkomið ósamræmi á milli, hvað sem veldur. Hlýtur hæstv. ríkisstj. að vera kunnugt um það, að það er einmitt þetta atriði, sem á mestan þátt í því, að erfitt er nú orðið að fá sjómenn á fiskiflotann, svo að útgerðarmenn eru jafnvel í fullri alvöru farnir að tala um innflutning erlendra fiskimanna.

Fráfarandi stjórn fékk það eftirmæli, að hún hefði verið iðnaðinum í landinu næsta óþörf og óvinveitt. Rétt fyrir kosningarnar þóttist hún þó ætla að bæta ráð sitt, taka sinnaskiptum, og var þá lofað gulli og grænum skógum iðnaðinum til eflingar. Nú er ný stjórn búin að sýna andlit sitt, og til iðnaðarins brosir hún ekki hýrt. Það hefur þegar komið í ljós.

Fyrir kosningarnar lofaði gamla stjórnin því m. a., að fiskibátar skyldu ekki fluttir inn frá útlöndum og skyldu innlendar skipasmíðastöðvar fá alla þá nýsmíði fiskibáta, er þær gætu annað. Segir um þetta í skýrslu til 15. iðnþings Íslendinga, sem var sett í fyrradag:

„Um miðjan september s. l. fengust þær fréttir úr fjárhagsráði, að þá ætti að taka til afgreiðslu til samþykktar eða synjunar nær 20 beiðnir um innflutning skipa. Skrifaði þá landssambandið enn fjárhagsráði og fór þess á leit, að frestað yrði aðgerðum, þar til Alþingi hefði haft tækifæri til að sýna, hvað það vildi gera til þess að tryggja, að skipin yrðu smíðuð innanlands. Sömu tilmæli voru og munnlega borin fram við atvmrh. og iðnmrh., og hefur þessi beiðni verið tekin til greina.“

Þeir héldu það.

Þessi tilvitnun sýnir, að þegar komið var fram í september, átti að fara að svíkja kosningaloforðin. Svo er lofað að bíða eftir aðgerðum Alþingis, en áður en neitt er vitað um vilja þingsins, hleypur hin nýja ríkisstj. til og úrskurðar nú fyrir fáum dögum, að veitt skuli innflutningsog gjaldeyrisleyfi fyrir 21 vélbát frá útlöndum. Munu margir þeirra vera gamlir bátar, og er gjaldeyrisverðmæti þessara skipa talið a. m. k. 10—12 millj. kr. Þarna eru iðnaðarmenn sviknir í annað sinn í þessu bátasmíðamáli, nú af nýrri ríkisstj. Hagsmunum innlendu skipasmiðanna er fórnað fyrir hagsmuni þeirra, sem milliliðahagnaðar njóta af að kaupa inn fiskibáta. Þetta eina mál gefur raunar táknræna heildarmynd af þessari nýju ríkisstj. Hún er fyrst og fremst stjórn braskara og milliliða, ekki stjórn hins vinnandi fólks, hvorki á landi né sjó.

Iðnaðarsamtökin hafa auðvitað snúizt hart til varnar út af þessari óþjóðlegu stefnu ríkisstj. og árás á iðnaðarmannastéttina einmitt sömu dagana sem iðnþing Íslendinga er að koma saman. Félag ísl. iðnrekenda kallaði samdægurs saman fund og vítti harðlega þessa ákvörðun ríkisstj., skoraði á hana að breyta afstöðu sinni og hætta við innflutning bátanna, en velja aðra leið, sem betur samrýmdist íslenzkum þjóðarhagsmunum. Samþykktin, sem gerð var á fundi Félags ísl. iðnrekenda, var á þessa leið:

„Fundur í Félagi ísl. iðnrekenda, haldinn í þjóðleikhúskjallaranum laugard. 10. okt. 1953, vítir harðlega þá ráðstöfun að veita nú innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 21 vélbát á sama tíma og sannanlegt er, að innlendar skipasmíðastöðvar skortir verkefni. Fundurinn telur, að þessi stefna í innflutnings- og gjaldeyrismálum feli í sér þá hættu, að öll starfsemi innlendra skipasmíðastöðva dragist verulega saman, og að horfur séu á, að viðhald bátaflotans sé í hættu af þessum sökum, þar sem faglærðum mönnum í þessari grein hljóti að fækka verulega, þegar verkefni vantar.

Félag ísl. iðnrekenda skorar því á ríkisstj. að breyta nú þegar afstöðu sinni í þessu máli og leita eftir annarri leið, er betur samrýmist íslenzkum þjóðarhagsmunum.“

Í dag mun svo sjálft iðnþingið fjalla um þetta hneykslismál, og er ekki að efa, að hin fáránlega stefna ríkisstj. verður fordæmd harðlega af þingi iðnaðarmannastéttarinnar. Íslendingar eiga og verða að smíða sjálfir sína fiskibáta, og ríkisstj. verður að breyta um stefnu í þessu máli, svo framarlega sem hún vill heita íslenzk ríkisstj. Seinustu fréttir af þessu hneyksli eru þær, að þingnefnd frá iðnþinginu hefur gengið á fund hæstv. iðnmrh. og krafizt þess af honum, að hann breyti afstöðu til þessa máls.

Góðir hlustendur. Ég sé það, að tími minn muni vera á þrotum. Ég hef haldið mér vandlega við dagskrárefnið, fyrsta fjárlfrv. nýju ríkisstj. Ég hef sýnt fram á, að það ber öll einkenni óbreyttrar fjármálastefnu. Íhaldsstjórn leið undir lok, íhaldsstjórn skreið saman aftur. Það er eins og kveðið var einu sinni:

Góður er sérhver genginn,
gæti hann þá legið kyrr,
en Ólafur aftur fenginn
er Ólafur verri en fyrr.

Það reyndist þannig með allar afturgöngur í þjóðsögum, að þær voru alltaf verri eftir því, sem þær gengu oftar aftur.

Hvergi örlar á vilja til heilbrigðs sparnaðar í þessu fjárlfrv. Sama sukkið, sami verzlunarbragurinn á mörgum liðum fjárl. Flestar tölur skatta og tolla svo og nálega allra útgjalda eru hækkandi, nema hvað fjárframlög til verklegra framkvæmda eru stórlega lækkuð borið saman við gildandi fjárl. Engin fjárveiting er til atvinnuaukningar. Allt, sem atvinnuvandamálum við kemur, ætlast ríkisstj. bersýnilega til að skuli leysast suður á Keflavíkurflugvelli. Engar ráðstafanir til atvinnujöfnunar. Ekkert orð eða stafur um úrbætur í stórkostlegasta vandamáli líðandi stundar, húsnæðisskortinum. Hvorki gert ráð fyrir fjárframlögum til byggingarsjóða verkamanna, smáíbúða né til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Í fáum orðum sagt: Frv. er vanabundið, eins og það væri samið undir askloki, og bendir ekki á lausn neinna aðkallandi vandamála, bendir hvorki upp né fram. Það er líkast visnum kransi á dauðs manns gröf.

Ég hef í fáum orðum lýst þeirri stefnu Alþfl., að lífvænlegt atvinnulíf og aukna framleiðslu þurfi að tryggja með jöfnun atvinnutækja um landið, aðstöðuna til atvinnuathafna þurfi að jafna með byggingu raforkuvera, einnig og sérstaklega í þeim landshlutum, sem nú hafa dregizt aftur úr, að þjónusta ríkisvaldsins við þegnana í heilbrigðismálum verði að vera sem allra jöfnust og beri ríkinu í því skyni að koma upp landsspítaladeildum í öllum landsfjórðungum. Sama gildir um aðstöðuna til æðri sem lægri menntunar. Ég hef áður borið fram frv. um menntaskóla á Austfjörðum og Vestfjörðum í stað þeirrar stefnu að reisa tvo eða þrjá slíka skóla í Reykjavík fyrir 20—30 millj., eins og nú er stefnt að og byrjað á. Ég hef vikið að því, að ríkið eigi auðvitað að hafa í eigin höndum hina arðvænlegustu þætti samgöngumálanna og styrkja svo af gróða þeirrar starfsemi samgöngur meðfram ströndum landsins. Ekkert af þessu er núverandi ríkisstj. líkleg til að vilja eða skilja og því síður til að framkvæma. Þess vegna er það sannfæring Alþfl., að það sé þjóðinni til blessunar, að ævidagar íhaldsstjórnarinnar, sem Ólafur Thors hefur nú myndað, verði sem fæstir, og með þeirri ósk lýk ég líka máli mínu í þessum útvarpsumræðum.

**Forseti (JörB):** Næst tekur til máls hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, og talar af hálfu Sjálfstfl. og hefur 30 mín. til umráða.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um í byrjun máls míns að votta hv. síðasta ræðumanni samúð vegna þess ótta, sem hann virtist bera í brjósti við núverandi ríkisstj., og ég geri einnig ráð fyrir, að þess muni ekki vanþörf, því að vafalaust mun halda svo áfram þróuninni með hans flokk eins og verið hefur nú að undanförnu.

Hæstv. fjmrh. hefur svo ýtarlega gert grein fyrir einstökum atriðum í sambandi við fjárlfrv. og fjárhag ríkisins, að ég mun stikla á stóru í minni ræðu og reyna að bregða upp heildarmynd af efnahagsástandinu og fjármálaþróuninni síðustu árin.

Blómlegir atvinnuvegir og næg atvinna handa öllum starfandi höndum er undirstaða góðrar afkomu, bæði einstaklinganna í þjóðfélaginu og þjóðarbúsins. Hins verður svo auðvitað um leið að gæta, að útgjöldum ríkissjóðs sé jafnan haldið innan þeirra takmarka, að hvorki þurfi að binda þjóðfélagsborgurunum of þunga bagga í sköttum og öðrum álögum né heldur að afgreiða fjárl. með greiðsluhalla.

Ýmsir munu ef til vill segja, að óþarft sé að benda á svo augljósar staðreyndir. En því miður virðast þær þó harla oft gleymast. Þeim skoðunum heyrist jafnvel varpað fram í fullri alvöru, að ekkert sé athugavert við það, þótt atvinnuvegirnir séu á ríkisframfæri, og það ber einnig æði oft á því, að gerðar séu till. um stórfelld útgjöld úr ríkissjóði án þess, að menn vilji taka á sig það óvinsæla verk að benda á tekjustofna á móti. Ef menn ekki vilja gera sér ljósa þá staðreynd, að ríkissjóður er engin gullkista, sem hægt sé þrotlaust að ausa úr, en þurfi lítið eða ekkert að láta í staðinn, þá er ekki von, að vel fari.

Árið 1939 urðu rekstrarútgjöld ríkissjóðs rúmar 19 millj. kr., en í fjárl. ársins 1954 eru rekstr-

arútgjöldin áætluð um 390 millj. kr., og hafa þau þannig á þessu tímabili meira en tvítugfaldazt. Orsakir þessarar miklu hækkunar eru tvær: annars vegar vaxandi dýrtíð og þar af leiðandi rýrnandi verðgildi krónunnar; hins vegar mjög auknar kröfur á hendur ríkissjóði og margvísleg löggjöf, sem hefur haft í för með sér mjög aukin útgjöld ríkissjóðs.

En þrátt fyrir hina geysilegu hækkun útgjalda ríkissjóðs á þessum síðasta tæpum hálfum öðrum áratug er samt afkoma ríkisins betri nú en hún var þá. Árið 1939 hækkuðu lausaskuldir ríkissjóðs um rúmar 2.2 millj. kr., en í fjárlfrv. fyrir árið 1954 er gert ráð fyrir rúmum 1.6 millj. kr. greiðsluafgangi.

Ástæðan er vitanlega sú, að þótt útgjöld ríkisins hafi tvítugfaldazt, þá hafa tekjurnar meira en tvítugfaldazt á þessu tímabili. Kemur þar einkum þrennt til: dýrtíðin og þar af leiðandi stórauknar tekjur manna að krónutölu, aukin framleiðsla og þar af leiðandi auknar raunverulegar tekjur og loks auknar álögur á þjóðfélagsborgarana. Ef gengið er út frá því, að þjóðfélagsborgararnir greiði eðlilegan skerf af tekjum sínum til opinberra þarfa, þá er efling atvinnuveganna, aukin framleiðsla og þar af leiðandi auknar raunverulegar þjóðartekjur frumskilyrði þess, að hægt sé að leggja auknar kvaðir á ríkissjóð.

Á stríðsárunum hafði þjóðin meira fé handa á milli en nokkru sinni hefur áður þekkzt hér á landi. Þótt mörg krónan færi forgörðum, þá tókst öllum almenningi þó að bæta mjög lífsafkomu sína og búa í haginn fyrir framtíðina. Á þessum árum eignaðist þjóðin einnig stóra gjaldeyrisvarasjóði og fékk þannig aðstöðu til þess að bæta mjög afkomu þjóðfélagsins í heild og leggja grundvöll að þeirri eflingu atvinnuveganna, sem nauðsynleg væri til þess, að þjóðin gæti áfram búið við góða afkomu og auðið yrði að standa undir ýmiss konar umbótalöggjöf í félagsmálum og menningarmálum, sem þjóðin vildi innleiða. Þetta sjónarmið mótaði stefnu ríkisstjórnar Ólafs Thors árið 1944, og þeirri stefnu hefur í meginatriðum verið fylgt af öllum síðari ríkisstjórnum. Með nýsköpunarstefnunni var grundvöllur lagður að þeirri miklu eflingu atvinnuveganna, sem hefur gert auðið að viðhalda sæmilegri afkomu þjóðfélagsborgaranna þrátt fyrir ýmis áföll og mundi geta fært þjóðinni geysimiklar tekjur, þegar vel árar. Á fáum árum hefur þjóðin eflt svo atvinnuvegi sína að nýjum framleiðslutækjum og fullkominni tækni, að undravert má teljast hjá svo fámennri þjóð. Þá alvarlegu erfiðleika hefur hins vegar verið við að stríða, að aðalútflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, hefur vegna mikils aflabrests ekki skilað því framleiðsluverðmæti, sem vonir stóðu til, og hinn mjög mikli útgerðarkostnaður hefur jafnframt valdið því, að þessi atvinnuvegur hefur ekki getað þróazt á eðlilegan hátt.

Þótt íslenzkir sjómenn séu afkastameiri en sjómenn annarra þjóða, þá er tilkostnaður útgerðarinnar hér þeim mun meiri en hjá aðalkeppinautum vorum, að samkeppnin um markaðina reynist oss mjög örðug, ef gera á kröfu til þess verðs, sem nauðsynlegt er fyrir framleiðsluna.

Þótt á stríðsárunum tækist að mestu leyti að greiða upp skuldir ríkissjóðs og fjárhagur ríkissjóðs væri mjög góður, þá leiddi samt hinn aukni hallarekstur atvinnuveganna í lok stríðsins til þess, að mjög tók að halla undan fæti fyrir ríkissjóði. Sumir hafa reynt að kenna þáverandi fjármálaráðherrum Sjálfstfl. um þá þróun, en það er vitanlega hin mesta fjarstæða. Þeir vöruðu hvað eftir annað við hinum alvarlegu afleiðingum af hallarekstri atvinnuveganna, en Sjálfstfl. hafði ekki bolmagn til þess að marka einn fjármálastefnuna, og ekki tókst að ná samkomulagi um viðreisnartill., sem að gagni mættu koma. Það var fyrst árið 1949, sem nægilegur skilningur fékkst fyrir því, að nauðsynlegt væri að hverfa inn á nýjar brautir. Féll það í hlut minnihlutastjórnar Sjálfstfl., sem við völdum tók að afloknum kosningum 1949, að leggja fram heildartill. um gerbreytta stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þá fékkst loks í verki viðurkenning á þeim staðreyndum, sem ég vék að í upphafi máls míns, að atvinnuvegirnir yrðu að geta starfað hallalaust eða a. m. k. án beinna styrkja úr ríkissjóði, athafnafrelsi, en ekki síaukin höft, væri leiðin til betri afkomu einstaklinganna og þjóðarbúsins og fjárl. yrðu ætíð að vera greiðsluhallalaus.

Eftir þessari stefnu starfaði fyrrv. ríkisstj., og það er meginstefna núverandi ríkisstj. að halda áfram á sömu braut. Stjórnarflokkunum kom auðvitað aldrei til hugar, að þessi stefna ein út af fyrir sig gæti leyst öll vandamál þjóðarinnar, því að það er jafnan við ýmsa erfiðleika að etja, sem ekki er hægt að sjá fyrir fram. Þróunin síðustu árin sannar þó ótvírætt, að rétt var stefnt, enda hefur þjóðin sjálf í frjálsum kosningum kveðið upp þann úrskurð, að hún vilji láta stefna áfram í sömu átt til aukins frelsis fyrir þjóðfélagsborgarana, en hin sósíalistiska haftastefna hefur hins vegar beðið svo ótvírætt skipbrot, að allar árásir stjórnarandstöðunnar hafa verið máttlaust fálm, fyrst og fremst vegna þess, að þeir þora ekki að halda fram sinni eigin stefnu í efnahagsmálunum af ótta við almenningsálitið. Hefur svo rammt að þessu kveðið, að meira að segja kommúnistarnir hafa í blöðum sínum einna helzt gert aðsúg að ríkisstj. fyrir það að ganga ekki nógu langt í því að auka frjálsræði borgaranna og afnema ríkisafskipti.

En hver hafa þá í meginatriðum verið áhrif þessarar stefnu?

Í fyrsta lagi hefur verið létt af ríkissjóði útflutningsuppbótum á sjávarafurðir, sem á árinu 1949 urðu um 36 millj. kr. og hefðu nú í ár áreiðanlega orðið á þriðja hundrað millj. kr., ef áfram hefði verið haldið á sömu braut. Því miður hefur þó ekki enn tekizt að létta af ríkissjóði greiðslum til lækkunar á vöruverði, sem eru nokkrum millj. kr. hærri nú en síðasta árið fyrir gengisbreytinguna.

Í öðru lagi hefur hin nýja stefna í efnahagsmálunum gert auðið að auka innflutning stórum, þannig að tekizt hefur að útrýma svartamarkaði þeim og braski, sem fylgdi í kjölfar

vöruskortsins, og jafnframt hefur hinn stóraukni innflutningur haft í för með sér mjög mikla tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.

Í þriðja lagi hefur vegna þessa reynzt auðið að framkvæma það meginstefnumál ríkisstj., að fjárlög yrðu afgr. greiðsluhallalaus og ríkisbúskapurinn í heild rekinn hallalaust, og varð meira að segja á árinu 1951 mikill greiðsluafgangur, sem hægt var að verja til ýmissa mikilvægra framkvæmda til hagsbóta fyrir almenning í landinu. Þótt Sjálfstfl. hafi ekki haft fjmrh. nú síðustu árin, þá hefur flokkurinn verið fullkomlega trúr þeirri stefnu sinni, sem hann hefur alltaf haft, að afgreiða fjárl. án greiðsluhalla, og mun vitanlega einnig fylgja þeirri stefnu við afgreiðslu þeirra fjárl., sem nú liggja fyrir.

Í fjórða lagi hefur hin breytta stefna í efnahagsmálunum beinlínis valdið því, að tekizt hefur að fá erlend lán til mikilvægra framkvæmda í landinu, en mjög sennilegt er eða fullvíst, að þau lán hefðu alls ekki fengizt, ef áfram hefði verið haldið á þeirri braut, sem farin var fyrir 1950.

Í fimmta lagi hefur reynzt auðið að mæta þeim erfiðleikum, sem ýmis byggðarlög í landinu hafa átt við að stríða vegna slæms árferðis. Hefur ríkissjóður varið verulegum fjárhæðum til atvinnubóta og atvinnuaukningar á mörgum stöðum á landinu.

Í sjötta lagi er þessi stefna í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar frumskilyrði þess, að auðið verði að létta skatta á almenningi og atvinnurekstri og stuðla þannig beinlínis að bættum kjörum almennings og óbeinlínis með því að bæta aðstöðu atvinnufyrirtækja til aukinnar starfsemi og útþenslu.

Ég mun nú víkja að nokkrum meginatriðum málsins eins og þau horfa við samkvæmt þeim samningi, sem gerður var milli stjórnarflokkanna, þegar núverandi ríkisstj. var mynduð á þessu sumri. Ber í því sambandi að hafa það í huga, eins og hæstv. fjmrh. hefur bent á, að fjárlfrv. var að miklu leyti samið, áður en þeim samningum lauk, og er því ekki nema að nokkru leyti í samræmi við þá.

Í stjórnarsamningnum eru þrjú atriði, sem beinlínis snerta fjárhag ríkissjóðs: í fyrsta lagi mjög aukin framlög til raforkumála, í öðru lagi lækkun skatta og í þriðja lagi aukið athafnafrelsi með afnámi fjárhagsráðs.

Það þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, að raforkumálin eru mesta hagsmunamál þess fólks, sem ekki nýtur þegar hinna miklu lífsþæginda raforkunnar, og einnig fyrir alla þjóðarheildina skiptir það miklu máli, að hugsjón þeirra Jóns Þorlákssonar og Jóns Sigurðssonar um að leiða raforku inn á hvert byggt ból á landinu verði sem fyrst að veruleika. Fátt eða ekkert er hættulegra fyrir jafnvægi í byggð landsins en of hægar framkvæmdir í raforkumálum. Sjái fólk ekki í náinni framtíð hilla undir það, að það fái notið þæginda raforkunnar, þá er beinlínis hætt við því, að það flytji til þeirra staða, þar sem raforkan er þegar fyrir. Hin miklu orkuver við Sog og Laxá eru mikið átak. En það væri beinlínis hættulegt, ef slakað yrði á sókninni í raforkumálunum, þótt þessi miklu orkuver séu nú fullgerð, því að enn er eftir að leiða orkuna út frá þeim, og heilir landshlutar bíða auk þess algerlega eftir raforku. Það er því engum efa bundið, að þjóðin muni almennt fagna því, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að halda áfram með fullum hraða að lokatakmarkinu.

Þær raddir hafa orðið sífellt fleiri og háværari á seinni árum, að skattaálögur á þjóðina væru orðnar óbærilegar. Meðan á ríkissjóði hvíldu þungar og síhækkandi kvaðir vegna dýrtíðargreiðslna og útflutningsuppbóta, var enginn grundvöllur fyrir lækkun skatta, enda þótt menn horfðu mjög uggandi á það, að hinir þungu skattar stóðu beinlínis ýmiss konar atvinnurekstri í landinu fyrir þrifum. Það var von manna, að með gengislögunum tækist smám saman að skapa það jafnvægi í þjóðfélaginu, að dýrtíðarskrúfan stöðvaðist, og hægt yrði raunverulega að bæta kjör almennings með lækkuðum álögum. Því miður hefur dýrtíðin hækkað meira en gert var ráð fyrir, en engu að síður má þó, ef skynsamlega er á málum haldið, framkvæma allverulega skattalækkun, enda er svo ráð fyrir gert í stjórnarsamningnum, að ríkisstj. láti nú á þessu Alþ. afgreiða ný skattalög, þar sem að því sé stefnt að leiðrétta það misræmi, sem orðið hefur á skattgreiðslum vegna verðlagsbreytinga.

Svo sem hv. þingmenn og þjóðin öll man, þá var á næstsíðasta Alþ. samþykkt till. frá tveim þm. Sjálfstfl. um heildarendurskoðun á skattalögunum og tekjuskiptingu ríkis og bæjarfélaga. Því miður hefur sú endurskoðun tekið lengri tíma en vonir stóðu til. Var gert ráð fyrir, að endurskoðuninni væri lokið fyrir síðasta þing. En þegar sýnt þótti, að ekkert frv. yrði lagt fyrir það þing af hálfu ríkisstj., varð það að ráði í Sjálfstfl., að tveir af þm. flokksins legðu fram sérstakt frv. um skattgreiðslu einstaklinga. Voru skattalækkanir frv. við það miðaðar, að hægt væri að samþ. það án þess að tefla í hættu afgreiðslu fjárl. Verkfallið gerði hins vegar þessar vonir að engu, því að þær álögur, sem þá voru lagðar á ríkissjóðinn, námu hærri upphæðum en skattalækkanir þær, sem fólust í frv. okkar. Ég mun ekki hér ræða um verkfall þetta og afleiðingar þess, sem því miður hafa á ýmsan hátt orðið óheillavænlegar, en aðeins vekja athygli á því, að verkfallið er ljós sönnun þess, hversu miklum erfiðleikum það er bundið að fá samtök um að halda útgjöldum ríkissjóðs svo í skefjum, að auðið verði að framkvæma þær skattalækkanir, sem allir í raun og veru virðast sammála um.

Ég skal hér engum getum að því leiða, hverjar verða helztu niðurstöður þess frv., sem lagt verður fyrir þetta þing í skattamálum, en aðeins leggja áherzlu á þá skoðun Sjálfstfl., að ekki verði lengur hjá því komizt að gera allverulegar breytingar á skattalögunum í lækkunarátt, því að núgildandi skatta- og útsvarslög eru orðin hemill á eðlilega þróun ýmiss konar atvinnurekstrar í landinu og leiða þannig beinlínis til verri afkomu fyrir ríkissjóð og þjóðarheildina. Með skynsamlegri skattalöggjöf má stuðla mjög að heilbrigðri þróun í efnahags- og fjármála-

lífi þjóðarinnar, en því miður verður þess lítt vart, að núgildandi skattalög mótist af viðleitni í þá átt. Skattalög eiga að örva þjóðfélagsborgarana til sparnaðar og skynsamlegrar meðferðar á fé sínu, en eins og málum er nú háttað, verða þeir verst úti, sem spara og reyna að eignast eitthvað. Má segja, að skattamálin öll séu í hinu mesta ófremdarástandi. Á hverju ári er mikill meiri hluti þjóðarinnar látinn óvirða drengskaparheit sitt með því að gefa ranga skattskýrslu, og skattyfirvöld virðast jafnvel ganga út frá því, að menn svíki almennt undan skatti. Má í því sambandi nefna veltuútsvarið, sem einkum virðist byggjast á því, að atvinnurekendur svíki almennt undan skatti, því að ef svo væri ekki, mundi fjölda atvinnufyrirtækja gersamlega um megn að rísa undir því. Þegar öll kurl eru til grafar komin, álít ég það mjög mikið vafamál að ríkið mundi missa miklar tekjur, þótt allveruleg lækkun yrði gerð á sköttum, ef farið er eftir þeim meginsjónarmiðum, sem ég hef hér drepið á.

Engu að síður er þó ljóst, að verulegar skattalækkanir krefjast aukins sparnaðar í rekstri ríkisbúsins, ef hægt á að vera að tryggja sæmilega afkomu þess. Þótt tekjur ríkissjóðs séu í þessu fjárlfrv. áætlaðar rúmar 28 millj. kr. hærri en í fjárlfrv. fyrir yfirstandandi ár, er þó ekki gert ráð fyrir nema 1.6 millj. kr. greiðsluafgangi. Er þó vafalaust eftir að taka milljónaútgjöld inn í frv. Að vísu munu skattskyldar tekjur þjóðarinnar án efa verða miklu hærri í ár en í fyrra, en án einhverra lækkana á útgjöldum ríkissjóðs er þó hætt við að miklar skattalækkanir mundu tefla afkomu hans í hættu. Það er a. m. k. augljóst, að taka verður til rækilegrar athugunar fyrir næsta þing, hvar helzt verði við komið sparnaði í ríkisrekstrinum. En þótt raddirnar um skattalækkanir séu háværar, þá er því miður sú skoðun ekki jafnrík hjá almenningi, að nauðsynlegt sé um leið að draga úr kröfum á ríkissjóðinn. Á hverju ári bætast við nýjar óskir og kröfur um stóraukin framlög til ýmissa framkvæmda, nýja útgjaldaliði og styrki. Það má ef til vill saka þingmenn um undanlátssemi, en þeir hafa á sér þungann af margvíslegum óskum umbjóðenda sinna um auknar framkvæmdir á mörgum sviðum, sem erfitt er að standa í gegn, þegar framfaravilji er fyrir hendi og augun opin fyrir margvíslegum þörfum fólksins í landinu. Fram hjá þeirri staðreynd verður þó aldrei komizt, að saman geta ekki farið kröfur um stóraukin útgjöld og miklar skattalækkanir, þegar enginn teljandi greiðsluafgangur er hjá ríkissjóði. Málsvarar þeirra tveggja stjórnarandstöðuflokka, sem nú hafa talað, hafa að vísu hneykslazt mjög á háum fjárl., og má þá væntanlega gera ráð fyrir lækkunartillögum frá þeim.

Stefna ríkisstj. í efnahags- og fjármálum hefur einnig haft þær afleiðingar, sem þjóðin mun hvað mest fagna, að auðið hefur reynzt að draga úr ríkisafskiptum og létta höftum af athöfnum borgaranna á mörgum sviðum. Og núverandi ríkisstj. hefur ákveðið að stíga það mikilvæga spor á þessu þingi að leggja niður fjárhagsráð, sem er orðið almenningi í landinu svo mikill þyrnir í augum, að sjálfir haftapostularnir í stjórnarandstöðuflokkunum hafa talið það vænlegast til áheyrnar hjá þjóðinni að snúast öndverðir gegn þeim ríkisafskiptum, sem einmitt eru kjarni stjórnmálastefnu þeirra. Ég tel ekki ástæðu til að ætla annað en að þeir menn, sem í fjárhagsráði hafa setið, hafi haft fullan vilja á að leysa sitt vandasama og vanþakkláta hlutverk sómasamlega af hendi, en hitt er engu að síður staðreynd, að svo víðtæk ríkisafskipti hljóta að leiða af sér margvíslegt misrétti og slík höft á athafnafrelsi borgaranna hljóta ætíð að verða neyðarúrræði, sem ekki má beita lengur en brýnasta nauðsyn krefur. Jafnvægisleysi það, sem ríkti í efnahagsmálum þjóðarinnar síðustu árin fyrir gengisbreytinguna, neyddi þáverandi ríkisstjórn landsins til þess að grípa til margvíslegra ríkisafskipta, sem voru orðin það víðtæk, að þjóðin hafði fyllilega fengið forsmekk af því, hvernig sósíalisminn mundi reynast í framkvæmd. Afleiðingin hefur líka orðið sú, að þeir munu næsta fáir, ef þá nokkrir, sem hverfa vilja aftur til þess vandræðaástands, sem hér ríkti síðustu árin fyrir gengisbreytinguna.

Stjórnarandstæðingar reyna stundum að henda gaman að því, þegar stjórnarflokkarnir tala um jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hér er þó einmitt um að ræða frumskilyrði þess, að verzlunarfrelsi og athafnafrelsi geti ríkt í þjóðfélaginu. Ef hægt á að vera að hafa innflutning og fjárfestingu frjálsa að öllu leyti, þá verður að vera samræmi milli gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar annars vegar og kaupgetunnar innanlands hins vegar. Sé kaupgetan miklum mun meiri en gjaldeyrisöflunin, þá hlýtur brátt að verða vöruskortur og vandræði, ef ekki eru hömlur á innflutningi og fjárfestingu. Þarna rekum við okkur aftur á þá staðreynd, sem ómögulegt er að umflýja, að aukin framleiðsla er eina leiðin til raunverulegra kjarabóta. Það er því fölsk kaupgeta, þegar fólk hefur meira fé handa á milli en samsvarar verðgildi framleiðslunnar, og af slíku ástandi leiðir það jafnvægisleysi, sem allir þeir ættu að vera samhuga um að forðast, sem af einlægni vilja stuðla að bættum hag þjóðarinnar. Íslenzka þjóðin þarf svo mikið á sig að leggja til þess að halda hér uppi menningarþjóðfélagi og almennri velmegun, að hún má ekki við því, að heilbrigt framtak atorkusamra einstaklinga og félagssamtaka sé hneppt í fjötra lamandi ríkisafskipta og nefndavalds. Athafnafrelsi er aflgjafi framfara og blómlegs atvinnulífs, og það er því mikilsvert fyrir þjóðarbúskapinn í heild, að það geti verið sem mest. Þetta er sú staðreynd, sem stjórnarflokkarnir gera sér ljósa, og því vinna þeir örugglega að auknu athafnafrelsi og telja nú orðið tímabært, að fjárhagsráð verði lagt niður, þótt enn um skeið muni reynast nauðsynlegt að hafa eitthvert eftirlit með nokkrum atriðum í sambandi við innflutningsverzlunina.

Ég vil ekki láta hjá líða að minnast á hinar mikilvægu aðgerðir núverandi og fyrrverandi ríkisstjórna til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þótt viðskipta- og fjárfestingarhöftin hafi verið öllum landslýð erfið, þá voru

þau þó því fólki þungbærust, sem bjó fjarri höfuðstaðnum, því að þangað þurfti að leita eftir leyfum til flestra athafna. Allur þessi mikli samruni valdsins í höfuðborginni hlaut að stuðla að jafnvægisleysi í byggð landsins og hætta að verða á því, að atvinnurekstur í hinum fjarlægari héruðum landsins blátt áfram legðist niður. Hið aukna athafnafrelsi hefur því stuðlað að jafnvægi í byggð landsins, sem er hin mesta þjóðfélagsnauðsyn. En hér kemur þó fleira til. Aflabrestur hefur skapað mikla atvinnuörðugleika í mörgum kaupstöðum og kauptúnum úti um land. Hætt var því við, að fólkið streymdi burt úr þessum byggðarlögum, ef ekkert yrði aðhafzt. Þess vegna var gripið til þess ráðs að veita lán úr ríkissjóði til kaupa á framleiðslutækjum og annarrar atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem erfiðleikar voru mestir, og hefur á þennan hátt tekizt að töluverðu leyti að leysa úr alvarlegum vandræðum. Núverandi ríkisstjórn og stjórnarflokkar hafa ákveðið að halda áfram á sömu braut, og svo sem fjmrh. hefur frá skýrt, er gert ráð fyrir, að varið verði úr ríkissjóði í þessu skyni 5 millj. kr. á næsta ári.

Þótt það snerti ekki beinlínis fjárl., þá langar mig til að drepa lítillega á eitt mikilvægt atriði í málefnasamningi ríkisstj., en það eru húsnæðismálin. Svo mikið vandræðaástand hefur ríkt varðandi lán til íbúðabygginga, að fátt var nauðsynlegra en að reyna að finna leiðir til þess að leysa það vandamál til frambúðar. Myndarleg átök hafa að vísu verið gerð með fjáröfluninni til smáíbúða, en bæði eru þau lán ófullnægjandi og vandamálið miklum mun víðtækara, svo að brýna nauðsyn ber til, að heildarlausn verði fundin á málinu, og er ekki að efa, að ríkisstj. muni leggja allt kapp á, að sú lausn finnist sem fyrst.

Að undanförnu hefur vel tekizt til um fjáröflun til stofnlánadeildar Búnaðarbankans, þótt enn vanti tilfinnanlega lánsfé til bústofns- og jarðakaupa. En alvarlega horfir um stofnlánadeildir sjávarútvegsins, og verður ekki hjá því komizt að gera ráðstafanir til þess að leysa brýna fjárþörf þeirra. Verkefnin eru þannig mörg, sem kalla að, en þótt fullur vilji sé á að leysa þau öll sem skjótast, þá verður þjóðin þó að gera sér grein fyrir því, að fjárhagsgetan er takmörkuð, svo að öll vandkvæði verða ekki leyst í einu.

Á síðasta áratug hefur verið unnið mikið uppbyggingarstarf í þessu landi, og framfarir hafa orðið geysimiklar á sviði atvinnumála í hinum víðasta skilningi þess orðs og almennra félagsmála. Framleiðslutækin í sjávarútvegi og iðnaði hafa margfaldazt. Nýjar iðngreinar hafa risið upp, og bylting hefur orðið í landbúnaði. Sett hefur verið fullkomin tryggingalöggjöf, sem kostar ríkissjóð nú árlega yfir 40 millj. kr. Ný skólalöggjöf hefur verið sett og framlög til menntamála stóraukin, svo að þau eru nú nærri 60 millj. kr. Almenn raforkulög hafa verið sett, og á síðustu tveim árum hefur verið unnið að því að koma upp orkuverum, sem kosta á þriðja hundrað millj. kr. Raforkan hefur síðan skapað skilyrði fyrir margvíslegan stóriðnað. Áburðarverksmiðja hefur verið reist, sem kosta mun allmikið á annað hundrað millj. kr., og sementsverksmiðja er í undirbúningi.

Þennan síðasta áratug hefur þannig stöðugt verið unnið að eflingu atvinnuveganna, félagslegum framförum og auknu öryggi þjóðarinnar, og af hálfu núverandi ríkisstj. mun markvíst verða haldið áfram á sömu braut, svo sem stjórnarsáttmálinn ótvírætt ber með sér. Enn eigum vér margvíslegar auðlindir óhagnýttar, bæði orkuna í fallvötnum landsins og jarðhita, en hvorar tveggja þessar auðlindir skapa skilyrði fyrir enn fjölþættara atvinnulífi, sem verði þess um komið að taka við vaxandi fólksfjölgun og búa þjóðinni góð lífsskilyrði í framtíðinni. Það er hins vegar augljóst og reynslan hefur þegar sannað það, að af eigin fé hefur oss gersamlega verið um megn að nýta þessar auðlindir til fulls, þótt aðstaða hafi að vísu batnað verulega vegna efnahagsaðstoðar Bandaríkjanna og myndunar mótvirðissjóðs. Hér verður því erlent fjármagn að koma til. En ef það á að fást, er nauðsynlegt, að skynsamleg fjármálastjórn sé í landinu og þjóðin sýni það í verki, að hún hafi bæði vit og vilja til þess að stjórna málum sínum og nýta auðlindir landsins á skynsamlegan hátt.

Auðvitað verður að forðast það að gera þjóðina efnahagslega háða öðrum þjóðum og binda henni skuldabagga, sem hún geti ekki undir risið. En það er engin hætta að taka erlent lánsfé til arðbærra framkvæmda, sem annaðhvort spara þjóðinni erlendan gjaldeyri eða auka gjaldeyristekjurnar. Það gildir hið sama um þjóðir og einstaklinga, sem í stórvirki ráðast, að þær verða oft að taka verulegan hluta af stofnkostnaði fyrirtækja sinna að láni. Meginatriði málsins er svo það, að fyrirtækin og þjóðarbúskapurinn sé síðan rekinn af þeirri skynsemi og fyrirhyggju, að framkvæmdirnar gefi þann arð, sem til var ætlazt.

Íslenzka þjóðin verður jafnan að minnast þess, að atvinnuvegirnir eru hið fjárhagslega fjöregg hennar, og um þetta fjöregg má ekki verða sú togstreita milli stétta og einstaklinga, að það brotni, því að þá er úti um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Öll vor afkoma byggist á því, að þjóðin sé samtaka að efla atvinnuvegina, skapa þeim starfsskilyrði og vinna af atorku að því að nýta auðlindir landsins og búa þannig í haginn fyrir komandi kynslóðir. Þótt þjóðin sé fámenn og landið harðbýlt, þá er þó íslenzk náttúra lands og sjávar svo gjöful á marga hluti, að með iðni, ástundun og samheldni getur íslenzka þjóðin áreiðanlega lifað góðu lífi í framtíðinni. Vér verðum að gæta þess að láta ekki erjur og togstreitu um dægurmál leiða til þess, að þjóðin geti ekki sameinuð beitt kröftum sínum að höfuðframfaramálum sínum, sem eru hyrningarsteinar sjálfstæðis hennar og þjóðmenningar. Meginstefnan í efnahagsmálunum verður ætíð að vera: blómlegir atvinnuvegir, er veitt geti atvinnu hverri starfhæfri hendi.

**Forseti (JörB):** Næst tekur til máls hv. 11. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, og talar af hálfu Sósíalistaflokksins og hefur 30 mínútur til umráða.

**Ásmundur Sigurðsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 2. þm. Eyf., sem talaði hér á undan mér, vildi láta skína í það, að haftastefna Framsóknar og íhaldsins hefði eitthvað verið skyld sósíalisma. Ég vil aðeins taka það fram, að sú haftastefna þessara flokka, sem hann ræddi um, var ekki snefil í ætt við sósíalisma, heldur beinlínis tilraun til þess að ívilna gæðingum sínum á kostnað fjöldans, og fjöldinn hefur orðið svo óánægður með hana, að þeir neyddust til þess að slá svolítið af.

Nú eru liðnir nokkrir dagar síðan fjárlfrv. það, sem hér er til meðferðar, var lagt fram á Alþ. Í tilefni þess, að frv. var lagt fram þegar í þingbyrjun, hefur annað aðalstjórnarblaðið hér í bænum séð ástæðu til þess að bera sérstakt lof á hæstv. fjmrh. fyrir þann framúrskarandi dugnað að hafa fjárlfrv. tilbúið svo fljótt eftir nýja stjórnarmyndun. Við samanburð á frv. og fjárl. yfirstandandi árs kemur greinilega í ljós, að frv. er að mestu endurprentun þeirra, að vísu með lítils háttar breytingum einstakra liða, sem leiðir af vísitölubreytingum, og örfáum öðrum. Skal gerð stutt grein fyrir þessu máli í fáum orðum.

Svo sem áður hefur verið, eru skattar og tollar langsamlega mesti hluti ríkisteknanna, eða samtals áætlaðir 325.2 millj. kr. Það er 3 millj. og 800 þús. kr. hærra en á núgildandi fjárl., og er hækkunin á eftirtöldum liðum: Verðtollurinn hækkar um 1 millj., innflutningsgjald af benzíni hækkar um 300 þús., aukatekjur hækka um 3.5 millj., og söluskattur hækkar um 2 millj. Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar 95.7 millj. í staðinn fyrir 91.08 á þessu ári, og þar munar mestu um hækkun á tóbakseinkasölu, sem er 4 millj., eða hækkar úr 35 millj. upp í 39. Aðrar tekjuáætlanir breytast mjög lítið.

Um gjöldin skal það helzt tekið fram, að um hækkanir er aðallega að ræða á eftirtöldum gr. og einstökum liðum þeirra: Æðsta stjórn landsins hækkar um 85 þús. Stjórnarráðið hækkar um 1 millj. og 150 þús., utanríkismálin um tæplega 1 millj. og 200 þús., og í sambandi við það vil ég þó geta þess, að meginhluti þeirrar hækkunar er vegna þess, að það var tekið upp stjórnmálasamband við Sovétríkin á þessu ári, þar sem svo var nú komið, að ríkisstj. neyddist til þess aftur að taka upp viðskipti þangað, og nú eru þau aftur orðin bezta og stærsta viðskiptaland okkar. Þess vegna neyddist hún til þess að taka þetta stjórnmálasamband upp aftur. Innheimta tolla og skatta hækkar um 1 millj. og 100 þús., samgöngur um 1 millj. og 100 þús., og þar er Skipaútgerð ríkisins áætluð hækka um nærri því 1½ millj., en styrkur til flóabáta og vöruflutninga lækkar um 350 þús. Kennslumálin hækka um 2.2 millj., sjávarútvegsmálin um 717 þús., raforkumál um 7 millj., félagsmál um 480 þús. Síðan hækka dýrtíðarráðstafanir um 6 millj. og 700 þús. kr. Þetta eru helztu hækkanir, og þó sýna þessar tölur ekki að fullu hlutfallslega hækkun hinna ýmsu liða vegna þess, hve heildarkostnaður þeirra er misjafn.

Þá eru nokkrir liðir, sem lækka í áætlun, og þessir eru helztir: Vega- og brúarmál eru látin lækka um 2 millj. og 200 þús. Vita- og hafnarmál lækka um 1 millj. og 200 þús. Framlag til bókmennta, vísinda og lista lækkar um 260 þús. Landbúnaðarmál lækka um 7 millj. Og eignahreyfingar á 20. gr., þ. e. afborganir lána og eignaaukning ríkisins, lækka um rúmlega 2 millj. og 167 þús. Heildartekjur á sjóðsyfirliti nema samkv. áætlun 430 millj. og 300 þús., en heildarútgjöld 428 millj. og 700 þús., svo að eftir verður hagstæður greiðslujöfnuður, sem nemur 1.6 millj. kr. Hér er um að ræða 6 millj. og 700 þús. kr. hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs.

Ég ætla, að þetta yfirlit ásamt því, sem áður hefur verið sagt hér, nægi til þess að sýna þeim, sem á hlusta, þann sannleika, að hér er ekki um neina heildarstefnubreytingu að ræða frá fjármálastjórn fyrri ára. Þeir, sem telja hana til fyrirmyndar, munu því telja slíkt vel farið, en áður en dómur fellur í því máli, er rétt að koma frekar inn á aðra eðlisþætti þessa máls, þá þætti, sem snerta tengsli fjármálastjórnarinnar við hagsmuni atvinnulífsins og afkomu almennings. Fjármálastjórnin verður að dæmast eftir því, hvort hún miðar að því að efla atvinnulífið og framleiðsluna og þar með þjóðartekjurnar eða hún stefnir til hins gagnstæða. Fjármálastjórnin verður enn fremur að dæmast eftir því, hvort hún snertir þannig hag einstaklingsins, að hún reyni að gera öllum fjöldanum svo auðvelt að lifa sem unnt er, eða hún notar vald sitt til þess að ívilna nokkrum útvöldum á kostnað fjöldans. Allt þetta og fleira verður að athugast vandlega, en ekki það eitt, hvort tekjur og gjöld standast á.

Ég hef gefið þær upplýsingar, að af 430 millj. kr. áætluðum tekjum skuli 325 millj. kr. fengnar með sköttum og tollum. Þessir tekjuliðir skiptast í tvo flokka: Í fyrsta lagi beina skatta, sem skattgreiðandinn greiðir beint úr pyngju sinni, svo sem tekju- og eignarskatt. Þessir skattar eru svo hluti hinna opinberu gjalda, er almenningur veit helzt af og helzt valda því óánægju. En hjá okkur eru þessir skattstofnar ekki nema lítill hluti útgjalda miðað við hina óbeinu skatta og tolla, sem teknir eru í vöruverði. Skiptingin er sem næst því, að beinir skattar nemi um það bil 65 millj. kr., en óbeinir skattar og tollar nema um það bil 260 millj. kr.

Nú er það almennt vitað og viðurkennt m. a. af þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan mér úr stjórnarflokkunum, að gildandi reglur um álagningu og innheimtu þessara 65 millj. kr. í beinum sköttum eru löngu úreltar og ranglátar í garð hinna tekjulægri stétta í þjóðfélaginu. Þó verður ekki enn þá séð, að á leiðinni sé nein leiðrétting þess ranglætis af hálfu ríkisstj., a. m. k. hafa þær till., sem fram hafa komið frá einstökum þm. þeirra flokka á síðustu þingum, ekki miðað í þá átt.

En svo mikið sem segja má með réttu um ranglæti í innheimtu og álagningu þessara beinu skatta, þá verður það þó mörgum sinnum meira, þegar litið er á hina óbeinu skatta og tolla, sem allir leggjast á vörur eða þjónustu í einhverri mynd, sumir — eins og t. d. söluskatturinn — oftar en einu sinni. Þrír hinir hæstu þessara óbeinu skattstofna nema samtals þessum upphæðum: Vörumagnstollurinn er 24 millj., og það verða

að meðaltali 160 kr. á einstakling eða 800 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Verðtollurinn nemur 110 millj. kr., sem verður að meðaltali 750 kr. á einstakling eða 3750 kr. á 5 manna fjölskyldu. Söluskatturinn, sem áætlaður er 91.5 millj. kr., verður 610 kr. á hvern einstakling, eða 3050 krónur á hverja 5 manna fjölskyldu. Samtals nema þessir þrír tollar því 225½ milljón króna, eða 1525 kr. á einstakling, sem verður 7625 kr. á 5 manna fjölskyldu. Og séu teknir allir óbeinir skattar og tollar, sem nema, eins og ég sagði áðan, 260 millj. kr. eða um það bil, þá nemur sú upphæð rúmlega 8500 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Og ég bið ykkur, hlustendur góðir, að taka vel eftir því og festa ykkur það í minni, að ræðumenn þeir, sem talað hafa hér á undan mér frá stjórnarflokkunum — bæði ráðherra og annar — hafa ekki minnzt á, að ætti að lækka þessa skatta eða þessa tolla, sem leggjast svona á einstaklingana og fjöldann.

Þótt að vísu sé rétt að taka það fram, að þessir tollar koma ekki nákvæmlega jafnt á alla, þá mun samt enginn neita því, að hér er um að ræða gífurlegar álögur, sem neytandinn er látinn greiða í hvert skipti sem hann kaupir eitthvað af sínum lífsnauðsynjum.

Hlutfallstala þessara tolla í tekjuöflun ríkisins hefur mjög hækkað á síðustu árum, einkum við það, að söluskatturinn var upp tekinn, og ég hika ekki við að fullyrða, að hér sé um að ræða hærri tollaálögur á almenningi og nauðsynjum hans en almennt gerist í nágrannalöndum okkar, en þetta er hins vegar mjög þægileg aðferð til þess að taka gjöldin sem allra mest af þeim, sem lægstar tekjurnar hafa. Í verði nauðsynjavara sinna eru þeir látnir greiða fé, án þess að þeir vita af. Það er enn fremur mjög þægileg aðferð til þess að gefa hvers konar milliliðastarfsemi kost á að græða sem mest á almenningi, því að háir tollar hækka grunnverð vörunnar, sem verzlunarálagning og annar milliliðakostnaður í flestum tilfellum leggst síðan hlutfallslega ofan á.

Það þarf ekki neinn sérlega glöggan skilning á hagkerfi atvinnulífsins til þess að sjá, hvaða afleiðingar og áhrif það hefur á afkomu atvinnuveganna og efnahag almennings, að í tollum skuli hver 5 manna fjölskylda þurfa að greiða 8—9 þús. kr. árlega, og það er fyrir utan alla beina skatta og nefskatta. Auk þess sem hér er um að ræða gífurlega hækkun á beinu útsöluverði fjölmargra nauðsynlegra neyzluvara, sem inn eru fluttar, svo sem vefnaðarvöru, fatnaðar, skófatnaðar og annars því um líks, þá er hér líka um að ræða stórkostlega hækkun á verði fjölmargra hráefna til nauðsynlegrar innlendrar iðnaðarframleiðslu, sem veldur henni erfiðleikum miklum. Þegar svo við bætist, að söluskatturinn leggst á hvers konar þjónustu, sem í té er látin í einni eða annarri mynd, og í mörgum tilfellum oft á sama hlutinn, þá fer að skiljast, hve gífurlega stór þáttur þessi tollaálagning er í hinu almenna verðlagi og verðbólgu, sem nú virðist vera orðið bannfært orð í ræðum og ritum stjórnarflokkanna á Íslandi.

En hvaða áhrif hefur svo þessi stefna í skatta- og tollamálum á afkomu ríkisins sjálfs og þjóðarhaginn yfirleitt? Hún hlýtur að hafa þau áhrif að stórauka kröfur launþega allra til hærri launa. Hún hlýtur að hafa þau áhrif að auka til stórra muna framleiðslukostnað hverrar einustu vörutegundar, sem framleidd er í landinu. Hún hlýtur að hafa þau áhrif að minnka til stórra muna kaupgetu almennings og þrengja þannig markaðsmöguleika fyrir innlenda framleiðslu, svo að verulegur hluti hennar virðist óseljanlegur. Og síðast en ekki sízt hefur hún þau áhrif, að hin beinu útgjöld ríkisins sjálfs hækka um marga milljónatugi með þörf fyrir hvers konar hærri launagreiðslur og önnur útgjöld í sambandi við hvers konar þjónustu, sem ríkið lætur í té. Samnefnari þess alls verður svo enginn annar en verri afkoma atvinnuveganna, verri sölumöguleikar á útflutningsvörum okkar erlendis, þar af leiðandi minni framleiðsla og minni þjóðartekjur. Að taka hátt á níunda þús. kr. í tollum af hverri einustu 5 manna fjölskyldu í landinu að meðaltali, það er fjármálapólitík, sem víða hlýtur að segja til sín í afkomu þjóðarinnar allrar.

Við sósíalistar höfum hvað eftir annað bent á þessar staðreyndir á undanförnum árum. Annaðhvort hefur því verið látið ósvarað eða svarað með þeim skætingi, að við heimtuðum aðeins útgjöld og framlög frá ríkinu án þess að vilja sjá því fyrir tekjum á móti. Vitanlega er þetta blekking, því að auk þess sem við höfum margsinnis fært rök fyrir því, hafa enn fremur legið fyrir opinberir, hagfræðilegir útreikningar um, að með afnámi ákveðinna verðhækkunartolla mundi verðlag og vísitala lækka stórlega og útgjöld ríkisins þar með. Við höfum enn fremur bent á þá leið að þjóðnýta ýmsar framleiðslugreinar, sem vitað er að gefa framleiðendum sínum ofsagróða, svo sem t. d. sælgætis- og gosdrykkjaframleiðslu og fleira því um líkt. Það væri sannarlega engu minni ástæða til þess, að ríkið tæki hluta tekna sinna af slíkri framleiðslu, heldur en af sölu áfengra drykkja, og það væri sannarlega miklu meiri ástæða til þess, að ríkið tæki nokkurn hluta tekna sinna með því að framleiða sjálft þessar vörur og nota gróðann sjálft af þessari framleiðslu, heldur en að taka hátt á níunda þús. kr. af hverri 5 manna fjölskyldu í óbeinum tollum og óbeinum sköttum.

Það má náttúrlega nefna marga fleiri þætti, sem hafa verkað á atvinnulífið og hag einstaklinganna svipað og tollapólitík ríkisstj., sem ég hef hér verið að lýsa, en ég hef kosið að halda mér að mestu við þetta atriði, þar sem fjárlfrv. er hér til umræðu. Gengislækkunin, bátagjaldeyriskerfið og verzlunarokrið allt í sambandi við það talar sínu máli um stjórn stjórnarflokkanna á atvinnumálum þjóðarinnar. Það er t. d. frægt orðið, þegar sjálfur verðgæzlustjóri birti þær upplýsingar, að á vörumagni, sem gaf bátaútveginum 700 þús. kr. í bátagjaldeyri, tók ríkið á þriðju milljón í tollum og verzlunarkerfið á þriðju milljón í álagningu, svo að þegar öll kurl komu til grafar, þá var útsöluverðið hér heima rúmlega ferfalt innkaupsverðið. Það sér hver heilvita maður, hvaða áhrif

slíkt hefur á afkomu atvinnulífsins, enda var svo komið vorið 1951, að þáverandi ríkisstj. — studd af sömu flokkum sem þessi — var að gefast upp við að reka þjóðarbúskapinn þrátt fyrir hundruð millj. kr., sem hún hafði fengið í erlendu gjafafé, og þrátt fyrir hundruð millj. kr., sem hún hafði tekið af erlendum lánum á stjórnarárum sínum, þótt þau væru ekki mörg. Þrátt fyrir yfirgnæfandi magn framleiðslutækja var þá atvinnuleysi orðið gífurlegt, m. a. fyrir það, að innlend framleiðsla hafði á ýmsum sviðum verið eyðilögð með innflutningi sams konar vara erlendra og útflutningsframleiðslan lá óseld vegna einokunarhafta, sem á henni hvíldu.

En líklega hafa þeir stjórnmálagarpar, sem hér réðu, huggað sig við það, sem máltækið segir, að þegar neyðin er stærst, er hjálpin næst. Vissulega barst þeim viss tegund hjálpar frá þeirra eigin sjónarmiði. Hitt er svo annað mál, hvort slíkt verður hjálp fyrir íslenzku þjóðina, hefur verið eða verður, þegar til lengdar lætur.

Einmitt þegar stjórnarskútan var að lenda í strand vorið 1951 í atvinnuleysi og kreppu, var endurnýjuð krafan um herstöðvar hér, þrátt fyrir það að friðartímar væru, sama krafan sem kveðin hafði verið niður af allri þjóðinni einhuga árið 1945, enda var ekki þorað að bera málið undir dóm þjóðarinnar, ekki einu sinni þorað að kalla saman reglulegt Alþingi til þess að láta það fjalla um máið, heldur voru þm. þriggja flokka, sem kenna sig við lýðræði, kallaðir á klíkufund til þess að samþykkja að afhenda Ísland undir hernaðarmannvirki og þjóðin látin standa frammi fyrir gerðum hlut, þegar hún fékk þessa frétt. Svo mikil var lýðræðisást lýðræðisflokkanna þá, að ekki treystu þeir sér til að beita heiðarlegri aðferðum. Og hverjar eru svo afleiðingarnar að verða af þessum aðgerðum? Hverjar eru horfurnar í atvinnulífi þjóðarinnar og í menningarlífi hennar nú?

Ég veit ég fæ það svar frá ríkisstj. og hennar fulltrúum, að atvinnuleysinu hafi verið útrýmt. Því hefur verið útrýmt á þann hátt, að í tuga- og hundraðatali hafa heimilisfeðurnir og aðrir, sem orðið hafa að leita frá heimilum sínum, frá Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og fjölmörgum öðrum stöðum víðs vegar um landið, flykkzt suður á Keflavíkurflugvöll til þess að fá atvinnu við uppbyggingu hernaðarmannvirkja þar til þess að geta framfleytt fjölskyldum sínum heima. Og næsta stigið, sem þegar er orðið áberandi, er auðvitað það, að fjölskyldan flytur á eftir, ef tekst að útvega einhverja grottakompu til þess að hola henni inn í. S. l. vetur voru í vinnu á Keflavíkurflugvelli að minnsta kosti 3000 manns. Á þessu sumri mun bæði hafa fjölgað þar mikið, auk þess sem framkvæmdir slíkar eru hafnar annars staðar á landinu, og það mun áreiðanlega ekki of mikið sagt, að í vinnu, sem viðkemur setuliðinu á einhvern hátt, sé nú orðið um það bil 6000 manns víðs vegar um landið. Þá er það jafnframt vitað, að það, sem enn þá hefur skeð, er aðeins byrjun á því, sem koma skal, ef þjóðin sjálf tekur ekki í taumana, því að það, sem nú gerist, virðist aðeins vera byrjun á því herstöðvakerfi, sem byggja skal hringinn í kringum landið.

En hvað þýðir það, ef 6000 manns eru þegar í vinnu fyrir hernaðinn, hvað þá ef meira verður? Fiskimannastéttin öll er tæp 6000. Bændastéttin öll er tæp 6000. Verður hernaðarvinnan bráðlega orðin langsamlega stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar á Íslandi á fáum árum og Ísland á fáum árum orðið að Möltu Norður-Atlantshafsins, einmitt þegar líkurnar fyrir styrjöld virðast sífellt vera að fara minnkandi og styrjöld þeirri, er notuð var sem átylla — að vísu heimskuleg átylla — til þess að réttlæta hernám Íslands, er lokið?

Samkvæmt nýjustu manntalsskýrslum er það greinilegt, að með sömu fólksfjölgun hjá þjóðinni eins og nú er mun henni fjölga um ca. 50 þús. á næstu 15—17 árum, þ. e., eftir þann tíma verður hún orðin um 200 þús. Þetta þýðir það, að á næstu 15—17 árum verður að sjá þessum nýja hóp fyrir húsnæði, auk þess sem byggja þarf og endurbæta fyrir þann fjölda, sem þjóðin telur nú. Aðeins vegna þessa nýja hóps æskufólks, sem á þessum árum bætist við, mundi þurfa 10—12 þús. nýjar íbúðir. Þetta þýðir enn fremur það, að á þessum fáu árum þarf þjóðin að reisa nýjar menningarstofnanir, skóla, félagsheimili, sjúkrahús o. fl., svo að þessi nýi, stóri hópur æskulýðs geti eignazt í uppvextinum þau skilyrði til vaxtar og þroska, sem ein eru trygging fyrir því, að hann geti borið uppi íslenzkt menningarþjóðfélag, byggt á erfðum þjóðlegra verðmæta. Og allt þetta verður að byggjast upp á ekki lengri tíma auk þess, sem á skortir fyrir þann fjölda, sem nú býr í landinu.

Hverjar eru svo framtíðarhorfurnar í þessum efnum, ef sú þróun heldur áfram, sem nú á sér stað í sívaxandi mæli, sú þróun, að íslenzk byggðarlög víðs vegar um land missa fólk í tuga- og hundraðatali til þeirra starfa að reisa víghreiður fyrir erlendan her? Hverjar eru framtíðarhorfur fyrir bæði hinn uppvaxandi og óborna æskulýð, ef vinnuaflið, dýrmætasti auður þjóðarinnar, á í vaxandi mæli að fara þessa leið, ekki til að byggja hús yfir Íslendinga sjálfa, heldur til að byggja heilar borgir yfir herlið herraþjóðarinnar, eins og nú er verið að gera á Keflavíkurflugvelli, ekki til að leggja vegi og byggja brýr í samræmi við þarfir íslenzkra atvinnuvega, heldur vegna hernaðarmannvirkja, eins og t d. hefur skeð í Austur-Skaftafellssýslu í sumar, ekki til þess að byggja fiskihafnir, heldur herskipahafnir, ekki til þess að vinna við íslenzk framleiðslutæki til að framleiða lífibrauð handa þjóð, sem er efnalega sjálfstæð og örugg um afkomu sína af eigin framleiðslu, heldur til að vinna skítverk fyrir herraþjóðina, sem fengið hefur land af okkar landi til þess að gera að landi af sínu landi, eins og núverandi forsrh. komst einu sinni vel að orði, enda sannleikanum samkvæmt?

Fyrir örfáum dögum birtu sum dagblöð Rvíkur þá fregn, að útgerðarmenn hér á Suðurlandi hefðu nýlega haldið fund og rætt þar í fullri

alvöru það vandamál að útvega vinnuafl á bátaflotann. Varð niðurstaða þeirra sú, að leita bæri eftir erlendu vinnuafli til að manna fiskiskipin.

Geta nú stjórnarvöld þessarar þjóðar látið sér vel líka þá þróun, að íslenzka vinnuaflið fari til að gera landið að víghreiðri, en atvinnutækin séu rekin með erlendu vinnuafli í staðinn, en það ber ekki á öðru en að þau stjórnarvöld, sem hafa kallað þetta ástand yfir, ætli að láta sér það vel líka, að það haldi áfram í vaxandi mæli, a. m. k. virðast þeir ræðumenn stjórnarflokkanna, sem hér hafa talað á undan mér, ekki vera mikið óánægðir með ástandið. En það vildi ég segja þeim, sem þykjast bera sérstaklega fyrir brjósti viðhald landsbyggðarinnar og sífellt hafa á reiðum höndum slagorðin um það, að þeir vilji láta byggja landið allt, að með þeim ráðstöfunum, sem þeir hafa gert til þess að skapa þessa þróun, hafa þeir unnið dyggilega að því, að fleiri hreppar en Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu hljóti þau örlög að verða niðurlagðir sem hreppsfélög og byggðir hluta þjóðfélagsheildarinnar. Og meðan þeir ekki öðlast manndóm til þess að játa sínar eigin yfirsjónir, snúa við og reyna að kveða niður þann draug, sem þeir hafa vakið upp, þá halda þeir dyggilega áfram að vinna að því marki, að fleiri íslenzkar sveitabyggðir og sjávarþorp líka verði skilin eftir auð og yfirgefin sem vottur um afrek stjórnmálaflokkanna þriggja, er samþykktu að gefa erlendu herveldi land af okkar landi til að gera að landi af sínu landi vorið 1951.

Örlög Sléttuhrepps virðast þó hafa komið sér vel fyrir íslenzku ríkisstj., þegar hún nýlega leyfði Atlantshafsbandalaginu að gera árás á Ísland í tilraunaskyni. Hún hefði líklega lent í vandræðum með að hlýða húsbændunum, ef ekki hefði staðið svona sérstaklega á með þennan hrepp. Allt það brambolt varð að vísu að athlægi hjá þjóðinni, svo álappaleg var framkvæmdin á þessari tilraunaárás mesta herveldis og mesta hernaðarbandalags, sem mannkynssagan greinir frá, á varnarlaust land. Mun mörgum hafa orðið hugsað til hinnar fornu sagnar Snorra Sturlusonar um vernd hinna íslenzku landvætta, þegar útvarpið flutti hina snjöllu lýsingu Skúla Skúlasonar á hinum hlægilegu mistökum þessara herferða. En við skulum þá heldur ekki gleyma því, að ef áfram heldur á sömu braut og nú, þá geta fljótlega orðið til fleiri slíkir eyðistaðir, sem ríkisstj. gæti vísað húsbændum sínum á, næst þegar þeir þurfa að nota Ísland fyrir hernaðarlegt tilraunaskotmark. Ef nógu margir staðir verða úr að velja hringinn í kringum landið, þá getur kannske þrátt fyrir hollustu og vilja allra góðra landvætta mátt finna einhvern stað, þar sem skotmörkin sjást fyrir þoku, einhverja staði, þar sem stormur ekki hindrar sjálfan aðmírálinn í því að komast út í sitt eigið skip, einhverja staði, þar sem íslenzkt brim ekki nægir til þess að halla herfleytunum 35° frá lóðréttu, svo að allt fari út um þúfur.

Tímans vegna verð ég að láta þetta nægja um þennan þáttinn, horfurnar í atvinnulífi þjóðarinnar, ef ekki verður breytt hér til. En hvað ætli segja megi um hinn þáttinn, ómenninguna, sem af hersetunni leiðir?

Á síðasta þingi flutti sjálfur utanrrh. þær upplýsingar, að hundrað íslenzkar stúlkur væru á svörtum lista hjá herliðinu á Keflavíkurflugvelli vegna ásóknar inn á völlinn. Þessar upplýsingar gaf ráðh. rétt eins og um ómerkilega smáfrétt væri að ræða, og stjórnarblaðið Tíminn komst svo smekklega að orði, að íslenzkir lögreglumenn og amerískir hermenn stæðu á verði í flugvallarhliðinu til varnar þessum ófögnuði, en það var ekki verið að láta í það skína, að þetta ástand væri setuliðinu að kenna. Það veit orðið hver maður, a. m. k. hér í Rvík, að það er verið að eyðileggja líf fleiri hundraða íslenzkra stúlkna með því að skapa ástand, sem raunverulega mátti teljast óþekkt á Íslandi áður, og fyrir dómstólum hafa sannazt dæmin um það, að einstakir aðilar gera sér það gróðalindum í stórkostlegum mæli að efla þetta ástand. Og þess gerast nú dæmi enn fremur, að unglingar eru farnir að ganga vopnaðir um götur Reykjavíkur og skjóta á fólk á almannafæri. Og það sér hver maður, sem skilja vill, hvaðan þau áhrif eru, sem þvílíku framferði valda.

Eitt er það þó enn þá, sem ekki verður komizt hjá að minnast á í sambandi við þetta, og það er það afsiðunar- og ómenningarútvarp, sem yfir þjóðina dynur á hverju kvöldi frá útvarpsstöð hersins á Keflavíkurflugvelli. Í íslenzkum lögum um útvarpsrekstur er svo ákveðið, að engum sé heimilt að reka útvarp hér nema íslenzka ríkinu. Þrátt fyrir það er það gersamlega látið afskiptalaust af íslenzku ríkisstj., þótt frá ólöglegri útvarpsstöð á Keflavíkurvelli hljómi á hverju kvöldi í fyrsta lagi ómerkilegasta tegund tónlistar, í öðru lagi talað mál, sem nálega eingöngu fjallar um morðsögur, þjófnaði og annan glæpaóþverra. Ekki þarf að reka þessa starfsemi vegna amerískra hermanna, nema hún eigi að vera sérstakur þáttur í þeirra andlega uppeldi, annars gætu þeir sannarlega hlustað á útvarp vestan um haf. Nei, það mun ekki síður gert til þess að venja íslenzkan æskulýð, sem mestar líkur eru til að glæpist á að hlusta á þetta að staðaldri, við áhrif þessarar amerísku ómenningar. Og á hverju kvöldi er svo kórónan sett á þennan óþverra með því að þruma íslenzka þjóðsönginn, „Ó, guð vors lands“, frá þessari ólöglegu stöð út yfir heiminn eins og til þess að undirstrika það, að seint muni ofboðið þjóðarstolti Íslendinga.

Það alvarlegasta í þessum málum öllum er þó ef til vill það, að í þjóðfélaginu eru þýðingarmiklir aðilar og voldugir, sem hafa beinna hagsmuna að gæta í sambandi við það, að þetta ástand haldist og eflist. En hverjir eru það? Ekki er það hinn íslenzki sjómaður. Hann á það á hættu að verða að leggja bátnum vegna þess, að ekki fáist menn til að róa honum. Ekki er það heldur hinn íslenzki verkamaður. Með tveimur gengislækkunum er búið að lækka svo kaup hans gagnvart dollaranum, að hann vinnur aðeins fyrir helmingi þess, sem áður var. Það er ekki heldur hinn íslenzki bóndi. Hann á það á hættu, að þjóðfélagsþróunin undir þessum kring-

umstæðum hreki hann af jörðinni sinni í þjónustu herraþjóðarinnar, sem nú ræður Íslandi. Og óglæsilegast er það þó fyrir hinn uppvaxandi og óborna æskulýð, sem inn í þjóðfélagið kemur á næstu árum og áratugum, að eiga uppeldi sitt, menningarþroska, atvinnu og framtíð alla undir þessu ástandi. En það eru aðrir, sem græða. Það veit hver einasti maður, að voldugustu fésýslumenn stjórnarflokkanna og stjórnmálaleiðtogar þeirra eru komnir á bólakaf í hvers konar viðskipta- og fjármálabrall í sambandi við hersetuna og allar framkvæmdir herliðsins hér, og það er vitað, að á þessu hirða þeir milljónagróða, meiri en þekkzt hefur á Íslandi nokkru sinni fyrr. Ég minntist á það áðan, að fyrir dómstólunum hefði það verið sannað, að vissir aðilar hafa gert sér skækjulifnað að féþúfu. Hitt eru þó miklu stórkostlegri gróðalindir, sem vitað er að auguðustu menn stjórnarflokkanna og helztu foringjar þeirra sitja við í sambandi við framkvæmdir herliðsins hér. Voldugustu og auðugustu öflin í þjóðfélaginu, persónugerð í þessum stjórnmálaleiðtogum og gróðabrallsmönnum þessara flokka, eru að mala sjálfum sér gull úr afturför og erfiðleikum íslenzkra atvinnuvega og niðurlægingu þjóðarinnar í sambandi við þetta ástand allt.

Það er staðreynd, að fjöldi manns er nú að opna augun fyrir þeirri hættu, sem framtíð íslenzku þjóðarinnar er búin, ef þessu heldur áfram, en fjöldi af því fólki horfir ráðalaust á ástandið og spyr bara: Hvað getum við gert? Þessu fólki og öðrum, sem ekki er blint fyrir því, sem er að gerast, vil ég segja þetta:

Það er til ein leið — en ekki heldur nema sú eina — til bjargar í þessu máli. Það er sú leið, að allir, sem sammála eru um þetta, taki höndum saman í baráttunni fyrir því að fá erlenda herinn burt af Íslandi. Þeir, sem af heilum hug vilja vinna að því máli, mega aldrei láta skoðanaágreining um önnur mál hafa neikvæð áhrif á samstarfsvilja sinn og samstarfsþrótt við alla, sem geta orðið samherjar í þessu, hvað sem á kann að greina um skoðanir á öðru. Allt annað veikir málstaðinn og verður aðeins til að skemmta andstæðingum okkar, sem telja sér því fremur óhætt að ganga lengra, ef andstaðan er sundruð. En hitt er jafnvíst, að ef það tekst að sameina í nógu samsteypta fylkingu allan þann stóra hóp, sem hefur yfirsýn yfir horfurnar nú, takist að fá þá fylkingu til starfs um að vekja fleiri, auka skilning, krefjast réttar og heimta Ísland fyrir Íslendinga, þá mun þar skapast afl, sem bæði Alþingi, ríkisstj. og erlent herlið munu verða undan að láta.

**Forseti (JörB):** Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, tekur til máls og hefur 15 mín. til umráða.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Það er auðheyrt, að landsk. þm. Ásmundur Sigurðsson er gramur yfir því, að herir lýðræðisþjóðanna æfa sig í því, hvernig mæta skuli árásum frá mesta herveldi heimsins, ef því skyldi þóknast að hefja árásir á þjóðirnar á vesturhveli jarðar. En þessi hv. þm. verður að sætta sig við að fá því ekki ráðið, að þjóðir Vestur-Evrópu búi annað sinn hver í sínu horni aðgerðalausar árása ofbeldismannanna. Sú tíð er liðin, að menn geri það. En þetta minnir menn á það, þegar hv. 2. þm. Reykv. fyrir stríð krafðist þess einu sinni, að hingað yrðu pöntuð brezk herskip til verndar Íslandi, af því að von var á þýzku skipi í heimsókn.

Það má mikið vera, ef mönnum blöskrar ekki frammistaða hv. stjórnarandstæðinga í þessum umr. Það vottar ekki fyrir minnstu tilraun hjá talsmönnum stjórnarandstæðinga, neinum þeirra, til þess að gera nokkra minnstu grein fyrir því, hvernig þeir vildu hafa fjárl., ef þeir mættu ráða, en það er það, sem þeir eiga að gera í þessum umræðum, ef nokkur mannræna væri í þeim. Þeir minnast ekki á, hvernig þeir mundu vilja hafa gjaldahliðina, því síður hvernig ætti að afla teknanna. Ég er viss um, að þetta er einhver aumasta stjórnarandstaða í heimi.

Talsmaður Þjóðvfl. flutti hér fyrst heimspekilegan inngang fyrir sínu erindi. Aðalefnið í þessum heimspekilega inngangi var, að fjárlfrv. væri dautt bókhald. Dautt bókhald! Hver skilur þetta? Er það dautt bókhald að verja 59 millj. til samgöngumála; er það dautt bókhald að verja 58 millj. til kennslumála; er það dautt bókhald að verja 55 millj. til atvinnumála; er það dautt bókhald að verja 55 millj. til tryggingamála, svo að aðeins séu tekin fjögur dæmi? Hvað á svona talsmáti að þýða hér á hv. Alþingi?

Þá hlóð þessi hv. þm. saman illyrðum, talaði um mútur og þjófnað og annað í því sambandi, sagði, að ég hefði vísvitandi lagt fram ár eftir ár falskar áætlanir um tekjur á fjárl. til þess að sölsa undir mig og aðra í stjórninni fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis. Þetta var efnið. En hvað er það rétta í þessu? Það rétta í þessu er, að það hafa aldrei verið minni umframgreiðslur á síðustu áratugum, ekki fáum, heldur mörgum, tiltölulega heldur en þann tíma, sem ég hef farið með þessi mál. Ef hér ætti að viðhafa einhverjar umr. um þetta, þá væri það sönnu næst að taka fram, að ég hef unnið talsvert að því að færa Alþ. aftur það fjárveitingavald, sem ýmsir aðrir höfðu gert þó nokkuð til að draga úr höndum þess. Það er hrein fávizka að fárast yfir því, þótt fyrir komi, að tekjur fari 10—15% fram úr áætlun, eins og þessi þm. gerði og raunar líka hv. landsk. þm. Hannibal Valdimarsson. Reynslan sýnir sem sé, að ef tekjurnar eru ekki sæmilega varlega áætlaðar, þá verður ævinlega greiðsluhalli, af því að það er ómögulegt að sjá öll útgjöld fyrir, eins og ég gerði ýtarlega grein fyrir í fjárlagaræðu minni. Varðandi tekjuáætlunina 1951 sérstaklega, þá vita það allir menn, að þegar þau fjárl. voru sett um haustið 1950, þá vissum við ekki, hvort okkur mundi takast eða að hve miklu leyti okkur mundi takast að gera verzlunina frjálsa á árinu 1951. Við höfðum ekki hugmynd um, hvort við mundum fá frá Greiðslubandalagi Evrópu framlag í því skyni eða ekki. Þetta eru því allt rakalaus stóryrði og fullyrðingar. Það var ómögulegt fyrir nokkurn mann að vita um það, þegar fjárl. fyrir 1950 voru afgr., hverjar mundu verða tekjur ríkissjóðs 1951, hvort þar kæmu til

aukatekjur fyrir framlag frá Greiðslubandalagi Evrópu eða ekki.

Þá hlóð þessi hv. þm. saman, eins og ég sagði, fjölda illyrða; talaði um misnotkun á ríkisfé og að stórfé væri lagt fram til þess að halda völdunum. Nú skyldi maður halda, að þessi hv. þm. hefði gert einhverja ofur litla tilraun til þess að rökstyðja þessi gífuryrði. En það fór nú ekki fyrir því. Hann talaði að vísu um, að það væru of margir bifreiðarstjórar, sem ækju fyrir stjórnarráðið. Það er atriði, sem má ræða við hv. þm. síðar, þegar tækifæri gefst til, en lítil stoð er slíkt tal fullyrðingum hv. þm. Þá minntist hv. þm. á í þessu sambandi, að það hefði verið tekinn upp í stóreignaskatt skúr, sem hefði orðið að engu verðmæti fyrir ríkissjóð, sagði, að þetta væri svo alvarlegt brot hjá tveimur ráðherrum, að draga ætti þá fyrir landsdóm, eins og tveir finnskir ráðherrar hefðu verið dregnir fyrir landsdóm. Það var tekið skúrræksni upp í stóreignaskatt, af því að það varð að gera það lögum samkvæmt, af því að sá, sem kom með skúrræksnið, hafði rétt til þess að láta það upp í stóreignaskattinn, óumdeilanlegan löglegan rétt, og það var ekkert um annað að gera en að taka við skúrnum. Þetta mun nánar koma fram síðar, því að mér skilst, að hér hafi nú komið fram fyrirspurn á Alþ. í mörgum liðum um mörg og flókin atriði bara til þess að geta talað um þennan skúr. Hann kemur því áreiðanlega til umræðu hér síðar. Þetta er það eina, sem þessi hv. þm. í jómfrúræðu sinni, fullri af illyrðum, nefnir til að finna þeim orðum sínum stað, að ráðherrarnir verji stórfé bara til þess að halda völdunum, og lætur liggja að mútum og þjófnaði í því sambandi. En þessum hv. þm. datt ekki í hug frekar en hinum að gera grein fyrir því, hvernig hans flokkur, sem er þó nýr af nálinni, vildi hafa fjárlögin. Um slíkt var ekki að ræða. Til þess var víst enginn tími. Það voru bara 30 mín., sem hann hafði, og svo allir hinir sínar 30 hver.

Hv. landsk. þm. Hannibal Valdimarsson flutti sína ræðu mjög í sama dúr og talsmaður Sósfl. Eitt var það, sem mér fannst sérstaklega einkennilegt við ræðu hv. landsk. þm. Hannibals Valdimarssonar, og það var þetta: Hann deildi hörðum orðum á mig og aðra fyrir hækkun skatta og tolla, af því að það væru hærra áætlaðar tekjur nú af söluskatti og tollum heldur en áður hefði verið. Og þetta kallaði hv. þm. skattahækkanir núverandi fjmrh. Nú vildi ég spyrja hv. þm. — hann getur svarað því seinna: Mundi hann telja það skattalækkanir mínar, ef það drægjust svo saman viðskipti hér, kæmi slík kreppa, að tekjur ríkissjóðs lækkuðu að óbreyttum sköttum og óbreyttum tollum? Mundi hann kalla það skattalækkanir fjmrh.? Ég held ekki. Ég held, að hann mundi ekki kalla það skattalækkanir fjmrh. Og þá á hann ekki heldur að gera hitt. Ég verð að segja, að það er furðulegur málflutningur að deila á ríkisstj. og stjórnarstefnuna fyrir það, að viðskipti og þjóðartekjur aukast þannig, að ríkistekjurnar aukast af sjálfu sér, án þess að nokkuð séu hækkaðir skattar og hækkaðir tollar. En það er það, sem hefur gerzt, og það er það, sem þessi hv. þm. dregur sjálfur fram í sínu máli og sýnir fram á. Skattar og tollar hafa ekki verið hækkaðir, en tekjur af þeim hafa vaxið, af því að viðskipti og framleiðsla í landinu hafa yfirleitt aukizt og vaxið. Fyrir þetta á ekki að deila á ríkisstj. Fyrir þetta á að þakka. Þetta er ráðningin á þeirri gátu, að fyrrverandi stj. og núverandi stj. geta komizt af án þess að hækka skattana og tollana, þó að ríkisútgjöldin hafi farið vaxandi og það ekki aðeins í krónutali, heldur hafa ný verkefni þar komið til.

Þá er þessi hv. þm. enn að tala um sparnaðinn og að ég vilji ekki spara. Ég vissi svo sem, á hverju var von. Ég setti undir þennan leka í fyrri ræðu minni. Og nú vil ég segja það við hv. landsk. þm., að ég skora á hann að finna á einum stað — það væri alveg nóg, þó að það væri bara á einum stað — þau ummæli, sem hann hafði eftir mér hér áðan um ríkisútgjöldin og sparnaðinn. Ég skora á hann að finna ummæli þessi orðrétt eða bara efnislega rétt, sem hann hafði eftir mér. Þau eru ekki til. Ég hef aldrei sagt neitt í þá átt, eins og ég gerði hér áðan grein fyrir í minni framsöguræðu. Hitt hef ég sagt, að það er ekki hægt að lækka beinan kostnað ríkisins svo mikið, með hversu mikilli ráðdeild sem að væri farið, að hægt væri að hafa áhrif á dýrtíðina með þeirri lækkun einni saman eða veruleg áhrif á heildarútgjöld fjárl. Ég hef sagt það, sem satt er og ég stend við, að ef það ætti að gera slíkt, þá yrði ríkið að kippa að sér hendinni um margs konar þjónustu og margs konar framlög, sem það heldur nú uppi og þessi hv. þm. og aðrir kalla ekki eyðslu, heldur framlög til almenningsþarfa. Það hef ég sagt, en hitt ekki. Hitt er bókstaflega blekking og rangt eftir haft. Og það er ekki þessi hv. þm. einn, sem hefur gert sig sekan í þessu. Mörg blöð, ýmsir stjórnmálamenn aðrir, jafnvel heilir fundir hafa ekki haft meiri sómatilfinningu en svo, að þeir hafa gert mér upp orðin og ályktað út frá þeim. Þegar svo þessi hv. þm., eins og hinir, hefur bölsótazt vild sína út af því, hvað ríkisútgjöldin séu há, þá byrjar hann að lesa upp kröfulista flokks síns um framlög úr ríkissjóði í allar áttir. Nú hefur þessi hv. þm. átt mestan eða mjög mikinn þátt í því, að auka hefur orðið niðurgreiðslurnar eða að auknar hafa verið niðurgreiðslurnar stórkostlega, hvorki meira né minna en um 20 millj., og heimtar nú, að það sama fé sem varið er í því skyni, raunar í eins konar samráði við hann, sé látið ganga til nýrra framkvæmda. En að þessi hv. framsögumaður frekar en aðrir reyndi að greina frá því, hvernig hans flokkur vildi hafa fjárl., nei, það kom ekki til mála.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um ræðu hv. landsk. þm. Ásmundar Sigurðssonar. Hann lýsti hér þungbærum sköttum og þungbærum tollum, þeir ykju dýrtíðina og minnkuðu þjóðartekjurnar og væru einsdæmi, að því er manni skildist, í veröldinni. Það rétta er nú, að það er álíka mikið af þjóðartekjunum hér, sem gengur til opinberra gjalda, eins og t. d. í Noregi og Svíþjóð. En hver eru svo úrræði þessa hv. þm. og flokks hans? Úrræðin eru þau að krefjast nýrra framlaga í allar áttir, eins og hinir, en bara miklu stórfelldari, því að þegar

hinir segja einn, þá segja þeir venjulega tveir eða þrír og krefjast afnáms flestra skatta og allra tolla, sem innheimtir eru, að ég nú ekki tali um söluskattinn. Á móti kemur svo ein tillaga, og það er raunar sú fyrsta, sem ég hef heyrt úr þessum herbúðum um það, hvað eigi að gera. Það á að þjóðnýta gosdrykkjaiðnaðinn og sælgætisiðnaðinn. Með því á að leysa allt. Ef það er gert, þá standast allar till. flokksins, að mér skilst, tillaga um að fella niður 90 millj. kr. söluskatt, tillaga um að bæta hundruðum milljóna nýrra útgjalda inn á fjárl. Þetta stenzt allt. Það er bara að þjóðnýta gosdrykkja- og sælgætisiðnaðinn. Ég held nú, að þótt gosdrykkja- og sælgætisiðnaðurinn yrði þjóðnýttur, þá mundi það hrökkva lítið upp í söluskattinn einan, hvað þá heldur til þess að greiða öll þau milljónahundruð, sem kommúnistar krefjast að lögð séu fram úr ríkissjóði til viðbótar við það, sem fyrir er. Auðvitað gerði þessi hv. þm. ekki hina minnstu tilraun fremur en hinir til þess að bregða upp heildarmynd af því, hvernig hann vildi hafa fjárl. Það er nú kannske vorkunnarmál, því að sú mynd hefði ekki orðið fögur né sérlega aðlaðandi.

Í sambandi við það tal, sem hér hefur orðið um lækkun ríkisútgjalda, er ekki úr vegi að minnast þess, að á hverju Alþ. rignir útgjaldafrumvörpum og tillögum úr öllum áttum, sem krefjast stórfelldra útgjalda úr ríkissjóði. Í því sambandi er yfirleitt aldrei minnzt á það einu orði, að aukin ríkissjóðsframlög kalli á hækkun skatta og tolla. Og þarna eiga margir óskilið mál. En ofan á þetta bætist svo, að stjórnarandstaðan, sú sem nú er, ræðst með heift, eins og ég hef lítillega rakið hér á undan, á móti framlengingu mikils hluta ríkisteknanna, á sama tíma sem hún krefst stór- og síhækkandi framlaga af ríkisfé. Í þessu er auðvitað engin heil brú til, og gegnir furðu sú bíræfni, sem málflutningur þessi og málatilbúnaður allur er byggður á. Það er eins og því sé treyst, að almenningur í landinu taki þessi blygðunarlausu yfirboð og þennan þrotlausa loddaraleik fyrir góða og gilda vöru. Þessi framkoma er orðin blátt áfram móðgun við þjóðina.

Ég hef minnzt á það áður, að hér varð mjög mikil stefnubreyting í fjármálum 1950. Fram að þeim tíma hafði sigið mjög á ógæfuhlið í fjárhagsmálum landsins, eins og flestir eða allir viðurkenna. Það hefur lítillega verið minnzt á aðdraganda þessarar stefnubreytingar af fulltrúa Sjálfstfl. Í því sambandi vil ég taka fram, að það stóð aldrei á Framsóknarflokksmönnum að fylgja þeim till., sem fram komu frá fyrrv. fjármálaráðherrum úr Sjálfstfl. til þess að halda jöfnuði á ríkisbúskapnum. Það stóð aldrei á okkur í því efni. Stefnubreytingin á árinu 1950 hefur áreiðanlega orðið mjög þýðingarmikil fyrir þjóðina, og grundvöllurinn að þeirri stefnubreytingu var einfaldlega sá, að Framsfl. krafðist þess í stjórninni 1949, að upp yrði tekin ný stefna, og vildi ekki sitja áfram í þeirri stj., sem þá var, nema það yrði gert. Flokkurinn framkallaði kosningarnar haustið 1949, sem leiddu til þeirra ráðstafana, sem voru gerðar 1950 og næstu ár í fjárhags- og atvinnumálum landsins.

**Forseti (JörB):** Þá er útvarpsumræðunni lokið og umr. um frv. frestað. Verður borið undir atkvæði að vísa frv. til hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 8. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

**Forseti (JörB):** Það hefur orðið að samkomulagi meðal þingflokkanna og við hæstv. ríkisstj., að eldhúsdagsumr. verði frestað til byrjunar 3. umr. En eins og hv. alþm. vita, þá mæla þingsköp svo fyrir, að hún fari fram við framhald 1. umr. fjárlaga.

ATKVGR.

Afbrigði um að fresta útvarpsumr. leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 251, 260 og 262, 240, 242, 247, 257, 261, 264, 277).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Svo sem nál. meiri hl. fjvn. ber með sér, hefur ekki náðst fullt samkomulag í n. um fjárlfrv. Brtt. við gjaldabálkinn á þskj. 240 og 247 eru þó bornar fram af n. allri, en hv. fulltrúar Sósfl. og Alþfl. töldu sér hins vegar ekki fært að fallast á tillögur varðandi tekjubálkinn á þskj. 242, og munu þeir því skila sérstöku nál.

Ég sé ástæðu til þess að taka það fram, að samstarf í n. hefur verið mjög gott og afgreiðsla mála yfirleitt verið ágreiningslaus, þótt einstakir nm. og raunar n. í heild hefðu kosið að geta veitt meira fé til ýmissa framfaramála, en n. var mjög þröngur stakkur sniðinn vegna þess, að greiðsluafgangur var svo til enginn á fjárlfrv. og tekjuliðir allir mjög hátt áætlaðir, svo sem ég mun síðar víkja að.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. gerðu enga grein fyrir sérsjónarmiðum sínum og gáfu meiri hl. engan kost á því að kynna sér, í hverju ágreiningur þeirra væri fólginn. Ég hef því ekki í þessari framsöguræðu minni aðstöðu til þess að ræða sérsjónarmið hv. minni hl. n. Ég sé að vísu, að það hefur verið útbýtt hér nál. frá þeim, en ég mun geyma mér að ræða þau, þar til þeir hafa gert grein fyrir þeim meginviðhorfum, sem liggja til grundvallar þeirra sérstöðu.

Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir starfi n. og brtt. hennar, bæði þeim, sem n. óklofin stendur að, og einnig þeim brtt., sem sérstaklega eru fram bornar af meiri hl. n. Ég mun því ekki nema að mjög litlu leyti víkja að hinum sérstöku

brtt., nema eftir því sem tilefni gefst til, heldur ræða sjónarmið n. í stórum dráttum. Mun ég fyrst skýra nokkuð einstakar tillögur n. til viðbótar því, sem segir í nál., síðan ræða horfur um tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári og loks ræða nokkuð möguleika til samdráttar í útgjöldum ríkissjóðs, fjármálaþróun síðustu ára og framtíðarhorfur.

Svo sem hv. þingmenn sjá, felur meginhluti tillagna meiri hl. fjvn. í sér útgjaldahækkun fyrir ríkissjóð. Óskir þær, sem n. bárust um margvísleg fjárframlög úr ríkissjóði, nema þó margfaldri þessari upphæð. Margar ríkisstofnanir leituðu samþykkis n. fyrir ráðningu nýrra starfsmanna, en augljóst er, að n. hefur enga aðstöðu til þess að meta þarfir einstakra stofnana að þessu leyti og telur, að rn. verði að meta þarfir ríkisfyrirtækja fyrir nýtt starfsfólk. Hefur því n. í sínar till. aðeins tekið örfáa starfsmenn, sem fjmrn. hefur þegar samþykkt. Mun ég síðar víkja nokkuð að launamálum ríkisins almennt.

Fyrir Alþ. liggur nú frv. frá ríkisstj., sem gerir ráð fyrir mjög aukinni þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaði sjúkrahúsa víðs vegar um land. Þótt frv. þetta sé ekki enn orðið að lögum, þótti n. óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þessum viðbótarútgjöldum fyrir ríkissjóð, þar sem ætla má, að frv. verði samþ. Leggur n. því til, að rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa verði hækkaður um 600 þús. kr. Er þetta þó ekki nema nokkur hluti af gjaldaauka ríkissjóðs vegna þessara væntanlegu laga, því að styrkurinn er greiddur eftir á, og koma því aukaútgjöld þessi ekki með fullum þunga á ríkissjóð fyrr en árið 1955, en þá má ætla, að útgjöld á þessum lið geti orðið um 1750 þús. kr. Þykir hins vegar ekki verða hjá því komizt, að ríkissjóður leggi þennan skerf til sjúkrahúsanna, því að héruðunum er yfirleitt að verða um megn að standa undir rekstrarhalla sjúkrahúsanna. Mikið er nú um sjúkrahúsabyggingar og ný sjúkrahús fyrirhuguð á ýmsum stöðum. Er ljóst, að ógerlegt er að fullnægja gjaldskyldu ríkissjóðs til þessara framkvæmda með því einnar millj. kr. framlagi, sem áætlað er í fjárlfrv., og hefur n. því lagt til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um ½ millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að það hlýtur að kosta geysimikið fé, ef reisa á fullkomin sjúkrahús í öllum sýslum landsins og kaupstöðum, og því er mjög mikilvægt, að heilbrigðisstjórnin fylgist vel með framkvæmdum í sjúkrahúsamálum. Er það mikilvægt varðandi tilhögun alla og staðsetningar, þannig að sem bezt sé séð fyrir þörfum þjóðarinnar um sjúkrahúsakost, en um leið sé gætt fyllstu hagsýni. Auk tillagna landlæknis um fjárframlög til sjúkrahúsabygginga bárust n. ýmsar óskir um sérstakar fjárveitingar í þessu skyni, m. a. til sjúkrahúss á Blönduósi og til kaupa á húsi fyrir heilsuverndarstöð í Vestmannaeyjum. Fjvn. hefur ekki skipt fé því, sem veitt er á þessum lið, til einstakra sjúkrahúsa, læknisbústaða eða sjúkraskýla, og mun ekki heldur gera það nú, heldur ætlar ríkisstj. að gera það með hliðsjón af því, hvar þarfirnar eru brýnastar.

Vegna aðildar Íslands að sóttvarnarsamningi þeim, sem verið hefur til meðferðar nú á þessu þingi, er áætlað, að útgjöld vegna tollbáta aukist um allt að 70 þús. kr. á næsta ári og kostnaður vegna sóttvarna við erlend skip hækki einnig verulega. Á móti mun það koma, að útgjöld íslenzkra skipa í erlendum höfnum minnka hvað snertir hliðstæð gjöld. N. telur rétt að athuga, hvort ekki sé rétt að hækka afgreiðslugjöld skipa þannig, að hægt sé að verulegu leyti að vinna upp þennan tekjulið.

Í fjárlfrv. voru framlög til vega-, brúar- og hafnargerða lækkuð um 4 millj. frá fjárl. þessa árs. N. telur með engu móti mega lækka fjárframlög til þessara mikilvægu framkvæmda, sem eru undirstaða þess, að við geti haldizt byggð og atvinnulíf þróazt víðs vegar um landið. Hefur því n. lagt til, að fjárveitingar til þessara framkvæmda hækki samtals um 5 millj. kr. Hefur n. að venju skipt þessu fé svo sem brtt. á þskj. 240 bera með sér.

Í sambandi við hækkun fjallvegafjár um 150 þús. kr. skal það tekið fram, að n. hefur hér sérstaklega í huga tvo fjallvegi, Múlaveg fyrir Ólafsfjarðarmúla og Vestfjarðaveg. Mér er nú ekki fullkunnugt um, hvað vegurinn er kallaður, en það mun naumast valda misskilningi, hvað hér sé við átt. Hvorugur þessara vega er kominn í þjóðvegatölu, en hér er um mikilvægar samgönguleiðir að ræða milli héraða, sem því ekki geta talizt sýsluvegir, og telur n. rétt að greiða fyrir þessum framkvæmdum.

Þá hefur n. tekið upp fjárveitingar til nokkurra ræktunarvega og til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi, svo sem er í fjárl. þessa árs. Liðurinn til ferjuhalds lækkar um 30 þús. kr. í samráði við vegamálastjóra.

Ýmsir gamlir þjóðvegir eru nú orðnir mjög illa farnir og brýn nauðsyn á endurbyggingu þeirra. Hefur þó yfirleitt ekki verið talið fært að veita nýbyggingarfé til þessara framkvæmda, og vegamálastjóri hefur á hinn bóginn talið mjög erfitt að nota viðhaldsfé í þessu skyni. Leitaði vegamálastjóri nú eftir einnar millj. kr. fjárveitingu til endurbyggingar þjóðvega. Vegna hækkunar á nýbyggingarfénu taldi n. ekki auðið að veita viðbótarfjárveitingu í þessu skyni, en lækkaði hins vegar fjárframlagið til viðhalds þjóðvega um ½ millj. kr. og leggur til, að þeirri upphæð verði varið til endurbyggingar þjóðvega. Er þessi brtt. gerð í samráði við vegamálastjóra.

Fjvn. leggur til, að framlag ríkisins til lánasjóðs stúdenta verði hækkað um 100 þús. kr. Með stofnun lánasjóðsins er gert ráð fyrir að létta í framtíðinni af ríkissjóði styrkjum til háskólastúdenta við nám hér heima. Felur lánasjóðurinn tvímælalaust í sér mjög heilbrigða stefnu og því nauðsynlegt að stuðla að því, að hann geti sem fyrst orðið fær um að sinna hlutverki sínu. Óskað var eftir 500 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni samtals. N. hefur ekki séð sér fært að taka upp alla þá fjárhæð, en væntir þess, að hægt sé að einhverju leyti að leysa fjárþörf sjóðsins með lántöku.

Skuldir ríkissjóðs vegna skólabygginga munu nú nema um 14 millj. kr., þar af 10 millj. vegna barnaskóla, 3 milljónir vegna gagnfræðaskóla og 1 milljón vegna húsmæðraskóla. Hefur

mjög verið sótt á um aukna fjárveitingu, en n. ekki séð sér fært að hækka hana að öðru leyti en því, að framlag til byggingar húsmæðraskóla er hækkað um 300 þús. kr., sem aðallega er vegna mikilla endurbóta á tveimur húsmæðraskólum.

Á 16. gr. er tekinn upp nýr liður til þess að koma upp sýningarreitum í jarðrækt, námskeiðum í því sambandi og til tilraunastarfsemi varðandi fiskiðnað, samtals 750 þús. kr. Breytingar mun þurfa að gera á orðalagi þessa liðar, og er því þessi till. tekin aftur til 3. umr., og mun ég ekki skýra hana frekar nú. Aðrar brtt. við 16. gr. munu ekki þurfa skýringa við umfram það, sem segir í grg. meiri hl. n.

Hæstu útgjaldatillögur n. eru viðbótarframlög til almannatrygginga, að upphæð 2 millj. 350 þús. kr., og hækkun fjárveitinga til dýrtíðarráðstafana um 2 millj. og 400 þús. kr. Tryggingastofnun ríkisins hefur sótt mjög á um það, að ríkið taki á sig allan áætlaðan halla Tryggingastofnunarinnar á næsta ári, sem er talinn verða allt að 7 millj. kr. N. telur ekki fært að mæla með því, að raskað sé því greiðsluhlutfalli, sem nú er milli ríkissjóðs og annarra gjaldenda almannatrygginganna, en telur það atriði verða að takast til athugunar í sambandi við endurskoðun tryggingalaganna, sem ætla má að fari fram á næsta ári.

Svo sem hv. þingmönnum er kunnugt, tók ríkissjóður á sig verðhækkun þá á mjólk, sem varð á s. l. hausti, og hafa þessar niðurgreiðslur í för með sér útgjaldahækkun, sem áætlað er að muni nema um 2.4 millj. kr. á næsta ári.

Hinn nýi menntaskóli að Laugarvatni er nú tekinn til starfa af fullum krafti, en mjög skortir enn á nauðsynleg húsakynni, og er lagt til, að 250 þús. kr. verði varið til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni á næsta ári.

Starfsskilyrði kennaraskólans eru fyrir löngu orðin óviðunandi, og er brýn nauðsyn að koma upp nýju skólahúsi. Leggur n. til, að áætluð fjárveiting í þessu skyni verði hækkuð um 250 þús. kr.

Í nál. meiri hl. fjvn. er ekki vikið að till. n. til viðbótar við heimildagrein fjárl., og vil ég víkja að einstökum atriðum þeirra tillagna nokkrum orðum. Till. þessar eru á þskj. 242, og er lagt til, að þar bætist nokkrir nýir liðir við heimildagrein fjárlaganna.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að verja allt að 220 þús. kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarláni, sem tekið verður fyrir hönd bænda á garnaveikisvæðinu milli Lónsheiðar og Öxarfjarðar. Gert er ráð fyrir því, að tekið verði í þessu skyni lán allt að 4.5 millj. kr., sem væntanlega verður tekið í Búnaðarbanka Íslands, og er ætlunin, að láni þessu verði varið til bústofnskaupa fyrir þá bændur á þessu svæði, sem hafa orðið fyrir þyngstum búsifjum vegna garnaveikinnar. Lán þetta verður hins vegar með þeim kjörum, að brýn nauðsyn þykir til þess að létta undir með bændum að því leyti að greiða hluta af vöxtum af láninu, því að ætla má, að vextirnir verði um 7%, en það þykir sanngjarnt að greiða þá niður, þannig að bændur þurfi ekki við þessi bústofnskaup sín að greiða hærri vexti en sem svarar þeim vöxtum, sem teknir eru í fastadeildum Búnaðarbankans, en það eru rúm 2%, eða um 2½%, sem mundi koma út, ef þessi niðurgreiðsla ætti sér stað.

Í öðru lagi er lagt til að veita ríkisstj. heimild til að verja allt að 5 millj. kr. til að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, og er hér um að ræða jafnháa heimild og er í fjárl. þessa árs. Fé það, sem veitt hefur verið í þessu skyni síðustu tvö árin, hefur orðið að mjög miklum notum og bætt við úr brýnni þörf og stuðlað að því að viðhalda því jafnvægi í byggð landsins, sem þjóðinni er svo mikil nauðsyn á. Mun naumast þurfa að efa, að allir hv. þm. séu hér á einu máli.

Þá hefur n. einnig talið rétt að leggja til, að heimilað verði að verja hugsanlegum umframtekjum flugvallanna á næsta ári til nýrra flugvallagerða. Sýnist mjög eðlilegt að verja nettótekjum flugvallanna til þessara mjög mikilvægu framkvæmda í þágu flugsamgangna í landinu.

Samkvæmt l. nr. 11/1951 er gert ráð fyrir að leggja niður alla minkarækt í landinu, og er óhjákvæmilegt að greiða eigendum minkabúa einhverjar bætur vegna þessarar löggjafar. Ekki er enn fullljóst, hversu há sú upphæð kann að verða, en lagt er til að heimila ríkisstj. að verja allt að 250 þús. kr. í þessu skyni.

Nauðsynlegt þykir að stuðla að því, að Sölufélag garðyrkjumanna geti komið upp söluskála fyrir framleiðsluvörur sínar, og er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að lána sölufélaginu allt að 300 þús. kr. til þessarar byggingar, sem gert er ráð fyrir að kosti alls um 1200 þús. kr.

Samkvæmt núgildandi l. greiðir ríkissjóður helming hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla. Flestir þessara skóla njóta jarðhita, en hitakostnaður þeirra skóla, sem ekki hafa þessi þægindi, er miklum mun hærri. Þykir sanngjarnt, að ríkissjóður taki nokkurn þátt í aukaútgjöldum þessara skóla, og er því lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að greiða ¾ hluta hitakostnaðar þessara skóla, sem ekki búa við jarðhita, en það munu vera tveir héraðsskólar og fjórir húsmæðraskólar.

Þá er lagt til að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 550 þús. kr. rekstrarlán fyrir samband íslenzkra byggingarfélaga, en í sambandi þessu eru samvinnubyggingarfélög og verkamannabústaðafélög. Í fjárlögum ársins 1947 var heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast 750 þús. kr. rekstrarlán, en sú upphæð er orðin alveg ófullnægjandi. Sambandið hefur með höndum ýmis innkaup fyrir félögin og starfrækir verkstæði. Hefur þessi starfsemi farið vaxandi, og nú er t. d. fyrirhuguð framleiðsla á aluminiumgluggum og ýmis önnur starfsemi, sem krefst aukins fjár.

Ég hef þá lokið athugasemdum mínum við gjaldabálkinn, en vil aðeins bæta því við, að enn liggja óafgreidd hjá n. nokkur erindi, er snerta gjaldabálkinn, og enn fremur mun n. samkvæmt venju ekki leggja fram brtt. sínar við 18. gr. fyrr en við 3. umr. fjárl. Þá hefur n. heldur ekki gert neina till. um fjárveitingu til flóabáta, því að samvn. samgm. mun gera till. um heildarupphæð og skiptingu þess fjár.

Brtt. n. við gjaldabálk frv. hækka það sam-

tals um 15837754 kr. Gjaldahækkun er 17193054 kr., en gjaldalækkun 1355300 kr., þannig að gjaldahækkunin verður að frádreginni lækkuninni samtals 15837754.

Greiðslujöfnuður á frv. er hagstæður um aðeins rúmar 1.6 millj. kr., svo að það hrekkur skammt fyrir þeirri útgjaldahækkun, sem leiðir af till. n. Árið 1952 urðu rekstrartekjur ríkissjóðs rúmar 420 millj. kr., en eru áætlaðar í þessa árs fjárl. rúmar 418 millj. Þótti sú tekjuáætlun óvarleg, en leiddi af verkfallinu í fyrra, sem jók útgjöld ríkissjóðs um nær 2 milljónatugi. Í frv. fyrir 1954 eru rekstrartekjur áætlaðar 427 millj. kr.

Í lok októbermánaðar voru rekstrartekjur ríkissjóðs orðnar 363 millj. kr. Þar af eru tekjur af söluskatti, verðtolli og vörumagnstolli 200 millj. kr. og tekjur af ríkisstofnunum rúmar 86 millj. kr. Þessir tekjustofnar eru þeir einu, sem ætla má að fari fram úr áætlun, svo að nokkru nemi. Þess ber þó að gæta, að af tolltekjum þessa árs verða um 25 millj. kr. tollar af efnum og vélum til stórfyrirtækjanna þriggja, virkjananna og áburðarverksmiðjunnar, og er ekki hægt að gera ráð fyrir hliðstæðum tekjum á næsta ári. Þess ber einnig að gæta, að árið í ár er mjög gott tekjuár hjá almenningi og mjög mikill innflutningur. Er því naumast vogandi að gera ráð fyrir betri afkomu á næsta ári. Vegna mikilla tekna almennings á þessu ári má gera ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur yrði á næsta ári verulega hærri en áætlað er í frv., en vegna fyrirhugaðrar skattalækkunar er útilokað að hækka þann tekjulið.

Meiri hl. n. leggur til að hækka ýmsa tekjuliði frv. um 16.6 millj. kr., og miðað við horfurnar nú og reynslu síðasta árs og ársins í ár er augljóst, að gera verður ráð fyrir mjög góðu árferði, til þess að ekki verði greiðsluhalli hjá ríkissjóði, og verður þó að gera ráð fyrir, að ekki verði um að ræða neinar teljandi umframgreiðslur og ekki komi til launahækkana eða hækkunar á vísitölu. Það eina, sem réttlætir svo háa tekjuáætlun, er í rauninni það, að kaupgjaldsvísitala og verðlag er nú orðið stöðugra en áður hefur verið, þannig að fært hefur þótt að miða fjárlfrv. fyrir 1954 við sömu kaupgjaldsvísitölu og fjárl. í ár. Gefur það vissulega betri vonir um heilbrigðari þróun í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, ef tekst að hafa hemil á verðbólguskrúfunni.

Síðasta áratug hafa fjárl. farið mjög hækkandi með hverju ári. Enn stefnir að vísu í þá áttina, en þó gætir nú meiri stöðvunar, og hækkanir eru á tiltölulega fáum liðum. Hækkun á launaliðnum frá núgildandi fjárl. er 1—2%, en þessi liður hefur valdið hvað mestri hækkun á undanförnum árum, enda eru laun langstærsti liðurinn í útgjöldum ríkissjóðs. Þess má þó geta, að kaupgjaldsvísitala hefur síðan hækkað um 1 stig, sem ekki er reiknað með í frv., að því er mér skilst, en eitt vísitölustig mun nema fyrir ríkissjóð í launum 800—900 þús. kr.

Haustið 1952 var gerð athugun á launagreiðslum ríkissjóðs. Laun fastra starfsmanna voru þá að meðtalinni 6% greiðslu í lífeyrissjóð um 120 millj. kr. Þar við bætist aukavinna og laun samkvæmt kjarasamningum um 36 millj. kr. Hækkun vegna afleiðinga verkfallsins var áætluð rúmar 3 millj. kr. Samtals eru þá launagreiðslurnar um 160 millj. kr. Og þegar þess er gætt, að hækkun vísitölu um eitt stig nemur fyrir ríkissjóð um 800—900 þús. kr. útgjaldaaukningu, gefur það auga leið, að ekki þarf að verða um miklar breytingar að ræða á vísitölunni, til þess að það valdi stórfelldum gjaldaauka fyrir ríkissjóð.

Fjvn. gerði á síðasta þingi allmiklar athugasemdir um launagreiðslur ríkisins. N. hefur ekki séð ástæðu til þess að leggja mikla vinnu í slíka athugun nú, þar sem hinar almennu athugasemdir nefndarinnar þá eru enn í fullu gildi, enda sýnast því miður slíkar athugasemdir ekki hafa mikil áhrif. Hljóta enda ráðuneytin að verða að hafa eftirlit með því, að ekki sé óeðlilega mikið mannahald hjá ríkisstofnunum, en rétt þykir þó að vekja athygli á því, að sá háttur virðist vera ískyggilega tíðkaður, að stofnanir ráði starfsfólk, þótt ráðuneyti hafi synjað beiðni um það. Verður auðvitað að koma í veg fyrir, að slíkt eigi sér stað, ella kemur eftirlit ráðuneytanna að litlu haldi.

Ef með eru taldar till. fjvn., þá eru aðalhækkanirnar þessar frá núgildandi fjárl.:

Utanríkismál (sendiráðið í Moskva) 1 millj.
Sjúkrahúsastyrkir 0.6 millj.
Bygging sjúkrahúsa 0.5 millj.
Verklegar framkvæmdir 1 millj.
Skipaútgerð ríkisins 1.5 millj.
Kennslumál 2.2 millj.
Jarðræktarstyrkir 1 millj.
Rannsóknir á tilraunastarfsemi í landbúnaði og sjávarútvegi 1.5 millj.
Raforkumál 7 millj.
Almannatryggingar 2.3 millj.
Dýrtíðargreiðslur 9.1 millj.

Aðalútgjaldalækkun er við sauðfjárveikivarnir, en kostnaður við þær er áætlaður rúmum 7.4 millj. kr. lægri en í þessa árs fjárl. Sauðfjársjúkdómarnir hafa kostað ríkissjóð feikna útgjöld, en vonandi hefur nú tekizt að útrýma þessum vágestum, og ætti þessi útgjaldaliður þá að lækka enn verulega á næsta ári.

Undanfarin ár hefur hinn sívaxandi rekstrarkostnaður ríkisins og hækkun lögboðinna framlaga valdið því, að hlutur hinna verklegu framkvæmda hefur orðið æ minni. Er sú þróun mjög óheppileg, og telur n. mikilvægt, að hægt sé að bæta þessi hlutföll. Hlutur hinna verklegu framkvæmda batnar þó töluvert vegna stefnu ríkisstj. í raforkumálum og vegna till. n. um að hækka framlög til vega, brúa og hafna um 1 millj. kr., sem er þó lítil upphæð miðað við heildarútgjöld ríkissjóðs.

Framlög til kennslumála hækka ár frá ári. Barnakennurum mun fjölga um 17—25 á ári hverju og kennurum við gagnfræðaskóla um 10. Árið 1951 urðu framlög til kennslumála rúmar 46 millj. kr., árið 1952 tæpar 54 millj., 1953 áætluð tæpar 56.5 millj. og 1954 áætluð 59.5 millj. Nemendum fjölgar árlega, og má því án efa gera ráð fyrir svipaðri þróun næstu ár.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir n. hafa legið frá Tryggingastofnun ríkisins, hafa áætl-

anir þær um barnafjölda og fjölda gamalmenna, sem lagðar voru til grundvallar við upphaflega áætlun um rekstur stofnunarinnar, reynzt rangar, þannig að horfur eru á miklum rekstrarhalla hjá Tryggingastofnuninni. Ríkissjóður greiðir nú yfir 40 millj. kr. til tryggginganna, en yrði farin sú leið, sem forstjóri Tryggingastofnunarinnar hefur lagt til, að ríkissjóður greiddi allan hallann, er ófyrirsjáanlegt, hversu þessi útgjaldaliður mundi hækka á næstu árum, en beðið er um, eins og ég áður gat um, allt að 7 millj. kr. viðbót á næsta ári.

Ýmis önnur lögboðin útgjöld ríkissjóðs vaxa einnig ár frá ári. Áður er vikið að skólabyggingunum, en þar skuldar ríkið nú 14 millj. kr. Jarðræktarstyrkir hækka með auknum jarðabótum. Margra milljóna útgjöld eru áfallin eða fyrirsjáanleg vegna sjúkrahúsabygginga, og ný útgjöld eru að myndast vegna rekstrarstyrkja til sjúkrahúsa, og þannig mætti lengi telja.

Dýrtíðargreiðslurnar eru að verða mjög tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir ríkissjóð. Við gengisbreytinguna losnaði ríkissjóður við útflutningsuppbæturnar, en greiðslur ríkissjóðs til að halda niðri vísitölunni hafa síðan aukizt hröðum skrefum. Árið 1951 urðu þessar greiðslur um 23 millj. kr., árið 1952 tæpar 28 millj., árið 1953 áætlaðar tæpar 37 millj. og 1954 áætlaðar tæpar 46 millj.

Ég hef rakið þessi atriði hér til þess að gefa hv. þm. nokkra mynd af því, hvar helzt sé um útgjaldaaukningu að ræða nú og væntanlega næstu ár að óbreyttri löggjöf.

Fjvn. hefur ekki nú fremur en undanfarin ár gert till. um sparnað eða lækkun útgjalda ríkissjóðs, svo að neinu verulegu nemi. Þótt allir ábyrgir menn hljóti að vera sammála um nauðsyn þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, sem er frumskilyrði varanlegra skattalækkana, þá hafa fæstir gert nokkrar raunhæfar till. um þetta atriði.

Ég hef bent á það, sem raunar er ekki nýr sannleikur, að meginhluti útgjalda ríkissjóðs eru laun starfsmanna og framlög, sem ákveðin eru með lögum. Með hliðsjón af þeirri ákvörðun stjórnarflokkanna að samþykkja skattalækkun á þessu þingi, sýnist mér óhjákvæmilegt, og ég hygg mig geta sagt það einnig fyrir munn n., að rækileg athugun fari fram á því, hversu draga megi úr rekstrarkostnaði ríkisins. Um þetta hlýtur ríkisstj. að verða að hafa forgöngu, því að það er með engu móti hægt að ætlast til þess, að fjvn., sem á 6—7 vikum á að fara í gegnum allt fjárlfrv. og afgreiða hundruð erinda auk starfa nm. á þingi, geti framkvæmt þær yfirgripsmiklu rannsóknir, sem gera þarf í þessu sambandi. Vel tel ég þó geta komið til mála, að formaður fjvn. verði hafður með í ráðum við slíka athugun, og raunar tel ég, að það mundi mjög greiða fyrir störfum fjvn., ef formaður hennar fylgdist með undirbúningi fjárlfrv. í fjmrn. og ráðh. hefði samráð við hann um samningu þess. Ég tek fram, að þetta síðasta atriði er mín persónuleg skoðun, en málið hefur ekki verið rætt í n.

Verði ráðstafanir ekki gerðar til þess að stöðva útgjaldahækkun ríkissjóðs, er sýnilegt, að jafnvel við samningu næstu fjárlaga verður sprengdur sá rammi, sem tekjurnar setja. Fyrir þá hættu verður að girða, því að ég geri ekki ráð fyrir, að sú skoðun hafi mikið fylgi innan þings eða utan, að hægt sé að leggja auknar álögur á þjóðina, enda beinlínis ákveðið að stefna nú í öfuga átt. Þessa staðreynd verða menn að gera sér ljósa.

Þótt mjög sé haldið uppi gagnrýni vegna hárra útgjalda ríkissjóðs, þá er það oftast meir í orði en á borði. Með ári hverju vaxa kröfurnar á hendur ríkissjóði um aukin útgjöld, og þau samtök munu vart finnanleg í landinu, sem ekki hafa styrk frá ríkissjóði eða hafa a. m. k. beðið um hann. Þessi hugsunarháttur verður auðvitað að breytast, ef unnt á að vera að lækka verulega útgjöld ríkissjóðs. Það verður líka áreiðanlega enginn leikur að koma fram lækkun ríkisútgjalda, því að flestir munu með oddi og egg halda í þær fjárveitingar, sem þeir nú hafa. Eigi sparnaðartill. að hafa nokkurt gildi, verður að framkvæma þær. Fyrir nokkrum árum var starfandi sparnaðarn., sem í sátu ýmsir af beztu og fróðustu embættismönnum ríkisins á sviði fjármála. Sú nefnd gerði ýmsar eftirtektarverðar till., m. a. skyldu ýmsir embættismenn afhenda bifreiðar, sem ríkið átti og þeir höfðu til afnota. Aðeins einn mun hafa afhent sinn bíl, og við það sat.

Ég mun ekki hafa þessi orð mín fleiri nú, en framsöguræður hv. minni hl. n. gefa án efa tilefni til andsvara af minni hálfu. Ég legg aðeins að lokum áherzlu á það, sem ég veit að meginhluti hv. þm. er mér sammála um, að greiðsluhallalaus fjárlög eru einn af hornsteinum heilbrigðrar efnahagsþróunar í þjóðfélaginu. Og í samræmi við það sjónarmið hefur meiri hl. fjvn. starfað. Hefur því ekki nema að nokkru leyti verið unnt að verða við þeim óskum um fjárveitingar, sem til n. hafa borizt, bæði frá hv. þm. og ýmsum öðrum aðilum, en þó telur n. sig hafa gengið það langt, að ekki verði lengra farið nema með því að tefla afkomu ríkissjóðs í mikla hættu. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 3. umr.

**Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. hefur nú sagt frá aðaltill. n., sem hún gerði sameiginlega, og sagt frá vinnubrögðum n., og get ég tekið undir það með honum, að samkomulag hefur verið hið bezta í n. Það, sem kann að kastast í kekki út af samstarfinu, mundi þá helzt gerast við þessa umr. og sennilega þó aðallega í eldhúsdagsumr., sem fram eiga að fara við 3. umr. fjárl. En þá kemur fyrst og fremst meira til umr. það, sem okkur greinir á um í sambandi við afgreiðslu fjárl., heldur en hitt, sem við erum sammála um.

Við erum allir í n. sammála um till. fjvn., sem útbýtt hefur verið á þskj. 240, svo langt sem þær till. ná. Í ýmsum tillöguliðum hefði ég þó viljað ganga lengra, og einstaka till. eru þar að vísu, sem ég hefði ekki talið til bráðnauðsynlegra útgjalda og hefði getað fallizt á að ekki hefðu verið bornar fram. Eins og hv. frsm.

skýrði frá, hækka gjöld fjárlfrv. um rúmar 15 millj. við þessar till., og hefur hv. meiri hl. n. séð leið til þess að mæta þessum auknu útgjöldum með því að líta undir lokið hjá hæstv. fjmrh., vitandi það, að þar voru þeir tollar og skattar, sem á þjóðina eru lagðir lögum samkvæmt, vitanlega hærri en þeir eru áætlaðir og útfærðir í tölum á tekjuhlið fjárl. Hv. meiri hl. fjvn. varð því í samráði við hæstv. fjmrh. og ríkisstj., að ég hygg, engin skotaskuld úr því að finna 16 millj. kr. hækkunarmöguleika í tekjubálki fjárl. til þess að jafna þann halla, sem orðið hafði af auknum útgjaldatill. n., og verð ég að segja, að það er engum efa undirorpið, að þetta er fullforsvaranleg aðferð hjá hv. meiri hl. fjvn., enda hefði hæstv. fjmrh. aldrei lagt blessun sína yfir það að öðrum kosti. Hann veit, að hann á þarna í handraðanum a. m. k. þessar 16.6 millj. kr., sem nú á að sækja í tekjubálk fjárl., og vitanlega á hann þar meira til.

Margsinnis hefur því verið haldið fram af mér hér mörg undanfarin ár, að nálega allir helztu tekjuliðir fjárl. væru áætlaðir of lágt. Það er ekki óviljaverk, og það er ekki af því, að menn viti ekki nokkurn veginn, hvernig þessir tekjuliðir leggi sig. Menn áætla þetta á þann hátt, að menn rannsaka, hversu þessir liðir hafi breytzt, hækkað eða lækkað, nokkur undanfarin ár, hvort þeir hafi orðið hærri en í fjárlagaáætlun, og síðan er borið saman, hvernig þeir líti út á yfirstandandi ári, og ef þeir eru þá ekki heldur á niðurleið, heldur á uppleið, þá þykir öllum nokkuð auðsætt, að það megi byggja á þessum samanburði undanfarinna ára með hliðsjón af yfirstandandi ári, og byggja síðan upp áætlun næsta árs með tilliti til þess, ef ekki örlar á neinum gerbreytingum, sem valdi þarna straumhvörfum. Þessum áætlunum hefur verið haldið langt fyrir neðan það, sem allar skynsamlegar ályktanir, byggðar á þessari athugun, sem ég nú gerði grein fyrir, hafa gefið fullt tilefni til að áætla þessa liði. Og í hvaða tilgangi er þetta gert? Það hefur verið í fyrsta lagi gert af ríkisstj. til þess að hafa meira olnbogarúm til þess að fara yfir fjárlagaheimildir um útgjöld. Og því miður ber allt of mikið á því, að farið sé fram yfir útgjaldaheimildir í fjárl., svo að það fer að skipta mjög mörgum milljónatugum á hverju ári, og er auðvitað með þessu sniðgengið fjárveitingavald Alþ., sem á að vera í höndum þess, en ekki hæstv. ríkisstj. Til þess eru fjárl. gerð og samin. Í annan stað er það vafalaust gert til þess að dylja þjóðina eins lengi og hægt er, hve mörg hundruð milljóna séu lögð á þjóðina í tollum og sköttum. Sagt er í áætluninni, að þeir séu ekki nema 325 millj., þegar þeir geta kannske orðið 350—360 millj. Í þriðja lagi er þetta gert til þess að geta þrengt meira að verklegum framkvæmdum, segjandi sem svo: Þið sjáið tekjuhliðina á fjárl. Hún er ekki hærri en þetta. Hún leyfir ekki meiri útgjöld á gjaldabálknum en hér er ákveðið af meiri hl. Alþ. og ríkisstj., og þess vegna verðum við að skera verklegar framkvæmdir niður. — Þessi feluleikur með réttar tekjur ríkissjóðsins er vitanlega gerður í þessum tilgangi, og þegar þetta gerist ár eftir ár, hvernig sem fram á þetta er sýnt, þá er þetta ekki óviljaverk, heldur vitandi vits, og skýringin er þessi, sem ég nú hef gefið, en jafnóforsvaranlegt er þetta að öllu leyti, því að með þessu er verið að lítilsvirða Alþ. Það er verið að fótumtroða rétt þingsins, fjárlagaþingsins, löggjafarþingsins, til þess að setja fjárl. og marka þannig ramma fyrir því, hvaða útgjöld ríkisstj. megi greiða úr ríkissjóði á hinu komandi fjárlagaári. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt t. d. með áætlun um tekjur ríkisstofnana, þ. e. a. s. áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu, þegar sá liður fer á árinu 1951 15 millj. kr. fram úr áætlun og árið eftir rúmar 10 millj. fram úr áætlun samkvæmt ríkisreikningi 1952. Þetta er að skapa sér sjálfum í raun og veru fjárveitingavald. Þessum upphæðum er svo varið án heimildar fjárlaga. Þarna er á þessum tveim póstum á 2 árum um 25 millj. kr. skekkju milli ríkisreiknings og fjárlagaáætlunar að ræða.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. gat um það, að í fjárlfrv. hefðu verið lækkaðar fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Þetta nam þeim upphæðum, sem nú skal greina. Í fjárlfrv. var ætlað 8 millj. og 100 þús. kr. til nýrra akvega á næsta ári, en í fjárl. síðasta árs hafði þessi fjárveiting verið 10 millj. 105 þús. kr. Til brúargerða var áætlað í frv. 3 millj. og 100 þús. kr., en í gildandi fjárl. ársins 1953 4 millj. 65 þús. kr. Og til vitamála og hafnargerða var lagt til í frv. að fjárveitingin yrði 10 millj. 828 þús. kr., en í gildandi fjárl. er sú upphæð 11 millj. 617 þús. kr. Þannig var lagt til í frv. eins og það var lagt fyrir þetta hv. þing, að fjárframlög til nýrra akvega og brúa-, vita- og hafnarmála lækkuðu um 3.7 millj. kr., miðað við fjárl. yfirstandandi árs. Þetta hefði þýtt geysimikinn samdrátt verklegra framkvæmda, einkum þegar litið er á það, að kostnaður við allar verklegar framkvæmdir hefur stórkostlega hækkað, eins og skýrsla, sem vegamálastjóri hefur sent fjvn., ber ljóslega með sér. Þar er frá því skýrt, að kostnaður við framkvæmdir vega- og brúargerða hafi í sumum tilfellum hækkað um 102% frá árinu 1949. Tvöfaldast þannig kostnaðurinn frá því 1949 í einstökum tilfellum, og sýnir það, að samdráttur verklegra framkvæmda hefði orðið miklu stórfelldari en hin tölulega lækkun gefur bendingu um, ef þessar till. hæstv. fjmrh. um lækkun á framlögum til verklegra framkvæmda hefðu náð fram að ganga. Öll fjvn. var á þeirri skoðun, að þetta væri mjög svo óheppilegt og raunar ekki gerlegt, og þess vegna fór svo, að öll n. var sammála um að hækka þessar upphæðir til verklegu framkvæmdanna þannig, að samtals eru þær nú um 1 millj. kr. hærri en á fjárl. þessa yfirstandandi árs. Þó mun það verða þannig, að það verður minna hægt að framkvæma fyrir þessa fjárveitingu heldur en upphæðina á fjárl. núna vegna dýrtíðaraukningar.

Ég er sammála meiri hl. n. um það, að eins og sakir standa sé ekki rétt að gera till. um hækkanir á fyrsta tekjulið fjárlfrv., þ. e. a. s. tekju- og eignarskattinum. Sakirnar standa, eins og hann greindi frá, þannig, að starfandi er milliþn. í skattamálum. Ríkisstj. hefur lofað að afgreiða ný skattalög á þessu þingi, og það er megininni-

hald allra stjórnarloforðanna í þessu efni, að skattar skuli lækkaðir. Þess vegna hefði jafnvel mátt búast við, að áætlunin um tekju- og eignarskattinn yrði að lækka í þessu fjárlfrv., en á móti því kemur það, að það er rétt, sem fjmrh. tekur fram í athugasemdum sínum við frv., að það má gera ráð fyrir því, að tekjur manna verði talsvert miklu hærri í ár heldur en á s. l. ári. Þetta leiðir til þess, að áætlunarupphæðin hefði eflaust mátt hækka um nokkrar millj. kr. að óbreyttum lögum.

Ég hef því ekki gert neina till. um tekju- og eignarskattinn, en sá liður er núna áætlaður í fjárlfrv. 59.9 millj. kr. Það verður svo að koma í ljós síðar á þessu þingi, þegar frv. mþn. í skattamálum sér dagsins ljós, hvort hægt verður að hækka þennan skatt eða hins vegar verður að lækka hann vegna þess, að svo vel verði staðið við loforð stjórnarinnar um skattalækkanir. En allt er það nú óséð enn þá.

Ég hef leyft mér að gera till. um, að vörumagnstollurinn verði áætlaður 25 millj. kr. Hann er á fjárlfrv. áætlaður 24 millj. Hann náði þeirri upphæð s. l. ár, 1952, og í októberlokin núna var komin inn af vörumagnstollinum 2 millj. kr. hærri upphæð en á sama tíma í fyrra. Allar líkur benda því til, að hann verði um það bil 2 millj. kr. hærri eða um 26 millj., en ég tel rétt að áætla hann 25 millj. kr. Það er þá innan þess ramma fyllilega, sem líkur benda til að hann verði.

Verðtollurinn er hæsti tekjustofn fjárl. Hann er núna í frv. áætlaður 110 millj., og hefur meiri hl. fjvn. lagt til, að hann verði hækkaður um 7 millj., verði áætlaður 117 millj. En eftir seinustu upplýsingum frá fjmrn. og endurskoðun ríkisins eru líkur til, að hann verði ekki undir 124—125 millj. á yfirstandandi ári, og þess vegna virðist ekki óvarlegt að áætla hann á næsta ári 120 millj. kr., og legg ég til, að það sé gert; 4—5 millj. lægra en útlit er fyrir að hann verði á yfirstandandi ári. Það er vegna þess, að það er upplýst og vitanlega rétt, að í þessari geysiháu verðtollsupphæð liggja stórar upphæðir, sem komnar eru vegna virkjana Sogs og Laxár og vegna byggingar áburðarverksmiðjunnar, og má búast við, að úr þessu kippi á næsta ári. Þess vegna fellst ég á að áætla þennan tekjustofn 4—5 millj. kr. lægri en ég tel fullvíst að hann verði á yfirstandandi ári.

Innflutningsgjald af benzíni er í frv. áætlað 9½ millj. kr. Það var í októberlokin s. l. orðið rúmlega ½ millj. kr. hærra en á sama tíma í fyrra, og virðast því líkurnar benda til þess, að þessi tekjustofn verði í ár um 10 millj., og ég hef áætlað, að á næsta ári verði hann um 10 millj. kr. Benzínnotkunin fer heldur vaxandi en minnkandi, og ekkert bendir til þess, að breyting verði á því á næsta ári.

Þá er það tekjuliðurinn „gjald af innlendum tollvörutegundum“. Það er áætlað 7 millj. og 200 þús. kr. í frv. Ég geri ráð fyrir, að það verði um 8 millj. kr. á þessu ári, og áætla það sama á næsta ári.

Þá er það liðurinn „aukatekjur“. Hann er áætlaður á frv. 4 millj. Meiri hl. n. telur óhætt að hækka hann um 500 þús., og ég hef áætlað, að það megi hækka hann um 600 þús. Það ber ekki mikið á milli okkar, aðeins 100 þús. kr., og tel ég, að þessar áætlanir okkar hvorar tveggja séu mjög nærri lagi og báðar þó varfærnislegar.

Stimpilgjaldið á samkv. frv. að gefa 9 millj. kr., en það gaf 9 millj. og 700 þús. kr. á árinu 1952, og í októberlok núna var það orðið 1.6 millj. kr. hærra en á sama tíma í fyrra. Samkv. því áætla ég það 10.6 millj. og tel það þó raunverulega neðan við það, sem líkurnar benda til að það verði, og það verulega.

Vitagjaldið er áætlað 1 millj. kr. Það áætla ég 1.3 millj. Í októberlokin var það komið upp í 1 millj. 270 þús., eða rétt upp undir 1 millj. og 300 þús. kr., og það er því vitað, að það verður á þessu ári ekki undir 1.5—1.6 millj. kr. Áætla ég það þannig 200—300 þús. kr. lægra á næsta ári en það er í ár, og sýnir það hina fyllstu varfærni.

Þá er það leyfisbréfagjaldið. Ég legg til, að það hækki úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr., þar sem nú vantar sáralítið upp á, að sú upphæð sé fyrir hendi í októberlok s. l., en meiri hl. hv. fjvn. hefur lagt til, að það hækki um sömu upphæð, þ. e. a. s. tvöfaldist, verði áætlað 200 þús. kr. í staðinn fyrir 100 þús. kr.

Útflutningsleyfisgjöld eru áætluð 500 þús. kr. í frv., en voru í októberlok orðin hærri en sú áætlunarupphæð, og virðist vera varlegt að áætla þau 100 þús. kr. hærri, þannig að þau verði 600 þús. kr.

Þá er komið að næsthæsta tekjulið fjárl., söluskattinum. Hann er áætlaður í fjárlfrv. 91½ millj. kr., og meiri hl. n. hefur lagt til, að hann verði áætlaður 95½ millj. kr. Það er vissulega mjög varfærnislega gert af hv. meiri hl., eins og vænta mátti, en af söluskattinum innheimtist í fyrra í nóvember- og desembermánuðum um 21 millj. kr., og núna í haust, í októberlok, var hann orðinn 10 millj. kr. hærri en á sama tíma í fyrra. Það lítur því fyllilega út fyrir, að hann verði ekki undir 110 millj. kr. í ár, og er ég þess vegna langt fyrir neðan þá upphæð, þegar ég áætla hann 100.5 millj. kr. á næsta ári, þ. e. a. s. 9 millj. kr. hærri en gert er í fjárlfrv., en 5 millj. kr. hærri en meiri hl. n. telur varlegt að gera. Ég tek þarna sama tillit eins og áðan með verðtollinn, að ég tel, að þarna lækki kannske nokkuð á næsta ári, vegna þess að lokið er virkjunum Sogs og Laxár og byggingu áburðarverksmiðju.

Leyfisgjöld — það er lítill liður í tekjubálki fjárl., 1.7 millj. kr. í frv. — voru í októberlok orðin 2 millj. 155 þús. kr. og þannig mun hærri en árið áður. Ég tel mjög varlegt að áætla þau 2.3 millj. kr. og leyfi mér að gera það.

Eins og kunnugt er, hafa tekjur af áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins ávallt verið hin síðari ár með hæstu tekjuliðum fjárl. Ég gat þess áðan sem dæmi um það, hversu mjög skeikaði áætlunarupphæðum og reikningsupphæðum oft og tíðum hin síðari ár, að 1951 voru 15 millj. kr. vanáætlaðar af tekjum þessara ríkisstofnana, áfengisverzlunar og tóbakseinkasölu. Það er nú þannig, að nú hafa aftur í fyrsta sinn verið áætlaðar talsvert miklu hærra tekjur tóbakseinkasölunnar heldur en undanfarið, enda þótti mér mjög fróðlegt að sjá bréf, sem lá fyrir fjvn. og hafði verið skrifað af forstjóra tóbaks-

einkasölunnar til fjmrh. í sumar. Ég tel þennan bréfkafla svo skemmtilegan og svo skýra og ótvíræða játningu á því, sem ég hef haldið fram undanfarin ár, að vitandi vits væru vanáætlaðir allir stærstu tekjuliðir fjárl., að ég get ekki stillt mig um að lesa upp kafla úr þessu bréfi forstjórans, með leyfi hæstv. forseta. Bréfkaflinn er svo hljóðandi:

„Viðvíkjandi áætlun tóbakseinkasölunnar fyrir árið 1954, þá hefur áætlunin verið hækkuð allverulega, eða upp í 30 millj. kr. úr 22 millj. kr. í fyrra (það er hækkun um 8 millj.). Hefur þannig sá háttur verið tekinn upp að færa áætlunina sem næst í samræmi við það, sem verða kann, enda þótt henni sé haldið nokkuð fyrir neðan það, sem reynast kann samkv. reikningnum."

Þetta finnst mér vera skýr og skemmtileg játning á því, að þeir hafa vel vitað það undanfarin ár, að þeir voru ekki að gera sér far um að áætla tekjur þessarar stofnunar sem næst því, sem líkur væru til að þær yrðu, en nú á að taka upp þann hátt að færa áætlunina sem næst í samræmi við það. Og þó er tekið fram, að enn þá sé það gert þannig, að það kunni að verða nokkurt bil á milli áætlunar og reikningslegrar niðurstöðu. Þar með er sagt í raun og veru, að enn þá sé haldið sér a. m. k. við það, sem vera ber, að gera varlega áætlun, sem fyllilega muni standast. Það er gott út af fyrir sig. — Þetta var nú sú játning, sem lá fyrir í fjvn. frá forstjóra tóbakseinkasölunnar og upplýsir það, að nú muni áætlun tóbakseinkasölunnar vera nær lagi en áður.

En athugun á tekjum áfengisverzlunarinnar sýnir þó, að í októberlok s. l. voru þær orðnar 49.6 millj. kr., og reynsla undanfarinna ára sýnir, að áfengissalan í nóvember og desember er a. m. k. 10—12 millj. kr. báða mánuðina. Þetta sýnir okkur, að tekjur áfengisverzlunarinnar í ár, þ. e. a. s. nettótekjur, verða ekki undir 59—60 millj. kr., en á fjárlfrv. eru þær áætlaðar á næsta ári 52 millj. kr. Nú er ég fús til þess að taka það með í reikninginn, að það hafa verið samþykkt héraðabönn í 3 kaupstöðum landsins, og það er von ýmissa, að þessi ráðstöfun verði til þess að draga nokkuð úr vinneyzlu í þessum kaupstöðum. Það þýðir aftur, að það má búast við, að áfengisverzlun ríkisins verði fyrir nokkru áfalli um tekjur, nokkurri tekjurýrnun, vegna þessa, og þykir mér rétt að áætla frádrag, þegar nú væri gengið frá áætlunarupphæð fyrir árið 1954. Ég hef því aflað mér upplýsinga um það hjá bókhaldi áfengisverzlunar ríkisins, að áfengissala til Akureyrar, Ísafjarðar og Vestmannaeyja var s. l. ár tæpar 10 millj. kr. Nú vil ég gera ráð fyrir því, að áfengisverzlunin missi um helming þessara tekna á næsta ári og fái ekki nema 5 millj. kr. sölu úr þessum kaupstöðum. Ég vil því draga frá 59 milljónum 5 millj. kr., og þá eru eftir 54 millj., og það tel ég ákaflega varlegt að áætla tekjur Áfengisverzlunar ríkisins næsta ár og geri það. Hv. meiri hl. n. hefur áætlað þessa upphæð 53 millj. Er þarna um að ræða lítils háttar hærri upphæð hjá mér, enda hef ég þá gert þarna mikið frádrag vegna héraðabannanna. Sumir vilja að vísu halda því fram, einmitt í stjórnarliðinu, að þessi ráðstöfun um héraðabönn muni kannske ekkert draga úr áfengisneyzlu, og ef farið væri eftir þeirra skoðun, þá ætti að mega hækka þessa áætlun enn þá um allt að 5 millj. kr., en það geri ég nú ekki.

Tekjur ríkisins af tóbakseinkasölu virðast fara hraðvaxandi. Á þessa árs fjárl. eru þær áætlaðar 35 millj. kr. nettó, en á frv. núna eru þær 4 millj. hærri en í fyrra, eða 39 millj. Nú í októberlok eru nettótekjur ríkissjóðs orðnar 37 millj., og reynsla undanfarinna ára sýnir það nokkur ár í röð, að tekjurnar af nóvember- og desembermánuði eru 5—6 millj. kr. Það má því telja víst, að tekjur tóbakseinkasölunnar verði 42—43 millj. í ár, og það eru engar líkur til, að sú upphæð lækki neitt á næsta ári, og áætla ég þessar tekjur því 43 millj. kr.

Þá eru nú taldar þær till. flestar, sem ég geri við hækkun tekjubálks fjárl., nema ég tel, að það sé forsvaranlegt að áætla, að póstsjóður verði rekinn hallalaust, og enn fremur, að tekjuliðirnir „vaxtatekjur" og „óvissar tekjur" verði hækkaðir lítillega, og hef ég gert það hvort tveggja með hliðsjón af niðurstöðum ríkisreikningsins 1951 og 1952. En í báðum þessum reikningum eru þessir liðir mun hærri en áætlunartölurnar í fjárlfrv.

Þá hef ég lagt til við gjaldabálkinn, að ýmiss konar kostnaðarliðir verði lækkaðir eða felldir niður. Ég hef þó ákaflega lítið farið út í þetta af þeim sökum, að ég er margsinnis búinn að gera á undanförnum árum víðtækari breytingar til lækkunar, en það hefur naumast komið fyrir, sennilega alls ekki komið fyrir, að nein þeirra hafi verið samþykkt af hv. stjórnarflokkum. Ég tel þess vegna alveg tilgangslaust að efast um, að sú stefna ríkisstj. að samþykkja ekki neina sparnaðartill. sé óbreytt enn, því að ég hef ekki séð neitt það, hvorki í samningu frv. né meðferð, sem bendi til þess, að hv. stjórnarflokkar séu búnir að taka upp nýja siði eða játast undir ný viðhorf að því er það snertir. Það er því nánast sem fyrirspurnir um ólíklega hluti til meiri hl. Alþ., að ég hef gert till. um nokkrar einstakar lækkanir, flestar smávægilegar, alls nokkuð á aðra millj. króna.

Ég legg t. d. til, að ríkisstj. láti sér nægja 100 þús. kr. til ferðakostnaðar og lækki áætlunarupphæðina um 70 þús. kr. Þessi liður er nú 170 þús. kr. En ég hef lagt þetta til áður en ég fór í gegnum gögn hjá fjvn., en þar sá ég ekki, að ríkisstj. hefði þurft að nota á s. l. ári nema 21200 kr., held ég, í þessu skyni.

Þá legg ég til, að kostnaður við alþjóðaráðstefnur lækki um 100 þús. kr. Í frv. eru ætlaðar til þessa hlutverks 500 þús., en ég legg til, að það verði 400 þús. kr., því að auk þess eru 200 þús. kr. áætlaðar vegna kostnaðar við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn. og enn fremur 500 þús. kr. vegna samninga við erlend ríki. Í gögnum fjvn., sem ég fór gegnum síðar en ég gerði till., sé ég nú ekki, að ríkisstj. hafi þurft á árinu 1953 að verja nema 73 þús. kr. til kostnaðar vegna samninga við erlend ríki. Þar sem þessi upphæð virðist því hafa farið margfaldlega niður úr áætlun, þá sé ég ekki ástæðu

til, að það standi í frv. heimild til þess að eyða 500 þús. kr. í þetta, ef normalkostnaður er innan við 100 þús. kr.

Þá legg ég til, að felld verði niður fjárveiting til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju við Grundarfjörð, 175 þús. kr., af því að það er ekki vitað, að þetta hæli sé enn tekið til starfa. Auk þess hefur tvö undanfarin ár verið veitt fé á fjárl. til rekstrar þessa hælis, sem ekki er til, hvort árið um sig 125 þús. kr. Ég álít því, að það sé alveg að ófyrirsynju að áætla nú í þriðja sinn ekki aðeins 125 þús., eins og verið hefur tvö undanfarin ár, að óþörfu, heldur 175, og tel, að það beri að fella þetta niður.

Skipaskoðunin, löggildingarstofan og síldarmatið legg ég til að verði látið standa undir sér eins og öryggiseftirlit ríkisins, bifreiðaeftirlitið, eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa og matvælaeftirlitið, sem öll eru látin taka það gjald fyrir starf sitt, að tekjurnar standi undir rekstrarkostnaðinum. Ég fæ ekki annað séð en að þetta sé bara tilhögunaratriði, en þetta mundi þó spara ríkissjóði 500 þús. kr., ef þessar stofnanir væru látnar taka gjald fyrir sína þjónustu þannig, að það samsvaraði rekstrarkostnaðinum.

Fiskmatið hefur ár frá ári verið með stórkostlega hækkandi ferðakostnaðarupphæð. Núna á frv. er þessi ferðakostnaður hjá fiskmatinu kominn upp í 175 þús. kr. Ég hef ekki rekizt á eins mikinn ferðakostnað hjá nokkurri ríkisstofnun. Skil ég að vísu vel, að þarna þurfi mikið að ferðast, en ég held samt, að þarna sé ekki sparlega á haldið. Ég hef gert mér hugmyndir um, að það mætti kannske komast af með 100 þús. kr. í ferðakostnað hjá fiskmatinu, án þess að það gengi út yfir hlutverk stofnunarinnar. Ég skal líka segja það, að ég hef sjálfur séð, að óþarflega hefur verið lagt heldur ríflega í kostnað við að ferðast á vegum þessarar stofnunar, þar sem flugvél hefur verið tekin á leigu milli nálægra staða, þegar hægt hefði verið að komast annaðhvort á bílum eða öðruvísi.

Þar sem búið er að afnema húsaleigulögin og ekki er lengur neitt eftirlit með óhóflegri húsaleigu, þá þykir mér óskemmtilegt, að eftir standi bara skrifstofubáknið og taki til sín 130 þús. kr. á fjárl., og legg til, að sú upphæð hverfi þaðan.

Þá sé ég og, að undir menntamálaliðinn, sem menn fjargviðrast nú mjög um að fari hækkandi og hækkar óðfluga, er tekinn upp liður, sem heitir „fjármálaeftirlit á gagnfræðastiginu“, að upphæð 35 þús. kr. Í skýringum við fjárlfrv. segir, að þessu embætti sé m. a. ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd fræðslulaganna. Ég hafði staðið í þeirri meiningu sem kennari um áratugi, að eftirlit með framkvæmd fræðslulaganna á hverjum tíma heyrði undir embætti fræðslumálastjóra og þyrfti ekki neitt nýtt embætti til þess að sjá um framkvæmd fræðslulaganna. En svo lengi lærir sem lifir. Ég fræðist nú um það, að það heyri ekki undir fræðslumálastjóra að hafa eftirlit með fræðslulöggjöfinni, til þess þarf nýtt embætti. Fræðslumálastjórinn mætti á fundi fjvn., var m. a. spurður um þetta embætti, og hann sagði, að það hefði verið sett á án samráðs við sig og án sinnar vitundar og hann teldi, að það heyrði undir sig að hafa eftirlit með framkvæmd fræðslulaganna. Það verða því einhverjar skýringar að koma til nýjar, til þess að ég skilji, að það sé nauðsyn á þessum hálfa fjórða tug þúsunda á gjaldabálki fjárl.

Þá hef ég enn fremur lagt til, að niður falli liður, sem er 30 þús. kr., fjárveiting til tilrauna um betri nýtingu á heitu vatni til upphitunar húsa, ekki af því, að ég telji ekki nokkuð mikils virði að kunna tökin á að nota heitt vatn til að hita upp hús með sem beztum árangri. En það er búið að veita fé oftar en einu sinni á fjárl. til þess að rannsaka, hvernig eigi að nota heitt vatn til þess að hita upp hús á Íslandi. Og ég tel ekki, að það eigi að verða neitt eilífðarmál að hafa menn við að rannsaka það. Það verður að taka einhvern endi að komast að niðurstöðu um, hvernig eigi að fara að því að nota heitt vatn til að hita upp hús. En í sambandi við það dettur mér í hug, þótt ekki komi það beint fram í sérstökum liðum á fjárlfrv. og við höfum það þannig fyrir augum, að margt er skrýtið um þessa rannsóknarstarfsemi í landinu og mikið til hennar lagt, sem ég held að þjóðin hafi kannske naumast efni á, og að inni sé haldið fjárveitingum til þessara rannsókna nokkru lengur en brýn þörf kalli á. Látum vera, að þetta sé gert í eitt skipti, en þegar þetta verður ár eftir ár, þá fer það að verða frekar sjúkdómseinkenni en vitnisburður um brýna þörf.

Ég fann t. d. í morgun í skjölum fjvn., sem ég hafði ekki athugað áður, að það er ýmiss konar tilraunastarfsemi skemmtileg, sem veitt er til fé, auk þessa, svo sem til tilraunaráðs búfjárræktar. Það er samtals 165 þús. kr. Nú þarf náttúrlega ýmislegt að rannsaka í sambandi við landbúnaðinn, en að halda þurfi áfram frá ári til árs að gera tilraunir með fitun sláturlamba á ræktuðu landi og verja til þess fé ekki í eitt skipti, heldur ár eftir ár, það fæ ég ekki skilið. Ég held, að bændur geti varla búið svo, að þeir afli sér ekki vitneskju og fái reynslu af því, hvernig eigi að fara að því að fita sláturlömb á ræktuðu landi. En ríkissjóður Íslands borgar til þessara rannsókna 10 þús. kr. í ár og 10 þús. kr. í fyrra og sjálfsagt 10 þús. kr. að ári, ef þær tölur fara þá ekki hækkandi.

Það er líka borgað fé úr ríkissjóði vegna fóðurtilrauna með ær á Hólum í Hjaltadal. Það kostar 15 þús. kr. Það er ódýrt. Þegar ærnar eru að bíta á Hólum, þá verður að borga 15 þús. kr. í rannsóknir á því.

Það þarf að gera fargtilraunir í sambandi við votheysgerð á Hvanneyri. Bændaskólinn á Hvanneyri aflar sér ekki niðurstöðu um það, hvernig þurfi að fergja vothey. Þessar tilraunir eru líka gerðar á Hesti og í tveimur heyturnum nálægt Reykjavík. Þetta er dálítið dýrara en hinir liðirnir, sem ég nefndi. Þetta kostar 50 þús. kr. (Gripið fram í.) Já, og er alls ekki lokið, það verður líka að ári. Aðrar votheysrannsóknir en þetta, hvernig eigi að fergja vothey, fara fram á nokkrum stöðum og kosta 10 þús. kr. í viðbót.

Svo þarf að gera sláttartimatilraunir, sem kosta 15 þús. kr. Ég er alveg viss um það, að bændur eru búnir að finna það út, að það er ekki sama, hvenær þeir slá túnin sín. Það er

ekki sama, hvort þeir gera það áður en stöngull af grastegundum er orðinn að hálmi, og þeir vita þetta vel og slá nokkurn veginn á réttum tíma flestir. En það fara fram tilraunir með þetta, sláttartímatilraunir, og kosta 15 þús. kr. á þessa árs fjárl.

Svo þarf að gera tilraunir með að beita mjólkurkúm á ræktað land. Það kostar 30 þús. kr. Tilraunaráð búfjárræktar fer með þessar tilraunir og framkvæmir þær á Hvanneyrartúninu, — á bændaskólanum á Hvanneyri. Þar þarf að gera tilraunir með það, hvernig árangur verði af því að beita mjólkurkúm á ræktað land, — 30 þús. kr. til þess að vita, hvernig þetta fer nú með sig í haust.

En það er ekki búið enn. Það þarf að gera fóðurtilraunir með lembda gemlinga á Reykhólum, og það kostar 10 þús. kr.

Svo þarf náttúrlega að gefa út rit um þessar rannsóknir, og til þess þurfa þeir í ár 20 þús. kr. og þyrftu helzt að fá meira. Sérstaklega er sagt, að þær hafi verið kostnaðarsamari en búizt var við, tilraunirnar um að beita mjólkurkúm á ræktað land á Hvanneyri. Það er tekið fram í bréfi til ráðuneytisins, að því sé hvergi nærri lokið og verði að taka mörg ár enn.

Svo rak ég líka upp stór augu, þegar ég sá bréf hjá fjvn. frá Nautgriparæktarfélagi Eyjafjarðar. Þar var farið fram á það, að komið yrði upp afkvæmarannsóknarstofnun í þágu nautgriparæktarinnar í Eyjafirði. Og hvað haldið þið, að stofnunin hafi farið fram á? Hálfa milljón króna til afkvæmarannsóknarstofnunar í þágu nautgriparæktarinnar í Eyjafirði. Nú getur auðvitað kannske breytzt viðhorf í þessu máli vegna atburða síðustu vikna, en fram á þetta var farið í haust. Og því er svarað til, að það sé ekki síður þörf á þessu en fjárveitingunum til Nautgriparæktarsambands Suðurlands. Nautgriparæktarsamband Suðurlands tók fyrir nokkrum árum við búinu í Laugardælum, sem Kaupfélag Árnesinga hafði fram að þeim tíma rekið styrklaust, og þarf nú að fá mikið fé til sinnar starfsemi og sinna rannsókna. Búnaðarsamband Suðurlands skrifar auðvitað líka bréf og biður um fjárveitingu vegna tilraunabúsins í Laugardælum. Þar segir, að hallinn á búinu hafi ekki orðið nema 28 þús. kr. s. l. ár, bæði hafi það nú orðið vegna sparnaðar og svo líka góðs árferðis. En þrátt fyrir hið góða árferði, þá er sagt í framhaldi bréfsins, að búskapurinn þarna nái ekki tilgangi sínum, nema hann fái fé til húsabygginga, um 100 þús. kr., og til tilrauna 80 þús. kr., þá muni þetta ná tilgangi sínum, og svo þurfi þarna að vera fastur tilraunastjóri, sem mæli mjólkina og fitumagn hennar og sjái sérstaklega um uppeldi ungviðisins. Ég er alveg viss um það, að ef það hefði verið beðið um kennara til þess að annast uppeldi á nokkrum börnum, þá hefði verið talið vafasamt, að það væri nauðsynlegt, en þarna þarf tilraunastjóra til þess að sjá um uppeldi kálfanna í tilraunabúinu í Laugardælum, og það þarf 180 þús. kr. til þess, 100 þús. kr. til húsaaukningar og 80 þús. kr. til tilraunanna sjálfra.

Ég sé nú, að vegna bréfs til vélasjóðs hefur fjmrn. ekki verið alveg við því búið að fallast á það, sem þar var um beðið, því að þeim hefur fallið það fyrir brjóst, að það er upplýst, að stjórn vélasjóðs hafi kostað 50 þús. kr. hálft árið núna, hafi kostað 120 þús. kr. árið áður, beðið um, að veittar verði 200 þús. kr., en fallizt á, að það megi verja 180 þús. kr. til þess. En ég er alveg sannfærður um það, að þarna er bara gripið á einum stað niður á kýlið. Þetta er allt saman í hringavitleysu hjá okkur með þetta rannsóknafálm hér og þar. Það er verið að gera rannsóknir uppi í háskóla fyrir sjávarútveginn. Það er verið að gera rannsóknir fyrir sjávarútveginn hér niður við Fiskifélagshús. Það er verið að gera rannsóknir á einum stað viðvíkjandi fiski í saltvatni og á öðrum stað rannsóknir viðvíkjandi fiski í ósöltu vatni. Þetta er allt saman sundurtætt, og alls staðar þarf þessi rannsóknastarfsemi tugi og hundruð þús. kr., og enginn hefur manndóm í sér til þess að færa þetta saman á neinn hátt, þó að bent sé á þetta ár eftir ár. Og ég er viss um, að ef við spyrðum bændur landsins, hvort þetta væri í þeirra þágu, hvort þetta væri fyrir þá gert, hvort þeir hefðu af þessu ávöxt, þá mundu þeir svara í hneykslun: „Nei, þetta er ekki fyrir okkur gert.“ Enda kemur maður varla svo á bóndabæ í námunda við þessar stöðvar, að þeir séu ekki fullir hneykslunar yfir þessum ríkisfyrirtækjum. Alveg sama er með sjómennina. Ég hygg, að þetta tilraunakák hér og þar um landið sé að litlu eða engu leyti í þeirra þágu.

Það kom fulltrúi frá rannsóknaráði ríkisins á fund n. og var spurður að því, hvaða tilraunir af þeim, sem þeir hefðu haft með höndum, hefðu borið jákvæðan árangur. Ég hygg, að allir hv. nm. geti borið það með mér, að þessi fulltrúi rannsóknaráðsins sagði: „Engar.“ Það eru engar búnar að bera árangur enn þá, ekki ein einasta. Hann gat ekki nefnt eina einustu tilraunastarfsemi, sem hefði enn þá skilað árangri. Þess vegna verður að halda þeim öllum áfram og ekki nóg með það, heldur að halda þeim öllum áfram í sama skipulagsleysinu eins og þeim hefur verið haldið áfram hingað til.

Eitt af því, sem ég legg til til lækkunar á gjaldabálkinum, er það, að liðurinn „veiðimálaskrifstofa“ falli niður. Það eru nokkur ár síðan veiðimálastjóraembættið var lagt niður, og loðdýraræktarráðunautarembættið var líka lagt niður þá. Og þetta gerðist af því, að það var vakin athygli á því hér á Alþ., að embættiskostnaðurinn væri áætlaður í fjárl. eins og árið áður, en embættismaðurinn væri ekki í landinu, hann væri setztur að úti í Kaupmannahöfn, og viðkomandi ráðh. vissi ekkert um þetta. Þetta hafði atvikazt þannig, að viðkomandi embættismanni höfðu tæmzt tveir geysilega stórir arfar. Hann var orðinn svo ríkur maður allt í einu, að hann gat ekki verið hér á landi vegna skattalöggjafarinnar og fór úr landi og skildi embættið eftir, skrifstofurnar, var úti í Kaupmannahöfn. Svo sást nú ekkert á fjárl. til þessa embættis um sinn, en þegar maðurinn var búinn að standa af sér auðinn, hinn skyndilega auð, í nokkur ár í öðru landi, þá kom hann heim til Íslands á ný, og þá bólar á því í fjárl. í fyrra, að það eru áætlaðar 90 þús. kr. vegna framkvæmda á l. um

lax- og silungsveiði. Nú er þessi sami liður farinn að færast nær hinu gamla orðalagi, nú heitir það „vegna veiðimálaskrifstofu". Skrifstofurnar eru þrjú herbergi full af bókum á mörgum tungumálum um fiskirækt, sjálfsagt góðum bókum, og þar er tvennt eða þrennt á skrifstofu. Nú eru áætlaðar til þessa á fjárlfrv. 142 þús. kr., en samkvæmt bréfi, sem liggur fyrir í plöggum fjvn. frá hinum heimkomna embættismanni, gerir hann grein fyrir því, að hann þurfi að fá 182269 kr. Þar af gerir hann grein fyrir, að til veiðimálan. og til styrks til fiskiræktar og veiðieftirlits, þ. e. a. s. til að byggja klakhús, sem er nauðsynlegt, og til þess að búa til fiskivegi í ám, muni fara 30 þús. kr., auk þess sem veiðimálan. á að fá eitthvað af þeirri upphæð og eftirlitið með þessum lið. M. ö. o.: Það virðist af þessum plöggum auðsætt, að það er mikið innan við 30 þús. kr., sem á að fara til praktiskra viðfangsefna í sambandi við fiskiræktina, en öll meginupphæðin — og maðurinn segist þurfa 180 þús. kr. — á að fara í skrifstofubákn embættisins. Ég segi, að þessu fé sé illa varið, og þessi liður á að falla niður.

Um svipað leyti og embætti veiðimálastjórans var lagt niður, var, eins og ég áðan sagði, embætti loðdýraræktarráðunautarins lagt niður og Búnaðarfélagi Íslands falið eftirlit með loðdýrunum. Þá átti mjög að fækka loðdýrum á Íslandi, því að ég held að á sama þingi hafi verið samþykkt að banna minkaeldi hér á landi. En þá fóru fyrst að hækka útgjöldin vegna loðdýra í fjárl. og hafa þó held ég aldrei verið hærri en núna, því að Búnaðarfélagið hefur sínar 10 þús. kr. til eftirlits með loðdýrum, 250 þús. kr. er lagt til í fjárlfrv. að verði varið til eyðingar loðdýrum, og á heimildagrein leggur nú meiri hl. fjvn. til að varið sé öðrum 250 þús. kr. til eyðingar loðdýrum. Þannig eru útgjöld á fjárlfrv. vegna loðdýra 510 þús. kr.

Brtt. mínar samtals við tekjubálkinn, að viðbættum lækkunum á gjaldabálkinum, eru að upphæð 32 millj. kr. Hins vegar nema þær till., sem ég flyt og leiða af sér aukin útgjöld, samtals tæpum 18 millj. kr. Frv. kæmi því út með verulegum tekjuafgangi, þó að allar þessar till. Alþfl. væru samþ. Það er sjálfsagt að taka það fram, að svo að segja allar hækkunartill. hv. meiri hl. fjvn. felast innan ramma þeirra till., sem ég hef flutt, og eru þannig ekki til viðbótar, heldur einmitt felast innan 32 millj. kr. upphæðarinnar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þær hækkunartill., sem ég legg mesta áherzlu á og tel brýnasta þörf fyrir.

Það er í fyrsta lagi, að ég legg til, að 1 millj. kr. sé varið til malbikaðra og steyptra vega og gatna í kaupstöðum og kauptúnum. Það hafa verið einar 100 þús. kr. á fjárl. í mörg ár, allt frá því að ég kom fyrst á þing, 1946, til malbikunar vega, og mér er sagt, að þær hafi alltaf farið til malbikunar vega hér í Reykjavík, en eftir orðalaginu var sýnilega tilætlunin sú, að þær færu til malbikunar í kaupstöðum og kauptúnum, og Reykjavík er sjaldan nefnd því nafni í fjárl., ef henni er ætluð fjárveiting. Það er þess vegna um 900 þús. kr. hækkun þarna til verkefnis, sem ég tel vera mjög aðkallandi í bæjum og þorpum.

Þá legg ég til, að fiskveiðasjóði Íslands séu ætlaðar 5 millj. kr. til þess að geta gegnt sínu brýnasta hlutverki. Sjútvn. Ed. hefur að undanförnu verið að fást við þessi mál, og hefur held ég öll verið á einu máli um það, að fiskveiðasjóðinn vanti tilfinnanlega mikið fé til þess að geta gegnt hlutverki sínu, greitt fyrir byggingu báta og kaupum á bátum, og við svo búið megi ekki standa, það verði einhvern veginn að sjá sjóðnum fyrir fé, svo að hann sé starfhæfur. Þessu tel ég ríkissjóð ekki geta lokað augunum fyrir og ekki mega loka augunum fyrir, heldur verði að sjá sjóðnum fyrir þessari upphæð, sem nm. hafa einmitt tjáð mér að sé sú lægsta upphæð, sem komið geti að gagni, ef hann eigi að geta starfað eins og æskilegt sé.

Þá legg ég til í þriðja lagi, að aukaframlag til Tryggingastofnunar ríkisins verði ákveðið í fjárl. 6.3 millj. kr., en hv. meiri hl. fjvn. hefur lagt til, að þetta tillag til Tryggingastofnunarinnar verði 2 millj. og 350 þús. kr. Það er upplýst af forstjóra tryggginganna, að fyrirsjáanlegur halli þeirra, sem hann hefur nákvæmlega gert grein fyrir, verði aldrei undir 7 millj. kr.

Þá er lagt til, að framlag til verkamannabústaða hækki um 3 millj. og 360 þús. kr. og verði þannig 5 millj. í stað 1 millj. og 640 þús., sem nú eru í frv. Húsnæðisskorturinn er núna eitt versta þjóðfélagsbölið, sem við eigum við að stríða. Það getur ekki verið, að það hafi farið fram hjá Reykvíkingum, því að hér er hann kannske með því versta, og þessi vandræði verður að leysa. Með hagfelldustu móti verður hann leystur, að ég hygg, með byggingu verkamannabústaða. Það hefur allt of mikil stöðnun verið í þeirri starfsemi að undanförnu að byggja verkamannabústaði vegna fjárskorts, og margir af þeim mönnum, sem hafa haft forustu fyrir byggingu slíkra húsa, hafa staðið ráðalausir uppi með seinasta áfangann vegna þess, að byggingarsjóðurinn hefur ekki getað greitt það, sem honum hefur borið að greiða til þess að ljúka uppgjöri við verkamenn og iðnaðarmenn, sem að þessum bústöðum hafa unnið. Mér er því kunnugt um, að það eru stórkostleg vanskil víða við iðnaðarmennina, sem hafa verið að leggja síðustu hönd á að byggja verkamannabústaði, og er slíkt óviðunandi með öllu. Auk þess hafa svo auðvitað framkvæmdirnar að miklu leyti stöðvazt vegna fjárskorts sjóðsins. Ég trúi ekki öðru en að hv. Alþ. finni það sem skyldu sína að leggja fram fé til aukinnar byggingarstarfsemi íbúðarhúsnæðis í landinu, því að öllum er ljóst, að það er nú eitt af hinum brýnustu og mest aðkallandi viðfangsefnum.

Þá legg ég til, að inn á 17. gr. fjárl. verði tekinn nýr liður: „framlag til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum", að upphæð 750 þús. kr., gegn tvöföldu framlagi annars staðar að. Það er vitanlega sjálfsagt, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög leggi fram fé til hlutverks eins og þessa, og er lagt til, að tvöfalt framlag komi frá þeim aðilum, en ríkið örvi þessa starfsemi með því að leggja fram ⅓ hluta og ætli til þess 750 þús. kr. á þessa árs fjárl.

Það er samróma álit verkamanna hér í Reykjavík, að þrátt fyrir hið fátæklega verkamannaskýli hér við höfnina, sem er margra áratuga gamalt og er hvergi nærri fullnægjandi, til þess að verkamenn við höfnina hér geti fengið kaffi og mjólk og mat eins og þeir þyrftu að fá, þegar hlé er á vinnu, þá vantar hér tilfinnanlega við vesturhluta hafnarinnar annað verkamannaskýli. Og í mörgum hafnarbæjunum, raunar flestum, er þetta alveg óviðunandi að því er snertir aðstöðu verkamanna, þegar þeir eiga að neyta matar eða drykkjar í vinnuhléum. Það er menningaratriði, sem þarna þarf að leysa, og það á að leysast af ríki og bæjarfélögum í sameiningu.

Þá er lagt til hér, að lánasjóður stúdenta fái 600 þús. kr. fjárveitingu í stað 300 þús. kr., sem nú eru í frv. Hv. meiri hl. n. hefur lagt til, að í þessu skyni verði veittar 400 þús. kr., en stúdentasamtökin halda því fram, að sjóðurinn sé mjög getulítill, gegni ekki hlutverki sínu sem skyldi vegna fjárskorts, og það þurfi að koma undir hann fótum og hans lánastarfsemi sem allra fyrst. Ég tel, að það væri ekki nema ánægjulegt fyrir Alþ. að efla lánasjóð stúdentanna með þessum hætti, með 600 þús. kr. upphæð, og tel, að þeirri fjárveitingu væri betur varið en mörgu öðru, sem ég hef bent hér á og gert að umræðuefni að þessu sinni, og munu þó mörg fleiri vera ónefnd, sem síður væri aðkallandi að inna af hendi.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. hafði lofsamleg ummæli áðan í framsöguræðu sinni um gagnsemi lánasjóðsins, en það er ekki nóg. Stúdentarnir geta ekki fengið lán út á fögur orð, og þeir hafa borið þessi tilmæli fram við hæstv. menntmrh., að sjóðurinn fengi núna 600 þús. kr. Ég hygg, að hann hafi tekið heldur vel undir það, en hv. meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að fara lengra í þessu máli en að leggja til, að 400 þús. kr. verði veittar.

Þá flyt ég till. um það, að starfsemi Slysavarnafélags Íslands sé veitt sú viðurkenning, að styrkur ríkissjóðs til almennra slysavarna verði hækkaður um 100 þús. kr. Þá yrði hann 250 þús. kr. Félagið hefur nú til almennra slysavarna 150 þús. kr. Ég held, að það sé rétt, að Slysavarnafélag Íslands sé einhver vinsælasti félagsskapur hér á landi og sá félagsskapur, sem einna bezt rækir sitt hlutverk, svo að þjóðin er ánægð með og ann þessu félagi. En þrátt fyrir það hefur ekki verið hækkuð fjárveitingin til Slysavarnafélags Íslands, að mér er tjáð, til almennra slysavarna s. l. 10 ár þrátt fyrir alla dýrtíðaraukningu, sem hefur orðið á þessu tímabili. Hækkun nokkur tölulega varð fyrir nokkrum árum, þegar félaginu var þá jafnframt gert að skyldu að taka að sér rekstur björgunarflugvélar, en félagsstjórnin hefur tjáð mér, að reksturinn á þeirri mjög svo nauðsynlegu og gagnlegu starfsemi, sem alls ekki er umdeild af neinum, hafi bakað félaginu meiri útgjöld en upphæðin var þá hækkuð. Að öðru leyti hefur fjárveitingin til Slysavarnafélagsins ekki verið hækkuð s. l. 10 ár og félagið þannig orðið í mikilli fjárþröng, þó að því berist víða gjafir að vegna þess góðhugar, sem það hefur vakið með starfi sínu.

Annar liður í starfsemi Slysavarnafélagsins, sem ég held að allir vilji að sé efldur, en kostar þá líka fé, ef hann er efldur, er slysavarnastarfsemin til þess að afstýra umferðarslysum. Ég hef lagt til, að félagið fái 25 þús. kr. hækkun til þessarar starfsemi sinnar og fái þannig 75 þús. kr. alls til hennar. Ég vil vona, að við nánari athugun verði fallizt á, að starfsemi Slysavarnafélagsins hljóti viðurkenningu með nokkurri hækkun, af því að nauðsyn ber til, að það fái aukið fé til starfsemi sinnar, ef ekki á að draga úr henni.

Það er sjálfsagt að geta þess, sem gert er. Fjvn. féllst á að veita núna 50 þús. kr. til flugbjörgunarsveitar, sem kom á fund n. og gerði grein fyrir fyrirætlunum sínum um aðstoð, ef flugslys bæri að höndum, og n. lagði til, að þessi flugbjörgunarsveit, sem er skipuð sjálfboðaliðum, fengi 50 þús. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til sinnar starfsemi, aðallega til þess að koma upp færanlegri björgunarstöð eða aðstöðu til þess að veita hjálp í viðlögum á slysstað. Ég undrast það raunar ekkert, sem ég nú hef orðið var við, að Slysavarnafélaginu sárnar það nokkuð, að öðrum aðilum en Slysavarnafélaginu skuli fremur vera veitt fé til slysavarnastarfsemi, og bendi á, að það sé hvorki praktiskt né viturlegt að skipuleggja slysavarnastarfsemi á margar hendur, og það er óefað rétt, þegar manni er bent á það. Undir öllum slíkum tilfellum, ef flugslys hefði borið að höndum eða óttazt væri um, að flugslys hefði orðið, mundi vera kallað til Slysavarnafélags Íslands. Það yrði að hafa sín sambönd úti um landið í námunda við þá staði, sem umferðarslysið hefði orðið, og flugbjörgunarsveitin gæti aldrei innt annað af hendi en aðstoð við starfsemi Slysavarnafélags Íslands í þessu efni, og því er Slysavarnafélagið dálitlum óréttri beitt og fær ekki viðurkenningu fyrir sitt starf, þegar annar aðili, sem segist ætla að inna af hendi vissan þátt slysavarna hér á landi, fær 50 þús. kr., en erindi frá Slysavarnafélaginu fá enga áheyrn. En ég er ekki vonlaus um, að vinsældir félagsins komi því til vegar, að litið verði á þeirra mál, áður en gengið er frá afgreiðslu fjárl., — ég trúi ekki öðru.

Þá leggur Alþfl. að síðustu til, að ríkisstj. verði heimilað að verja allt að 50% af tekjuafgangi ríkissjóðs á árinu 1953 til að greiða hluta af skuldum ríkisins vegna skólabygginga, sjúkrahúsa og hafnarmannvirkja. Ég tel það alveg víst, að tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 1953 sé allverulegur. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. gat þess áðan, að tekjur manna á yfirstandandi ári hefðu orðið miklum mun meiri en á s. l. ári, og allt árferði hefur verið hið bezta, afurðasalan hefur gengið með afbrigðum vel, og allar líkur benda til þess, að tekjur ríkissjóðs hljóti að hafa farið langt fram úr áætlun. Ég ætla þó ekki að ganga út frá því sem gefnu og vísu, að farið hafi verið svo freklega fram úr heimildum fjárl. um greiðslur úr ríkissjóði, að þarna sé ekki um verulegt fé að ræða, sem sé óráðstafað og hljóti því að koma til ráðstöfunar þessa Alþ., sem nú situr. Ég tel, að það beri fyrst og fremst að verja því a. m. k. að nokkru leyti — ég hef lagt til allt að helmingi

— til þeirra hluta, sem ríkið stendur í óbættum sökum við aðra samstarfsaðila sína í þjóðfélaginu. Það var upplýst af hv. frsm. meiri hl. fjvn. áðan, að ríkið skuldaði raunverulega 14 millj. kr. vegna skólabygginga. Enn fremur skuldar það nokkurt fé vegna sjúkrahúsbygginga, og 3.8 millj. kr. skuldar það vegna hafnargerða. Það er því a. m. k. um 20 millj. kr., sem stendur upp á ríkissjóð að greiða móti framlögum sveitarfélaga og annarra aðila í sambandi við skólabyggingar, sjúkrahús og hafnargerðir, og þyrfti vitanlega að *höggva í þetta og borga þetta að einhverju leyti* og helzt að öllu leyti niður, svo að ekki stæði upp á ríkið í þessu efni. Hálfum tekjuafgangi þessa árs, þ. e. a. s. því, sem ekki er búið þegar að ráðstafa í fjárl. með neinu móti, tel ég að væri vel varið til þess að draga úr þessum vanskilum ríkissjóðsins.

Ég hef þá með þessum orðum gert grein fyrir till. þeim, sem ég fyrir hönd Alþfl. hef flutt í sambandi við fjárlfrv., bent á ýmiss konar eyðslu, sem ég tel að eigi sér stað og þyrfti að taka fyrir, ýmiss konar skipulagsleysi í starfsemi ríkissjóðs og stofnana, sem sækja fé í ríkissjóð eftirlitslítið, og tel, að á þessu þyrfti að ráða bót. Ég hef með till. minum eins og oft áður sýnt *fram á það, að því fer fjarri enn, að tekjuáætlun* fjárl. sé rétt. Með því að áætla tekjurnar hærra er ekki verið að auka neitt álög á gjaldþegnana, síður en svo, það er verið að framkalla rétta mynd af þeirri skattlagningu, sem á sér stað, og annað ekki með þessum till. minum. Það er hægt að verja fé til þeirra hluta, sem ég hef hér bent á og allir eru bráðnauðsynlegir, án þess að auka nokkurn skatt á nokkrum gjaldþegni hér á landi. Ég fullyrði, að eins og það hefur sýnt sig mörg undanfarin ár, að þær till., sem ég hef gert til hækkunar á tekjuhlið fjárl., hafa staðizt, — og það er ekki hægt af neinum að segja það, að þær hafi verið óvarlegar og reynslan hafi sýnt, að tekjustofnarnir hafi orðið lægri en ég hef áætlað þá, — eins er það alveg áreiðanlegt, að till. minar núna eru innan ramma raunveruleikans og tekjurnar á næsta ári verða a. m. k. þær, sem ég hef áætlað þær, og þó sennilega nokkrar milljónir umfram það. Það er þess vegna rúm innan fjárl. fyrir þær framkvæmdir og þær umbætur, sem ég hef hér lagt til, án þess að halli verði á fjárl., og þykir mér það enn rangt af hæstv. ríkisstj. að neita að áætla tekjurnar sem réttast og skorast þannig undan því að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir, sem vel er hægt að ráðast í án þess að bæta við nýjum tollum eða sköttum. — Læt ég svo máli minu lokið.

**Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson):** Herra forseti. Ég hef ekki treyst mér til að skila sameiginlegu nál. með meiri hl. fjvn. og hef gert nokkra grein fyrir því í nál., sem ég hef gefið út á þskj. 262. Aðalorsökin til þess, að ég hef ekki getað orðið samferða meiri hlutanum um nál., er sú, að við sósialistar erum í meginatriðum andvígir þeirri fjármálastefnu ríkisstj., sem fjárlfrv. fyrir árið 1954 er byggt á. Við teljum, að þar sé í öllum höfuðatriðum farið í aðra átt en við hefðum talið æskilegt, og bendum á það nú eins og áður, hvað við teljum að hefði átt að vera á annan veg, en þar er í ýmsum atriðum svo miklu að breyta, að það verður ekki gert nema með almennri lagasetningu og verða því okkar till. nokkuð að miðast við það. Ég skal nú víkja að þessu með örfáum orðum í aðalatriðum.

Tekjubálkur fjárlfrv. byggist á því, að aðaltekjur ríkissjóðs séu tollar, söluskattur og gróði af áfengis- og tóbakssölu. Allar aðaltekjur ríkissjóðs eiga að innheimtast af landsmönnum á þennan hátt. Við sósialistar erum andvígir þessum tekjuöflunarleiðum. Við höfum hér á Alþ. *margsinnis lagt fram till. um* það að fella niður söluskattinn, teljum hann óréttlátan, koma mjög óþægilega niður, einmitt harðast niður á þeim, sem sízt skyldi í þjóðfélaginu. Við höfum einnig lagt hér fram á Alþ. till. um að afnema með öllu tolla af nauðsynjavörum, en þessar till. hafa ekki náð fram að ganga, og stefna ríkisstj. hefur verið látin gilda í þeim efnum að byggja á þessum liðum sem aðaltekjuöflunarleiðum fyrir ríkissjóð.

Þó að farið væri eftir till. okkar sósialista um að fella niður söluskattinn og afnema tolla af brýnustu nauðsynjavörum, þá eru eftir sem áður til nægar tekjuöflunarleiðir fyrir ríkissjóð eins og við höfum líka margsinnis bent á. Í því efni *vil ég aðeins minna á, að nú er hinn mikli milli*liðagróði og þá alveg sérstaklega gróði heildsalanna, sem fara með innflutningsverzlunina, að sáralitlu leyti skattlagður af ríkinu. Það væri auðvelt fyrir ríkissjóð að tileinka sér verulegar tekjur á hverju ári með því að handsama þennan milliliðagróða. Það væri líka auðvelt fyrir ríkissjóð að afla sér mikilla tekna á hverju ári með því að skattleggja hina auðugu olíuhringa.

Það má benda einnig á það, að sala öll á lúxusvarningi, sem fram fer hér í landinu, er í höndum einstaklinga og félaga, en ríkið ætti auðvelt með að taka þetta í sínar hendur og hafa af sölu slíks varnings miklar árlegar tekjur.

Einnig má benda á það, eins og hér hefur komið fram oft áður, að fasteignabrask á sér stað í landinu og þeir aðilar, sem það leika, raka saman gróða á hverju ári, og væri auðvelt fyrir ríkissjóð að skattleggja slíkan rekstur eða koma á eðlilegri skattlagningu á fasteignir í landinu og þá einkum þær fasteignir, sem hækka árlega í verði fyrir opinberar aðgerðir.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú tilgreint, er það líka, að við flytjum ekki nú við afgreiðslu þessa fjárlfrv. neinar brtt. við tekjuhlið frv. Við erum, eins og ég sagði, í höfuðatriðum andvígir þeim tekjuöflunarleiðum, sem frv. byggir á, en ef þar ætti að verða breyting á, þá þyrfti að breyta þar ýmsum lögum og samþykkja ný lög um nýjar tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs. Hitt vil *ég svo láta í ljós sem mína skoðun*, að allar líkur benda til þess, að tekjur ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum, sem þar um gilda, verði allmiklu meiri í reyndinni heldur en gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. og í till. meiri hl. fjvn.

Nokkuð svipað er að segja um gjaldabálk fjárlfrv., að í ýmsum meginatriðum erum við sósialistar andvígir þeirri stefnu, sem þar kemur fram. Þetta fjárlfrv. ber það með sér á svipaðan hátt og önnur fjárlfrv., sem hér hafa legið fyrir á undanförnum árum, að verulegum hluta af

tekjum ríkissjóðs er á hverju ári varið í hið gífurlega mikla embættisbákn. Útgjöldin af hinum ýmsu greinum í ríkisbákninu fara hækkandi frá ári til árs. Kostnaðurinn af störfum ríkisstj. eykst, kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn hækkar alltaf, og eins er það yfirleitt með annað, sem tilheyrir ríkisbákninu sjálfu, embættiskostnað í sambandi við ráð, nefndir, sendimenn o. s. frv. Þetta hækkar í sífellu, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt. Á sama tíma sem útgjöldum ríkissjóðs er þannig háttað, blasir það við, að útgjöld ríkissjóðs til verklegra framkvæmda, eins og t. d. útgjöld til vegamála, til brúabygginga og til hafnargerða og annars slíks, fara raunverulega alltaf lækkandi með hverju ári, þegar tekið er tillit til heildarútgjalda ríkissjóðs. Sem dæmi um þetta má nefna það, að árið 1945 námu fjárveitingar til vegamála um 16.7% af útgjöldum ríkissjóðs, en nú nema þessi útgjöld um 8.5%. Það er alveg augljóst, að framlögin til verklegra framkvæmda lækka jafnóðum og útgjöldin til embættisbáknsins fara sífellt hækkandi. Við sósialistar erum andvígir þessari stefnu og teljum, að þarna þurfi gersamlega að breyta um.

Það er svo aftur á móti hægara sagt en gert að flytja till. hér við afgreiðslu fjárlfrv. um breytingar til lækkunar á embættisrekstrinum. Embættiskostnaðurinn kemur fyrir svo að segja á öllum greinum fjárlfrv. og í mjög mismunandi myndum, og það er varla á valdi annarra að sjá um, að þarna verði breyting á, heldur en ríkisstj. sjálfrar, einstakra ráðuneyta, þegar viljayfirlýsing Alþ. liggur fyrir um það, að úr þessum kostnaði eigi að draga.

Ég skal svo víkja að nokkrum brtt., sem ég flyt á þskj. 261 við frv.

1. brtt. mín er um það, að varið skuli á næsta ári 2 millj. kr. í styrk til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða. Á fjárlfrv. var ráðgert að verja í þessu skyni 1 millj. kr. Meiri hl. fjvn. hefur lagt til að hækka þá upphæð upp í 1½ millj., en mín till. á þskj. 261 er miðuð við það að verja til þessara mála 2 millj. Ég veit, að hv. alþm. þekkja það, að víða um landið er nú verið að byggja sjúkrahús. Framkvæmdir í þeim málum hafa verið nokkru seinni á sér en framkvæmdir í ýmsum öðrum framfaramálum í landinu, og fjárveitingar ríkisins til þessara framkvæmda eru gersamlega ónógar. Þær eru þannig, að það stendur mjög upp á ríkið með að greiða að jöfnu sitt hlutfall af byggingarkostnaðinum á móti bæjar- og sveitarfélögum. Þó að þessi upphæð yrði hækkuð í 2 millj. kr., eins og mín till. gerir ráð fyrir, þá er greinilegt, að enn þá stendur upp á ríkið allmikið í þessum efnum, og hér er því mjög hóflega í sakirnar farið, en tillöguupphæðin líka miðuð við það frá minni hálfu, að það mætti e. t. v. fá hana samþ. hér á Alþ.

2. brtt. mín er um það, að framlag ríkissjóðs til byggingar á barnaskólum verði hækkað úr 2.1 millj., sem ráðgert er á frv., í 3½ millj. Eins og áður hefur komið fram hér við þessar umr., þá skuldar ríkissjóður nú til byggingar barnaskóla víðs vegar um landið um 10 millj. kr. Fjárveiting, sem aðeins nemur 2.1 millj., þýðir það, að það raknar nálega ekki neitt úr í sambandi við þessi mál, og það má telja reyndar nokkurn veginn fullvíst, að skuld ríkissjóðs við þá aðila, sem eru nú að byggja barnaskóla víða um landið, mun vaxa enn úr þessum 10 millj., ef fjárveitingin verður ekki nema 2.1 millj.

Ég vil í sambandi við þessa till. minnast aðeins á það, að þó að það sé allalgengt, að ýmsum hafi þótt mikið lagt á undanförnum árum til skólamála og m. a. til byggingar skólahúsa, þá verða menn þó að hafa það í huga, að enn þá eru fjöldamörg fræðsluhéruð í landinu, sem búa við algerlega ófullnægjandi skólakost. Þar verður kennslan að fara fram í húsnæði, sem ég hygg að meira að segja flestir alþm. vilji varla trúa að sé notað nú í dag. En staðreyndirnar eru sem sagt þessar, að þó að mikið fé sé búið að leggja til byggingar á skólahúsum víða í landinu, þá verður samt sem áður ekki komizt hjá því að bæta einnig úr vandræðum þeirra, sem nú eru að hefjast handa um framkvæmdir í þessu efni.

3. till. mín er varðandi byggingu gagnfræða- og héraðsskóla. Á fjárlfrv. er gert ráð fyrir að verja í þessu skyni 1 millj. 250 þús. kr., en mín till. er, að varið verði í þessu skyni 2 millj. Skuldir ríkissjóðs í sambandi við byggingu gagnfræða- og héraðsskóla eru nú röskar 3 millj. kr.

4. till. mín er um það, að varið verði til íþróttasjóðs 1½ millj. kr. í staðinn fyrir, að ráðgert er á frv. að verja aðeins 600 þús. kr. Íþróttasjóður mun nú skulda orðið í sambandi við byggingu íþróttamannvirkja víða um landið, aðallega byggingu sundlauga og annarra slíkra mannvirkja, sem mikið hefur verið unnið að á undanförnum árum, rösklega 4 millj. kr., svo að það virðist ekki vera til of mikils mælzt, þó að ríkið leggi íþróttasjóði nú á þessu ári 1½ millj., þegar svona stendur á.

5. og 6. brtt. mín eru um það að hækka nokkuð frá því, sem ráðgert er í frv., framlög til raforkuframkvæmda og raforkusjóðs. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir sem stefnumáli sínu, að nú eigi að leggja sérstaka áherzlu á framkvæmdir í raforkumálum. Ég verð að segja það, að þær till., sem hún gerir í þessu efni um fjárframlög, eru ekki ýkja stórar. Í fjárlfrv. ríkisstj. er gert ráð fyrir, að varið verði til nýrra raforkuframkvæmda 3 millj. 860 þús. og til raforkusjóðs 7 millj. kr., eða alls 10 millj. og 860 þús. kr. Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. afsaki þetta að nokkru með því, að hún ráðgeri að útvega allmikið lán til raforkuframkvæmda og það eigi að koma þarna auk þessa, en þegar aftur á móti er tekið tillit til þess, að heildarútgjöld ríkissjóðs eru komin upp í um 400 millj. kr., þá verður maður að segja, að það er vægast sagt mjög lítið að verja aðeins 10 millj. eða þar um bil til þeirra mála, sem ríkisstj. vill gera að sínum aðalmálum. Vegna þess hef ég flutt till. um að hækka þessar fjárveitingar talsvert, eða upp í 15 millj. kr. samtals.

Þá legg ég til, að tekinn verði upp nýr liður, 1 millj. kr., til verðlækkunar á rafmagni til almenningsnota frá dieselrafstöðvum samkvæmt ákvörðun ráðh. Þessa till. flyt ég m. a. vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir sem stefnumáli sínu að gera nú þegar ráðstafanir

til þess að lækka raforkuverðið þar í landinu, sem raforka er nú seld almenningi við hæstu verði, og það er öllum ljóst, að þar sem menn verða enn að búa við raforku frá dieselrafstöðvum, er raforkan á langsamlega hæstu verði, þar verða menn að borga tvöfalt og upp í þrefalt verð á við það, sem annars staðar þekkist á landinu, og öll bæjarfélög, sem verða að reka slíkar raforkustöðvar, eru í mestu vandræðum með reksturinn. Ég hef áður flutt till. um sama efni hér á Alþ., og hún hefur ekki fengið náð fyrir meiri hl. Alþ. En nú, þegar liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, að þetta sé hennar stefnumál, hún hefur beinlínis lofað þessu, þá vil ég vænta þess, að þessi till. nái samþykki meiri hluta þingsins.

7. brtt. mín er um að veita Tryggingastofnun ríkisins viðbótarframlag, 6 millj. kr., en meiri hl. fjvn. hefur lagt til í till. sínum að veita viðbótarframlag til Tryggingastofnunarinnar 2 millj. og 400 þús. Með því að aðeins eru teknar upp sem viðbótarframlag til Tryggingastofnunarinnar 2.4 millj. kr., þá er gert ráð fyrir að innheimta það, sem á vantar af því, sem Tryggingastofnunin telur að hún verði að fá til viðbótar í tekjur, eða um 4 millj. kr., með hækkandi iðgjöldum einstaklinga og bæjar- og sveitarfélaga og atvinnurekenda. Ég tel, að eins og nú er komið sé með öllu óviðunandi að hækka iðgjöld einstaklinga til Tryggingastofnunarinnar, og það sama má segja um framlög bæjar- og sveitarfélaga, það er með öllu óhugsandi að ætla að hækka gjöldin á þessum aðilum til tryggingaanna. Ég álít því, að ekki sé um annað að ræða en að ríkissjóður taki að sér þessa óhjákvæmilegu hækkun og taki að sér að greiða Tryggingastofnuninni alla þá upphæð, sem hún telur sig vanta, en það eru röskar 6 millj. kr. En mín till., sem er um 6 millj. kr., er bundin því skilyrði, að iðgjöld einstaklinga, sveitarfélaga og atvinnurekenda verði ekki hækkuð. Ég vil í þessu efni benda hv. alþm. á það, að afgreiði Alþ. þetta mál þannig að leggja Tryggingastofnuninni sem viðbótarframlag aðeins 2.4 millj. kr., eins og meiri hl. fjvn. leggur til, þá þýðir það í raun og veru samþykki við það um leið að hækka persónuiðgjöldin til Tryggingastofnunarinnar og hækka álögin á bæjar- og sveitarfélögum og atvinnurekendum sem nemur fullum 4 millj. á næsta ári.

Þá hef ég samkv. 9. og 10. till. á þskj. 261 lagt til, að tveir útgjaldaliðir á fjárlfrv. verði felldir niður. Annar þeirra er um það að verja 1 millj. kr. til ráðstafana í sambandi við ófriðarhættu. Þó að mörgum komi það einkennilega fyrir sjónir, þá er það nú svo, að það er búið að vera á fjárl. hér líklega í 3 ár, að varið hefur verið 1 millj. kr. á ári til undirbúnings í sambandi við ófriðarhættu, og ég hygg, að það sé fleirum en mér svo komið, að þeim þyki þessi fjárveiting harla einkennileg og vera meiri ástæða til þess að verja þessum peningum til einhvers annars en þessa, og af því hef ég lagt til að fella niður þennan lið. Og hinn liðurinn er, að fellt verði niður framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins.

Þá legg ég til samkv. 11. till., að ríkisstj. verði heimilað að taka lán og endurlána til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna eða til verkamannabústaðabygginga samtals 10 millj. kr., til lánadeildar smáíbúða 16 millj. kr. og til byggingarsamvinnufélaga 5 millj. kr. Við sósialistar álítum, að það sé óhugsandi, að ríkissjóður geti skotið sér undan því að sinna hinum aðkallandi húsnæðismálum með því að taka ekki a. m. k. að sér hliðstæðar skuldbindingar og hann hefur gert á undanförnum árum í þessu efni, t. d. eins og með því að útvega lánadeild smáíbúða 16 millj. kr. Það er jafnhá upphæð, sem ráðgerð er á næsta ári, eins og var veitt í þessu skyni á yfirstandandi ári. En einnig er nauðsynlegt að útvega byggingarsjóðum kaupstaða og kauptúna nokkurt fé og eins byggingarsamvinnufélögum, en byggingar á vegum þessara aðila eru nú að stöðvast vegna fjárskorts.

Þá hef ég einnig tekið hér upp till. um það, að ríkið verji 1 millj. kr. sem beinu framlagi í sambandi við byggingar samkv. 3. kafla l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, en fé í þessu skyni hefur ekki verið veitt á fjárl. á undanförnum árum, þó að hins vegar sé aðkallandi að veita nokkurt fé til þessara framkvæmda einnig.

Þá er hér síðasta till., sem ég flyt á þskj. 261, um það að veita ríkisstj. heimild til þess að verja allt að 10 millj. kr. til eflingar atvinnuvegunum á þann hátt, sem hún telur heppilegast. Meiri hl. fjvn. hefur lagt til, að varið verði í þessu skyni 5 millj. kr., en ég tel, að sú upphæð sé mikils til of lág eins og nú háttar og að það verði ekki komið til móts við bæjar- og sveitarfélög víða úti á landi, sem örðugt eiga með að ráða fram úr atvinnuvandamálum fólksins þar, með minni upphæð á næsta ári en 10 millj. kr.

Ég hef þá gert grein fyrir aðaltill., sem ég flyt hér til breytinga á frv., en auk þess skal ég taka fram, að ég er samþykkur ýmsum þeim till., sem meiri hl. fjvn. hefur lagt hér fram, eins og t. d. tillögunum um að hækka rekstrarstyrk til sjúkrahúsa allverulega frá því, sem verið hefur, og eins þeirri till., sem ég gerði hér grein fyrir áður og miðar í þá átt að hækka að nokkru leyti byggingarstyrkinn til sjúkrahúsa. Ýmsum fleiri till. fjvn., sem ég hirði ekki um að telja hér upp, hef ég einnig verið samþykkur, en þar eru einnig aðrar till., sem ég er algerlega ósammála.

Þá skal ég taka það fram, að ég hef tekið þátt í því í fjvn. að vinna að skiptingu þess fjár, sem veitt er til *vegaframkvæmda og brúabygginga* og hafnargerða, og ég er eftir atvikum samþykkur þeirri skiptingu, sem þar er lögð til grundvallar, þó að ég hefði kosið, að meira fé hefði verið varið til þessara mála en samþykkt hefur fengizt um í fjvn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess hér nú við þessa umr. að hafa mál mitt lengra.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla ekki að svara hér neitt frsm. minni hlutanna tveggja, sem talað hafa, og ekki blanda mér í þær umr., sem kunna að fara hér fram milli meiri hl. n. og minni hlutanna.

Þó vil ég, áður en ég vík að fjárlagaafgreiðsl-

unni sjálfri, minnast á eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk. þm. (HV), sem er frsm. 1. minni hl. Hann hélt því fram, að tekjur hefðu undanfarið verið vísvitandi of lágt áætlaðar, til þess að stjórnin gæti haft aðstöðu til að verja fé úr ríkissjóði, utan við Alþingi, án þess að samþykki Alþingis kæmi til. Hann hélt því fram, að tekjurnar hefðu vísvitandi verið of lágt áætlaðar í þessu skyni. Þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. og ástæðulausar getsakir. Á síðustu árum hafa umframgreiðslur yfirleitt verið minni en nokkru sinni hefur áður tíðkazt. Meginkjarninn í stefnu fyrrverandi ríkisstjórnar og núverandi ríkisstjórnar er að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög og hafa greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Af þessu leiðir, að það verður að áætla ríkistekjurnar fremur varlega en óvarlega. Ef ríkistekjurnar eru áætlaðar óvarlega, þá er nokkurn veginn víst, að það verður greiðsluhalli í framkvæmd. Það er óhugsandi, að það verði ekki alltaf á hverju ári einhverjar umframgreiðslur, hversu fast sem haldið er á fé. Fyrir þessu er svo löng reynsla, að það ætti að vera óþarfi að deila við hv. þm. um slíkt. Það er því alveg augljóst mál, að ef teflt er á allra tæpasta vað með tekjuáætlunina, þá er greiðsluhallinn vís. Tekjur ríkissjóðs hafa verið varlega áætlaðar undanfarið eingöngu til þess að reyna að koma í veg fyrir, að það verði greiðsluhalli á ríkisbúinu, og eingöngu í því skyni. Í það eina skipti, sem nokkur verulegur greiðsluafgangur varð, þá var honum ekki eytt án samþykkis Alþingis, heldur var sett sérstök löggjöf á Alþingi um það, hvernig hann skyldi notaður. Það er þess vegna algerlega úr lausu lofti gripið, að afgreiðsla fjárlaga og áætlun tekna undanfarið hafi verið miðuð við að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis, og koma slíkar ásakanir mjög kynlega fyrir, þegar þess er gætt, eins og ég áðan gat um, að umframgreiðslur hafa verið minni undanfarið heldur en áður tíðkaðist. — Ég skal láta þetta nægja um það, sem komið hefur fram frá minni hl.

Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. meiri hl. fjvn. fyrir mjög gott samstarf. Ég get ekki sagt annað en að hækkunartill., sem koma frá meiri hl., séu alveg nauðsynlegar, að ekki sé sagt óhjákvæmilegar, enda eru flestar þessar till. og allar þær veigameiri fluttar í samráði við ríkisstj.

Menn vilja ekki hækka skatta og tolla, og þá er ekki um annað að ræða en að mæta þessum hækkunartill. frá hv. meiri hl., sem hann hefur gert í samráði við ríkisstj., með hækkaðri tekjuáætlun. En þá kemur spurningin, hvort óhætt sé að hækka tekjuáætlunina. Um það vil ég fara fáeinum orðum og þá örfáum orðum um horfurnar almennt.

Á árinu 1952 urðu ríkistekjurnar samtals 420 millj. Þá giltu sömu skattalög og sömu tollalög í öllum atriðum eins og gilda nú í dag, að því undanskildu, að síðan hefur verið felldur niður tollur á sykri og kaffi, en að öðru leyti er á yfirstandandi ári stuðzt við sömu tekjulöggjöf og þá, sem gaf 420 millj. árið 1952. Í fjárl. fyrir yfirstandandi ár, árið 1953, eru tekjurnar áætlaðar 418 millj., og fljótt á litið mætti margur undrast, að þingið síðasta, sem hér sat, skyldi þora að áætla tekjurnar 418 millj., þegar það lá fyrir, að tekjur ársins, sem var að líða, voru aðeins 420 millj., eða m. ö. o. að ganga frá tekjuáætlun þá, sem gerði ráð fyrir jafnháum tekjum og þær urðu 1952, þannig að ef það hefði orðið sams konar tekjuár í ár eins og 1952, þá hefði ekki verið nokkur einasti eyrir til þess að mæta ófyrirsjáanlegum útgjöldum eða umframgreiðslum, en slíkt hlýtur alltaf að nema verulegum fjárhæðum eins og nú er orðið. Hvernig stóð á því, að þingið treysti sér til þess að hafa afgreiðsluna svona? Það var einungis vegna þess, að menn áttu von á verulegum óvenjulegum tolltekjum af innflutningi til virkjananna stóru og til áburðarverksmiðjunnar. Það var í trausti þess, að þessar tolltekjur gæfu nokkrar umframtekjur, að fjárl. voru síðast afgreidd. Nú hefur það tvennt farið saman, að þessar tolltekjur af efni til stóru fyrirtækjanna koma inn á þessu ári og nema í kringum 25 millj. og að þetta ár verður eitt hið allra bezta tekjuár fyrir landsmenn og þar með ríkissjóð. Hver einasti maður hefur fulla atvinnu, og margir hafa óvenjulega góðar tekjur. Nú er ekki hægt að sjá það alveg fyrir víst enn þá, hvað miklar ríkistekjurnar verða í ár, en einhvers staðar á bilinu frá 470—485 millj. gætu þær orðið. Ef við drögum þar frá 25 millj., sem eru óvenjulegar tekjur, sem ekki koma aftur, af virkjununum, og í staðinn fyrir virkjanirnar kemur ekkert á næsta ári, vegna þess, að vélar til virkjananna voru ekki greiddar af okkar eigin tekjum, þær voru greiddar af lánsfé og gjafafé, þá verða tekjur af núgildandi tekju- og skattalöggjöf í ár, eftir þessari áætlun, 445—460 millj. kr. Nú er tekjuáætlun meiri hl., sem hér liggur fyrir, komin upp í 443 millj., m. ö. o., að sáralitlu munar, að búið sé að áætla tekjurnar upp í topp eins og þær verða væntanlega á þessu einhverju hinu allra bezta tekjuári. Nú eru nokkrar heimildir, sem gert er ráð fyrir að verði á fjárlfrv. Þetta þýðir það, að verði ekki jafnmikið góðæri næsta ár og er í ár, þá mun verða halli á ríkisbúskapnum.

Þessi fjárlagaafgreiðsla, sem nú á sér stað, byggist á því, að það verður að treysta á góðærið, og ef út af því ber, þá er hallinn vís. Hér er því teflt á tæpasta vað um fjárlagaafgreiðsluna, þó að stjórnarandstæðingum sýnist ekki svo, þar sem þeir stinga upp á, að tekjurnar séu áætlaðar enn hærri, nánast byggt á því, að á næsta ári verði enn aukatolltekjur, svo að milljónatugum skiptir, af innflutningi, sem átti sér stað í ár til stóru fyrirtækjanna, og svo eru gjaldatill. þeirra að sjálfsögðu í „samræmi“ við þetta eins og vant er.

Hér er sannarlega teflt á tæpasta vaðið um fjárlagaafgreiðsluna og fullkomin ástæða til þess fyrir hv. Alþingi að staldra við og horfa fram í tímann, einmitt í sambandi við þessi mál eins og þau liggja fyrir núna. Nú er fyrirhuguð og ákveðin nokkur lækkun á beinu sköttunum, og verða upplýsingar gefnar um þær fyrirætlanir í sambandi við 3. umr. fjárl., og fer ég ekki nánar út í það hér. En af þessu öllu sjáum við, að það er fullkomlega hæpið, að hægt sé að

treysta því, að núverandi tolla- og skattalöggjöf geti til frambúðar staðið undir óbreyttum ríkisútgjöldum, þar með óbreyttri útgjaldalöggjöf, eftir að búið verður að lækka beinu skattana.

Það er þess vegna eitt af þeim verkefnum, sem nú liggja fyrir, að láta fara fram athugun á öllu útgjaldakerfi ríkisins og gera sér grein fyrir því, hvort hugsanlegt væri að breyta löggjöfinni þannig, að ríkisútgjöldin gætu lækkað, og þá fella niður eða draga saman eitthvað af þeirri þjónustu, sem ríkið nú lætur þegnunum í té. Í því sambandi munu reynast léttvægar þær yfirboðs- og yfirborðstill., sem hér hafa verið á ferðinni frá hv. stjórnarandstæðingum og orðaskak þeirra um það, að þessi vandi geti orðið leystur með því að koma fram sparnaði einvörðungu á því, sem í daglegu tali er kallað bein rekstrarútgjöld ríkisins. Með slíku verður aldrei neinu stórfelldu komið til vegar né stórfelldum straumhvörfum valdið um útgjöld ríkissjóðs. Það þekkja allir, sem nokkuð hafa kynnt sér þessi mál. Til þess að valda breytingum, svo að um muni verulega, þarf miklar breytingar á gildandi löggjöf í fjöldamörgum greinum og breyta til um marga þá þjónustu, sem ríkið nú veitir þegnunum.

Ég lét það verða mitt fyrsta verk, þegar ég tók við þessum málum nú í haust á nýjan leik, að rita meðráðherrum mínum í ríkisstj. og fara fram á, að þeir létu byrja á slíkri athugun, hver á sínu sviði, og þannig tel ég að þessi athugun eigi að byrja, en fer ekki nánar út í það hér, hvernig hyggilegt væri að koma henni fyrir að öðru leyti, en fjmrn. mun beita sér fyrir því, að slík athugun fari fram.

Ég vil svo endurtaka þakklæti mitt til meiri hl. í fjvn. fyrir ágæta samvinnu, og eins og ég tók fram áðan, þá er ekki hægt að kjósa á betra samstarf en tekizt hefur milli mín og meiri hl. um afgreiðslu málsins.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Það má segja, að það einkenni fjárlfrv. fyrir árið 1954, að rekstrarútgjöld ríkisins færast enn í aukana, en framlög til verklegra framkvæmda lækka í hlutfalli við rekstrarútgjöldin. Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða þessa öfugu þróun né fara mörgum orðum um fjármálastefnuna í heild. Þess mun væntanlega verða kostur innan skamms í sambandi við eldhúsdagsumr., sem fyrirhugaðar eru í byrjun næstu viku.

Við þm. Þjóðvfl., hv. 8. landsk. og ég, flytjum á þskj. 264 allmargar brtt. við fjárl. Þessar till. beinast einkum að því að leiðrétta áætlanir ýmissa tekjuliða og auka framlög til verklegra framkvæmda. Jafnframt höfum við sýnt nokkra viðleitni til sparnaðar á miður nauðsynlegum liðum, sem við leggjum til að ýmist séu lækkaðir eða jafnvel felldir niður. Þar hefði þó vissulega þurft að ganga miklu rækilegar til verks, en það er óhægt um vik fyrir aðra en ríkisstj. sjálfa, sem verður að hafa forustu í þeim efnum, þar eð lagabreyt. þarf í ýmsum tilfellum, ef um verulegan niðurskurð ætti að vera að ræða.

Hv. 8. landsk. þm. mun gera grein fyrir till. okkar um áætlunarhækkanir á tekjuliðum, svo og sparnaðartill. okkar á þskj. 264. Um þau atriði vil ég aðeins geta þess, að við leggjum til, að áætlun um tekjur ríkissjóðs sé hækkuð um tæpar 37 millj. Það rökstyðjum við einkum með því, að samkvæmt yfirliti um tekjuliði ríkissjóðs, eins og þeir voru orðnir í lok októbermánaðar, virðist alls ekki óvarlegt, ef hægt væri að reikna með svipuðu eða ekki miklu verra árferði á næsta ári, að hækka tekjuáætlunina eins og við leggjum til. Sú lækkun gjalda, sem við leggjum til, nemur samtals röskum 2 millj. Till. okkar um aukin útgjöld nema hins vegar um 34 millj., og við leggjum til, að meginþorra þess fjár sé varið til atvinnuframkvæmda.

Ég vil nú í stuttu máli gera grein fyrir nokkrum einstökum brtt. okkar þjóðvarnarmanna á þskj. 264. Ég nefni þar fyrst 6 millj. kr. framlag til fiskveiðasjóðs. Það er vitað og hefur verið viðurkennt hér í umr. á Alþingi margsinnis, að fiskveiðasjóður er alls ekki starfhæfur eins og sakir standa, getur ekki gegnt því hlutverki, sem hann á að gegna, en allir viðurkenna þó að er bráðnauðsynlegt. Þetta er vegna fjárskorts, og við leggjum þess vegna til, að 6 millj. kr. sé varið til fiskveiðasjóðs. Það er að vísu allt of lítið, en þó betra en ekki.

Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 1 millj. kr. framlagi til sementsverksmiðju, og jafnframt er á heimildagrein 1 millj. kr. í því sama skyni. Þetta mikla nauðsynjafyrirtæki, sementsverksmiðjan, hefur verið undirbúið allmikið, og ef verksmiðjumálið á að komast á verulegan rekspöl á næstunni, þá verður ríkissjóður að hlaupa nokkuð rækilega undir bagga, þó að til slíks stórfyrirtækis verði að sjálfsögðu að taka mikið lánsfé. Sér hver maður, að 1 millj. kr. er hlægilega lítið framlag til svo stórs fyrirtækis. Við höfum lagt til, að til þessa verði varið 5 millj. kr.

Þá höfum við flutt till. um tvo stóra nýja liði á heimildagrein.

Fyrri liðurinn heimilar ríkisstj. að veita væntanlegri veðdeild Iðnaðarbanka Íslands 7 millj. kr. óafturkræft framlag, sem yrði varið til útrýmingar braggaíbúða og annars heilsuspillandi húsnæðis. Veðdeild við Iðnaðarbankann er að vísu ekki til enn sem komið er, en við flm. þessarar till. höfum í hyggju að flytja nú á þessu þingi frv. um það efni. Húsnæðismálið er, eins og margoft hefur verið lýst hér á þingi, eitthvert allra stórfelldasta vandamálið, sem við eigum við að stríða, sérstaklega í bæjunum, og raunar víðs vegar um land, og það væri í sjálfu sér ótækt, ef Alþingi gengi frá fjárl. án þess að sýna einhvern lit á því, að það vilji bæta úr í þessu efni, því að hér kreppir skórinn vissulega fast að.

Hinn nýi liðurinn á heimildagr., sem við berum fram, er um, að allt að 15 millj. kr. verði varið til nýrra atvinnuframkvæmda. Fyrir þessu þingi liggja ýmis frv. og tillögur, sem beinast að því að afla þjóðinni nýrra framleiðslutækja, eins og vissulega er brýn þörf á, og Alþingi má ekki afgreiða fjárlög, án þess að það leggi allmyndarlega fjárhæð til nýrra atvinnutækja og annarra bráðnauðsynlegra framkvæmda á sviði atvinnumála.

Þá ætla ég að víkja að nokkrum smærri liðum.

Við flytjum till. um nokkra hækkun á framlagi til byggingar kennaraskólans. Það hefur undanfarið verið varið allmiklu og raunar á okkar mælikvarða miklu fé til skólabygginga. Er vissulega allt gott um það að segja. En kennaraskólinn, sem nú hefur starfað í nálega hálfa öld, hefur orðið þar algerlega afskiptur, og ég efast um, að nokkur skóli eigi við öllu verri aðstöðu að búa um húsnæði heldur en hann. Skólahúsið, sem er gamalt timburhús og var upphaflega ætlað fyrir 40—50 nemendur, er nálega óbreytt frá því, sem það var, þegar það var byggt, en nemendafjöldi hefur, að ég hygg, fullkomlega þrefaldazt, er nú þrefalt meiri a. m. k. heldur en reiknað var með að yrði, þegar húsið var á sínum tíma reist. Skólinn hefur á síðari árum sprengt svo gersamlega utan af sér húsnæðið, að kennsla og nauðsynlegar kennsluæfingar í sambandi við hana fara nú ekki lengur fram í skólahúsinu nema að hálfu leyti eða varla það, og þó er þar hver smuga þétt setin allt frá morgni til kvölds. Það sagði mér nýlega kennari við skólann, að kennsla þar færi nú fram á ekki færri en 8 stöðum. Ég get til fróðleiks nefnt þá staði, sem nemendur og kennarar kennaraskólans verða að þeytast á milli. Fyrir utan kennaraskólahúsið sjálft er það Grænaborg, Miðbæjarbarnaskóli, Melaskóli, Málleysingjaskóli, Laugavegur 118, enn fremur íþróttahús Jóns Þorsteinssonar og sundhöllin. Í mörgum eða flestum tilfellum er hér um að ræða leiguhúsnæði eða aðra aðstöðu, sem engan veginn má treysta, hve lengi helzt, því að það er alveg undir náð þeirra aðila og velvilja komið, sem yfir húsnæðinu ráða. Forráðamenn kennaraskólans geta því búizt við því, að það fjúki í þessi skjól svo að segja hvenær sem er

Ég held, að þó að mörg þörf kalli að í byggingarmálum skólahúsa víðs vegar um land, þá sé hún hvergi brýnni heldur en einmitt í sambandi við húsnæðismál kennaraskólans. Teikningar að fyrirhuguðu skólahúsi munu nú fullgerðar, og mér er sagt, að þeim sé þannig hagað, að það sé hægt að reisa nokkurn hluta hússins í fyrsta áfanga og taka hann í notkun, þó að viðbót verði látin bíða. Ég vil vænta þess, að hv. alþm. viðurkenni hina miklu nauðsyn þessa máls og samþykki þá hóflegu till., sem við flytjum hér á þskj. 264 um 800 þús. kr. byggingarframlag til skólans á næsta ári.

Þá vil ég stuttlega víkja að fáeinum brtt., sem ég flyt á þskj. 277. Þær snerta yfirleitt sjávarútvegs-, siglinga- og öryggismál. Hér eru fyrst till. undir liðnum V. Þar er ósköp lítil till. um svolitla hækkun á styrk til sjóminjasafns. Á fjárlfrv. er svo ráð fyrir gert, að til þess séu veittar 3500 kr., en það veit hver maður, að með þá upphæð er í sjálfu sér ekkert eða nálega ekkert hægt að gera nú á dögum. Ég flyt till. um það, að þessi styrkur verði 10 þús. kr. — 10 þús. kr. hrökkva að vísu skammt, en það sýnir þó dálitla viðleitni.

Þá hef ég lagt til, að tekinn verði upp nýr liður á 14. gr., 300 þús. kr. framlag til rekstrar væntanlegs sjóvinnuskóla. Frv. um það efni hef ég borið fram í hv. Nd. og mælti þar lítillega fyrir því í gær. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því, hver þörf er á að hefja hér skipulagða fræðslu ungra sjómannaefna, og vil ekki heldur fjölyrða um það, hvort það fyrirkomulag, sem ég hef nú stungið upp á í frv. mínu, er nákvæmlega það rétta eða hvort eitthvert annað fyrirkomulag kynni að þykja heppilegra, en hitt vil ég fullyrða, að þeir fjármunir, sem færu til starfsemi, sem miðaði í þessa átt, eiga að geta komið margfaldlega aftur í betri nýtingu dýrra framleiðslutækja og í aukinni framleiðslu. Ég hef lagt til, að til sjóvinnuskóla, til launa kennara og áhaldakaupa og annars kostnaðar, verði varið 300 þús. kr.

Þá eru að lokum þrjár tillögur á þessu sama þskj., undir XII.

Það er í fyrsta lagi till. um að hækka styrkinn til Slysavarnafélags Íslands, þ. e. styrkinn til almennra slysavarna, úr 150 þús. kr. í 300 þús. kr. Hv. frsm. 1. minni hl. fjvn., hv. 3. landsk., flytur till., sem gengur í svipaða átt. Ég held, að það sé aðeins minni hækkun, sem hann fer fram á. Hann mælti vel og réttilega fyrir þeirri till. hér í dag, svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um nauðsyn Slysavarnafélagsins til að fá aukinn fjárstyrk. En ég vil aðeins taka undir þau ummæli hv. 3. landsk., að þetta er sá félagsskapur, sem ég held að nálega allir landsmenn séu sammála um að hefur unnið stórmikið og þjóðnýtt starf og eigi þess vegna allt gott skilið. Það hefur verið sýnt fram á það, að þó að starfsemi félagsins hafi stórvaxið á síðari árum og rekstur þess kosti nú árlega yfir hálfa milljón króna, þá hefur styrkur ríkisins til almennra slysavarna ekki verið hækkaður s. l. 10 ár. Hinn almenni styrkur var árið 1944 100 þús. kr., og hann er það raunverulega enn, því að þær 50 þús. kr., sem við hafa bætzt, eru veittar í alveg sérstöku skyni, til þess að styrkja eða halda uppi sjúkraflugi, og munu alls ekki endast einu sinni til þess að bera hallann af þeirri starfsemi Slysavarnafélagsins.

Þá er hér tillaga um allverulega aukinn styrk til dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Dvalarheimilismálið eða bygging dvalarheimilis fyrir aldurhnigna sjómenn hefur nú um allmörg ár verið eitt af mestu áhuga- og baráttumálum sjómannasamtakanna. Það hefur verið unnið kappsamlega að undirbúningi þess máls, og nú er þetta hús eða hluti þess að rísa á fögrum stað hér nálægt, á Laugarásnum, eins og margir hv. alþm. kunna að hafa séð. Mér er tjáð, að á næsta vori eða snemma næsta sumar verði það fjármagn, sem byggingarnefndin hefur yfir að ráða, alveg búið, þ. e. um 3½ millj., sem hún hefur getað safnað saman á allmörgum undanförnum árum. Þetta fé mun þrjóta að fullu á næsta vori, og þá munu sakir standa þannig, að það vantar til þess að fullgera og taka í notkun þann hluta sjómannaheimilisins, sem nú er verið að byggja, um eða lítið eitt yfir ½ millj. kr. Ég hygg, að það sé mjög óráðlegt og óskynsamlegt fyrir þjóðarheildina að hafa þessa dýru byggingu ónotaða kannske meira en ár, kannske tvö ár eða lengur, ef hægt væri með nokkur hundruð þúsund króna framlagi úr ríkissjóði að gera það að verkum, að sjómannaheimilið gæti tekið til

starfa næsta haust. Þá mundu fá þar vist, að því er mér er tjáð, yfir 100 vistmenn, eða líklega um 150 manns, sem fengju þar inni að starfsfólki meðtöldu.

Að lokum hef ég leyft mér að flytja hér tillögu um það, að framlag til vitabygginga verði aukið um þriðjung, úr 1 millj. í 1½ millj. Það eru nú rétt 75 ár frá því að fyrsti viti landsins var reistur á Reykjanesi. Mikið hefur áunnizt í sambandi við vitabyggingar síðan, en þó er vissulega mjög margt ógert í því efni. Ljósmagn margra þeirra vita, sem þegar hafa verið reistir, er allt of lítið, og úr því verður nauðsynlega að bæta verulega á næstu árum. Þá er einnig þörf margra nýrra vita. Ýmsar hættulegar siglingaleiðir eru enn illa lýstar, og mörg hættuleg sker eru enn þá ólýst með öllu. Hjá vitamálastjórninni munu stöðugt liggja fjölmargar umsóknir um nýja vita og ljósdufl, og margar þessara umsókna eru studdar sterkum rökum. Það fjármagn, sem árlega fer til vitamála, er minna nú, miðað við verðgildi peninga, en það var fyrir 10—12 árum. Vitagjaldið, sem átti að standa undir rekstri vitanna að verulegu eða kannske öllu leyti, hefur aðeins tvöfaldazt frá því fyrir styrjöldina. Eigi þróun þessara mála að geta talizt nokkurn veginn jöfn og örugg, þarf að auka fé til vitanna allverulega að krónutölu, og ég held, að 1½ millj. á ári til nýbygginga sé algert lágmark, en þyrfti raunar að vera hærra.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um fjárl. á þessu stigi umræðunnar.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mér þykir rétt að hefja mál mitt á því að þakka meiri hl. fjvn. fyrir þær breytingar, sem hann hefur flutt við tekjuhlið fjárlfrv. Breytingar þessar geta að sjálfsögðu engan veginn talizt leiðrétting á tekjuliðum fjárlfrv., til þess ganga þær allt of skammt, en hins vegar eru þær mikilsverð viðurkenning frá meiri hl. fjvn. um það efni, hvað gera hefði þurft til þess að leiðrétta fjárlfrv. að þessu leyti. Tel ég mjög mikilsvert, að þm. stjórnarflokkanna, jafnhandjárnaðir og þeir hafa reynzt hér í þingsölunum, skyldu þora að viðurkenna þetta atriði í sambandi við samningu fjárlfrv. og gefa þar með almenningi í skyn, svo að ekki verði um villzt, á hvern hátt vinnubrögðum hæstv. fjmrh. er háttað. — Fyrir þetta vildi ég sem sagt mega þakka meiri hl. fjvn.

Þegar hv. 3. landsk. þm. ræddi hér um fjárl. áðan, datt mér í hug kennari, sem er að leiðrétta heimaverkefni nemanda síns í bókfærslu. Mér datt í hug, að mikið mundi nú kennarinn gefa nemanda sínum lága einkunn fyrir það bókhaldsdæmi, sem hann hafði fyrir framan sig og var að leiðrétta. Og ég held, að þessi hv. þm., 3. landsk., sem er gamalreyndur kennari, hafi hagað leiðréttingu sinni í samræmi við það, sem hann mundi gera, ef hann hefði verið kennari í þessu tilfelli og hæstv. fjmrh. nemandi hans. Hygg ég, að hans röksemdafærslur við breytingar og leiðréttingar á ýmsum liðum fjárl. hafi mótazt mjög af afstöðu kennarans til nemanda síns.

Við hv. 8. þm. Reykv. höfðum leyft okkur að flytja hér nokkrar brtt. við fjárl. á þskj. 264, og mun ég gera mjög stuttlega grein fyrir þeim, að því leyti sem hv. 8. þm. Reykv. hefur ekki þegar gert.

Við leggjum til í fyrsta lagi, að vörumagnstollur verði áætlaður 26 millj. kr. í stað 24 millj. kr. í fjárlfrv. Vörumagnstollurinn var orðinn 31. okt. s. l. 21 millj. kr. Í nóvember og desember 1952 varð vörumagnstollurinn tæpar 5 millj. kr., en þá ber að taka tillit til þess, að þá stóð verkfall yfir í langan tíma í fyrra og þess vegna voru hinar svo kölluðu jólavörur ekki afgreiddar nema að litlu leyti þá. Það er vitað, að vöruinnflutningur til landsins og tollafgreiðsla á vörum verður miklum mun meiri í nóvember og desember í ár en var í fyrra, og þess vegna mun vörumagnstollurinn verða mun meiri en 26 millj. kr. á þessu ári. Hins vegar vildum við ekki af ásettu ráði spenna þessa áætlun til hins ýtrasta og leggjum því aðeins til, að liðurinn hækki um 2 millj. kr., eða í 26 milljónir.

Í öðru lagi leggjum við til, að verðtollur hækki úr 110 millj. kr. í 125 millj. kr. Verðtollur var orðinn rúmlega 101 millj. kr. 31. okt. s. l. Í nóvember og desember í fyrra nam verðtollur 21.3 millj. kr., og gildir þá enn sú sama athugasemd og ég gerði áðan, að þá stóð verkfall, og tollafgreiðsla á vörum í nóvember og desember nú verður mun meiri en þá tvo mánuði 1952, og þess vegna munu verðtollstekjur ríkissjóðs á árinu 1953 fara allverulega fram úr 125 millj. kr. Þrátt fyrir það leggjum við ekki til, að þessi liður verði hækkaður um meira en 15 millj. kr.

Í þriðja lagi leggjum við til, að ýmsar aukatekjur verði hækkaðar um 1 millj. kr. Inn á þessar aukatekjur munu vera færðar, ef ég man rétt, tekjur af sölu setuliðseigna, tekjur frá fjárhagsráði, sem verið hefur, og fleira þess háttar. Nú hefur hæstv. ríkisstj. tilkynnt með frv., að það sé hennar vilji og ætlun að leggja fjárhagsráð niður og spara kostnað við þá stofnun, þrátt fyrir það að ný stofnun verði sett í þess stað, án þess þó að rýra tekjur þeirrar stofnunar. Mun því hin nýja innflutningsskrifstofa ríkisins geta skilað meiri tekjum á næsta ári í ríkissjóð heldur en fjárhagsráð gerði, og sömuleiðis er vitað mál, að sala setuliðseigna hefur haft að undanförnu mun umfangsmeiri rekstur og meiri tekjur en hefur verið nokkur síðustu ár, þannig að það mun varlega áætlað að ætla þessar tekjur 1 millj. kr. hærri en í fjárlfrv. er gert ráð fyrir, og er það líka í samræmi við það, sem þær voru orðnar í október s. l.

Í fjórða lagi leggjum við til, að stimpilgjald hækki um 2 millj. kr., úr 9 millj. í 11 millj. kr. Stimpilgjöld hafa numið rúmlega 900 þús. kr. á mánuði, það sem af er þessu ári, og fara sívaxandi, svo að þessi áætlun mun algerlega fá staðizt, því að hér er aðeins gert ráð fyrir, að stimpilgjöldin verði 900 þús. kr. á mánuði hverjum. Það er því fyllilega í samræmi við það, sem verður á árinu 1953, og engin ástæða til að ætla, að þessar tekjur minnki á árinu 1954, nema síður sé.

Þá leggjum við í fimmta lagi til, að söluskattur hækki í 100 millj. kr. úr 91.5 millj. kr. Söluskattur var orðinn um 78 millj. kr. 31. okt. s. l., í nóvember og desember 1952 varð hann 19 millj. kr., en vegna verkfallsins var mun minni velta

á þessu tímabili 1952 heldur en verður í ár, svo að söluskatturinn mun verða rúmlega 100 millj. kr. á þessu ári. Er því sýnilega ekki of í lagt að áætla hann 100 millj. kr. árið 1954.

Í sjötta lagi leggjum við til, að tekjuhlið reiknings áfengisverzlunarinnar verði hækkuð um rúmlega 4 millj. kr. Er það nákvæmlega í samræmi við það, sem tekjur áfengisverzlunarinnar eru nú þegar. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið hjá forstjóra áfengisverzlunarinnar, voru tekjur þeirrar stofnunar síðustu 2 mánuði ársins 1952 9 millj. kr., og þó var hún lokuð allan þann tíma, sem verkföllin stóðu í nóvember og desember. Í ár er hún hins vegar opin allan þennan tíma, og má gera ráð fyrir, að tekjur hennar þessa tvo síðustu mánuði ársins verði ekki innan við 15 millj. kr. Og forstjóri áfengisverzlunarinnar hefur látið í ljós það álit, að áfengissala á þessu ári verði meiri en nokkru sinni fyrr. Það hefur engin röksemd komið fram fyrir því, að það sé ástæða til að ætla, að áfengissalan minnki á næsta ári frá því, sem nú er, og þess vegna leggjum við til, að hún verði sett óbreytt árið 1954, svo sem er árið 1953, og teljum, að það sé hóflega í sakirnar farið.

Í sjöunda lagi leggjum við til, að tekjur tóbakseinkasölunnar hækki á sama hátt um rúmar 3 millj. kr. Um þann lið er það að segja, að þessar tekjur, sem við hér leggjum til að áætlaðar verði af tóbakseinkasölunni árið 1954, eru nú þegar í nóvemberlok komnar í ríkissjóð fyrir árið 1953 samkvæmt upplýsingum frá tóbakseinkasölunni. Þykir okkur þó rétt að áætla tekjurnar á árinu 1954 ekki meira en það, sem þær reyndust 11 mánuði ársins 1953, vegna þess að tóbakseinkasalan heldur því fram, og ekki ástæða til að vefengja, að sala fyrirtækisins í desembermánuði fari til að greiða útsvör og annan þess háttar kostnað.

Þá leggjum við til, að á 13. gr. verði tekjur af flugvöllum, þ. e. a. s. tekjur af Keflavíkurflugvelli, hækkaðar um 1 millj. kr. Er það í samræmi við það ár, sem nú er að líða, því að í nóvemberlok þessa árs munu tekjur af Keflavíkurflugvelli vera orðnar rúmlega 5 millj. kr., og því virðist ekki of í lagt að áætla, að þær verði, eins og við leggjum hér til, 5.6 milljónir allt árið.

Samanlagt nema þessar hækkanir á tekjuáætlunum, sem við höfum borið fram, um 37 millj. króna.

Auk þess leggjum við til, að nokkrir útgjaldaliðir verði lækkaðir.

Er þá fyrst fyrir, að við leggjum til, að tvö af sendiráðunum á Norðurlöndum verði lögð niður; eitt sendiráð verði látið duga fyrir Norðurlöndin, en útgjöld þess þá hækkuð nokkuð frá því, sem nú er gert ráð fyrir í fjárlfrv., vegna þess að ef sendiráðin í Osló og Stokkhólmi yrðu lögð niður, mundi ferðakostnaður og annar kostnaður sendiráðsins í Kaupmannahöfn hækka lítils háttar. Þetta er sjálfsögð ráðstöfun, enda hafa hv. þm. Framsfl. stundum flutt tillögur um það að fækka sendiráðum, þó að þær hafi ekki náð fram að ganga. Það virðist lítil ástæða til þess fyrir jafnfátæka þjóð og Íslendingar eru, sem hefur þurft að biðja um gjafir svo að hundrað milljónum króna nemur á undanförnum árum, að halda uppi dýrum sendiráðum á Norðurlöndum til þess eins, að því er bezt verður séð, að sendiherrar geti búið þar í höllum, samið og flutt skálaræður við mismunandi þarfleg tækifæri og ort ljóð til þjóðhöfðingja. Virðist full ástæða til að ætla, að þessu mætti öðruvísi fyrir koma, enda þótt framsóknarmenn eigi í hlut.

Þá er 11. till. okkar um það, að lækkaður verði kostnaður til samninga við erlend ríki. Hér er aðeins um 100 þús. kr. lækkun að ræða og er í fullu samræmi við það, sem verið hefur samkvæmt ríkisreikningi síðustu ára. Til þessara samninga hafa ekki farið á árinu 1951 og 1952 nema tæpar 400 þús. kr. hvort árið um sig, og virðist því óþarfi að áætla þarna 100 þús. kr. hærri útgjöld fyrir ríkisstj. til að grípa til í lúxusferðalög eða eitthvað annað í því sambandi.

Einnig höfum við lagt til í 12. og 13. till. okkar, að þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn., svo og á annarra vegum, verði lækkuð um samtals 300 þús. kr., og teljum fulla ástæðu til, að Ísland eyði ekki meiri peningum í tildur- og prjálráðstefnur vitaþarflausar úti í heimi heldur en minnst verður með af komizt.

Væntum við þess, að hæstv. ríkisstj. fagni þessum brtt. og mælist til þess við þingflokka sína, að þeir fylgi þeim eftir.

Þá er hér um að ræða nokkra hækkunarliði á útgjöldum.

Það er í fyrsta lagi, að við leggjum til, að framlag til iþróttasjóðs verði hækkað úr 600 þús. kr. í 1250 þús. kr. Forstöðumenn íþróttamála hér á landi hafa sent hv. þm. mjög ýtarlega grg. og bréf um sín málefni, og kemur greinilega í ljós, að það minnsta, sem komizt verður af með vegna íþróttamálanna á næsta ári, er 1250 þús. kr., en þyrfti, ef vel væri, miklu hærri fjárhæð. Við höfum þó ekki séð ástæðu til þess að ganga lengra í þessum málum en að leggja það til, að bætt væri úr þessum brýnustu lágmarksþörfum íþróttamálanna, og sjáum ekki fyllilega, hvernig verður rökstutt að fresta því ár frá ári að greiða skuldir, sem hafa safnazt vegna framkvæmda íþróttamálanna.

16. till. okkar er aðeins orðalagsbreyting við fjárlfrv. Við leggjum til, að 15. gr. B., IX. liður, orðist svo: „Framlag til mótvirðissjóðs vegna tæknilegrar aðstoðar, að því tilskildu, að Iðnaðarmálastofnuninni verði falið að annast milligöngu um útvegun slíkrar aðstoðar.“ Hér hefur verið komið á fót afar þýðingarmikilli stofnun, sem kölluð er Iðnaðarmálastofnun Íslands. Hlutverk hennar á að vera að veita tæknilega aðstoð vegna iðnaðarrekstrar og iðnaðarframleiðslu. Þessi stofnun hefur ráðið sérfræðinga í sína þjónustu til að veita þessa aðstoð, og m. a. hefur hæstv. viðskmrh. farið um það skilningsríkum orðum við opnun þessarar stofnunar, hver þörf væri á henni í þessu þjóðfélagi. Vil ég ekki draga neitt úr því, fremur bæta við, því að íslenzkum atvinnuvegum er ef til vill meiri þörf á tæknilegri aðstoð heldur en nokkru öðru. En þá er einnig mjög eðlilegt, að ef leitað er út fyrir landsteinana um tæknilega aðstoð

og borgað fé fyrir, þá sé þessari stofnun falið að annast það og ákveða, hvers konar aðstoð verði fengin, hvað það sé, sem okkar atvinnuvegum sé brýnast að fá í þessu efni, og að Iðnaðarmálastofnuninni verði því heimilað að ákveða, á hvern hátt því fé skuli varið, sem til útvegunar þessarar sérfræðilegu aðstoðar er varið á fjárl.

Náskyld þessari till. er næsta till. okkar við 16. gr. fjárl., C. 2., að framlag til Iðnaðarmálastofnunarinnar verði hækkað úr 350 þús. kr. í 800 þús. kr. Þeir menn, sem staðið hafa fyrir því að koma þessari iðnaðarmálastofnun á fót, hafa gert ríkisstj. grein fyrir því, hvert fé þeir þyrftu minnst, til þess að hún gæti starfað. Er þar um að ræða 800 þús. kr., og sjáum við ekki, að hjá því verði komizt að veita þetta fé úr ríkissjóði, enda áreiðanlegt, að ýmsu fé úr ríkissjóði er verr varið en því, sem til þessarar stofnunar færi. Við teljum algerlega vanhugsað að veita stofnuninni 350 þús. kr., ef hún á annað borð þarf 800 þús. kr., sem enginn hefur vefengt. Með þessu framlagi, þessum 350 þús. kr., mundi hún lítið sem ekkert gagn vinna, hún mundi vera að meira og minna leyti algerlega óstarfhæf, og þá mundu þessar 350 þús. kr. fara í lítið sem ekkert. Ef henni hins vegar væri veitt það fé, sem hún þarf til að geta starfað á sem fullkomnastan hátt og veitt þá aðstoð, sem atvinnuvegirnir þurfa á að halda og munu biðja hana um, þá er að öllu leyti skynsamlegast að verða við þeim óskum. Við höfum af því mjög leiðinlega og dýrkeypta reynslu hér á landi, að það er verið að káka við ýmsa hluti, enginn hlutur gerður vel, en byrjað á mörgu, sem er nauðsynlegt að byrja á og væri æskilegt að leysa af hendi, en í framkvæmdinni hefur það verið þannig, að fé hefur verið varið til margra ólíkra hluta, í flestöllum tilfellum of lítið, þannig að lítið sem ekkert hefur fengizt fyrir þetta fé, en það farið meira og minna í súginn. Það er óefað, að það væri miklu skynsamlegra fyrir okkur að gera fáa hluti og gera þá vel heldur en að byrja á mörgu og gera allt illa.

Um aðra liði í till. okkar hefur hv. 8. þm. Reykv. fjallað nokkuð, og sé ég ekki ástæðu til að bæta miklu við um þau atriði. Ég vil þó aðeins geta þess í sambandi við þá till. okkar að veita væntanlegri veðdeild Iðnaðarbanka Íslands 7 millj. kr. óafturkræft framlag til útrýmingar braggaíbúða og annarra heilsuspillandi íbúða, að burtséð frá því sjónarmiði, að hér er um mjög alvarlegt ástand að ræða í húsnæðismálunum, þá eru það og rök í þessu máli, að iðnaðarmenn hafa mjög mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við húsabyggingar. Hér er bankastarfsemi hagað á þá lund, að bankarnir veita mjög lítið eða ekkert fé úr veðdeildum sínum til húsabygginga. Alls staðar annars staðar telja bankar sér nauðsynlegt sjálfum sér til tryggingar að festa um eða yfir helming af útlánsfé sínu einmitt í fasteignum. Ef iðnaðarmenn ættu aðgang að lánsfé í bönkum, gætu þeir byggt á hagkvæman hátt og í stórum stíl ódýrt húsnæði, notað ýmislegt, sem er hagkvæmt í fjöldaframleiðslu, og gert íbúðarhúsnæði á annan hátt ódýrara, jafnframt því sem einstaklingum mundi að sjálfsögðu verða auðveldara um að kaupa slíkt húsnæði, ef þegar hefðu fengizt lán til þess úr veðdeild einhvers banka.

Eitt atriði er það í fjárl., sem ég vildi aðeins mega spyrjast fyrir um. Um það höfum við ekki flutt till. hér, en það er, að í fjárl. er veitt 1 millj. kr. til ráðstöfunar vegna ófriðarhættu. Mér þætti fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvernig þessari milljón hefur verið varið, því að hún hefur verið greidd út af ríkisreikningi a. m. k. á árinu 1952. Við höfum ekki talið ástæðu til að flytja till. um að fella þetta niður, fyrr en þá að fyrir lægju upplýsingar um það, á hvern hátt þessari milljón hefur verið varið. Ef lítið eða ekkert skynsamlegt hefði nú verið gert við hana, þannig að féð mundi koma að litlu haldi, ef til ófriðar kynni að koma, væri sannarlega ástæða til að spara þessa milljón og fella hana niður, en ég vona, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að gefa við því svör, hvernig þessari milljón hefur verið varið.

Ég vil svo loks taka það fram, að ég áskil mér rétt til að fylgja ýmsum brtt., sem komið hafa fram við fjárlfrv. frá öðrum þm.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 280, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Ég taldi rétt að taka nú þegar til máls, eftir að frsm. minni hl. n. hafa flutt sitt mál og einnig hefur verið gerð grein fyrir þeim brtt., sem fulltrúar Þjóðvfl. flytja, því að eins og ég gat um í upphafi, þá voru ekki lagðar fram í fjvn. neinar þær till., sem hv. fulltrúar minni hl. n., 1. og 2. minni hl., hafa lagt hér fram á sérstökum þskj., þannig að meiri hl. n. gafst ekki kostur á að kynnast þeim sjónarmiðum, sem hér koma fram. Eftir því sem mig minnir, og ég hygg mig muna það rétt, þá var aðeins ein till. formlega borin fram í n. af öðrum hv. minni hl., 11. landsk., um hækkun á fjárveitingu til sjúkrahúsa, en aðrar þessara brtt. voru ekki fluttar í fjvn., þannig að það er fyrst hér, sem meiri hl. n. sér þessar till. og hefur aðstöðu til þess að gera grein fyrir viðhorfi sínu til þeirra. Það er auðvitað ekkert við því að segja, að nm. flytji till. hér á hinu háa Alþ., en mér hefði nú fundizt, að það hefðu verið eðlilegri vinnubrögð, að þessar till. hefðu verið fyrst lagðar fram í n., þannig að meiri hl. n. hefði gefizt kostur á að taka þær þar til athugunar, því að það verður að teljast eðlilegast, þegar n. vinnur, að sérsjónarmið nm. komi þar fyrst í ljós, þó að þeir vitanlega geti svo komið þeim á framfæri, ef ekki tekst að ná samkomulagi um þær. En þetta er nú nánast fyrirkomulagsatriði, en skiptir kannske ekki meginmáli varðandi niðurstöðuna.

Ég vil þá leyfa mér að víkja fyrst að ræðu hv. 1. minni hl. fjvn., 3. landsk. þm. Það var vitanlegt, og það skal tekið fram, að það var þegar ljóst í n., að þó að fulltrúar hv. minni hl. þar gerðu ekki grein fyrir ákveðnum till., þá tóku þeir þó fram, að þeir mundu gera ágreining varðandi tekjuáætlun meiri hl. n. Ég

sé nú ekki ástæðu til þess að fara ýtarlega út í þessa hlið málsins hér, því að hæstv. fjmrh. hefur þegar gert grein fyrir því, hvernig horfir með hag ríkissjóðs varðandi tekjuöflun á þessu ári og á næsta ári, og ég minntist í minni frumræðu á þau meginsjónarmið, sem hefðu legið til grundvallar tekjuáætlun meiri hl. n. Það má auðvitað endalaust um það stæla, hvort tekjur ríkissjóðs verði milljónatugnum meiri eða minni á næsta ári. Fyrir því liggur auðvitað engin reynsla, og verður það því að metast eftir aðstæðum, sem auðvitað eru meira og minna óvissar. En ég sé þó ekki, að fram hafi komið í þessum umr. neitt það frá hálfu þeirra aðila, sem bera hér fram till. um stórfellda hækkun á tekjuáætluninni, sem bendi til þess, að þeir telji, að líkurnar fyrir tekjum ríkissjóðs á næsta ári séu miklum mun betri en árið í ár, þannig að mér skilst, að það sé raunverulega samkomulag um það atriði, að það verði að miða tekjurnar við horfurnar nú, en ekki áætla, að þær muni verða verulega eða miklum mun hærri á næsta ári heldur en árinu í ár.

Það er nú augljóst mál, að tekjuáætlanir þær, sem komið hafa fram frá hv. 1. minni hl. fjvn. og hv. þm. Þjóðvfl., eru vægast sagt mjög hæpnar og hefðu enda naumast verið fram settar, ef þessir hv. þm. hefðu búizt við, að þær yrðu samþ., eða a. m. k. ef þeir hefðu átt að bera ábyrgð á fjármálastjórninni næsta ár. Þá eru líkur til, að það hefði nokkuð kveðið við annan tón varðandi þessa áætlun, og það verður auðvitað að meta áætlunina hjá þessum hv. þm. með hliðsjón af því, að hún er fyrst og fremst sett upp til þess að sýnast og til þess að geta með einhverju móti rökstutt stórfelldar útgjaldahækkanir, sem þessir hv. þm. leggja til að samþ. verði í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Ég hirði sem sagt ekki að fara að eyða mörgum orðum að því umfram það, sem hæstv. fjmrh. sagði, hversu horfi með tekjur ríkissjóðs, en ég hygg, að það megi fullyrða, að meiri hl. n. hefur gengið út frá þeim hækkunum, sem ætla má með nokkurri skynsemi að verði á tekjunum. Ég skal játa, að það má gera ráð fyrir því væntanlega, að tekjur ríkissjóðs í ár verði nokkru hærri en áætlað er af meiri hl. fjvn. Það eru mjög miklar horfur á því. Það hefur verið bent á, að sú tekjuáætlun byggist m. a. á sérstökum tekjum vegna tolla af virkjununum, og ég vil vekja athygli á því, að þegar þessir hv. talsmenn minni hl. fjvn. og talsmenn Þjóðvfl. hafa hér verið með samanburð við tekjurnar eins og þær standa í októberlok, þá hafa þeir ekki haft þar neina hliðsjón af því, sem þar inn í er komið af tollum til virkjananna og áburðarverksmiðjunnar, en í þeirri upphæð eru um 15 millj. kr. af þeim tollum, en 10 millj. munu ekki komnar. Þegar vitnað er í tölurnar, sem hér standa á reikningsyfirlitinu, eins og þessir hv. þm. hafa gert, þá ber að athuga, að þessir tollar eru þar í. Og það er alveg rétt, að það má gera ráð fyrir því, að umfram þær tolltekjur verði nokkur afgangur, en sá afgangur er það lítill, að ef menn vilja horfa með nokkurri aðgætni og ábyrgðartilfinningu á málið og hafa fullan vilja á því að afgreiða fjárl. þannig, að ekki sé fyrir fram sjáanlegt, að það muni verða greiðsluhalli á árinu, þá er auðvitað ekki með nokkru móti hægt að setja áætlunina gersamlega í topp, þannig að það séu ekki fáeinar milljónir, sem þar sé upp á að hlaupa, því þó að vitanlega beri að halda mjög fast í þá áætlun, sem gerð er í fjárl., og reyna að koma í veg fyrir, að greitt sé umfram fjárl., þá fer ekki hjá því, að mörg útgjöld koma fram á hverju ári, sem ófyrirséð eru, þegar fjárl. eru samþ., og einnig þarf, eins og ég benti á í frumræðu minni, ekki annað en að smávægilegar breytingar verði á launavísitölu til þess, að það muni ríkissjóð þegar um milljónir króna, og á það hefur enn fremur verið bent, að árið í ár er sérstaklega gott tekjuár, þannig að það er naumast hægt að vænta þess, að það verði betra að því leyti á næsta ári. Ég vil vekja athygli á því í tilefni af því, sem hv. 8. landsk. sagði hér, að jólavörur í fyrra mundu ekki hafa verið tollafgreiddar fyrr en eftir nýár, að þá liggur það jafnframt í augum uppi, að þá er enn þá óvarlegra að reikna fullkomlega með tekjum þessa árs, því að þá koma til greina bæði jólavörurnar í fyrra og í ár, því að væntanlega verða þær nú afgreiddar fyrir áramót, þannig að útkoman verður því síður en svo hagstæðari með þessum útreikningi fyrir þá, sem vilja hækka þessa tekjuáætlun enn meir. Og ég verð að segja það út frá tilvitnun þessa hv. þm. í bókhald, sem gat nú verið gaman að heyra, að þá er ég nú ekki alveg viss um, að það hefði verið gefin ákaflega há bókhaldseinkunn fyrir þann uppsetning eða það reikningsdæmi, sem sett hefur verið hér upp á þskj. 264.

Ég vil þá leyfa mér að fara í einstök atriði í ræðu hv. 3. landsk., sem snerta hinar sérstöku till. hans. Hann leggur til í sinni till., að tekjuhalli póstsins verði jafnaður, þannig að pósturinn verði rekinn hallalaus. Það er vitanlega síður en svo, að meiri hl. fjvn. hafi á móti því, að pósturinn sé rekinn hallalaust. Það er beinlínis á það bent í nál., að meiri hl. telji það miklu varða, að ráðstafanir séu gerðar til þess að jafna þennan tekjuhalla, en eins og hv. 3. landsk. man, þá gerði póst- og símamálastjóri ráð fyrir því, að tekjuhalli póstsins mundi verða enn meiri en sem því nemur, sem er á frv., eða allt að einni millj. kr., og það mun hafa verið reynsla s. l. árs, þannig að til þess, að þetta megi verða, þarf að framkvæma stórfelldar hækkanir á póstburðargjöldum. Og ég held nú, að þótt kannske megi reikna með því, að flutningur á vini muni eitthvað auka tekjur póstsins, þá sé hæpið að leggja það til grundvallar, að það muni gersamlega geta útrýmt tekjuhalla póstsins. En þetta er vitanlega atriði, sem er mjög æskilegt og nauðsynlegt að ríkisstj. taki til athugunar, hvort ekki er hægt að framkvæma, en meiri hl. þótti nú varhugavert að gera ráð fyrir því, að þetta gæti orðið, þar sem sýnt var fram á, að það mundi kosta stórfellda hækkun á póstburðargjöldum.

Hv. 3. landsk. sagði, að sparnaðartillögur hans hefðu verið að engu hafðar. Að vísu tók hann það nú fram, að þær sparnaðartill. hefðu ekki verið bornar fram nú, heldur hefðu þær verið

bornar fram á einhverjum fyrri þingum, þannig að það hefur ekki gefizt neitt tækifæri til þess í þetta sinn að reyna þær viðtæku sparnaðartill., sem hv. 3. landsk. telur sig hafa í huga. Það væri vissulega fróðlegt. Og hann er það atorkusamur maður, að ég trúi því illa, að hann sjái eftir tíma til þess að bera þessar sparnaðartill. sínar fram nú enn á þessu þingi, til þess að því gefist kostur á einnig að kynnast þeim leiðum, sem þessi hv. þm. hefur bent á út úr þessum mikla vanda, þannig að ég vænti þess nú, að þingið fái að sjá það a. m. k. fyrir 3. umr., hvaða leiðir hann hefur séð til þess að létta svo mjög gjöldum af ríkissjóði. **(Gripið fram í:** Þetta er leynivopn.) Það er líklega leynivopn. (Gripið fram í.) Jú, jú, ef þær eru nú eftir því raunsæjar. (Gripið fram í.) Ég skil ekki vel. — Hv. 3. landsk. vitnaði til þess, að það væru óhæfilega hátt áætlaðir liðir, þ. e. a. s. ferðakostnaður í sambandi við samninga við erlend ríki og sömuleiðis kostnaður við samningana sjálfa. Mér skildist, ef ég man rétt, að hann teldi, að ferðakostnaður hefði ekki orðið á s. l. ári nema rúmar 20 þús. Getur það verið rétt? (Gripið fram í.) En ég sé ekki betur en að á ríkisreikningnum hafi þessi kostnaður, ferðakostnaðurinn, orðið 162 þús. kr. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hefur orðið 374 þús., að vísu nokkru minna en áætlað var þá, en kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum hefur þá orðið 725 þús. kr., eða á annað hundrað þúsund hærri en áætlað var, þannig að sparnaðurinn á þessum liðum verður naumast byggður á því, að reynslan hafi staðfest þetta. Um hitt má svo auðvitað deila, hvort það eigi að draga úr þessum kostnaði eða ekki.

Hv. 3. landsk. lagði til að fella niður kostnað við húsaleigunefndir og húsaleigueftirlit, þar sem það væri ekki nein þörf lengur á að hafa þetta. Ég vil nú vekja athygli á því, sem ég geri einnig ráð fyrir að hann viti, að húsaleigunefndir eru enn starfandi og framkvæmt er mat á húsaleigu samkvæmt lögum, þannig að það hefur af þessum sökum ekki þótt fært að leggja til, að þessi kostnaðarliður væri felldur niður.

Þá benti þessi hv. þm. á það, að fjármálaeftirlit skólanna væri mjög óþarfur liður og það væri þess vegna þörf á að fella hann niður. Þetta mundi spara nokkra tugi þúsunda væntanlega eða kannske 70—80 þús., ef þessi liður væri felldur niður, en með hliðsjón af þeim stórkostlegu viðskiptum, sem eru milli sveitar- og bæjarfélaga annars vegar og ríkissjóðs hins vegar í sambandi við skólamálin, þá hygg ég, að þetta gæti nú orðið næsta hæpinn sparnaður fyrir ríkissjóðinn, því að sé það svo, eins og fullyrt er, að reynsla hafi verið góð af starfi þess manns, sem þetta eftirlit hefur framkvæmt, og að það hafi verið komið miklu betra eftirliti á varðandi skiptingu kostnaðarins og haft betra eftirlit með því, að það væri ekki lagt þar á ríkið meira en því bæri að greiða, þá er fljótt að koma upp í laun þessa manns, þannig að það er næsta hæpinn sparnaður að leggja til, að þetta verði fellt niður. Það er rétt hjá hv. 3. landsk., að fræðslumálastjóri hefur ekki lagt neina sérstaka áherzlu á það, að þetta eftirlit væri við lýði haft. En mér virtist hv. 3. landsk. leggja þetta nokkuð skakkt hér fyrir, vegna þess að þetta eftirlit er ekki beinlínis ætlað að sé á vegum fræðslumálastjóra eða innt af hendi af einum starfsmanni hans, því að þarna er aðallega um að ræða endurskoðun, sem getur snert alveg eins fræðslumálastjóraembættið eins og aðra þætti skólamálanna.

Þá kem ég að því atriðinu, sem hv. 3. landsk. mjög breiddi sig yfir og hélt hér gamansama ræðu um og virtist telja, að það væri mikið gamanmál og hlægilegt í alla staði, að það skyldi vera verið með slíkt brambolt hér, en það er varðandi ýmiss konar rannsóknir á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Hann gekk það langt að halda því fram, að það væri almenn skoðun bænda og sjómanna, að þessar rannsóknir væru alls ekki í þeirra þágu, heldur mundu þær, að því er mér skildist, aðeins eiga að vera „hobby“ eða tekjuauki fyrir vissa menn, sennilega einhverja stjórnargæðinga, sem þeir mundu heita á máli þessa hv. þm., til þess að leika sér að. Nú held ég, að það hljóti að vera ljóst öllum hv. þm., hversu fjarstætt er að halda fram slíkum staðhæfingum sem þessum. Það má vafalaust um það deila, hvort þessum rannsóknum og tilraunum verði hagað betur á einn eða annan hátt. En ég held, að það sé engin þjóð, sem í alvöru hugsar um að bæta sína atvinnuvegi og skapa sér bætta aðstöðu til aukinnar framleiðslu á sviði síns atvinnulífs, að henni detti í hug að halda því fram, að það sé ekki þörf á að hafa margvíslega tilraunastarfsemi bæði í þágu landbúnaðar og sjávarútvegs og iðnaðar í sínu landi, og að það yfirleitt detti nokkrum manni í hug í alvöru að leggja það til í þessum löndum. Ég efast líka um það, að neinn mundi treysta sér til þess að leggja það til hér, nema þá væntanlega hv. 3. landsk., að allri slíkri tilraunastarfsemi yrði hætt. Ég er hræddur um, að það yrði bágborin útkoma á mörgum sviðum, ef það væri gert. Og það er náttúrlega gersamlega fullyrt út í bláinn að halda því fram, að það hafi enginn árangur orðið af slíkri tilraunastarfsemi. Annars er þetta það fjölþætt mál, að það tæki miklu lengri tíma að fara út í það heldur en ég hef hér til umráða. En þetta er að vísu ekkert nýtt sjónarmið. Þetta hefur komið fram og kemur oft fram í mörgum málum, að það er mjög dregið úr og taldar vera þarflausar ýmsar framkvæmdir, sem verið er að gera, þótt þjóðnýtar séu, ef sá hugsunarháttur er ríkjandi, að menn yfirleitt vilji ekki neinar raunverulegar framfarir eða umbætur á þessu sviði. Ef menn hafa það sjónarmið, þá geta menn náttúrlega stutt það að fella allar þessar tilraunalegu rannsóknir niður.

Þá leggur hv. 3. landsk. til, að lækkað verði framlag til eyðingar refa og minka. Þessi lækkunartill. er náttúrlega gersamlega út í loftið af þeirri einföldu ástæðu, að þetta er ákveðið með lögum, og þar af leiðandi er um það að ræða að áætla í fjárlfrv. einhverja sennilega upphæð, sem þetta muni kosta, og reynslan árið 1952 sýnir, að þessi upphæð muni alls ekki vera of hátt áætluð í fjárlfrv., þannig að það er auðvitað algerlega til að blekkja sjálfan sig að lækka lið sem þennan.

Ég held nú satt að segja, að ég hafi farið í

regnum flestar af þessum sparnaðartillögum hv. 1. minni hl. fjvn. Nei, hann minnist þar á að fella niður framlag til vinnuhælis á Kvíabryggju og að það beri að reka ýmiss konar eftirlitsstarfsemi ríkisins hallalaust. Það er auðvitað ekkert nema gott um það að segja, ef það er hægt, en það hefur gengið erfiðlega að gera það, og vissulega gætu menn undir það tekið, að þetta væri mjög æskileg lausn. En það er tilgangslítið að setja það í fjárl., að það skuli rekið hallalaust, þegar reynslan sýnir svo ár eftir ár, að það er alltaf rekið með halla. Þá er það auðvitað ekki til annars en að blekkja sjálfan sig og valda því, að það verða meiri umframgreiðslur en annars væri þörf á, og mér skilst, að það sé nú áhugi ýmissa manna hér einmitt að koma í veg fyrir, að það þurfi að verða um umframgreiðslur að ræða.

Um vinnuhæli á Kvíabryggju skal ég nú ekki mikið ræða. Hv. þm. segir, að það muni ekki verða starfrækt á næsta ári. Mér skilst, að það verði starfrækt, og þá þýðir ekki annað en að ætla til þess einhverja fjárveitingu, þannig að þetta sé einnig heldur óraunhæfur sparnaður.

Þá kem ég að einum lið, sem ég hafði nærri gleymt, en það er sparnaðartill. hv. 3. landsk. varðandi fiskmatið, þ. e. a. s. að ferðakostnaður fiskmatsmanna lækki úr 175 þús. kr. niður í 100 þús. kr. Ég minnist þess, og ég býst við, að allir hv. þm. minnist þess, að það komu fram háværar raddir og miklar kröfur á hendur fiskmatinu og þá ekki hvað sízt frá þessum hv. þm. og hans blaði, þar sem miklar vítur voru á það bornar og það sakað um eftirlitsleysi í sambandi við skemmdir, sem urðu í fiski, og þess vegna satt að segja kemur manni dálítið einkennilega fyrir sjónir þessi brtt., því að það gefur auga leið, að yfirfiskmatsmennirnir, ef árangur á að verða af þeirra starfi, þurfa að vera mjög mikið á ferðinni, því að þeir geta lítið starfað, ef þeir sitja alltaf á þeirri búfu, sem þeir eiga heima á, heldur verða þeir að ferðast um. Ég hygg, að það muni vera fáir, sem álíta, að ekki beri að leggja á það alla áherzlu, að vöndun fisksins verði sem allra bezt. Við höfum þegar haft af því mikið tjón, að það hefur ekki verið svo vandað um þessa vöru sem æskilegt hefði verið, og það ber að leggja á það megináherzlu að koma í veg fyrir, að gallar verði á framleiðslu þessarar vöru. Við erum að vinna nýja markaði nú, og þess vegna er það vitanlega lífsspursmál fyrir þjóðina og miklu meira atriði en 100 eða 200 þús. kr., sem fara í ferðakostnað, ef það tækist að bæta þetta fiskmat og koma í veg fyrir, að nein vandræði yrðu á þessu sviði. Ég skal geta þess til upplýsingar, að kostnaðurinn við þetta hefur eðlilega aukizt vegna þess, að t. d. er aðeins einn yfirfiskmatsmaður með allri skreiðinni og þarf að ferðast mjög mikið af þessum sökum. Þessi kostnaður kom fyrst til á árinu í ár, og það er því ekki að undra, þó að þessi kostnaður allur hafi töluvert aukizt. Ég hygg sem sagt, að það sé ekki skynsamlegt fyrir okkar hag að sníða matinu allt of þröngan stakk varðandi sína starfsemi að þessu leyti.

Þetta eru sparnaðartill. hv. 3. landsk. Þær, eins og hv. þm. sjá, eru nú ekki allar sérlega djúpt hugsaðar, að því er virðist vera. Það er að vísu virðingarverð hver viðleitni til þess að spara, en sú viðleitni verður þá að styðjast við raunveruleikann. Og það er einnig ljóst, að jafnvel þótt hægt væri að reyta nokkrar krónur hér og þar, þá hefur það lítla þýðingu varðandi heildarvandann í þessu máli, en það er stórfelldur sparnaður til þess að tryggja, að það geti orðið um að ræða skattalækkun á almenningi varanlega og verði komið í veg fyrir það, að þurfi að leggja á nýjar álögur, og jafnframt um leið, að hægt verði að reyna að stuðla að því, sem mér skilst einnig að allir séu sammála um, að meira fé geti orðið varið til verklegra framkvæmda en nú er gert.

Ég vil sérstaklega í sambandi við till. hv. 3. landsk. um framlag til fiskveiðasjóðs geta þess, að það er vitanlega og hlýtur að vera almennur vilji allra hv. þm. að stuðla að því að leysa úr þeim feikimikla vanda, sem þar er við að etja, en ég fæ ekki séð, að það sé auðið að taka inn á fjárl. eins og nú standa sakir milljónaútgjöld í þessu skyni, heldur verði að reyna að fara þar aðrar leiðir, og ég er ekki í efa um það, að mikill meiri hluti þingsins hefur fullan hug á því að styðja viðleitni í þá átt, til þess að bætt verði úr þeim vanda, sem að sjávarútveginum steðjar nú vegna tilfinnanlegs skorts á stofnlánum, þannig að um það út af fyrir sig geti ekki ágreiningur orðið, heldur hitt, hvort auðið sé að taka það í fjárl. eða ekki.

Ég hirði ekki að fara út í einstaka liði varðandi þessi útgjöld, sem þarna koma fram. Þess gerist naumast þörf. Það má, eins og ég sagði, alltaf um það deila, hvort upphæð á að vera 20—30 þús. kr. hærri eða lægri, og fer eftir mati manna á því og þar af leiðandi erfitt um það að segja. Það eru aðeins stóru póstarnir, sem hljóta að skipta máli í því sambandi.

Það er hér síðast í heimildagrein talað um að verja 50% af tekjuafgangi ríkissjóðs til greiðslu á skuldum ríkisins vegna skólabygginga, en það er tvímælalaust mikil þörf á því að létta undir með sveitarfélögunum að þessu leyti. En ég hygg, að það sé dálítið óeðlilegt að taka inn þessa heimild, sem þarna er um að ræða, bæði vegna þess, að það er nú algerlega óséð um, hver tekjuafgangur ríkissjóðs verður, og eins vegna hins, að það má gera ráð fyrir, að sú venja verði höfð nú eins og var síðast, þegar verulegur tekjuafgangur varð, að leitað verði sérstakrar heimildar Alþ. til ráðstöfunar á þeim tekjuafgangi, þegar að því kemur, að ljóst verði, hver sá afgangur er. Það er varla tímabært að vera að ráðstafa slíkum tekjuafgangi, þótt til nytsamlegra hluta sé, fyrr en séð verður, hverju er verið að ráðstafa. Og það ætti að vera fullkomlega tryggt, að hv. þm. gætu komið að sínum sjónarmiðum um það, þegar endanlega verður frá því gengið, ef einhverju verður að ráðstafa.

Mér skildist, að hv. 3. landsk. teldi það hæpið að taka upp styrkveitingu til flugbjörgunarsveitarinnar nema þá með því að hækka einnig fjárveitingu til slysavarna almennt. Við þessu er það að segja, að flugbjörgunarsveitin er tekin upp með styrk til tækjakaupa, sem er gert ráð

fyrir að sé í eitt skipti fyrir öll að þessu leyti, þannig að hér er ekki um að ræða venjulegan rekstrarstyrk og því naumast hægt að bera það saman við fasta rekstrarstyrki, sem aðrir aðilar hafa á fjárl., og að þessu leyti getur það ekki talizt neitt misboðið Slysavarnafélaginu, þó að þetta sé tekið upp í sambandi við þessa sérstöku starfsemi, sem þarna er um að ræða og er vissulega góðra gjalda verð.

Annars er eitt, sem mér fannst vera nokkuð áberandi hjá hv. 3. landsk. og ég er nokkuð hissa á, og það er það, að mér fannst hann sveigja heldur kuldalega að ríkisfyrirtækjum og telja, að þau skiluðu yfirleitt ekki eins góðri útkomu og vert væri. Þetta kemur einkennilega út fyrir þá, sem hafa álitið, að þessi hv. þm. hefði áhuga á því að koma öllu undir ríkið.

Ég vil þá leyfa mér að víkja að till. hv. 2. minni hl. fjvn., 11. landsk. þm. Hv. 3. landsk. gerir þó tilraun til þess á pappírnum a. m. k. að benda á, hvernig eigi að mæta þeim útgjöldum, sem hann leggur til, en hins vegar hefur hv. 11. landsk. algerlega láðst það. Hann segir það eitt, að hann sé algerlega og hans flokkur á móti þeim tekjuleiðum, sem ríkið hafi, og manni skilst, að hann telji, að það séu allt að því blóðpeningar, sem þar séu sognir inn af almenningi í landinu, og hann vilji þess vegna ekki saurga sig á því að fara að koma með neinar till. varðandi tekjuhliðina. En hins vegar hefur þessum ágæta þm. ekkert þótt athugavert við það að sýna þó sína viðleitni til þess að ráðstafa þessu illa fengna fé þannig, að till. hans um það efni skipta nokkrum milljónatugum, og skilst manni ekki, að það sé spor í þá átt að létta þessum ófögnuði af þjóðinni, sem hann talar um í sambandi við innheimtu tekjustofnanna, þannig að það verður dálítið erfitt að sjá, hvaða hugsun liggur á bak við þessar till. þessa hv. þm.

Þessar till. eru nú að nokkru leyti þær sömu eins og kemur fram hjá hv. 3. landsk. og raunar einnig hjá hv. þm. Þjóðvfl. Það er hækkun til ýmissa framkvæmda. Að vísu einskorðar hann sig við fáa liði, en lætur þar hlaupa á milljónum, þannig að það er öllu stórtækara í sakirnar farið.

Eins og ég gat um í frumræðu minni, geri ég ráð fyrir, að það sé ósk allra hv. þm., að það væri hægt að verja mun meira fé til ýmissa mikilvægra framkvæmda heldur en talið hefur verið fært. En þar verður að reyna að velja og hafna og reyna að sníða sér stakk eftir vexti og ekki hægt að gera alla hluti í einu. Afleiðing þess verður vitanlega sú, að það verður að hafa hér miklu meiri takmörk á heldur en menn kynnu að óska, ef þeir taka hvern einstakan lið út af fyrir sig. Ég geri ráð fyrir, að menn vildu gjarnan verja 2 millj. kr. til læknisbústaða og sjúkrahúsa, og svo mætti lengi telja, en ef það á að vera hægt að fá eitthvert vit út úr þessu öllu, þá verður auðvitað að fara þarna bil beggja.

Hv. 11. landsk. heldur því fram í sínum till., að það sé allt of skammt gengið í till. ríkisstj. í sambandi við raforkumálin, og vill leggja til, að þau framlög verði mikið hækkuð. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur um það samizt og er eitt meginstefnumál núverandi ríkisstj. og stjórnarflokka að leysa þessi raforkumál og þann mikla vanda, sem þar er um að ræða, á skömmum tíma og eftir ákveðnum leiðum. Í samræmi við það eru hækkaðar fjárveitingar til raforkumála á frv. um 7 millj. kr. og hugsað er að leysa á annan hátt þá fjárþörf, sem þarna er um að ræða, þannig að það bætir ekki neitt úr skák, þó að það sé verið að hækka þessi framlög eins og hér er lagt til, því að það verður reynt að sjá þessu farborða á annan hátt, án þess að þurfi að ganga inn á þá tekjustofna, sem um er að ræða í sambandi við fjárl., og rýra að því leyti framlög til annarra þarfra hluta.

Hv. 11. landsk. kemur að því í sínum till. að leggja til að taka lán til íbúðarhúsabygginga, allmikla upphæð, rúmar 30 millj. kr. Eins og hv. þm. vita, er það einnig eitt af aðalstefnumálum núverandi ríkisstj. að leysa þessi húsnæðisvandamál og fjárþörfina varðandi þau með heildaraðgerðum í því efni, og af þeim sökum er langeðlilegast að bíða með till. varðandi það efni, þangað til þær lausnir og það frv., sem væntanlega verður fram borið um það atriði, liggur fyrir, því að það er sjáanlega enginn möguleiki til þess að vera að taka þetta inn á fjárl. og í rauninni óeðlilegt að vera að setja inn á fjárl. heimildir til lántöku og endurlána í þessu eða öðru sambandi.

Í till. hv. 11. landsk. er lagt til að fella niður liðinn til ófriðarráðstafana eða vegna ófriðarhættu, sem er 1 millj. kr. Ég er nú nokkuð hissa á því, að till. skuli koma fram um það að fella niður þennan lið, ekki sízt af því, að þessum hv. þm. var kunnugt um það vegna starfa sinna í fjvn., hvað hefur verið gert í sambandi við ráðstöfun þess fjár, sem til þessara hluta hefur verið varið, og ég hygg, að allir geti verið sammála um, að það sé mikil þörf á því, að slíkar ráðstafanir séu gerðar. Ég minnist þess, að hér fyrir hinu háa Alþ. liggur t. d. þáltill. um að gera sérstakar ráðstafanir til verndar forngripum þjóðarinnar og handritum í tilefni af stríðshættu, og mér hefur skilizt af yfirleitt tali manna og umræðum, að það væri almenn skoðun, enda sjálfsagt, að gera einhverjar ráðstafanir í þessu sambandi, þó að auðvitað allir voni, að ekki þurfi til þess að koma, að þær ógnir skelli yfir. En til þessara hluta hefur verið veitt samtals 2.5 millj. kr. Það var ráð fyrir því gert, að viðkomandi bæjarfélög legðu helming á móti þessu framlagi. Reykjavík ein mun hafa gert það, og þar af leiðandi hefur meginhlutinn af þessu fé verið notaður hér í Reykjavík, og loftvarnarnefnd Reykjavíkur hefur eftir þeim upplýsingum, sem fjvn. hefur fengið, haft til umráða í þessu sambandi alls um hálfa fimmtu millj. kr. Þessu fé hefur verið varið til þess að kaupa margvísleg tæki. Ég skal rétt drepa á það helzta. Það hafa verið keypt hjúkrunargögn og lækningatæki fyrir 1.6 millj. kr. Eldvarnartæki ýmis hafa verið keypt fyrir 1 millj. kr., aðvörunarkerfi fyrir 275 þús. kr., talstöðvar og ýmiss konar tæki í sambandi við fjarskiptaþjónustu fyrir 375 þús. kr., 200 þús. kr. hefur verið varið til loftvarnabyrgja og 400 þús. kr. til kaupa á út-

búnaði og tækjum fyrir ýmsar hjálparsveitir, og enn mun vera talsvert margt ógert í þessu sambandi. Ég skil ekki í öðru en það sé skoðun meginþorra hv. þm., að stuðla beri að því, að reynt sé að tryggja öryggi þjóðarinnar að þessu leyti og íbúa höfuðborgarinnar, eftir því sem framast er unnt. Og það má gera ráð fyrir, að fleiri bæir vilji notfæra sér þetta, og þá auðvitað kemur til nota þessarar fjárhæðar þar.

Aðeins örfá orð hér að síðustu um till. hv. þingmanna Þjóðvfl.

Þeir gera ráð fyrir því að leggja niður sendiráðin í Stokkhólmi og Osló. Ég geri þó naumast ráð fyrir því, að þeir hugsi sér, að það verði ekki starfandi konsúlöt í þessum löndum. Þegar komið hafa fram raddir um það áður, að eitt sendiráð yrði fyrir Norðurlönd, þá held ég að enginn hafi þó gert ráð fyrir, að hægt væri að komast hjá því að hafa einhverja fulltrúa í þessum löndum vegna okkar nánu samskipta, bæði viðskiptalega og menningarlega, og þó sérstaklega menningarlega, við þessi lönd.

Varðandi hækkun á tekjum flugvallanna vil ég benda á það, að meiri hl. fjvn. hefur í heimildagrein lagt til, að það verði heimilað að nota umframtekjur flugvallanna á næsta ári, allt að 2.5 millj. kr., til flugvallagerða, þannig að þarflaust er og ástæðulaust að vera að hækka tekjuáætlunina eins og hér er lagt til.

Um íþróttasjóðinn, sem kemur hér fram í mörgum brtt., vil ég taka það fram, að þetta mál er í rauninni ekki endanlega afgr. frá fjvn. og mun verða tekið þar til nánari athugunar nú fyrir 3. umr. Það er vissulega mjög mikil þörf á því að auka fé þessa sjóðs, því að það eru miklar kröfur, sem á hann eru fallnar. Ekki hvað síst stafar það af því, að þessi sjóður hafði á sínum tíma meira fé til umráða og menn lögðu því þá í framkvæmdir í trausti þess, að það væri hægt að greiða það fé, en síðan var þessi liður lækkaður.

Varðandi till. um það, að Iðnaðarmálastofnunin hafi með höndum þau atriði, sem snerta framlagið til mótvirðissjóðs vegna tækniaðstoðar, vil ég taka það fram, að það er á margan hátt óeðlilegt, að þessari stofnun sé falið þetta hlutverk, vegna þess að þessi tæknilega aðstoð hefur verið veitt öðrum atvinnuvegum einnig en iðnaði, bæði landbúnaði og sjávarútvegi. Nú skal ég t. d. geta þess, að það er fyrirhugað að fá hingað sérfróðan mann til leiðbeiningar ungmennafélögunum um starfsíþróttir, og það er ótalmargt, sem hér kemur til greina. Það hafa verið keypt samkvæmt þessum lið ýmiss konar tæki til ýmissa rannsókna, ekki aðeins í þágu iðnaðarins, heldur í þágu annarra atvinnugreina, þannig að það er á allan hátt óeðlilegt að fara að leggja þetta fé undir Iðnaðarmálastofnunina, þar sem það mundi ekki nema að nokkru leyti snerta starfssvið hennar.

Sama er að segja um þessa till. hér varðandi útrýmingu braggaíbúða og annars heilsuspillandi húsnæðis, þó að illgjarnir menn kynnu nú að segja, að það fælist ekki í till. annað en að það ætti að útrýma þessu, en ekki byggja annað upp. En ég veit nú, að það er ekki hugsunin hjá hv. flm. Það á við það, sem ég áðan sagði varðandi húsnæðismálin almennt og þá athugun, sem er á vegum ríkisstj. á þeim málum yfirleitt.

Það er lagt til í þessum till. að verja mun hærri upphæðum til atvinnubóta heldur en gert er í till. meiri hl. fjvn. Vitanlega væri hægt að nota fé í því sambandi, þó að þar væri gert ráð fyrir 50—60 millj. kr., því að þarfirnar eru svo *geysilega miklar. En hins vegar verður á þessu* sviði sem öðrum að meta það, hvað hægt er að gera hverju sinni, og meiri hl. n. hefur ekki talið sér fært að leggja til, að veitt verði hærri upphæð en 5 millj. kr. í þessu skyni nú.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. í þessu máli, fjárlögunum.

Fyrri brtt. mín er II. liður á þskj. 280 og er við brtt. hv. fjvn. á þskj. 242 um endurbyggingu þjóðvega. Fyrir nokkrum dögum sá ég þessu þskj. hv. fjvn. útbýtt, og þá man ég ekki betur en að þessi liður hjá hv. n. væri 5 millj. kr. En það mun því miður hafa verið prentvilla, því að nú hefur þskj. verið prentað upp og þar stendur aðeins 500 þús. kr. Ég hefði talið hitt við hæfi og verið vel ánægður með, að það hefði verið raunveruleg till. n., 5 millj. kr. í þessu skyni. Samt sem áður er ég hv. n. þakklátur fyrir að hafa tekið upp sérstakan lið um þetta efni, endurbyggingu þjóðvega.

Mér er kunnugt um, að það stendur sums staðar svo á, að elztu akvegirnir, sem lagðir hafa verið hér á landi, eru að verða ónýtir, enda er það ekki nema eðlilegt, því að í fyrstu voru þeir byggðir með allt önnur not fyrir augum heldur en nú er. Þeir voru m. ö. o. byggðir aðeins fyrir hestvagna, en ekki fyrir bifreiðar, og þar að auki voru þeir byggðir til þess að hægt væri að aka hestvögnum eftir þeim á sumrum og þegar autt væri á vetrum, en alls ekki ætlaðir til þess að hægt væri að aka vögnum eftir þeim yfirleitt á veturna, nema einstaka sinnum. *Þetta voru vegir, sem lagðir voru fyrir aldamót* og nokkur ár fram eftir þessari öld, sem við nú lifum á. Í minu héraði er akbraut t. d., sem var að langsamlega mestu leyti byggð á þessu tímabili, meðan ekki var hugsað til þess og engan dreymdi um það neitt verulega, að hér á landi kæmu bifreiðar. Hins vegar hefur þó einmitt í þeim héruðum, sem elztu vegirnir liggja um, atvinnulífið verið byggt upp þannig, að það krefst daglegra bílferða, þ. e. a. s. mjólkurflutninga. Þess vegna er nú komið svo, að sum þau héruð, þar sem akvegir voru fyrst lagðir, eru að verða einna verst sett um samgöngur á landi oft og tíðum. Það er reynt að halda þessum vegum við, — ég skal játa það, — en það kostar líka peninga og er aftur á móti gagnslítið.

Till. mín um helmingshækkun á þessum lið, úr 500 þús. kr. upp í eina millj., væri því ekki nema að nokkru leyti aukin útgjöld, þó að samþykkt væri. Samt sem áður er það ekki ætlun mín, að þessi till. sé samþ. nú við þessa umr., og ég mun taka hana aftur til 3. umr. Og það er ekki heldur ætlun mín vegna þess, að ég geri mér ljóst, hvað hæpið er að fjárl. verði afgr. á þann hátt, sem ég tel forsvaranlegt, að þessi till. mín verði til hækkunar á útgjöldum ríkis-

sjóðs eða útgjöldum fjárl. Till. er borin fram til athugunar fyrir hv. fjvn., og vona ég, að hún taki það til nýrrar athugunar, hvort ekki sé hægt að hækka þennan lið, þótt ekki sé upp í 5 millj., eins og ég var að vona um tíma, þá a. m. k. eins og till. mín fer fram á. En í staðinn finnst mér að það mætti lækka fjárveitinguna til viðhalds vega, beinlínis vegna þess, að þessi liður, hvort sem hann verður nú 500 þús. kr. eða 1 millj., verður til þess að létta á viðhaldskostnaði vega, því að þá mundu verða byggðir upp einhverjir verstu vegakaflar, sem alltaf er verið að káka við að reyna að halda við, en þó ekki auðvitað fullnægjandi. Ég vil mjög óska eftir því, að hv. fjvn. taki þetta til nýrrar athugunar, hvort hún sjái enga möguleika á því að hækka þennan lið, því að 500 þús. kr. í þessu skyni held ég að geri að vísu gagn, en því miður ákaflega lítið gagn, samanborið við það, sem þyrfti að vera. — Till. er þá tekin aftur til 3. umr.

Þá hef ég leyft mér að bera fram aðra brtt. á sama þskj., en hún er smávægileg. Það er IV. liður á þskj. 280, við 14. gr. frv. B. XIV. 7, um fyrrv. barnakennara, að fyrir 47500 kr. komi 49 þús. kr. Ég skal strax geta þess, að þessi till. mín er borin fram af sérstöku tilefni og vegna ákveðins manns. Gamall kennari norður í Ólafsfirði heitir Grímur Grímsson. Hann varð fyrir því óláni, áður en hann varð verulega gamall, að missa svo til alveg heyrnina og varð að láta af kennslustörfum þess vegna. Og þar sem langt er síðan hann fékkst við kennslustörf, þá eru það sáralítil eftirlaun eða lífeyrir, sem hann hefur úr lífeyrissjóði barnakennara, því að hans starf var aðallega fyrir þann tíma, sem sá sjóður varð til, og voru þá alltaf mjög lág kennaralaunin, en eftir þeim er lífeyririnn reiknaður, eins og menn vita. Eins og ég sagði, er þessi maður orðinn gamall, heilsulítill og heyrir ekki eða sama og ekki neitt, og af þessu leiðir það, að hann getur ekki unnið fyrir sér. Ég hef loforð fyrir því hjá fræðslumálastjórninni, að verði þessi brtt. mín samþ., þá muni hann verða aðnjótandi þessarar hækkunar. Þótt ég játi það fyllilega, að þeir, sem vilja bera ábyrgð og taka að sér að bera ábyrgð á afgreiðslu fjárl., eigi helzt ekki að bera fram brtt., sem nokkru nema, þá finnst mér þó, að þetta sé svo lítið, að það mundi ekki raska afgreiðslu fjárl. að öðru leyti, þó að þessi litla brtt. yrði samþykkt.

Ég finn ástæðu til að segja nokkur orð út af ræðu hv. 3. landsk. þm., frsm. 1. minni hl. fjvn. Hann er víst ekki viðstaddur í þinginu, en þar sem ég býst tæplega við að tala aftur, þá verð ég að segja þessi orð eins fyrir því, þó að ég hefði frekar kosið, að hann hefði á þau hlustað. Hann var m. a. í ræðu sinni að gera lítið úr og draga dár að ýmsum tilraunum og rannsóknum í þágu landbúnaðarins. Hann komst m. a. svo að orði, að bændur í nágrenni þessara stöðva gerðu grín að þeim og teldu þær einskis virði. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um það, hvort hv. þm. kunni að hafa hitt einhvern bónda, sem svo hefur talað, en varla hafa þeir verið margir og alls ekki meginhluti bænda eða allir bændur, eins og hægt var helzt að heyra á honum að mundi vera. En meðal dæma um þetta nefndi hv. þm. fjárbeiðni Nautgriparæktarfélags Eyfirðinga, og það er út af því, sem ég vildi segja þessi orð til hv. þm., en um þetta sérstaka efni get ég fullyrt, að þm. getur ekki fundið einn einasta bónda í Eyjafirði, sem gerir lítið úr þeirri starfsemi, starfsemi Nautgriparæktarfélags Eyfirðinga, og því síður að hann geri grín að henni.

Umsókn Nautgriparæktarfélags Eyfirðinga um framlag úr ríkissjóði, sem var um ½ millj. kr., eins og þm. sagði, hefur þm. annaðhvort misskilið eða snúið út úr viljandi. Það var helzt að heyra á þm., að þetta ætti að vera árlegur rekstrarstyrkur til afkvæmarannsókna. En svo er ekki, heldur er þarna farið fram á styrk til stofnkostnaðar. Ég er hv. fjvn. þakklátur fyrir það, að hún hefur, þótt í litlu sé, sinnt þessu máli, þar sem hún hefur borið fram till. um að veita Nautgriparæktarfélagi Eyfirðinga og Nautgriparæktarfélagi Árnesinga nokkurn styrk, sem helzt kynni að vera að skilja svo, að þeirri upphæð ætti að skipta jafnt á milli félaganna, þó að það sé ekki beinlínis tekið fram. En þó að ég sé þakklátur fyrir þessa litlu viðleitni, þá verð ég að segja það, að mér finnst þetta ekki með öllu sanngjarnt. Nautgriparæktarfélag Árnesinga hefur, eftir því sem ég bezt veit, áður fengið verulegan styrk, en félagið í Eyjafirði ekki. Og úr því að þetta kom til orða hér að gefnu tilefni frá hv. 3. landsk. þm., þá vil ég upplýsa það, sem ef til vill hefur verið gert áður hér á hinu háa Alþ., — ég hef ekki hlustað á allar ræður, — að Nautgriparæktarfélag Eyfirðinga rekur kynbótabú. Þetta kynbótabú er rekið á leigulandi og í leiguhúsnæði, og það er í bæjarlandi Akureyrarkaupstaðar. Nú er búizt við því, að innan mjög skamms verði félagið að víkja með þessa starfsemi úr bæjarlandinu, því að það mun ekki þykja hæfa, þegar byggð bæjarbúa eykst í kringum þetta, að það sé inni í kaupstaðnum. Þá verður félagið að kaupa sér jörð og koma þar upp húsum eða kaupa land, sem hús eru ekki á, rækta það og koma sér upp húsum. Þess vegna er það, að þessi styrkur, sem hv. fjvn. leggur til að veita þarna og mér skilst að verði sennilega 100 þús. kr. til Nautgriparæktarfélags Eyfirðinga, er að sjálfsögðu allt of lítill í þessu skyni, þó að ég hins vegar sé ekki að vanþakka till. um þetta, þvert á móti. En ég ber þó ekki fram brtt. um þetta efni af þeim ástæðum, sem ég hef þegar vikið að, að ég tel mér ekki fært að gera till. yfirleitt um aukin útgjöld, sem nokkru nema, vegna afgreiðslu fjárl. í heild, því að mér finnst yfirleitt, að hv. þm. þurfi að hafa hugfast að spenna þar ekki bogann of hátt.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það er aðeins ein brtt., sem ég vil mæla hér nokkur orð fyrir, og mun ég ekki á þessu stigi málsins ræða fjárlfrv. eða einstakar brtt., sem fram hafa komið við það nú. Þessi till., sem er á þskj. 280,VI og er frá okkur þingmönnum Skagf., er við 16. gr. D. 11. 5. og er um það, að til borana eftir heitu vatni til Sauðárkrókshitaveitu verði veittar úr ríkissjóði 118 þús. kr.

Skal ég með örfáum orðum rökstyðja þessa brtt. okkar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er nýlega lokið að gera hitaveitu á Sauðárkróki, og hefur sú framkvæmd yfirleitt heppnazt vel. En þó hefur verið heldur lítið vatn, sem fengizt hefur á köldustu dögum, og talin þörf á að auka heita vatnið nokkuð til öryggis, og vitað er, að með borunum þarna má auka heita vatnið. Það var á árunum 1948 og 1949, að gerðar voru boranir þarna, sem í raun og veru voru gerðar til þess að athuga, hvort tiltækilegt væri að ráðast í hitaveituna. Þessar boranir voru kostaðar af Sauðárkróki að hálfu leyti og ríkissjóði að hálfu leyti. En eftir að hitaveitunni var lokið árið 1952, voru hafnar boranir að nýju og þá algerlega á reikning Sauðárkrókskaupstaðar með það fyrir augum að auka heita vatnið nokkuð, þannig að öruggt væri, að það þrvti aldrei. Kostnaður við þessar síðari boranir varð 237 þús. kr. En svo sorglega tókst til með þessa tilraun, að það varð enginn árangur af henni, og það verður að segjast, að það var ekki eingöngu af því, að ekki kunni að hafa verið vatn þar undir, sem borað var, heldur af því, að ýmiss konar mistök urðu um framkvæmd verksins, sérstaklega það, að þau tæki, sem lögð voru til af jarðborunardeildinni, reyndust óhæf, þannig að gangur verksins varð sama og ekki neinn. Það er fyrst og fremst á þessum grundvelli, sem við þm. Skagf. teljum að sé rökstudd krafa frá okkar hálfu, að ríkið taki á einhvern hátt þátt í þessum kostnaði, þótt að öðru leyti mætti kannske segja, að þetta væri aðeins einn þáttur í sjálfu hitaveitufyrirtækinu og ætti því að vera borinn uppi af Sauðárkrókskaupstað.

Raforkumálastjóri hefur lagt til í sínum till., að þessi upphæð, 118 þús. kr., yrði greidd úr ríkissjóði vegna þessara framkvæmda sumarið 1952, og veit ég, að hann hefur gert það fyrst og fremst vegna þess, að honum er ljóst, að þarna var um mistök að ræða, sem kannske er ekki hægt að kenna neinum sérstökum um, en tækin reyndust bara ónothæf mikinn hluta sumarsins, þótt verið væri að basla við það, en verkakaup og allt annað varð að greiða vitanlega.

Við þm. Skagf. lögðum áherzlu á það við fjmrn., að þessi upphæð fengist tekin upp í fjárlfrv., en rn. vildi ekki á það fallast. Þetta erindi hefur legið fyrir fjvn., og hún hefur ekki heldur séð sér fært að taka það upp í sínar till. Við teljum ekki hægt annað en að flytja þessa till. hér og það sé að öllu leyti réttmætt, að a. m. k. þessi hálfur borunarkostnaður frá sumrinu 1952 verði greiddur úr ríkissjóði, það sé ekki nema alveg rétt viðurkenning á því, að af hálfu þeirra, sem létu framkvæma þetta verk, hafi orðið mistök, sem sjálfsagt sé að leiðrétta. Og þegar raforkumálastjóri hefur sjálfur lagt til, að þetta yrði greitt úr ríkissjóði, þá er það frá hans hálfu nokkurs konar viðurkenning á því, að hér sé um réttlætismál að ræða.

Ég vona, að ég hafi með þessum fáu orðum getað rökstutt það, hvers vegna við þm. Skagf. berum fram þessa till. um 118 þús. kr. fjárveitingu til þess að greiða helminginn af borunarkostnaðinum frá 1952, og ég vænti þess fyllilega, að hið háa Alþ. muni fallast á það, að hér sé um réttlætismál að ræða, og samþ. þetta því. Ég skal taka fram, að ef kæmi um það ósk frá fjvn. eða frsm. hennar, að þetta yrði látið bíða til 3. umr., þá mundum við að sjálfsögðu vera fúsir til að draga till. til baka og eiga þá tal við fjvn. á milli umr.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. við fjárlfrv., og er hana að finna á þskj. 277,I. Þessi brtt. er við brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 240 og er um það, að til læknisbústaða og sjúkrahúsa séu veittar 2 millj. kr. í stað 1500 þús., sem fjvn. leggur til.

Ég get ekki neitað því, að ég undrazt það mjög, þegar ég sá fjárlfrv. og sá, að það var ekki ætluð nema 1 millj. kr. til allra sjúkrahúsa og læknisbústaða á landinu fyrir utan Reykjavík og Akureyri, því að mér var kunnugt um, að þetta mundi ekki vera nema lítill hluti af því, sem nauðsyn ber til lögum samkvæmt að leggja til þessara hluta. Nú hef ég fengið upplýsingar um, að það eru í byggingu 5 sjúkrahús, sem þarna koma til greina. Það er í Hafnarfirði, á Seyðisfirði, í Bolungavík, á Blönduósi og í Neskaupstað. Auk þess er mér tjáð, að það sé í undirbúningi að hefja sjúkrahúsbyggingu á Sauðárkróki á næsta ári. Nú er það vitað, að til þessara bygginga ber ríkissjóði lögum samkvæmt að leggja í kaupstöðum ⅔ og í sveitahéruðum ⅔. Ég hef fengið upplýst, að viðkomandi ráðuneyti hefur lagt til, að til þessara hluta yrði varið á þessum fjárl. 3 millj. kr. sem lágmarksupphæð, og er það mjög skiljanlegt eftir þeim rökum, sem fyrir því eru færð, að af því mundi ekki veita.

Nú er því eðlilega ekki að leyna, að ég ber mína till. fram vegna sjúkrahússins á Blönduósi, sem er í byggingu. Um þá byggingu er þannig háttað, að hún er áætluð að kosta 3 millj. kr., og af því ber ríkissjóði lögum samkv. að leggja fram 2 millj. Þetta hús er komið undir þak, og hefur gengið mjög vel með bygginguna fram að þessu, og mundi, ef ekki strandaði á fjárskorti, vera innan handar að ljúka þessari byggingu að fullu á næsta ári, og er náttúrlega, eins og komið er högum, hægt að vinna í henni í allan vetur alveg óhindrað. Eins og ég tók fram, þá ber ríkissjóði að veita í þetta 2 millj. kr. Af því er þegar búið að borga 400 þús. kr., svo að það eru eftir 1600 þús. kr., sem ríkissjóði bæri samkv. áætlun að borga til þessa sjúkrahúss, og sjá allir, að það er meira en upphæðin, sem ætluð er til allra þeirra sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem eru í byggingu á landinu.

Nú er það svo, að þegar um slíkar byggingar er að ræða sem sjúkrahús og læknisbústaði, þá er það þýðingarmikið mál, að byggingin geti haldið óhindrað áfram og gengið sem fljótast, vegna þess að á þann hátt verður hún miklu ódýrari en ella, en með því að vera að mylgra í svona byggingar smátt og smátt og draga það kannske 4—5 og upp í 10 ár að inna af hendi þær greiðslur, sem ríkissjóði ber til þeirra að greiða, þá verður öll framkvæmdin gerð miklu dýrari en ella þyrfti, auk alls þess óhagræðis, sem af því stafar að greiða vexti í stórum stíl

og hafa alla þá fyrirhöfn, sem því fylgir að vera með þessar byggingar og fá þær ekki í not fyrr en seint og síðar meir.

Ég hef nú ekki viljað fara hærra í minni till. heldur en það að fara fram á, að þetta yrði hækkað upp í 2 millj. kr. Og síðan ég flutti mína brtt., hef ég séð, að annar þm., hv. 11. landsk., hefur flutt sams konar till., og að sjálfsögðu er það á sama hátt tengt við sjúkrahúsbyggingu í hans kaupstað. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að hv. fjvn. og hæstv. heilbrmrh. athugi það nánar en gert hefur verið að þessu, hvað það er, sem hér er um að ræða, og sjái um það, að mín till. verði tekin til greina, hvort sem það verður við afgreiðslu við 2. umr. eða þá 3. umr.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég mun ekki tefja þennan virðulega þingfund með löngu máli. Þó er það ekki af því, að ég hafi svo lítið við fjárlfrv. ríkisstj. og till. fjvn. að athuga. Þvert á móti er það svo, að ég kysi að breyta velflestum liðum frv. Ástæðurnar fyrir því, að ég legg fram fáar og litlar brtt. og ræði lítið um hinar almennu hliðar fjárl., eru þær í fyrsta lagi, að ég til ástæðulaust að hnýta í fjárveitinganefndarmeirihluta þann, sem þjónar undir ríkisstj. Um hann má segja líkt og margir hafa hér sagt um þá menn, sem setið hafa í fjárhagsráði, að hversu mætir og ágætir sem mennirnir eru, þá geta þeir ekki gert góða hluti á þeim slæma grundvelli, sem starf þeirra byggist á, en grundvöllurinn er stjórnarsamstarf Framsfl. og Sjálfstfl. Í öðru lagi býst ég við því, að svar þeirra, sem hér ráða lögum og lofum, verði ekki ósvipað og það, sem Pílatus gaf á sínum tíma: Það sem ég hef skrifað, það hef ég skrifað. — Og breytir þá ótrúlega litlu, þótt rök séu leidd að brtt.

Engu að síður sé ég mig knúinn til þess að láta ekki með öllu undir höfuð leggjast að freista þess að ná fram fáeinum breytingum og flyt því á þskj. 277 nokkrar brtt.

Fyrst er sú, sem merkt er á þskj. með III., þ. e. brtt. við brtt. fjvn., sem skráð er á þskj. 240, þ. e. til hafnargerðar í Vestmannaeyjum. Brtt. er sú, að fyrir 250 þús. kr. framlag komi 750 þús. kr. framlag. Þetta er hækkun um ½ millj. kr., og þykir mér rétt að færa að því nokkur rök, þar sem hér er um óvenjulega háa fjárveitingu til einnar hafnar að ræða, ef samþykkt yrði.

Við, sem í Vestmannaeyjum búum, erum þannig í sveit settir, að við njótum ákaflega lítilla hlunninda af mörgum þeim útgjaldaliðum, sem eru hvað stærstir á fjárlögum ríkisins. Má þar einkum til nefna framlög til vegagerða og þó alveg sérstaklega framlög til brúargerða, sem aldrei koma okkur að neinu í Vestmannaeyjum.

Ég hef gert svolítinn samanburð á einu héraði, kjördæmi, þar sem búa snöggt um færri menn en í Vestmannaeyjum og þeir stunda flestir landbúnað. Í þeirra héraði voru á s. l. ári veittar 745 þús. kr. til hafnarbóta. Floti þeirra nam á s. l. vertíð 18 vélbátum, en frá Vestmannaeyjum gengu yfir 80 vélbátar og auk þess tveir togarar. Þeirra útgerð var minna en ⅕ partur af útgerðinni í Vestmannaeyjum, en hafnarbótaframlagið, sem þeir hlutu úr ríkissjóði, var 300% hærra en það, sem til Vestmannaeyja var veitt. Ég get einnig getið þess, að ef þessi samanburður á þessum tveim héruðum héldi enn áfram í ár, þá hefur enn dregið sundur, því að nú eru það till. fjvn., að á þennan tiltekna stað, sem ég hér hef nefnt, verði í ár veittar 830 þús. kr. til hafnarbóta, en framlagið til Vestmannaeyjahafnar verði látið sitja við það sama og var, 250 þús. kr.

Þetta dæmi var um hafnarmál, og þar er réttur Vestmannaeyinga til beztu kjara alveg skýlaus, ekki sízt af því dæmi, sem ég þegar hef nefnt, að sumir hæstu útgjaldaliðir ríkisins fara nær alveg fram hjá Vestmannaeyingum. (**Gripið fram í:** Hvaða sýsla var þetta?) Þetta er Snæfellsnessýsla, sem ég hef borið saman við Vestmannaeyjar.

Í þessum umr. hljótum við því að standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að hér er algerlega ranglega skipt, og þó að brtt. mín, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá komum við ekki einu sinni til með að njóta jafnréttis fyrir Vestmannaeyjar við það hliðstæða tilfelli, sem ég hef hér nefnt.

Þá hef ég flutt hér á sama þskj., 277, brtt., sem merkt er með VII. Það er brtt. vegna bókasafns Vestmannaeyja, þar sem ég legg til, að fjárveiting til þess verði hækkuð úr 6250 kr. upp í 13 þús. kr. Þau rök vil ég fyrir því færa, að sú breyting sé réttlát, að allir stærstu kaupstaðir landsins hafa svona hátt framlag. Akureyri hefur 13 þús. kr., Hafnarfjörður hefur 13 þús. kr., og meira að segja Ísafjörður, sem er miklu minni kaupstaður en Vestmannaeyjar, hefur 13 þús. kr. framlag. Ég geri ráð fyrir því, að einhverjir vilji því til svara, að bæði á Ísafirði og Akureyri sé um að ræða stiftsbókasöfn eða amtsbókasöfn, en ég vil taka það fram, að ég sé ekki, að bókasöfnum sé þörf á meiri rekstrarstyrk fyrir það, þó að þeim hafi í upphafi verið gefnar bækurnar, eins og gert hefur verið við amtsbókasöfnin.

Þá flyt ég enn á þskj. 277 brtt., sem merkt er með IX, þ. e. till., sem varðar leikfélag Vestmannaeyja, að framlag til þess verði hækkað úr 3000 kr. í 5000 kr. Ég get fært ósköp hliðstæð rök að því og fyrir till. minni um bókasafn Vestmannaeyja. Allir stærstu kaupstaðir landsins hafa hærra framlag en Vestmannaeyjar. Akureyri hefur 15 þús. kr., Hafnarfjörður hefur 5 þús. Ég get ekki fallizt á, að sanngjarnt sé að veita minna en 5 þús. kr. til leikfélagsins í Vestmannaeyjum.

Síðasta brtt., sem ég flyt á þskj. 277, er merkt með XIII. Hún er við brtt. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 242. Þar gerir meiri hl. fjvn. það að sinni till., að ¾ hlutar af hitakostnaði húsmæðraskóla og héraðsskóla í sveitum, þar sem ekki er jarðhiti, verði greiddur úr ríkissjóði. Ég fæ ekki komið auga á, að héraðsskólar í sveitum og kvennaskólar þurfi í þessum efnum að hafa nokkra sérstöðu frá almennu skólahaldi í landinu. Ef til vill hefur hæstv. fjvn. lítið svo á, að það þyrfti að hita upp meyjarnar í húsmæðraskólum eða kvennaskólum alveg sérstaklega, og kann hún að hafa eitthvað fyrir sér í því. Ég hef ekki trú á því, að þetta séu neitt

kaldari skólar en almennt gerist, og legg til, að þessi liður verði gerður almennur, þannig að greiddir verði úr ríkissjóði ¾ hlutar kostnaðar við kyndingu allra þeirra ríkisskóla, sem ekki búa við jarðhita.

Ég læt þá útrætt um þessar brtt. að sinni, nema frekara tilefni gefist.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég ætla í stuttu máli að gera grein fyrir fáeinum smátill., sem ég er með.

Ég verð nú að taka undir það, sem hv. 9. landsk. sagði, að það er einkennileg till. hjá hv. fjvn. að binda þennan upphitunarstyrk við kvennaskóla og húsmæðraskóla og aðeins í sveitum, en það megi ekki ná til sjávarplássa. Ég verð að játa það, að ég hef nú satt að segja ekki tekið eftir þessari spaugilegu till. eða því spaugilega við hana, fyrr en hv. 9. landsk. minntist á það, en það er vissulega þörf á að létta undir hitakostnaðinum á öðrum skólum en bara húsmæðraskólum og kvennaskólum. Ég sé ekki annað en það sé full sanngirni í því, ef það þykir þörf á að létta undir þessum hitakostnaði, sem ég vil engan veginn vefengja, að það nái þá, eins og hv. þm. lýsti, til allra ríkisskóla, sem ekki búa við jarðhita, og ég mun fyrir mitt leyti eftir megni styðja framgang þeirrar till.

Ég hef leyft mér á þskj. 280 að bera fram brtt. undir lið I., ofur litla, varðandi löggæzluna í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni. Það búa einstöku veiðistöðvar við það að fá styrk til löggæzlu, t. d. Siglufjörður og fleiri staðir, *en málaleitunum minum — og ekki reyndar* minum eingöngu, heldur bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og hæstv. dómsmrh., sem segist hafa stutt að því eða mælt með, að Vestmannaeyjar nytu einhvers í þessu skyni — hefur enn ekki verið sinnt, en það er, held ég, alveg misskilningur, að ríkið taki ekki neinn þátt þar í slíkum kostnaði. Þessi löggæzlukostnaður þess opinbera er vitanlega miðaður við það, að þau pláss, sem hans njóta, fá á stuttum tíma eða yfir vissan tíma ársins óvenjumikið aðstreymi af aðkomufólki, þannig að öll venjuleg löggæzla, sem varðar heimafólk, fer úr skorðum við þann mikla aðflutning, og þar sem aðflutningurinn stendur allajafna í sambandi við atvinnuleit fólksins, þá þykir ekki nema sanngjarnt, að hið opinbera taki að sér að einhverju leyti að standa straum af löggæzlunni á þessu tímabili.

Í Vestmannaeyjum er það svo, að þangað leita á hverri vertíð um 2000 aðkomumenn. Fólkið, sem fyrir er, er í kringum 4000 manns, þar með talin börn og gamalmenni, þannig að þessi 2000, sem við bætast af sjómönnum og verkamönnum, þurfa vitaskuld tiltölulega meiri löggæzlu heldur en a. m. k. gamalmenni og börn, sem heima fyrir eru að jafnaði. Það eru sex lögregluþjónar á föstum launum bæjarins á þessum stað, og það er ekki nema sanngjörn krafa, að eyjarnar fái til löggæzlu einhvern hluta eins og önnur pláss og gjaldi þess ekki, þó að það sé stór veiðistöð og þangað sæki margir að. En mér hefur heyrzt í viðtali við suma í hv. fjvn., að þetta mætti helzt ekki renna til nema hinna óbjörgulegri eða vesælli staða. Það tel ég ómaklegt. Það kostar um 5000 kr. á mánuði fyrir hvern einstakan lögreglumann, og aðkomulögreglumenn eru taldir eiga rétt á að fá frítt uppihald fyrir tveggja eða þriggja mánaða dvöl, og þessar 30 þús. kr., sem ég fer fram á að löggæzlan sé hækkuð um, eiga að standa undir kaupi tveggja lögreglumanna, sem maður hugsar sér að kæmu annars staðar frá á vetrarvertíðinni. Ég er eiginlega leiður yfir því að þurfa að vera að bera fram í sameinuðu Alþ. brtt. út af svona vesælli upphæð, þegar það eru fordæmi — og fleiri en eitt — fyrir því í fjárl., að atvinnupláss svipuð og Vestmannaeyjar, þó ekki kannske í eins stórum stíl, hafa fengið þetta nú þegar.

Svo hafði ég hér erindi frá bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem hefur verið talsvert um rætt milli stjórnarvalda. Það er um það að koma upp heilsuverndarstöð í bænum í sambandi við sjúkrahúsið. Húsnæði sjúkrahússins er hvergi nærri fullnægjandi til sjúkrahúsrekstrarins eins samans, og þess vegna er ekki hægt að reka þar það, sem kallað er heilsuvernd. En svo vill til, að stórhýsi nokkurt stendur ekki alllangt frá sjúkrahúsinu og er að beztu manna yfirsýn vel til þess fallið að hafa þar heilsuverndarstöð. Eftir að bæjarstjórn hafði ákveðið að kaupa þetta hús sem heilsuverndarstöð, með því skilyrði, að ríkissjóður legði fram tilskilinn hluta, sem er álitinn vera ⅔ af andvirðinu, þá var þetta borið undir og leitað til hæstv. fyrrv. heilbrmrh., sem gaf út bréf um það, að hans ráðuneyti lofaði, að fyrir þessu skyldi verða greitt á réttan hátt samkv. lögum, þannig að bærinn gæti komið þarna upp þessari heilsuverndarstöð á grundvelli laga um sjúkrahús, en loforð hæstv. ráðh. var að vísu bundið því skilyrði, að fjárveitingavaldið legði fé til þess, sem hér um ræðir.

Nú tók ég eftir því í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn., að hann gat um það, að þetta erindi hefði til þeirra komið, og vænti ég þá þess, að á það hafi verið litið með vinsemd, þótt hv. n. hafi ekki beinlínis flutt um það till. En til þess að lyfta undir málið hef ég leyft mér að flytja brtt. við þann lið, 12. gr. IX, um læknisbústaði og sjúkrahús, að aftan við liðinn bætist athugasemd, eins og þar segir, að þessi upphæð, sem er um 150 þús. kr. eða ⅔ af kaupverði eignarinnar, verði goldin af því fé, sem lagt er til sjúkrahúsa.

Um leið vil ég styðja mál hv. þm. A-Húnv. um það, að aukin sé upphæð sú, sem ætluð er til byggingar sjúkrahúsa og var ákaflega lítil í frv., eins og það var upphaflega. Hv. fjvn. hefur að vísu gert þar á nokkra bragarbót, en ég held, að hv. þm. A-Húnv. hafi farið þar með fyllilega rétt mál, þar sem hann segir, að þessi upphæð nægi alls ekki til þess að fleyta fram þeim sjúkrahúsbyggingum og öðru fleiru, sem hann taldi upp og er á döfinni, og það beri nauðsyn til þess að hækka hana nokkuð.

Hv. 9. landsk. minntist á tillag til leikfélags Vestmannaeyja. Ég er fyllilega samþykkur honum í því, og ég var raunar búinn að fara fram á það við hv. fjvn., að hún líti í þá áttina. Þar er nú um svo lítlar upphæðir að ræða, að það er varla sanngjarnt að drepa því á dreif sem gert er úti um landið, hvort heldur það er í sveitum

eða í kaupstöðum, til þess að halda uppi hollri leiklist. Ég hef oft fyrr talað um þau mál og borið fram tillögu um að styðja að slíkum skemmtunum alls staðar á landinu, þó að árangur hafi nú orðið lítill. Ég vil því mæla með þeirri till., sem hv. þm. var í því efni að lýsa.

Þá hef ég á sama þskj., sem ég minntist á, 280, undir V, farið fram á það, að tónlistarskóli Vestmannaeyja fengi aukið framlag um 5000 kr. Honum eru ætlaðar 10 þús. kr. í fjárlfrv., en bæjarsjóður leggur honum til 15 þús. kr., og mér finnst ekki sanngjarnt að neita um að leggja helming á móti bænum til slíkrar listaeflingar sem tónlistin er. Yfir höfuð um það, sem verða má fólkinu til uppbyggingar og menntunar, eins og tónlist og leiklist og því um líkt, á hv. Alþ. ekki að nema framlög of mjög við neglur sér, en það er því miður landlægt hér á Alþ. að gera það, nema þegar um höfuðstaðinn er að ræða. Þá má taka hvaða skuldabagga sem er á ríkið og landsfólkið til þess. En fólkið úti um kaupstaðina og úti um sveitirnar þarf líka að halda uppi sinni mennt, og það er nóg af óheillaöflum og nóg af snörum og nóg af gildrum — við heyrum það bara í útvarpinu hvern dag — af skemmtanagildrum, sem eru lagðar fyrir fólkið víðs vegar um land, þó að við sýnum viðleitni í því að verðlauna svo eða styrkja hollar iðkanir skemmtana og lista, að þeir, sem fórna sér til að halda þeim uppi í hvaða byggðarlagi sem er, endist til þess. Í þessum efnum finnst mér að oft hafi ríkt hér og ríki enn helzt til mikil skammsýni, um leið og ríkið gerir sér margs konar skemmtanir, sem ekki eru eins hollar fólkinu og að horfa á leik eða hlusta á tónlist, svo að segja að tekjulind, a. m. k. gerir útvarpið það með þeim söng, sem þar gengur alltaf um slíkar skemmtanir víðs vegar á landi hér.

Ég skal svo ekki þreyta menn á lengri ræðu um þessi mál. Það er satt, sem hv. 9. landsk. sagði, þegar hann minntist á hafnarmál Vestmannaeyinga, að það er ósanngjarnt, — þó að ég hafi orðið að þola það langan tíma, — hvað lítið er lagt fram til hafnarinnar í Vestmannaeyjum. Og þó að mér sé sagt og ég viti það, að hv. fjvn. hafi nú við afgreiðslu þessa frv., eins og raunar hv. fyrrverandi fjvn. gerði í fyrra, gert fyrir mín tilmæli lítils háttar bragarbót á tillögum hv. vitamálastjóra hvað Vestmannaeyjar áhrærir, þá er það sannarlega of mjög numið við neglur sér að ætla í þennan stað, þar sem allir vélbátar landsmanna virðast nú vilja vera, ef pláss væri til, einar 250 þús. kr. til hafnarinnar. Ég fór fram á við hv. fjvn. mjög hóflega upphæð. Það var sama upphæð og bæjarstjórn Vestmannaeyja hafði nefnt við mig, 300 þús. kr., og það fékk ekki byr þar í bili. Ég vildi ekki við þessa umr. vera að bera fram till., fyrr en þrautreynt væri, hvað hægt væri að fá með samningum við hv. n. Nú hefur hv. 9. landsk. borið fram brtt., sem er stórtækari, og ef með sanngirni væri litið á þessi mál og eitthvað miðað við það, hvað afköstin eru og hvað framleitt er á hverjum stað, þá er fjarri því, að slík till. sé úr lausu lofti gripin.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég ætla að reyna að treysta á hurðir Flosa milli umr. um þau mál, sem ég er ekki ánægður með, og mun að öðru leyti greiða atkv. með þeim brtt., sem snerta þetta frv., eftir því sem mér finnst sanngjarnt og rétt í hverju tilfelli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 281, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. fjvn. fyrir þá afgreiðslu, sem þau erindi hafa hlotið, sem ég hef beint til n. Að sönnu vantar mikið á, að allar þær óskir, sem ég bar fram, hafi verið teknar til greina, en ég skil afar vel þann vanda, sem fjvn. á við að etja að velja eða hafna úr þeim fjölda erinda, sem henni berast, og reyna að veita öllum úrlausn, eftir því sem fært er og efni standa til.

Ég hef leyft mér, ásamt hv. 1. þm. Árn. að bera fram eina brtt., sem ég vildi með fáum orðum gera grein fyrir. Þessi brtt. er prentuð á þskj. 277,VIII og er þess efnis að veita Þorleifi Jónssyni fyrrverandi alþm. í heiðurslaun og vegna ritstarfa 20 þús. kr.

Það er í minnum haft og oft til þess vitnað, hvað kosningar til Alþingis, sem fóru fram árið 1908, voru sóttar af miklu kappi. Þá urðu kosningaúrslit í Austur-Skaftafellssýslu ýmsum mönnum nokkuð óvænt. Í kjöri voru tveir keppinautar. Annar þeirra var þaulreyndur þingskörungur, Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður, en hinn keppinauturinn var bóndi, greindur, en hóglátur bóndi, sem bjó í héraðinu og var þá á miðjum aldri. Kosningaúrslitin urðu þau, að bóndinn hlaut kosningu með ⅔ atkvæða, en sýslumaðurinn hlaut ⅓ atkvæða. Þessi úrslit munu hafa fallið á þennan veg vegna þess, að Austur-Skaftfellingar voru skeleggir í baráttunni við Dani í sjálfstæðismálinu, og í annan stað vegna þess, að þeir, sem þekktu bóndann, sem í kjöri var, treystu honum vel til fulltingis og um forsjá mála. Þessi bóndi var Þorleifur Jónsson í Hólum. Eftir að hann náði kosningu 1908, sat hann hér á löggjafarþinginu samfleytt fullan aldarfjórðung eða til ársins 1933, er hann lét af þingmennsku og gaf engan kost á því sjálfur að fara í framboð, þegar kosið var eftir stjórnarskrárbreytingu, sem þá kom til framkvæmda.

Á þessum langa og gifturíka þingferli var ekki aðeins, að Þorleifur í Hólum ynni mörg góð verk fyrir sitt kjördæmi, sem fól honum þann trúnað að sitja hér, heldur naut hann mikils trúnaðar og virðingar meðal þingmanna. Hann var t. d. fyrri varaforseti Alþingis á Alþingishátíðinni 1930 og sat þar í forsetastóli á Lögbergi, meðan aðalforsetinn flutti ræðu sína við þá veglegu athöfn.

Þorleifur Jónsson var orðinn um sjötugt, þegar hann lét af þingmennsku, og eftir það hélt hann áfram félagsmálastörfum heima í héraði, eftir því sem hann taldi sig hafa tök á, en eftir því sem árin hafa liðið og aldur færzt æ meira yfir þennan mann, þá hefur hann af eðlilegum ástæðum tekið sér hvíld frá umsvifum félagsmála og hefur nú fyrir nokkru afsalað sér öllum þeim störfum, sem hann gegndi í almanna-

þágu heima í héraði. En hann vildi ekki eyða ævikvöldi sínu iðjulaus, því að eftir því sem hann slakaði til við félagsmálastörfin, þá tók hann að stunda ritstörf. Fyrir fáum árum kom út bók eftir Þorleif í Hólum, verzlunarsaga fyrir Skaftafellssýslu. Það er að sönnu ekki mjög stór bók, en þó merk á því sviði, sem hún fjallar um. Og nú er í undirbúningi að hefja prentun á öðru riti, mun stærra riti, sem væntanlega mun koma út á næsta ári. Þetta rit mun fjalla um minningar hans, og inn í það er fléttað mjög mörgum atburðum úr Skaftafellssýslu og atburðum, sem snerta sögu landsins í heild á þessum tíma, sem um er fjallað. Vænti ég þess og tel raunar víst, að þetta rit verði mikill fengur, eigi aðeins fyrir Skaftfellinga, heldur jafnframt fyrir sögu landsins. Hann hefur valið sér þessi viðfangsefni m. a. vegna þess, hve honum er saga landsins kær, hann hefur með þessu eins og öðrum störfum sínum sýnt það, að „*hólminn á starf hans, líf hans og mátt*".

Það hefur verið tekinn upp sá háttur að undanförnu að veita einstökum mönnum, sem lengi hafa átt setu á Alþ., nokkra viðurkenningu. T. d. hefur Benedikt Sveinsson fyrrverandi forseti, sem lengi var samstarfsmaður Þorleifs í Hólum hér á þingi, notið launa um nokkur ár samkv. 18. gr. fjárlaga. Og nokkur undanfarin ár hefur Páll Hermannsson fyrrverandi alþm. haft nokkurn styrk til ritstarfa samkv. 15. gr. fjárlaga. Þorleifur Jónsson hefur fram að þessu engin eftirlaun fengið umfram það, sem hver almennur borgari fær frá Tryggingastofnun ríkisins, og því hefur aldrei verið hreyft, svo að ég viti til, að honum yrði veitt nokkur viðurkenning af hálfu þessarar stofnunar. Það er alls kostar fjarri Þorleifi sjálfum að eiga nokkurn hlut að því að afla fjármuna eða sérstakrar viðurkenningar sjálfum honum til handa, og ég og aðrir, sem hér höfum starfað, höfum sannast sagna látið þetta undir höfuð leggjast á undanförnum þingum.

Nú liggur það fyrir, að næsta sumar á Þorleifur í Hólum níræðisafmæli, ef honum endist aldur til þess, sem við skulum vona, og þá fer það saman, að það er einmitt keppt að því, að fyrir níræðisafmælið verði komin á prent bókin, sem ég var að lýsa áðan og verður aðalritverk Þorleifs og að sjálfsögðu það verk, sem hann af eðlilegum ástæðum fyrir aldurs sakir skilar síðast, — að sjálfsögðu verður þetta síðasta verkið, sem honum auðnast að leysa af hendi í almannaþágu. Fyrir þessar sakir er það, að ég ásamt hv. 1. þm. Árn. hef leyft mér að bera fram þessa till., sem prentuð er á þskj. 277.

Það má með sanni segja, að þessi till. sé fram borin á elleftu stundu, þar sem hér er um mann að ræða, sem er nú brátt að ná níræðisaldri. Þessi till. er orðuð þannig, að þeir fjármunir, sem hér ræðir um, verði greiddir Þorleifi Jónssyni sem heiðurslaun og vegna ritstarfa. Það er ekki til ritstarfa, því að þess er ekki að vænta, að manni, sem nú fer að byrja tíunda áratuginn, endist þrek til þess að halda áfram ritstörfum. En þetta er orðað svona, „vegna ritstarfa", einmitt til þess að vekja athygli á því, hvaða verk hann hefur unnið á þessu sviði, án þess að hann eða nokkur fyrir hans hönd hafi farið fram á, að hann fengi greiðslu til þess fyrir fram. En okkur flm. þessarar till. virðist, að þó að fram hjá því hafi verið gengið að veita honum nokkra greiðslu fyrir fram, þá sé það alls kostar eðlilegt, að Alþ. fyrir sitt leyti meti þessi störf eigi síður fyrir það, taki nú eftir því, sem hann hefur af hendi leyst, og veiti honum þessa viðurkenningu eftir á, sem farið er fram á með þessari till.

Í frv., sem nú liggur fyrir um þingfararkaup alþingismanna, er gert ráð fyrir því, að þeir fyrrverandi alþm., sem setið hafa á þingi 10 ár samfleytt eða lengur, eigi hér eftir að njóta nokkurs lífeyris, samanborið við það, sem embættismenn ríkisins hafa notið nú að undanförnu. Ef þetta frv. verður að lögum, sem líkur benda til, þá mundi Þorleifur í Hólum að sjálfsögðu koma til greina með nokkurn lífeyri í samræmi við það ákvæði. Það kynni einhver að vilja segja, að það sé að ófyrirsynju að bera nú fram þessa sérstöku till., sem hér liggur fyrir, þar sem í undirbúningi sé að koma málum í það horf, sem ég hef lýst og frv. greinir. En mér virðist og okkur flm., að þessi till. eigi fullan rétt á sér þrátt fyrir það frv., sem nú er hér á ferðinni. Að sönnu er gert ráð fyrir því í frv., að ef aðili hefur lífeyri annars staðar að, þá komi sá lífeyrir til frádráttar því, sem gert er ráð fyrir að greiða fyrrverandi alþingismönnum. Ég geri því ráð fyrir því, að framkvæmdin á þessu yrði þannig, að þótt till. okkar hv. 1. þm. Árn. yrði samþ., þá yrði sú fjárhæð, 20 þús. kr., í raun og veru ekki ný útgjöld fyrir ríkið að öllu leyti. En bæði er, að þessi fjárhæð, sem við förum fram á, er nokkru hærri en lífeyririnn mundi verða samkv. frv., sem á döfinni er, og á hinn bóginn leggjum við áherzlu á það, að það sé ekki sama, í hvaða formi þessi greiðsla er veitt, ekki sama, hvort hún kemur sem lífeyrir, sem sjálfsagt er að aðili fái samkv. lögum, eða hvort hún kemur frá Alþ. á þann hátt, sem farið er fram á í till. okkar, sem sérstök viðurkenning fyrir unnin störf.

Við flm. till. stefnum að því, að með samþykkt hennar sé unnið þetta þrennt, að Alþ. láti ekki fram hjá sér fara þau störf, sem þessi maður, sem hér á hlut að máli, hefur innt af hendi nú á kvöldi ævi sinnar, eftir að hann varð fyrir aldurs sakir að draga sig í hlé frá umsvifum félagsmála; í annan stað sé þessi fjárhæð veitt eins og afmælisgjöf frá Alþingi á 90 ára afmæli þessa aðila, þar sem við viljum vona, að honum endist ævi svo lengi og geti notið þeirrar gleði, sem hann mun þá eiga kost á á þeim afmælisdegi; og í þriðja lagi sé þessi fjárhæð veitt sem sérstakur vottur virðingar og þakklætis af hálfu Alþingis fyrir fjölþætt og vel unnin störf. Ég vænti þess, að hv. alþingismenn fallist á þetta sjónarmið okkar flm. till. og stuðli að því með atkv. sínu, að till. verði samþ.

Ég skal taka fram að lokum, að hv. fjvn. hefur ekki átt þess kost að fjalla um þessa till., en ég fyrir mitt leyti vildi ekki standa því í gegn, að hv. fjvn. gæti fjallað um þetta mál á milli umræðna, ef n. út af fyrir sig teldi það nokkru

skipta, og þó að við höfum borið þessa till. fram nú, þá er okkur það ljóst, að hv. fjvn. mun eiga ófjallað um eftirlaunagreinina í fjárlögunum.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. á þskj. 280.

Hin fyrri þeirra er um, að teknar verði upp fjárveitingar til þriggja ferjubryggja við Ísafjarðardjúp. Hv. þingmönnum kann nú að virðast við fyrstu sýn sem það sé nokkuð einkennilegt að fara fram á, að hafnarmannvirki séu reist á einstökum sveitabæjum. Ég hef áður skýrt frá því hér á hv. Alþ., hvernig á því stendur, að þörf er slíkra mannvirkja við Djúp. En þar hagar þannig til, að meginhluti sveitahéraðsins verður að byggja samgöngur sínar eingöngu á samgöngum á sjó. Þessar ferjubryggjur eru þess vegna byggðar til þess að bæta aðstöðu Djúpbátsins, sem ferðirnar annast, annars vegar og hins vegar bændanna, sem flytja afurðir sínar frá búum sínum að viðkomustöðum bátsins. Á nokkrum stöðum hafa verið byggðar slíkar bryggjur, og hér er farið fram á það, að bætt verði við einum stað, þ. e. a. s. á Laugabóli í Ísafirði, og til þess veittar 40 þús. kr. Enn fremur er lagt til í brtt., að veittar verði 20 þús. kr. til ferjubryggju í Skálavík. Á síðasta Alþ. voru veittar 10 þús. kr. til ferjubryggju á þessum stað. En við nánari rannsókn á lendingarskilyrðum þar er talið nauðsynlegt að fá nokkru hærri fjárveitingu til hafnarmannvirkis þar. Þess vegna hef ég flutt þessa brtt. Um þriðja staðinn, Reykjanes, þar sem stendur héraðsskóli, er það að segja, að þar er mjög myndarleg ferjubryggja, en á henni hafa orðið nokkrar skemmdir, þannig að brýna nauðsyn ber til þess að endurbæta hana.

Ég veit, að hv. þm. hafa fullan skilning á þörf þessara staða, sem ekki eru í vegasambandi þannig, að þeir geti flutt afurðir sínar landleiðis, til þess að fá þessar samgöngubætur, sem þessar fjárveitingar eru ætlaðar til.

Önnur brtt., sem ég flyt, er VII. liður á þskj. 280. Ég flyt hana ásamt hv. 5. landsk. þm., hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Eyf. Hún er við 22. gr. um það að heimila ríkisstj. að greiða Jóni Björnssyni ríthöfundi 25 þús. kr. styrk vegna húsbyggingar. Það er alkunna, að Alþ. hefur oft á undanförnum áratugum veitt listamönnum styrki til þess að byggja yfir sig og þá fyrst og fremst myndlistarmönnum, listmálurum og myndhöggvurum. Þegar ég ásamt nokkrum hv. þm. flutti svipaða till. og þessa á síðasta þingi, var því haldið fram, að ekkert fordæmi væri fyrir því, að ríthöfundum væri veittur slíkur húsbyggingarstyrkur, og till. náði m. a. af þeim sökum ekki fram að ganga. Ég hef nú rannsakað það, að fyrir því eru fordæmi, að ríthöfundum hafi verið veittur styrkur til húsbygginga. Það er þess vegna gersamlega ástæðulaust að snúast gegn því, að þessum ágæta ríthöfundi, Jóni Björnssyni, verði veittur lítilfjörlegur styrkur til þess að koma upp yfir sig sómasamlegu húsnæði. En húsnæði hans nú er þannig, að hann býr í hriplekum bragga hér inni við Suðurlandsbraut, og allir þeir, sem þekkja þau húsakynni og hafa komið þangað, vita það, að það eru gersamlega óviðunandi skilyrði til þess að vinna í, hvort sem er fyrir mann, sem vinnur andlega vinnu eins og ritstörf, eða við önnur störf. Mér er sem ég sæi þann iðnaðarmann, sem hafa ætti verkstæði sitt í slíku húsi. Ég held, að það væri mjög vel farið, ef hv. Alþ. sýndi þessum merka ríthöfundi, skáldsagnahöfundi og leikritaskáldi þann skilning og mæti það mikið starf hans, að það samþ. þennan lítilfjörlega styrk, sem ég ásamt þremur hv. öðrum þm. hef lagt til að honum yrði greiddur.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þeim upplýsingum fengnum, að það eru fordæmi fyrir því, að ríthöfundum séu veittir byggingarstyrkir, þá verði þessi brtt. okkar samþykkt.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar brtt. við frv. til fjárl. fyrir árið 1954 og við brtt. fjvn. á þskj. 240.

Fyrsta brtt. er við brtt. á þskj. 240 frá fjvn., um Siglufjarðarveg, framlag til vegarins hækkað úr 205 þús. upp í 250 þús. kr. Þess er mikil þörf, að vegargerð þessari ljúki sem allra fyrst. Vegurinn frá Hofsós til Haganesvíkur er að miklu leyti aðeins ruddur vegur. Sumir kaflar vegarins eru algerlega óforsvaranlegir, og hann er talinn í mörgum tilfellum jafnvel verri en Skarðsvegurinn, og er þá langt gengið, en Siglufjarðarskarðsvegur svo kallaður er talinn einn versti fjallvegur á Íslandi, enda aldrei við hann lokið, t. d. hefur vegurinn aldrei verið malborinn. Á Skarðsveginum eru stórhættulegir kaflar, sem hin mesta þörf væri á að væri bætt úr nú þegar á sumri komandi. Ég bendi á þennan veg alveg sérstaklega sem táknrænt dæmi þess, hvernig vegir eiga ekki að vera og hvernig heilum byggðarlögum er misboðið fyrir trassaskap og skilningsleysi ríkisvalds og þeirra aðila og fulltrúa ríkisvaldsins, sem með þessi mál fara. Þess er hin mesta þörf bæði fyrir íbúa Siglufjarðar svo og fyrir íbúa Austur-Skagafjarðarsýslu, að sem allra fyrst verði bætt úr því ófremdarástandi, sem ríkir í vegamálum þessara héraða, enda hefur vegamálastjóri talið hina mestu þörf á því, að lokið verði við Siglufjarðarveginn, þ. e. veginn frá Hofsós til Haganesvíkur, á sem allra stytztum tíma. Því hef ég leyft mér að flytja áður nefnda till. um, að á fjárl. fyrir 1954 verði til þessa vegar varið 250 þús. í stað 205 þús.

Þá hef ég leyft mér að flytja hækkunartill. við brtt. fjvn. við 13. gr. C. VIII., að fjárveiting til Siglufjarðarhafnar hækki úr 200 þús. kr. upp í 300 þús. kr., og er það í samræmi við till. frá hafnarnefnd Siglufjarðarkaupstaðar. Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja þessa hækkunartill. sérstaklega, en leyfi mér þó að benda á, að Siglufjarðarhöfn er af náttúrunnar hendi ein öruggasta höfn landsins. Meðan síldveiðarnar voru í blóma sínum, var til hafnar í Siglufirði geysilega mikil sigling. Vegna vöntunar á bryggjuplássi og til að gera innri höfnina að öruggu athafnasvæði var í það ráðizt af hafnarn. Siglufjarðar fyrir nokkrum árum að byggja hafnargarð inni á svo kölluðum Leirum. Síðan

átti að moka upp úr höfninni og dæla uppmokstrinum inn fyrir garðinn. Vegna hins mikla aflabrests á síldveiðum 9 ár hafa tekjur hafnarinnar stórlega rýrnað. Er nú svo komið, að þau mannvirki, sem þarna eru í byggingu, eru í stórhættu, ef ekki tekst að afla fjár til áframhaldandi framkvæmda, m. a. til þess að tryggja, að þau mannvirki, sem þar eru í byggingu, verði varin fyrir eyðileggingu. Ég veit, að hv. vitamálastjóra er mjög kunnugt um þessi mál, enda hefur hann átt viðræður um það við fjvn.

Þá flyt ég till. um nýjan lið við sömu gr., til sjóvarnargarðs norðan Siglufjarðareyrar. Mér kom það satt að segja algerlega á óvart, að hv. fjvn. ásamt hv. vegamálastjóra skyldi ekki sjá sér fært að leggja til, að veitt yrði fjárveiting til þessara framkvæmda. Benda má á, að síldarverksmiðjur ríkisins og allar eigur þeirra, sem eru byggðar neðarlega og norðarlega á eyrinni, eru í stórhættu, ef ekkert verður að gert, vegna ágangs sjávar. Ég fullyrði það af kunnugleik mínum á staðháttum þarna, að ef ekki verður horfið að því ráði að byggja þennan garð upp aftur, sem núna er að mestu brotinn niður, vofir þarna yfir eigum ríkissjóðs, sem eru mjög miklar, beinlínis gereyðingarhætta, að ég nú ekki tali um hús einstaklinga, sem á eyrinni eru og eru líka í yfirvofandi hættu. Það er ekki lengra síðan en tvö ár, að þarna varð mjög mikið flóð og eigur manna á neðri hæðum húsanna eyðilögðust að meira eða minna leyti, og mun sú eyðilegging, sem þar varð, hafa skipt jafnvel mörgum tugum þúsunda eða jafnvel meiri upphæðum. Ég hef leyft mér að benda á þessa staðreynd, ef ske kynni, að þeir aðilar, sem fara með fjármál okkar ríkis — og í þessu tilfelli fjvn. og hæstv. fjmrh. — vildu taka þetta mál til velviljaðrar athugunar. Ég hef flutt þessa till. nú við þessa umr. fjárl., en mun samt draga hana til baka til 3. umr., svo að hv. fjvn. og öðrum, sem um þessi mál fjalla, gefist tækifæri til þess að athuga þetta mál nánar og ef þeir kæra sig um að leita upplýsinga um það frá öðrum aðilum en mér.

Þá hef ég leyft mér að flytja nokkrar smærri brtt. Eru flestar þeirra til samræmis við það, sem aðrir bæir hafa fengið til hliðstæðra menningarstofnana. Get ég ekki skilið þá stefnu undanfarinna þinga að gera upp á milli staða. Mér dettur í hug sagan um óhreinu börnin hennar Evu. Þessar hækkunartill. eru við 15. gr.

Það er í fyrsta lagi til bókasafns Siglufjarðar, að í stað 6250 kr. komi 10 þús. kr. Er það sama upphæð og veitt er til bókasafnanna á Seyðisfirði og í Stykkishólmi. Þá er till. um fjárveitingu til leikfélags Siglufjarðar, 3 þús. kr. Er þar aðallega um orðalagsbreytingu að ræða, þannig að það sé glöggt, hvað átt sé við með þessari fjárveitingu, hvaða aðili á að fá hana, og til viðbótar því hef ég leyft mér að flytja till. um það, að inn komi nýr liður, til leikstarfsemi stúkunnar Framsókn, Siglufirði. Á Siglufirði starfa bæði þessi félög ötullega að leikstarfsemi. Ég sé enga ástæðu til að gera upp á milli þessara ágætu félaga og mæli eindregið með því, að þeim verði veittur þessi lítilfjörlegi styrkur, 3 þús. kr. til hvors.

Þá er brtt. við sömu gr. um tónlistarskóla Siglufjarðar. Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að veittar séu 10 þús. kr. Ég legg til, að þar komi 20 þús. kr. Karlakórinn Vísir, sem er stofnandi að tónlistarskólanum, er talinn mjög góður karlakór, með elztu og beztu karlakórum landsins, og hefur notið ágætrar stjórnarforustu hins þekkta söngstjóra Þormóðs Eyjólfssonar, um mörg undanfarin ár. Vísir hefur starfrækt tónlistarskóla nú að undanförnu, hefur notið fjárhagslegrar aðstoðar frá ríki og bæ, samtals 20 þús. kr. Skólagjaldi er mjög stillt í hóf. Skólinn hefur verið svo heppinn að fá ungan og efnilegan kennara, sem sýnt hefur alveg sérstakan dugnað og hæfni í starfi. Það er von allra hljómlistarunnenda Siglufjarðar, að skólinn geti haldið áfram, að hann fái að njóta starfskrafta hins unga og efnilega listamanns.

Þá flyt ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. hækkunartill. við 16. gr. A. 21. c., um skógræktarfélög, að í staðinn fyrir 250 þús. kr. komi 400 þús. kr., og við 21. d., skóggræðsla, að í staðinn fyrir 900 þús. komi 1 millj. og 200 þús. kr. Það er fjölmörgum landsmönnum hið mesta áhugamál, að aukin verði skógrækt til stórra muna frá því, sem nú er. Það má fullyrða, að við enga starfrækslu sé unnið eins mikið í sjálfboðaliðsvinnu og við gróðursetningu trjáplantna. Hundruð og þúsundir manna leggja þar hönd að verki án nokkurs endurgjalds, og er það vel. Sýnir þessi vaxandi áhugi landsmanna á skógrækt, að fólk hefur trú á málefninu. Það, sem hefur torveldað skógræktarstarfsemina, er m. a. hvað trjáplönturnar eru dýrar. Ýmis félagssamtök, m. a. ýmis hinna mörgu átthagasambanda, sem eru jafnvel mörg í hverju bæjarfélagi, hafa tekið sér skógrækt til tómstundavinnu, en hafa mjög takmörkuð fjárráð. Það mundi stórauka þessa starfsemi, ef hægt væri að auka fjárframlög til skógræktarfélaganna og til skóggræðslu. Og jafnhliða því væri hægt að láta sér detta í hug, að einmitt verði á plöntunum yrði frekar stillt í hóf en nú er.

Þá hef ég að lokum leyft mér að flytja nýjan lið við 22. gr. fjárl., sem er heimildagreinin. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr., sem verði varið til aðstoðar og uppbyggingar atvinnuveganna í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem harðast hafa orðið úti vegna síldarleysis undanfarinna 9 ára.“

Ég þykist vita, að öllum þorra hv. alþm. sé að nokkru kunnugt um það mikla tjón, sem íbúar bæja og sjávarþorpa á Norðurlandi hafa orðið fyrir í sambandi við síldarleysi undanfarin ár. Síldveiðarnar voru orðnar einn aðalatvinnuvegur fjölda fólks um allt Norðurland. Þegar svo þessi aðalatvinnuvegur bregzt svo gersamlega sem raun ber vitni um, má nærri geta, hvernig atvinnuástand þessa fólks muni hafa orðið. Það er rétt að benda á, að meðan allt lék í lyndi með síldina, lögðust þorskveiðarnar að nokkru leyti niður, því miður. Fyrir 20—30 árum voru þorskveiðar stundaðar af miklu kappi frá Norðurlandi með góðum árangri. T. d. voru þá gerðir út frá Hrísey við Eyjafjörð yfir 20 dekkbátar. Nú er gerður út þaðan aðeins einn lítill

dekkbátur. Frá Dalvík voru þá á sama tíma gerðir út 15—20 dekkbátar. Nú munu þaðan gerð út 5—6 fiskiskip og einn dekkbátur. Líka sögu má segja frá Ólafsfirði. Frá Siglufirði voru gerðir út á þessum árum 20—30 stærri og minni bátar, og oft á vorin í fiskhlaupum komst þessi tala upp í 70—80 skip og smærri báta, því að þá komu bátarnir víðs vegar að og lögðu afla sinn upp á Siglufirði. Það má enn fremur benda á, að á þessum árum og fyrr, fyrir og um aldamót, voru hákarlaveiðar stundaðar af fullum krafti frá Siglufirði og Akureyri. Þessi atvinnuvegur hefur gersamlega lagzt niður. Síldin villti mönnum sýn, enda gaf hún mikla peninga til fólksins, sem vann í landi, og sjómönnum á veiðiskipunum sæmilegar tekjur og bæjunum og sjávarþorpunum góðar tekjur í bæjarkassana og síðast en ekki sízt kaupmönnunum, sem verzluðu með síldina. Þá hafði og ríkissjóður geysilegar tekjur í sambandi við síldveiðarnar.

Um nokkurra ára bil var flutt út frá Siglufirði meira vörumagn að verðmæti en frá nokkrum öðrum stað á landinu, miðað við fólksfjölda. Svo kom hrunið. Síldin hætti að veiðast. Fólkið í bæjum og sjávarþorpum stóð allslaust uppi án viðunandi framleiðslutækja. Allar lánsstofnanir voru gersamlega lokaðar. Engin lánsstofnun fékkst til að veita lán efnalausum sjómönnum eða verkamönnum til kaupa á fiskiskipum. Vonleysið tók að grafa um sig. Hvert aflaleysisárið á eftir öðru skall yfir íbúa þessara staða með öllum sínum vonbrigðum og hörmungum. Nú er svo komið, að fjöldi af dugandi fólki hefur neyðzt til að yfirgefa heimili sín og flytja til annarra staða. Þessi ískyggilega þróun mun halda áfram, ef ekki verður að gert til úrbóta. Ég vil þó á engan hátt draga úr þeirri aðstoð, sem mitt bæjarfélag, Siglufjarðarkaupstaður, hefur fengið frá Alþ. og ríkisstj. Ber að geta þess, sem gert er. En þessi aðstoð nær allt of skammt. Auk þess eru önnur pláss á Norðurlandi, sem eru líkt á vegi stödd í þessum málum, þar sem full þörf og nauðsynlegt er að gert verði stórt átak til að byggja upp að nýju atvinnuveg í þessum plássum. Ber þá fyrst og fremst að stefna að því að auka sjávarútveg, þ. e. a. s. þorskveiðar aðallega, og að bæta móttökuskilyrðin í landi.

Ég hafði búizt við því, að fyrir hv. Alþ. lægi álitsgerð og till. atvinnumálan. ríkisins, sem skipuð var hér í fyrrahaust. Það er nú komið á annað ár síðan sú n. var skipuð. Frá þessari hv. n. hefur lítið heyrzt, og má það merkilegt teljast, ef n. þarf svo langan tíma sem raun ber vitni um til þess að skila áliti og till. um atvinnuástand hinna ýmsu landshluta, en það var m. a. starfssvið þessarar n. Væri fróðlegt fyrir hv. alþm. að fá að vita um það, hvað líður störfum þessarar n. og hvenær megi vænta álitsgerðar og till. frá henni. Ég tel mig hafa nokkra vissu fyrir því, að skoðun sumra nm. muni að mestu eða öllu leyti falla saman við skoðanir mínar á þessu máli og þá till., sem ég hef hér flutt til viðreisnar atvinnuvegunum í þeim kaupstöðum og sjávarþorpum, sem harðast hafa orðið úti vegna aflabrests á síldveiðum. Það má vel vera, að hv. Alþ. sjái sér ekki fært að samþ. slíka aðstoð sem farið er hér fram á, enda þótt hér sé ekki farið inn á nýjar leiðir. Á undanförnum árum hefur verið veitt fé til þeirra byggðarlaga, sem harðast hafa orðið úti vegna óviðráðandi náttúruhamfara, hallæris og fjárpesta. Við slíka aðstoð er að sjálfsögðu ekkert að athuga. Í þessum tilfellum var Alþ. og ríkisstj. að gera sjálfsagða skyldu sína, þ. e. að hjálpa fólki í neyð. Ég held því fram, að till. mín sé í fullu samræmi við gerðir hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. að undanförnu, þegar vandræði hafa steðjað að í hinum ýmsu byggðarlögum. Gengið út frá þeim staðreyndum mætti ætla, að þessi till. mín fengi góðar undirtektir hér hjá hv. alþm.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mig langar til að mega segja hér örfá orð við hv. 2. þm. Eyf. Í ræðu sinni við umr. áðan, þegar hann vék að till. okkar hv. 8. þm. Reykv., komst hann svo að orði, að hækkanir okkar á tekjuliðum fjárlfrv. mundu leiða til þess, að tekjurnar yrðu, ef okkar till. yrðu samþ., áætlaðar hærri á árinu 1954 en ríkistekjurnar yrðu raunverulega árið 1953. Ég held nú helzt, að hv. 2. þm. Eyf. hafi ruglazt eitthvað í bókhaldinu þarna og er kannske von til, svo flókið sem það er nú orðið í meðförunum.

Fjárlfrv. fyrir árið 1954 gerir ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs á því ári verði 427 millj. kr. Hækkunartill. okkar hv. 8. þm. Reykv. eru samtals 37 millj. kr., og ef þær yrðu samþ., yrði tekjuáætlunin 1954 samtals 464 millj. kr., en hæstv. fjmrh. gat þess í ræðu, sem hann flutti hér í þinginu í dag, að tekjur ríkissjóðs 1953 mundu verða um 485 millj. kr., og mér er ánægja að því að taka það fram, að þetta er sú heiðarlegasta tala, sem ég hef heyrt hæstv. fjmrh. nokkru sinni nefna í sambandi við tekjur ríkissjóðs. Það er nefnilega sýnilegt af því tekjuyfirliti, sem fyrir liggur til 31. okt. 1953, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1953 muni verða um 485 millj. kr. að minnsta kosti. Það er því alveg augljóst, að jafnvel þó að tekjur ríkissjóðs á árinu 1953 vegna tolla og söluskatts af virkjununum við Sog og Laxá séu dregnar frá, þá yrði tekjuáætlunin fyrir 1954 samkv. till. okkar hv. 8. þm. Reykv. ekki hærri en raunverulegar tekjur ársins 1953 verða.

Við fjárlumr. 1952 komst hæstv. fjmrh. svo að orði, að með fjárlfrv. fyrir árið 1953 væri algerlega teflt á tæpasta vað, eins og hann orðaði það, í tekjuáætlunum ríkissjóðs, og hann endurtók það í ræðu sinni hér áðan, að það hefði verið næsta furðulegt, að þingið skyldi samþ. tekjuáætlun upp á 418 milljónir kr. fyrir árið 1953, þar sem ríkistekjurnar hefðu ekki orðið nema 420 millj. kr. árið 1952. Sagði hann, að þarna hefði sannarlega verið teflt á tæpasta vaðið. En það var ekki teflt á tæpara vað en það, að í staðinn fyrir, að ríkistekjurnar voru áætlaðar 418 millj. kr., munu þær nú verða samkvæmt ummælum sjálfs hæstv. fjmrh. 485 millj. kr. Þetta er ekki ný saga. Árið 1951 urðu tekjur ríkissjóðs raunverulega 115 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárl., árið 1952 urðu ríkistekjurnar 44 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárl. þess árs, og í ár er sýnilegt, að ríkistekjurnar

ætla að verða 60 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárl. ársins. Og ævinlega hefur hæstv. fjmrh. haldið því fram, að það væri teflt á tæpasta vað með fjárlagaáætlanir. Satt bezt að segja skil ég ekki, hvers vegna í ósköpunum má ekki reyna að áætla þetta eins nákvæmlega og hægt er. Hæstv. fjmrh. segir, að áætlanirnar séu alls ekki vísvitandi falsaðar í þeim tilgangi, að ríkisstj. hafi rýmri hendur til þess að fá fé í umframgreiðslu á fjárl. En hvers vegna má þá ekki reyna að ákveða þetta og áætla eins nákvæmlega og tök eru á hverju sinni? Ég ætla ekki að ræða þetta atriði ýtarlegar að sinni.

Þá vil ég aðeins víkja að því lauslega, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði í ræðu sinni um það, sem við lögðum til, að framlag til mótvirðissjóðs vegna tæknilegrar aðstoðar yrði bundið því skilyrði, að Iðnaðarmálastofnun Íslands útvegaði þessa tæknilegu aðstoð og ráðstafaði henni. Hann taldi þetta fráleita tillögu, þar sem það kæmi margt annað til greina við tæknilega aðstoð heldur en iðnaður í landinu. Gat hann þess meðal annars, að ungmennafélögin ættu að fá tæknilega aðstoð til þess að skipuleggja starfsíþróttir. Það má vel vera, að það sé nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, framleiðslu þess og afköst og efnahag allan, að ungmennafélögin fái tæknilega aðstoð til að skipuleggja starfsíþróttir. Hitt mun þó vera óumdeilanlegt, að atvinnuvegunum sjálfum og þá fyrst og fremst iðnaði, bæði þeim iðnaði, sem vinnur úr sjávarafurðum, svo og öðrum íslenzkum iðnaði, sé umfram allt nauðsynlegt að fá þessa aðstoð. Það eru þessar atvinnugreinar, sem fyrst og fremst þurfa á tæknilegri aðstoð að halda. Við höfum um nokkur ár — í ein tvö eða þrjú ár — borgað fé fyrir tæknilega aðstoð, sem hefur verið framkvæmd á vegum ríkisstj. Þessu fé hefur verið að mínum dómi mjög illa varið. Það var t. d. fenginn hingað bandarískur sérfræðingur til þess að veita, eins og það hét þá, íslenzkum iðnaði tæknilega aðstoð. Hann dvaldist hér í nokkrar vikur og tók of fjár fyrir og komst að þeirri skynsamlegu niðurstöðu, að íslenzkur iðnaður væri alls góðs maklegur, hann hefði yfir að ráða mjög góðum vélakosti o. s. frv. Til þess að komast að þessari niðurstöðu þurfti þó ekki neinn bandarískan sérfræðing. Þetta vissu mjög margir Íslendingar áður. Og þá tæknilegu aðstoð, sem þessi maður hefði átt að veita, þ. e. a. s. kenna einstökum fyrirtækjum að hagnýta betur vélar sínar og önnur framleiðslutæki, þannig að afköstin yrðu meiri, betri og ódýrari, veitti hann aldrei. En það er einmitt slík tæknileg aðstoð, sem okkur vantar, og það er fyrst og fremst Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem hefur nokkra möguleika á að ákveða það, hvers konar sérfræðinga þarf að fá í því efni, og þess vegna tel ég mótbárur hv. 2. þm. Eyf. í þessu efni algerlega út í hött.

Þá vil ég líka leyfa mér að leiðrétta misskilning, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Eyf., þar sem hann hafði skilið það svo, að liður sá, samtals 15 millj. kr., sem við hv. 8. þm. Reykv. leggjum til að verði varið til nýrra atvinnuframkvæmda, væri um atvinnubótafé. Það er það ekki. Þetta er hugsað sem framlag til nýrra atvinnufyrirtækja til aukningar á framleiðslu þjóðarinnar, sem svo aftur mundi breikka skattstofninn og gefa ríkissjóði auknar tekjur, um leið og framleiðslan og atvinna í landinu ykist.

Þá vil ég þakka hv. 2. þm. Eyf. fyrir það, að hann tók, að því er mér skildist, vinsamlega undir þá till. okkar, að framlag til íþróttasjóðs yrði hækkað eitthvað úr þeim 600 þús., sem nú hefur verið gert ráð fyrir í fjárlfrv.

Að lokum vildi ég svo aðeins leiðrétta ranghermi hv. 2. þm. Eyf. Hann sagði í sambandi við það, sem ég sagði um tolltekjuáætlanir, að ég hefði haldið því fram, að vörurnar tvo síðustu mánuði ársins 1952 hefðu ekki verið tollafgreiddar fyrr en eftir áramót. Þessu hélt ég nú ekki fram. Og hv. 2. þm. Eyf. veit jafnvel og ég, að vegna verkfallanna í nóv. og des. 1952 dró mjög verulega úr vöruinnflutningi til landsins. Innflytjendur þorðu ekki að flytja meginið af sínum jólavörum til landsins þetta ár, vegna þess að þeir óttuðust einmitt, eins og kom á daginn, að mjög lítið væri hægt að tollafgreiða af vörum fyrir jól. Þess vegna hefur þetta ekki komið fram sem auknar tolltekjur á árinu 1953, eins og þm. hélt fram, heldur urðu tolltekjurnar 1952 beinlínis minni en þær hefðu annars orðið, ef engin verkföll hefðu verið. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég er hér viðriðinn aðeins tvær brtt.

Ég hef leyft mér að gerast meðflm. að till. þeirri, sem hv. þm. A-Sk. (PÞ) gerði áðan að umtalsefni, og ég vil hið bezta mæla með samþykkt þeirrar till., það er um viðurkenningargreiðslu til fyrrverandi alþm. Þorleifs Jónssonar í Hólum í Hornafirði. Ég vil vona, að hv. alþm. kunni að meta og virða starf þessa heiðursmanns, og það gerist ekki þörf að gera frekari grein fyrir störfum hans heldur en hv. þm. A-Sk. hefur gert.

Þá höfum við leyft okkur, þm. þriggja héraða austanfjalls, Árnesþings, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, að flytja brtt. við 22. gr. fjárlfrv. Þessi brtt. er á þskj. 280,VIII, þ. e., að það komi nýr liður á gr., heimild til ríkisstj. að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær Landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú. Á síðasta þingi var um svipað efni flutt af okkur nokkrum þm. brtt., en svo slysalega vildi til, að þegar atkv. voru greidd um till., þá var einn af fylgismönnum hennar bundinn í síma, og féll till. með jöfnum atkv. Reyndar mun atkvæðamunurinn á þann veg, að fylgi till. varð ekki enn meira, hafa stafað af því, að hv. þm. þekktu ekki nægilega tilefni þessarar till. Þessar jarðir á nú dánarbú Eggerts heitins Jónssonar frá Nautabúi í Skagafirði. Hann hafði um langt skeið lagt stund á hrossarækt og átti orðið valið kyn, sérstaklega reiðhestakyn. Við fráfall hans er mjög á huldu um, hvað verða kann um þetta hrossakyn. Landssamband hestamannafélaganna er ungt að árum, á lítla fjármuni og hefur enga getu til þess að kaupa jarðirnar með því, sem þeim fylgir, og hestana, sem eru allmargir. Það væri þess vegna að okkar áliti mjög illa farið, ef starf þessa manns færi að miklu

eða að öllu leyti forgörðum, en bezta ráðið til þess, að geti orðið framhald af því og komið að gagni fyrir þjóðina, er, að það verði haldið áfram með að rækta þetta hestakyn. Það ætlar Landssamband hestamannafélaganna að gera, ef það með nokkru móti getur, en það getur ekki gert hvort tveggja, bæði að kaupa jarðirnar og að kaupa hestana. Það hefur enga fjárhagslega getu til þess. Það ætlar sér að reka þarna bú og halda ræktun hestanna áfram, ef greitt er fyrir því þannig, að það geti fengið jörðina. Þetta eru góðar og miklar jarðir, og fyrst svo er ástatt um þetta mál, að þarna er hrossaræktarbúið komið og jarðirnar voru í eigu þess manns, sem átti þessa kynbótagripi, þá færi vel á því, að greitt væri fyrir hestamannafélagasambandinu um, að það geti haldið starfinu áfram. Geri ríkið ekkert í þessa átt, þá er alveg gefið, að þetta kynbótabú fer á tvístring, og hæpið, að nokkur árangur verði þá af því starfi, sem búið er að leggja í þetta, og hvað um jarðirnar verður, er ósýnt. Ef til vill kæmust þær þá í hendur einhverra þeirra, sem ekki væri sérstakur vinningur að fyrir íslenzkan landbúnað eða þetta starf, sem þarna hefur verið rækt um skeið, og hvorugt er æskilegt eða gott.

Nú hef ég spurt menn úr hv. fjvn., hvort legið hafi fyrir í þetta sinn erindi, — á síðasta þingi vissi ég til þess, að það var, — og hefur mér skilizt, að ekki sé víst, að það hafi legið fyrir, en talað hefur verið eigi að síður við n. um málið, þó að hún sæi sér ekki fært án frekari athugunar að taka málið upp og gera till. um kaup á jörðunum.

Ég þykist vita, og við flm. þessarar till., að auðgert verði fyrir ríkisstj. að komast að hóflegum samningum um þessi kaup við erfingja Eggerts heitins Jónssonar og ekki gerðist þörf á því að greiða þetta á mjög skömmum tíma. Vel má vera, að jarðirnar kosti með öllum byggingum eitthvað yfir 400 þús. kr. Mikið fram úr því fer nú verðið sennilega ekki, en þó að svo yrði, þá vil ég mega vænta þess, að ríkissjóði væri það ekki ofvaxið með þeim greiðsluskilmálum, sem hann vafalaust gæti komizt að.

Við flm. viljum nú gjarnan, að hv. fjvn. gefist kostur á að athuga málið ýtarlegar en hún hefur haft tækifæri til hingað til, og erum því fúsir til að taka þessa till. aftur til 3. umr., ef hv. n. vildi athuga málið nánar. Ég vona, að við heyrum einhver orð af hálfu hv. frsm. n. um þetta efni.

Ég ætla svo ekki að gera frekar að umtalsefni fjárlfrv. Ég tel, að það sé ekki til mikils að setja á langar ræður um slíkt. Hv. þm. kynna sér vafalaust það mál, svo að ekki er ástæða fyrir menn að gera einstakar till. að miklu umtalsefni eða frv. í heild.

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, og mun ég þess vegna ekki nema að mjög litlu leyti fara út í þær brtt., sem hér liggja fyrir, enda hef ég ekki nema takmarkaða aðstöðu til þess, vegna þess að ýmsar þeirra hafa ekki verið til neinnar athugunar í fjvn., og get ég af þeim sökum ekki fyrir nefndarinnar hönd tekið neina afstöðu til þeirra.

Út af orðum hv. 8. landsk., sem hér talaði áðan, þar sem hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að tekjuáætlun þeirra væri það há, að tekjur ársins í ár mundu ekki nægja til þess að vega upp á móti henni, hvað þá tekjur næsta árs, þá get ég nú naumast trúað því, að ég hafi sagt þetta, vegna þess að mér er vitanlega mjög vel kunnugt um það af þeirri áætlun, sem gerð hefur verið, að það má gera ráð fyrir, að tekjur ársins í ár fari allt upp í 485 milljónir. Það er ósköp einfalt reikningsdæmi að leggja saman það, sem veitt er í fjárlfrv. og till. þeirra hv. þm. Þjóðvfl., þannig að ef ég hef sagt það, þá hefur það verið algert mismæli.

Ég hirði ekki að fara frekar út í bollaleggingar þessa hv. þm. um tekjurnar. Hann benti á, að tekjur hefðu alltaf farið fram úr áætlun undanfarin ár og hlyti þess vegna svo að verða áfram, en það getur nú auðvitað verið, að einhvern tíma komi að þessu tæpasta vaði, sem að vísu oft hefur verið talað um, en ýmis atvik hafa valdið því, að það hefur alltaf komið betur út en jafnvel menn hafa þorað að gera sér bjartastar vonir um, þannig að ég hygg, að það verði erfitt að lifa á þeirri hugsun endalaust, að þar sem það hafi verið svo í fortíðinni, þá hljóti um alla framtíð að verða um hliðstæðar hækkanir að ræða.

Hv. þm. taldi, að andmæli mín gegn því, að fé það, sem veitt er til tæknilegrar aðstoðar, verði afhent raunverulega til ákvörðunar Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hefðu verið ástæðulaus og ekki hrakið hans skoðun varðandi þetta atriði. Um þetta má auðvitað endalaust þræta, en ég held því ákveðið fram, og það er mjög auðvelt að sýna fram á það. Ég hef að vísu ekki hér fyrir höndum nákvæma skýrslu um það, hvernig þetta fé hefur verið notað og hvernig því hefur verið ráðstafað, en mér er svo kunnugt um það, að ég veit, að það gæti ekki heyrt nema að tiltölulega litlu leyti undir þessa stofnun og ástæðulaust með öllu þess vegna að setja það sem eitthvert sérstakt skilyrði, að notkun þess sé háð samþykki þessarar stofnunar, sem er vissulega ágæt og þörf stofnun, en þarf ekki fyrir þá sök að vera hæfilegt, að hún hafi með þetta verkefni að gera.

Ég gat í ræðu minni áðan um fjárframlögin til læknisbústaða og sjúkrahúsa. Það hefur komið hér fram till. frá hv. þm. A-Húnv. um, að þessi fjárhæð verði hækkuð upp í 2 millj. Fjvn. hefur ekki séð sér fært að hækka upphæðina það mikið, en hefur hins vegar, eins og ég gat um, hækkað hana um ½ millj. frá því, sem er í frv.

Varðandi það, sem hv. þm. Vestm. sagði hér, og þar sem hann leggur til á þskj. 280, að bætt verði við liðinn, að viss upphæð skuli fara til heilsuverndarstöðvar í Vestmannaeyjum, þá hygg ég, að erfitt sé að fallast á það af þeirri einföldu ástæðu, að þá hlyti auðvitað að koma til greina skipting á þessu fé. Það er fjöldi aðila, sem hér á hlut að máli, og mörg héruð eiga inni upphæðir og telja sig eiga kröfu á fjárframlögum, og þeir mundu auðvitað koma með alveg sömu röksemdir um það, að það væri nauðsynlegt að taka það fram, að þeir ættu að fá svo og

svo háa upphæð, og þá væri farið inn á nýja braut í þessu, sem ég hygg að sé mjög varasamt að ganga inn á, þótt hins vegar þessi hugmynd um kaupin á heilsuverndarstöðinni sé vitanlega allra góðra gjalda verð, og fjvn. hefur vissulega haft fullan skilning á þörfum fyrir þá ráðstöfun, þótt hún treysti sér ekki til þess að mæla ákveðið með henni, þar sem hún hefur, eins og ég gat um í minni frumræðu, ekki haft þann síð að skipta fjárveitingunum.

Varðandi liðinn „endurbygging þjóðvega", sem hv. 1. þm. Eyf. hefur borið hér fram, skal ég geta þess, að það voru uppi skoðanir um það í fjvn., að æskilegt væri, að þessi liður væri hærri. Þessi till. hefur nú verið tekin aftur til 3. umr., og ég geri ráð fyrir, að n. sé mjög ljúft að íhuga, hvort unnt væri að koma til móts við þær óskir, því að hér er vissulega um miklar þarfir að ræða.

Fjvn. mun ekki geta fyrir sitt leyti fallizt á breytingar á úthlutun fjár til hafna eða vega eða brúa. Það mun nú ekki vera, held ég, um að ræða nema brtt. við fjárveitingar til hafnargerða. Það hefur verið reynt að samræma þetta svo sem auðið hefur verið, og þess er auðvitað enginn kostur að fara nú á þessu stigi málsins að hrófla við þeim fjárveitingum, þar sem n. er bundin við ákveðna upphæð og það hlyti því að ganga út yfir einhverja aðra aðila, ef ætti að fara að gera breytingar hér á.

Það eru hér ýmsar till. um hækkun fjárveitinga til bókasafna, til leikfélaga og ýmissar slíkrar menningarstarfsemi. Það má kannske segja, að það skipti litlu máli fyrir ríkissjóðinn, þó að þessar fjárveitingar væru hækkaðar svo sem hér er óskað eftir, en það ber þó að íhuga í því sambandi, að það eru mjög margir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, og það má gera ráð fyrir, að hækkun hjá einum mundi þegar leiða af sér hækkun hjá öðrum aðila, þannig að hætt er við því, ef á að fara að raska við þessu, að það verði erfitt að fóta sig á því, hvar eigi að nema staðar. Og ég er hræddur um, að það komi óskir frá fleiri hv. þm., ef það ætti að fara að taka inn hækkanir á einstökum liðum án þess að hækka þá hlutfallslega, eins og hefur stundum verið gert og — ef ég man rétt — var gert á síðasta þingi, að hækka nokkuð framlög til þessara ýmsu þátta í þessari menningarstarfsemi. Þessi starfsemi er vissulega mjög góðra gjalda verð og ástæða til þess að styrkja hana svo sem hægt er. En ég vil aðeins benda á þetta atriði, sem gerir það að verkum, að n. hefur viljað vera mjög varfærin í að fara að hækka einstaka liði, þó að óskir hafi komið fram um það.

Ég vil aðeins geta þess hér í sambandi við till. frá hv. 4. landsk. þm. varðandi leikstarfsemi á Siglufirði, að ég geri ráð fyrir, að n. muni taka til athugunar að breyta a. m. k. orðalagi á þessum lið, þar sem þarna er um að ræða tvo aðila, sem leikstarfseminni halda uppi, en hins vegar hafa orðið erfiðleikar varðandi skiptingu þessa styrks.

Varðandi brtt. frá hv. þm. Skagf. vil ég taka það fram, að mér sýnist vera með öllu útilokað að fallast á þá till. eins og hún er orðuð. Það eru uppi kröfur frá mörgum aðilum, mörgum bæjarfélögum, varðandi hliðstæðar fjárveitingar og er búið að vera nú um nokkurra ára skeið, vegna þess að þrátt fyrir ákvæði í lögum um fjárveitingar í þessu skyni hefur það ekki verið tekið upp í fjárlög nú um nokkurra ára skeið og ekki greiddar þær kröfur, sem borizt hafa í sambandi við þessar boranir. Þetta hefur verið til athugunar í fjvn. og er nú ekki endanlega afgreitt þar, en það er augljóst, ef á að taka þessa fjárhæð upp, að þá verður að hafa það almennt til greiðslu á þessum skuldum, og síðan verður að greiða þær eftir einhverjum svipuðum reglum og fylgt er í sambandi við skólabyggingar og annað, sem er veitt í einu lagi til, því að það er ekki hægt að fara að taka út úr einn stað. Þá verður að taka inn í alla þá aðra aðila, sem hliðstæðar kröfur gera.

Ég vil aðeins í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um kaup á jörðunum Kirkjubæ vestri og eystri, taka það fram, að það mun ekki hafa verið formlegt erindi um þetta í fjvn. Hins vegar var þetta rætt í n., og n. hefur ekki talið sér fært að mæla með því, að þetta væri gert. Að öðru leyti skal ég ekki ræða um þessa till.

Það hefur ekki verið sérstaklega mælt hér fyrir till. á þskj. 281, og mun ég því ekki víkja að þeim.

Ég held þá, að tilefni gefist ekki sérstakt til þess að ræða nánar um þessar till., og engin önnur atriði hafa komið fram, sem ástæða er til að svara, og mun ég því ekki hafa þessi orð mín fleiri.

**Forseti (JörB):** Það er einn hv. þm. á mælendaskrá, en hann mun ekki vera hér nærstaddur, og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að hafa tal af honum, en það hefur ekki heppnazt. Ég get þess vegna ekki beðið með fundarhald, þó að svona standi á, og þar sem enginn af öðrum hv. þm. hefur kvatt sér hljóðs, segi ég umr. lokið, en atkvgr. um málið verður frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 264,1 felld með 26:9 atkv.
— 257,1 felld með 26:16 atkv.
— 264,2 felld með 33:10 atkv.
— 257,2 felld með 34:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG.

**nei:** JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JörB.

3 þm. (SB, JóhH, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 242,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 257,3—4 felldar með 33:14 atkv.
— 264,3 felld með 30:9 atkv.
— 257,5 felld með 28:14 atkv.
— 242,2 samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 264,4 felld með 29:6 atkv.
— 257,6 felld með 30:13 atkv.
— 242,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 257,7 felld með 29:11 atkv.
— 242,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 257,8 kom ekki til atkv.
— 257,9—10 felldar með 28:14 atkv.
— 264,5 felld með 29:8 atkv.
— 242,5—6 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 257,11 felld með 31:12 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 257,12 felld með 28:9 atkv.
— 240,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 264,6 felld með 31:6 atkv.
— 257,13 felld með 32:9 atkv.
— 242,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 264,7 felld með 29:4 atkv.
— 257,14 felld með 30:11 atkv.
— 242,8 samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 257,15 felld með 30:6 atkv.
4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 257,16 felld með 29:11 atkv.
5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 264,8—10 felldar með 29:8 atkv.
— 257,17.a felld með 31:10 atkv.
— 264,11—12 felldar með 30:11 atkv.
— 257,17.b felld með 29:14 atkv.
— 264,13 felld með 29:11 atkv.
10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 240,2—6 samþ. með 32:1 atkv.
— 280,I.1 tekin aftur.
— 240,7 samþ. með 26:3 atkv.
— 257,18 felld með 26:13 atkv.
— 240,8—9 samþ. með 29:8 atkv.
— 257,19 felld með 26:5 atkv.
— 240,10—11.a—b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 257,20 felld með 26:5 atkv.
— 240,11.c samþ. með 28 shlj. atkv.
— 257,21—22 felldar með 33:5 atkv.
— 257,23 felld með 28:9 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31:2 atkv.
Brtt. 240,12—14 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 261,1 felld með 29:13 atkv.
— 277,I tekin aftur.
— 240,15 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 280,I.2 tekin aftur.
— 240,16—18 samþ. með 33 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 242,9 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 240,19.1—84 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 277,II.1 felld með 28:13 atkv.
— 240,19.85—126 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 247 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 240,19.127—183 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,10.a samþ. með 30:1 atkv.
— 280,II tekin aftur.
— 242,10.b samþ. með 37 shlj. atkv.
— 240,20 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 240,21 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 240,22 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 257,24 felld með 28:13 atkv.
— 240,23—25.1—39 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 277,II.2 felld með 29:11 atkv.
— 240,25.40—46 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 277,III tekin aftur.
Brtt. 240,25.47—61 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 277,IV tekin aftur.
— 280,III tekin aftur.
— 264,14 felld með 28:3 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 240,26 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 281,1 felld með 30:16 atkv.
Áður en brtt. 257,25 kæmi til atkv., óskaði flm. hennar nafnakalls. Þá mælti

**frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Ég vildi aðeins út af þessari till. geta þess, að meiri hl. fjvn. hefur ákveðið að taka sína till. um lánasjóðinn aftur til 3. umr., til leiðbeiningar fyrir þá hv. þm., sem hafa gert brtt., ef þeir kynnu að vilja þá taka sínar till. aftur þangað til.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég orðaði ósk mína til hæstv. forseta um það, að fram færi nafnakall um þessa till., þannig, að ég óskaði, að það færi fram nafnakall um hana, nema stjórnin eða stjórnarliðið óskaði eftir, að henni væri frestað til 3. umr. Ég fellst því á, að þessi till. sé tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 257,25 tekin aftur.
— 240,27 tekin aftur.
— 281,2 felld með 29:13 atkv.
— 240,28—30 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 277,V.1 felld með 30:8 atkv.
— 240,31—34 samþ. með 32:1 atkv.
— 261,2 felld með 29:11 atkv.
— 280,IV tekin aftur.
— 261,3 felld með 31:13 atkv.
— 257,26 felld með 26:13 atkv.
— 240,35 samþ. með 26:14 atkv.
— 240,36 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 240,37 tekin aftur.
— 240,38—39 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 261,4 tekin aftur.
— 264,15 tekin aftur.
— 281,3 tekin aftur.
— 240,40—42 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 281,4 felld með 26:16 atkv.
— 257,27 felld með 30:12 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 277,V.2 felld með 28:14 atkv.
— 277,VI tekin aftur.
— 277,VII tekin aftur.
— 240,43—45 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 281,5 felld með 36:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG.

nei: IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, JörB.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 281,6 felld með 28:14 atkv.
— 277,VIII tekin aftur.
— 240,46—47 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 277,IX tekin aftur.
— 277,X.1 tekin aftur.
— 281,7 felld með 27:10 atkv.

Brtt. 257,28 tekin aftur.
— 277,X.2 tekin aftur.
— 280,V tekin aftur.
— 240,48—51 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 257,29 felld með 28:7 atkv.
— 240,52 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 264,16 felld með 27:3 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 240,53 samþ. með 27:8 atkv.
— 240,54 tekin aftur.
— 240,55—58 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 277,XI tekin aftur.
— 240,59 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 257,30 felld með 27:7 atkv.
— 257,31 felld með 27:6 atkv.
— 240,60—61 samþ. með 29:5 atkv.
— 264,18 felld með 29:11 atkv.
— 257,32 felld með 29:14 atkv.
— 240,62—64 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 264,17 felld með 28:7 atkv.
— 240,65 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 261,5—6 felldar með 28:11 atkv.
— 280,VI tekin aftur.
— 240,66 samþ. með 29 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 257,33 felld með 27:11 atkv.
— 261,7 felld með 26:11 atkv.
— 240,67 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 240,68 tekin aftur.
— 277,XII.1 felld með 35:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj.
nei: KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, JörB.
3 þm. (GÍG, JóhH, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 257,34 tekin aftur.
— 240,69 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 277,XII.2 felld með 26:8 atkv.
— 240,70 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 257,35 felld með 29:14 atkv.
— 261,8 felld með 35:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG.
nei: GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, JörB.
2 þm. (JóhH, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 257,36 felld með 25:11 atkv.
— 257,37 felld með 34:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl.
nei: EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, SÓÓ, SkG, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, BÓ, EI, JörB.
3 þm. (JóhH, JJós, StgrSt) fjarstaddir.
Brtt. 261,9—10 felldar með 26:9 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 240,71 samþ. með 27 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 240,72 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 264,19 felld með 25:7 atkv.
— 257,38 felld með 27:12 atkv.
— 277,XII.3 felld með 26:14 atkv.
— 281,8 felld með 29:13 atkv.
— 240,73 tekin aftur.
— 240,74 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 264,20 felld með 25:12 atkv.
— 240,75.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 240,75.b tekin aftur.
20. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 280,VII tekin aftur.
— 261,11 felld með 28:14 atkv.
— 264,21 tekin aftur.
— 242,11.a—e samþ. með 31 shlj. atkv.
— 277,XIII felld með 32:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG.
nei: JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JK, JörB.
5 þm. (SB, BÓ, GTh, JóhH, JJós) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Einar Olgeirsson:** Ég fæ ekki séð, að það nái nokkurri átt að fara að gera þannig upp á milli skólanna eftir því, hvort þeir eru í sveitum eða kaupstöðum, eins og lagt er til með till. meiri hl. fjvn., og álít þess vegna þá till., sem hér liggur fyrir, alveg sjálfsagða. Ég álít heppilegast, að meiri hl. fjvn. tæki sína till. til baka til 3. umr., vegna þess að þetta þýðir að innleiða hér siði, sem aldrei hafa tíðkazt í sambandi við, hvernig eigi að borga kostnað af opinberum stofnunum. Ég segi því já um þessa till., sem fyrir liggur.

Brtt. 242,11.f samþ. með 26:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GíslG, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, EirÞ, EystJ, JörB.
nei: GíslJ, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, KJJ, LJóh, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG.
PZ, SÁ, BrB, EI, FRV greiddu ekki atkv.
5 þm. (GTh, JóhH, JJós, SB, BÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Það er sýnilegt, að ef farið er inn á þá braut, sem hér er mörkuð, að greiða hluta af hitakostnaði ákveðinna skóla, þá er ekki stoppað við þessa skóla, sem hér um ræðir, og með því að till. sú, sem var hér áðan borin upp í sambandi við að taka alla skóla landsins, var felld, þá segi ég nei við þessari

till., því að það er sýnilegt, að hún markar þá stefnu, að allir skólarnir hljóta að koma fyrr eða síðar inn á, þegar búið er að samþ. þá till., sem hér um ræðir. Ég segi nei.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er ákveðið í lögum, að hvaða hluta ríkissjóður eigi að bera kostnað af rekstri gagnfræðaskóla og héraðsskóla, og þar með er líka ákveðið, að hvaða hluta ríkið eigi að kosta hitakostnað viðkomandi stofnana. Það að fara út fyrir ramma laganna um tvo eða þrjá skóla, eins og hér er ætlunin, tel ég mestu fjarstæðu og ósvinnu og ekkert samræmi í gerðum þingsins, þar sem ekki hefur fengizt þingvilji fyrir því að fara inn á að borga hitakostnað allra skóla, sem ríkið rekur. Ég segi því auðvitað nei við þessari till., tel mestu fásinnu að afgreiða svona till.

Brtt. 242,11.g samþ. með 32 shlj. atkv.
— 257,39 felld með 25:15 atkv.
— 261,12 felld með 25:15 atkv.
— 280,VIII tekin aftur.
— 264,22 felld með 28:9 atkv.
— 277,XIV felld með 31:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl.

nei: EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JK, JPálm, JS, JR, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BSt, BBen, EirÞ, JörB.

EI greiddi ekki atkv.
5 þm. (GTh, JóhH, JJós, SB, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Enda þótt ég telji afar varhugavert að veita ríkisstj. 15 millj. kr. lántökuheimild og útlánaheimild án nokkurra skilyrða eða fyrirmæla um, hvernig þessu fé skuli varið, mun ég þó vegna þeirra nauðsynja, sem fyrir hendi eru í þessu efni, segja já.

22. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (almennra umr., útvarpsumr.).

**Forseti (JörB):** Umræðunni verður hagað svo í kvöld, að höfð verður ein umferð, sem skiptist þannig, að hver þingflokkur fær 40 mín. til umráða.

Röð flokkanna er þessi: 1) Alþýðuflokkur, 2) Þjóðvarnarflokkur, 3) Sósíalistaflokkur, 4) Sjálfstæðisflokkur, 5) Framsóknarflokkur.

Hv. 3. landsk., Hannibal Valdimarsson, tekur til máls og talar af hálfu Alþfl.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er að byrja hér 3. umr. um fjárlög ársins 1954, hin svo kallaða eldhúsdagsumr. Mun hér nú ryðjast fram til eldhúsverkanna í kvöld hver gaurinn á fætur öðrum að framleiða sinn jólabakstur, hver með sínu lagi og sniði.

Það var í þingbyrjun, að hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lagði fjárlfrv. fram, eins og vera ber, og hafði hann þá áætlað tolla og skatta næsta árs 325 millj. kr. og tekjur af áfengis- og tóbakssölu 95 millj. kr. Samtals 420 millj. kr. Auk þess voru svo á frv. ýmis smátekjusnöp upp á 7 millj. kr., eða tekjuáætlunin alls 427 millj. kr. Gjöldin voru 38 millj. kr. lægri, og nam rekstrarafgangur þannig þeirri upphæð. Heildarniðurstöðutölur fjárlfrv. á sjóðsyfirliti voru 430 millj. kr., en þar er farið að saxast svo á 38 millj. kr. rekstrarafganginn, að hagstæður greiðslujöfnuður frv. var, þegar allt kom til alls, ekki nema rúmlega 1½ millj. kr.

Sannast að segja var harla lítið nýstárlegt við fjárlfrv. Það var að mestu uppprentun af gildandi fjárl. þessa árs. Að vísu sýndi það 30 millj. kr. hækkun á sköttum og tollum og lækkuð framlög til verklegra framkvæmda. Það voru þeir tveir megindrættir frv., sem helzt vöktu athygli. Frv. var átakanlegt tákn þeirrar kyrrstöðustefnu, sem seinustu stjórn fylgdi. Þarna var engin fjárveiting til atvinnuaukningar og sýnilega til þess ætlazt, að öll vandamál atvinnulífsins skyldu leysast suður á Keflavíkurflugvelli. Ekki sást heldur orð eða stafur um úrlausn á stærsta vandamáli líðandi stundar, húsnæðisskortinum. Frv. hafði því vissulega ekki mikinn boðskap að flytja.

Í meðförum fjvn. hækka útgjöld og tekjur frv. um ca. 20 millj. kr., og lætur því nærri, að niðurstöðutölur fjárlaga ársins 1953 verði um 450 millj. kr. Fyrir einum 14 árum — þ. e. árið 1939 — voru öll gjöld íslenzka ríkissjóðsins tæpar 20 millj. kr. — nú 450 millj. kr., hafa þannig 23-faldazt á 14 árum. Þá var vörumagnstollurinn 1½ millj. — er nú 24—25 millj. kr. Tekju- og eignarskatturinn var þá 2.1 millj. kr. — nú 56½ millj. kr., og ef stríðsgróðaskatturinn er talinn með, þá er hann rétt við 60 millj. kr. Hann er þannig nærri því 30-faldaður. Fyrir 14 árum voru tekjur ríkissjóðs af áfengi og tóbaki 3.7 millj. kr. — nú verða þær um 97 millj. kr. En stærstu risaskrefin hefur þó verðtollurinn tekið á þessu tímabili, því að hann var ekki nema 1.4 millj. kr. árið 1939, en nú trónar hann sem hæsti liður fjárlaga upp á 110 millj. kr. Viðurkennir meiri hl. fjvn., að óhætt sé að áætla hann á næsta ári 117 millj. kr. En hann reynist á þessu ári ekki undir 124 millj. kr. Ég fullyrði því, að hann geti naumast orðið undir 120 millj. kr. á árinu 1954.

Hversu ótrúlegt sem mönnum kann að finnast það, þá er þó staðreynd, að verðtollurinn hefur 86-faldazt á einum 14 árum. Það verður því ekki annað sagt en að þeir hafi kunnað að ávaxta pund skatta og tolla, fjármálaráðherrar íhalds og Framsóknar, sem með völdin hafa farið seinasta hálfan annan áratug, og þegar skattamáladæmið er gert upp í heild nú í dag með fáum orðum, þá er útkoman þessi:

Skattaálögur ríkissjóðs á þegnana eru um

450 millj. kr. Þar við bætast útsvör til sveitarfélaganna, hér um bil 150 millj. kr., og að lokum eru svo tryggingagjöld upp á ca. 60 millj. kr. Samtals verður skattabyrðin á landslýðnum þannig um 660 millj. kr. Það þýðir um 20 þús. kr. að meðaltali á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Það er því ekki að furða, þó að ýmsum þyki orðið þröngt fyrir dyrum og skattpiningin gangi langt úr hófi fram, enda finna stjórnarflokkarnir það vel, að magnaður kurr er í liðinu út af sköttunum. Hafa þeir nú árum saman lofað endurskoðun skattalaga með skattalækkun fyrir augum. Átti milliþn. í skattamálum að skila af sér í fyrra, en það var svikið. Þá voru gefin hátíðleg loforð og miklir svardagar hafðir um hönd fyrir kosningarnar í vor um skattalækkanir á þessu þingi, en ekkert bólar enn þá á efndunum. Má það heita furðumikil bíræfni, ef það höfuðloforð kosninganna verður enn þá svikið, því að það er þó alls ekki hægt að reikna með, að kjósendur séu alveg minnislausir eða láti bjóða sér allt eftir það, sem á undan er gengið í þessu máli.

Fyrir tæpri viku fór fram 2. umr. fjárl. Þá kom í ljós, að hv. þm. stjórnarflokkanna eru í engu sjálfum sér ráðandi til ákvörðunar um brtt. við stærsta mál þingsins, fjárlögin. Það kom í ljós, sem ég hygg að vera muni nálega einsdæmi, að engin einasta till. neins af stjórnarandstöðuflokkunum fékkst samþ. Þar með er þó ekki allur sannleikurinn sagður, því að andlega ófrelsið gekk lengra en þetta. Ríkisstj. svínbeygði fylgismenn sína enn dýpra. Hún lét þá drepa allar till. sjálfra sín líka, nema þær hefðu áður fundið náð fyrir augum meiri hl. fjvn. Svona gersamlega var stjórnarliðið handjárnað, og er það ríkisstj. sízt til sóma.

Alþfl. bar fram till. til stórfelldra breytinga á fjárlfrv. Stefndu þær flestar í þá átt að auka framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda, félagsmála og menningarmála, án þess þó að leggja þyrfti nokkrar nýjar álögur á þjóðina vegna samþykktar þeirra, því að það var gaumgæfilega rannsakað, að ef tollar og skattar og tekjur af ríkisstofnunum væru rétt áætluð, var hægt að samþ. allar fram komnar umbótatill. Alþfl. án þess, að fjárlögin yrðu þess vegna afgreidd með tekjuhalla. En allar till. Alþfl., líka sparnaðartill. hans, voru felldar af handjárnaliði stjórnarinnar gegn atkv. stjórnarandstöðuflokkanna þriggja í flestum tilfellum. Stjórnarliðið felldi að taka inn á frv. 6.3 millj. kr. til almannatrygginganna vegna fyrirsjáanlega aukinna bótagreiðslna. Stjórnarliðið felldi að verja 5 millj. kr. til þess, að fiskveiðasjóður gæti gegnt hlutverki sínu að greiða fyrir kaupum og byggingu fiskibáta, en Alþfl. hefur mjög hamrað á því, að Íslendingar eigi sjálfir að smíða fiskibáta sína, en ekki að kaupa þá tilbúna frá öðrum þjóðum. Stjórnarliðið felldi að verja 750 þús. kr. til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að. Stjórnarliðið felldi að verja 1 millj. kr. til að steypa eða malbika götur í kaupstöðum og kauptúnum og ætlar aðeins til þess 100 þús. kr. eins og mörg undanfarin ár. Stjórnarliðið felldi að verja 5 millj. kr. til byggingarsjóðs verkamanna, og ætlast það til, að 1.6 millj. kr. skuli nægja til þess á öllu landinu þrátt fyrir hið hörmulega húsnæðisöngþveiti, sem allir þekkja og viðurkenna. Stjórnarliðið felldi að verja 2.8 millj. kr. til stækkunar landsspítalans, og hefði þó þurft að verja til þess miklu hærri upphæð. Stjórnarliðið felldi að verja 250 þús. kr. til almennrar slysavarnastarfsemi og 75 þús. kr. til umferðarslysavarna. Stjórnarliðið felldi að verja 100 þús. kr. til starfsemi Alþýðusambands Íslands, en síðan hefur meiri hl. fjvn. samþ. að verja til þess 75 þús. kr. Stjórnarliðið felldi að verja 1 millj. kr. til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis. Stjórnarliðið felldi að verja 100 þús. kr. til verðlauna árlega handa þremur beztu ritköfundum íslenzkum. Stjórnarliðið felldi að verja einum 300 þús. kr. til að skreyta opinberar byggingar með listaverkum. Stjórnarliðið felldi að verja 600 þús. kr. til endurbyggingar vatnsveitna í kaupstöðum og kauptúnum. Og stjórnarliðið felldi að lokum, að ríkisstj. væri heimilað að verja allt að helmingi af tekjuafgangi ríkissjóðs á þessu ári, en hann hlýtur að nema nokkrum milljónatugum, til greiðslu á skuldum ríkisins vegna skólabygginga, sjúkrahúsa og hafnarmannvirkja, en þessar skuldir munu nú nema meira en 20 millj. kr., fjölda sveitarfélaga auðvitað til mikilla vandræða. Sem sagt, hver einasta till. Alþfl. var felld. Þannig kom umbótavilji og menningarviðleitni ríkisstjórnar Íslands fram við afgreiðslu fjárl. við 2. umr. núna fyrir nokkrum dögum.

Ein af þeim sparnaðartill., sem Alþfl. bar fram við 2. umr., var um það, að hv. stjórn léti sér nægja 100 þús. kr. í staðinn fyrir 170 þús. kr. til ferðakostnaðar, en það var fellt, og enn fremur, að stjórnin reyndi að komast af með 400 þús. kr. í staðinn fyrir 500 þús. kr. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, en ekki þótti það heldur tækt og var kolfellt. Hefur hún þó auk þessa til umráða 200 þús. kr. upp í kostnað við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn. og 500 þús. kr. vegna samninga við önnur ríki. Áður hefur Alþfl. oft lagt til, að dregið væri úr kostnaði við utanríkisþjónustuna, en það hefur jafnoft verið drepið umsvifalaust. Með risnu og svo kallaðri staðaruppbót hafa sendiherrarnir í Kaupmannahöfn og Osló um 150 þús. kr. hvor, og eru það skattfrjálsar tekjur. Svona há eru launin talin þurfa að vera vegna ægilegrar dýrtíðar í þessum löndum. Kemur þetta að vísu illa heim við það, sem almennt er álitið, að Íslendingar eigi heimsmet í dýrtíð, og ekki kemur það heldur vel heim við það, að óbreyttum starfsmönnum í þessum sendiráðum er ætlað að geta komizt af með 27—28 þús. kr. árstekjur, þ. e. mennskar og venjulegar árstekjur, miðað við íslenzka dýrtíð og íslenzk launakjör. Það virðist a. m. k. vera nokkuð gamaldags hlutfall milli launa undirmanna og yfirboðara í utanríkisþjónustu Íslands, og væri full ástæða til að endurskoða það atriði. Hér heima hafa ráðh. t. d. ekki nema tvöföld verkamannalaun, og er ekkert út á það að setja. Sendiherralaunin í Stokkhólmi og London eru nokkru hærri en í Kaupmannahöfn og Osló, eru 190 þús. kr. hjá hvorum, talin

á sama hátt, og í París og Washington 293 þús. kr. hjá hvorum. Þar eru árslaun mennskra undirmanna 42 þús. kr. Yfirmaðurinn hefur þannig um sjöfalt kaup á við undirmennina. En þó tekur fyrst í hnúkana, þegar kemur að sendiráðinu í Moskvu. Ég man ekki betur en að vinir okkar, kommúnistar, hafi stundum verið að fræða okkur á því, að í ríki verkalýðsins væri dýrtíð öll lækkandi, þar væri því gott að búa og láta sér líða vel, aðeins ef maður hefði sómasamleg laun, en í áætlun ráðuneytisins um kostnað við sendiráðið í Moskvu er þó gert ráð fyrir því, að sendiherra vor austur þar þurfi að fá 672 þús. kr. í skattfrjálst árskaup, auðvitað að meðtalinni risnu og staðaruppbót. Mér kæmi ekki á óvart, þó að hlustendur haldi, að ég hafi annaðhvort mismælt mig eða sé nú að fara með algerlega staðlausa stafi, en hvorugu er til að dreifa. Sendiherra vorum í Rússlandi eru ætluð 672 þús. kr. árslaun. Skrifstofustúlka hans, bifreiðarstjóri og húsvörður, sem er sennilega jafnframt lífvörður, eiga að hafa tæplega 300 þús. kr. árslaun samtals, og virðist það vera sama hlutfall og í auðvaldsríkjunum, nálægt því 1:7 milli yfirmanns og undirgefins. Kaup þessara fjögurra Íslendinga, sem við þurfum að hafa í utanríkisþjónustunni austur í Rússlandi, verður þannig 970 þús. kr., en þar við bætist 380 þús. kr. sem annar kostnaður við veru þeirra í ríki verkalýðsins. Þannig verður heildarkostnaðurinn vegna fjögurra landa vorra þar austur frá 1 millj. og 350 þús. kr.

Samkvæmt uppgjöri Hagstofu Íslands í haust var greiðslujöfnuðurinn við útlönd á árinu 1952 óhagstæður um 47 millj. og 800 þús. kr. Fljótt á litið kynnu þessar tölur ekki að þykja svo mjög iskyggilegar, en þegar betur var að gáð, höfðu þær þó nokkuð alvarlegan boðskap að flytja. Niðurstaðan byggðist nefnilega á því, að 75 millj. kr. gjafafé og 60 millj. kr. tekjur af varnarliðinu voru þá taldar til tekna. Þannig vantaði raunverulega nærri 183 millj. kr. til þess, að atvinnuvegirnir stæðu undir greiðsluhallalausum viðskiptum við útlönd á seinasta ári. Nú skyldu menn ætla, að þessi niðurstaða hefði orðið þeim, sem viðskiptamálum okkar stjórna, til aðvörunar og að þeir hefðu gert einhverjar ráðstafanir til að efla framleiðsluatvinnuvegina eða draga úr innflutningi á óþarfavarningi, en hvorugt hefur verið gert. Hæstv. ríkisstj. skorti dug til þess að framkvæma það fyrrnefnda, en vill ekki með nokkru móti draga úr innflutningi óþarfans, því að á honum byggist ofurgróði okraranna, sem stjórnin á allt líf sitt undir. Sjálfstfl. syngur bara sitt uppáhaldslag um viðskiptafrelsi, og þar við situr.

Niðurstaðan um vöruskiptajöfnuðinn 11 fyrstu mánuði þessa árs er þá líka allt annað en uppörvandi eða glæsileg. Hagstofan er rétt nýbúin að tilkynna, að hann sé óhagstæður um 313 millj. kr. „Dýpra og dýpra", sagði viss persóna, og dýpra og dýpra sígur sífellt á ógæfuhliðina um fjárhagslegt sjálfstæði Íslands í höndum núverandi íhaldsstjórnar. Tvö dæmi nægja til að sýna, hver afstaða stjórnarinnar er til innflutningsmálanna. Hún lét í haust flytja inn a. m. k. 20 fiskibáta fyrir 12—14 millj. kr., og nú rétt nýskeð er fluttur inn enskur ostur, sem kostar rúmar 20 kr. kg í innkaupi, en er seldur hér á milli 90 og 100 kr. kg, og þetta gerist, þegar allir kjallarar mjólkurbúanna eru fylltir af 1. fl. osti íslenzkum og meðan smjörið liggur í tugum tonna undir skemmdum og ríkissjóður vor ver rúmum 45 millj. kr. til þess að örva sölu á íslenzkum landbúnaðarafurðum. Hvílík fyrirmyndarstjórn á viðskiptamálum Íslendinga og hvílík dæmalaus umhyggja fyrir íslenzkum aðalatvinnuvegum!

Þá er ekki heldur svo sem okkar unga lýðveldi sé skuldlaust. Nei, skuldirnar fara sífækkandi með ári hverju þrátt fyrir samfelld góðæri. Innanlands skuldar ríkissjóður 120 millj. kr. Hjá Alþjóðabankanum skuldar hann 70 millj. kr. Í Englandi skuldar ríkið 57 millj. kr., í Bandaríkjunum 87 millj. kr., og innlendar og erlendar lausaskuldir nema 80 millj. kr. Samtals voru skuldir ríkissjóðs í árslok 1952 þannig taldar 490 millj. kr., og eru þær nú sennilega komnar á sjötta hundrað millj. kr.

Það fer sífellt í vöxt, að ríkisstj. líti á ríkissjóðinn sem einkasjóð sinn. Fjárveitingavaldið er í verulegum atriðum komið úr höndum þingsins. Fé úr hafnarbótasjóði, raforkusjóði, brúasjóði o. s. frv. er ráðstafað mjög eftir geðþótta hvers ráðh. um sig, og því er ekki skipt af þinginu. Þetta býður hvers konar spillingu heim. Þá er forganga æðstu valdamanna í þá átt að næla sér í hvers konar smáfríðindi, sérréttindi og forréttindi alveg óþolandi og jafnframt þráðbein braut til vaxandi spillingar. Brennivíns- og tóbakshlunnindin sælu náðu ekki til margra í fyrstu, en hví þá ekki að veita þeim næst, þessum og svo hinum, enda er það nú orðið svo, að það er orðinn fjölmennur hópur háttsettra embættismanna, sem fær brennivín og tóbak á innkaupsverði. Hvar átti svo sem að stöðva sig? Eðlileg og sjálfsögð mörk voru engin auðfundin. Eina færa leiðin hefði verið sú að stemma á að ósi, en það var ekki gert.

Risna tilheyrði í fyrstu aðeins embætti forsrh., að ég hygg. Nú skipta þeir embættismenn tugum, sem krefjast risnufjár og fá það. Frír bílar fylgdu örfáum embættum fyrir fáum árum, en nú er vafasamt, að nokkur viti tölu þeirra embættismanna og undirsáta í þjónustu þeirra, sem aka í frían bíl upp á ríkisins kostnað. Það kom fram í þingbyrjun fsp. um bílakostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana. Slíkum fsp. á samkvæmt þingsköpum að svara eftir viku, en það hefur þvælzt fyrir blessuðum forsrh. allt til þessa að upplýsa, hvað í þessu fúasári þjóðfélagsins felist. En það er á almannavitorði, að ef sönn og tæmandi skýrsla fæst um þetta bílamál, um viðgerða-, viðhalds- og rekstrarkostnað þeirra, þá velta þau hlunnindi nú á háum upphæðum og koma víða við.

Hingað til hefur það verið talið alveg sjálfsagt, að þingflokkarnir sjálfir bæru kostnað af þingflokkafundum, en í sumar þótti það allt í einu góð latína, að ríkissjóður skyldi kosta farareyri og ferðalög þm. í stjórnarflokkunum, þegar þeir voru kallaðir hvað eftir annað til Reykjavíkur á fundi í þingflokkum stjórnarliðsins. Þetta er að rugla hrapallega saman hlutverki

tveggja sjóða, sem ekki hafa sama hlutverki að gegna. Ríkissjóður á þá fyrst að koma til skjalanna, ef þingheimur allur er boðaður til fundarhalda í þarfir Alþ. sjálfs, en ekki fyrir einstaka flokka.

Ég hef áður nefnt, að söluskattur og verðtollur eru nú til samans um eða yfir 200 millj. kr. Þegar menn hafa þetta í huga, getur engum runnið það til rifja, að stóreignaskatturinn, sem auðmönnum þjóðarinnar var ætlað að greiða í sambandi við gengislækkunina vegna gróða síns allt frá árinu 1940, verður nú aðeins um 50 millj. kr., og má sú upphæð greiðast smám saman á 20 árum. En nú er upplýst, að 20 ríkustu einstaklingar og 20 ríkustu félögin í Reykjavík eiga 556 millj. kr. í eignum. 50 millj. kr. stóreignaskatturinn á alla auðmenn landsins verður því harla hlægileg upphæð, ef þetta er haft í huga. En þannig telur hæstv. ríkisstj. efalaust að dreifa eigi skattabyrðunum á ríka og fátæka á Íslandi.

En þá kemur að stærsta dæminu um spillinguna í opinberu lífi. Vegna vitlausra ákvæða í gengislækkunarl. hefur innheimta þessa skatts orðið að fáránlegu fyrirbæri. Það hefur nefnilega komið í ljós, að sumum gjaldendum þessa skatts hefur tekizt að græða á því, að lagður var á þá stóreignaskattur. Einn þeirra er hv. 3. þm. Reykv., Björn Ólafsson, fyrrverandi ráðherra viðskiptamála. Hann var svo heppinn, að á hann var lagður 126 þús. kr. stóreignaskattur vegna verksmiðjunnar, sem framleiðir Coca-cola-drykkinn. Upp úr þessu hafði hann það, að hann losnaði við skúrgarm, sem rífa átti til grunna. Hann borgaði skattinn með skúrnum og kom þannig skyldunni á að rífa skúrinn yfir á ríkið. Ríkissjóður varð að borga 22 þús. kr. fyrir að rífa skúrinn, en hafði áður fengið af honum 17 þús. kr. leigutekjur. Ríkissjóður fékk þannig engan stóreignaskatt hjá þessum virðulega skattborgara og ekki heldur frá Coca-cola-verksmiðjunni. Niðurstaðan varð þvert á móti sú, að ríkissjóður fékk að borga 5 þús. kr. reikning fyrir að rífa skúrinn, sem orðinn var í vegi fyrir bæjaryfirvöldum Reykjavíkur. Annað ekki.

Þá er líka vitað, að Kveldúlfur h/f hefur borgað stóreignaskatt sinn með bryggjuræksni og fallandi húsaskriflum norður á Hesteyri í Jökulfjörðum.

Og þriðja dæmið og það ljótasta er í fáum orðum á þessa leið: Þegar Kveldúlfur hafði fengið að borga stóreignaskatt sinn með Hesteyrareignum, kröfðust Thorsbræður þess af fjmrh., að þeir fengju einnig að borga sinn persónulega stóreignaskatt með ofangreindri eign í hinu mannlausa þorpi. Þessu neitaði fjmrh. Þá fóru þeir Thorsbræður í mál við ríkissjóð. Þeir töldu sig hafa búið þannig um hnútana, þegar lögin voru sett, að fúinn og ryðið á Hesteyri yrði þeim góður gjaldeyrir, þegar til skattgreiðslunnar kæmi. Og ekki brást þeim heldur bogalistin um það. Hæstiréttur varð að fallast á, að þeir bræður mættu borga ríkinu stóreignaskatt sinn með svínastíu, kolageymslu, smiðju Kveldúlfs á Hesteyri og fleiri ámóta eignum. Og nú er bara fróðlegt að vita, hvernig hæstv. fjmrh. gengur að koma skattpeningi samráðherra síns, hæstv. forsrh., í verð. En eitt er víst, að það er dómur almenningsálitsins, og honum verður ekki áfrýjað, að svona viðskipti eiga ráðherrar allra manna síst að eiga við ríkissjóð Íslands.

Ég get ekki að því gert, að mér kemur í hug sagan um Ólaf Tryggvason og þann rauðskeggjaða, þegar vandræðin voru með að finna kjaltréð í Orminn langa. Er þar skemmst af að segja, að ormétið var tréð, sem vísað var á. Og spilling sú, sem ég hef hér verið að fletta ofan af, bendir því miður til þess, að ormétnir máttarviðir séu og í námunda við Ólaf Tryggvason Jensen Thors, hæstv. núverandi forsrh. Íslands. En það versta er, að sú spilling kemur ofan frá, frá æðstu yfirstjórn þjóðfélagsmálanna, og sýkir svo auðvitað allan þjóðlíkamann, því að „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það".

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Hér liggja nú fyrir fjárl. til 3. og síðustu umr. Af þeim má jafnan fá ýmislegar þýðingarmiklar upplýsingar. Heildarupphæð á sjóðsyfirliti fjárlfrv., þegar það var lagt fram, var rúmar 427 millj. kr. Þessi upphæð hefur hækkað í meðförunum við 2. umr. í 443 millj. og á sjálfsagt eftir að hækka enn við þessa umr., þannig að gera má ráð fyrir, að upphæðin verði orðin 460—470 millj. um það er lýkur, og verður sjálfsagt í raun yfir 500 millj. kr.

Fyrir nokkrum áratugum komst íslenzkur stjórnmálamaður þannig að orði, að hann sundlaði, þegar hann heyrði nefnda milljón. Hvað mundi sá heiðursmaður segja nú, ef uppi væri, þegar hann yrði að fara að læra ný orð yfir tölur fjárl.? Milljónin er orðin úrelt hugtak. Niðurstöðutala fjárl. nemur um það bil hálfum milljarð króna og er á stöðugri hreyfingu upp á við. Er því sýnilegt, að milljarðurinn hefur verið innleiddur í stað milljónarinnar áður.

Langmestur hluti þessa hálfa milljarðs króna er tekinn af þjóðinni með sköttum og tollum og meira en helmingurinn með innflutningsgjöldum og söluskatti, sem leggst beint á almenning í hlutfalli við vörukaup hans, en ekki eftir efnum og ástæðum, og hann kemur því þyngst niður á þeim, sem hafa fyrir stærstum fjölskyldum að sjá. Söluskatturinn var á sínum tíma lagður á til þess að greiða niður vöruverð og greiða útflutningsuppbætur, til þess að á þann hátt væri hægt að forðast gengislækkun, en hann hefur verið tekinn áfram, eftir að gengislækkunin var gerð og þrátt fyrir hana og bátagjaldeyrinn, og er engu minni nú en áður. Með álagningu söluskattsins hafa tekjuöflunarmöguleikar kaupstaðanna og kauptúnanna verið gífurlega skertir, því að frá þessum stöðum er söluskatturinn tekinn að langsamlega mestu leyti. Eiga því nú ýmsir þessara staða mjög erfitt með að jafna niður nægilega háum útsvörum til þess að standast nauðsynleg útgjöld. Það var því ekki að furða, að jafnvel framámönnum í Sjálfstfl. blöskraði þessar aðfarir, enda reis upp borgarstjórinn í Reykjavík á þingi 1951 og bar þar fram till. um, að 25% af söluskattinum yrði látið renna til bæjarfélaganna samkv. ályktun bæjarstjórafundar, sem saman var kominn og

setinn af flestum eða öllum bæjarstjórum á landinu, sem höfðu gert ályktun um þetta efni. Þessi till. náði samþykki í Nd. En þá skeði það furðulega, að fjmrh. hæstv. reis upp og þyrsti sig og sagðist ekki mundu taka við fjárl. þannig og krafðist þess, að þetta ákvæði um 25% handa sveitarfélögunum yrði tekið út aftur, því að ekki mundu fást greiðsluhallalaus fjárl., ef þessi upphæð væri látin renna til sveitarfélaganna. Og sjá, stjórnarliðið beygði sig, framlagið til sveitarfélaganna var þurrkað út, og jafnvel flm. sjálfur, hv. borgarstjóri, sat hjá við endanlega atkvgr. um málið, þar sem þetta framlag var numið úr lögum aftur. Að nokkur möguleiki hafi verið fyrir hendi til þess, að sveitarsjóðirnir mættu njóta þessarar upphæðar, sýnir bezt, að á sama þingi var verið að ráðstafa greiðsluafgangi frá árinu áður, sem nam tugum milljóna króna, og raunverulegur greiðsluafgangur 1952 virðist einnig hafa numið svipaðri upphæð og þessi 25% af söluskattinum samkvæmt skýrslu hæstv. fjmrh. í október í haust um afkomu ársins 1952. Þannig er nú komið á daginn, að þó að þessi hluti söluskattsins hefði runnið til sveitarfélaganna, þá hefði greiðsluafgangur samt getað orðið á ríkisreikningnum 1952, ef dregið hefði verið nokkur úr lánveitingum, sem þar eru nú færðar, eða lán tekin fyrir þeim á móti. Nei, það var ekki af því, að þetta væri ekki hægt. Það var viljinn, sem vantaði. Hin aðþrengdu bæjarfélög við sjávarsíðuna, sem stynja undir álögum ríkisstj. og stöðugt vaxandi dýrtíð, geta ekki nú orðið jafnað niður hjá sér nauðsynlegum útsvörum. Þau njóta ekki sömu umhyggju hjá hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokkum, Sjálfstfl. og Framsfl., eins og aðrir landsmenn, og mun ég víkja aðeins að því aftur síðar. Kvað svo rammt að þessu, að þegar flutt var till. um, að ef söluskatturinn kynni að fara fram úr áætlaðri fjárhæð, skyldi það, sem umfram yrði, renna til sveitarfélaganna, þá var sú till. einnig steindrepin af stjórnarliðinu. — Þetta verður að nægja um tekjuhlið fjárlfrv.

Hvað er þá að segja um hina hliðina, um gjaldahliðina? Hefur ekki þessu mikla fé, sem nú er innheimt af almenningi, verið varið meira en áður til verklegra framkvæmda? Það er sjálfsagt að athuga það.

Árið 1946 voru rekstrarútgjöld áætluð á fjárl. 127.4 millj. kr. Það ár voru veittar til hafnargerða og lendingarbóta og til hafnarbótasjóðs 5.1 millj. kr., eða um 4% af heildarupphæð fjárl. Á þessu fjárlfrv., sem hér liggur fyrir fyrir árið 1954, eru niðurstöðutölur á rekstrarreikningi, eins og áður er sagt, 427 millj. kr., eða rúmlega þrisvar sinnum hærri en 1946. En framlagið til hafnargerða og lendingarbóta og hafnarbótasjóðs á frv. er aðeins rúmlega 1½ millj. kr. hærra en það var 1946, eða 6.7 millj. krónur. Þetta framlag, sem nam 1946 4% af fjárlagaupphæðinni, nemur nú aðeins 1½% af þeirri upphæð. Að vísu má gera ráð fyrir, að þessi upphæð hækki eitthvað lítillega í meðferð þingsins, og hún hefur við 2. umr. hækkað um 1 millj. kr., en þó aldrei meira en svo, að hún nái 2% af heildarrekstrargjöldunum í stað 4% 1946. Framlagið til þessara verklegu framkvæmda hefur því þarna lækkað um helming, en ekki hækkað, hlutfallslega.

Svipað verður upp á teningnum, ef athugað er framlagið til vitabygginga. Það var 700 þús. kr. 1946. Ef það hefði hækkað í sama hlutfalli og fjárl., ætti það að vera í dag 2 millj., en er aðeins 1 millj. kr.

Þó að ég hafi minnzt hér á verklegar framkvæmdir vita- og hafnarmálanna og framlög til þeirra fyrst, af því að ég er þeim kunnugastur, þá er þessu einnig á sama hátt varið um fleiri svipaða liði. Framlögin til verklegra framkvæmda hafa lækkað hlutfallslega víðar. Tökum til dæmis nýbyggingar þjóðvega. Framlag til þeirra var 7½ millj. kr. 1946 og ætti því að vera yfir 20 millj. kr. nú, ef það hefði hækkað í hlutfalli við heildarhækkun fjárl. En þetta framlag er á fjárlfrv. nú 8.1 millj. kr. aðeins, og þó að sú upphæð kunni eitthvað að hækka í meðförum þingsins, þá verður það aldrei meira en svo, að upphæðin nær ekki helmingi þeirrar upphæðar, sem vera ætti, ef hlutfallsleg hækkun hefði verið á því og heildartölu fjárl. Hin aukna eyðsla úr ríkissjóði hefur því ekki gengið til hlutfallslegrar aukningar þessara verklegu framkvæmda, heldur þvert á móti, fjárveitingar til þeirra hafa minnkað um helming hlutfallslega, miðað við heildarupphæð fjárl.

Hefur þá ekki auknu fé verið varið til styrktar höfuðatvinnuvegum landsmanna, sjávarútvegi og iðnaði? mætti spyrja. Hefur ríkissjóður ekki lagt fram stórfé til byggingar orkuveranna við Laxá og Sog og til áburðarverksmiðju? Því fer nú víðs fjarri. Mér vitanlega hefur ekki verið lagt fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda nema til hlutafjárkaupa í áburðarverksmiðjunni. En hins vegar hefur ríkissjóður haft tugi millj. kr. í tolltekjur og söluskatt af þessum fyrirtækjum, tekjur, sem gera miklu meira en að jafnast á við það, sem út kann að hafa verið lagt.

Á fjárlfrv. eru ætlaðar 6.1 millj. kr. til sjávarútvegsmála og 1.9 millj. til iðnaðarmála, sem út af fyrir sig er nokkurt fé. En þegar þessar upphæðir eru bornar saman við það, sem veitt er til landbúnaðarmála, sem eru 34.4 millj. kr., þá má segja, að hlutur sjávarútvegs og iðnaðar sé ekki stór, þegar á hitt er litið. Sérstaklega er það athugavert, að bátaútvegsmenn hafa ekki til stofnlána nú annað en tóman fiskveiðasjóð, sem engar ráðstafanir hafa enn verið gerðar til þess að afla fjár til annars en útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem útvegsmenn verða sjálfir að greiða í sjóðinn. Þegar þetta er borið saman við þá milljónatugi, sem fyrr og síðar hefur verið veitt til landbúnaðarins og til lánsstofnana hans, verður mismunurinn gífurlegur. Með því að styrkja fiskveiðasjóðinn með myndarlegu fjárframlagi úr ríkissjóði mætti líka gera tvennt í senn: styrkja bátasmíðarnar innanlands og auka skipaflotann hjá útvegsmönnum. En fiskveiðasjóður er tómur, og framlag til hans var fellt við 2. umr. nú fyrir nokkrum dögum.

Þar sem nú þessar gífurlegu fjárfúlgur, sem heimtar eru af landsfólkinu, fara ekki að ráði meira en áður til verklegra framkvæmda né heldur til styrktar stærstu atvinnuvegum landsins, verður manni á að spyrja: Til hvers fara allir

þessir peningar? Til hvers fer hálfi milljarðurinn? Ég skal aðeins nefna þrennt.

Í fyrsta lagi hafa allar launagreiðslur ríkissjóðs hækkað gífurlega vegna gengislækkunar og bátagjaldeyrisbrasks ríkisstj. og þar af leiðandi vaxandi dýrtíðar. Kemur þetta fram nálega á öllum liðum fjárlfrv. og skiptir milljónatugum. Kemur þetta þó einna greinilegast fram á kostnaðinum við utanríkisþjónustuna, þar sem gert er nú ráð fyrir 6½ millj. kr. útgjöldum til þeirra hluta í stað 2 millj. kr., sem áætlaðar voru á fjárl. ársins 1949, sem var síðasta árið fyrir gengisfellinguna miklu. En þetta er ekkert einsdæmi. Þannig er þetta nálega alls staðar, þó að það komi skýrast í ljós þarna, þar sem greiðslurnar fara að miklu eða mestu leyti fram í erlendri mynt.

Í öðru lagi vil ég benda á 19. gr. fjárl., en hana er vert að athuga alveg sérstaklega. Það er lærdómsríkt að gefa henni gaum. Þar eru nú áætlaðar til dýrtíðarráðstafana 43.5 millj. kr. Þessi liður hefur verið á hraðri uppleið hin síðustu ár. 1952 var hann 25 millj., 1953 var hann 36.8 millj., en nú er hann áætlaður 43.5 millj. kr. Hvað þýðir þetta? Það þýðir einfaldlega það, að núverandi stjórnarflokkar eru komnir hér inn á nákvæmlega sömu brautina sem þeir fordæmdu mest fyrir 1950, hjá stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, og þar áður. Og það þýðir, að þeir fara meir og meir inn á þessa leið með hverju árinu, sem líður. Hin geysilega gengisfelling íslenzkrar krónu, þegar verð hennar var fellt um 43% 1950, dugir ekki. Bátagjaldeyrisbraskið dugir ekki heldur. Alltaf verða leiðirnar, sem valdar eru, þessar tvær til þess að hækka verðlagið í staðinn fyrir að lækka það. Afnám hámarksálagningar á vörur verkar einnig í sömu átt. Er þá gripið til þess ráðs, sem ekki mátti nefna um áramótin 1949—50, þegar gengislækkuninni var skellt á og niðurgreiðslurnar á vörur nú auknar, þannig að þessar niðurgreiðslur eru nú komnar upp í 43.5 millj. kr. þrátt fyrir gengislækkun og bátagjaldeyri, eða kannske réttara sagt einmitt vegna gengislækkunar og bátagjaldeyris. Árið 1949, sem var síðasta árið fyrir gengislækkun, voru áætlaðar á fjárl. 64.6 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, sem ætlað var að skiptist nokkurn veginn að jöfnu á niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Niðurgreiðslurnar urðu það ár 36.4 millj. kr. Nú mun ekki, eða a. m. k. ekki sem neinu nemur, vera greiddur útflutningsstyrkur eða útflutningsuppbætur, heldur mun upphæðin öll fara til niðurgreiðslu á vörum til að halda dýrtíðinni í skefjum. Þessi útgjöld eru því orðin nú rúmum 7 millj. kr. hærri en þau komust hæst fyrir gengislækkunina og nálgast óðfluga þá upphæð, sem í heild var varið þá til dýrtíðarráðstafana. Öruggari gjaldþrotayfirlýsingu fyrir gengisfellingar- og bátagjaldeyrispólitíkinni er ekki hægt að fá. Og haldi svona áfram sem horfir, þá stefnir óðfluga að nýju hruni. Það má sjálfsagt, fræðilega séð, hugsa sér að fara aðra hvora leiðina, leið niðurgreiðslu eða leið gengislækkunar. En það er að ofbjóða þolinmæði fólksins í landinu að fara þær báðar, eins og hér er nú gert.

Þriðja atriðið, sem mig langar til að minnast á örfáum orðum og veldur því, að nú þarf að fara að telja niðurstöðutölur fjárl. í milljörðum, er hin gífurlegu fjárframlög til landbúnaðarins. Í 16. gr. A. er talið veitt í þessu skyni 34½ millj. kr., eins og ég minntist á áðan, og vantar þó mikið á, að þar sé allt talið. Það væri að vísu ekki nema gott eitt um það að segja að veita allt þetta mikla fé á hverju ári til uppbyggingar landbúnaðinum, ef það væri hægt að skaðlausu fyrir hina þjóðfélagsþegnana að missa það. En það er það bara ekki. Og það er þetta, sem að mjög verulegu leyti er orsök til þess jafnvægisleysis og stöðugt vaxandi dýrtíðar, sem einkennt hefur okkar efnahagslíf hin síðustu ár. En um þetta eru stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., innilega sammála — jafnsammála og um hitt, að afnema hámarksálagningu á vörur, svo að heildsalarnir geti leikið lausum hala og tekið handa sér það, sem þeir ákveða sjálfir. Og þetta er svo áberandi, að maður freistast jafnvel til að halda, að þarna á milli framlaganna til bændanna í tugum milljóna kr. og afnáms hámarksálagningarinnar fyrir heildsala sé eitthvert samband eða um það samið milli stjórnarflokkanna. En mest er þetta gert á kostnað almennings í bæjunum, fólksins við sjávarsíðuna, sem fær ekki heldur að halda eftir litlum hluta af söluskattinum til sinna eigin þarfa.

Stjórnin lofaði skattalækkun, þegar hún settist að völdum. Ekki hefur enn bólað á frv. um þá hluti. Og nú er manni sagt, að þingið eigi ekki að koma aftur saman til starfa úr jólafríinu fyrr en í febrúar, þ. e. a. s. ekki fyrr en að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum. Mætti því segja mér, að öruggara væri að gera ráð fyrir, að sú skattalækkun verði ekki um of rífleg, þegar hún þolir ekki að sjá dagsins ljós hérna megin við kosningarnar.

Ríkisstj. er nú búin að fara hringinn í efnahagsmálum. Hún byrjar með stærstu gengisfellingu, sem sögur fara af, tekur síðan upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, sem leggur 100 millj. kr. skatt á þjóðina, og endar svo þar, sem hún byrjaði, með því að greiða niður vöruverðið, sem hún fordæmdi í upphafi, með 40—50 millj. kr. á ári úr ríkissjóði.

Tíminn sagði fyrir kosningarnar í vor, að félagar hans í ríkisstj. hefðu enga stefnu aðra en þá að halda völdum sér og sínum til styrks og hagnaðar. Skyldi þetta vera svo fjarri lagi? Morgunblaðið sagði um sína samstarfsmenn, að þeir væru fjárplógsmenn og braskarar, jafnvel á heimsmælikvarða. Gæti þetta ekki líka farið að nálgast það að vera rétt, þegar fjárlögin verða talin saman á heimsmælikvarða með því að nota milljarðinn sem einingu og úthlutunum úr ríkissjóði er deilt jafnherfilega misjafnlega milli þegna þjóðfélagsins og raun ber vitni og þegar einstakir flokkar manna í landinu eru efldir til gróða á kostnað almennings við sjávarsíðuna eins og raun ber vitni? Það væri undarlegt, ef þessi almenningur færi ekki úr þessu að láta stjórnarflokkana til sín heyra á því tungumáli einu, sem þeir skilja.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Þeim, sem vill fylgjast með

umr. um fjárlfrv. og fjárlagaafgreiðslu Alþingis, er nauðsynlegt að gera sér mjög ljósa grein fyrir nokkrum meginatriðum, sem hljóta að marka afstöðu þingflokka til þessa máls.

Fyrst af öllu ber að hafa það hugfast, að fjárlfrv. er ekki heimadæmi fjmrh. í bókfærslu og þó sízt af öllu til að reikna það vitlaust, heldur tæki ríkisvaldsins til að hafa meiri og minni áhrif á líf og hag hvers einasta þjóðfélagsborgara og getur jafnvel ráðið sköpum einstakra atvinnugreina og atvinnulífsins í heild. Ráðdeildarlaust bruðl og hóflausar kröfur um aukinn rekstrarkostnað ríkisins geta mjög auðveldlega torveldað eða hindrað eðlilega og nauðsynlega framþróun efnahagslífsins, ef framleiðslunni er íþyngt um of með sköttum og tollum. Til að semja skynsamleg fjárlög, — fjárlög, sem gætu verið efnahagslífi þjóðarinnar lyftistöng, en ekki snara um háls þess, þarf því mjög víðtæka og mjög nákvæma þekkingu á efnahagslífinu í heild og í einstökum greinum, aðgang að upplýsingum, sem það varða, og skilning á frumþörfum vaxandi þjóðfélags fyrir sívaxandi framleiðslu. Af fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir, má hverjum vera ljóst, sem það athugar, að ekkert af þessum atriðum hefur hvarflað að þeim, sem réð gerð þess.

Annað atriði, sem hafa ber hugfast, er það, að áður en hin efnislega umr. fjárlfrv. hefst, eru allir tekjustofnar ríkissjóðs ákveðnir samkvæmt öðrum lögum og leiðum og þar með raunverulega tekjur ríkissjóðs næsta ár. Skattarnir eru ákveðnir með skattalögum, tollarnir með lögum um tollskrá, verðlag á áfengi og tóbaki er ekki háð ákvörðunum Alþingis og þá ekki heldur raunverulegar tekjur af sölu þessara vara, og þannig mætti lengi telja. Söluskattinn, óvinsælasta og ranglátasta tekjustofn ríkissjóðs, er Alþingi látið framlengja árlega, áður en umr. um fjárl. hefjast. Þegar lögin um framlengingu söluskattsins voru til umr., bárum við þm. Þjóðvfl. Íslands fram þá brtt. við þau, að söluskatturinn yrði felldur niður af smásölu, innlendum iðnaðarvörum og alls konar þjónustu, þ. e. a. s. ranglátasti hluti hans, sá hluti, sem vitað er og viðurkennt að aldrei rennur í ríkissjóð, heldur verður ýmsum ófyrirleitnum bröskurum að féþúfu. Hefði þessi till. náð samþykki, mundum við hafa létt af almenningi um 35 millj. kr. skattabyrði. Þrátt fyrir þá tekjulækkun, sem hér um ræðir, hefði hæstv. ríkisstj. getað afgr. fjárlfrv. eins og það var lagt fram, eins og ég mun síðar sýna fram á. Ef þessi till. hefði náð samþykki, mundu þm. Þjóðvfl. hafa talið það eftir atvikum svo mikilvægan áfanga að heilbrigðri fjármálastjórn, að þeir hefðu sætt sig við að samþykkja fjárlfrv. að öðru leyti án meiri háttar breytinga. En þessi till. var felld með atkv. allra hv. þm. stjórnarflokkanna, sem viðstaddir voru í hv. Nd., og þegar slík misindismál sem söluskatturinn eru á dagskrá, sækja þeir óvenjuvel.

Þegar 2. umr. um fjárlfrv. hefst, eru tekjustofnarnir þannig ákveðnir, eins og ég áður sagði. Við fjárlagaumr. er því hlutverk Alþingis það eitt að reyna að áætla tekjurnar samkvæmt tekjustofnunum og ráðstafa þeim síðan til ákveðinna þarfa. Nú er það skylda Alþingis að reyna að áætla tekjurnar eins rétt og nákvæmlega og nokkur tök eru á, vegna þess að á því veltur það, hvort fjárveitingavaldið er raunverulega í höndum Alþingis eða í höndum ríkisstj. Þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. lætur Alþingi í té til að vinna þetta verk vel og skynsamlega, eru harla bágbornar. Það er þá helzt, að það er staðreynd, að nokkur undanfarin ár hafa tekjuáætlanir hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, verið svo fjarri raunveruleikanum, að líkja mætti við sögur Vellygna-Bjarna. Ég nefni aðeins þessi dæmi: Árið 1951 urðu tekjur ríkissjóðs 115 millj. kr. hærri en fjmrh. hafði áætlað þær. Árið 1952 urðu þær 44 millj. kr. hærri en áætlað var, og var þó áætlun ráðh. þá hækkuð stórlega í meðförum þingsins, og árið 1953 munu tekjur ríkissjóðs verða um 70 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárl. yfirstandandi árs samkvæmt upplýsingum, sem hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, gaf sjálfur við 2. umr. fjárlfrv. Öll þessi ár hefur hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, haldið því fram á Alþingi og frammi fyrir þjóðinni allri af miklum fjálgleik, að tekjuhlið fjárlfrv. væri of hátt spennt og teflt væri á tæpasta vað um afgreiðslu fjárl., eins og hann hefur orðað það og mun orða það í umr. hér í kvöld. Hinn bláberi sannleikur, sem öllum er ljós, er þó sá, að hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hefur aldrei farið yfir Fúlalæk skattpíningarinnar á neinu vaði, heldur ekið yfir hann í lúxusbifreið á brú byggðri af striti íslenzkrar alþýðu. Þannig er þá fyrsta heimildin, sem Alþingi hefur að leiðarstjörnu við afgreiðslu fjárl. Auk þess geta þm. svo stuðzt við næsta fjárlagaár á undan því, sem til umr. er hverju sinni. Fjárlagaárið 1953 var gert ráð fyrir, að ríkistekjurnar yrðu 418 millj. kr. samkvæmt fjárl. Samkvæmt upplýsingum hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, sem ég áðan gat, má nú þegar gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði ekki 418 millj. kr., heldur a. m. k. 485 millj. kr., eða fari allt að 70 millj. kr. fram úr áætlun. Þá skal það tekið fram, að hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sagði við 2. umr. fjárl., að ef nota ætti þessa upphæð sem viðmiðunartölu, bæri að draga frá henni 25 millj. kr. óvenjulegar tekjur, sem ríkissjóður hefði fengið á yfirstandandi ári í tolla og skatta af virkjununum við Sog og Laxá. Er það í fyrsta skipti, sem hann hefur fengizt til að viðurkenna það, sem ég upplýsti við 1. umr. fjárlfrv., að ríkissjóður hefði haft þessar þjóðnauðsynlegu framkvæmdir að féþúfu í eyðsluhít sína. Er óþarft að fara fleiri orðum um það mál hér, svo ljóslega sýnir það hug og afstöðu stjórnarflokkanna til framkvæmda og eflingar íslenzks atvinnulífs. En þó að þessar 25 millj. kr. séu dregnar frá ríkistekjunum 1953, verða eftir um 460 millj. kr. Talsmenn stjórnarflokkanna hafa haldið því fram við fjárlagaumr. og munu halda því fram við þessar umr., að árið 1953 hafi verið óvenjulega gott ár, eins og það er kallað, og þess vegna sé ekki rétt að gera ráð fyrir, að árið 1954 verði eins gott ár. Sannleikurinn er hins vegar sá, að árið 1953 hefur um ekkert verið óvenjulegt annað en það, að grasspretta var óvenjulega góð, en það hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs, a. m. k. ekki sam-

sumars. Árið 1953 er um flesta hluti meðalár hvað framleiðslu snertir og því heppilegt til viðmiðunar. Auk þess ber að hafa það hugfast, að ef ekkert óvenjulegt dynur yfir, svo sem enn þá meiri aflabrestur en verið hefur á síldveiðum um langt skeið eða ástæðulaust atvinnuleysi og skipulagðir erfiðleikar framleiðslunnar af ráðdeildarlausum valdhöfum, má alltaf gera ráð fyrir, að þjóðartekjur næsta árs og þar með tekjur ríkissjóðs verði nokkru meiri en á yfirstandandi ári hjá þjóð, sem er í vexti, og að öðru jöfnu. Stafar það af því, að í fyrsta lagi bætast árlega við allmargir nýir skattgreiðendur og þar með breikkar skattagrundvöllurinn; í öðru lagi af því, að hin nýja kynslóð leitast við að fullnægja lífsþjargarviðleitni sinni og athafnaþrá jafnvel af meiri stórhug og þjartsýni en fyrri kynslóðir þessa lands, stofnar sinn eigin atvinnurekstur og framleiðslufyrirtæki, leggur sitt nýja framlag til þjóðarbúsins árlega, sem breikkar skattagrundvöllinn og eykur ríkistekjurnar að óbreyttum skatta- og tollalögum. Og þó að hin unga kynslóð sé ekki hert í baráttunni við harðræði elds og ísa eins og hinar eldri kynslóðir, þá er hún hert í baráttunni við spillta, hugsjónalitla og makráða valdhafa, sem glatað hafa trúnni á getu þjóðarinnar og möguleika til að lifa án betlidóms í landi sínu.

Þessi atriði, sem ég hef nú lýst, eru sá grundvöllur og það leiðarljós, sem a. m. k. stjórnarandstaðan hefur til að marka afstöðu sína við afgreiðslu fjárl. Ég hef af ásettu ráði rætt þau eins ýtarlega og tök voru á á þeim tíma, sem ég hef til umráða. Geri ég það til þess að skynsöm alþýða þessa lands eigi auðveldara með að átta sig á fánýti þeirra blekkinga, sem talsmenn hæstv. ríkisstj. munu halda hér fram, að till. okkar þjóðvarnarmanna hafi verið óraunhæfar og af þeim sökum hafi þær verið felldar af stjórnarliðinu handjárnuðu.

Við hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, lögðum til með hliðsjón af framangreindum rökum, að tekjur ríkissjóðs árið 1954 yrðu áætlaðar á fjárl. ekki 485 millj. kr., eins og upplýst er að þær muni verða 1953, heldur aðeins 464 millj. kr., eða 37 millj. kr. hærri en hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lagði sjálfur til í fjárlfrv. Er það mun lægri upphæð en umframtekjur ríkissjóðs hafa reynzt árlega um langt skeið. Má því öllum ljóst vera, að varlega var í sakirnar farið. Rökstuddum við þessar till. okkar allýtarlega lið fyrir lið, þótt ekki sé tími til að rekja það hér. Þarf varla að taka það fram, að hv. þingmenn stjórnarflokkanna voru látnir fella þessar till. allar, þó að þeim væri öllum ljóst, að tíminn mundi eiga eftir að sanna, að þær voru sannleikanum samkvæmari en það, sem þeir voru látnir samþykkja. Þó skal viðurkennt, að meiri hl. fjvn. lagði til og fékk samþ. með atkvæðum stjórnarandstöðunnar, að tekjur ríkissjóðs yrðu áætlaðar 16½ millj. kr. hærri en hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hafði lagt til. Er skylt að veita meiri hl. fjvn. viðurkenningu fyrir þá karlmennsku, sem hann þar sýndi, þótt í litlu væri, þar sem vitað er, að þetta var fyrst og fremst gert til að gefa almenningi vísbendingu um það, hvers eðlis fjárlfrv. er svo og frágangur þess frá hendi ráðh. En megintilgangur hæstv. ríkisstj. með því að áætla ríkistekjurnar vísvitandi 50—100 millj. kr. lægri árlega en þær raunverulega verða er svo sem kunnugt er sá að vera óbundin af ákvörðunum Alþingis um umframgreiðslur úr ríkissjóði til valdabaráttu og atkvæðasnapa stjórnarflokkanna.

Þá lögðum við þingmenn Þjóðvfl. Íslands fram nokkrar till. til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Lögðum við m. a. til, að aðeins væri starfandi eitt sendiráð á Norðurlöndum, að lækkaður yrði um nokkur hundruð þús. kr. ferðakostnaður og annar kostnaður við tilgangs- og nauðsynjalausar tildursráðstafanir úti í löndum og lúxusflakk stjórnargæðinga og fleira þess háttar.

Samtals námu þessar sparnaðartill. okkar á ríkisrekstrinum um 2.2 millj. kr., og kynni ýmsum að finnast varlega í sakirnar farið. Þessar till. voru þó allar felldar af stjórnarflokkunum, og voru hv. þm. stjórnarflokkanna einir um það afrek og sýndu með því ótvírætt, að þeir vilja ekkert spara í ríkisrekstrinum, enda vitað, að stjórnarflokkarnir líta þannig á, að nú sé svo komið, að eina von þeirra til að halda völdum sé bundin við það, að hæstv. ríkisstj. ausi til þess fé úr ríkissjóði. Það eina, sem hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hafði til þessara mála að leggja við fjárlagaumræðurnar yfirleitt, var það, að nauðsynlegt væri að framkvæma rannsókn á því, á hvern hátt mætti spara í ríkisrekstrinum. Nefni ég þetta fyrst og fremst vegna þess, að þetta mun verða eitt meginatriðið í ræðu þessa hæstv. ráðh. við þessar umr. Vil ég ráðleggja mönnum að gjalda varhuga við alvöru þessara orða, þegar þau koma frá hæstv. núverandi fjmrh. Færi ég þau rök fyrir því, auk þess sem þegar er greint, að hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, sem var frsm. meiri hl. fjvn. við 2. umr. fjárl., gat þess, að fyrir nokkru hefði verið starfandi sparnaðarnefnd á vegum ríkisstj. til að rannsaka og gera till. um sparnað í rekstri ríkisins og ríkisstofnana, hefði þessi n. lagt fram allýtarlegar till. til sparnaðar, þ. á m., að ýmsir embættismenn ríkisins afhentu bifreiðar, sem þeir hefðu á kostnað ríkissjóðs. Árangurinn af þessum sparnaðartillögum sagði þessi hv. þm. orðrétt þann: „að aðeins einn embættismaður hefði afhent sinn bíl og þar við hefði setið“. Þetta þýðir það, að ríkisstj. núverandi stjórnarflokka kostaði sparnaðarnefnd af ríkisfé og hafði síðan till. hennar að engu. Þá bið ég menn einnig að athuga það vandlega, að allar till. um aukinn rekstrarkostnað ríkisins á undanförnum árum, sem samþ. hafa verið, hafa komið frá núverandi stjórnarflokkum, sem öll ráð hafa haft í hendi sér. Till. Alþfl. og Sósfl. í þeim efnum hafa allar verið felldar, og Þjóðvfl. hefur engar till. borið fram um aukinn rekstrarkostnað ríkissjóðs. Bið ég menn að hafa þetta vandlega hugfast.

Til enn frekari rökstuðnings í þessu efni skal ég lesa nokkur orð úr framsöguræðu hv. 2. þm. Eyf., Magnúsar Jónssonar, við 2. umr. fjárl., sem birt var í Morgunblaðinu 10. des. s. l. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarin ár hefur hinn sívaxandi rekstrarkostnaður ríkisins og hækkun lögboðinna fram-

laga valdið því, að hlutur hinna verklegu framkvæmda hefur orðið æ minni.“

Það mun tæplega unnt að lýsa hinni óheilbrigðu fjármálastefnu núverandi valdhafa öllu betur í jafnfáum orðum. Í stað þess að vera lyftistöng fyrir atvinnu- og efnahagslífið í landinu eru fjárlög og fjármálastefna hæstv. ríkisstj. drápsklyf og fjötur á eðlilegu athafnalífi landsmanna. Útgjöld ríkissjóðs eru að langmestu leyti bundin með löggjöf, sem þingmeirihluta þarf til að breyta, löggjöf, sem ekki verður breytt í jákvæða átt, fyrr en kominn er á Alþ. meiri hl., sem hefur skilning á því, að auðugu menningarlífi, félagsstarfsemi og sjálfsögðum kröfum nútíma þjóðfélags um lífsþægindi getur þjóðin aðeins með einu móti haldið uppi og fullnægt, með því, að efnahags- og atvinnulíf hennar geti risið undir þeim fórnum, sem slíkt hefur óhjákvæmilega í för með sér, að kröfur, sem gerðar eru í þessu efni til efnahagslífsins umfram getu þess, valda aðeins hruni og upplausn og grafa undan tilveru og sjálfstæði þjóðarinnar, eins og berlega hefur komið í ljós hin síðari ár. Af þessum sökum hefur Þjóðvfl. Íslands haldið því fram og mun gera, að þjóðin verði í þessum efnum að neita sér um mjög margt, á meðan hún er að koma efnahagslífi sínu og framleiðslu í það horf, að það geti borið uppi það menningarlíf og afkomuöryggi, sem hún á margfaldlega skilið, en þessu takmarki nær þjóðin aðeins með einu móti: með fórnum og framkvæmdum sjálfrar sín, en aldrei með ölmusugjöfum auðugra vina né stórhættulegu og lífsfjandsamlegu hernaðarbrölti í landi sínu.

Í ljósi þessara óhrekjanlegu sanninda bárum við hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, fram þær brtt. við fjárlfrv., að þeim samtals 39 millj. kr., sem við lögðum til að tekjur ríkissjóðs yrðu hækkaðar um og sparaðar í ríkisrekstri, yrði varið á þann veg, að 15 millj. kr. rynnu til nýrra atvinnuframkvæmda, fyrst og fremst til að hefja undirbúning að ýmiss konar þjóðnýtum iðnaði í stórum stíl, sem skipulega yrði byggður upp á nokkrum árum með árlegum framlögum og lánsfé til að veita vaxandi þjóðfélagi nauðsynleg viðfangsefni og lífsmöguleika. Þá lögðum við til, að 6 millj. kr. yrði varið til fiskveiðasjóðs til eflingar sjávarútveginum á sama hátt, að 5 millj. kr. af ríkisfé yrði varið til byggingar sementsverksmiðjunnar auk lánsfjár í stað 1 millj., sem hæstv. ríkisstj. hyggst veita til þess verks, sem sýnilega þýðir það, að ekkert á að þoka byggingu sementsverksmiðjunnar áfram á næsta ári. Loks lögðum við til, að 7 millj. kr. yrðu látnar renna til væntanlegrar veðdeildar Iðnaðarbanka Íslands, sem lánaði þær síðan út til að byggja yfir það fólk, sem nú þegar hefur beðið tjón á heilsu sinni við það að búa í hriplekum braggaskriflum og öðru slíku húsnæði, sem á engan hátt er mannsæmandi. Var þessi till. okkar miðuð við það þrennt: að útrýma því húsnæði, sem ég gat um, úr tölu mannabústaða, tryggja byggingariðnaðinum aðgang að lánsfé, svo að takast mætti að hefja byggingu í stórum stíl á einföldum og ódýrum, en heilsusamlegum íbúðum án íburðar og komast fram hjá þeirri sérkennilegu peningapólitík Landsbanka Íslands, sem telur sér hentast að binda útlán sín í velflestu öðru en varanlegum fasteignum og lánar ekki nema 55 kr. út á rúmmetra í íbúðarhúsum á sama hátt og gert var fyrir 40—50 árum, ef hann þá veitir lán til íbúðarhúsabygginga. Auk þessa bárum við fram nokkrar minni brtt., sem ekki vinnst tími til að rekja.

Útgjaldatill. okkar námu samtals 36.5 millj. kr. og voru því 2.5 millj. kr. lægri en tekjuhækkunar- og sparnaðartill., og mun það í fyrsta skipti í þingsögunni, að stjórnarandstöðuflokkur ber fram lægri till. til útgjalda en til hækkunar á tekjum. Er rétt, að menn hafi það atriði hugfast, þegar stjórnarliðið fer að fjargviðrast út af því, hvað till. þjóðvarnarmanna um fjárlagaafgreiðslu hafi verið óraunhæfar, en það mun það lið gera, ef ég þekki það rétt. Allar þessar till. voru hv. þm. stjórnarflokkanna látnir fella, og vil ég geta þess hér, að mér hefur þótt átakanlegt að horfa upp á það, hvað þessir hv. þm., sem sumir hverjir a. m. k. hafa reynt að sýna nokkra fyrirferð og reisn heima í héraði, eru fyrirferðarlitlir í vösum flokksleiðtoganna, þegar á þing kemur. En þannig verða þeir látnir afgreiða fjárl. á þessu þingi með æ minni hlut hinna verklegu framkvæmda og sívaxandi rekstrarkostnaði ríkisins, eins og hv. þm. Eyf., Magnús Jónsson, komst svo réttilega að orði. Sem smádæmi um hinn sívaxandi rekstrarkostnað ríkisins og óhófseyðslu hæstv. ríkisstj. má nefna það, að 6 ráðh. halda nú samtals 7 bíla og a. m. k. 5 fastráðna einkabílstjóra á ríkiskostnað, að hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og fjmrh., Eysteinn Jónsson, létu sér sæma að bera fram till. um það, að hæstv. utanrrh., Kristni Guðmundssyni, skyldi greitt þingfararkaup eins og þm., þó að hann sé ekki þm. Mun þá þessi hæstv. ráðh. kosta ríkissjóð með öllu saman, ráðherralaunum, þingfararkaupi, luxusbíl, einkabílstjóra, nær 8000 kr. húsaleigu á mánuði, sem ekkert fordæmi er fyrir að greiða, risnu o. fl., o. fl., um 300 þús. kr. á ári eða helmingi hærri upphæð en hæstv. ríkisstj. taldi ríkissjóð hafa efni á að veita Slysavarnafélagi Íslands til almennra slysavarna. Er það dæmi þó auðleyst, hvort þjóðinni er nauðsynlegra sex dáðlitlir ráðherrar eða öflugar slysavarnir á sjó og landi.

Þá nefni ég það og til, sem vitað er, að ráðherrar hafa notað vald sitt og aðstöðu til að koma sonum sínum og tengdasonum á ríkisjötuna, eins og t. d. hæstv. landbrh., Steingrímur Steinþórsson, og fyrrv. hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, og jafnvel veitt þeim frí frá störfum á eftir til langdvala erlendis.

Loks nefni ég það, að sömu dagana og hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, flutti ræðu á Alþ. um nauðsyn þess að rannsaka, á hvern hátt mætti spara í ríkisrekstrinum, réð hann sjálfur tvo menn til að starfa hjá ríkisstofnun, sem heyrir undir hann og ég get nefnt, ef óskað er, að forstöðumönnum þeirrar stofnunar forspurðum, og vissu þeir ekki, hvað þeir áttu að láta mennina gera, þegar þeir birtust í fyrirtækinu. — Skora ég á hæstv. ríkisstj. að hrekja þessi atriði, ef ekki er rétt með farið.

Þannig undirbýr hæstv. ríkisstj. líf og lífsmöguleika komandi kynslóðar þessa lands. Á

þennan hátt býr hún þjóðina undir það að geta 2-faldazt á næstu 40 árum og séð 300 þús. manns farborða í landinu af eigin rammleik — með sívaxandi rekstrarkostnaði ríkisins og minnkandi framlögum til verklegra framkvæmda. Með ráðdeildarlausu óhófsbruðli, erlendum neyzlulánum og sníkjum lifir þessi hæstv. ríkisstj. í dag langt um efni fram og skrifar skuldina hjá þeirri kynslóð, sem við á að taka, svo að hún geti stunið undir okinu. Þær minjar lætur hún eftir sig, þegar hún hverfur, og mundi það eitt halda smán hennar á lofti langt fram í tímann, þótt ekki kæmi annað til.

Með fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir, bætir hæstv. ríkisstj. heimsmet sitt í skattakúgun og fjármálaóstjórn einu sinni enn. Raunverulegar ríkistekjur munu verða árið 1954 nær 500 millj. kr., þó að þær séu ekki áætlaðar nema 443 millj. kr. á fjárl. Við það ber að bæta bátagjaldeyrisokrinu, sem á næsta ári mun nema 70—100 millj. kr., þar sem vitað er, að það á að auka eftir áramótin. Ríkisálögurnar 1954 munu því nálgast 600 millj. kr., og má fullyrða, að hvergi í veröldinni séu þær jafnháar miðað við þjóðartekjur né hlutfallslega minna af slíkri upphæð varið til verklegra framkvæmda. Slíkt er fjármálavit hæstv. ríkisstj.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þeim fáu mínútum, sem ég hef hér til umráða í kvöld, hlýt ég að takmarka mál mitt við fá atriði, og er þó margs að geta, þegar til umr. er stefna og starfshættir hæstv. núverandi ríkisstj. Ég mun að þessu sinni einskorða mig við stefnu stjórnarinnar og allt hátterni gagnvart einum mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar, þeim atvinnuvegi, sem leggur til nálega alla útflutningsframleiðslu landsins, sjávarútveginum.

Ég vil taka það fram þegar í upphafi, að ég geri engan mun á hæstv. núverandi ríkisstj. og þeirri, sem sat næst á undan. Að báðum standa sömu flokkar, áhrifamennirnir eru hinir sömu, og í öllu, sem máli skiptir, er stjórnarstefnan hin sama. Virðist lítið annað hafa gerzt en það, að þeir Ólafur og Steingrímur hafa skipt um stól. Það, sem ég segi hér um stefnu stjórnarinnar, gerðir og aðgerðaleysi, á við um ríkisstj. þá, sem mynduð var á öndverðu ári 1950 undir forsæti Steingríms Steinþórssonar, en var á síðasta sumri endurskipulögð og hlítir nú forustu Ólafs Thors.

Eins og flestum er í minni, hófst ferill ríkisstjórnar Steingríms Steinþórssonar á því, að gengi íslenzkrar krónu var stórlega lækkað. Ráðunautar stjórnarinnar í efnahagsmálum, tveir sprenglærðir hagfræðingar, höfðu reiknað það út, að gengisfelling væri sú læknisaðgerð, sem koma mundi atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll. Stjórnarforkólfarnir tóku þessu sem fagnaðarboðskap, létu þeyta lúðra og berja bumbur og sögðu við þjóðina: Nú grípum við hnífinn og skerum brott meinsemdina. Gengislækkun er allra meina bót, einkum þegar fram í sækir. — Efnahagslegt jafnvægi var það takmark, sem stj. þessi benti á eins og skínandi vita, þegar verið var að fá þjóðina til að sætta sig við þungbærar afleiðingar gengisfallsins.

Hvernig hefur stefna stjórnarinnar reynzt í framkvæmd? Er ekki fyrir löngu náð hinu glæsta takmarki, efnahagslegu jafnvægi? Hafa ekki bráðabirgðaóþægindin, sem aðeins áttu að gera vart við sig fyrst í stað, horfið með öllu? Væntanlega eru nú gróin öll mein eftir læknisaðgerðina.

Hvernig er þessu háttað að því er sjávarútveginn varðar, þann atvinnuveg, sem læknisaðgerðin átti fyrst og fremst að duga? Sannleikurinn er sá, að þegar á fyrsta ári, sem þessi stjórnarstefna fékk að reyna sig í framkvæmd, kom í ljós, að hún var röng. Þrátt fyrir gengislækkun barðist bátaútvegurinn í bökkum og komst ekki af. Þá var gripið til einmitt þeirra ráðstafana, sem höfðu verið fordæmdar sérstaklega af stjórninni, þegar hún kom til valda, og þá eindregið varað við af sérfræðingum hennar, þ. e. tvöfaldrar skráningar á krónunni. Það var gert með bátagjaldeyrisálaginu svo kallaða, þegar útflytjendum vissra afurða var veittur einkaréttur á tilteknum vörutegundum, sem þeir máttu leggja á háan skatt, sem almenningur í landinu verður síðan að stritast við að borga í stórhækkuðu vöruverði. Þetta er enginn smáræðisskattur, heldur nemur hann nú 80—90 millj. kr. á ári eða jafnvel enn þá hærri upphæð. Hefði einhver glóra af viti átt að vera í skattlagningu þessari, varð af hálfu ríkisvaldsins að búa svo um hnútana, að sjómenn og útgerðarmenn, hinir raunverulegu eigendur og framleiðendur fisksins, fengju einir að njóta fríðindanna, það væru þeir, sem mættu flytja inn bátagjaldeyrisvörurnar og leggja á þær hina lögleyfðu verðhækkun. Þessir fjármunir, sem neytendur greiða, um leið og þeir kaupa vöruna, áttu að sjálfsögðu að ganga til þess að stórhækka fiskverðið og bæta afkomu bátaútvegsins og sjómannanna. Hvernig hefur þetta nú verið framkvæmt? Það hefur verið gert með þeim endemum, að mig skortir orð til að lýsa því svo sem vert væri. Bátagjaldeyrisskipulagið hefur leitt af sér gegndarlaust brask og okur án þess að koma þeim aðilum að verulegu gagni, sem fyrst og fremst hefðu átt að njóta þessarar skattlagningar í hækkuðu fiskverði, sjómönnunum á bátaflotanum. Af hálfu ríkisvaldsins er bókstaflega ekkert eftirlit með því, hvað verður af öllum þeim fjármunum, sem með bátagjaldeyrisálaginu eru píndir út úr almenningi. Tveir aðilar eru látnir berjast og bítast um fiskverðið, Landssamband ísl. útvegsmanna annars vegar, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hins vegar. Landssambandið og Sölumiðstöðin togast á um verðið í byrjun hverrar vertíðar. Þeir menn, sem hætta lífi sínu á sjónum og draga fiskinn úr djúpinu, hafa þar ekkert um að segja. Þeim er skammtaður sá vesæli skerfur, sem eftir verður, þegar allir aðrir hafa svikalaust fengið sitt. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og S. Í. S. hafa undir verndarvæng ríkisstj. fengið einokunaraðstöðu um sölu á hraðfrystum fiski. Frystihúsin hafa þar af leiðandi stórfellda hagsmuni af því að halda fiskverðinu sem allra lægstu, enda hafa þau gert það rækilega. Sölusamband ísl. fisk-

framleiðenda, sem hefur einokunaraðstöðu um sölu á saltfiski, hefur einnig hagsmuni af því, að sjómenn fái sem allra lægst verð fyrir fiskinn. Þetta hefur allt átt hlut að því að halda fiskverðinu til sjómanna og smáútvegsmanna niðri. Á sama tíma og sannanlegt er, að norskir fiskimenn fá kr. 1.60 fyrir kg af slægðum fiski með haus, fá íslenzkir sjómenn kr. 1.05.

*Hvers njóta þá hinir raunverulegu framleiðendur*, sjómennirnir, af bátagjaldeyrinum? Þeir fengu fiskverðið hækkað um eina vesæla 10 aura kg, úr 95 aurum í kr. 1.05. Á þeim bitnar síðan eins og öðrum landsmönnum hin stórkostlega verðhækkun, sem bátagjaldeyrisálagið veldur.

Framkvæmd þessa bátagjaldeyriskerfis hefur, eins og ég áðan sagði, verið fyrir neðan allar hellur, og á ríkisstj. á því mesta sök. Raunverulega hefur hún fengið þessa skattheimtu í *hendur pólitískum vildarvinum sínum og* alls konar fjárbrallsmönnum, og það eru millilið*irnir* fyrst og fremst, sem græða. Eftirlit af hálfu hins opinbera er bókstaflega ekki neitt.

Litlar upplýsingar liggja fyrir um það, hve mikið fé hefur verið innheimt samkv. bátagjaldeyriskerfinu. Engar skýrslur sýna, hve mikið fé hefur runnið til bátanna, þ. e. útvegsmanna og sjómanna, og á hinn bóginn, hve mikið til frystihúsa og annarra fiskseljenda. Hitt vitum við, að með bátagjaldeyrisálagi eru nú fluttir inn ótrú*legustu* vöru*flokkar, jafnvel ýmsar brýnar* nauð*synjavörur*, svo sem fatnaður, sumar neyzluvörur almennings og vörur og tæki, sem framleiðslan sjálf verður að nota. Svo langt hefur verið gengið, að bátagjaldeyrir er lagður á sumar þær vörur, sem útvegurinn þarfnast til eigin nota og getur með engu móti án verið. Er þar í bezta tilfelli um millifærslu á fé að ræða úr einum vasa útgerðarmannsins í annan, en jafnframt er þó óviðkomandi aðilum gefinn kostur á að taka háa tolla af þessari millifærslu, ekki aðeins hraðfrystihúsum og öðrum fiskútflytjendum, heldur er heildsölum greiddur mikill skattur af flutningi peninganna milli vasa útgerðarmannsins. Ríkisstj. er sjálfri sér trú í þessu sem öðru og þeirri stefnu sinni að veita hvers konar spákaupmönnum og bröskurum fríðindi á kostnað framleiðslunnar og almennings.

Ég hef þegar leitt rök að því, að bátagjaldeyririnn hefur stóraukið dýrtíðina í landinu og leggst með miklum þunga á alla alþýðu manna. Ég hef einnig leitt rök að því, að skattur þessi *kemur að sáralitlum notum þeim aðilum, sem* sagt var að hann ætti að hjálpa, útgerðarmönnum og sjómönnum, og allar líkur benda til þess, að hann valdi sjómönnum beinlínis fjárhagslegu tjóni. Svo smánarlega lítið fá þeir í sinn hlut, að það vegur ekki einu sinni upp á móti þeirri auknu dýrtíð, sem á þá leggst vegna skattheimtunnar. Þeir bátaútvegsmenn, sem ekki hafa aðstöðu til að græða á meðferð og sölu aflans, eru og mjög illa settir. Þeir reka báta sína með stórtapi. Lánsstofnanir eru þeim að mestu eða öllu leyti lokaðar, enda er nú svo komið um fjölda þessara manna, að þeir hafa orðið að leita á náðir frystihúsa og fiskimjölsverksmiðja, sem þeir skipta við, og fengið hjá þeim brýnustu rekstrarlán út á væntanlegan afla. Þar voru peningarnir til. Meðan hlutarsjómaðurinn býr við smánarkjör og smáútvegsmaðurinn sekkur æ dýpra í skuldafenið, græða aðrir aðilar milljónatugi eða hundruð milljóna á því að verka fiskinn, selja hann úr landi, kaupa vörur fyrir verðmætið og selja almenningi á óheyrilegu verði. Frystihúsrekandi hefur fullyrt hiklaust í *mín eyru*, að frystihús megi hæglega við því að taka bát á leigu til að tryggja sér hráefni og tapa á útgerð bátsins allt að 75 þús. kr. yfir vertíðina. Fiski báturinn 350 smálestir af fiski, náist tapið upp og meira en það í gróða þeim, sem verður af meðferð aflans og sölu. Svona er fiskverðinu haldið niðri og þar með komið í veg fyrir það, að sjómaðurinn fái rétt verð fyrir vöru sína. Talið er eðlilegt, að bóndinn leggi fram sína reikninga og segi: Þetta þarf ég að fá fyrir kjötið og þetta fyrir mjólkina til þess að *geta framfleytt mér og fjölskyldu minni og* lifað sómasamlegu lífi. — Auðvitað þarf bóndinn að búa við sæmilega afkomu, en þess þarf sjómaðurinn líka. Enginn kemur til hans og spyr, hvað fiskverðið þurfi að vera hátt, til þess að hann geti lifað. Þar er byrjað á öfugum enda. Nú er reglan yfirleitt sú, að fiskur er seldur í skiptum fyrir aðrar vörur, sem fluttar eru til landsins. Fiskseljendur, bankar, ríkissjóður, heildsalar og smásalar sjá allir um sitt og ríflega það. Hver þessara aðila um sig sópar til *sín vænum fúlgum* af sölu þeirra verðmæta, sem fást fyrir fisk sjómannsins. Loks er komið til sjómannsins og sagt við hann: Þetta varð nú eftir, þegar allir hinir höfðu tekið sinn toll. Hinir þurftu svo mikið, að þú verður að láta þér krónuna og fimmeyringinn nægja. — Hér er ekki að því spurt, hvað sjómaðurinn þurfi mikið í kaup í dýrtíðinni til að halda lífinu í sjálfum sér, konu sinni og börnum. Enginn reiknar út, hvað réttmætt er að greiða honum fyrir að hætta lífi sínu til að sækja fiskinn, svo að *þjóðin geti fengið vörur, ríkið, fiskseljendur* og millilið*ir* grætt. Enginn spyr, hvað sanngjarnt sé að fiskimaðurinn fái í kaup fyrir lengsta og strangasta vinnudag, sem þekkist hér á landi. Nei, allir hinir skulu fá sinn skammt ríflega mældan, sjómaðurinn molana, sem eftir verða. Þetta eru engar ýkjur. Tökum dæmi:

Vélbátur fiskar fyrir 380 þús. kr. á vertíð. Kaupendur aflans: frystihús, lýsisbræðslur og fiskimjölsverksmiðjur — vinna úr honum ýmsar afurðir og selja þær til útlanda fyrir 600 þús. kr. Nú eru keyptar vörur fyrir þessa upphæð. Sé um clearing-land að ræða, er bátaálagið ekki nema 26%, en 61% ella. Segjum, að keypt sé fyrir fiskinn vefnaðarvara í miðlungsháum tollflokki. Þá lítur dæmið þannig út: Á vöruna leggst ýmis smákostnaður, svo sem bankakostnaður, gjald til hafna, uppskipun og heimkeyrsla, samtals 30 þús. kr. Hlutur ríkissjóðs, verðtollur, vörumagnstollur og söluskattur, 345 þús. Bátagjaldeyrir 135 þús. 10% heildsöluálagning og 25% smásöluálagning 405 þús. Útsöluverð vörunnar er því hvorki meira né minna en 1 millj. 515 þús. kr. Væri hins vegar um að ræða vöru í háum tollflokki og keypta fyrir frjálsan gjaldeyri með 61% álagi, mundi hún hlaða á sig

miklu hærri upphæð. Þá fengju neytendur að greiða útflutningsverð fiskafurðanna meira en þrefaldað. Heildsölu- og smásöluálagningu í dæmi þessu hef ég reiknað út samkv. þeim álagningarreglum, sem um var samið við lausn verkfallsins mikla í fyrra. Mun óhætt að fullyrða, að fráleitt er álagningin lægri en þar var ráð fyrir gert.

Ástand bátaútvegsins er nú í stuttu máli sem hér segir: Fjöldi vélbátaeigenda á í megnustu erfiðleikum, og margir hafa lent í vanskilum. Engar líkur eru til þess, að bátar komist á flot á vetrarvertíð að óbreyttu ástandi. Kjör hlutarsjómanna eru þjóðinni allri til smánar og ríkisstj. og Alþ. þó mest, sem hafa tök á því að kippa þeim í lag. Ég þori að fullyrða, að sjómenn fást ekki út á bátaflotann í vetur, nema fiskverðið hækki til mikilla muna. Nú um komandi áramót er fyrirsjáanlegt, að í sambandi við útveginn verður ríkjandi fullkomið neyðarástand, vafalaust verra en nokkru sinni fyrr. Sjómenn hafa þegar krafizt þess, að fiskverðið hækki mjög verulega. Þeirri kröfu hljóta þeir að fylgja fast eftir. Frá stjórnarvöldum landsins hefur ekki heyrzt eitt einasta orð um það, til hvaða ráða þau ætli að grípa til að leysa þetta stórmál. Nú spyr ég hæstv. ríkisstj. og skora á hana að svara afdráttarlaust: Hvað ætlar hún að gera til að rétta hag sjómanna og útvegsmanna? Ætlar hún ekkert að gera? Það þýðir ekki að segja neinum heilvita manni, að ekki sé hægt að gera neitt. Allir vita, að hraðfrystihúsin hafa grætt. Þeir, sem flytja út hertan fisk og saltfisk, hafa grætt. Eigendur fiskimjölsverksmiðja hafa stórgrætt. Þeir, sem selja bátaflotanum nauðsynjar, svo sem *olíufélögin, græða milljónatugi. Bankarnir* hafa grætt. Þeir, sem annast vöruflutninga frá landinu og til þess, græða stórfé. Ríkissjóður hefur grætt. Heildsalar hafa rakað saman gróða. Á hverju hafa nú allir þessir aðilar auðgazt? Undirstaða þessa gróða er fiskurinn, sem sjómaðurinn sækir á miðin og flytur að landi. Starf hans og útvegsmannsins auðgar stórlega alla þá, sem um framleiðslu þeirra fjalla. Þó eru hlutarsjómenn nú einhver verst launaða atvinnustétt í þessu landi.

Það er afdráttarlaus krafa Þjóðvarnarflokks Íslands á hendur ríkisstj., að kjör hlutarsjómanna verði stórbætt nú þegar og fiskverð hækkað til mikilla muna. Verði það ekki gert, er alveg fyrirsjáanlegt, að ekki fást menn á bátaflotann á komandi vertíð. Hvar á þá að taka gróðann?

Bátagjaldeyrisskipulagið, eins og því er háttað, er óhæft með öllu. Vissulega er hægt að grípa til annarra ráðstafana til að rétta hag sjómanna og útvegsmanna. Fella má niður tolla af nauðsynjum til útgerðar og auðvelda útvegsmönnum eða samlögum þeirra að flytja þær inn án milliliðakostnaðar. Þá er og hægt að afnema gjöld, sem renna í ríkissjóð frá þessum undirstöðuatvinnuvegi. Leiðir má finna til að draga úr rekstrarkostnaði bátanna. Og síðast en ekki síst er nauðsynlegt að brjóta einokun fiskútflutningsins og hækka með því móti stórlega fiskverð til sjómanna og útvegsmanna.

Ég þykist raunar vita, að hæstv. ríkisstj. geri ekkert af þessu. Bátagjaldeyriskerfið heldur áfram. En þá hlýtur það að vera skýlaus krafa, að þannig verði um hnútana búið, að þeir aðilar fái að njóta þessara hlunninda, sem eiga til þess allan rétt. Þetta getur hæstv. ríkisstj. gert með breyttri reglugerð og öflugu eftirliti, og það er skylda hennar að gera það.

Enn mætti tala langt mál um hug núverandi stjórnarvalda í garð sjávarútvegsins, eins og hann birtist í afgreiðslu fjárlfrv. fyrir árið 1954. Á 16. gr. eru hinar helztu fjárveitingar til atvinnumála. Ætla mætti, að á fjárlagaáætlun, þar sem gjöldin eru áætluð yfir 400 millj., renni drjúgur skildingur til þess atvinnuvegar, sem framleiðir mestallar útflutningsafurðir þjóðarinnar. Og hver er svo upphæðin? Til sjávarútvegsmála eru ætlaðar rúmar 6 millj. kr. Það er þeim mun lægri upphæð en fer til rekstrar stjórnarráðsins sem ráðherralaununum svarar. Það er nokkru lægri upphæð en áætluð er í kostnað við utanríkisþjónustuna. Það er tæpur fjórðungur þeirrar fjárhæðar, sem fer í dómgæzlu og lögreglustjórn. Ekki var skilningurinn á málefnum sjómannastéttarinnar meiri en svo, að allar till., sem við þjóðvarnarmenn fluttum við 2. umr. fjárl. um litils háttar bragarbót í málum sjávarútvegsins, voru umsvifalaust drepnar. Fellt var að leggja 6 millj. kr. til fiskveiðasjóðs, fellt var að hækka um ½ millj. framlag til vitabygginga, fellt að leggja 800 þús. kr. til dvalarheimilis aldraðra sjómanna, fellt að verja 300 þús. til kennslu í sjóvinnu. Jafnvel það var fellt með 34 atkv. stjórnarliða að auka lítils háttar hinn smánarlega lága styrk til Slysavarnafélags Íslands. Þetta eru jólakveðjurnar til sjómanna frá Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn.

Tími minn er nú þrotinn, en annað kvöld mun ég að öllu forfallalausu koma aftur hingað í eldhúsið og ræða nokkru nánar stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum. — Góða nótt.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Að formi til eru það fjárl., sem nú eru til umræðu, og þó að þau segi ekki allt, þá eru þau þó með vissum hætti spegillinn af hinu pólitíska og efnahagslega ástandi í landinu.

Þetta eru langhæstu fjárlög í sögu þjóðarinnar. Það er raunar engin ný bóla; það er sett met á hverju ári. Síðan 1946 hefur upphæð fjárl. meira en fjórfaldazt, ef bátagjaldeyrisskatturinn er talinn með, sem að vísu er ekki færður á fjárl., en á þar vitaskuld heima.

Upphæð fjárl. er þó ekki það, sem mestu máli skiptir, heldur hlutfallið milli hinna ýmsu tekjustofna og útgjaldaliða. Á hverju ári lækka framlög til verklegra framkvæmda hlutfallslega. Sem dæmi má nefna, að síðan 1946 hefur framlag til vegamála lækkað úr 16.3% í 8.75% af útgjaldaupphæðinni. Ríkisbáknið þenst að sama skapi út með ódæmum, sömuleiðis niðurgreiðslur og styrkir, þrátt fyrir gengislækkunina og allar þær ráðstafanir, sem áttu að binda endi á þetta fyrirkomulag.

Niðurgreiðslurnar eru komnar upp í 50 millj. kr., og nú stendur til að setja á stofn nýtt ráðuneyti, eins konar hermálaráðuneyti, sem verður

dýrasta ráðuneyti, sem sögur fara af á Íslandi. Það mun kosta 1 millj. kr. fyrsta árið.

Þá er að athuga, hvernig þessum útgjöldum er jafnað niður á landsfólkið. Á næsta ári munu tollar og óbeinir skattar, þar með talinn ágóði af einkasölum og bátagjaldeyrisskattur, nema samtals eitthvað á milli 400 og 500 millj. kr. og þó nær 500 milljónum. Á hverja fimm manna fjölskyldu munu tollar og óbeinir skattar nema ekki minna en 12 þús. kr. að meðaltali og 15 þús. kr., ef ágóði af einkasölum er talinn með. Ég bið menn að athuga, að þetta er meðaltal. Vitaskuld greiða ekki allir jafnt, en tollar af neyzluvörum koma þyngst niður á stórum fjölskyldum. Ég bið afsökunar á því að þurfa að taka fram svona sjálfsagðan hlut, en það er háttur auðvaldsflokkanna að snúa út úr eins og strákar á gelgjuskeiði, vegna þess að málstaður þeirra þolir ekki rökrænar umræður. Við þetta bætist svo nefskatturinn til tryggingannna, en hann nemur nú 1362 kr. á hvern kvæntan mann í Reykjavík. Nú er víst, að þessi nefskattur verður stórhækkaður á næsta ári. Mörgum finnst hinn stighækkandi tekjuskattur nógu þungbær, en hann er þó ekki meira en rúmlega 1/10 af öllum útgjöldunum. Þessa óskaplegu skatta, sem samtals nema yfir 16 þús. kr. að meðaltali á hvert 5 manna heimili, eru menn að greiða í hvert skipti, sem þeir fara í búð til þess að kaupa sér föt og fæði og aðrar nauðsynjar.

Af þessu má sjá, hversu gífurlegri verðhækkun tollarnir valda. Þó eru ekki öll kurl komin til grafar með þessum tölum. Við þetta bætist álagning á tollana, sem er engin smáræðisupphæð. Enn þá er í fersku minni athugun sú, sem gerð var ekki alls fyrir löngu á kostnaðarliðum vörumagns, sem kostar 7½ millj. kr. í útsölu. Innkaupsverðið var innan við 2 millj., tollar og verzlunarálagning tæpar 5 millj. og bátagjaldeyrisskattur 700 þúsundir.

Þetta ásamt gengislækkuninni hafa verið þær aðferðir, sem valdhafarnir hafa notað til þess að lækka kaup verkamanna og þar með vinnutekjur alls vinnandi fólks í landinu, bæði til sjávar og sveita, bænda og annarra millistétta.

Frá 1947 til 1952 lækkaði kaupmáttur vinnulauna um nálega þriðjung, og þó hefði þessi kauplækkun orðið miklu meiri, ef ekki hefði tekizt að hamla nokkuð upp á móti henni með mörgum fórnfrekum verkföllum, og sum þeirra urðu mjög hörð og langvinn, t. d. mánaðarverkfall 1947 og þriggja vikna verkfall 20 þúsund verkamanna 1952. Þrátt fyrir þetta hefur kaup íslenzkra verkamanna lækkað um helming, reiknað í dollurum, borið saman við kaup verkamanna í Bandaríkjunum. Átta stunda vinnudagurinn er ekki raunverulegur lengur, vegna þess að vinnulaun fyrir átta stundir nægja engan veginn til framfærslu fimm manna heimilis.

Ástæðan fyrir þessari gífurlegu kjararýrnun er núverandi skipun Alþingis. Á þessu má sjá, að það varðar almenning ekki litlu, hvernig Alþingi er skipað. Getur nokkur alþýðumaður, sem lætur sig hag heimilis síns nokkru varða, látið það afskiptalaust? Getur nokkur alþýðumaður varið það fyrir samvizku sinni að stuðla að því með atkvæði sínu, að stétt hans sé þannig rúin og rænd og árangurinn af fórnfrekri baráttu kynslóðanna smám saman að engu gerður?

En hvar á að taka fé? munu stjórnarherrarnir spyrja. Því er til að svara, að meðan ekki er greiddur eyrir í toll af öllum þeim varningi, sem hernámsliðið flytur inn, og setuliðið greiðir ekki eyri í skatt, þarf ekki að kvarta um féleysi. Það er líka þarflaust að barma sér yfir féleysi, meðan heildsölum og olíufélögum eru afhentar ómældar fjárupphæðir af öllum þeim vörum, sem ríkisstj. flytur inn frá Sovétríkjunum. Af þessum vörum er greiddur tugmilljónaskattur blátt áfram fyrir enga þjónustu. Farmgjöld af olíu frá Sovétríkjunum eru t. d. lægri en áður. Heimsmarkaðsverðið hefur ekki hækkað. Samt er olían seld á sama verði og áður. Ef Bandaríkjamönnum og íslenzkum gæðingum þeirra væru ekki gefnar slíkar stórgjafir á kostnað almennings, væri hægt að afnema bæði söluskattinn og bátagjaldeyrisskattinn, og það væri vandalaust að afla fjár til nauðsynlegra verklegra framkvæmda og til eflingar atvinnulífsins í landinu. Væri hins vegar hernámsliðið látið víkja úr landi, horfið frá þeirri stefnu í efnahags- og utanríkismálum, sem mótuð er og ákveðin í höfuðborg Bandaríkjanna, en tekin upp sú stefna, sem tryggt gæti fullnýtingu allra íslenzkra framleiðslutækja og hverjum Íslendingi atvinnu við arðbær störf, þá væri fjárhag ríkissjóðs einnig fullborgið.

Ég hef nú í örfáum orðum lýst afleiðingum hinnar amerísku stefnu undanfarinna sex ára fyrir hið vinnandi fólk á Íslandi. Það hefur að vísu hallað ört undan fæti, en þó er þetta aðeins byrjunin, ef haldið verður áfram á sömu braut. Hverjar eru horfurnar, ef hinni amerísku stefnu yrði fylgt eftirleiðis?

Við skulum þá fyrst líta á, hvernig ástandið var s. l. vetur, áður en hinn mikli viðskiptasamningur við Sovétríkin var gerður. Samkv. upplýsingum stjórnarvaldanna sjálfra voru ⅔ hlutar ársframleiðslunnar af frystum fiski óseldir. Verðið á þeim fiski, sem við seldum til Bandaríkjanna, var aðeins brot af framleiðsluverði. Dæmi eru til þess, að seldir voru farmar til Bandaríkjanna á verði, sem var talsvert miklu lægra en meðgjöf ríkissjóðs. Það var því frekar um gjöf en venjuleg viðskipti að ræða. Eins og sakir standa, gefur salan til Sovétríkjanna um það bil helmingi hærra fiskverð en salan til Bandaríkjanna. Aðalviðskiptaland okkar á Marshallsvæðinu, Bretland, hafði sagt okkur viðskiptastríð á hendur. Við gátum engan ísfisk selt nema lítils háttar til Þýzkalands. Horfurnar í saltfisksmarkaðslöndunum voru yfirleitt óglæsilegar. Það var búið að leggja blátt bann við framleiðslu fisks. Íslendingum var bannað að vinna við aðalframleiðslu sína, sem er undirstaðan undir lífi þjóðarinnar og menningu. Ef ríkisstj. hefði ekki verið neydd til þess, sem hún hafði stritazt á móti í sex ár, að gera verzlunarsamning við Sovétríkin, þá mundi fiskframleiðslan hafa stöðvazt að miklu leyti og mikill þorri Íslendinga hefði aðeins átt tveggja kosta völ, að vera settir niður á Keflavíkurflugvelli eða ganga atvinnulausir, og fjöldi manna hefði raunar aðeins átt einn kost, atvinnuleysið.

Hagspeki Marshallstefnunnar á öllum sviðum atvinnulífsins var í samræmi við þetta sjálfskapaða ástand í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna. Mjög mikil rýrnun varð á bátaflota landsins, en samtímis var nýsmíði í innlendum skipasmíðastöðvum lögð niður. Til þess að fullnægja brýnustu þörfum þarf að byggja a. m. k. 800 íbúðir á ári í Rvík. Í stað þess hafa aðeins verið byggðar um 300 íbúðir. Mikill hluti íslenzks iðnaðar var lagður í rústir. Markaður fyrir landbúnaðarafurðir þrengdist stöðugt vegna minnkandi kaupgetu. Með tilbúinni lánsfjárkreppu var Íslendingum bannað að vinna og framleiða, sækja sjóinn, afla sér nýrra atvinnutækja, byggja yfir sig hús.

Hernámsflokkarnir klifa stöðugt á því, að við séum á áhrifasvæði Bandaríkjanna og Bretlands. Þess vegna eigum við engan annan kost en að fylgja valdboði þessara landa og haga allri okkar stefnu samkv. því í pólitískum, atvinnulegum og viðskiptalegum efnum. Þess vegna verður atvinnulíf okkar að vera algerlega háð þessum löndum. Þess vegna verðum við að fylgja þeim í einu og öllu á alþjóðavettvangi. Þess vegna verðum við að leyfa þeim ótakmörkuð afnot herstöðva í landi voru. Þess vegna verðum við að gerast þátttakendur í styrjöld með þeim, ef til ófriðar skyldi draga.

Hvað bíður okkar, ef þetta væri satt?

Öllum ber saman um, að ný kreppa sé að hefjast í Bandaríkjunum. Ekkert virðist geta stöðvað skriðuna nú, eftir að vopnaviðskiptum í Kóreu er hætt. Hagkerfi auðvaldsins á sínu hæsta og síðasta stigi þolir ekki frið til lengdar. Þessi kreppa mun flæða yfir allt áhrifasvæði Bandaríkjanna. Þeir, sem muna kreppuna árin eftir 1930, eiga auðvelt með að gera sér í hugarlund, hvað þetta mundi þýða fyrir Ísland, og eru horfurnar nú þó miklu iskyggilegri en þá. Fiskafurðir okkar, sem nú eru í lágu verði, mundu hrynja í verði. Nú eru þær lítt seljanlegar í þessum löndum. Ef kreppu ber að höndum, munu þær verða að heita má óseljanlegar. Afleiðingin yrði efnahagslegt hrun. Hörmungar atvinnuleysisins og hungurvofan mundu á ný gista heimili verkamanna. Bændur mundu flosna upp af búum sínum vegna þverrandi kaupgetu fólksins í bæjunum. Fjöldi millistéttarmanna mundi verða gjaldþrota og missa eignir sínar.

Og ef nú það ráð yrði upp tekið í höfuðstöðvum auðvaldsins, sem jafnan hefur verið fangaráð gegn kreppunum, ný styrjöld — hvað þá? Ég skal taka það fram, að í þetta skipti standa miklar vonir til, að það takist að afstýra því, vegna styrkleika hins sósíalistiska heims og andstöðu almennings í auðvaldslöndunum. En ekki er það dyggð okkar íslenzku valdhafa að þakka. Sjálfir hafa þeir lýst því margsinnis yfir, að þeir hefðu það eftir beztu heimildum, að ný stórstyrjöld væri á næsta leiti. Og ef ógæfan skyldi dynja yfir, hver verða þá örlög íslenzku þjóðarinnar?

Herstöðvar Bandaríkjanna eru miðsvæðis á þéttbýlasta hluta landsins, þar sem meira en helmingur íslenzku þjóðarinnar á heima. Einn af aðdáendum Bandaríkjanna, Jóhann Sæmundsson prófessor, lýsti því fyrir almenningi í ræðu sinni 1. des. s. l. samkv. opinberum bandarískum heimildum, hvernig vopn nútímans mundu nægja til þess að valda hryllilegum hörmungum á öllu þessu svæði í einni svipan. Árás á sjálfar herstöðvarnar mundi nægja til þess að leiða hættu tortímingarinnar yfir allt svæðið. Og þetta kalla þeir vernd. Það er ólíklegt, að nokkur stjórnmálamaður sé svo blindur af ofstæki eða hafi tekizt að stinga samvizku sinni svo rækilega svefnþorn, að hann viti það ekki, að lið Bandaríkjanna hér á landi getur enga vörn veitt, heldur aðeins boðið tortímingunni heim, enda auðsætt hverjum heilvita manna með opin augu, að þegar herstöðvar eru settar miðsvæðis í mesta þéttbýlinu og engar ráðstafanir gerðar til varnar fólkinu, ekki svo mikið sem eitt loftvarnabyrgi, svo að nokkuð sé nefnt, þá er ekki verið að vernda líf Íslendinga, heldur á að fórna lífi þeirra, vegna þess að land þeirra er þannig í sveit sett á hnettinum, að þaðan má fara til árása gegn hverjum þeim aðila í Evrópu, sem Bandaríkin kynnu að lenda í styrjöld við. Enginn fer dult með þetta í Bandaríkjunum sjálfum. Það er hægt að nefna fjölda tilvitnana úr bandarískum ritum, þar sem því er lýst yfir umbúðalaust, að lífi þjóðar eins og Íslendinga verði að fórna til þess að bægja hættunni frá Bandaríkjunum. Það er erfitt að komast hjá þeirri ályktun, að til séu íslenzkir stjórnmálamenn, sem vilja beinlínis, að íslenzka þjóðin færi þessa fórn fyrir auðvaldsskipulagið í heiminum, sem vilja, að hún verði leidd á blóstallinn til friðþægingar því goði, sem þeir tigna. Hitt er jafnvíst, að kjósendur þeirra vilja það ekki. En þá taka þeir líka á sig þunga ábyrgð með því að trúa slíkum mönnum fyrir örlögum þjóðar sinnar.

Í stuttu máli: Ef sú kenning væri rétt, að Ísland yrði að vera háð Bandaríkjunum og lúta vilja þeirra efnahagslega og pólitískt, vegna þess að það sé af náttúrunnar hendi á áhrifasvæði þeirra, þá eru aðeins tveir möguleikar fram undan: efnahagslegt hrun eða tortíming.

Er það samboðið þessari þjóð að sætta sig við slík örlög? Nei, það er henni ekki samboðið. Kenningin um áhrifasvæði Bandaríkjanna sem einhverja óumflýjanlega náttúrustaðreynd er falskenning. Við erum á því áhrifasvæði, sem við höfum sjálfir valið, og það eru til aðrir kostir.

Kreppan mun aðeins ná til auðvaldslandanna. Sósíalistisku löndin snertir hún ekki. Þvert á móti mun kaupmáttur fólksins fara ört vaxandi í þessum löndum og síauknir möguleikar fyrir viðskipti við þau, ekki síst fyrir okkur Íslendinga. Mikil viðskipti við sósíalistisku löndin munu einnig hafa hagstæð áhrif á viðskipti okkar við önnur lönd. Viðbrögð auðvaldslandanna í Vestur-Evrópu við kreppunni munu alveg vafalaust verða kapphlaup um stóraukin viðskipti við sósíalistisku löndin. Það ríður á fyrir okkur Íslendinga að verða ekki með seinni skipunum, að verða ekki afskiptir í þeim leik. Ég held því ekki fram, að kreppan í auðvaldslöndunum muni samt sem áður ekki koma við okkur Íslendinga, en hún þarf ekki að valda neinu hruni, ef við högum okkur skynsamlega. Við höfum t. d. ekki efni á að ala áfram þann stórgróðalýð, sem nú

lifir afætulífi á íslenzku þjóðinni, og við höfum heldur ekki efni á að láta undir höfuð leggjast að hagnýta allt vinnuafl þjóðarinnar á eins arðbæran hátt og kostur er, og við höfum ekki efni á að láta auðlindir landsins liggja ónotaðar.

Við þurfum ekki að leyfa Bandaríkjunum herstöðvar í landi voru. Við getum hvenær sem er sagt þeim að fara heim. Við þurfum ekki að taka þátt í styrjöld með þeim. Við þurfum ekki að gerast meðsekir þeim um hryllilegustu múgmorð allra tíma. Við getum á ný lýst yfir ævarandi hlutleysi okkar í ófriði. Við getum lagt okkar lóð á metaskálarnar til þess að koma á sáttum milli stórveldanna, til þess að koma í veg fyrir glæpinn mikla: nýja styrjöld. Við getum krafizt þess í nafni alls þess, sem mönnunum er heilagt, að friðhelgi okkar verði virt. Við getum skírskotað til samvizku heimsins, og sú skírskotun mundi finna hljómgrunn í hjörtum hundraða milljóna um allan heim. Á þessum siðferðislega vettvangi mundu hlutföllin snúast við. Við mundum verða stórveldi og Bandaríkin umkomulaus og smá.

Á þessum grunni er reist sú stefna, sem Sósfl. markaði með stefnuskrá þeirri, sem birt var almenningi fyrir kosningarnar í sumar. Hún byggist á bjartsýni og trú á íslenzku þjóðina, framtíð hennar og veglegt hlutverk. Í samræmi við þessa stefnuskrá hafa þingmenn flokksins þegar flutt mörg frv. og till. á þessu þingi. Þeir hafa fyrst af öllu flutt frv. um uppsögn hernámssamningsins. Þeir hafa flutt frv. um aukningu togaraflotans og smíði togara innanlands. Er þar lagt til, að keyptir verði til landsins 8 fullkomnir togarar og jafnframt hafin smíði togara hér á landi. Fyrst um sinn verði gerðir samningar um smíði tveggja slíkra skipa af fullkomnustu gerð. Þá flytja þeir frv. um lán úr fiskveiðasjóði til bátasmíða innanlands, annað frv. um ráðstafanir til þess, að stofnlánadeild sjávarútvegsins geti haldið áfram starfsemi sinni, og hið þriðja um útvegun stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands, að upphæð 60 millj. kr., til þarfa landbúnaðarins. Þá flytja þeir mikið frv. um raforkuframkvæmdir, sem gerir ráð fyrir miklu átaki til þess að fullnægja raforkuþörf hinna ýmsu landshluta með stórum og smáum raforkuverum, og þessar framkvæmdir miðaðar við það, að þær geti orðið arðbærar og grundvöllur að iðnaði. Samtímis skal hafinn undirbúningur að stórvirkjun í Þjórsá. Þá flytur flokkurinn frv. að lagabálki um byggingu íbúðarhúsa. Samkvæmt því frv. skal hver íslenzkur ríkisborgari hafa rétt til að byggja sér íbúð og njóta til þess ákveðinnar aðstoðar hins opinbera. Frv. þetta tekur upp aftur öll ákvæði laganna frá 1946, sem hernámsflokkarnir hafa fellt úr gildi, og mörgum merkum nýmælum er bætt við. Samkv. kaflanum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða ber bæjar- og sveitarfélögum að byggja nægilegt af íbúðarhúsum til þess að fullnægja þörfum þeirra, sem í slíkum íbúðum búa. Ríkissjóður skal lána 75% af byggingarkostnaði slíkra húsa með 3% vöxtum og auk þess 1/10 hluta byggingarkostnaðar vaxtalaust til 50 ára. Þá er ákvæði um rétt manna til lána úr veðdeild Landsbankans. Helmingur af tekjum tóbakseinkasölu skal að nýju renna til byggingar verkamannabústaða, og Byggingarfélag alþýðu í Reykjavík, sem svipt hefur verið réttinum til bygginga, skal fá þann rétt að nýju.

Þá flytur flokkurinn mörg frv. um hagsmuna- og réttindamál alþýðu. Í fjórða sinn flytur hann frv. um atvinnuleysistryggingar og í áttunda sinn frv. um hvíldartíma á togurum, enn fremur frv. um þriggja vikna orlof og frv. um, að þriðjungur af kaupi sjómanna á fiskiskipum skuli vera skattfrjáls, og loks frv. um, að persónuiðgjöld almannatrygginganna, þar með talin iðgjöld sjúkrasamlaga, skuli falla niður, en tilsvarandi upphæð greiðist beint úr ríkissjóði. Þetta mundi létta af hverju alþýðuheimili þungum nefskatti, sem nemur t. d. í Reykjavík og víðar 1362 kr. á ári fyrir hjón.

Allt þetta er raunhæft og framkvæmanlegt. En skilyrði fyrir því er, að tekin verði upp ný stefna í efnahagsmálum þjóðarinnar í samræmi við það, sem ég hef áður sagt, að horfið verði frá hinum fjarstýrðu bandarísku stjórnarháttum og tekin upp sjálfstæð stefna í samræmi við hagsmuni Íslands í nútíð og framtíð.

Hið algera gjaldþrot Marshallstefnunnar hefur valdið því, að hernámsflokkarnir hafa haft nokkra tilburði til undanhalds. Bæði Alþýðufl. og Framsfl. hafa t. d. talað allhátt um nauðsyn þess að endurskoða hernámssamninginn. Það hefur verið gerður viðskiptasamningur við Sovétríkin, og stjórnarflokkarnir lofuðu hátíðlega að afnema hið illræmda fjárhagsráð. Þetta er þó meira í orði en á borði. Endurskoðun hernámssamningsins, þar sem núverandi ríkisstj. Íslands og Bandaríkjastj. væru samningsaðilar, gæti engu breytt, sem máli skiptir. Meðan hið ameríska herlið er hér á landi, fer það sínu fram, hvað sem öllum samningum líður, eins og dæmin sanna. Samningurinn við Sovétríkin er þegar í mikilli hættu. Heildsalarnir eru mjög tregir að kaupa hinar umsömdu vörur frá Sovétríkjunum, vegna þess að þeir geta lagt enn meira á vörur frá öðrum löndum, og í viðskiptunum við Sovétríkin kemur enginn dulinn ágóðahlutur í erlendum gjaldeyri til greina. Á þessu má sjá, hvernig saman koma hagsmunir íslenzkra gróðamanna og Bandaríkjanna. Loforðið um afnám fjárhagsráðs reyndist vera fals eitt. Frv. ríkisstj. er í rauninni þess efnis, að breytt er um nafn á fjárhagsráði. Fyrirkomulagið helzt, aðeins nafninu er breytt. En æðsta stjórn efnahagsmálanna skal vera í höndum umboðsstofnunar Bandaríkjanna á Íslandi, sem ber nafnið Framkvæmdabanki Íslands.

En þetta undanhald í orði sýnir þó hinn mikla þunga almenningsálitsins. Fyrir þrotlausa baráttu og upplýsingastarfsemi Sósfl. allt frá því að Keflavíkursamningurinn var gerður 1946 til þessa dags er þjóðin að vakna. Og nú ríður á að reka flóttann. Ráð afturhaldsins er að reyna að sundra þeim fylkingum, sem eru að rísa til andófs. Þess vegna leggur Sósfl. megináherzlu á að sameina þessar fylkingar í samstilltri sókn og vörn, hvað sem öllum öðrum ágreiningsmálum líður. Við höfum gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá Alþfl. til að taka upp samstarf við Sósfl. um brýnustu hagsmunamál verka-

lýðsins. Við höfum reynt að fá Þjóðvfl. til þess að taka höndum saman við okkur til þess að sameina alla þjóðholla Íslendinga í eina fylkingu í þjóðfrelsisbaráttunni. Báðir hafa þessir flokkar þverneitað öllu samstarfi og hrópað eins og fávitar gömul og gatslitin vígorð Morgunblaðsins. Ég veit, að þetta er gert í fullri óþökk við alla hina mörgu fylgjendur þessara flokka, sem eru svo heilbrigðir á sálinni, að þeir geta hugsað rökrænt, ótruflaðir af hinum sefasjúka hávaða. Hvenær hafa verkamenn látið mismunandi skoðanir á því, hvort Morgunblaðið eða Þjóðviljinn segði sannara um ástandið í Sovétríkjunum, sundra samtökum sínum í verkfalli? Það væri ekki ónýtt fyrir atvinnurekendur, ef hægt væri að beita slíku bragði. Þessi afstaða forustumanna Alþfl. og Þjóðvfl. er bezta þjónustan, sem hægt er að láta afturhaldinu í té eins og sakir standa. Samstarf alþýðunnar í hagsmunabaráttunni og allra andstæðinga hernámsins í þjóðfrelsisbaráttunni er lífsnauðsyn fyrir íslenzka alþýðu og fyrir íslenzku þjóðina. Þess vegna verður hún að komast á, hvað sem sviksömum og misvitrum foringjum líður. Til þess verður að finna ráð. Hinn óbreytti kjósandi verður að koma vitinu fyrir þessa foringja, og ef það tekst ekki, þá er aðeins eitt ráð eftir skilið: að fylkja sér um þann flokk, sem af alhug berst fyrir samstarfi, hvað sem öllum ágreiningi, sem ekki snertir kjarna málsins, líður, að fylkja sér um Sósfl. Og það er öruggasta ráðið, ráð, sem er alveg víst að dugir.

Verkamenn, bændur, menntamenn, Íslendingar, snúum bökum saman á örlagastundu.

**Gunnar Jóhannsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Mér gefst ekki tími til að ræða frv. til fjárl. fyrir árið 1954, sem hér liggur fyrir til umr. Þess í stað mun ég taka til athugunar þá hlið málsins, sem snýr að verkalýðshreyfingunni og meðlimum hennar, og sýna fram á, hvernig ríkisvaldið hefur ár eftir ár ráðizt á lífskjör fólksins og þrengt kosti þess í krafti þess meirihlutavalds, sem andstöðuflokkar alþýðunnar hafa haft og hafa enn á Alþingi.

Á árunum 1942—46 tókst verkalýðssamtökunum undir forustu Sósfl. að fá kjör sín stórlega bætt. 8 stunda vinnudagur var viðurkenndur með samningi við atvinnurekendur án skerðingar á dagkaupi, orlofslög samþykkt á Alþ., tryggingar stórlega auknar, þrælalögin illræmdu brotin á bak aftur undir forustu verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fleiri verkalýðsfélaga, kaupgjald hækkaði allverulega, og nýr vísitölugrundvöllur var samþykktur o. fl., o. fl. Ég hef ekki tíma til að ræða um hið glæsilega tímabil nýsköpunarstjórnarinnar, en á þeim árum bjó alþýðan við þau beztu lífskjör, sem hún hafði nokkurn tíma haft, enda næg atvinna fyrir alla þá, sem vildu og gátu unnið.

Allan tímann frá árinu 1947 og til þessa dags hafa allar ríkisstjórnir beitt áhrifum sínum til þess að ná aftur af verkalýðnum þeim stórfelldu kjarabótum, sem alþýðan hafði áunnið sér á árunum 1942—47. Rétt er að benda á, að það var stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem hafði forustuna um að ræna því af almenningi, sem áunnizt hafði á tímabili nýsköpunarstj., með geysilegum tolla- og skattaálögum og beinum árásum á verkalýðssamtökin með bindingu vísitölunnar.

Árið 1950 var mynduð ný ríkisstj. af Framsfl. og Sjálfstfl. undir forsæti Steingríms Steinþórssonar. Strax í upphafi var það lýðum ljóst, að hér var setzt í valdastólinn ríkisstj., sem ekki mundi hika við að vega allharkalega að hagsmunum launastéttanna, jafnhliða því, sem hún mundi í einu og öllu reynast hið þægasta verkfæri í höndum braskara og amerískrar yfirgangsstefnu, sem nú er farin að láta allmjög til sín taka um utanríkis- og innanríkismál Íslendinga. Árásarinnar var ekki lengi að bíða. Fyrsta og aðalmálið, sem hin nýmyndaða ríkisstj. beitti sér fyrir, var að koma á gengisfellingu íslenzku krónunnar. Mun það hafa verið gert eftir kröfum stjórnar Bandaríkjanna og sett sem skilyrði fyrir hinni marglofuðu og umtöluðu Marshallaðstoð. Gengisskráningarfrv. ríkisstj. var barið í gegn með hinni mestu hörku þrátt fyrir eindregin mótmæli allrar verkalýðshreyfingarinnar. Þm. Sósfl. og aðrir þm. stjórnarandstöðunnar vöruðu við hinum skaðlegu áhrifum gengisfellingarinnar, en allar slíkar aðvaranir voru virtar að vettugi. Gengisskráningarlögin voru samþykkt af öllu stjórnarliðinu. Þar með var hafin stærsta og svívirðilegasta árásin, sem gerð hefur verið á lífskjör alls vinnandi fólks í landinu. Með verðfellingu krónunnar var öllu verðlagi kippt úr skorðum. Verð á öllum erlendum vörum hækkaði hröðum skrefum, en kaupgjald hækkaði ekki nema að litlu leyti miðað við hina ört vaxandi dýrtíð, sem nú flæddi yfir þjóðina og veitti öllum launþegum hinar þyngstu búsifjar.

Það sýndi sig fljótlega, að gengisfellingin var engin lausn á vandamálinu, heldur hið gagnstæða. Loforð ríkisstj. um að tryggja sjávarútveginum örugga afkomu og skapa öryggi og festu í atvinnumálum þjóðarinnar reyndust vera helber svik og blekkingar. Útgerðin stóð hallari fæti en nokkru sinni fyrr, og allt virtist ramba á barmi gjaldþrots og stöðvunar. Atvinnuleysi jókst til muna, og öll alþýða manna var að sligast fjárhagslega undan ofurþunga skatta- og tollaáþjánar og sívaxandi dýrtíðar. Þegar sýnt var, að felling krónunnar kom ekki útgerðinni að því haldi, sem lofað hafði verið, var gripið til nýrra áður óþekktra ráðstafana. Bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu var komið á, án þess að leitað væri eftir samþykki Alþ., verðlagseftirlitið á erlendum vörum afnumið, lög um húsaleigu afnumin og fleiri þær ráðstafanir gerðar, sem skrúfuðu enn á ný verðlagið upp úr öllu valdi, en rýrðu kjör almennings að sama skapi. Þar með voru heildsalastéttinni og braskaralýðnum algerlega gefnar frjálsar hendur til stóraukins gróða á kostnað hinna mörgu.

Jafnhliða beinum árásum á lífskjör fólksins höfðu stjórnarflokkarnir að undanförnu gert allt, sem þeir höfðu getað, til þess að lama verkalýðshreyfinguna innan frá og notið til þess aðstoðar stuðningsmanna sinna í Alþfl. til að ná yfirráðum í Alþýðusambandi Íslands. Þar með töldu þeir sig geta ráðið stefnu og störfum

Alþýðusambandsstj. og hindrað nauðsynlegar gagnráðstafanir verkalýðshreyfingarinnar.

Þrátt fyrir hin auknu áhrif afturhaldsflokkanna í Alþýðusambandi Íslands hefur verkalýðshreyfingin svarað árásum ríkisvaldsins með harðvítugri launabaráttu. Í því sambandi má benda á verkfall landverkafólks 1949 og sjómannaverkfallið 1949 og 1950. Í báðum þessum verkföllum náðust fram allmiklar kjarabætur, sérstaklega í því fyrrnefnda.

Á s. l. ári voru háðar tvær stórar vinnudeilur. Sú fyrri var kaupdeila sjómanna á togurum. Sjómenn fengu kjör sín bætt á saltfiskveiðum og samningsbundinn rétt til 12 stunda hvíldar á sólarhring. Í desember 1952 hófu verkalýðssamtökin um allt land víðtækustu vinnudeilu, sem um getur í sögu íslenzkrar verkalýðshreyfingar. Tóku yfir 20 þús. meðlimir verkalýðshreyfingarinnar þátt í því verkfalli, sem stóð í 19 daga. Verkalýðsstéttin sýndi í þessari hörðu deilu mikla fórnfýsi og ágætt skipulag og óbilandi baráttukjark. Í upphafi kaupdeilunnar gerði ríkisstj. allt, sem hún gat, til þess að eyðileggja verkfallið. Lengi vel neitaði ríkisstj. að leggja nokkuð fram, sem orðið gæti til lausnar deilunni. Það var ekki fyrr en verkfallið hafði staðið í marga daga og sýnt var, að verkalýðssamtökin létu engan bilbug á sér finna, að ríkisstj. neyddist til að láta undan síga fyrir ofurþunga almenningsálitsins og drattast til að skipa sáttanefnd um málið, enda var þá farið að bresta allharkalega í stólum hæstv. ráðh. Deilan leystist með samningum milli deiluaðila fyrir milligöngu sáttan. 19. des. Verkalýðshreyfingin hafði knúið ríkisstj. til undanhalds. Samið var um allmiklar lækkanir á nokkrum nauðsynjavörum, 5% lækkun á flutningsgjöldum. Orlof hækkuðu um 1%. Samið var um lagfæringar á vísitölunni á lægri launaflokkunum og fjölskyldubætur auknar. Ekki er rétt að skilja svo við þetta mál, að ekki sé bent á þá staðreynd, að hægt hefði verið að komast hjá vinnustöðvun, ef ríkisstj. hefði mætt kröfum fólksins með sanngirni og velvild og viljað skilja þau einföldu sannindi, að alþýða manna til sjávar og sveita á að hafa óumdeilanlegan rétt til að búa við mannsæmandi lífskjör.

Lærdómur undanfarandi verkfalla ætti að vera launþegum og allri alþýðu alvarleg áminning um það, hvílíkur voði er búinn hagsmunum hennar og lífsafkomu, ef hún heldur áfram að standa sundruð á vettvangi stjórnmálanna. Andstæðingar hennar eru sameinaðir. Þeir ráða ríkisstj. og Alþ. Þeir eru samtaka um að drepa hvert einasta hagsmunamál, hverja einustu umbótatill., sem flutt er hér á Alþ. Þessari stefnu sinni munu þeir vera trúir og halda áfram að fylgja, þar til alþýðan neitar þeim um áframhaldandi brautargengi.

Á undanförnum árum var af núverandi stjórnarflokkum mikið rætt um vandamál dýrtíðarinnar. Sérstaklega taldi Framsfl. sig sjálfkjörinn til þess að berjast á móti vaxandi verðbólgu og hinum skaðlegu áhrifum hennar. Nú hafa þessir flokkar hætt öllu slíku tali. Sósfl. og verkalýðshreyfingin hafa bent á leiðir til lækkunar verðbólgunnar, enda er nú svo komið vegna vaxandi dýrtíðar, að meðallaun fyrir 8 stunda vinnudag verkamanns hrökkva tæplega fyrir nauðsynjum heimilanna.

Á þingi Alþýðusambands Norðurlands, sem haldið var á Akureyri nú fyrir skemmstu, voru viðhorf verkalýðshreyfingarinnar til kaupgjalds- og verðlagsmála tekin til rækilegrar yfirvegunar. Meðal þeirra samþykkta, sem gerðar voru í því máli, voru eftirfarandi: Að tollar á nauðsynjum almennings og söluskatturinn yrðu afnumdir, að bátagjaldeyrisokrinu verði af létt, að persónufrádráttur við útreikninga útsvars og skatta verði hækkaður og beinir skattar ekki lagðir á þurftarlaun, að ⅓ hluti launa sjómanna verði skatt- og útsvarsfrjáls, að persónuleg gjöld til almannatrygginga og sjúkrasamlaga verði afnumin, sett verði hámarksflutningsgjöld með skipum, sem miðuð séu við eðlilega afkomu verzlunarflotans, að vextir verði stórlega lækkaðir, að hámarksálagning verði ákveðin á öllum nauðsynjum og þjónustu. Að lokum er bent á, að ef Alþ. geri ekki nauðsynlegar ráðstafanir til lækkunar dýrtíðarinnar, sé verkalýðssamtökunum nauðugur einn kostur að taka upp baráttuna á næsta vori, þar sem frá var horfið s. l. vetur, fyrir hækkun vinnulauna. Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á, að við þm. Sósfl. höfum nú þegar á þessu þingi flutt frv. um flest þau mál, sem þing Alþýðusambands Norðurlands benti á til lausnar dýrtíðarvandamálsins. Allt bendir til þess, að ekkert af þessum málum nái fram að ganga. Verkalýðshreyfingunni mun því nauðugur einn kostur að taka upp baráttu fyrir hækkun vinnulauna, svo framarlega sem hún vill ekki sætta sig við áframhaldandi versnandi lífskjör.

Sjómenn á bátaflotanum hafa þegar hafið baráttuna. Þeir eru í hópi þeirra verst launuðu í þjóðfélaginu, þegar tekið er tillit til hins langa vinnutíma og hinnar geysilegu hættu, sem er samfara störfum þeirra á sjónum og þó alveg sérstaklega, þegar það er haft í huga, að íslenzkir sjómenn afla hlutfallslega margfalt meiri verðmæta en nokkur önnur sjómannastétt í heiminum. Nú um þriggja ára skeið hafa sjómenn með bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu verið sviptir því, sem áður var, að njóta sama verðs fyrir hlut sinn og útgerðin. Þannig hefur raunverulega verið kippt burt af stjórnarvöldunum hinum eðlilega grundvelli undan hlutaskiptafyrirkomulaginu. Sjómenn við Faxaflóa, í Vestmannaeyjum, á Vestfjörðum og á Norðurlandi hafa neyðzt til að segja upp samningum við útgerðarmenn frá n. k. áramótum með það fyrir augum að fá fastákveðið og hækkað verð fyrir hlut sinn. Það er skilyrðislaus krafa alls almennings í landinu, að nú þegar verði gengið til samninga við samtök sjómanna um réttlátt fiskverð, svo að vertíð geti hafizt á réttum tíma.

Í sambandi við yfirvofandi deilu bátasjómanna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort nokkuð hafi yfirleitt verið gert af hennar hálfu til þess, að til vinnustöðvunar þurfi ekki að koma í byrjun vertíðar. Á að senda alþm. heim í jólafrí, án þess að þetta mál verði rætt á Alþ.? Almenningur krefst þess af ríkisstj., að hún beiti áhrifum sínum til þess, að nú þegar

verði samið við bátasjómenn, þannig að þeir fái kröfum sínum framgengt.

Jafnhliða baráttu verkalýðssamtakanna um lífvænleg vinnukjör og bætt vinnuskilyrði hefur það verið ein aðalkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að tryggður sé sá frumstæði réttur verkamanns að fá nægilega atvinnu til framfærslu sér og sínum. Þessi sjálfsagði réttur fólksins hefur í orði verið viðurkenndur af öllum ríkisstj. undanfarin ár, en reynslan hefur orðið allt önnur. Um það geta þeir bezt borið, sem kunnugir eru atvinnuástandinu á hinum ýmsu stöðum á landinu og þá fyrst og fremst í kaupstöðum og sjávarþorpum norðanlands. Víðs vegar um land er atvinnuástandið þannig, að fjöldi fólks verður að yfirgefa heimili sín í leit að atvinnu. Margt af þessu fólki hefur af sárri neyð leitað eftir vinnu suður á Keflavíkurflugvöll, enda í mörgum tilfellum ekki um aðra atvinnu að ræða. Þetta fólk á enga ósk heitari en þá að geta verið kyrrt heima og stundað atvinnu þar við nytsamleg framleiðslustörf. Slíkir möguleikar hafa ekki verið fyrir hendi, enda stefna fyrrverandi og núverandi ríkisstj. að beina sem mestu af vinnuafli þjóðarinnar suður á Keflavíkurflugvöll til vinnu við herstöðvar í þágu erlends stórveldis, en í óþökk allra góðra Íslendinga. Mikill aflabrestur, sérstaklega á síldveiðum, ásamt skilningsleysi og óvild ríkisstj. að veita ekki fé til endurreisnar og stofnunar nýrra atvinnufyrirtækja, eins og tvímælalaust hefði átt að gera, hefur leitt til þess, eins og ég hef áður bent á, að fjöldinn allur af verkafólki verður að leita sér atvinnu með miklum tilkostnaði til Suðurlands. Hundruð manna sjá sér þann kost vænstan að yfirgefa byggðarlag sitt fyrir fullt og allt. Þetta ástand orsakar samdrátt á öllum sviðum, svo sem í verzlun, iðnaði, húsbyggingum o. fl. Eftir standa auðar húseignir arðlausar og óseljanlegar. Bæjar- og sveitarfélög komast í greiðsluþrot, eru neydd til að draga úr öllum framkvæmdum til hins ýtrasta, og dugir þó engan veginn til.

Meðal þeirra verkefna, sem nauðsynlegt er að komið verði í framkvæmd, svo að bætt verði úr ástandinu, er eftirfarandi: að útgerðin á Norðurlandi verði aukin, m. a. með nýjum togurum og stærri vélbátum, jafnframt verði sjómönnum gert fært með hentugum lánum að eignast vélbúna smábáta til veiða á grunnmiðum á þeim stöðum, sem bátaútvegur er hagkvæmur; að hraðfrystihús verði byggð, þar sem þau eru ekki til; að ríkið hafi forgöngu um, að tekin verði upp niðurlagning á verulegum hluta Norðurlandssíldarinnar til útflutnings; að togararnir verði reknir svo sem hægt er með það fyrir aðalsjónarmið að veita sem mesta atvinnu; að tunnuverksmiðjur ríkisins verði reknar eigi skemur en sex mánuði á vetri á tveim átta stunda vöktum; að byggð verði á Norðurlandi dráttarbraut, sem tekið getur upp 1000—1500 smálesta skip; að veitt verði nauðsynlegt fé til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

Það hefur komið í ljós, svo að ekki verður um deilt, að einstaklingsframtakið hefur ekki, m. a. vegna skorts á fjármagni, reynzt fært um að halda atvinnurekstrinum í horfinu, hvað þá að rétta við hina hnignandi atvinnuvegi. Fyrir því er það ófrávíkjanleg krafa verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlandi, að yfirstandandi Alþ. veiti nú þegar fé til viðreisnar atvinnurekstrinum með sérstöku tilliti til hins mikla áfalls, sem síldarleysi nær heilan áratug hefur orðið fyrir þennan landsfjórðung, sem að miklu leyti hefur byggt atvinnulíf og afkomu á síldveiðum í nær 3 áratugi. Með því að verða við þessari sjálfsögðu kröfu væri að nokkru bætt fyrir margra ára andstöðu og skilningsleysi stjórnarvaldanna til úrbóta á hinu hörmulega ástandi, sem ríkt hefur í atvinnu- og fjármálum norðlenzkra sjávarþorpa.

En hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar virðast líta öðrum augum á þetta mál. Í því sambandi vil ég benda á, að nú fyrir nokkrum dögum felldi stjórnarliðið till. frá mér um að heimila ríkisstj. að taka lán, að upphæð 15 millj. kr., sem varið yrði til endurbyggingar og uppbyggingar atvinnuveganna í þeim kaupstöðum og sjávarþorpum, sem verst hafa orðið úti vegna 9 ára veiðibrests á síldveiðum. Ekki einn einasti þm. úr stjórnarliðinu greiddi þessari till. atkv. Þeim hefur ekki fundizt það neitt alvarlegt ástand, þótt heil byggðarlög legðust í auðn vegna skorts á framleiðslutækjum. Þessum ágætu þm. finnst lítið við það að athuga, þótt fólk sé atvinnulaust í 6—8 mánuði á ári og hafi oft og tíðum ekki hugmynd um, hvað það á að borða þennan eða hinn daginn. Þeirra eina afsökun gæti verið, að þeir vissu ekki hvað þeir voru að gera.

Góðir hlustendur. Ég vil hvetja allan verkalýð Íslands, hvar í flokki sem hann stendur, til að sameinast í eina órofa heild til sóknar og varnar fyrir betri lífskjörum, taka upp þráðinn þar, sem frá var horfið í síðustu kjaradeilu verkalýðssamtakanna, og taka nú þegar upp ákveðna baráttu móti hinu seigdrepandi atvinnuleysi. Verkamenn, sjómenn, verkakonur, iðnaðarmenn og bændur, takið höndum saman í baráttunni fyrir bættum kjörum ykkar og afkomenda ykkar. Gerið ykkur það ljóst, að það eruð þið, hin vinnandi stétt, sem berið þyngstar byrðar þjóðfélagsins. Það eruð þið, sem eruð skapendur þeirra verðmæta, sem framleidd eru á Íslandi, og þið, góðir hlustendur í alþýðustétt, sem kosið hafið stjórnarflokkana að undanförnu, athugið, hvað er að gerast í sölum Alþingis daglega. Krefjizt þess af þm. ykkar, að þeir standi við gefin kosningaloforð. Látið þá ekki komast upp með að ganga á móti kröfum ykkar og hagsmunum. Krefjið þá um, að þeir beiti sér fyrir aukinni atvinnu, auknum og betri húsakosti, stórauknum stuðningi við iðnaðinn og auknu fjármagni til landbúnaðarins, til jarðræktarframkvæmda o. fl. Sjómenn, krefjizt þess af Alþ., að lögfest sé 12 stunda hvíld á togurum. Krefjizt þess að fá frádrátt á tekjum ykkar vegna hins mikla kostnaðar við störf ykkar á hafi úti. Og þið, verkamenn, sem farið í atvinnuleit frá heimilum ykkar, krefjið valdhafana um ríflegan frádrátt frá tekjum ykkar til skatts vegna stóraukins kostnaðar. Alþýða Íslands til sjávar og sveita, ris upp til baráttu fyrir betri og farsælli framtíð, fyrir frelsi lands þíns og þjóðar.

Ég vil að lokum óska allri alþýðu svo og öðrum Íslendingum gleðilegra jóla, góðs og farsæls nýárs í von um, að komandi ár færi hinni vinnandi stétt og þjóðinni allri aukið frelsi, alþýðunni auknar kjarabætur og henni auðnist að samhæfa og styrkja samtök sín, fagleg og pólitísk. — Góða nótt.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Sá á kvölina, sem á völina, segir máltækið, og mætti þá einhver ætla, að mér væri nú vandi á höndum að velja mér yrkisefni úr öllum þeim firrum, sem stjórnarandstæðingar hafa nú borið á borð. En ég er í engum vanda. Auðvitað væri til sálubótar að hirta dálítið suma þessara ræðumanna, en við, sem verðum að sitja undir óstöðvandi bunu þeirra nær ævinlega, ef við höldumst við í þingsætunum, erum löngu búnir að sigrast á freistingunni til að greiða höggið aðeins vegna þess, hversu vel ræðumaður liggur við höggi, og flest, sem hv. ræðumenn hafa sagt hér í kvöld, hafa þeir ýmist sagt hundrað sinnum áður hér á Alþ. eða miklu oftar í blöðum þeirra.

Ýmsir okkar eru vanir að láta sér nægja að yfirgefa þingsalinn til þess að gegna áríðandi störfum, þegar það, sem í hliðarherbergjum þingsins er kallað kaninuplágan, flæðir yfir, þ. e. a. s. þegar mennirnir, sem minnst hafa að segja, mesta ánægju hafa af að hlusta á sjálfa sig, en síðan að lesa um sjálfa sig í grein eftir sjálfa sig í blaði sjálfs sín, tritla eða hoppa upp í ræðustólinn til þess þar af mikilli mælsku, en lítilli skerpu að dýrðast yfir sjálfs sín verðleikum eða að bera aðra ósönnum óhróðri, svo sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson áðan gerði, þegar hann réðst á Björn Ólafsson fyrrv. ráðh., mig og fleiri út af greiðslu á stóreignaskatti. Það mál hefur verið margskýrt í blöðum landsins, og vita þess vegna allir, sem því hafa viljað kynnast, að hér er hvorki um spillingu né sakir að ræða. Ég vil þó enn einu sinni minna á, að enginn þessara aðila óskaði þess að greiða skatt sinn með umræddum fasteignum, heldur kröfðust þeir þess þvert á móti allir, að eignirnar yrðu undanfelldar mati til stóreignaskatts, en þá gátu þeir auðvitað ekki greitt með þessum eignum. Það er ekki fyrr en að ríkið neitar að verða við þessari sanngjörnu kröfu, að þessir aðilar afhenda ríkinu þessar eignir og þá við því verði, sem ríkið sjálft lagði á þær.

Ræða hv. þm. Gils Guðmundssonar var nokkuð laus í böndunum og sannast sagna með því losaralegasta, ef krufið væri til mergjar, sem ég hef lengi heyrt hér á þingi, og þar var flestum staðreyndum snúið við. Þannig staðhæfði þessi hv. þm., að sjómenn sköðuðust á bátagjaldeyrinum. Hann vill kannske sanna það á morgun. Hann sagði, að Samband íslenzkra fiskframleiðenda græddi á lágu fiskverði. Hann sannar það kannske líka á morgun. Flest annað var svipað. Hann fjandskapaðist gegn gengisfellingu og bátagjaldeyri og öllu því, sem haldið hefur skipunum á floti, öllu því, sem bægt hefur atvinnuleysi og böli frá bæjardyrum almennings í landinu. Síðan er sunginn í þúsundasta og fyrsta sinni söngurinn um stórgróðann í því skyni að reyna að vekja öfund, slá á lægstu hvatirnar. Loks er svo spurt: Hvað ætlar stjórnin að gera? Ég svara Gils Guðmundssyni: Stefna og aðgerðir stjórnarinnar er kunn og hefur leitt til blómlegs atvinnulífs í stað böls atvinnuleysisins, sem ella hefði sorfið að landsfólkinu. En Gils Guðmundsson, þessi hv. þm., gleymdi að segja, hvað hann vill láta gera. Ég skora nú á hann að leiða rök að því, að hægt sé að hverfa frá stefnu ríkisstj., og segja til hvaða ráða hann ætlar þá að grípa í staðinn. Þá dugir ekki að segja: Leiðir má finna, eins og hann sagði hér áðan. Hann verður að finna þessar leiðir og sýna mönnum þær, því að á neikvæðum belgingi lifir enginn til lengdar.

Ég hef líklega heyrt eitthvað skakkt, en mér heyrðist hollvinur minn, Brynjólfur Bjarnason, vera eitthvað að lofsyngja Rússa, og er það þá í fyrsta skipti, ef mig ekki misminnir, sem ég hef heyrt þann söng. En ef það er misminni, þá hlýt ég að hafa svarað því áður og þarf ekki að svara því aftur.

En annars get ég látið mér í léttu rúmi liggja flest það, sem þessir hv. þm. hafa sagt. Við sjálfstæðismenn höfum aldrei ætlað okkur að mæla okkur við slíka menn, hvorki við mikilleik þeirra í sjálfsmeðvitund þeirra né smæð þeirra í augum margra annarra. Stjórnmálabaráttan á Íslandi er ekki og getur aldrei orðið metingur við þessa menn, heldur barátta við þá örðugleika, sem vanefni og fjárskortur leggja í götu allra þeirra, sem sækja fram til bættra lífskjara þjóðinni til handa. Við þessa örðugleika eru stjórnarliðar nú að glíma, og ég segi enn við nöldrarana eins og Clemenceau gamli forðum, þegar Frakkar lögðu taumana í hans hendur 1917 og fólu honum að vinna styrjöldina: „Je fait la guerre." — Ég er í stríði. — Hann virti þvaður ráðleysingjanna að vettugi, sneri sér beint að verkefninu, eins og við erum að gera, tók á af alefli, eins og við ætlum að gera, og sigraði, eins og við vonum að gera.

Ég þykist vita, að flestir hv. hlustendur skilji þetta sjónarmið. Ég hygg einnig, að þess sé öðru fremur af mér vænzt, að ég skýri frá, hvar stjórnarflokkarnir séu á vegi staddir um úrræði til þess að efna þau fyrirheit, sem gefin voru í stjórnarsamningnum, fyrirheit, sem svo margir landsmenn eiga svo mikið undir að séu flutt frá pappírnum yfir í framkvæmdirnar. Um hitt ættu menn að vera einfærir að dæma, hvort stjórn, sem gefið hefur fyrirheit stjórnarsamningsins og ætlar sér að efna þau, sé afturhaldsstjórn eða stjórn stórhuga framfara og frelsis, og þá einnig, hvort heldur það séum við, sem af raunsæi viljum forðast, að land okkar liggi óvarið fyrir árásarhættu ofbeldisaðilanna, sem svíkjum ættjörð okkar, eða hinir, sem af ráðnum hug og fyrir opnum tjöldum hafa valið Rússland, en ekki Ísland, sem föðurland sitt, og einfeldningarnir, sem þeim leggja lið.

Samningur sá, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér, þegar núverandi stjórn var mynduð, var þegar í stað birtur almenningi í blöðum og útvarpi. Ég leyfi mér að ætla, að hv. hlustendur þekki hann í aðalefnum, og rek þess vegna ekki einstök ákvæði hans umfram brýnustu þörf til þess að skýra loforð og fyrirhugaðar efndir. Ég tel víst, að allir viðurkenni, að þess er ekki að vænta, að ríkisstj., sem við völdum tekur í byrjun

kjörtímabils og rétt í sama mund sem Alþ. kemur saman og þess vegna engan starfsfrið hefur haft eða a. m. k. litinn til að klæða hugmyndir sínar og fyrirheit holdi, geti á fyrsta þingi efnt meginhluta, hvað þá öll fyrirheit sín. Því meira gleðiefni er að geta skýrt frá því, sem skeð hefur.

Stjórnarsamningurinn hefst á þessari yfirlýsingu: „Það er höfuðstefna ríkisstj. að tryggja landsmönnum sem öruggasta og bezta afkomu. Til þess að því marki verði náð, telur ríkisstj. nauðsynlegt, að sem mest frjálsræði ríki í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar, en skilyrði þess, að svo megi verða, er, að tryggt verði jafnvægi í efnahagsmálum inn á við og út á við. Ríkisstj. mun því beita sér fyrir hallalausum ríkisbúskap og fyrir því, að atvinnuvegirnir geti orðið reknir hallalaust, þannig að þeir veiti næga atvinnu."

Hér heitir stjórnin m. a. því að beita sér fyrir hallalausum ríkisbúskap. Efndir þess fyrirheits felast í því, að fjárl. verði afgreidd án greiðsluhalla. Það er nú verið að leggja síðustu hönd á fjárlfrv. Er mér óhætt að staðhæfa, að stjórnin hefur einskis og mun einskis láta ófreistað til að standa við þetta loforð. Vita allir, sem til þekkja, að slíkt skeður ekki átakalaust hér á Alþ., enda kallar það á mjög mikinn þegnskap allra stjórnarliða. Get ég um þetta að öðru leyti vísað til þess, sem hv. frsm. fjvn., Magnús Jónsson, um þetta sagði í framsöguræðu þeirri, sem hann flutti við 2. umr. fjárl. Hefur sú ræða verið prentuð í viðlesnustu blöðum landsins, og ég skal þess vegna ekki endurtaka þær staðreyndir og rök, sem þar greinir. Hæstv. fjmrh. geri ég einnig ráð fyrir að ræði þetta mál nánar hér í kvöld.

Þá hefur stjórnin, eins og þjóðin veit, lagt fram frv. til efndar því fyrirheiti, „að fjárhagsráð sé lagt niður, enda séu nauðsynlegar ráðstafanir gerðar af því tilefni", svo sem segir í stjórnarsamningnum. Um þetta frv. þarf ég síður að fjölyrða fyrir það, að efni þess hefur verið skýrt í blöðum landsins. Kjarni málsins er þessi: Með lögum um fjárhagsráð, sem sett voru á Alþ. 1947, var 5 manna nefnd falið meira vald yfir atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar en dæmi munu til í sögu þjóðarinnar. Þessi lög verða nú afnumin og ráð þetta lagt niður, en vald þess ýmist afhent þjóðfélagsþegnunum sjálfum eða þeim stjórnarvöldum, sem þjóðin á hverjum tíma felur að fara með völdin í landinu. Þó skal ríkisstj. skipa tvo menn, sem fari enn um skeið með brot af því valdi, sem fjárhagsráði var falið. Verður hlutverk þessara tveggja manna aðallega að úthluta milli manna réttindum til innflutnings á þeim vörum, sem af gjaldeyrisástæðum hefur enn ekki verið talið mögulegt að gefa frjálsan innflutning á. Enn fremur fjalla þessir sömu menn um þá fjárfestingu, sem enn verður háð leyfum. En almenningur öðlast nú fullt frelsi til þeirra húsabygginga og annarra framkvæmda, sem hann helzt þarfnast, og kaup og sala á byggingarefni á hérlendum markaði er nú með öllu gefin frjáls.

Auk þessara gerbreytinga fylgja hinni nýju skipan ýmsir ágætir kostir. Nefni ég þar til m. a., að miklu og rándýru bákni er létt af þjóðinni, sem og að mikil trygging fyrir ábyrgri og réttlátri meðferð þess valds, sem enn hefur ekki verið afhent borgurunum sjálfum, felst í því, að í stað 5 manna, sem alltaf gátu skotið sér hver á bak við annan við beitingu hins mikla og ótakmarkaða valds, fara nú aðeins tveir menn með takmarkað vald. Séu þeir sammála, þá eru þeir báðir ábyrgir fyrir teknum ákvörðunum. Beri á milli, ber hvor um sig opinbera ábyrgð á samþykki sínu eða synjun, og sker þá ríkisstj. úr. Hér er því viðureignin fyrir opnum tjöldum. Hér ber hver og einn ábyrgð á eigin gerðum og getur ekki falið skoðun sína eða tillögur. En sú skipan og sú skipan ein tryggir almenningi það ýtrasta réttlæti, sem lýðræðið getur fært fólkinu.

Fögnuður almennings yfir þessum ráðstöfunum ber vott um, að menn hafa fundið sárt til viðjanna og gera nú hvort tveggja að fagna þessum stórvægilega áfanga og líta vonglaðari fram á veginn í trausti þess, að þeir flokkar, sem 1951 juku stórkostlega verzlunarfrelsið og þetta nýja frelsi eru nú að lögleiða, muni stefna áfram í áttina til fulls frelsis með þeim hraða, sem aðstaðan frekast leyfir. Þarf ég varla að segja kjósendum Sjálfstfl., að í þeim efnum mun ekki standa á þingfl. sjálfstæðismanna. Annað væri líka svik við kosningaloforð okkar 1949 og 1953 og þá stefnu, sem minnihlutastjórn Sjálfstfl. markaði með því frv. um gengisskráningu o. fl., sem hún lagði fyrir Alþ. snemma á árinu 1950, og við sjálfa sjálfstæðisstefnuna.

Ég vil í þessu sambandi að gefnu tilefni alveg sérstaklega vekja athygli á því, hvílík öfugmæli það eru, að Sjálfstfl. beiti sér gegn verzlunarfrelsi varðandi útflutningsvörur landsmanna. Flokkurinn hefur einmitt eftir beztu getu aðstoðað framleiðendur við að verzla sjálfir með framleiðsluvörur sínar, frjálsir og í friði og með þeirri skipan, sem þeir sjálfir og einir hafa ákveðið, þ. e. a. s. hinum ýmsu sölusamtökum framleiðenda.

Ég læt útrætt um þetta merka mál með tilvísun til þess, sem hæstv. viðskmrh. mun um það segja, um leið og ég minni á, að mat þjóðarinnar á stefnu rauðliða, eins og hún birtist í ljósi reynslunnar, óbeit fólksins á höftum, bönnum og ráðavaldi, sést bezt á þeim óvinsældum, sem fjárhagsráð hefur sætt þrátt fyrir óvenjuhæfni og ágæta mannkosti margra þeirra manna, sem þar hafa starfað að því að framkvæma vilja okkar, sem illu heilli létum til leiðast að lögfesta ofurvald ráðsins.

Þá gaf stjórnin fyrirheit um að ljúka á þessu þingi „endurskoðun skatta- og útsvarslaganna, m. a. með það fyrir augum að lækka beina skatta og færa með því til leiðréttingar misræmi vegna verðlagsbreytinga og stuðla að aukinni söfnun sparifjár". Hér hefur stjórnin færzt mikið í fang og óséð, hvort tekst að ljúka þessari endurskoðun. Hefur að sönnu verið unnið að málinu af miklu kappi síðustu tvo mánuðina, og mun svo verða þar til yfir lýkur. En hér er risavaxið verkefni við að etja, og hafa sumar nágrannaþjóðirnar þurft áratug til slíkrar allsherjarendurskoðunar á skattalögunum. Þori ég enn ekki að fullyrða, hversu til tekst að öðru leyti en því, að stjórnarflokkarnir hafa nú gert með sér samning, sem bindur fastmælum þann þátt málsins, sem skattþegnar sérstaklega láta sig varða. Sam-

kvæmt þessu samkomulagi er nú í fyrsta skipti á mörgum og löngum árum létt á beinu sköttunum, og það er enginn smápinkill, sem af er létt, heldur 20%, þ. e. ⅙ hluti þessara skatta. Er nú verið að vinna að rannsókn þess, hvernig réttlátast þykir að deila þessum fríðindum. Vil ég sérstaklega aðvara gegn því, að sérhver skattþegn telji sjálfan sig með þessu hafa öðlazt fyrirheit um ákveðna lækkun á sínum skatti, því að sumir fá meiri lækkun en aðrir. En um það verður ekki dæmt til fullnustu, fyrr en rannsókn kunnáttumanna, sem að þessu vinna á vegum ríkisstj., er lokið. Skattalækkun þessi mun ná til skattársins 1953.

Ég veit, að öll þjóðin fagnar þessu stóra og þýðingarmikla spori til að létta ofurþunga skattanna, og vona einlæglega, að þegar þessi vilji stjórnarflokkanna er kominn í framkvæmd, leiði breytingin ekki til tekjurýrnunar, heldur til tekjuauka. Ég vona, að framtölin verði því nær sanni sem skattstiginn er lægri, en miklu meiri vonir bind ég þó við það, að lækkun beinu skattanna örvi framtakið, ýti úr vör nýjum atvinnurekstri og skapi með því þjóðinni auknar tekjur, en ríkissjóði nýja og vaxandi tekjustofna. Veit ég til slíks ýmis dæmi og hið síðasta nú, þegar Kanada í fyrra lækkaði beinu skattana allverulega. Eftir að lækkunin hafði staðið í hálft ár, kom í ljós, að ríkistekjurnar höfðu vaxið um 1500 millj. kr. á þessum 6 mánuðum og þjóðartekjurnar þá auðvitað að sama skapi meira. Mætti svo einnig reynast hér á landi, og mundi þá enn fylgja ný skattalækkun.

Að öðru leyti mun hæstv. fjmrh. skýra þetta mál.

Ég kem þá að tveimur voldugum verkefnum, sem blasa við og stjórnarflokkarnir hafa bundizt fastmælum um að leitast við að leysa. Á ég þar annars vegar við byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva, eða hin svo nefndu raforkumál, en hins vegar við, að tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.

Ræðir hér um tvö mikil mál, sem hvort um sig hnígur að því að leysa hinar brýnustu þarfir fólksins í landinu. Þarf ég hér engan að fræða um nauðsyn almennings í þessum efnum né það, hversu heitar eru óskir fólksins um, að úr þessum þörfum verði bætt, og sterkar vonir þess um, að það verði einmitt þeir, sem að núverandi ríkisstj. standa, sem það gera. Um þetta getur hver og einn frætt sjálfan sig. Enn síður dettur mér í hug að gera að yrkisefni, hvort það er þáltill. Framsfl. eða frv. nýsköpunarstjórnarinnar, sem síðari ára framkvæmdir í raforku- eða byggingarmálum verða til raktar. Úr því skera grúskarar síðar og þá væntanlega með sagnfræðilegu öryggisleysi. En fólkið, sem veit, að ylur og birta og húsaskjól eru jafndýrmæt lífsgæði, hvaða eyrnamörk eða flokksstimpill sem á þeim er, hugsar fyrst og fremst um það, að fyrirheitin verði ekki aðeins helberar hillingar. Þetta fólk, allt þetta marga fólk, spyr um þetta aðalatriði: Getur stjórnin útvegað fé í þessar miklu framkvæmdir, og ef svo er, þá hvernig?

Ég vil aðeins geta þess, að á undan fjáröflun til þessara framkvæmda kemur fjáröflun til þess hluta kostnaðar við byggingu sementsverksmiðjunnar, sem eigi fæst með erlendum lántökum, en þess fjár verður a. m. k. að nokkru leyti aflað með sama hætti og fjár til raforku- og byggingarmálanna, og ræði ég það mál því ekki sérstaklega.

Ég vil taka það fram, að það, sem ég hér segi, er ætlað til þess eins, að menn geti glöggvað sig á frumhugmyndum stjórnarinnar um úrræði til úrlausnar. Stjórnin hefur að sönnu rætt málið mjög ýtarlega og vonar að komast smám saman fram úr vandanum. En því fer víðs fjarri, að nokkrar endanlegar ákvarðanir hafi enn verið teknar. Á þetta legg ég áherzlu.

Ég skal að þessu sinni ekki ræða þau úrræði, sem ef til vill þyrfti að grípa til, ef annað þryti, og heldur ekki minnast á þær úrlausnir, sem fyrir hendi kunna að vera, en Íslendingar eru ekki einráðir um, svo sem erlendar lántökur.

Ég læt nægja að víkja stuttlega að þeim frumhugmyndum, sem uppi eru innan stjórnarliðsins og velta á vilja valdhafanna og efnahagsafkomu þjóðarinnar. Ætla ég mér að sjálfsögðu ekki þá dul að greiða úr þeim flóknu viðfangsefnum í stuttu máli, í svo stuttu máli sem hér er kostur á, til nokkurrar hlítar, enda, sem fyrr segir, málið enn ekki svo undirbúið, að það sé auðið.

Framkvæmdir þessar eru mjög fjárfrekar. Þannig er ætlað til raforkuframkvæmdanna um 250 millj. kr. á 10 árum, mest fyrstu árin, en síðan árlega minnkandi. Í þessu skyni lofaði stjórnin að hækka ríkisframlag um 5—7 millj. kr. árlega. Það heit hefur nú verið efnt og útgjöld fjárl. verið í þessu skyni hækkuð um 7 millj. kr., eða úr 4 í 11 millj. kr. á ári. Er gert ráð fyrir, að fjáröflun í þessu skyni gangi fyrir öðru, þegar tryggt hefur verið lán til sementsverksmiðjunnar.

Til byggingarmálanna þarf einnig stórfé. Er hugmyndin sú að leysa þær þarfir til frambúðar á þann hátt, að útlán til íbúðarhúsa verði fastur liður í útlánastarfsemi peningastofnananna.

Til fjáröflunar fyrir allar þessar framkvæmdir eru fjórar leiðir. Hin fyrsta er að gera nýja peninga. Sú leið mundi raska jafnvægi efnahagsmálanna og kemur þess vegna ekki til greina. Hin önnur er að leggja á þjóðina nýja skatta. Allir vita, að það er ekki kleift, a. m. k. ekki svo að neinu nemi. Sú leið kemur þess vegna ekki til greina. Hin þriðja er erlendar lántökur, en einnig þeirri úrlausn er stakkur skorinn. Eftir stendur þá aðeins að hagnýta sér aukningu sparifjár í landinu með breyttri útlánastarfsemi. Á þessu úrræði yrði fyrst og fremst að byggja. Er þá nauðsynlegt auk annars að ná samkomulagi við banka landsins og þá fyrst og fremst Landsbankann til þess að forðast allar þvinganir, en um vissa þætti málsins getur þó þurft að setja lög.

Frumskilyrði þess, að fyrirætlanir stjórnarinnar takist, er, að eðlileg og sem mest aukning verði á sparifé landsmanna. Virðist nú horfa vel í þessum efnum, svo sem sjá má af því, að árið 1950 og 1951 varð aukning sparifjár hjá bönkum og sparisjóðum aðeins 16 millj. kr. árlega, en 1952 var þessi aukning 92 millj. kr. og fyrstu þrjá ársfjórðungana í ár hvorki meira né minna

en 140 millj. kr., og gæti þá svo farið, að aukning í ár nálgaðist 200 millj. kr. Tel ég rétt að vekja sérstaka athygli á þessari ánægjulegu þróun, sem fyrst og fremst er ávöxtur af stjórnarstefnunni undanfarin fjögur ár.

Fyrir stjórninni vakir enn fremur að ýta undir þessa aukningu sparifjárins, og hefur hún í því sambandi til athugunar, að vextir á sparifé verði útsvars- og skattfrjálsir. Og teljum við margir, að rétt væri að undanþiggja þetta fé líka framtalsskyldu, en þó er enn í algerri óvissu um, hvort menn að athuguðu máli geta komið sér saman um það.

Verði þessar ráðstafanir gerðar, er ekki að efa, að þær ýta mjög undir söfnun sparifjár. Með því er þó ekki vandi stjórnarinnar leystur, því að ekki ræður ríkisstj. útlánastarfsemi bankanna. En til eru þó ráð, sem að því hníga að beina fjárstrauminum í ákveðnar áttir, og það eru einmitt þau úrræði, sem stjórnin hefur mikið athugað og rætt í því skyni að tryggja það, að nokkrum hluta sparifjáraukningarinnar verði varið til þess að leysa raforkumálin og húsnæðisþarfirnar. Haldbezta ráðið og það, sem flest eru fordæmi fyrir með nágrannaþjóðunum, er útgáfa verðbréfa með hærri vöxtum en greiddir eru af sparifé. Bréfin yrðu að sjálfsögðu að njóta sama útsvars- og skattfrelsis sem sparifé. Hætt er þó við, að vegna þess, hversu örðugt hefur reynzt að selja verðbréf hérlendis við viðunandi verði, mundu þessi úrræði ná skammt. Stjórnin hefur þess vegna til athugunar að tryggja, að þessi verðbréf og þau ein verði seljanleg hvenær sem eigendur óska að selja þau og þá án allra affalla annarra en þeirra, sem leiða kynnu af breyttum vaxtakjörum eða a. m. k. þannig, að eigandi bréfsins við innlausn verði alltaf skaðlaus, miðað við, að fé hans hefði legið á sparisjóði.

Verði að þessu ráði hnigið og út gefin sérstök verðbréf, sem njóti alls sama skattfrelsis og annarra fríðinda sem sparifé, en geti talsvert hærri vexti, en auk þess sé ciganda tryggð innlausn bréfsins á svipaðan hátt og ég lýsti, ætti að mega treysta því, að sala þessara verðbréfa yrði ör. Yrði þá að gæta hófs um útgáfu bréfanna, þannig að til sölu yrði ekki meira en svo, að fullnægt yrði fjárþörfinni til sementsverksmiðjunnar og þeirra framkvæmda á sviði raforkumálanna og húsabygginganna, sem ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um og mundi því beita sér fyrir. Mundi þá öllu svo í hóf stillt, að aldrei yrði varið nema nokkrum hluta sparifjáraukningarinnar í þessu skyni, og er þá gert ráð fyrir, að sparifé vaxi með eðlilegum hætti. Í þessu sambandi er rétt að skýra frá því varðandi byggingarmálin, að stjórnin telur nauðsynlegt, að lánin verði svo há, að verulega muni um til bygginga smáíbúða, vextir hóflegir, lánstími langur, en afborganir mánaðarlega svo sem mest líkist greiðslu á húsaleigu.

Ég hef hér aðeins brugðið upp frumdráttum þeirra úrlausna, sem stjórnin hefur rætt um, þótt engar fullnaðarákvarðanir hafi enn verið teknar í þessum efnum. Ætla ég það nægi til að sýna, að stjórnin hefur ríkan hug á framkvæmdum, en get þó ekkert um það sagt, hversu langt er hægt að komast áleiðis á þessu þingi.

Fjár til framhaldsvirkjunar Sogsins er ætlað að afla með erlendum lántökum, og hefur enn ekki verið neitt í því aðhafzt, eins og heldur ekki var gert ráð fyrir.

Þá er í stjórnarsamningnum ákvæði um að tryggja framleiðendum sauðfjárafurða rekstrarlán út á afurðir sínar eftir hliðstæðum reglum og lánað er út á sjávarafurðir og enn fremur, að endurskoða beri reglur um lán til iðnaðarins með það fyrir augum að koma fastri skipan á þau mál. Ræðir hér um mikilvæg hagsmunamál landbúnaðarins og iðnaðarins. Hefur ríkisstj. rætt ýmis úrræði til að uppfylla þessi fyrirheit. Ríkisstj. viðurkennir, að réttlátt er og æskilegt, að þeir, sem stunda heilbrigða framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn, eigi kost svipaðra lána sem þeir, sem framleiða fyrir erlendan markað, og að um þetta séu settar fastar reglur, svo að framleiðandinn viti, að hverju hann gengur. Yrði þá seðlabankinn að kaupa slíka framleiðsluvíxla. Eru þessi mál nú í athugun, og get ég enn ekki sagt, hvaða ráðum verður hnigið að, enda margs að gæta, ef vel á að fara.

Til efnda á fyrirheitinu um að halda áfram öflun atvinnutækja þangað, sem mest er þörfin, og stuðla þar með að því, að jafnvægi haldist í byggð landsins, verða á fjárl. ársins 1954 svipaðar greiðsluheimildir og voru á þessa árs fjárl., auk þess sem aðrar aðgerðir stjórnarinnar stefna að þessu sama marki.

Um stofnun varnarmáladeildar í utanrrn. hefur nýlega verið rætt í útvarpsumr. hér á Alþ., og læt ég það nægja.

Eru þá upp talin fyrirheit stjórnarsamningsins, og enda þótt langt sé frá því, að þeim hafi verið enn komið heilum í höfn og raunar megi, að því er sum þeirra varðar, eins vel segja, að enn sé tæplega landsýn, þá þykist ég þó mega vænta þess, að þeir, sem á mál mitt hafa hlýtt, viðurkenni, að vel hafi þokað í rétta átt og með meiri hraða en hægt var með sanngirni að krefjast, þegar tekið er tillit til þess, hversu stuttur enn er starfstími stjórnarinnar og vinnufriður oftast lítill, ekki sízt meðan Alþ. á setu.

Hv. hlustendur. Þetta er í fyrsta skipti, sem ég á þess kost að ávarpa landsmenn í útvarpinu í umboði Sjálfstfl., frá því að þingkosningar fóru fram í júnílok s. l. Mér er skylt og ljúft að þakka þjóðinni það mikla traust, sem hún sýndi Sjálfstfl. Ég ofmæli ekki, þótt ég segi, að þm. Sjálfstfl. hafi fullan hug á að endurgjalda það traust í verki. Við kunnum sæmilega skil á þörfum og óskum landsmanna, og við höfum einlæga löngun til og brennandi áhuga á því, að störf okkar megi leiða til sem mestrar blessunar fyrir sem allra flesta landsmenn. Fyrir því höfum við ákveðið að leggja til atlögu gegn ofurvaldi myrkurs og kulda íslenzks skammdegis og vetrarríkis með því að færa ljós og yl inn á sem allra flest heimili landsins. Af sömu hvötum viljum við ráðast gegn húsnæðisskortinum, sem lengi hefur verið höfuðþraut óhæfilega margra manna, og vonum við, að takast megi að greiða götu þessa fólks úr hreysum í sæmilegar vistarverur, og fyrir því hefjum við nú allsherjarsókn gegn ófrelsinu.

Okkur sjálfstæðismönnunum hefur lengi skil-

izt, að sé framtak og athafnaþrá þjóðarinnar lögð í hlekki, mun Íslendingum aldrei til langframa auðnast að draga alla þá björg í búið, sem með þarf, til þess að svo fámenn þjóð fái lifað frjálsu menningarlífi í jafnstóru landi, einfaldlega vegna þess, að þótt land og sjór séu gæðarík, eru gæðin torsótt og þeim einum föl, sem gæddir eru miklum manndómi og njóta athafnafrelsis. Þetta er dómur sögu okkar á öllum öldum. Af þessari löngu og strangu reynslu er sprottin athafna- og frelsisþrá Íslendinga, en sú eðlishneigð er einmitt hið volduga afl, sem ævinlega tengir okkur sjálfstæðismenn órjúfanlegum böndum þrátt fyrir ólíka hagsmuni og oft mismunandi sjónarmið í ýmsum efnum. Við erum nú að brjóta hlekkina af þjóðinni. Við vitum, að aukið frelsi mun fara sem heitur straumur um allt athafnalífið, vekja af dvala og leysa úr læðingi sterk öfl til nýrra athafna og dáða einstaklingum og þjóðarheildinni til farsældar og blessunar. Engan, sem þekkir skoðun, trú og vissu okkar sjálfstæðismanna, mun undra, þótt við eftir svo langa áþján fögnum frelsi einlæglega og ákaft.

Okkur sjálfstæðismönnum er ljóst, hversu margt þeim flokkum ber á milli, sem að ríkisstj. standa. Okkur og framsóknarmenn greinir á um trúna á athafnafrelsið og mátt einstaklingsframtaksins. Við vitum, að þessi skoðanamunur skapar ýmis vandkvæði, sem vel geta fært hættu yfir samstarfið. En þó hygg ég, að báðir stjórnarflokkarnir hafi til þess vilja að bera fram til sigurs þau hin miklu áhuga- og hagsmunamál þjóðarinnar, sem ég hef gert hér stuttlega grein fyrir, ekki síst raforku- og húsnæðismálin. Ég held þess vegna og þá einnig vegna þess öngþveitis í þjóðlífinu, sem leiða mundi af samstarfsrofi þessara stærstu flokka þjóðarinnar, að hin stóru og mikilfenglegu verkefni, sem í bili sameina okkur, reynist sterkari þeim grundvallarágreiningi og dægurþrasinu, sem skilur okkur, a. m. k. nægilega mikið til þess, að við þurfum ekki að vonsvíkja þá mörgu, sem til okkar bera traust og í samstarfi okkar eygja vonina um úrlausn örðugleika sinna. Með þessu held ég að ég geti glatt hina mörgu stuðningsmenn stjórnarinnar og þá af andstæðingunum, sem meira meta þjóðarheill en eigin metorð.

**Gunnar Thoroddsen:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar gengið var til kosninga á s. l. sumri, snerist hugur manna mjög um skattamál, viðskiptamál, raforkumál og húsnæðisskortinn. Atvinnumálin voru þá ekki eins ofarlega á baugi og oft áður, því að atvinna var víða óvenjumikil. Þessi mál auk landvarnarmálanna mótuðu mjög kosningarnar.

Þegar samningar voru hafnir eftir alþingiskosningarnar um myndun nýrrar ríkisstj., hlutu þessi mál að verða ofarlega á baugi. Íslenzka þjóðin hafði um 20 ára skeið þjáðst undir oki verzlunarhafta með margvíslegum afleiðingum þeirra, vöruskorti, ósæmilegu braski, svörtum markaði, biðröðum o. s. frv. Á síðasta kjörtímabili rofaði til í þessum efnum. Með atbeina efnahagssamvinnu vestrænna þjóða var unnt að framfylgja í verulegum mæli þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. hefur jafnan borið hæst við hún, að gefa verzlunina frjálsa. Þegar núverandi stjórnarflokkar ákváðu í september að endurnýja stjórnarsamvinnu, var því samið um að tryggja sem mest frjálsræði í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar og auka þann hlut verzlunarinnar, sem nú er frjáls, eða um ⅔ af innflutningnum. Þorri Íslendinga fagnar auknu frelsi í viðskipta- og atvinnumálum.

Síðan í sumar hafa hin miklu orkuver við Sog og Laxá tekið til starfa. Framhald stórra og smárra virkjana er ráðið, og stjórnarflokkarnir hafa samið um framgang þeirra. Enn fremur var samið um endurskoðun skattalaga til lækkunar til þess að létta byrðar á almenningi og hleypa nýju fjöri í atvinnulífið. Verður þegar á þessu þingi stigið stórt spor til skattalækkunar.

Í málefnasamningi ríkisstj. var einnig ákveðið að tryggja aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.

Það er ein frumstæðasta og brýnasta þörf hvers manns að eiga sér húsaskjól, heimili, þar sem hann getur unað glaður við sitt, heimili, þar sem hann þarf ekki að bera kvíðboga fyrir því, að heilsa konu og barna sé í hættu vegna lélegra heilsuspillandi húsakynna. Þess vegna er það eitt af markverðustu verkefnum stjórnarvaldanna á hverjum tíma að finna þær leiðir, sem beztar eru, til þess að íbúðir verði nógu margar og nógu góðar handa fólkinu. Það er að finna leiðir til að sameina framtak og sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna, samtök þeirra og samtakamátt og fyrirgreiðslu af hendi stjórnarvaldanna, ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.

Sumir halda fram þeirri skoðun, að hið opinbera eigi að byggja öll hús, eiga íbúðirnar og leigja þær út. Þessi stefna, sem kommúnistar eru fyrst og fremst málsvarar fyrir, er varhugaverð fyrir hvert þjóðfélag. En sú stefna samsvarar heldur ekki kröfum tímans, að hið opinbera megi hvergi koma nærri með aðstoð, einstaklingarnir verði sjálfir hver og einn að sjá sér fyrir húsnæði og byggja yfir sig án nokkurrar fyrirgreiðslu frá hinu opinbera. Báðar þessar skoðanir eru úreltar.

Hér verður að fara hinn gullna meðalveg. Framtak, ábyrgðartilfinningu, sjálfsbjargarviðleitni einstaklinganna verður að nýta til hins ýtrasta. En hið opinbera þarf að rétta þeim hjálparhönd á marga lund. Hið opinbera verður að forðast að leggja stein í götu manna með hömlum á byggingarfrelsi, of miklum takmörkunum á innflutningi byggingarvara eða óhóflegri skattaálagningu. Þvert á móti. Það þarf að greiða fyrir þeim, t. d. með hagkvæmum lánum.

Stefna sjálfstæðismanna er sú, að allir borgarar þessa þjóðfélags eigi kost á að eignast eigin íbúðir. Verkefni hins opinbera á að verða að stuðla að því á alla lund, að svo megi verða. Og hvers vegna? Vegna þess að Íslendingum er í blóð borin sú lund allt frá landnámstíð, að þeir vilja vera sjálfseignarmenn. Bændurnir í sveitinni óska flestir að vera sjálfseignarbændur, en ekki leiguliðar. Hvöt manna til að leggja á

sig erfiði og aukavinnu sjálfra sín og sinna nánustu verður að örva, en ekki draga úr henni. Reynslan er sú, að fyrir þjóðfélagið sé betra, að menn eigi sjálfir íbúðir. Þegar hið opinbera á íbúðir og leigir þær út, verður viðhaldskostnaður oft og tíðum svo mikill, að leiga hrekkur ekki fyrir viðgerðarkostnaði, hvað þá vaxtagreiðslum, afborgunum o. s. frv. Sem dæmi um þetta sjónarmið vil ég nefna, að bæjarstjórn Oslóborgar ákvað fyrir nokkru að selja þær leiguíbúðir, sem bærinn átti, og skiptu þær þúsundum. Þær voru seldar leigjendum með vægum kjörum, og vakti þetta bæði ánægju kaupendanna og hafði í för með sér verulegan sparnað fyrir bæjarfélagið, er það losnaði við viðhaldsskylduna.

Leið, sem er táknræn fyrir samstarf hins opinbera og einstaklinga, er bygging Bústaðahúsanna í Reykjavík. Bæjarstjórn Reykjavíkur ákvað að byggja rúmlega 200 íbúðir þannig, að fjórar íbúðir eru í hverju húsi, en þau eru tvær hæðir. Bærinn steypti upp þessar byggingar, lagði í þær hitalagnir og húðaði þær að utan. Þetta er um helmingur byggingarkostnaðar. Síðan voru íbúðirnar seldar þeim, sem mest þurftu á að halda, fyrst og fremst barnafjölskyldum. Kaupandi tók að sér að fullgera íbúðina, en það fé, sem bæjarfélagið hafði í þetta lagt, var lánað kaupanda til langs tíma með lágum vöxtum, eða til 50 ára með 3% vöxtum. Þetta samstarf einstaklingsframtaksins og bæjarfélagsins hefur gefizt vel. Bæjarstjórnin hefði að sjálfsögðu óskað að geta haldið áfram á þessari braut, en því miður voru lán ekki fáanleg til að halda áfram. En enginn vafi er á því, að hér er fundið fyrirkomulag, sem æskilegt er að halda áfram í stórum stíl og það sem allra fyrst.

Síðan 1947 hefur mikill samdráttur orðið í byggingarstarfsemi Íslendinga. Það stafar af gjaldeyris- og lánsfjárskorti. Á því ári voru sett lög um fjárhagsráð og áskilið samþykki þess til að byggja sér íbúð. Það leið ekki á löngu, áður en raddir komu upp um, að fráleitt væri að hafa jafnstrangar hömlur á íbúðabyggingum. Sjálfstæðismenn á þingi og í bæjarstjórn Reykjavíkur hófu fljótlega baráttu fyrir því, að byggingar smáíbúða yrðu leyfðar, íbúða, sem menn byggðu sjálfir að verulegu leyti með eigin vinnu sín og sinna. Þar sem erfitt var um lánsfé, var augljóst, að þarna var bundin og ónotuð orka, sem þjóðfélaginu væri fengur að leysa úr læðingi. Haustið 1951 hafðist þetta mál loks fram. Þá reis mikil byggingaralda, og hafa einstaklingar og skyldulið þeirra skapað ótrúleg verðmæti, sem ella hefðu farið forgörðum, meðan bannið ríkti í algleymingi.

Að vísu eru slíkar smáíbúðabyggingar dýrar fyrir hvert sveitarfélag vegna þess, hve mikið þarf af götum, leiðslum o. s. frv., og að sjálfsögðu þarf að fara einnig inn á braut sambýlis- og fjölbýlishúsa. En eins og sakir stóðu fyrir tveim árum vegna lánsfjárskortsins, var þetta eini möguleikinn til þess að fjölga íbúðum að ráði. Hefði þessi leið ekki verið farin, hefðu mörg hundruð íbúðir, sem nú eru í smíðum eða teknar til afnota, ekki verið reistar. En til þess að bygging smáíbúða og til þess að það samstarf, sem ég nefndi um Bústaðahúsin, gæti orðið að veruleika, var frumskilyrði að breyta skattalögunum. Íslenzk skattalög eru þannig úr garði gerð, að aukavinna manna við að byggja eigin íbúð var metin til tekna á því ári og þessum áætluðum tekjum bætt ofan á aðrar tekjur mannsins. Margur efnalítill maðurinn, sem hafði í sveita síns andlitis komið upp yfir sig húsi, missti íbúðina vegna þessarar gífurlegu skattabyrðar. Allir geta skilið, hvílík raun það hefur verið mörgum fjölskyldum eftir allt, sem menn höfðu á sig lagt, að vera þannig flæmdir frá íbúðum sínum fyrir skattpyndingu hins opinbera. Þess vegna fluttu sjálfstæðismenn á þingi 1949 frv. til l. um, að slík aukavinna við að koma upp íbúðum yfir sjálfa sig og fjölskyldu skyldi skattfrjáls. Þessi lagabreyting um skattfrelsi aukavinnunnar náði fram að ganga og varð grundvöllur allrar þessarar byggingarstarfsemi.

Nú hefur enn náðst merkur áfangi í húsnæðismálunum. Með þeim lögum, sem afgreidd verða á þingi næstu daga um afnám fjárhagsráðs, er bygging íbúða allt að 520 $m^3$ að stærð alveg frjáls, hvort sem um er að ræða einnar hæðar hús eða fjölbýlishús og hvaða aðili sem stendur að þeirri byggingu. Með þessu eru opnaðir nýir möguleikar, sem ég vænti að muni skapa nýjar og miklar framkvæmdir.

Því byggingarfrelsi, sem ég nú minntist á, ber mjög að fagna, en einn mesti örðugleikinn nú, eftir að þetta frelsi er fengið, er lánsfjárskorturinn. Á stríðsárunum og í styrjaldarlok var hér nægilegt lánsfé til margvíslegra framkvæmda, en síðan hefur skortur lánsfjár háð framkvæmdum og húsbyggingum. Þetta mál er mjög erfitt úrlausnar. Kommúnistar halda því fram, að þetta stafi af illvilja stjórnarvaldanna, það sé enginn vandi annar en að setja seðlapressuna í gang, láta Landsbankann prenta seðla. Slíkar aðgerðir í stórum stíl eru vísasti vegurinn til að skapa hér stóraukna verðbólgu, atvinnuleysi og örbirgð, því að aukin seðlaútgáfa verður auðvitað að hafa grundvöll í auknum gjaldeyristekjum og útflutningsverðmætum. En vafalaust má auka lánsfjármöguleikana í stórum stíl á ýmsan hátt, eins og hæstv. forsrh. hefur í ræðu sinni hér áðan gert glögga grein fyrir, og vil ég við þetta tækifæri fagna sérstaklega ummælum hæstv. ráðh. um fyrirgreiðslu þá, sem ríkisstj. hefur haft til meðferðar og athugunar um aukin lán til íbúðabygginga.

Hin breytta stefna í byggingarmálum, sem nú verður upp tekin með auknu frelsi, mun greiða fyrir húsnæðislausa fólkinu, sem hefur þurft að berjast undanfarin ár bæði gegn ríkisvaldinu, sem hefur bannað því að byggja, og gegn fátækt og efnaleysi, þar sem lán var yfirleitt hvergi að fá.

Nú er snúið við blaði. Nú á það bæði að vera frjálst að byggja sér íbúð og auk þess svo um samið, að ríkisvaldið skuli reyna eftir föngum að greiða fyrir þeim, sem byggja, þó að þeir hafi ekki sjálfir fjárhagslega getu til þess.

Meðal þeirra aðila, sem eiga hér hlut að máli, eru bæjar- og sveitarfélög. Til þess að þau geti lagt fram sinn skerf, þarf að tryggja þeim fleiri

tekjustofna. Undanfarin ár hafa fulltrúafundir sveitarstjórnasambandsins og bæjarstjórafundir lagt á það ríka áherzlu, að gagngera breytingu þurfi að gera varðandi tekjustofna bæjar- og sveitarfélaganna, það verði að afla þeim annarra og fleiri tekjustofna en útsvaranna einna.

Í sambandi við þá skattaendurskoðun, sem nú stendur yfir, verður að sjálfsögðu að taka þetta mál til meðferðar, enda var um það samið við myndun ríkisstjórnarinnar. Einnig verður að sjálfsögðu af hálfu bæjar- og sveitarfélaga að krefjast þess, að bót verði ráðin á þeim vanskilum, sem ríkissjóður hefur löngum verið í við ýmis bæjarfélög vegna framlaga ríkissjóðs til skólabygginga og annarra framkvæmda.

Bæjar- og sveitarfélögin ráða ekki nema að nokkru leyti sjálf sínum útgjöldum, því að víða er meira en helmingur allra útgjalda bæjar- og sveitarfélaga lögbundinn. En bæjar- og sveitarfélögin hafa miklu hlutverki að gegna í þessu þjóðfélagi, og það verður að kappkosta, að fjárhagur þeirra sé öruggur, því að á honum byggjast allar framkvæmdir og framfarir. En um leið verður að tryggja nú og framvegis, að sjálfstæði sveitarfélaganna sé ekki skert, heldur sé sjálfstjórn þeirra aukin, því að sú hefur verið reyndin hér og annars staðar, sem ég þekki til, að sjálfstæð sveitarfélög eru hyrningarsteinar undir lýðfrjálsu þjóðfélagi. Ekkert þjóðfélag getur haldið sjálfstæði og lýðfrelsi, nema sjálfstjórn sveitarfélaganna sé virt.

Fyrir tveim árum flutti ég á Alþ. till. um, að fjórðungur söluskatts rynni til sveitarfélaga. Ég harma, að sú till. skyldi stöðvuð, en um leið og hv. 5. landsk. þm., Emil Jónsson, minntist á þetta mál í ræðu sinni áðan, hefði hann einnig mátt geta þess, að þessi barátta hefur þó borið nokkurn árangur. Á þessu sama þingi, 1951, var samþ., að ríkið greiddi 7 millj. kr. af skuldum sínum við bæjarfélögin, og vænti ég, að nokkuð verði notað af greiðsluafgangi ríkissjóðs í ár í sama skyni.

Ég hef varið mestum hluta tíma míns til þess að ræða um húsnæðismálin. Það er vegna þess, að ég tel það eitt okkar mesta menningarmál, mannúðar- og heilbrigðismál, að landsmenn búi í hollum og vistlegum húsakynnum. Húsnæðisbölið leiðir oft til þess, að ungt fólk getur ekki stofnað heimili árum saman, börn verða heilsuveil, unglingar leiðast á glapstigu, hjónabandshamingja brestur. Nú þarf að sameina alla þá aðila, er hlut eiga að máli, til stórra átaka í byggingarmálum. Markið er, að allir landsmenn eigi þess kost að eignast heilsusamlega íbúð. Þetta getum við gert, Íslendingar, aðeins ekki allt í einu, en ef við hvessum sjónir á markinu, þá munum við sigrast á öllum erfiðleikum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Hv. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, sagði hér m. a., að það hefðu verið lækkaðar fjárveitingar til verklegra framkvæmda á fjárlfrv. Þetta er algerlega rangt. Þær voru nokkru hærri á fjárlfrv., þegar það var lagt fyrir nú, en á síðustu fjárl. Þá sagði þessi hv. þm. meðal annars, að það hefði verið tekinn upp sá siður að borga þm. fyrir að koma á flokksfundi í Reykjavík. Þm. fengu þingfararkaup, þegar þeir voru hér í sumar að vinna að stjórnarmyndunarmálinu. Þar var ekki tekinn upp neinn nýr siður, heldur var stuðzt við fyrri fordæmi í því efni, því að það hefur ætíð verið siður, ef þm. hafa komið saman til stjórnarmyndunar.

Hv. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, sagði, að það væri til marks um óskammfeilni okkar, mína og hæstv. forsrh., að við hefðum flutt till. um það, að sá eini ráðherra, sem ekki er þm., fengi þingfararkaup. Ja, sér er nú hver óskammfeilnin, þegar þess er gætt, að þessum ráðh. er skylt að sitja á þingi eins og alþm. Hvaða réttlæti er þá í því, að hann sé eini maðurinn á þinginu, sem enga greiðslu fær fyrir að sitja þar, sem honum er þó skylt að gera? Svona er málflutningur þessa hv. þm. — Þá var hann að sýna fram á, að þessi ráðh. væri ríkinu nokkuð dýr, því að hann hefði líka frítt húsnæði. Utanrrn. á að fylgja ókeypis ráðherrabústaður, og það er ekkert annað, sem gerist, en að utanrrh. fær frítt húsnæði eins og hann á að fá að réttum reglum.

Þá sagði hv. þm. Bergur Sigurbjörnsson, að það væri til marks um ráðdeildina og sparnaðinn, að ég hefði ráðið tvo menn í ríkisþjónustu, sem forstöðumenn vissu ekki, hvað þeir ættu að gera við. Þetta þykja mér tíðindi og á heldur erfitt með að trúa þessu á sjálfan mig. En vildi nú ekki Bergur Sigurbjörnsson segja mönnum, hvað hann á við, svo að þessu sé hægt að hnekkja skilmerkilega eins og öðru samkynja úr þeirri átt? Þess vildi ég óska.

Ég mun svo ekki víkja hér að einstökum atriðum frekar en verður í því meginmáli, sem ég flyt, til svars, en athuga ofur lítið nánar annað kvöld sumt í ræðum hv. stjórnarandstæðinga.

Eftir kosningarnar í vor kom ekki til mála, að mynduð yrði meirihlutastj. nema með tvennu móti, annaðhvort samstjórn Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. eða samsteypustj. Framsfl. og Sjálfstfl. Engum datt í hug að hafa samstarf við kommúnista. Þeir eru nú svo einangraðir orðnir, að slíkt kemur hvergi til álita nema í Þjóðvfl. Þannig var ástatt í herbúðum Alþfl. og Sjálfstfl., að stjórnarmyndun þeirra tveggja kom sýnilega ekki til greina.

Framsfl. áleit hyggilegast að mynda þriggja flokka stj. og gerði till. um það. Sjálfstfl. reis á móti þeirri hugmynd, og var hún þegar af þeirri ástæðu dauðadæmd. Það er ekki hægt að mynda þriggja flokka stj. nema þrír flokkar vilji. Vegna þess, hvernig Sjálfstfl. tók í málið, reyndi aldrei á það, hvort Alþfl. hefði viljað slíka stjórnarmyndun. Tvennt vakti aðallega fyrir framsóknarmönnum með þessari till.: að reyna að fá með þessu móti sem víðtækust samtök um að leita lausnar á stjórnarskrármálinu og fá jafnframt aukinn stuðning stjórnarstefnunni. Þegar þetta tókst ekki, var tvennt til: myndun meirihlutastj. Framsfl. og Sjálfstfl. eða einhvers konar minnihlutastjórn, sem hlaut að þýða lítt eða ekki starfhæft Alþ. Þótti framsóknarmönnum fyrri kosturinn hyggilegri.

Mikið djúp er staðfest milli Framsfl. og Sjálfstfl. og víðtækur ágreiningur um mörg mál. Kemur þetta ekki sízt fram, þegar flokkarnir

hafa unnið saman lengi. Í samningum um stjórnarmyndun lagði Framsfl. að sjálfsögðu áherzlu á þau af baráttumálum sínum, sem hugsanlegt var að semja um við Sjálfstfl. og Framsfl. hafði lagt mikla áherzlu á í kosningabaráttunni. Má þar til nefna raforkumálin, íbúðamálin, ný skattalög, aukið rekstrarfé til atvinnuveganna, áframhaldandi jafnvægi í þjóðarbúskapnum og þar með aukið frelsi í atvinnu- og viðskiptamálum. En þau mál, sem með engu móti er hægt að semja um við Sjálfstfl., verða að bíða betri tíma.

Höfuðstefna stj. er sú að auka með öllu móti framleiðsluna, halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum með síaukinni framleiðslu og afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Á þennan hátt gera menn sér vonir um að geta fremur aukið en minnkað frelsið í viðskiptum og framkvæmdum, og hefur verið ákveðið að beita sér fyrir stórfelldum framkvæmdum úti um land í raforkumálum.

Ákveðið er að beita sér fyrir aukinni fjárútvegun til íbúðarhúsabygginga og vinna að úrlausn á þeim málum, sem að haldi mætti koma til frambúðar. Er hér um eitthvert mest aðkallandi vandamál að ræða.

Þá eru ákvæði í stjórnarsamningnum um að koma því til leiðar, að framleiðendur sauðfjárafurða eigi kost á rekstrarlánum út á afurðir sínar eftir hliðstæðum reglum og lánað er út á sjávarafurðir. Enn fremur, að endurskoðuð verði framkvæmd rekstrarlána til iðnaðarins með það fyrir augum að koma fastari skipun á þau mál. Ákveðið er að halda áfram að stuðla að öflun atvinnutækja til þeirra byggðarlaga, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúanna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Um varnarmálin er það ákvæði í samningnum, að sérstök deild í utanrrn. fari með framkvæmd þeirra, og í framhaldi af því er nú hafið markvisst starf til þess að koma í framkvæmd nauðsynlegum breytingum í þeim málum. Kem ég að þeim nánar hér á eftir.

Í stjórnarsamningnum er ákveðið, að lokið verði á Alþ. því, sem nú stendur yfir, endurskoðun skatta- og útsvarslaga með það fyrir augum að lækka beina skatta og draga með því úr misræmi, sem orðið hefur vegna verðlagsbreyt., og stuðla að aukningu sparifjár.

Í stjórnarsáttmálanum er þess vegna mörkuð djarfleg framfarastefna. Það er mikið verkefni að framkvæma þennan stjórnarsamning og margt, sem vinna verður á því Alþ., sem nú stendur yfir.

Stjórnarmyndun lauk ekki fyrr en í september. Unnið hefur verið ósleitilega síðan í ríkisstj., þingflokkum, nefndum og af einstaklingum að undirbúningi þeirra stórmála, sem samið hefur verið um að hrinda í framkvæmd. En þessum undirbúningi er þó hvergi nærri lokið enn þá. Alþ. verður því að koma saman á ný eftir áramótin og taka þá til meðferðar stórmál, sem ekki hafa enn þá verið fyrir það lögð. Ekki er hægt að segja nú um það með vissu, hvaða frv. verða þá lögð fyrir. Það er t. d. ekki fullljóst enn þá, hvort nýrrar löggjafar er þörf í sambandi við rekstrarlánamálin. Það skýrist næstu vikur. Hitt er aftur á móti augljóst, að leggja verður fram eftir þinghléið og afgreiða frv. til nýrra raforkulaga eða viðauka við raforkulögin, fyrst og fremst til þess að tryggja fjáröflun þá, sem ákveðin er í stjórnarsáttmálanum. Enn fremur, að á framhaldsþinginu verður að gera ráðstafanir til fjáröflunar vegna íbúðarlána. Í fjárlagagæðunni í haust ræddi ég nokkuð um leiðir til fjáröflunar, ráðstafana til þess að auka sparifjársöfnunina og fleira í því sambandi, og fer ég ekki út í það mál hér, enda þau mál enn þá í deiglunni.

Þá er það hin nýja skatta- og útsvarslöggjöf, sem setja á. Það er sannast mála, að á undanförnum árum hafa skattalögin skekkzt, ef svo mætti að orði kveða, mjög verulega vegna verðbólgunnar. Reynt hefur verið að lappa í skattalögin með bráðabirgðaákvæðum til þess að draga úr þessu, en þau ákvæði hafa ekki getað komið í veg fyrir, að stórfellt misræmi hefur skapazt.

Allsherjarendurskoðun skattalaganna hlaut að leiða til lækkunar á beinum sköttum. Á hinn bóginn hafa menn átt í erfiðleikum miklum í sambandi við afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga og átt svo mikið undir því, að hún ekki mistækist, að í allsherjarendurskoðun og lækkun hefur ekki verið lagt. Hins vegar hefur skattur á lágtekjum verið lækkaður með sérstakri löggjöf. En nú fer tvennt saman: Mönnum er ljóst, að ekki má lengur draga endurskoðun þessa, þar sem ástand skattamálanna er vafalaust farið að hafa óheppileg áhrif á framleiðslu, tekjuöflun og sparnað, og að afkoma ríkissjóðs hefur verið sæmileg undanfarin ár. Verður því nú látið til skarar skríða.

Ákveðið er að afgreiða fjárlög fyrir áramót, en frv. að nýju skattalögunum er ekki enn komið fram og hefur ekki enn þá verið samið til fulls í mþn., og því spyrja menn eflaust: Hvernig á að afgreiða fjárlög án þess að vita, hverjir skattarnir eiga að vera? En svarið er þetta: Í sambandi við afgreiðslu fjárl. hafa stjórnarflokkarnir nú gert um það viðbótarsamning sín á milli, að hin nýju skattalög skuli við það miðuð, að þau gefi í heild 20% lægri skatttekjur en gildandi skattalög hefðu gert við sömu ástæður, m. ö. o., að lækkun á beinum sköttum til ríkissjóðs á að nema sem svarar 20% af heildarupphæð skattanna. Á hinn bóginn mega menn ekki draga þær ályktanir, að skattur hvers einstaklings hljóti að lækka um 20%, þótt heildarskattinum sé ætlað að lækka um þessa hundraðstölu. Lækkun í sumum dæmum getur orðið meiri, en í öðrum minni. Þetta stafar af því, að hér kemur ótalmargt til greina, þegar ákveða skal, hvar skattalækkunin á að koma fram, t. d. fyrst skattstiginn sjálfur, þá hækkun persónufrádráttar, hvernig hjón eru skattlögð, skattfrelsi sparifjár eða skatthlunnindi vegna sparnaðar o. s. frv., o. s. frv.

Þá vil ég minnast á það í sambandi við verkefni þingsins, að sérstök n., skipuð af fjmrh., hefur starfað að athugun á því, hvernig hægt væri að færa til tollabyrðina til nokkurra hagsbóta fyrir iðnaðinn. Vona ég, að það mál komi til meðferðar á þessu þingi.

Af því, sem nú hefur verið sagt, sjá menn, að mikið verkefni bíður Alþ., þegar það kemur saman aftur, þótt fjárl. verði afgreidd nú fyrir áramótin.

Ég mun þá þessu næst víkja nokkuð að stjórnarandstæðingum og fjárhagsmálunum sérstaklega, en síðar að varnarmálunum, en ádeilur hv. stjórnarandstæðinga á þessu þingi hafa einkum beinzt að þessum málum.

Ég held, að óspilltum mönnum hljóti að blöskra málflutningur stjórnarandstæðinga í fjárhagsmálum og framkoma þeirra öll í þeim efnum. Þeir bera það blákalt fram, þvert ofan í allar staðreyndir, að núverandi og fyrrverandi stjórn hafi hækkað skattana og aukið stórkostlega alla eyðslu í ríkisrekstrinum. Enn fremur halda þeir því fram, að hægt væri að koma á stórfelldri lækkun á ríkisútgjöldum með aukinni ráðdeild einni saman, án þess að nokkur missti nokkurs í. Það er t. d. stagazt á því dag eftir dag, ár eftir ár, að fyrir 1950 hafi söluskatturinn runnið í útflutningsuppbætur. Þó hefur þetta jafnoft verið leiðrétt og bent á þá staðreynd, að söluskatturinn rann áður ekki síður til almennra útgjalda. Fyrir Alþ. 1950 lá fjárlfrv., þar sem aðeins stóðust á tekjur og gjöld á pappírnum, og var þá gert ráð fyrir söluskattinum öllum eins og hann lagði sig teknamegin, en engum útflutningsuppbótum gjaldamegin. Er hægt að fá gleggri sönnun en þetta fyrir því, að fyrir gengislækkunina þurfti á öllum söluskattinum að halda til þess að standa undir greiðslum ríkissjóðs, þótt engar útflutningsuppbætur væru taldar?

Síðan gengislækkunin var framkvæmd, hafa skattar og tollar verið lækkaðir, en ekki hækkaðir. Eitt einasta ákvæði hefur verið sett til hækkunar, og það var þegar söluskattur af innflutningi var færður úr 6% í 7%. En á móti koma þessar lækkanir: Verðtollsviðauki var lækkaður úr 65% í 45%, ný löggjöf um sérstaka lækkun á tekjuskatti af lágtekjum var sett, og tollar á kaffi og sykri voru afnumdir í fyrravetur, og nú á að bæta við 20% lækkun á beinum sköttum til ríkissjóðs. Það hefur því orðið verulег lækkun á sköttum og tollum síðan 1950.

Tekjur ríkissjóðs hafa á hinn bóginn hækkað í krónutölu vegna aukinnar framleiðslu, hækkaðra þjóðartekna og vegna hækkaðs verðlags. Útgjöld ríkissjóðs hafa einnig óhjákvæmilega hækkað að krónutali vegna verðhækkunarinnar. Það sýnir fálm og ráðleysi stjórnarandstæðinga, að reynt er að halda því fram, að þessar hækkanir ríkistekna í krónutölu séu aukin skattabyrði á þjóðinni. Verðmæti þessarar röksemdar sést bezt á því, að eftir sama hugsanagangi ætti það að sýna léttari skattabyrði, ef ríkistekjurnar drægjust saman vegna kreppu og minnkandi framleiðslu. Ætli stjórnarandstæðingar vildu ganga inn á að kalla slíkt skatta- og tollalækkanir? Sannleikurinn er sá, að árangur þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til eflingar og aukningar framleiðslunni, speglast þannig í hinum sameiginlega búskap landsmanna, ríkisbúskapnum, að þau skatta- og tollalög, sem áður ekki dugðu til þess að forða frá stórfelldum hallarekstri með því öngþveiti, sem honum fylgdi, hafa nú á síðari árum þrátt fyrir verulegar tilslakanir á tollum og sköttum dugað til þess að halda ríkisbúskapnum greiðsluhallalausum. Hafa þó verið aukin verulega framlög til verklegra framkvæmda og ný stórfelld framlög ákveðin til þess að borga niður söluverð, en hér hefur þá líka komið til aukið aðhald í ríkisbúskapnum.

Um hækkun ríkisútgjaldanna er það fyrst og fremst að segja, að þau hlutu að hækka með hækkandi verðlagi og kaupgjaldi, eins og greiðslur allra annarra stofnana og einstaklinga í landinu. Sé litið á þróun þessara mála, þá kemur í ljós, að ríkisútgjöldin hafa sízt hækkað meira en hækkanir hafa orðið á greiðslum yfirleitt, heldur þvert á móti minna, enda fullyrði ég, eins og ég sagði áðan, að meira hefur verið gert til þess að sporna við hækkuðum ríkisútgjöldum en áður tíðkaðist.

Heildarsvipurinn á þessum málum er þá einnig sá, að hefði ekki nú fallið á ríkissjóð stórkostleg útgjaldaaukning til trygginga og dýrtíðarráðstafana vegna lausnar verkfallsins á s. l. vetri, þá hefðu fjárl. getað lækkað núna, og hefði það sannarlega orðið nýstárlegur atburður í sögu Alþingis.

Auðvitað verður ætíð að gera sem öflugastar ráðstafanir til þess að standa á móti óeðlilegum útgjöldum og endurskoða alltaf af og til starfshættina til þess að reyna að finna leiðir til sparnaðar í beinum rekstri þjóðarbúsins. Það er á hinn bóginn bein blekking, að með þess háttar ráðstöfunum einum verði nokkurn tíma hægt að lækka fjárl., svo að verulegu muni. Yfir 90% af útgjöldum ríkisins eru lögboðnar greiðslur og framlög til alls konar þjónustu, sem menn heimta úr öllum áttum að sé aukin, en ekki dregið úr. Það mundi því þurfa gagngerða stefnubreytingu og stórlækkuð framlög til dýrtíðarmála og tryggingarmála, heilbrigðismála, menntamála, dóms- og lögreglumála, utanríkismála og verklegra framkvæmda o. s. frv., ef verulega ætti að draga til lækkunar á ríkisútgjöldum. Það er öllum til tjóns að leyna þessum staðreyndum.

Nú horfir þannig um ríkisútgjöld og ríkistekjur og afgreiðslu fjárl. yfirleitt, að fjárl. standast ekki á næsta ári, nema góðæri haldist og ekkert beri út af. Ber því brýna nauðsyn til, að allsherjarathugun fari fram á öllum ríkisútgjöldum, lögboðnum ekki síður en ólögboðnum, en ég vara enn við þeirri blekkingu, að slík endurskoðun leiði til lækkunar ríkisútgjalda, svo að nokkru nemi, nema breytt verði útgjaldalöggjöfinni, eða að hægt sé að framkvæma slíka lækkun á ríkisútgjöldum, nema menn missi stórkostlega í um margs konar framlög, sem menn gjarnan vildu halda.

Tekjuáætlun fjárl., eins og þau liggja nú fyrir við 3. umr., er orðin nærri því jafnhá og tekjurnar verða í ár, þegar búið er að draga frá óvenjulegar tekjur vegna stóru framkvæmdanna, og er þá nærri því ekkert fyrir alveg óhjákvæmilegum umframgreiðslum, sem alltaf hljóta að verða.

Ef málflutningur stjórnarandstöðunnar ætti að verða að nokkru gagni, þá þyrftu stjórnarandstæðingar að sýna það, hvernig þeir vildu af-

greiða fjárhagsmálin, ef þeir mættu ráða. Allt þetta gaspur þeirra t. d. um sparnað er algerlega þýðingarlaust og verra en það, ef þeir ekki segja, hvað það er, sem á að spara. Ef nokkurt mark væri takandi á tali stjórnarandstæðinga um eyðsluna og sukkið, þá ætti ekki að vera vandi fyrir þá að gera sig vinsæla með flutningi till. um að fella þetta sukk niður. En það undarlega skeður, að þótt þeir séu særðir ár eftir ár til þess að sýna það í till., hvað eigi að spara, þá fást þeir ekki með nokkru móti til þess. — 8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, ræddi þetta nokkuð við 2. umr. fjárl. og sagði, að koma þyrfti á stórfelldum sparnaði og lækkun ríkisútgjalda. Síðan tók hann það fram, að til þess þyrfti breytingu á lögum, en af því leiddi aftur, að ríkisstj. yrði að hafa forgöngu. Þar með þóttist hann laus. Hugsanagangurinn er víst þessi: Þingmönnum er rétt að flytja frv. um aukin ríkisútgjöld, svo að tugum milljóna og hundruðum milljóna skiptir, það er vandalaust og sjálfsagt, en að þeir eigi að nota þingmannsrétt sinn til þess að flytja frv. um lækkun á ríkisútgjöldum, það var nú annað mál. Þegar kemur að því, þá á lýðskrumið eitt að duga. Er hægt að auglýsa umkomuleysi sitt átakanlegar en með þessu?

Þá kemur að hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarssyni. Hann segir í nál. sínu um fjárlögin:

„Það er síður en svo, að þess hafi orðið vart í sambandi við samningu þessa fjárlfrv. eða meðferð þess, að nokkur ný stefna væri upp tekin í sparnaðarskyni.“ — Og nú skulu menn taka eftir; nú kemur framhaldið. — „Þess vegna hef ég ekki flutt till. í þetta sinn um neina meiri háttar endurskoðun á gjaldabálknum.“

Einmitt það. Þess vegna hefur hann ekki flutt meiri háttar till. Menn skyldu nú halda, að það væri meiri, en ekki minni ástæða fyrir þingmanninn að flytja lækkunartill. um þær útgjaldagreinar, sem hann sér óþarfastar, þegar stjórnin lætur það undir höfuð leggjast, eftir því sem hann segir. Þegar skynsamir menn láta svona fjarstæður frá sér fara, þá er eitthvað orðið bogið við málstaðinn.

Ég hef kynnt mér till. stjórnarandstæðinga um afgreiðslu fjárhagsmála á þessu þingi, bæði till. þeirra við fjárl., afstöðu þeirra til tekjustofna og frv. þau, sem þeir hafa flutt. Ég hef fengið færustu menn til þess að gera með mér áætlun um áhrif þeirra á afkomu ríkissjóðs. Og hver er svo niðurstaðan?

Tökum fyrst Alþfl. Þeir eru á móti framlengingu söluskattsins. Þeir eru á móti verðtollsviðaukanum. Hér má taka það fram í leiðinni, að þeir voru auðvitað með framlengingu hvors tveggja, þegar þeir áttu þátt í ríkisstjórn. Þeir vilja þarna fella niður 130 millj. af tekjum ríkissjóðs. Útgjaldafrv. þeirra og till. til útgjalda í sambandi við fjárl. mundu auka útgjöldin um a. m. k. 50 millj. Samkv. þessu yrði 180 millj. kr. greiðsluhalli, ef þeir kæmu fram vilja sínum.

Kommúnistar eru á móti framlengingu söluskattsins og framlengingu allra tekjuviðauka yfirleitt. Þeir vilja sem sé lækka tekjur ríkisins um a. m. k. 150 millj., og útgjaldafrv. þeirra og útgjaldatill. við fjárl. mundu kosta ríkissjóðinn nær 210 millj. Greiðsluhallinn yrði því a. m. k. 360 millj., ef þeir kæmu fram vilja sínum, eða m. ö. o.: yfirboð þeirra eru helmingi meiri en yfirboð Alþfl., og er það í réttu hlutfalli við það, sem venjulega er.

Þjóðvarnarmenn dansa svo með í þessu og beita sér á móti tekjum, en láta rigna útgjaldatillögum.

Mér sýnist þurfa harðan haus til þess að standa hér dag eftir dag á Alþingi, deila á ríkisstj. og stjórnarflokkana fyrir há ríkisútgjöld, en moka svo inn í þingið till. um að fella niður tekjustofna ríkisins og stórauka útgjöldin. Og þeir menn eru ekki vandir að virðingu sinni, sem leika svona skripaleik ár eftir ár. Það er ekki hægt að sjá annað en að stjórnarandstæðingar allir í hóp hafi tekið sér kjörorðið: Niður með tekjurnar, upp með gjöldin. — Þessi loddaraleikur allur saman minnir mig á gamla sögu um hefðarmey og afgreiðslumann í skóbúð. Stúlkan spurði eftir skóm. Afgreiðslumaðurinn var á þönum um allar hillur, reif fram alla skó, sem fyrirtækið hafði á boðstólum, en ekkert hentaði stúlkunni. Þegar þar var komið, sagði búðarmaðurinn: Nú sé ég, að hverju þér leitið. Þér leitið eftir skóm, sem eru stórir að innan, en litlir að utan, en þannig skó höfum við ekki. — Stjórnarandstaðan virðist ætla að telja þjóðinni trú um, að þeir hafi slíkan skófatnað á boðstólum.

Ég mun nú þessu næst víkja nokkuð að hinum síamisku tvíburum í íslenzkri pólitík, kommúnistum og þjóðvarnarmönnum, áhrifum þeirra á stjórnmálalífið og sérstaklega afstöðu þeirra í utanríkismálum, því að á þessu Alþingi hefur ekki linnt ádeilum á ríkisstj. og raunar lýðræðisflokkana þrjá fyrir afstöðu þeirra í utanríkismálum og varnarmálum sérstaklega.

Forustulið kommúnista sveitist hér blóðinu við að koma á þjóðskipulagi kommúnismans, einræðisríki og lögregluríki á miðaldavísu. Þetta eru hrein pólitísk nátttröll, hreinir afturhaldsmenn, sem boða afsal flestra mann- og þjóðfélagsréttinda, sem beztu menn mannkynsins hafa fórnað lífi sínu til þess að fá viðurkennd. Forustulið kommúnista er fimmta herdeild kommúnismans á Íslandi og vinnur í þágu heimsyfirráðastefnu kommúnismans. Höfuðverkefni þessa liðs í öllum löndum er að sundra samtökum um varnir landanna gegn yfirgangi kommúnismans, fá smáþjóðirnar til þess að kúra sig aðgerðarlausar niður, hverja í sínu horni, eins og gert var þegar nazisminn ógnaði, allt til þess, að þær geti orðið innlimaðar í kommúnismann þegjandi og hljóðalaust, eins og Laxness sagði um Pólverja, til þess að þjóðirnar geti orðið sem fyrirhafnarminnst færðar undir ógnarstjórn kommúnista.

Kommúnistar vita vel, að það er þýðingarmest í þessari baráttu að rógbera Bandaríkin. Nógu náin samvinna frjálsra þjóða í Evrópu við þau er sem sé hið eina, sem getur komið í veg fyrir, að Vestur-Evrópa verði kommúnistum að bráð. Auðvitað er kommúnistum ljóst, hvílík fásinna hlutleysistalið er. Hvað ætli þeir gerðu við þá menn í Póllandi og Tékkóslóvakíu, sem færu að

prédika hlutleysisstefnu? Með falsi, fagurgala og blygðunarlausum yfirboðum hefur afturhaldsliði kommúnista hér á landi tekizt að fá verulegt kosningafylgi. Það fólk, sem hefur kosið þá, á þó vel flest enga samleið með þeim.

Hefur þetta komið glöggt í ljós, þegar línur urðu skýrari eftir styrjöldina. Fylgið hrynur af kommúnistum alls staðar, þar sem menn eru frjálsir gerða sinna, og svo mun einnig fara hér. Kommúnistar eru gersamlega einangraðir. Enginn getur unnið með þeim, og þeir eru áhrifalausir með öllu, þ. e. a. s., þeir koma engu fram. Áhrif þeirra eru nú eingöngu í því fólgin, að enn þá tekst þeim að fá allstóran hóp til kosningafylgis við sig, sem á enga samleið með þeim. Þessu fólki halda þeir á pólitískri eyðimerkurgöngu, sem til einskis annars leiðir en að styrkja þau öfl í landinu, sem lengst eru til hægri.

En þegar neyðin er stærst, þá er hjálpin næst, mætti kannske segja, fljótt á litið, þegar þess er minnzt, sem skeði á þessu ári í sambandi við kommúnista og hlutverk þeirra hér. Þegar opinberir talsmenn alþjóðakommúnismans hér á landi voru að missa tökin, voru að verða áhrifalausir, gáfu sig fram aðrir menn, flestir raunar úr röðum kommúnista, en aðrir úr hópi nytsamra sakleysingja og pólitískra sérvitringa, til þess að reyna að taka slakann af þræðinum. Þeir stofnuðu sérstök pólitísk samtök til þess að vinna að því eina máli, sem kommúnistar hafa áhuga fyrir, og því eina máli, sem nokkru máli skiptir að dómi kommúnista, eins og nú standa sakir. Þeir stofnuðu flokk, sem á að hafa það hlutverk eitt að koma því til vegar, að Ísland verði varnarlaust land í heimi, sem er grár fyrir járnum, að Ísland segi sig úr samtökum frjálsra þjóða á vesturhelmingi jarðar, samtökum nágranna sinna, og taki upp stefnu, sem ekkert ríki jarðarinnar fylgir, óvopnað og óvarið hlutleysi.

Þjóðvfl. hefur svarið þess dýran eið, að afstaða hans velti öll á þessu eina máli, enda ekki út af öðru settur upp. Hann á ekki samstöðu með neinum flokki í þessu eina höfuðmáli sínu nema kommúnistum. Þessi flokkur getur því aldrei orðið annað en karfa á hjóli kommúnismans, hann er hlekkjaður við kommúnista, eins og vanskilamenn voru fyrr á öldum hlekkjaðir við lánardrottna sína.

Kommúnistar eru í pólitískri útlegð í öllum lýðræðislöndum, og Þjóðvfl. hefur sjálfur dæmt sig í sams konar útlegð. Þeir, sem styðja Þjóðvfl. og ekki eru kommúnistar að skoðun, heldur umbótamenn, en óánægðir með ástand varnarmálanna, gera sig verra en áhrifalausa. Þeir styðja hægri öfl landsins hreinlega með því að dreifa liði umbótamanna.

Málflutningurinn á höfuðbóli kommúnista hér er kunnugur orðinn í máli málanna, varnarleysi Íslands, en hvernig tala þeir í hjáleigunni? Mjög á sömu lund, en þó frábrugðið í einu atriði, þeir segjast sem sé ekki vinna fyrir austrið. Málflutningurinn er þessi, þegar orðskrúðið er rifið utan af: Í fyrsta lagi: Tvö stórveldi keppa um heimsyfirráð. Hjá þeim átökum eiga smáþjóðir að sneiða. Í öðru lagi: Atlantshafið ver Ísland, eins og það hefur áður gert. Varnir eru því óþarfar. Í þriðja lagi: Allar varnir auka árásarhættuna og líkur fyrir því, að Ísland verði vettvangur styrjaldar.

Ekkert af þessu fær staðizt. Hin gífurlegu átök í heiminum eru ekki á milli tveggja stórvelda, sem keppa um heimsyfirráð. Það er hrein fölsun að halda slíku fram. Annars vegar er að vísu hið mikla ríki kommúnismans með hjálöndum sínum, sem mundi svíkja heilögustu heit trúarbragða sinna, ef það keppti ekki að heimsyfirráðum kommúnismans. Þess vegna hófu Rússar hinn ægilega vígbúnað eftir stríðið, meðan hinir afvopnuðust og bjuggu sig undir frið. Hins vegar eru lýðræðisríki Vestur-Evrópu, öll nema tvö, Svíþjóð og Sviss, sem vegna reynslunnar ala enn þá von, að þau geti fengið að sitja hjá í styrjöld, en eru þó grá fyrir járnum. Og með lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu standa Bandaríkin. Ef hin miklu ósannindi um ríkin tvö, sem keppa um heimsyfirráð, væru eitthvað annað en hrein fölsun, þá mundu afskipti Bandaríkjanna af varnarmálum Vestur-Evrópu að sjálfsögðu vera helzta áhyggjuefni manna þar. En hvað segja staðreyndirnar? Höfuðáhyggjuefni frelsisunnandi manna í Vestur-Evrópu er einmitt hitt, að einangrunarsinnar í Bandaríkjunum verði svo sterkir, að Bandaríkjamenn minnki afskipti sín af málefnum Evrópu, bæði efnahags- og varnarmálum. Lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu er það ljóst, ekki síður smáþjóðunum en hinum, að frelsi þeirra, tilvera þeirra sem sérstakra þjóða veltur blátt áfram á því, að Bandaríkin fáist til þess að leggja nógu mikið fram til varnar Vestur-Evrópu. Svo á að byggja hér heilan þjóðmálaflokk á þeirri staðhæfingu, að varnarsamtök lýðræðisríkjanna séu ekki til, það séu bara tvö stórveldi, sem berjist. „Þeir einir munu vera, að ég hirði aldrei, þó að drepist," sagði Mörður Valgarðsson forðum. Þessi orð rógberans mikla, þrungin mannvonzku, siðleysi og því fyllsta ábyrgðarleysi, sem hafa verið íslenzku þjóðinni hneykslunarhella og aðvörunarmerki um margar aldir, eru gerð að eins konar einkunnarorðum nýrra þjóðmálasamtaka. Höfuðtilgangurinn er að rótfesta þá skoðun á Íslandi, að varnarsamtök frændþjóða okkar og nágranna, sem þeir byggja allar frelsisvonir sínar á nú, fyrirfinnist ekki, séu dulbúnar árásarfyrirætlanir stórveldis. Íslendingar skulu því aldrei hirða, hvorir drepast. Hér er ekki aðeins staðreyndum snúið við. Það bætist ofan á, að þetta er gert í því skyni, bæði hér og annars staðar, að kæfa þann neista samábyrgrar hugsunar, sem kviknað hefur á hættutímum, sundra þeim samhug manna af mörgum þjóðum, sem einn er þess megnugur að tryggja varanlegan frið. Hér er þess í stað slegið á lægstu strengi sérhyggju og sundrungar.

Kem ég þá að öðru atriðinu. Atlantshafið ver Ísland eins og það hefur áður gert, segja þeir. Atlantshafið hefur ekki nú í margar aldir verið Íslandi vörn, þó að svo væri á dögum Haralds hárfagra og Ólafs helga. Ef ofbeldis- og yfirgangsmenn eins og þeir, sem nú ráða í Austur-Evrópu, hefðu ráðið á Atlantshafinu síðustu aldirnar, væru Íslendingar fyrir löngu hnepptir í þrældómsfjötra þeirra og sætu í þeim enn í dag.

Íslendingar hafa ekki lifað hér í skjóli Atlantshafsins, heldur búið við óbeina vernd brezka flotans, sem hefur ráðið á Atlantshafinu. Þetta var einhlítt talið fram að síðustu styrjöld, og á því var þá öll afstaða Íslendinga út á við byggð.

Ef hægt væri að treysta þessu áfram, þyrftum við engar áhyggjur að hafa af varnarmálum sjálfra okkar vegna, en eftir væri þó tillitið til annarra. En hver þorir að halda því fram í fullri alvöru, að þetta sé óbreytt? Flotastyrkur landanna hefur gerbreytzt. Aðferðir í sjóhernaði hafa gerbreytzt og lofthernaður orðinn höfuðgrein hernaðar. Reynsla síðustu styrjaldar sýnir, að afstaða eylanda í styrjöld er allt önnur en hún áður var.

Allt bendir til þess, að í upphafi næstu styrjaldar verði kapphlaup um að ná eylöndum þeim í Atlantshafinu, sem mesta hernaðarþýðingu hafa. Eitt þeirra er Ísland. Hafið er engin vörn. Það er hægt að sigla yfir hafið. Loftið er heldur engin vörn. Það er hægt að fljúga umhverfis jörðina. Allt er því gerbreytt frá því, sem áður var.

Þá kem ég að síðasta atriðinu: Varnir auka árásarhættuna. Eftir þessari kenningu lifðu smáþjóðir Vestur-Evrópu allt fram að síðustu styrjöld. Afleiðingin varð heimsstyrjöldin sjálf og allar hennar hörmungar. Hvað segja Danir, Norðmenn, Belgir, Hollendingar og Luxemborgarmenn um þessa kenningu? Þeir hafa fengið nóg af henni. Allar þessar þjóðir sveitast blóðinu, sumar þeirra bókstaflega við nefið á Rússum, til þess að styrkja og efla varnir sínar. Allar eru þessar þjóðir ásamt Íslandi í Atlantshafsbandalaginu.

En þá segir einhver: Það er öðru máli að gegna um Ísland. — En hví skyldi svo vera? Hver er afstaða Íslands? Mundi Ísland ekkert keppikefli vera ófriðaraðilum, ef allar hafnir á Íslandi væru eyðilagðar, allir flugvellir sömuleiðis, eins og sumir virðast láta sér detta í hug? Hernaðarþýðing Íslands er slík orðin, að jafnvel þótt eyðilögð væru öll þess háttar mannvirki á Íslandi nú þegar og menn skriðu í hóla, þá hefði landið eftir sem áður ómetanlega þýðingu í hernaðarátökum og mundi verða um það keppt. Hér við bætist, að flugvellir okkar verða aldrei þeirrar náttúru, til hverra ráða sem við grípum, að á þeim geti ekki aðrar flugvélar lent en þær, sem flytja óvopnað fólk og friðarvarning, og hafnir okkar heldur ekki þannig gerðar, að þær loki sér sjálfkrafa eða hverfi sem dögg fyrir sólu, ef óvinir nálgast. Það er því staðreynd, að Ísland hefur stórfellda hernaðarþýðingu með friðarmannvirkjum einum á landi.

Árásarhættan er því fyrir hendi, sem nú er komið, engu síður þótt menn tækju þann kost, einir allra þjóða, að grafa höfuðið í sandinn. Það gildir því sama um okkur og allar hinar þjóðirnar: Varnarráðstafanir draga úr árásarhættu. Sameiginlegar varnarráðstafanir allra lýðræðisríkjanna draga úr ófriðarhættu. En friður er eina örugga vörnin. Þjóðir Vestur-Evrópu hafa ekki nú eftir stríðið aðhyllzt þá kenningu, að hver ætti að bæla sig niður í sínu horni og krjúpa fyrir ofbeldinu, aðallega í þeirri von, að það yrði ráðizt á hina. Ef Bandaríkjamönnum hefði verið bægt burt úr Evrópu til þess að þóknast kommúnistum og fylgifiskum þeirra, þá væri öll Vestur-Evrópa nú undir járnhæl kommúnismans. Á þessu getur enginn vafi leikið. Ísland væri þá eins komið og hin löndin í Evrópu, nema Bandaríkjamenn hefðu komið í veg fyrir það. En þá væri líka Ísland orðið í fremstu víglínu gegn kommúnistiskri Evrópu. Mundi þá mörgum þykja þröngt fyrir sínum dyrum. En svo illa er ekki komið. Og það er því að þakka, að þjóðir Evrópu hafa með stuðningi Bandaríkjamanna gert samtök til varnar frelsinu og haft þá að engu, sem reyna að hræða fólk til þess að gefa upp frelsið varnarlaust. Þannig fellur blekkingarvefur kommúnista og þjóðvarnarmanna, þegar við hann er komið, eins og vefur köngulóarinnar. Kenningar þeirra standast ekki rökræður eða gagnrýni. Því meira sem málið verður rætt, því betur skýrist þetta fyrir mönnum.

Höfuðúrræði þjóðvarnarmanna og kommúnista verður þá að gera þessi mál að tilfinninga- og æsingamálum og þyrla upp sem mestu moldviðri. En þeim mun ekki takast að æra Íslendinga. Þjóðvarnarmenn eru t. d. sjálfir farnir að finna tómahljóðið í sínum kenningum, farnir að þreytast á endurtekningunum og grípa þá til þess að gorta af þeim áhrifum, sem þeir þegar hafi haft, og það hafa þeir gert á þinginu nú upp á síðkastið. Snemma komast þeir á raupsaldurinn, og ætla þeir að eldast illa, enda ekki á öðru von. Er það nú orðið eitt höfuðatriðið í málflutningi þeirra, að till. þær um breytt fyrirkomulag í varnarmálum, sem framsóknarmenn hafa gert og verið er að vinna að, séu fram komnar fyrir þeirra baráttu. Tæplega hefur heyrzt hlálegri fjarstæða en þetta gort þjóðvarnarmanna. Endurbótastefnan í varnarmálunum var mótuð á síðasta flokksþingi framsóknarmanna. Það var gert áður en Þjóðvfl. varð til. Það má þá líka nærri geta, hvort það er ráðið til þess að hafa heppileg og skynsamleg áhrif á gang þessara mála að einangra sig í samtökum, sem hafa það markmið eitt að berjast fyrir stefnu kommúnista í utanríkismálum, stefnu, sem enginn flokkur í lýðfrjálsum löndum Evrópu aðhyllist nema kommúnistaflokkarnir og þau furðulegu samtök, sem kalla sig Þjóðvarnarflokk Íslands.

Eins og nú er ástatt, er Íslendingum nauðsyn að hafa hervarnir sjálfra sín vegna og vegna samtakanna, sem miðast við að koma í veg fyrir stríð. Við vonum, að það verði sem skemmst. Það er miklum erfiðleikum bundið að hafa erlendan her í landinu. Það þekkjum við vel. Við verðum að læra af reynslunni, og það er eðlilegt, að svo verði gert. Sú leið er nú farin að gera sér glögga grein fyrir því, í hverju vandkvæðin liggja, og beita sér fyrir þeim breytingum á hervarnarmálunum, sem óhjákvæmilegar eru, til þess að Íslendingar geti haft hér varnir, á meðan þess er þörf að eigin dómi. Þetta er sú stefna í varnarmálunum, sem þjóðhollir menn munu sameinast um. Hún hefur verið skýrt mótuð í einstökum atriðum og að framkvæmd hennar er nú unnið. — Góða nótt.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Nýr flokkur, Þjóðvarnarflokkurinn, hefur nú bætzt í hóp þeirra, sem taka þátt í eldhúsdagsumræðum. Sá flokkur telur sig eiga eitt aðalerindi á stjórnmálasviðið, en segist ætla í hjáverkum að bæta siðferðið þar. Ekki virðist þó þm. flokksins, hv. 8. landsk., Bergur Sigurbjörnsson, ætla að verða öðrum þm. fremri um vandaðan og siðlegan málflutning á þessu fyrsta þingi, sem hann situr. Ég nefni aðeins sem dæmi margendurteknar aðdróttanir hans hér í kvöld, tilefnis- og tilhæfulausar, um að meiri hl. þm. láti aðra menn skipa sér fyrir um það, hvernig þeir greiða atkvæði um mál á þingi. Þessi hv. þm. Þjóðvfl. sýnist því ekki vera efnilegur siðameistari.

Fjárlagafrv. er hér á dagskrá, en eins og venjulegt er við svonefndar eldhúsdagsumræður eru ræður manna ekki einskorðaðar við fjárlagaafgreiðsluna, heldur einnig talað um fleira. Ég mun nota tíma minn hér til að ræða lítið eitt um það, hvernig viðskiptamálin koma mér nú fyrir sjónir, en þau mál eru meðal þeirra þýðingarmestu.

Nú liggur fyrir Alþ. frv. til l. um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., sem útlit er fyrir að verði samþ. bráðlega. Um leið og þessi væntanlegu nýju lög koma til framkvæmda, eiga núgildandi lög um fjárhagsráð að falla úr gildi. Í staðinn fyrir fjárhagsráð á að koma svonefnd Innflutningsskrifstofa, og á sú stofnun að annast framkvæmd viðskiptamálanna í umboði ríkisstj. í stað fjárhagsráðsins áður. Tveir stjórnskipaðir menn eiga að stýra hinni nýju stofnun, en 5 menn eru í fjárhagsráði. Ef til vill verður einhver sparnaður af fækkun stjórnendanna, en þó er það reynslan ein, sem fær úr því skorið, hvort mannahaldið í heild og kostnaðurinn við þessa nýju stofnun verður eitthvað minni en nú er hjá fjárhagsráði.

Eitt af verkum fjárhagsráðs var að ákveða, hvað leyft skyldi af nýjum byggingum og öðrum slíkum framkvæmdum og hafa eftirlit með þeim. Í reglugerð um þessi efni, sem gilt hefur síðan 1947, er þó ákveðið, að heimilt sé að ráðast í ýmsar minni háttar framkvæmdir án leyfis fjárhagsráðs. Þannig hefur verið og er heimilt án fjárfestingarleyfis að gera mannvirki eða tæki, sem ekki kosta yfir 10 þús. kr., að byggja íbúðarhús til eigin afnota, ef stærð þeirra er ekki yfir 350 m³, og að byggja verbúðir á útgerðarstöðum og útihús á jörðum, ef þær byggingar kosta ekki yfir 50 þús. kr. í efni og vinnu. Við samanburð sést, að heimild er veitt til nokkru stærri framkvæmda án fjárfestingarleyfa með nýju lögunum heldur en samkvæmt reglugerðinni, sem gilt hefur undanfarið. En ekki verður séð, að nauðsynlegt hafi verið að setja ný lög til að gera þá breytingu. Með breytingu á reglugerðinni um fjárhagsráð hefði eins mátt ákveða hin nýju stærðartakmörk frjálsra framkvæmda. En ekki skiptir máli, hvor aðferðin er höfð.

Það er æskilegt, að menn hafi frjálsræði til að ráðast í húsabyggingar eða aðrar framkvæmdir, sem þeir telja sér nauðsynlegar eða til hagsbóta. En það eitt er ekki nóg, að slíkt frelsi sé til á pappírnum í lögum eða reglugerðum. Fleira þarf til. Hv. 7. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen, láðist að minnast á baráttu manna við að fá lóðir undir hús í Reykjavík, og þeirri baráttu er víst alls ekki lokið. En enginn byggir hús, nema hafa land til þess að setja það á. Byggingarefni þarf líka að vera fáanlegt. Í þeim efnum er þannig ástatt, að enn þarf innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir helztu efnivörum til bygginga. Að svo stöddu veit enginn, hvort hægt verður að kaupa til landsins á næstu missirum allt það byggingarefni, sem þarf til þeirra bygginga, sem mönnum er heimilt eða þeir fá leyfi til þess að reisa. Það fer eftir gjaldeyrisástæðunum á hverjum tíma. Enginn veit fyrir fram, hvernig þær verða, og því ekki hægt að segja með nokkurri vissu, hvort byggingar eða aðrar nýjar framkvæmdir verða auðveldari hér eftir en nú er.

Í nýja lagafrv. um viðskiptamálin segir, að ríkisstj. skuli ákveða með reglugerð, hvaða vörur skuli heimilt að flytja til landsins án innflutnings- og gjaldeyrisleyfa. Ekki er þörf nýrrar lagasetningar til að ákveða þetta. Á grundvelli fjárhagsráðslaganna hafa verið gefnir út svonefndir frílistar og breytingar gerðar á þeim í samræmi við breyttar gjaldeyrisástæður, eftir því sem ríkisstj. hefur talið fært. Fyrirmæli nýja lagafrv. um gjaldeyrisverzlunina eru líka nákvæmlega þau sömu að efni til og eldri lagastafir. Eins og áður hafa Landsbankinn og Útvegsbankinn einir rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Í 1. gr. nýja lagafrv. um viðskiptamálin segir, að stefnt skuli að því, að allur vöruinnflutningur til landsins verði frjáls. Þetta var ekki í lagafrv. upphaflega, en sett í það í þinginu. En hér er ekkert nýmæli á ferð. Það var stefna fyrrv. ríkisstj. eins og þeirrar, er nú situr, að slaka á innflutningshöftunum eftir því, sem viðskiptaástæður leyfðu, og hefur það verið gert síðustu árin.

Við athugun á nýja lagafrv. verður ekki séð, að það marki nein þáttaskil í okkar verzlunarsögu. En þáttaskilin í þessum málum urðu þegar fyrrv. stjórn var mynduð 1950. Þá voru gerðar ráðstafanir til að rétta við hag atvinnuveganna, til þess að framleiðsla á vörum til útflutnings gæti haldið áfram. Og þá var tekin upp ný stefna í fjármálum ríkisins, þannig að síðan hefur ríkisbúskapurinn verið hallalaus, í stað þess að árin á undan var mikill greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Og einmitt vegna þeirrar nýju fjármálastefnu var mögulegt að slaka á verzlunarhöftunum, sem hefur orðið mjög til hagsbóta fyrir almenning, og hæstv. núverandi stjórn hefur ákveðið að fylgja áfram þeirri stefnu fyrrv. stjórnar að gera verzlunina frjálsari, eftir því sem efni standa til.

En það skiptir auðvitað engu máli, hvort reglugerð hæstv. ríkisstj. um innflutninginn, þar sem ákveðið er, hvaða vörur skuli settar á frílista, er gefin út samkvæmt þessum nýju lögum eða lögunum um fjárhagsráð, eins og verið hefur fram að þessu. Eldri lögin um fjárhagsráð voru jafnvel nothæfur grundvöllur til að byggja slíka reglugerð á. En hæstv. ríkisstj. taldi heppilegra að leysa fjárhagsráð frá störfum, en setja í þess stað aðra stofnun til þess að stjórna innflutningsmálunum.

Það var engin ástæða fyrir þingið til að vera á móti þeirri breytingu.

Hitt er eftir að vita, hvort menn verða nokkuð ánægðari með nýja ráðið með nýja nafninu, þegar stundir líða fram, heldur en þeir eru nú með fjárhagsráð. Og það er misskilningur, sem virðist hafa komið inn hjá sumum mönnum, að með þessari nýju stofnun sé það tryggt, að þjóðin fái aukið verzlunarfrelsi. Sennilega veit enginn það nú, hvort innan skamms verður slakað á innflutnings- og gjaldeyrishöftunum meira en búið er að gera. Það hlýtur að fara eftir því, hvort viðskipta- og gjaldeyrisástæðurnar verða þannig, að ríkisstj. sjái sér þetta fært. En við skulum vona, að það geti orðið. Vitanlega er æskilegast, að frjáls innflutningur sé á sem flestum og helzt öllum vörum. En það væri þýðingarlaust og aðeins til að blekkja fólk, ef meira af vörum væri sett á frílista heldur en hægt er að fá gjaldeyri fyrir hjá bönkunum viðstöðulítið. Ég hef heldur enga ástæðu til að ætla, að hæstv. ríkisstjórn geri það.

Eins og hér hefur verið rakið, fer það eftir gjaldeyrisástæðum og ákvörðunum innan ríkisstj. á hverjum tíma, að hve miklu leyti er frjáls innflutningur á vörum til landsins. Stjórnin ákveður með reglugerð, hvaða vörur eru á svonefndum frílista, en til innflutnings á öðrum varningi þarf leyfi Innflutningsskrifstofunnar. Þetta er um vöruinnflutninginn að segja.

En innkaup á vörum til landsins er aðeins annar þáttur verzlunarinnar. Hitt skiptir ekki minna máli, hvernig ástatt er með útflutningsverzlunina, því að á vörusölunni til annarra landa veltur það, hvað við getum keypt af vörum frá öðrum löndum. En þó að mönnum þyki frjálsræðið mjög takmarkað að því er snertir vöruinnflutning til landsins, þá er þó frelsi til að selja vöru úr landi enn minna. Þar er enginn frílisti til. Ég veit ekki betur en að útflutningsleyfi þurfi að sækja til stjórnarráðsins fyrir öllum þeim íslenzku afurðum, sem seldar eru úr landi. Og oft hefur verið erfitt fyrir menn að fá útflutningsleyfi, þó að þeir vildu selja vörur úr landi og hefðu möguleika til þess. Og um eina af helztu útflutningsvörunum, saltfiskinn, er það svo og hefur verið um langt skeið, að aðeins einn aðili, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, hefur fengið útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru. Hér er því einkasala á útfluttum saltfiski í höndum Sölusambandsins.

Því er stundum haldið fram, að þetta sé eðlilegt, vegna þess að fiskframleiðendurnir sjálfir vilji hafa það svo. Trúlegt er, þó að ekki verði það fullyrt hér, að meiri hluti þeirra vilji láta S. Í. F. annast söluna, en áreiðanlega ekki allir. Og hvers vegna að neyða þá menn til að skipta við S. Í. F., sem fremur kjósa að koma sölu á framleiðsluvörum sínum fyrir á annan hátt? Það sýnist bæði óþarft og óviðeigandi. Hitt er annað mál, að þörf getur verið á löggjöf um þessi efni til þess að koma í veg fyrir, að einstakir útflytjendur valdi tjóni með því að bjóða framleiðsluvörur fyrir lægra verð en unnt er að fá fyrir þær. Reglur um útflutninginn er auðvelt að setja til þess að fyrirbyggja undirboð, og vafalaust væri æskilegast, að stjórn á þeim málum væri að sem mestu leyti í höndum framleiðenda sjálfra, en ekki hjá ríkisvaldinu.

Til samanburðar má vitna hér til þess fyrirkomulags, sem er á sölu landbúnaðarafurða. Með lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins eru m. a. ákvæði sett, sem fyrirbyggja, að einstaklingar geti valdið heildinni tjóni með því að bjóða vöru sína fyrir óeðlilega lágt verð. Hins vegar er ekki einkasala á landbúnaðarvörum. Í mörgum landbúnaðarhéruðum er það svo, að þó að mikill meiri hluti bændanna sé í samvinnufélögum og feli þeim sölu á framleiðsluvörunum, þá hafa félögin engan einkarétt til afurðasölunnar, enda ekki farið fram á það, heldur geta menn valið um það, hvort þeir fara með vörur sínar til félaganna eða selja þær öðrum. Þess hefur ekki orðið vart, að það frjálsræði, sem þar er um að ræða, hafi komið að sök. Og útflutningur á landbúnaðarvörum er ekki í höndum eins aðila. Svipuðu fyrirkomulagi mætti vafalaust koma á við sölu sjávarafurða, svo að hægt væri að gera útflutningsverzlunina frjálsari en nú er. Hér á Íslandi eru margir kaupsýslumenn, og ekki er ótrúlegt, að gagn mætti af því hljótast, ef fleiri af þeim hefðu tækifæri til að vinna að markaðsöflun og sölu á íslenzkum framleiðsluvörum utanlands en nú er. Samvinnufélög framleiðenda eiga líka að hafa frelsi til að flytja út og selja framleiðsluvörur félagsmanna sinna. Þeir menn eru til, sem halda því fram, að heppilegast muni að láta ríkið annast alla utanríkisverzlunina, bæði útflutning og innflutning á vörum. Það mun vaka fyrir þeim, að sú landsverzlun, sem þeir vilja koma á fót, hafi einkarétt til utanríkisverzlunar. Ég hef ekki trú á því, að slík allsherjar landsverzlun mundi vel gefast. Hitt tel ég þó jafnvel enn varhugaverðara, að láta einkafyrirtæki hafa einkarétt til viðskipta við önnur lönd um langan tíma, hvort sem um er að ræða innkaup eða sölu á vörum. Og enginn, sem vill hafa frjálsa verzlun, getur verið ánægður með slíkt fyrirkomulag. Verzlunin er því aðeins frjáls, að hvorki séu innflutnings- eða útflutningshöft.

Að því ber hiklaust að stefna, að þjóðin geti búið við verzlunarfrelsi sem allra fyrst. Þá geta menn óhindraðir keypt þær vörur, sem á annað borð eru einhvers staðar fáanlegar, ef þeir óska og hafa efni á að kaupa, og þá geta menn óhindraðir selt vörur sínar úr landi. Þá geta menn líka hagað viðskiptum sínum á þann hátt, sem þeir telja sér hagkvæmast. Þeir, sem það vilja, geta verzlað við kaupmenn, og hinir, sem það kjósa fremur, geta verið þátttakendur í samvinnufélögum og látið þau annast kaup og sölu á vörum fyrir sig.

En til þess að landsmenn geti búið við verzlunarfrelsi, þarf annað og meira en að birta hátíðlegar yfirlýsingar um þá stefnu. Til þess að verzlun geti verið frjáls, þurfa viss skilyrði að vera fyrir hendi. Það þarf jafnvægi í fjárhags- og peningamálum, heilbrigðan atvinnurekstur og greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Án þeirrar stefnubreytingar í fjármálastjórn ríkisins, sem varð með komu fyrrv. ríkisstj. árið 1950, hefði alls ekki verið mögulegt að slaka á verzlunarhöftunum eins og gert hefur verið síðustu árin.

Því aðeins að ríkisbúskapurinn verði greiðsluhallalaus framvegis er hægt að vænta einhvers frjálsræðis í verzluninni.

Margir munu fagna fyrirheitinu um skattalækkun, en skattalækkunin má ekki verða til þess, að greiðsluhalli verði hjá ríkissjóði, því að með því væri unnið á móti verzlunarfrelsi. Hallarekstur hjá atvinnufyrirtækjum, ef um hann er að ræða, torveldar líka afnám viðskiptahafta, og til þess að verzlunin geti verið frjáls, þarf jafnvægi í peningamálum.

Þau skilyrði, sem hér hafa verið nefnd, þurfa að vera fyrir hendi, og jafnvægisástandinu í atvinnulífinu, fjárhags- og peningamálum þarf að viðhalda, til þess að verzlunin geti verið frjáls. Við skulum vona, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar takist að gera verzlunina frjálsari en nú er. En ég vil benda á það, að núverandi höft á útflutningsverzluninni eru í ósamræmi við aukið frelsi í innflutningsverzlun og því ætti hæstv. stjórn hið allra fyrsta að gera útflutninginn frjálsari en nú er. Og að síðustu þetta: Við afgreiðslu fjárl. bæði nú og síðar ættu menn að hafa það í huga, að greiðsluhallalaus ríkisbúskapur er eitt af grundvallarskilyrðum fyrir því, að verzlunin geti verið frjáls.

Tími minn er þrotinn og dagurinn er líka að kvöldi kominn. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (almennum umr., útvarpsumr.).

**Forseti (JörB):** Í kvöld verður ræðutími hvers þingflokks 45 mín., og skiptist hann í 3 umferðir, 20, 15 og 10 mín. Ef einhver flokkur fer fram úr ákveðnum ræðutíma í 1. og 2. umferð, styttist að sama skapi ræðutími hans í 3. umferð. Hins vegar má flokkur ekki geyma sér til 3. umferðar ræðutíma, sem hann notar ekki að fullu í 1. og 2. umferð.

Röð flokkanna verður þessi: 1) Sósfl., 2) Alþfl., 3) Sjálfstfl., 4) Þjóðvfl. og 5) Framsfl.

Hv. 9. landsk., Karl Guðjónsson, tekur til máls og talar af hálfu Sósfl.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Hv. áheyrendur, nær og fjær. Fjárlfrv., sem nú liggur fyrir Alþ., boðar engar nýjungar á hinu efnahagslega sviði, þvert á móti. Það er gamalt plagg, uppskrifað með nýjum tölum, tölum, sem marka þróun í sömu átt og ríkisvaldið hefur fetað á undanförnum árum. Sú þróun hefur leitt það í ljós, að ríkisstj. er stofnun, sem þjónar auðmannastéttinni af trú og dyggð. Hún ber ekki virðingu fyrir landi okkar og þjóð og metur það eitt til verðgildis, sem gefur auðmönnum gróða.

Ríkisstj. hefur heldur ekki þungar þrautir af því, þótt fjármunir þeir, sem hún kemst yfir, séu fengnir með óvönduðum ráðum, og í sukki sínu virðist hún engra þjáninga kenna, þótt hún viti óbreyttan landslýðinn búa við skarðan hlut um húsnæði, atvinnuöryggi og kaupgjald. Þar á móti lætur ríkisstj. þinglið sitt samþ. lög um launahækkanir eða ráðstafanir, sem jafngilda því, minnkar hlutfallslega ár frá ári fjárveitingar til verklegra framkvæmda, og síðast í dag létu liðsmenn ríkisstj. það afrek eftir sig liggja að nema úr lögum fyrirmæli um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Þegar stjórnarstefnan er athuguð nánar, þykir mér vert að geta þess, að ég sé ekki ástæðu til þess að greina á milli þeirrar ríkisstj., sem nú situr, og þeirrar, sem mynduð var á öndverðu ári 1950, enda er því lýst yfir, að þar sé um að ræða beint áframhald sömu stjórnarstefnu, og sömu stjórnmálaflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., standa að henni. Raunar er stjórnarstefnan eldri. Hún er frá árinu 1947, og tók þá Alþfl. einnig þátt í henni og hafði þá forustu hennar. Ekki er heldur vert að láta þess ógetið, að hér er um að ræða stjórn, sem þegið hefur erlendis frá stórar fúlgur fjár, sem gjafir eru kallaðar, þótt sannast mála sé, að aldrei hafa keyptir verið dýrara verði aðrir hlutir en gjafir þeirra Ameríkumanna.

Þá er þess einnig að minnast úr fjármálasögu stjórnarinnar, að hún lækkaði verðgildi allra launa landsmanna með lögum um gengisfellingu íslenzkrar krónu, og þrýsti sú ráðstöfun stórlega niður lífskjörum alls vinnandi fólks í landinu. Öllum sköttum, sem lofað var að lækka eða aflétta í sambandi við gengisfellinguna, var samt haldið áfram, þ. á m. söluskattinum, sem sýgur um 100 millj. kr. árlega af þjóðinni, eða að meðaltali 3400 kr. af hverri fimm manna fjölskyldu í landinu. Og enn er ótalin af afrekaskrá stjórnarinnar síðasta gengisfellingin, sem felst í reglugerðinni um hinn svonefnda bátagjaldeyri, og ætla ég ekki að ræða þá ráðstöfun hér. Hún var svo rækilega skýrð hér í gærkvöld og afleiðingar hennar.

Það verður ekki með sannindum ráðið, hver sé stefna ríkisstj., af því, sem hún kann sjálf um þetta að segja á mannfundum, eða af því hóli, sem hún lætur prenta um sig í blöðum, heldur af verkum hennar og árangri. Í gærkvöld áttum við þess t. d. kost að heyra bæði ráðh. og fleiri liðsmenn stjórnarinnar guma af þeim ágætu fyrirætlunum, sem ríkisstj. hefði á prjónunum. Hún ætlaði í fyrsta lagi að koma á verzlunarfrelsi, í öðru lagi ætlaði hún að lækka skatta, í þriðja lagi ætlaði hún að vinna stórvirki í raforkumálum, og í fjórða lagi ætlaði hún að bjarga því ástandi, sem nú ríkir í húsnæðismálum.

Það hefur sagt verið, að vegurinn til vítis væri lagður úr gullnum áformum, sem aldrei væru framkvæmd, og það skyldi nú aldrei vera, að stjórnin væri einmitt í þess háttar vegavinnu.

Eitt af þessum fjórum boðorðum hefur stjórnin þegar fengið smíðaða löggjöf um á þessu þingi, þ. e. verzlunarfrelsið. Ég þarf ekki að rekja það hér, hve fráleitt það er, að sú löggjöf boði nokkurt frelsi í verzlunarmálum. Það ómak tók hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson, á sig í gær, og sannar það, að hæstv. ríkisstj. tekst ekki einu sinni að sannfæra þm. sína um raungildi hinna fögru fyrirheita. Þessi hv. þm., Skúli Guðmundsson, sýndi t. d. mjög réttilega fram á það í ræðu sinni, að útflutningur er algerlega einokaður í höndum örfárra gæðinga ríkisstj., þar sem eru ráðamenn Sölusambands ísl. fisk-

framleiðenda, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga. Þá er það á allra vitorði, að þetta sölufyrirkomulag gefur þá raun, að fiskverð til sjómanna og útvegsmanna er hér miklum mun lægra en t. d. í Noregi. Þrátt fyrir allt þetta felldi þinglið hæstv. ríkisstj. brtt. mína um að gefa útflutninginn frjálsan, og meðal þeirra, sem greiddu atkv. gegn henni, var Skúli Guðmundsson, hv. þm. V-Húnv., og þóttu honum það samt firn mikil, að þm. skyldu bornir þeim brigzlum að láta fremur ríkisstj. en sannfæringuna ráða í atkvgr. á þingi.

Það þarf engum blöðum um það að fletta, að skraf hæstv. ríkisstj. um verzlunarfrelsi er skrum eitt. Það höfum við stjórnarandstæðingar margsinnis sýnt fram á, og það vita og viðurkenna einnig margir þm. stjórnarinnar. En fyrst svo er um hið græna tré, hvað þá um hin? Á það má einnig líta, þótt engin þskj., frv. eða grg. sé þar við að styðjast, heldur aðeins loforð stjórnarsamningsins og fyrirheit ráðh., sem hér töluðu í gærkvöld.

Skattur skal lækkaður um 20%, sögðu þeir. Hér mun átt við tekjuskatt, og er ekki ljóst, hvort þetta á einnig að taka til eignarskatts og tekjuskattsviðauka, en þessir skattar nema alls um 60 millj. kr. á ári. Þessi lækkun mundi því í hæsta lagi geta numið 12 millj. kr. Það er álíka upphæð og sparaðist þjóðinni, ef söluskatturinn væri lækkaður úr 3% niður í 2.7%, og það er auk þess yfirlýst von hæstv. forsrh., að hægt verði að koma þeim pappírsgögnum, sem að þessu lúta, svo fyrir, að lækkunin verði í raun inni engin og helzt hækkun. Sem sagt, loforðið getur numið allt að 12 millj. kr., en efndin á engin að verða, gott ef ekki hið gagnstæða.

*Ég mun ekki ræða hér fyrirætlanir stjórnarvaldanna í raforku- og húsnæðismálum að neinu ráði, og má þó rétt geta þess, að ríkið tók á síðasta ári 25 millj. kr. skatt af efnivörum til Sogs- og Laxárvirkjananna, og nú á landslýðurinn að syngja stjórninni lofgjörð fyrir að láta þetta fé laust til raforkumálanna. Þetta minnir á söguna um ræningjann, sem rændi fyrst aleigu ferðamannsins, en gaf honum síðan smáskilding til að öðlast þakklæti hans.*

Um húsnæðismál er það að segja, að í gær lofuðu ráðh. mikilli fyrirgreiðslu ríkisvaldsins í húsnæðismálum, en í dag þoldi stjórnarliðið ekki að vita af því ákvæði í lögum, að heilsuspillandi húsnæði skuli útrýmt, og nam það úr gildi.

Þegar glamur og skrúðmælgi stjórnarliða hefur verið lagt til hliðar og hinir raunhæfu hlutir einir eru eftir, sést, að hið eina, sem gleður hjarta hæstv. ríkisstj. og hún í alvöru er upp með sér af, er dálitill rekstrarafgangur hjá ríkissjóði á undanförnum árum, og þykir mér vel hlýða að gleyma honum ekki, þegar rætt er um stefnu og árangur stjórnarinnar, þótt ég líti hann öðrum augum en þeir ráðh., og vík ég síðar að því.

Verkin sanna, að stjórnarstefnan mótast fyrst og fremst af þrennu: vantrú á íslenzka atvinnuvegi og þó sjávarútveg alveg sérstaklega, þjónustulund við hina amerísku ásælni, en þó kannske fremur öllu af dæmalausri skammsýni. Ef fjárlög og ríkisreikningar síðustu ára eru höfð að vitnum um framferði stjórnarvaldanna, kemur berlega í ljós það, sem hér hefur sagt verið, og þar að auki, að mitt í öllu smjaðrinu við herveldið, óþjóðhollustunni og fyrirhyggjuleysinu er geigur í liðinu. Í mínum takmarkaða tíma get ég þó ekki rakið nema fáein dæmi um þetta.

Sjávarútvegurinn er sú atvinugrein, sem nú og í nánustu framtíð gerir okkur kleift að lifa í menningarþjóðfélagi á okkar landi. Hann leggur okkur til yfir 90% af útflutningsverðmætunum. Til eflingar og viðgangs þessum atvinnuvegi eru aðeins greiddar um 6 millj. kr. úr ríkissjóði árlega. Til samanburðar get ég þess, að til lögreglu- og dómsmála, skattrukkunar og eftirlits er greidd 6—7-föld sú upphæð, eða um 40 millj. kr., enda verður stjórninni ekki tíðræddara um annað en varnir og öryggi, og lýsir það bezt ástandi sálarinnar.

Sjávarútvegurinn er hrein hornreka og olnbogabarn stjórnarinnar. Til hans rennur aðeins 1.50 kr. af hverjum 100.00 kr., sem ríkissjóður greiðir til eins og annars, en þótt hér skini í furðulegt sinnuleysi gagnvart þeirri atvinnugrein, sem í flestu hlýtur að móta lífskjör þjóðarinnar, eru það smámunir hjá hinu, sem ekki er skráð í fjárlög, en það er sú aðstaða, sem braskarar og afætur fá neytt í skjóli ríkisstj. til þess að mergsjúga útveginn, bæði í útflutningsverzluninni og öllu, sem að þörfum hans lýtur, enda er árangurinn sá, að mestur hluti útgerðarinnar er reikningslega á vonarvöl, þótt hún í raun réttri sé aðalmáttarviður okkar þjóðfélagsbyggingar.

Vantrú stjórnarinnar á íslenzka atvinnuvegi sést hvað gleggst á því, að hún horfir upp á fiskiskipastólinn minnka og innlendar bátasmíðar leggjast niður, án þess að hafzt sé að. Að hverju beinist þá athygli ríkisstj., fyrst þýðingarmesti atvinnuvegurinn sætir slíku sinnuleysi? Um það eru þeir vart í efa, sem hlýddu á ræðu hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, í gær. Hann sagði m. a.: „Höfuðáhyggjuefni manna í Evrópu er, að Bandaríkin leggi minna fram til varnarmála en verið hefur“ — og var þetta ábyggilega kjarni máls hans, þótt hann bæri mikið mál í það, hve óvitrir andstæðingar hans væru í fjármálum, og þuldi í því sambandi upp tölur, er hann kvaðst hafa látið glöggan mann gera um, hver greiðsluhalli ríkisins yrði, ef við andstæðingar hans ættum að ráða. Að því er varðar okkur sósíalista eru tölur hans tóm endileysa, m. a. af því, að hann gengur alveg fram hjá einni till. Hún er á þskj. 164, brtt. um endurskoðun varnarsamnings, og er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðan herlið Bandaríkjanna er enn í landinu, skal það eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða, og lúti það og starfsemi þess öll íslenzkum lögum.“

Ef þáltill. þessi væri samþ. og framkvæmd, þá mundu krafðir verða tollar og gjöld af varningi hernámsliðsins svo sem af öðrum vörum til landsins. Ég skora á hæstv. fjmrh. að upplýsa, hvað þetta mundi nema mikilli fjárhæð í ríkissjóð. Það er grunur minn, að ráðh. viti ekki, hve miklu slíkt mundi nema, því þótt Eysteinn dái Ameríkana, þá á ég þess vart von, að þeir geri sér það ómak að sýna honum vöruskrár sínar. Og ef svo er, sem mig uggir, þá hefur ráðh. hér

reiknað dæmi, sem hann ræður ekki við, enda ber útkoma hans þess glöggt vitni. En það er hægt að fyrirgefa ráðh. þá barnalegu tilhneigingu að afflytja mál andstæðinga sinna, og það er hægt að fyrirgefa honum skekkjur í reikningsdæmum, en stefnu hans og allrar ríkisstj. höfum við engin efni á að þola. Við verðum að losa okkur við þá niðurlægingu og skammsýni, sem felst í þessari pólitísku feigðarstunu: „Höfuðáhyggjuefnið er, að Bandaríkin leggi minna fram til varnarmála en verið hefur."

Eins og áður er að vikið, er íslenzkt atvinnulíf ekki áhugasvæði ríkisstj. Kjör sjómanna varðar hana ekkert um. Bátaflotinn má stöðvast, án þess að hún telji það svo mjög með skaða sínum. Gjaldeyristekjur fær hún samt nokkrar. Hún fær þær með því að senda vinnuaflið burt úr hinum aðþrengdu atvinnuvegum til stríðsmanna sinna, sem uppi hafa tilburði í sinni grein suður á Reykjaneshrauni og víðar. Þessar fórnfæringar íslenzks atvinnulífs gefa um 1 millj. kr. gjaldeyristekjur á degi hverjum, og þetta finnst hæstv. ríkisstj. einhverjar þær ákjósanlegustu tekjur, sem hugsazt geta. Þessum tekjum fylgja t. d. þeir meginkostir að dómi afturhaldsins, að menn þeir, sem fyrir þeim vinna, fá rækilegar yfirheyrslur um, hverjar séu skoðanir þeirra á stjórnmálum, og þá um leið allar nauðsynlegar vísbendingar um það, hvað sé rétt og hvað rangt í þeim efnum. Hvernig sem þessi skóli kann að gefast, þá er það víst, að auðmannastéttin og ríkisstj. hennar bindur við slíkt uppeldi miklar vonir um það að fá íslenzka verkalýðsstétt auðmýkta og krjúpandi fyrir valdinu.

Allir hugsandi Íslendingar sjá, hve alvarleg hætta það er að láta vinnu sem þessa koma í stað íslenzks atvinnulífs. Þessi vinna er öll til undirbúnings styrjöld, sem þó er ekki vitað, hvort verður nokkru sinni eða ekki. Ef stríð verður, svo sem undirbúningur þessi miðar að, er þarflaust að ræða, hver áhrif íslenzkt þjóðlíf hefur af slíku. Tekjur Íslendinga af hernaðarstörfum gætu þá orðið dýru verði keyptar. Verði hins vegar ekkert stríð á næstunni, þá stendur ríkisstj. einn góðan veðurdag frammi fyrir þeim vanda, að atvinnuvegur sá, sem hún hafði velþóknun á, er búinn og hættur. Hinir íslenzku atvinnuvegir munu þá verða þess vanbúnir eftir þá erfiðleika, sem þeim hafa verið skapaðir, að taka í skjótri svipan við og nýta til fullnustu það vinnuafl, sem þeir voru sviptir. Þá verða erfiðir tímar á okkar landi, a. m. k. ef núverandi stjórnarvöld ættu að ráða fram úr vandamálunum.

Ég hef þá sýnt fram á, að ríkisstj. þolir hvorki stríð né frið. Það eina, sem henni gagnar, eru þrotlausar stríðsæsingar vina hennar vestan hafs, þó að því tilskildu, að þær beri ekki árangur.

Af þessu mótast svo viðhorf og gerðir hæstv. ríkisstj., jafnt til íslenzkra þjóðmála sem alþjóðamála, og eru hagsmunir okkar, að því er tekur til hinna íslenzku atvinnuvega, mest undir því komnir um þessar mundir, að Austur-Evrópuþjóðirnar sem kaupendur afurða okkar og seljendur olíu og fleiri þýðingarmikilla vörutegunda til okkar lands líti meira á vesöld íslenzkra stjórnarvalda en fjandsamlega tilburði til vígaferla.

En ríkisstj. á afgang í aurabauk sínum í lok hvers árs um þessar mundir, og fjmrh. sindrar af gleði og ánægju af því tilefni. Hitt telur hann aldrei þess virði, að á það sé minnzt, hvort fólkið í landinu hefur til hnífs og skeiðar, klæða og húsaskjóls eða ekki.

Þetta um gleðina yfir aurunum í sjóði er raunar ekki nýtt fyrirbrigði í okkar þjóðlífi. Þess eru áður dæmi, að vesalir menn hafa gengið með húsum, betlað sér ölmusueyri á einum bænum og setzt upp á öðrum og safnað skildingum í skrín eða skjóðu og reynzt síðan efnaðir, þegar til uppgjörs kom. Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, safnar aurum með þeim hætti að sníkja hjá Ameríkumönnum, en setjast upp á Íslendinga með alla sína skatta. Hann hefur fordæmi fyrir þessu öllu. Verknaðurinn er áður þekktur, þótt Eysteinn sé sá fyrsti, sem hrósar sér af þessu og telur slíkt framferði til dyggða.

Þegar á það er litið, að það, sem einna lítilmótlegast var á fyrri tímum í fari sumra húsgangsmanna, er nú orðið eina skrautblómið í slóð hæstv. ríkisstj., verður það ljóst, að blómi hennar er furðulítill.

Fyrir fjórum árum gaf hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, þá lýsingu á afturhaldsliðinu íslenzka, að það staulaðist áfram á hækju, og hækjan, sem það studdist við, var Alþfl. Þetta var og er rétt lýsing. Síðan hún var gefin, hefur árað vel fyrir hið hruma afturhald. En því hefur ekki farið fram. Þrátt fyrir allt er það nú valtara og verr á sig komið en þá var, enda hefur það nú orðið að bæta við sig annarri hækju til viðbótar, og styðja þeir nú við það sinn hvorum megin, Alþfl. og Þjóðvfl., með því að halda uppi sundrung í röðum andstæðinga þess. Án stuðnings þeirra væri ganga afturhaldsins harla ósigurstrangleg, enda kann það að meta veitta aðstoð, þ. e. a. s., það metur aðstoð pólitísku foringjanna, en hinir óbreyttu liðsmenn eiga alltaf fjandskap þess vísan, hvar í flokki sem þeir standa og þá allt að einu, þótt þeir veiti stjórnarflokkunum að málum beint. Í kosningum þeim, sem fram fóru hér á Alþ. fyrir fáum dögum, kaus ríkisstj. Alþýðuflokksbroddana í margar nefndir og ráð og einn af leiðtogum þjóðvarnarmanna í landskjörstjórn.

Hve lengi afturhaldinu kann að takast að halda áfram betli sínu erlendis og fjárkúgun innanlands, fer ekki hvað sízt eftir því, hve vel því duga hækjurnar. En íslenzk alþýða er á móti hæstv. ríkisstj. og hún vill ekki láta nota sig fyrir hækju undir hana, og þess vegna á hún samleið með Sósfl.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þeir, sem eru svo langminnugir, að þeir muna blaðaskrif og ræðuhöld núverandi stjórnarflokka við síðustu kosningar og lögðu trúnað á orð þeirra, hafa án efa orðið allmjög undrandi, þegar þessir flokkar eftir hæfilegan meðgöngutíma mynduðu stjórn að nýju. Lýsingar þessara samstarfsflokka hvors á öðrum voru á þann veg, að óhugsandi virtist, að samstarf gæti hafizt að nýju, ef hugur fylgdi máli. Fjárdráttur, óhæfileg álagning og okur einstaklinga og stofnana, sem flokkarnir á víxl héldu verndarhendi

yfir, var daglegt umræðuefni beggja. Þessar umr. sýndu ljóslega, hvílíkar feiknafjárhæðir loða við fingur þeirra, sem hafa með höndum verzlun og viðskipti þjóðarinnar. Þær sönnuðu, svo að ekki verður um villzt, að það, sem Alþfl. hefur sagt um milliliðagróðann, er fremur of en van. Það var ekki deilt um, að gróðinn væri stórkostlegur, heldur hitt, hver væri frekastur og fengsælastur að draga gróðann til sín af stjórnargæðingunum. Eftir kosningarnar féllu þessar umr. og ádeilur niður með öllu. Síðan hafa blöð stjórnarflokkanna ekki minnzt á olíuverðið, flutningsgjöldin, álagningu heildsala eða Sambandsins með einu orði og ekki heldur saltfiskseinkasöluna eða gróða hraðfrystihúsanna. Þótti þá glöggum mönnum sýnt, að hverju mundi draga, enda gekk það eftir. Flokkarnir mynduðu stjórn á ný og nú undir forustu hæstv. forsrh., Ólafs Thors.

Hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, viku báðir nokkrum orðum að samstarfi flokkanna í ræðum sínum í gærkvöld. Hafa þeir að sjálfsögðu ekki talið vanþörf á því að skýra nokkuð fyrir þjóðinni, hvað ágreiningnum liði og hvernig hann hefði verið jafnaður. En skýringarnar virtust mér heldur ófullnægjandi. Ólafur Thors sagði, að stjórnarflokkana greindi á um margt, einkum þó um þau atriði, sem snertu trúna á hið frjálsa framtak einstaklingsins, þar skorti Framsókn því miður nokkuð á hina réttu trúarvissu. Auk þess sagði hann, að mikið djúp væri staðfest á milli Framsfl. og Sjálfstfl., því hefði Framsókn stungið upp á því, að mynduð yrði þriggja flokka stjórn til þess að leysa stjórnarskrána og liðka kjördæmaskipunina, en þegar íhaldið sagði nei, þá var Framsókn auðvitað góða barnið, lét allt þetta tal niður falla, ákvað að láta Steingrím rýma fyrir Ólafi og myndaði svo tveggja flokka stjórn undir forsæti hans. Svo fór nú um sjóferð þá. Öll stóru orðin voru strikuð út og gleymd. Sitja skal meðan sætt er.

Kosningaúrslitin voru þungur áfellisdómur um starf ríkisstj. og stefnu hennar og flokka hennar. Þrátt fyrir stórkostlega aukningu atkvæða lánaðist stjórnarflokkunum ekki að fá jafnháa atkvæðatölu nú eins og 1949. Íhaldið bætti að vísu við sig 93 atkv. — segi og skrifa 93 atkv., en Framsfl. tapaði aftur á móti 729, þannig að sameiginlegt atkvæðatap stjórnarsamsteypunnar nam 636 atkv. En sé aftur á móti, sem rétt er, miðað við hlutfallstölur, þá var tapið gífurlegt, langtum meira. Samanlagt hefur stjórnarsamsteypan nú að baki sér 59% af atkvæðamagninu, en þegar fyrri stjórnin var mynduð 1950, eftir síðustu kosningar, hafði hún 64% að baki sér. Þetta er dómur þjóðarinnar um stj. og flokka hennar. Þetta er stórkostlegur ósigur. Hinu verður ekki neitað, að úrslitin voru nokkurs konar sigur fyrir peningavaldið í stjónarsamsteypunni, og sýnilegt tákn þessa sigurs eru einmitt mannaskiptin í sæti forsrh., og áþreifanlega raunverulegt tákn þess eru þau mál, sem nú eru borin fram hér á þinginu og eiga að auka gróðamöguleika gæðinga flokkanna.

Eini stjórnmálaflokkurinn, sem jók atkvæðatölu sína að marki, var Alþfl. Hann bætti við sig á fimmta hundrað atkv. og fékk nú 12100 atkv. Kommúnistar misstu flest atkv., 1629, eða 12% af þeirra fylgi. Er þar að finna skýringuna á samstarfsvilja Brynjólfs Bjarnasonar, sem hann var svo fjölorður um í gærkvöld, þegar hann flutti harmatölur sínar yfir því, að enginn teldi kommúnista lengur eða Sósfl. um neitt samstarfshæfan nema að vinna gegn her í landinu.

Annað vekur sérstaka athygli í sambandi við úrslit kosninganna. Þótt Alþfl. einn hinna eldri flokka bætti við sig atkv. og fengi 12100 atkv., fékk hann aðeins einn kjördæmaþm. kjörinn. Þetta sýnir ljóslega, hve fjarri lagi núverandi kjördæmaskipun er. Jafnvel þótt uppbótarsæti bæti hér nokkuð úr, jafni metin að nokkru, fer því alls fjarri, að nokkuð nálægt jöfnuði náist á milli flokkanna. Að baki hverjum þm. Alþfl. eru 2015 atkv. Hver þm. Framsfl. hefur til uppjafnaðar 1060 atkv., eða helmingi færri að baki sér. Ef Alþfl. hefði þm. í sama hlutfalli við atkvæðamagn og Framsfl., ætti hann að hafa 12 þm. í stað 6 nú. Sjá allir, hversu fjarri allri sanngirni og eðlilegum lýðræðisreglum slík kjördæmaskipun er.

Þó er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að enn er möguleiki á því að auka þetta misrétti og rangsleitni. Talsvert hefur verið rætt um það meðal stjórnarflokkanna að taka upp kosningar í einmenningskjördæmum eingöngu. Hugsanlegt er, að þá verði hægt að skipta Reykjavík svo í einmenningskjördæmi, að Alþfl., þótt hann enn bæti við sig — sem hann gerir — fengi engan þm. kosinn og enginn af andstöðuflokkum stj. með yfir 40% af atkvæðamagninu fengi nokkurn þm. kosinn á þing.

Enn er eitt athyglisvert í sambandi við úrslit kosninganna. Það er það, sem Morgunblaðið kallar sigra Sjálfstfl. Hann bætti við sig tveim þm. og á nú 22 menn á þingi. En hvernig líta þá þessir sigrar Sjálfstfl. undanfarið út? Árið 1933 fékk hann 48% atkvæðanna, 1937 fékk hann 41%, 1946 fékk hann 39% og 1953, sigurárið seinasta, fékk hann 37%. Allan þennan tíma, síðustu 20 árin, hefur Sjálfstfl. sífellt verið að tapa fylgi. Á þessu árabili hefur kjörfylgi hans lækkað úr 48% og niður í 37%, eða um ¼ hluta. Samt hafa áhrif flokksins á Alþ. farið vaxandi hin síðari ár eftir stríðið og mest nú síðast, þegar atkvæðahlutfall hans er orðið lægst. Aðstaða hans sem stærsta flokksins og feimnislaus beiting fjármagns og áhrifavalds ásamt núverandi kosningafyrirkomulagi og kjördæmaskipun veldur þessu. Þetta er furðuleg öfugþróun í lýðræðislandi. Það er lygilegt, en það er satt samt. Og sagan er þó ekki öll sögð. Fyrir kosningarnar taldi Sjálfstfl. sig hafa líkur til að ná hreinum meiri hluta á Alþ. án þess að auka atkvæðamagnið sem nokkru næmi. Þá fór Morgunblaðið háðulegum orðum um samsteypustjórnir, spillingu þá og hrossakaup, sem slíkum óskapnaði væri samfara. Í grein um þetta efni í Morgunblaðinu 23. júlí s. l. var sagt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„344 atkvæði. Aldrei fyrr hefur Sjálfstfl. átt eins glæsilega sigurmöguleika og í væntanlegum þingkosningum. Ekki skortir sjálfstæðismenn nema 344 atkv. frá andstæðingum sínum til þess að vinna 10 ný kjördæmi og með því hreinan meiri hluta á þingi þjóðarinnar. 344 atkv. standa í vegi fyrir heilbrigðu, ábyrgu meirihlutastjórn-

arfari á Íslandi í stað pólitíska hrossakaupa samsteypustjórnanna.“

Það er valið nafn á hæstv. ríkisstj., sem er gefið þarna fyrir fram. Síðan á eftir þessu fylgja svo greinargerðir yfir það, hver þessi 10 kjördæmi séu og hvað mikið þurfi að vinnast í hverju, til þess að Sjálfstfl. nái hreinum meiri hl. Og tölulega er það rétt reiknað. Þegar búið er að gera grein fyrir þessum 10 kjördæmum, þá er augljóst, að þangað var áhrifavaldinu, þangað var peningavaldinu beint í kosningunum, sem þá fóru í hönd. Og óneitanlega fékkst nokkur árangur. Flokkurinn vann fjögur kjördæmi, þó að hann aðeins bætti við sig í heild 93 atkv. á öllu landinu. Slík eru áhrif peningavaldsins, áhrifavald flokksins, þegar kjördæmaskipunin er eins og hún er og kosningafyrirkomulagið. Hins vegar missti hann tvö uppbótarsæti, þannig að þingmannatalan er nú 22.

Alþfl. hefur lengi verið það ljóst, hver óskapnaður núverandi kosningafyrirkomulag er. Með óbreyttri flokkaskipun veitir það stærsta flokknum og fjársterkasta alveg óeðlilegt áhrifavald. Kommúnistar hafa sjálfir dæmt sig úr leik með sinni alkunnu hlýðnisafstöðu við Rússa og afneitun lýðræðislegrar stjórnmálabaráttu. Því er að óbreyttu ekki unnt að mynda þingræðisstj., þ. e. a. s. með meirihlutastuðningi, án þátttöku Sjálfstfl., eins og þingið nú er skipað. Þess vegna taldi Alþfl. fyrir sitt leyti, að rétt væri að skorast á engan hátt undan því að ræða um möguleika á myndun þriggja flokka stjórnar eftir kosningarnar, sem til þess væri mynduð að færa kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipun í lýðræðislegra horf, t. d. með því að taka upp hlutfallskosningar í fáum stórum kjördæmum, eins og ýmsir sjálfstæðismenn höfðu stungið upp á fyrr. Hann var einnig reiðubúinn til þess að ræða um málefnasamning við Framsfl. og um samkomulagskosningar þegar í haust, ef Framsókn gengi ekki til stjórnarmyndunar með íhaldsflokknum. Umr. þessar strönduðu þegar á íhaldinu, því að það var ákveðið í því að halda í núverandi kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipun og léði ekki máls á að gera þar breytingar á, enda þótt ýmsir af áhrifamönnum þess hefðu áður haft orð á því. Og Framsókn gat ekki til þess hugsað að ganga til kosninga nú í haust. Þá var Alþfl. ekki önnur leið opin en sú að flytja frv. um breyt. á kosningalögunum, þar sem stjórnarskrárbreyt. í þessa átt var sýnilega algerlega óframkvæmanleg.

Frv. um þetta efni er á þskj. 121 og er flutt af öllum þm. flokksins í Nd. Meginefni þess er í sem stytztu máli það, sem ég nú skal greina. Stjórnmálaflokkunum er heimilað að gera með sér kosningabandalag. Sé það gert, skal leggja saman atkvæðatölu þeirra flokka, sem bandalagið mynda, ef enginn frambjóðandi þeirra nær kosningu í kjördæminu án þess. Verði þessi atkvæðatala hærri en nokkurs annars frambjóðanda í kjördæminu, reiknast öll atkvæðatalan þeim frambjóðanda bandalagsins, sem hæsta atkvæðatölu hlaut, og nær hann þá kosningu. Kjósandi segir til með merki á atkvæðaseðli, ef hann vill ekki fallast á bandalagið og styðja það, og telst þá atkv. hans að sjálfsögðu ekki með. Að sjálfsögðu er það skilyrði þess, að slíkt kosningabandalag verði myndað, að þeir flokkar, sem að því standa, komi sér saman um málefnasamning og stjórnarmyndun, áður en kosningar fara fram. Ella er enginn grundvöllur fyrir slíku bandalagi.

Ef frv. þetta nær fram að ganga, er stórt spor stigið í þá átt að skapa ákveðnar, hreinar línur í íslenzkum stjórnmálum. Á þann hátt yrði stefnt að því, að tveir flokkar eða bandalög kepptu um meiri hl. á þingi, án þess að leggja höft á starfsemi flokkanna. Á þann hátt yrði aðstaða bandalagsins til áhrifa á Alþ. jöfn og jafnstórs flokks. Með því er kjósendum sýnd full hreinskilni. Þá yrði Framsfl. að segja til um það, hvort hann vill halda áfram sambúðinni við heildsalaflokkinn, sem hann nefnir svo, eða breyta stefnu sinni í þá átt, að hann styðji kjarabaráttu verkalýðsins og viðurkenni sameiginleg hagsmunamál bænda og launþega í landinu. Og þá yrðu þeir tiltölulega mörgu kjósendur, sem ekki eru kommúnistar, en hafa þó kosið kommúnista eða Þjóðvörn til þessa, að gera það upp við sig, hvort þeir vilja vinna gegn íhaldinu eða styðja það með því að fleygja atkv. sínum til ónýtis á annan hvorn þessara flokka. Þá mundu kjósendur vita, áður en þeir greiða atkv., hvaða mál þeir eiga að styðja og hvers konar ríkisstj. tekur við, ef bandalagið vinnur sigur í kosningunum. Þá mundu kjósendur ekki lengur þurfa að kaupa köttinn í sekknum, eins og þeir hafa orðið að gera við tvennar síðustu kosningar, með þeim ömurlegu afleiðingum, sem sárbeitt reynsla síðustu ára hefur leitt í ljós og fært sönnur á.

Hv. 7. landsk. þm., Eggert Þorsteinsson, mun gera grein fyrir nokkrum öðrum frv. og till., sem Alþfl. hefur flutt á þessu þingi.

Ég get dregið saman niðurstöðuna af viðleitni stj. síðan 1950 í mjög fáum orðum. Ríkisstj. sagði, þegar hún tók við völdum, að um tvennt væri að velja, gengislækkun eða greiðslur vegna dýrtíðar. Hver hefur reynslan orðið? Við höfum fengið gengislækkun, og við höfum líka fengið sívaxandi greiðslur vegna dýrtíðar. Stjórnin sagði, að það væri um að ræða gengislækkun eða tvöfalt gengi. Hver hefur reynslan orðið? Hún hefur orðið sú, að við höfum fengið bæði gengislækkun og tvöfalt gengi, bæði gengislækkun og bátagjaldeyri með öllu því, sem honum fylgir. Og ríkisstj. sagði þá, að þjóðin ætti um að velja vaxandi skattabyrði eða gengislækkun. Hver hefur reynslan orðið? Hún hefur fengið hvort tveggja. Hún hefur fengið gengislækkun og sívaxandi skattabyrði. Niðurstaðan af björgunarstarfsemi ríkisstj. hefur því orðið ekki gengislækkun og batnandi hagur, heldur gengislækkun, bátagjaldeyrir, sívaxandi skattar og sívaxandi atvinnuleysi, svo framarlega sem flugvallarvinnan ekki bjargaði.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þeir ræðumenn, sem hér hafa talað af hálfu stjórnarflokkanna og kommúnista, hafa lagt á það sérstaka áherzlu, að Alþfl. væri í senn óábyrgur stjórnarandstöðuflokkur vegna yfirboða við kommúnista, og svo hafa kommúnistar sjálfir reynt að telja landsmönnum trú um þjónkun okkar Alþfl.-manna við stefnu núverandi

ríkisstj. Af þessari viðleitni öfgaflokkanna til hægri og vinstri má hlustendum þessara umr. vera ljóst, að Alþfl. hefur það sem af er þessu þingi, eins og hingað til, verið í andstöðu við þessar öfgar og barizt fyrir rétti fólksins um bætt lífskjör og réttlátari skiptingu þjóðarteknanna.

Þessi stefna Alþfl. hefur ljóslega birzt í frv. og till. flokksins hér á Alþ. Höfuðmál flokksins hafa að venju verið forsvar fyrir alþýðusamtökin og barátta fyrir rétti þeirra. Alþfl. hefur í framhaldi þessarar stefnu sinnar flutt frv. um breyt. á l. nr. 53 frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum. Þing eftir þing hafa Alþfl.-menn barizt fyrir þessari sanngjörnu og réttlátu kröfu sjómanna. Þegar vökulögin eldri voru til umr. og afgreiðslu á hv. Alþ. fyrst, um og eftir 1920, og svo aftur 1928, töldu forsvarsmenn atvinnurekenda, að með þessu væri verið að leggja þennan atvinnuveg í rústir. Nú er reynsla fengin á þessu máli, og sannazt hefur spá þm. Alþfl. um, að réttlátur hvíldartími sjómanna sé fyrst og fremst hagur útgerðarinnar. Af þessum ástæðum eru forsvarsmenn atvinnurekenda nú hljóðir og kjósa þann kost helztan að þegja um málið. Alþfl. barðist og mun berjast til sigurs í þessu máli.

*Orlofslögin, sem nú eru í gildi um 4% orlof, eru* á komin fyrir baráttu Alþfl., og sú breyt., sem gerð var á orlofsréttinum með samningum verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda í des. 1952 um 5% orlof undir forustu og fyrir áeggjan Alþýðusambandsins, er einnig fyrir forgöngu Alþfl.-manna. Í beinu framhaldi af þessari fyrri baráttu hefur Alþfl. nú flutt frv. til l. um 6% orlof, eða 18 daga í stað 12 áður.

Þá hefur Alþfl. einnig flutt frv. til l. um breyt. á l. um félagsheimili, þar sem gert er ráð fyrir, að verkalýðsfélögin njóti sama réttar og önnur virðingarverð menningarfélög um opinberan styrk til byggingar félagsheimila.

Frv. Alþfl. um sömu laun karla og kvenna hefur einnig að vonum vakið mikla athygli fólks og þá sérstaklega í röðum íslenzkra verkakvenna og skrifstofufólks, en hér er um eitt af frumverkefnum íslenzkra verkalýðssamtaka að ræða. Krafa kvenþjóðarinnar um jafnrétti, sömu laun fyrir sömu vinnu, er ein af mannréttindakröfum, sem frelsishreyfingar Norðurálfu hafa barizt fyrir frá því um miðja 19. öld til dagsins í dag. Þetta frv. er fram borið í trausti þess, að löggjafinn komi til móts við réttan málstað og sýni enn á ný framsýni Íslendinga og íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Hér hefur lauslega verið minnzt á þau helztu mál, er Alþfl. hefur flutt og þá sérstaklega snúa að félagsmálum, félagslegum baráttumálum verkalýðsfélaganna, en á þeim má vera ljóst, hve mikill sannleikur er í þeim málflutningi kommúnista og þá sérstaklega hv. 4. landsk. þm., Gunnars Jóhannssonar, hér í gærkvöld varðandi Alþfl. og verkalýðssamtökin. Þessi hv. þm. virðist hafa gleymt því, að sá flokkur, sem ber ábyrgðina á því, að verkalýðsfélögin fá ekki meiru áorkað en raun ber vitni, er einmitt kommúnistaflokkurinn, sá, sem hann telst hér fulltrúi fyrir. Íslenzk alþýða veit betur. Hún veit, hver klauf alþýðusamtökin 1938 og 1942. Þær blóðtökur, sem þá fóru fram í alþýðusamtökunum fyrir atbeina kommúnista, eru nú að koma yfir þá sjálfa. Þess vegna hrópa þeir nú í angist sinni um samvinnu við Alþfl., á sama tíma og þeir eru að telja þjóðinni trú um, að hann sé verkafólki fjandsamlegur. Meðlimir verkalýðssamtakanna hafa séð í gegnum svikavef kommúnista. Þess vegna hafa þeir misst tiltrú til forustu í Alþýðusambandinu og fjölmörgum verkalýðsfélögum, er þeir réðu áður. Síðustu alþingiskosningar sýndu einnig, að almenningur utan sjálfra verkalýðsfélaganna er sömu skoðunar um, að forustumenn kommúnista séu óþurftarmenn í íslenzkum stjórnmálum. Enginn má sköpum renna og það verða þessir sundrungarmenn með sameiningarnafnið að sætta sig við.

Varðandi húsnæðismálin, eitt alvarlegasta vandamál þéttbýlisins og þá sérstaklega Reykjavíkur, hefur Alþfl. einnig flutt ýtarlegt frv. um fjáröflun til þeirra framkvæmda. Hinir gífurlegu fólksflutningar til Reykjavíkur og sjávarsíðunnar hér suðvestanlands á síðustu árum hafa orsakað gífurleg húsnæðisvandræði á þessum stöðum. Í þessu frv. er m. a. gert ráð fyrir að heimila ríkisstj. á árunum 1954—57 að taka lán allt að 50 millj. kr. árlega til kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga og einnig til þess að lána lánadeild smáíbúða og sveitarfélögum til íbúðarhúsabygginga. Frv. sem heild er 4 ára áætlun Alþfl. til lausnar þessu mesta vandamáli fátækasta og launalægsta fólksins í landinu.

Fyrsta mál Alþfl. á þessu þingi, sem útvarpshlustendum er þegar kunnugt um frá útvarpsumr. héðan frá Alþ. fyrir mánuði, var þáltill. Alþfl. um endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Þessi endurskoðunartill. hefur hlotið góðar undirtektir hér á Alþ., enda er hún byggð á staðreyndum vegna þeirra ýmsu annmarka, er fram hafa komið við samninginn og framkvæmd hans. Till. sjálf og allur málflutningur hennar vegna hefur borið glöggt vitni um, að Alþfl. hefur tekizt að koma hér á framfæri skoðunum meginþorra landsmanna um nauðsynlegar lagfæringar, án þess þó að þjóðinni stafi bráð hætta af sökum varnarleysis, ef til ófriðar kynni að draga. Till. er íslenzk og ekki flutt í þágu neins stórveldis eins og till. kommúnista og þjóðvarnarmanna.

Enn þá hef ég þó ekki minnzt á það málið, sem ávallt er það veigamesta í starfi stjórnmálaflokka þess fólks, sem afkomu sína byggir á erfiði handa sinna, eins og Alþýðuflokksins, en það eru atvinnumálin, atvinnuöryggið. Þessi dygga fylgivofa hins íslenzka íhalds, atvinnu- og öryggisleysið, hefur ekki setið aðgerðalaus við þær tvær umr., sem þegar hafa farið fram um fjárlög ársins 1954, og á sjálfsagt eftir að birtast í ríkari mæli meðal annars í afstöðu stjórnarflokkanna til þeirra 18 frv. og þáltill., er Alþfl. hefur þegar lagt fram og allar miða að raunhæfu afkomuöryggi almennings. Frv. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar og um olíueinkasölu ríkisins eru ljós vottur þessarar baráttu. En hver urðu svo viðbrögð hæstv. ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl.? Allar brtt. Alþfl. við fjárl. um

aukið framlag til atvinnuaukningar voru felldar við 2. umr.

Sjálfstfl. jók nokkuð þingmannatölu sína við síðustu alþingiskosningar í bæjum og kaupstöðum landsins á þeim áróðri fyrst og fremst, að hann og hans forusta hefði yfirráð og aðgang að þeim peningastofnunum landsins, er helzt mölduðu gull til atvinnuframkvæmda, kæmust þeirra frambjóðendur á þing, yrði næg atvinna. Hverjar eru efndir þessara loforða? Svörin eru þessi: Það er ef til vill hægt að koma ykkur fyrir suður á Keflavíkurflugvelli. — Þetta eru staðreyndirnar um ihaldsefndir. Hvað varðar Sjálfstfl. um það, þó að heil byggðarlög geti ekki hagnýtt sér einasta atvinnutæki sitt, t. d. togara, vegna þess að fé skortir til áframhaldsframkvæmda við fiskiðjuver? Efndirnar eru þær af þessum sökum, að togarinn er ef til vill gerður út í fjarlægum byggðarlögum og felldar till. um fjárframlög til þess að hagnýta afla hans og annarra báta heima fyrir.

Góðir Íslendingar. Þið hafið fyrir ykkur loforð Sjálfstfl. frá því í júní í sumar og hinar sáru staðreyndir um svikin loforð þegar á fyrsta þingi. Ákvarðanir erlendra hernaðaryfirvalda um atvinnuframkvæmdir eru einasta haldreipið um atvinnuöryggi ykkar. Yrðu þær 3—4 þús. manns, sem vinna á Keflavíkurflugvelli, að leita til annarra starfa, er öllum hugsandi mönnum ljóst, hvaða ástand hefði skapazt. Alþfl. mun berjast fyrir hinu raunhæfa afkomuöryggi almennings þrátt fyrir viðbrögð núverandi ríkisstj. og hennar sviknu kosningaloforð. Til þessarar baráttu treystir hann á fylgi ykkar, um leið og hann varar við sundrungariðju hinna fjarstýrðu fulltrúa innan þings og utan. Það er sú eining ein, er getur veitt okkur styrkinn til áframhaldandi baráttu.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þær fullyrðingar og öfgar, sem komu hér fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv. og hjá hv. þm. Eggert Þorsteinssyni um það, að Sjálfstfl. hafi raunverulega ekki unnið á við síðustu kosningar, eru ýkjur, sem tæplega tekur að svara. Sjálfstfl. vann 4 þingsæti. Sjálfstfl. bætti við sig mörgum atkv., þrátt fyrir það, þótt nýr flokkur væri stofnaður og fylgismenn þess nýja flokks væru flestir gamlir sjálfstæðismenn. Sjálfstfl. hélt velli og bætti við fylgi sitt, vegna þess að fólkið aðhyllist þær hugsjónir og baráttumál, sem Sjálfstfl. berst fyrir. Það treystir Sjálfstfl. Það treystir ekki Alþfl. Þess vegna er Alþfl. lítill flokkur og áhrifalaus í íslenzkum stjórnmálum.

Útvarpsumr. þær, sem hér fara fram að þessu sinni, hafa þegar sýnt og munu sýna enn betur, hversu aum stjórnarandstaðan er. Stjórnarandstæðingar tala um það í öðru orðinu, að vinna beri að sparnaði og að afgreiða beri fjárlög með gætni, en bera upp á sama tíma tugmilljónatill. til útgjalda, sem mundu, ef þær væru samþ., koma fjárhagskerfi landsins í fullkomið öngþveiti. Útgjaldaaukningunni telja þessir vísu menn að megi mæta með því að hækka tekjuáætlun fjárl. sem þessu nemur og ná þannig greiðslujöfnuði á pappírnum. Ef stefna stjórnarandstæðinga fengi að ráða í fjármálum og atvinnumálum, mundi ríkja hér glundroði og upplausn, ríkið kæmist í greiðsluþrot, atvinnulífið lamaðist og atvinnutækin mundu stöðvast. Það er stefna ríkisstj. og stjórnarflokkanna að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., ekki aðeins á pappírnum, heldur einnig í framkvæmd.

Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um málefnasamning og stefnu í fjármálum, atvinnumálum og framkvæmdum, sem miðar að því að bæta lífskjör alls almennings í landinu. Hver ríkisstjórn, sem vill heill lands og þjóðar, hlýtur að gera sér grein fyrir því veigamikla hlutverki, sem í því felst að tryggja pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Efnahagslegt sjálfstæði byggist á því, að þjóðin eignist og afli sér atvinnutækja, sem framleiði nægileg verðmæti fyrir þörfum þjóðarinnar til neyzlu og uppbyggingar atvinnulífinu og öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Til þess að það megi ske hjá okkar fámennu þjóð, verður að nýta vinnuaflið sem bezt og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Pólitískt sjálfstæði byggist á lýðræði og mannréttindum, ritfrelsi og skoðanafrelsi og viðurkenndum rétti til handa smáþjóðum til þess að ráða málum sínum án íhlutunar annarra.

Á komandi ári eru 10 ár liðin síðan þjóðin fékk fullt frelsi viðurkennt og lýðveldið var stofnað. Sjálfstæði þjóðarinnar er sá hornsteinn, sem byggja skal á í nútíð og framtíð. Miða þarf öll störf í fjármálum og atvinnumálum, utanríkismálum og öðrum athöfnum við það, að sjálfstæði landsins verði tryggt.

Það er viðurkennt, að horfur í heimsmálum séu ótryggar. Stórveldin hervæðast, og kalda stríðið veldur mörgum áhyggjum. Nútímatækni gerir heiminn lítinn. Hinar miklu vegalengdir og fjarlægðir, sem áður veittu vernd og héldu okkar landi utan við átök í styrjöldum, eru horfnar og við erum í hringiðunni og getum ekki lengur verið hlutlaus áhorfandi. Það er aðeins eitt, sem megnar að vernda smáþjóðirnar á þessum tímum, en það eru samtök hinna frelsisunnandi þjóða, þjóða, sem virða mannréttindi og rétt smáþjóðanna til þess að lifa sjálfstæðar. Án þessara samtaka ættu smáþjóðirnar á hættu að verða þurrkaðar út og að verða marðar undir járnhæl einræðis og kúgunar, eins og mörg dæmi sýna um smáríki, sem vegna legu sinnar hafa ekki átt þess kost að njóta verndar vestrænna samtaka og menningar. Nú um skeið hefur dvalið í landinu varnarlið frá vinarþjóð. Lið þetta er hér samkvæmt samningi, sem er uppsegjanlegur af báðum aðilum. Dvöl liðsins í landinu er illa séð af ýmsum, enda er óspart reynt að gera setu þess tortryggilega af kommúnistum og hjálparmönnum þeirra, Þjóðvfl. Sjálfsagt er að gera sér grein fyrir því, að fámennri þjóð getur stafað hætta af dvöl fjölmenns liðs í landinu til langframa. Verður því að haga málum þannig, að ekki komi til árekstra eða vandræða. Reynslan kennir okkur margt í þessu efni, og ættu Íslendingar nú að kunna nokkur skil á þessum málum og hvernig þeim ber að haga í samskiptum við varnarliðið. Með tilliti til reynsluleysis okkar í þessum málum má teljast undrunarefni, hversu giftusamlega hefur tekizt, hversu fáir árekstrar og lítil vand-

ræði hafa skapazt í samskiptum landsmanna við varnarliðið.

Það er skylt og rétt að viðurkenna og þakka fyrrv. utanrrh., Bjarna Benediktssyni, fyrir hans ómetanlegu störf sem utanrrh., þegar þjóðin, reynslulítil í þessum málum, tók við varnarliðinu. Það var gæfa Íslands að hafa þá í sæti utanrrh. mann, sem hafði víðsýni, þekkingu og lagni til þess að koma í veg fyrir margs konar vandræði. Það er ósk allra þjóðhollra Íslendinga, að hinn nýi utanrrh. megi verða gifturíkur í starfi og halda á málum með líkri festu og víðsýni og Bjarni Benediktsson, að hann megi notfæra sér þá reynslu, sem þegar er fengin í þessum málum.

Í málefnasamningi þeim, sem gerður var við myndun núverandi ríkisstj., er svo kveðið á, að efla beri atvinnulífið, koma mörgum framfaramálum í höfn og auka athafnafrelsi manna. Eitt atriðið í málefnasamningnum er það, að fjárhagsráð skuli lagt niður. Því atriði er fullnægt með frv. ríkisstjórnarinnar um innflutnings- og gjaldeyrismál, fjárfestingarmál o. fl. Frv. þetta varð að lögum í dag. Samkvæmt þessum lögum hættir fjárhagsráð störfum frá n. k. áramótum, og bresta þar með ýmsir hlekkir, sem haldið hafa föstum mörgum nauðsynlegum framkvæmdum í landinu. Með þessum lögum er frelsi til athafna aukið, meðferð gjaldeyris- og innflutningsmála gerð einfaldari og réttlátari í framkvæmd en áður var. Sú fjárfesting, sem að almenningi snýr, er gefin frjáls. Byggja má íbúðir, útihús í sveitum, verbúðir o. fl. án leyfis. Aðrar framkvæmdir, viðgerðir og nýbyggingar, sem kosta ekki yfir 40 þús. kr., eru einnig frjálsar. Með þessu verður dregið mjög úr skriffinnskunni, og skömmtun á byggingarefni er aflétt. Mun af þessu verða allmikill sparnaður í skrifstofuhaldi, húsnæði og fólkshaldi.

Flestir munu fagna því stóra spori, sem stigið er í frelsisátt með þessum lögum, einnig stjórnarandstaðan, þótt hún vilji ekki við það kannast og reyni hér í útvarpinu að telja áheyrendum trú um, að þetta sé lítið mál, sem ekki auki frelsi almennings. Stjórnarandstaðan finnur liðsauka í þessari túlkun málsins í gærkvöld. Skúli Guðmundsson, hv. þm. V-Húnv., taldi, að breyta hefði mátt um alla framkvæmd frá því, sem gilt hefur um fjárhagsráð, með reglugerð. Skúla Guðmundssyni fyrirgefst þetta, vegna þess að hann hefur ávallt haft sérstakt dálæti á fjárhagsráði og gerðum þess, en það veit hann fyrir víst, að fjárhagsráð hefði ekki verið lagt niður með reglugerð og ekki væri eðlilegt, að ríkisstj. stjórnaði með reglugerðarákvæðum þessum málum fremur en öðrum fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í lögum hverju sinni.

Stjórnarandstæðingar hafa gert sig hlægilega í umr. um þetta mál með því að lýsa hryggð sinni yfir því, að ýmis atriði fjárhagsráðslaganna skuli ekki gilda lengur. Bent hefur verið á það, að hin nýju lög tryggi ekki fullt verzlunarfrelsi. Sú athugasemd er rétt, að þessi lög gera það ekki. Það geta engin lög gert, hvernig sem þau væru samin. Verzlunarfrelsi byggist á því, að atvinnulífið og efnahagsástandið sé í lagi, að nægilegur gjaldeyrir sé ávallt fyrir hendi. Eins og kunnugt er, hefur ekki enn tekizt að safna gjaldeyrisvarasjóði, svo sem nauðsyn ber til að stefna að. Það er stefna ríkisstj. að gera verzlunina eins frjálsa og unnt er, miðað við gjaldeyrisöflunina á hverjum tíma, og tryggja þannig almenningi í landinu hagstætt vöruverð og betri lífskjör. Rétt er að geta þess, að sjálfsagt er að banna innflutning á þeim vörum, sem þjóðin framleiðir sjálf, og takmarka innflutning á ónauðsynlegum varningi.

Hannibal Valdimarsson, hv. 3. landsk., talaði hér í gærkvöld um innfluttan ost. Hér er um að ræða 238 kg af enskum osti, sem fluttur hefur verið inn í leyfisleysi og af óskiljanlegum ástæðum hefur komizt í gegnum tollafgreiðsluna. Veit ég, að hæstv. fjmrh., sem er yfirmaður tollsins, hefur hug á að koma í veg fyrir, að slík mistök endurtaki sig.

Hannibal Valdimarsson minntist einnig á innflutning fiskibáta, sem ríkisstj. veitti leyfi fyrir á s. l. hausti. Var það glæpur í augum þessa hv. þm. eins og fleiri þröngsýnna manna, sem ekki vilja skilja, að það er nauðsynlegt að bæta strax fyrir næstu vertíð upp þá miklu rýrnun, sem þegar hefur orðið á fiskibátaflotanum. Ríkisstj. gerir sér grein fyrir því, að atvinnutæki mega ekki ganga saman, heldur miklu fremur aukast í samræmi við fólksfjölgun í landinu og auknar þarfir. Ríkisstj. gerir sér einnig grein fyrir því, að stefna beri að því, að fiskibátar verði smíðaðir innanlands. Er það mál nú í athugun hjá ríkisstj., hvernig þeim málum verði bezt fyrir komið, þannig að við getum hér eftir annazt allar smíðar á bátum í landinu sjálfir. Ríkisstj. mun sinna þessum þætti iðnaðarins ekki síður en öðrum greinum hans, enda fram tekið í stjórnarsamningnum, að efla skuli iðnaðinn með því m. a. að bæta úr þeim lánsfjárskorti, sem iðnaðurinn hefur búið við og haldið hefur niðri æskilegri þróun.

Hannibal Valdimarsson talaði mikið um óhagstæðan verzlunarjöfnuð, 313 millj. kr. Vöruskiptajöfnuðurinn er óhagstæðari en æskilegt væri, en þær tölur, sem hér eru nefndar, þarfnast skýringa. Vélar og efni til áburðarverksmiðjunnar, Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar nema á þessu ári 125 millj. kr. Vöruskiptajöfnuðurinn í nóvember hefði verið hagstæður, ef ekki hefði verið reiknað með vélum til Sogsvirkjunarinnar, að upphæð 32 millj. kr., en vélar þessar komu til landsins 1951 og 1952, þótt þær hafi ekki komizt á innflutningsskýrslur fyrr en nú. Þegar talað er um innflutningsmagnið, er ávallt átt við cif-verð varanna. Gefur það ekki rétta mynd af gjaldeyriseyðslunni. Fragtir eru greiddar að miklu leyti í ísl. krónum, og má því draga frá cif-verði varanna 10—12%, ef finna skal gjaldeyrisupphæðina, sem í vörunum liggur. Þegar þess er gætt, að 125 millj. kr. eru á þessu ári fyrir vélum og efni til virkjana og áburðarverksmiðjunnar, en þessi fyrirtæki eru, eins og kunnugt er, byggð fyrir erlent lánsfé og Marshallframlag, þá verður ljóst, að með því að draga frá þá upphæð að viðbættum frögtum, sem greiddar eru í ísl. krónum, að halli á vöruskiptajöfnuðinum verður ekki 313 millj. kr., heldur innan við 100 millj. kr. Þetta bil mætti takast að brúa með aukningu framleiðslunnar, og er því

ekki vonlaust, að vöruskiptajöfnuðurinn gæti orðið hagstæður, áður en langur tími líður.

Stjórnarandstæðingar, og Alþfl. mest, hafa talað mikið um verzlunarokur og harmað það, að hámarksálagning skuli ekki vera á öllum vörum. Það var áður og tryggði almenningi ekki góð viðskipti. Þess í stað þreifst svarti markaðurinn vel. Nú er vöruframboð í stað vöruskorts, og hefur það lækkað álagninguna meira en nokkurt valdboð stjórnarvalda gæti gert.

Í Noregi er jafnaðarmannastjórn ráðandi. Alþýðuflokkurinn norski nýtur trausts þar í landi og er því stærsti flokkur landsins. Þann 25. nóv. s. l. birtist grein í Norges Handels- og Sjöfartstidende, sem segir frá því, að ríkisstj. Noregs, jafnaðarmannastjórnin, hafi ákveðið að afnema hámarksálagningu á flestum vörum. Skyldu jafnaðarmenn í Noregi hafa sérstakan áhuga fyrir að fita kaupmennina? Nei, tæplega trúi ég því. Þeir ákveða þetta af því, að þeir eru raunhæfir og skilja það, að þegar vöruframboðið er nóg, lækkar álagningin af sjálfu sér. Þótt gjaldeyrisástandið batni og gjaldeyrisvarasjóður verði fyrir hendi, verður eigi að síður að hafa ýmiss konar afskipti af innflutningnum og beina viðskiptunum í mörgum tilfellum til þeirra landa, sem kaupa framleiðsluvörur þjóðarinnar. Í framkvæmd verður þetta þannig, að magnið miðast við eftirspurnina, en bankarnir og innflutningsstofnun ákveða, hvaðan varan er keypt. Þannig hlýtur þetta að vera, meðan viðskipti okkar eru bundin við clearing-lönd í jafnríkum mæli og nú gerist. Þótt gjaldeyrisástandið sé ekki eins og bezt verður á kosið, er það þó betra nú en fyrir ári. Nú eru ⅔ af innflutningnum á frílista, og er það mikill munur frá því, sem áður var, þegar allt var bundið við leyfi og flestar vörur voru skammtaðar.

Hagur þjóðarinnar byggist á því, að takast megi að auka framleiðsluna og afla á þann hátt meiri gjaldeyris og tryggja nægilega atvinnu fyrir alla landsmenn. Framleiðslan hefur að þessu sinni selzt sæmilega, og má fullyrða, að finna mætti markaði fyrir miklu meira vörumagn heldur en þjóðin hefur að bjóða að þessu sinni. Samningarnir við Sovétríkin hafa auðvitað greitt mjög fyrir sölunni. Er ánægjulegt, að viðskipti hafa tekizt á ný við þetta fjölmenna ríki. Er vonandi, að framhald megi verða á þeim viðskiptum báðum þjóðunum til gagns. Þótt skoðanamunur sé á stjórnskipulagi milli þjóða, á það ekki að koma í veg fyrir viðskipti eða vinsamleg samskipti ríkja á milli.

Brynjólfur Bjarnason taldi, að samningurinn við Rússland væri í nokkurri hættu vegna þess, að íslenzkir innflytjendur væru tregir til að kaupa rússneskar vörur. Þetta er misskilningur og tilefnislaus ásökun. Innflytjendur hafa sýnt fullan skilning á nauðsyn þessara viðskipta, og er unnið að því að auka vörukaup frá Rússlandi til tryggingar áframhaldandi viðskiptum. Ríkisstj. hefur þegar og mun gera það sem í hennar valdi stendur til þess, að þessi viðskipti geti haldið áfram.

Í sambandi við olíuverðið og það, sem Brynjólfur Bjarnason sagði um það, er rétt að upplýsa, að olíuverðið hefur verið lækkað og álagning á olíu og benzíni hefur ekki verið hækkuð. Verð á olíu í Reykjavík í júní 1952 var 79 aurar pr. kíló, í des. sama ár 75 aurar, í maí 1953 71 eyrir, í ágúst 1953 74 aurar. Verð á benzíni í júní 1952 kr. 1.74, í desember 1952 kr. 1.70, í maí 1953 kr. 1.65, í ágúst 1953 kr. 1.69, í október 1953 kr. 1.72. Hækkun í ágúst s. l. stafar af verðjöfnun, sem gerð var um land allt, og þá hækkaði bæði olía og benzín hér við Faxaflóa. Lækkun fragtanna hefur komið fram í verðinu hér.

Sú staðreynd, að markaðir eru fyrir hendi fyrir íslenzkar framleiðsluvörur, ætti að ýta undir aukningu framleiðslunnar og framkalla nýja krafta og aukna orku, sem áður hefur verið bundin, m. a. vegna hafta og vantrúar á möguleikum til framkvæmda og athafna. Aukið athafnafrelsi og vaxandi skilningur á gildi framleiðslunnar ætti að verða mönnum hvatning til þess að leggja fram fjármuni og orku til framleiðsluþarfa og uppbyggingar fjölbreyttara atvinnulífi í landinu.

Í málefnasamningi ríkisstj. er ákveðið að taka raforkumálin föstum tökum. Verja skal til raforkumála, annarra en stórvirkjana, árlega minnst 25 millj. kr. í næstu tíu ár og margfalda þannig þá fjárhæð, sem áður hefur verið varið til þessara mála í fjárl. Á landsfundi Sjálfstfl. s. l. vor var gerð ályktun í raforkumálunum. Er þar mörkuð skýrt sú stefna, sem flokkurinn telur nauðsynlegt að fara eftir í þessum málum. Í landsfundarályktun Sjálfstfl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að flýta fyrir framkvæmd raforkumálanna telur fundurinn nauðsynlegt:

1) Að framlag til raforkusjóðs verði stóraukið frá því, sem nú er. En hlutverk raforkusjóðs er m. a. að lána með góðum kjörum til einkarafstöðva (dieselstöðva og vatnsaflsstöðva) á þeim býlum, sem vegna legu sinnar ekki geta fengið raforku frá stærri virkjunum.

2) Að framlag á fjárlögum til nýrra raforkuframkvæmda verði margfaldað, enda flestum orðið ljóst, að þessi liður fjárl. er mun lægri, miðað við kaupmátt krónunnar, heldur en var fyrst eftir að raforkulögin komu til framkvæmda.

3) Fundurinn telur, að afla megi fjár til að hraða framkvæmdum með lántökum innanlands eða utan, og telur miður farið, að ekki skyldi verða samþ. frv. það um lántöku handa rafmagnsveitum ríkisins, er borið var fram af sjálfstæðismönnum á nýafstöðnu Alþingi. Fundurinn telur lántökur óhjákvæmilegar í þessu skyni vegna þess, hversu nauðsynlegt er að hraða framkvæmdum, en greiðslugeta ríkissjóðs takmörkuð."

Þegar viðræður hófust s. l. sumar um myndun núverandi ríkisstj., lagði formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors forsrh., fram tillögur um það, að árlegt framlag til raforkumála yrði hækkað um 20 millj. kr., úr 4—5 millj., sem verið hefur í fjárl. Till. þessi er í samræmi við áskorun landsfundar Sjálfstfl. s. l. vor. Er óþarft og ekki hreinn leikur, þegar framsóknarmenn láta í það skína, að sjálfstæðismenn hafi verið tregir til samninga um raforkumálin og önnur hagsmunamál almennings, sem samið var um við stjórnarmyndunina.

Gera má ráð fyrir, að á næsta ári verði hafizt handa með virkjun á Vestfjörðum og Austurlandi.

Þá verður hafizt handa um að leggja rafmagnslínur um þær byggðir landsins, sem liggja bezt við og hafa stytzta vegalengd milli bæja. Hefur raforkumálastjóri samið áætlun um framkvæmdir, sem ætla má að taki fimm ár að framkvæma. Raforkuráð hefur samþykkt þessa áætlun og þær framkvæmdir, sem þar eru nefndar. Verða tillögurnar sendar til raforkumálaráðh. Hin óhagstæðari veitusvæði verða tekin, þegar framkvæmd þeirrar áætlunar, sem ég nefndi, er lokið. Raforkumálaskrifstofan mun gera heildaráætlun á þessum vetri um raforkuframkvæmdir í landinu og einnig taka til athugunar, hvernig unnt verði að raflýsa þau býli, sem vegna strjálbýlis fá ekki raforku frá samveitum. Með því að koma rafmagninu út um sveitir og kauptún er verið að tryggja jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að fólkið flytjist á einn stað. Rafmagnið gerir margt í senn: að létta störfin, að færa yl og birtu inn á heimilin í stað myrkurs og kulda, og á mikinn þátt í að afstýra þjóðarvoða með því að koma í veg fyrir flótta og fólksflutninga úr hinum ýmsu byggðum landsins.

Það er talið, að hér séu ekki verðmæti í jörðu. Þjóðin á því ekki námur, og engir skógar eru hér heldur. Það mætti því ætla, að hér væru ekki góð lífsskilyrði og framtíðarhorfur því slæmar fyrir þessa fámennu þjóð. En eigi að síður er Ísland auðugt land. Afl íslenzkra fossa er ef til vill meira virði en allir skógar Noregs. Það er nauðsynlegt að beizla meira af þessu mikla afli, sem alltaf er ónotað. Það verður að vinna að því, að hæfilega mikið af þeim forða, sem þjóðin á af vatnsafli, verði notað til þess að tryggja nægilega gjaldeyrisöflun, bætt lífskjör og atvinnu fyrir alla landsmenn. Með iðnaði, sem byggist á stórvirkjun, skapast sú fjölbreytni í atvinnulífinu, að tryggt ætti að vera, að þjóðin væri fjárhagslega sjálfstæð og velmegandi. Byrjunarspor hafa verið stigin í stóriðju með byggingu áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Mun áburðarverksmiðjan byrja framleiðslu áburðar í byrjun næsta árs. Allir munu fagna því, ekki aðeins bændur og þeir, sem vinna að landbúnaði, heldur einnig iðnaðarmenn, sem sjá marga möguleika í sambandi við rekstur verksmiðjunnar. Áburðarverksmiðjan er framfaraspor, sem vonandi verður til hagsældar fyrir þjóðarheildina.

Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að sementsverksmiðjan komist upp sem fyrst. Verður væntanlega unnið að byggingu hennar á næsta ári. Er það einnig mikilvægt framfaramál. Bæði þessi fyrirtæki munu verða máttarstoðir undir rekstri þjóðarbúsins með því að framleiða vörur, sem áður hafa verið keyptar frá útlöndum, og veita mörgu fólki atvinnu. Verkefni næstu ára verður að finna leiðir til þess að taka í notkun hæfilega mikið vatnsafl miðað við þarfir þjóðarinnar. Er ekki ólíklegt, að þau byrjunarspor, sem nú eru tekin í stóriðju hér á landi, geti vísað veginn í þessu efni.

Ísland á einnig fleiri verðmæti en vatnsaflið. Fiskimiðin kringum landið hafa verið það forðabúr, sem þjóðin hefur notfært sér. Með vikkun landhelginnar má vænta þess, að komið sé í veg fyrir, að miðin verði eyðilögð, og að þau megi áfram veita þjóðinni nauðsynlega björg. Gróðurmoldin íslenzka og öll þau ræktanlegu landflæmi, sem hér eru, gefur ekki síður vissu fyrir miklum möguleikum. Hér má rækta nytjaskóga, sem að vísu koma ekki til nota í tíð okkar, sem nú erum í starfi, en þessi möguleiki varpar óneitanlega birtu yfir ókomna tíma. Ég hef heyrt raddir, sem harma það, hversu mikið land er hér óræktað. En sé athugað, að íslenzkir bændur hafa ekki legið á liði sínu og að ræktað land er orðið mjög mikið hér, miðað við þann stutta tíma, sem liðinn er síðan ræktun landsins hófst, þá vil ég segja, að það er gleðiefni að vita, hversu miklir möguleikar eru hér á sviði landbúnaðar. Þetta óræktaða land er varasjóður, sem þjóðin mun taka til nota, eftir því sem þörf krefur. Er það mikill munur, sé miðað við þær þjóðir, sem hafa ræktað hvern blett og verða að flytja fólk úr landi árlega, vegna þess að landið getur ekki tekið við fólksfjölguninni. En þannig er þetta í ýmsum þéttsetnum löndum, sem hafa nýtt alla möguleika, sem fyrir hendi eru. Það er eðlilegt, að fjármagni sé beint til uppbyggingar sveitanna og framfara þar. Þess mun öll þjóðin njóta í framtíðinni.

Ég hef drepið hér á nokkur atriði, sem sýna hina geysimiklu möguleika, sem þjóðin hefur til þess að búa sér góða framtíð. Það er því ekki ástæða til svartsýni, enda þótt nauðsynlegt sé að hafa raunsæi og úrræði ásamt fullkominni gætni í meðferð fjármála og atvinnumála í landinu. Stjórnarfarið þarf að hvíla á föstum grunni og byggjast á lýðræði og frjálsum kosningarrétti, réttlæti og virðingu fyrir lögum og stjórnarskránni. Kjördæmaskipuninni má aldrei breyta nema með stjórnarskrárbreytingu, eftir að væntanleg breyting hefur verið borin undir kjósendur.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, gerði hér að umtalsefni áðan frv. það, sem alþýðuflokksmenn hafa flutt hér í hv. Nd. Er ekki úr vegi, að ég geri það einnig nokkuð að umtalsefni. Gegnir það furðu, að nokkrir alþýðuflokksmenn hafa borið hér fram þetta frv. um kosningabandalög, sem gæti, ef það yrði að lögum, raskað styrkleikahlutföllum flokka á Alþ. meira en nokkur kjördæmabreyting. Kosningabandalög hugsa flm. sér að fá lögfest án þess að bera málið undir kjósendur, án stjórnarskrárbreytingar. Mál þetta er svo furðulegt, að það er ástæða til þess að fara um það nokkrum orðum.

Gert er ráð fyrir, að tveir eða fleiri flokkar geti gert með sér kosningabandalag, þannig að þeir bjóði hver um sig fram í kjördæmum, en nái enginn frambjóðandi bandalagsflokkanna kosningu í kjördæminu, þá skal leggja saman atkvæðatölu þeirra frambjóðenda, sem féllu frá bandalagsflokkunum, og séu þær samanlagt hærri en atkvæðamagn þess frambjóðanda, sem fékk flest atkv. og var kosinn, skal fallni frambjóðandinn rísa upp frá dauðum, fallni frambjóðandi bandalagsflokkanna, sem fékk flest atkvæði, verða þingmaður kjördæmisins, en sá, sem fékk flest atkvæðin, á að sitja heima. Þess skal getið, að Hannibal Valdimarsson og Gylfi Þ. Gíslason gerðust talsmenn frv. Hafa ýmsir virt þeim það til vorkunnar, eins og aðstaða þeirra er í íslenzkum stjórnmálum. En tæplega verða þeir taldir íþróttamenn eða meistarar í kúluvarpi, þó að þeir

Hannibal og Gylfi gætu kastað kúlunni 8 metra hvor og þannig samanlagt kastað lengra en Huseby. En það er sams konar regla, sem þetta frv. boðar í kosningum á Íslandi til Alþingis. Hvort frv. hefur nokkurt fylgi, er ekki enn vitað. Heyrzt hefur, að sumir framsóknarmenn hafi samúð með því. Verður því ekki trúað fyrr en á reynir. Frv. þetta gæti, ef að lögum yrði, tekið valdið af sveitunum, það vald, sem ekki mun aftur nást með kjördæmabreytingu og stjórnarskrárbreytingu.

Það kom fram í umræðunum hér í gærkvöld og eins hér í kvöld hjá hv. 4. þm. Reykv., að ýmsum alþýðuflokksmönnum finnst hlutur sveitanna of góður. Skyldu flm. hafa með þessu frv. komið auga á leið til þess að rýra vald sveitanna með því að breyta lögum um kosningar til Alþingis á þann hátt að sniðganga stjórnarskrána? Alþ. gegnir mikilvægu hlutverki. Það þarf að njóta trausts hjá þjóðinni. Ákvarðanir Alþ. eru bindandi og snerta hvern einstakling í landinu.

Veigamesta mál hvers þings er fjárlögin og afgreiðsla þeirra. Afgreiðslu fjárlaga fyrir 1954 er nú að verða lokið. Verður að viðurkenna, að fjárl. eru mjög há. Eru þau nokkru hærri en fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Verklegar framkvæmdir hafa hækkað nokkuð, og er þar helzt að geta hækkunar framlags til raforkumála. Ríkisstj. hefur þá stefnu að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., og eru líkur til þess, að það takist. Fjárl. með greiðsluhalla mundu innleiða hættu í fjármála- og atvinnulífinu og setja það fjárhagskerfi, sem við búum við, úr skorðum. Ég tel ómaklegar ásakanir stjórnarandstæðinga í garð hæstv. fjmrh. fyrir tekjuáætlun fjárl. nú. Það væri mjög óvarlegt að áætla tekjurnar hærri en nú er gert. Það gæti leitt til þess, að greiðsluhalli yrði á fjárl. í framkvæmd. Það er nauðsynlegt að finna leiðir til lækkunar á rekstrarkostnaði ríkissjóðs og ríkisstofnananna. Gjaldþoli landsmanna má ekki íþyngja um of, og hafa stjórnarflokkarnir skilið það með því að lækka skatta, eins og hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa greint frá. Ríkissjóður þarf vitanlega miklar tekjur, ekki sízt fyrir það, að allir gera kröfur um framkvæmdir. Þarfirnar eru miklar fyrir framkvæmdir í landi, sem vantaði allt fyrir fáum áratugum. Núverandi ríkisstjórn vinnur að því að koma áleiðis stórfelldum framkvæmdum og mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að það megi gerast fljótt. Við sjálfstæðismenn vitum, að um leið og losað er um höftin og athafnafrelsi aukið, muni leysast úr læðingi orka og nýr kraftur dugandi manna í þjóðfélaginu og þannig renna upp tímabil athafna, framfara og mikilla framkvæmda í landinu til heilla fyrir alla landsmenn.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var mikil og óvænt æra, að hæstv. forsrh., Ólafur Thors, skyldi sýna það lítillæti í gærkvöld að heiðra Alþingi Íslendinga með návist sinni. Þetta er fremur sjaldgæfur viðburður nú í seinni tíð, og í þau fáu skipti, sem hann hefur rekið höfuðið hingað inn fyrir dyrastaf þingsalar, hefur hann oftast lýst því yfir, að hann hafi nú öðrum og mikilvægari hnöppum að hneppa en að gegna þingskyldu sinni. Trúlega vinnur hann baki brotnu við að finna leiðir til að bæta hag sjómanna og smáútvegsmanna og koma í veg fyrir það, að óviðkomandi náungar, eins og Marabotti og Pipinelli og aðrir slíkir, stórgræði á íslenzkum fiski. Hann er vís til þess að hafa fundið djúphugsuð ráð til að fyrirbyggja verzlunarokur og afnema allan óhóflegan milliliðagróða. Kannske hefur hann líka á takteinum ákveðnar tillögur um að brjóta á bak aftur einokunina í fiskútflutningnum. Það hlýtur næstum því að vera; hann fór í gærkvöld svo mörgum og fjálglegum orðum um viðskiptafrelsi og hinn tífurlega áhuga hæstv. ríkisstj. á því að auka það sem allra mest.

Já, það var vissulega gaman, að hæstv. forsrh. skyldi gefa sér tíma til þess að skjótast hingað upp í ræðustólinn til að flytja landslýðnum fagnaðarboðskap sinn. Hann er oftast hressilegur í máli, hæstv. ráðh., og á það til að slá um sig með gamanyrðum úr þeim verðflokki, sem kallaðir voru fimm aura brandarar hér fyrr á árum, en mundu nú vegna smæðar íslenzku krónunnar mega teljast fimmtíu aura virði. Annars var ræða hæstv. forsrh. í gærkvöld óvenjuþunn, þegar grobbinu um fyrirhuguð afrek sjálfs hans og hæstv. ríkisstj. sleppti. Datt mér í hug undir ræðu hans sagan af prestinum, sem þótti nokkuð mistækur prédikari, en hafði þann sið að spyrja greindan bónda að lokinni messu, hvernig honum hefði þótt ræðan hjá sér. Einu sinni svaraði bóndi: „Ja, þunnt var það nú hjá yður í dag, prestur minn.“ „O, það var ekki við öðru að búast,“ svaraði prestur, „guðspjallið var svo vesalt.“ Svipað mætti hæstv. forsrh. segja eftir að hafa flutt heldur þunna ræðu, þar sem hann lagði út af afrekum og ágæti hæstv. núverandi ríkisstj. Það guðspjall er sannarlega nokkuð vesalt.

Hæstv. forsrh. minntist lítils háttar á ræðu mína í gærkvöld um kjör hlutarsjómanna, þar sem ég sýndi fram á það með sterkum og óhrekjandi rökum, hvernig þeir eru féflettir af hraðfrystihúsum og öðrum fiskseljendum, ríki og óteljandi milliliðum. Það var eins og ræða mín hefði komið dálítið óþægilega við hæstv. ráðh., og var auðheyrt, að hann kveinkaði sér svolítið undan. Varnir hafði hann engar fram að færa, nema stóryrði og máttlaus hróp um það, að ég hefði snúið við staðreyndum. Ekki treysti hann sér til í einu einasta atriði að hætta sér út í rökræður um vandamál útvegsins og sjómanna né hið dæmalausa framferði stjórnarvalda gagnvart þessum mikilvæga atvinnuvegi. Þar hafði hann ekkert fram að flytja nema upphrópanir eins og „þvaður“, „ósannindi“ og „öfundsýki“. Er það öfundsýki hjá hlutarsjómönnum, herra Ólafur Thors, að krefjast þess að fá að lifa eins og menn? Veit hæstv. forsrh. það, að fiskverðið, sem sjómönnum er skammtað, hefur verið svo lágt að undanförnu, að fjölmargir bátar hafa ekki fiskað fyrir umsaminni hlutatryggingu? Í hverju slíku tilfelli — og þau eru mörg — verður sjómaðurinn að láta sér nægja trygginguna eina. Og hvað er það þá, sem hann fær fyrir að erfiða 15—18 stunda vinnudag? Hann fær á vetrarvertíð, þegar tryggingin er hæst, 2950 kr. á mánuði. Af þeirri upphæð verður hann að borga fæði sitt um borð, sem er lágt reiknað 750 kr. á mánuði. Hann

fer með í hlífðarföt og vettlinga ekki minna en 300 kr. á mánuði. Skattar eru a. m. k. 300 kr. á mánuði. Þá verða eftir til lífsnauðsynja heimilisins 1600 kr. Treystir hæstv. forsrh. sér til að lifa af þeim launum? Ef hann heldur, að ég fari með rangt mál, þá vil ég ráðleggja honum að láta aka sér í bílnum sínum hérna niður að höfninni og spyrja hlutarsjómennina, hvort ég hafi sagt ósatt.

Hæstv. ráðh. fullyrti, að ég hefði ekki bent á neinar leiðir til að bæta hag hlutarsjómanna. Þetta er rangt. Ég benti einmitt á leiðirnar, en þær voru í sem stytztu máli þessar: Afnám fisksölueinokunarinnar; að sjómenn fái fulla hlutdeild í bátagjaldeyrisálaginu, meðan það er ekki afnumið; að létt verði skattabyrði sjómanna; að sköttum og tollum verði létt af útveginum; og að útvegsmönnum verði kleift að flytja inn nauðsynjar til útvegsins, svo sem olíur og veiðarfæri, án millilíðakostnaðar. Ég spurði einnig hæstv. ríkisstj. í gærkvöld, hvort hún ætlaði ekkert að gera til að rétta hlut sjómanna og smáútvegsmanna, hvort hún ætlaði að láta reka á reiðanum og eiga það á hættu, að ekki verði gert út á komandi vetrarvertíð. Ég lagði áherzlu á þetta, þar eð hér er um að ræða stórmál, sem krefst skjótrar og gagngerðrar úrlausnar. Hæstv. forsrh. skaut sér alveg undan því að gefa nokkurt svar við þessari spurningu. Ég skora enn á hæstv. ráðherra eða einhvern þeirra ráðh., sem tala hér á eftir mér í kvöld, að gefa ótvíræð svör við því, hvað ríkisstj. ætlar að gera til að koma bátunum á flot nú um áramótin. Ætlar hún að senda Alþ. heim í frí fram í febrúar án þess að minnast á þetta stórkostlega vandamál einu orði? Hér er svo mikið í húfi, ekki aðeins fyrir sjómenn, heldur fyrir þjóðina alla, að krefjast verður skýrra svara.

Eitt var dálítið skemmtilegt við ræðu hæstv. forsrh. í gærkvöld, og ég get ekki stillt mig um að minna á það. Eftir að hann hafði ausið úr sér hálfgerðum illhryssingi, um mig og hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, minntist hann örfáum orðum á þriðja ræðumanninn, gamlan samráðherra sinn og vin, Brynjólf Bjarnason. Og þá skipti ráðh. nú heldur um tón. Blíðubros færðist yfir andlitið, röddin mildaðist, og því var líkast sem mjúk móðurhönd stryki um kinn á barni. Þetta er þingmönnum engin nýjung. Þeir hafa oft brosað að því, þegar hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og kommúnistar ræðast við hérna í þingsölunum, því að þá er ævinlega því líkast að hittist fornir heillavinir, sem grimm og þeim alveg óviðráðanleg örlög hafa lengi meinað að njótast. Hæstv. forsrh. hefur líka margsinnis hælt sér af því að hafa setið í stjórn með kommúnistum og hvað eftir annað vitnað til þeirra sæludaga sem stoltasta tímabils ævi sinnar. Það er því í sannleika dálítið hlálegt, þegar íhaldið er að bregða okkur þjóðvarnarmönnum um fylgispekt við kommúnista. Við höfum aldrei setið með þeim í ríkisstj. Jafnframt vil ég skjóta því hérna inn, svona eins og milli sviga, að það er heldur hlálegt líka að heyra kommúnistana Brynjólf Bjarnason og Karl Guðjónsson tala um íhaldshækjur. Sjálfur er flokkur þeirra gömul íhaldshækja, að vísu í dálítlum lamasessi nú eins og stendur, en kannske tekst þeim Ólafi Thors og Brynjólfi að gera í sameiningu við þessa hækju.

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, talaði hér í gærkvöld mestmegnis um Þjóðvfl. og utanríkismál, minntist aðeins lítillega á fjárhagsmálefni, rétt til málamynda. Ræða hans öll var talandi tákn um sálarástand foringja Framsfl., þeirra manna, sem brugðizt hafa herfilegast þeirri vinstri stefnu, sem þeir þóttust eitt sinn fylgja, og finna nú átakanlega, að fylgið hrynur af þeim. Þeir mega hvergi niður stíga, hvarvetna brennur jörðin undir fótum þeim. Þessi hæstv. ráðh. var að tala um, að Þjóðvfl. sundraði umbótaöflum landsins. Mér fannst það nú satt að segja dálítið óviðfelldið að heyra orð eins og framfara- og umbótaöfl koma af munni ráðamanna Framsfl., þeirra manna, sem hafa snúið við kjörorði Tryggva heitins Þórhallssonar: „allt er betra en íhaldið“ — og lifa nú eftir kenningunni: ekkert er jafngott og íhaldið. — Hvert mannsbarn í landinu veit, hver verið hefur nú um langt skeið stjórnmálastefna hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar. Hans pólitísku hertygi eru íhalds-strigabuxurnar, sem hann hefur nú ekki farið úr, hvorki nótt né nýtan dag, s. l. 15 ár.

Ég nefndi herklæði, og það var vegna þess, að hæstv. fjmrh. sannaði það eftirminnilega í umræðunum í gærkvöld, að hann er stórum verri hernaðarfræðingur en nokkurn tíma fjármálaspekingur, og munu þá ýmsir segja, að nokkuð langt sé til jafnað. Ráðherrann bar enn einu sinni á borð fyrir landslýð þær staðhæfingar foringja hernámsflokkanna, að íslenzku þjóðinni sé mikil vörn í hernaðarbrölti Bandaríkjamanna hér á landi. Þessi rökleysa hefur svo oft verið tætt í sundur, að ég nenni varla að eyða að henni mörgum orðum. Menn hljóta að geta gert sér það ljóst, að hervirkjagerð hér á friðartímum og aðild að hernaðarbandalagi er ekkert annað en fyrir fram pöntuð þátttaka í hugsanlegri komandi styrjöld.

Ráðherrann söng þann hjákátlega söng, að vegna þess að aðrar þjóðir, sem hafa allt aðra aðstöðu en við Íslendingar og allt aðra reynslu en við í sambandi við hernaðarátök meginlandsvelda Evrópu, hefðu ástæðu til að halda uppi hervörnum, þá sé það og þar af leiðandi sjálfsagt, að við gerum það einnig. Það er bíræfni að halda því fram, að allar þjóðir hljóti að taka sömu afstöðu til vandamála, þó að lega landa og öll söguleg rök séu gerólík. Það getur verið eðlilegt og er mjög skiljanlegt, að þjóðir, sem hafa orðið fyrir árásum af meginlandsveldum Evrópu og eru á valdasvæði þeirra, reyni að styrkja vígstöðu sína með hernaðarbandalagi og efla eigin her í þeirri von, að það geti ef til vill eitthvað stoðað, ef illa skyldi fara. Í hópi slíkra ríkja eru Danir og Norðmenn. Þrátt fyrir það hafa báðar þessar þjóðir neitað að hleypa inn í land sitt amerískum her og vitna þar m. a. til biturrar reynslu Íslendinga. Þær smáþjóðir á meginlandi Evrópu, sem sloppið hafa við árásir meginlandsvelda, svo sem Svíar og Svisslendingar, hafna þátttöku í hernaðarbandalögum og halda fast við hlutleysisstefnu sína. Alveg sérstaklega stendur þó á um þær eyþjóðir álfunnar, sem eru algerlega á valdasvæði þeirra þjóða, sem ráða lögum

og lofum á heimshöfunum, svo sem Íra og Íslendinga.

Hæstv. fjmrh. sleppti því alveg að minnast á afstöðu Íra, þegar hann var að tala um smáþjóðir Evrópu í gærkvöld, og það var von; það passaði ekki. Írar halda fast við hlutleysi sitt og standa utan allra hernaðarsamtaka. Það veit ráðherrann. Þess vegna þagði hann.

Fjmrh. bar það á borð fyrir landsmenn, að okkur Íslendingum sé engin vörn í Atlantshafinu lengur. Sé miðað við innrás af hálfu meginlandsveldis, sem ræður yfir takmörkuðum flota, er þetta vitanlega alrangt. Yfir 90% af gervöllum herskipa- og kaupskipaflota heimsins er í höndum vesturveldanna. Aðeins vegna þess er það eins og hver önnur fjarstæða að hugsa sér, að Rússar legðu í það vonlausa ævintýri að ætla sér að taka landið með innrás, þar eð þeir hefðu enga möguleika til að geta flutt hingað vistir og hergögn handa liði sínu og slík tilraun væri því fyrir fram dæmd til að misheppnast. Hitt er svo annað mál, að í styrjöld væru hernaðaraðilar vísir til að varpa hér niður sprengjum og gera stórkostlegan usla, ef hér hefði hreiðrað um sig höfuðandstæðingurinn og hefði hér stórkostlegar bækistöðvar til árása á fjandmennina.

Fjmrh. lagði á það mikla áherzlu, að í baráttu lýðræðisþjóða gegn einræðinu mættum við Íslendingar nú ekki skerast úr leik. Ég vil af því tilefni spyrja Eystein Jónsson: Veit hann, hverjir berjast í hugsanlegri komandi styrjöld og fyrir hverju og um hvað verður barizt? Ég þori að fullyrða, að hann veit það ekki. Það veit enginn. Á skammri stund skipast veður í lofti í afstöðu þjóða. Fyrir rúmlega hálfri öld sagði Salisbury lávarður, forsætisráðherra Breta, að eitt væri a. m. k. víst: Englendingar og Frakkar yrðu aldrei samherjar í styrjöld. Þessa fullyrðingu hefur reynslan gert að engu. Og þó að Eysteinn Jónsson sé greindur maður, þá efast ég um, að hann sé framsýnni og vitrari en Salisbury lávarður.

Þá talaði hæstv. fjmrh. mikið um það, að við Íslendingar mættum ekki skerast úr leik, þegar aðrar þjóðir gengju í hernaðarbandalög. Nú eru margar þjóðir, þ. á m. flestar smáþjóðir á vesturhelmingi jarðar, utan allra hernaðarbandalaga, svo að röksemdin er af þeim sökum einum næsta fátækleg, en af ummælunum eins og þau féllu má þó ráða það, að Eysteini Jónssyni þykja eindæmin bezt. En nú vil ég minna þennan hæstv. ráðh. á það, að hann er alger eindæmamaður í pólitík. Hann er áreiðanlega eini fjármálaráðherra í öllum heiminum, sem gert hefur svo kallaðar varnir landsins að tekjustofni fyrir ríkið, haft þær að féþúfu. Það hefur enginn annar eftir leikið. Og það vil ég segja, ekki aðeins Eysteini Jónssyni, heldur öllum ráðherrunum sex: Betlandi ráðherrar hafa engan siðferðilegan rétt til að tala um hugsjónir í sambandi við þessi mál.

Þá skal ég víkja aftur að innanlandsmálum. Sú var tíðin, að hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, og ýmsir fylgismenn núverandi stjórnarflokka töluðu mikið um ráðdeildarsemi og sparnað. Nú heyrist sparnaður varla nefndur í þeim herbúðum, nema þegar til þeirra kasta kemur að skera niður eða drepa till. um verklegar framkvæmdir, einkum í sambandi við tvo meginatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og iðnað. Þá er skurðarhnífurinn á lofti og bítur vel. En þegar á það er minnzt að stöðva ýmsan þarflausan fjáraustur og spara rekstrarútgjöld ríkis og ríkisstofnana, þá hefur hæstv. fjmrh. eitt svar á reiðum höndum og endurtekur það hvað eftir annað: Þar er ekki hægt að spara neitt, sem máli skiptir. — Þessa skoðun lét fjmrh. í ljós í fjárlagaræðu sinni í fyrra, og vakti sú yfirlýsing þá mikla athygli um land allt. Flokksbræður ráðherrans í tryggasta framsóknarkjördæmi landsins, Þingeyjarsýslu, gerðu þá fundarsamþykkt, þar sem þeir lýstu furðu sinni yfir þessari staðhæfingu ráðherrans og mótmæltu þeirri skoðun, sem þar kom fram. Það eru áreiðanlega fleiri en þingeyskir bændur, sem ekki fást til að trúa því, að hvergi sé hægt að spara á rekstrarútgjaldaliðum fjárlaga.

Allir landsmenn vita, að ein af meinsemdum íslenzks stjórnarfars er sú, að hrossakaup og gegndarlítill fjáraustur valdhafa hefur dregið fjölda fólks frá störfum við framleiðsluna, hrifið það brott úr undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og raðað því á ríkisjötu, stundum við þarflítið dútl eða ástæðulausa skriffinnsku. Sú stefna hefur síðan leitt til þess, að atvinnuvegirnir sligast æ meir undir síaukinni byrði, því að undir öllum skrifstofunum, undir öllum ráðunum og nefndunum verða þeir að standa. Allur almenningur í landinu er fyrir löngu orðinn þreyttur á þessari ofboðslegu skriffinnsku. Skrifstofurnar, ráðin og nefndirnar hafa sprottið upp eins og gorkúlur, og forstaða þeirra nálega allra er falin gæðingum stjórnarliðsins, oft án tillits til hæfileika, aðeins með hliðsjón af pólitískum litarhætti. Og sagan er ekki öll sögð með þessu. Þegar hinir verðugu stjórnarlegátar hafa fengið til umráða sína skrifstofu, taka þeir að ýta á ríkisvaldið um að fá meira starfslið, stærra skrifstofuhúsnæði, aukin framlög úr almannasjóði. Það vantar stöður handa kosningasmölum flokksins ellegar börnum ráðamanna, tengdabörnum og öðrum vandamönnum. Smátt og smátt lætur ríkisvaldið undan kröfunum, og það kemur jafnvel fyrir, að sjálfir ráðherrarnir búa til óþarfar stöður handa flokksþjónunum. Og svo er það einkennandi fyrir þessa skriffinnsku alla, að það kemur nálega aldrei fyrir, að fækkað sé á opinberri skrifstofu, hvað þá heldur að slík stofnun sé lögð niður. Jafnvel þótt nýir tímar og breyttar aðstæður geri einhverja af skrifstofum þessum meira en óþarfa, er haldið í þær dauðahaldi, hverja og einustu. Minnist einhver á að draga úr skriffinnskunni, er eins og komið sé við hjartað í stjórnarherrum vorum. Allar sparnaðartill., sem fram koma hér á Alþingi, eru miskunnarlaust drepnar. Hæstv. fjmrh. og stuðningsmenn hans gefa þá ævinlega sama svarið: Þetta er ekki hægt að spara. Á þessum lið er ómögulegt að spara neitt. — Ég leyfi mér þó að fullyrða, að það sé engum vafa undiropið, að ríkið getur sparað milljónir árlega, ef dregið væri úr þarflausu mannahaldi ýmissa ríkisstofnana og skriffinnskan eitthvað minnkuð. Einnig mætti hæglega spara á því að sameina vissar ríkisstofnanir, stundum tvær, stundum jafnvel fleiri, undir eina stjórn.

Fyrir nokkrum árum var hér á Alþingi samþ.

að sameina áfengisverzlun ríkisins og tóbaksein-kasöluna. Þetta virtist skynsamleg ráðstöfun. Vissulega er það meira en óþarfi að hafa þessi hliðstæðu ríkisfyrirtæki aðskilin, með tveimur skrifstofum og tilheyrandi forstjórum, skrifstofustjórum og fulltrúum, auk venjulegs skrifstofufólks. En úr þessu hefur ekkert orðið. Er þetta ekki hægt? Auðvitað er það hægt. Það hefur aðeins, eins og fleira, strandað á hagsmunum stjórnarflokkanna og gæðinga þeirra. Satt að segja er ekki við miklum sparnaði að búast í opinberum rekstri meðan stjórnarherrarnir líta svo á, að forstaða ríkisfyrirtækja sé eins konar pólitísk atvinnubótavinna eða verðlaun fyrir flokksþjónustu. Þetta er auk þess hin eina atvinnubótavinna, sem studd er dyggilega af stjórnarvöldum landsins. Hún beinist að því að tryggja feit embætti handa málaliðsmönnum Fróðárhirðar vorra tíma.

Við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1954, sem fór fram hér á Alþingi í síðustu viku, bárum við þjóðvarnarmenn fram ýmsar sparnaðartill. við rekstrarútgjöld ríkisins. Slíkt hið sama gerði formaður Alþfl., hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson. Samtals skiptu þessar sparnaðartill. nokkrum milljónum. Allar voru till. strádrepnar, án þess að ástæða þætti til að athuga eina einustu þeirra í nefnd til 3. umræðu. Meðal annars lögðum við þjóðvarnarmenn til, að utanfararkostnaður, þ. á m. kostnaður við fjölmennar sendinefndir á alls konar ráðstefnur úti í heimi, yrði lækkaður til mikilla muna. Það er alkunna, að ferðalög gæðinga ríkisstj. til útlanda á kostnað skattþegnanna er orðinn allstór þáttur í útgjöldum ríkisins, og hefur sú upphæð farið síhækkandi með ári hverju. Oft heyrist þess getið í blöðum og útvarpi, að sendir hafi verið af Íslands hálfu 3, 4 eða 5 fulltrúar, ásamt eiginkonum, á einhverjar ráðstefnur. Stundum eru ráðstefnur þessar þess eðlis, að engin ástæða virðist til að gera út neina sendinefnd af okkar hálfu, stundum gátu sendiherrar Íslands eða sendiráðsstarfsmenn í viðkomandi eða nálægum löndum auðveldlega komið fram fyrir okkar hönd, en í þeim tilfellum, þegar ástæða var til að gera út menn héðan að heiman, hefði einn eða tveir fulltrúar hæglega átt að duga. Kostnaður sá, sem hér er um að ræða, er einkum á 10. gr. fjárlaga, þótt mér sé ekki alveg grunlaust um, að eitthvað af honum kunni að vera falið í öðrum útgjaldaliðum. Hann er nú áætlaður eftir 2. umr. fjárl. svo sem hér segir:

Kostnaður vegna samninga við erlend ríki 500 þús. kr.

Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn. 400 þús. kr.

Kostnaður við alþjóðaráðstefnur og annar utanfararkostnaður 200 þús. kr.

Samtals 1 millj. og 100 þús. kr.

Ríkisreikningur undanfarinna ára ber með sér, að fyrsti liðurinn og hinn nauðsynlegasti af þessum þremur hefur yfirleitt staðizt vel áætlun og stundum orðið töluvert fyrir neðan, en það hefur þá heldur en ekki jafnazt upp á ráðstefnuliðunum tveim. Þeir hafa farið langt fram úr áætlun. Þetta ráðstefnufé vildum við þjóðvarnarmenn lækka til muna, en það máttu stjórnarliðar ekki heyra nefnt.

Áður en ég skilst við þetta mál, vil ég leyfa mér að gera þá kröfu á hendur ríkisstj., að framvegis sé gerð opinberlega sundurliðuð grein fyrir árlegum kostnaði hins opinbera við ferðalög stjórnargæðinga til útlanda, svo að almenningur hafi aðstöðu til að meta, hversu nauðsynlegar allar þessar ferðir eru og hvort hér verði ekki við komið sparnaði. Með því gæti ríkisstj. ef til vill kveðið niður þann þráláta orðróm, ef hann er rangur, að sendimenn hennar fái í ýmsum tilfellum allt að því tvöfalda dagpeninga á við hliðstæða sendimenn margfalt stærri og auðugri ríkja. Það er óverjandi með öllu að eyða hundruðum þúsunda króna árlega af opinberu fé til þess eins, að fáeinir stjórnarherrar og vinir þeirra geti fengið sér sumarleyfi eða vetrarfrí á kostnað skattþegnanna. Hér þarf þjóðin sjálf að veita aðhald, þar eð stjórnarvöldin hafa sýnt, að þeim er ekki treystandi til þess.

Fast er sótt á að fá þessi fríðindi af þeim, sem komizt hafa á þann spenann. Alkunn og dálítið skopleg er saga, sem gerðist í fyrra, er þáverandi skrifstofustjóri einn í stjórnarráðinu, sem hafði verið einkar duglegur að sækja á ríkisins kostnað mismunandi þarflausar ráðstefnur víða um heim, sagði upp starfi sínu til að sinna dálítið annarlegum hugðarefnum. Ritaði hann þá yfirboðurum sínum bréf og tilkynnti þeim þetta, en skýrði jafnframt frá því, að hann mundi eftir sem áður sjá sér fært að vera fulltrúi ríkisins á hinum og þessum þingum og ráðstefnum erlendis!

Einn af þeim kostnaðarliðum, sem mjög hafa hækkað hin síðustu ár og vex enn hröðum skrefum, er kostnaður við utanríkisþjónustuna. Þar höfum við Íslendingar ekki fremur en í mörgum öðrum efnum kunnað okkur hóf. Fyrir aðeins 5 árum, á fjárhagsáætlun fyrir árið 1949, voru útgjöld til sendiráða áætluð samtals 1 millj. 346 þús. kr. Hvernig eru þessar tölur nú, fimm árum síðar? Þess ber að geta, að sendiráðin eru orðin 8, einu fleira en fyrir 5 árum. Við hefur bætzt sendiráð í Vestur-Þýzkalandi. Kostnaður við sendiráðin er á næstu fjárl. áætlaður samtals 4 millj. 577 þús. kr. Áætlunarupphæðin á þessum eina gjaldalið hefur m. ö. o. hækkað á fimm árum um 3 millj. 231 þús. kr., þ. e. a. s. mun meira en þrefaldazt. Við þm. Þjóðvfl. lögðum til nú við 2. umr. fjárl., að sendiráðin í Osló og Stokkhólmi væru lögð niður og framvegis yrði aðeins einn sendiherra íslenzkur á Norðurlöndum með aðsetri í Kaupmannahöfn. Þessi sparnaðartill. var vitanlega drepin eins og allar sparnaðartill. okkar.

Hæstv. fjmrh. sagði í gærkvöld, að vísu ranglega, að við þjóðvarnarmenn hefðum ekki bent á neinar sparnaðarleiðir. Var helzt á honum að skilja, að ekki mundi nú standa á honum að fylgja fram slíkum till. Ágætt er það. Við þm. Þjóðvfl. viljum nú enn prófa þetta. Ráðh. sex hafa til umráða 7 fólksbíla á kostnað ríkisins. Þetta þykir okkur — og kannske fleirum — nokkuð mikið. Við viljum nú hjálpa hæstv. fjmrh. til að sýna sparnaðarvilja í verki og gefa jafnframt öðrum fagurt fordæmi. Að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh. við útvarpsumr. í gærkvöld höfum við því í dag lagt fram í sameinuðu Alþ. till. til þál. um að heimila ríkisstj. að hafa tvær fólks-

bifreiðar á kostnað ríkissjóðs í embættisþágu, enda verði aðrar bifreiðar, er ríkissjóður á og ráðh. hafa notað, seldar atvinnubílstjórum. Vænt um við þess, að ekki standi á hæstv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, að beita sér fyrir samþykkt þessarar sjálfsögðu till.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. fjmrh. gerði í ræðu sinni í gærkvöld nokkra grein fyrir aðdraganda að stofnun núverandi ríkisstj., er tók við störfum um miðjan september í haust.

Ég mun ekki hér fara að endurtaka það, sem fjmrh. sagði í sinni ræðu, en ég vil þó benda á eftirfarandi atriði.

Framsfl. leit svo á eftir kosningarnar s. l. sumar, að eðlilegast og affarasælast fyrir land og lýð væri, að samstarf gæti tekizt milli lýðræðisflokkanna þriggja. Beitti Framsfl. sér fyrir því, að sú leið væri farin, og tjáði sig undireins fúsan til þess að taka þátt í slíku samstarfi, ef málefnasamningar næðust. Sú tilraun strandaði á fullum óvilja bæði Sjálfstfl. og Alþfl. um að taka upp þriggja flokka samstarf. Alþfl. greip til þess óyndisúrræðis, þegar ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar gafst upp í árslok 1949 vegna erfiðleika, er að steðjuðu, að neita gersamlega þátttöku í ríkisstj. Stórmannleg var sú afstaða ekki og þó einkum vegna þess, að hún mótaðist fyrst og fremst af því, að Alþfl. treysti sér alls ekki til þess að taka þátt í því erfiða, en bráðnauðsynlega endurreisnarstarfi, sem þá varð að hefja, ef þjóðarfleyinu ætti ekki algerlega að hvolfa. Þessari neikvæðu og óvirku afstöðu heldur Alþfl. enn. Hann hefur nítt niður allar viðreisnartill. ríkisstj. s. l. 4 ár, án þess að leitast við að benda á önnur úrræði, er nokkru gætu orkað til úrbóta. Alþfl. hefur því bæði síðasta kjörtímabil og eins nú í byrjun hins nýja kjörtímabils dæmt sjálfan sig algerlega úr leik. Hann hefur verið með fýlu, eins og krakkarnir orða það. Þegar svo á hinu leitinu var enginn vilji hjá Sjálfstfl., heldur hið gagnstæða, til þess að taka upp samstarf við Alþfl., var sú leið úr sögunni. En því drep ég á þetta hér, að ég lít svo á, að það hefði tvímælalaust verið bezta og vænlegasta leið til þess að leysa stjórnarkreppuna s. l. sumar, ef slík þríhyrnd samvinna hefði náðst.

En þegar Alþfl. var afskrifaður, bæði vegna eigin þvermóðsku og fullkomins óvilja Sjálfstfl. til samstarfs, voru engir aðrir, sem leitað yrði til um stjórnarsamstarf frá hálfu Framsfl. en Sjálfstfl. Kommúnistaflokkurinn, þessi einræðisflokkur, sem reynir að hylja sig í sauðargæru, hefur aldrei sýnt þjónkun sína og undirlægjuhátt við alþjóðakommúnismann og þó einkum allt, er lyktar af Rússlandi, jafngreinilega og hina síðustu tíma. Allt samstarf við hann var því að sjálfsögðu eins og áður útilokað með öllu. Kommúnistarnir hafa tekið að sér hlutverk Þorbjarnar rindils, þ. e. að draga lokur frá hurðum, til þess að sem auðveldast sé fyrir óvini þess lýðræðisskipulags, er vér teljum fjöregg þjóðfélags vors, að geta fengið tækifæri til þess að vega að því.

En flokksnefna sú, er kallar sig Þjóðvfl., er svo greinilega, að ekki verður um villzt, aðeins útibú frá kommúnistum. Þeir hlýða skipunum komma í öllum greinum. Hafi nokkur verið í óvissu um þetta áður, þá hafa atburðir þeir, er gerðust hér í hinu háa Alþ. fyrir fáum dögum, hlotið að opna augu þeirra, þegar það gerðist, að þjóðvarnarmenn studdu kommúnista til þess að fá fulltrúa bæði í menntamálaráð og í útvarpsráð. Þetta ber þess glöggt vitni, að forustumenn Þjóðvfl. telja það rétt og sjálfsagt, að kommúnistar ráði sem mestu varðandi uppeldis- og menntamál þjóðarinnar. Þegar þing kom saman fyrst í haust, þá reyndu þjóðvarnarmenn að vísu af veikum mætti að láta lita svo út, að þeir hefðu nokkra sérstöðu gagnvart kommúnistum. Nú hafa þeir algerlega gefizt upp við það og þjóna húsbændum sínum, kommúnistunum, af sömu trúmennsku og þeir, kommúnistarnir, þjóna hinum austrænu húsbændum sínum.

Ef ekki hefði tekizt samstarf um stjórn landsins s. l. haust milli Framsfl. og Sjálfstfl., voru engin úrræði önnur fyrir hendi en nýjar kosningar eða utanþingsstjórn. Hvort tveggja var fullkomið neyðarúrræði. Kosningar í haust hefðu engu verulegu breytt um styrkleikahlutföll í Alþingi og því einungis orðið til þess að skapa öngþveiti og margháttaða erfiðleika.

Stjórnarstefna núverandi ríkisstj. er óbreytt í fjárhags- og atvinnumálum frá því, sem var hjá fyrrverandi ríkisstj. Það verður leitazt við að halda áfram því viðreisnarstarfi, sem þá var unnið. Stjórnarandstæðingar hafa allt frá því, að fyrrv. ríkisstj. var mynduð í ársbyrjun 1950, og til þessa tíma — og svo enn endurtekið ásakanir sínar í útvarpsumr. nú — ásakað ríkisstj. og sagt, að allar aðgerðir hennar hafi orðið til böls og ófarnaðar fyrir þjóðina. Þessum öfugmælum er haldið á lofti, þótt þau hafi verið marghrakin og reynsla hafi sannað algerlega hið gagnstæða.

Ég vil nú nefna nokkur dæmi til þess að afsanna enn einu sinni þann róg og þær lokleysur, sem haldið er fram varðandi þessi mál. Ég vil fyrst nefna fjárhag ríkissjóðs.

Um áramót 1949—50 var fjárhagur ríkissjóðs í því ófremdarástandi sem kunnugt er. Var mjög nærri því, að Alþ. gæfist upp við að setja fjárlög. Svo hefur um skipt undir hinni öruggu fjármálastjórn núverandi fjmrh., að þessi síðustu ár hafa fjármál ríkisins verið í góðu horfi, öruggur greiðslujöfnuður, engir tekjustofnar hækkaðir, en nú gert ráð fyrir að lækka tekjuskattstiga allverulega. Þessi örugga fjármálastjórn hefur verið grundvöllur þess, að hægt hefur verið að vinna að viðreisn og eflingu atvinnuveganna.

Varðandi afkomu atvinnuveganna s. l. 4 ár vil ég fyrst nefna sjávarútveginn. Í ársbyrjun 1950 voru útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar því nær stöðvaðir, og allir, sem til þekktu, vissu, að algert strand var fram undan, nema róttækar aðgerðir kæmu til. Aflabrestur á síldveiðum hefur verið geysilegur öll þessi ár. Þá hafa og fiskveiðar brugðizt mjög í öðrum verstöðvum, svo að valdið hefur þar örbirgð og atvinnuleysi. Þrátt fyrir þetta hefur tekizt að halda þessari mestu framleiðslugrein þjóðar vorrar svo í horfi, að framleiðsla hefur aukizt.

Þessu næst vil ég fara fáum orðum um afkomu landbúnaðarins síðustu árin. Þar hafa skipzt á skin og skúrir eins og annars staðar. Sum ár, eins

og 1950, hafa verið hörð og erfið og valdið landbúnaðinum miklu tjóni. Það ár, sem nú er að kveðja, hefur hins vegar verið mjög hagstætt um veðráttu og alla afkomu. Ræktunarframkvæmdir bænda og húsbyggingar hafa verið meiri síðustu 4 árin en nokkru sinni fyrr. Hverju er það að þakka? Því er fljótsvarað. Það er vegna þess, að sú ríkisstj., sem með völd hefur farið s. l. 4 ár, hefur séð mörgum sinnum betur fyrir lánsfjárþörf landbúnaðarins en áður var gert. Nokkrar tölur skýra þennan samanburð. Árin 1945—46 fengu deildir Búnaðarbankans, er veita lán til landbúnaðarins, þ. e. byggingarsjóður. ræktunarsjóður og veðdeild, lánsfé, er nam 1.8 millj. kr., eða að meðaltali á ári um 900 þús. kr. Árin 1947—49, eða í tíð stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar, nam það fjármagn, sem þessar sömu deildir fengu, tæpum 24 millj. kr., eða að meðaltali tæplega 8 millj. kr. árlega. En árin 1950—53, eða í fjögur ár, nam lánsfé til þessara deilda bankans fast að 80 millj. kr., eða allt að 20 millj. kr. að meðaltali á ári. Af þessum lánum hafa nú um 30 millj. kr. verið afhentar Búnaðarbankanum sem óafturkræft stofnfé.

Þetta yfirlit sannar, hve stórfelld breyting hefur á orðið í þessum efnum, þar sem útlán til landbúnaðarins hafa meira en 20-faldazt úr þessum stofnlánadeildum bankans frá því, sem þau voru árin 1945—46. Bændur hafa einnig tekið á móti þessu aukna lánsfé með stórhug og myndarskap. Hverja krónu, sem þeir sjálfir hafa getað lagt til fjárfestingar samhliða lánsfé þessu, hafa þeir notað til margvíslegra umbóta og hafa með stærri skrefum en nokkru sinni fyrr stefnt markvisst að því að breyta búskaparháttum sínum frá því að vera fleytings rányrkjubúskapur í raunverulegan ræktunarbúskap.

Á þessu ári er lokið að mestu hinum stórfelldu sauðfjárskiptum, er taka til mikils hluta landsins, og er þá von allra, að þar með hafi verið unninn bugur á mæðiveikinni. Fjárskiptin hafa kostað ríkissjóð miklar upphæðir, en þó valdið bændum mörgum sinnum meira tjóni. Ef allt fer samkvæmt því, sem vonir standa til, verður um geysimikla framleiðsluaukningu sauðfjárafurða að ræða næstu árin.

Fyrir fátt eða ekkert hafa stjórnarandstæðingar, þ. e. kommar og kratar, gagnrýnt fyrrverandi ríkisstj. og eins þá, er nú situr, eins og fyrir, að ekkert að gagni hafi síðustu 4 árin verið gert til þess að koma upp viðunandi húsnæði yfir fólk í kaupstöðum og kauptúnum. Sjálfsagðar teknar svívirðingar stjórnarandstæðinga í garð ríkisstj. varðandi húsnæðismál þéttbýlisins og vanrækslu í þeim efnum eru gleggstur vottur um, hve þessir flokkar auglýsa sinn eigin vesaldóm og vanrækslu í þessum málum rækilega. Ég vil, eins og varðandi landbúnaðarmálin, láta tölurnar tala. Helztu félagslegar ráðstafanir ríkisins varðandi húsnæðismál þéttbýlisins eru þrenns konar. Það eru framlög til verkamannabústaða, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis samkvæmt lögum þar um og loks til lánadeildar smáíbúða. Hin fjórða leið, sem nefna mætti, er byggingarsamvinnufélög, sem fá ríkisábyrgð fyrir lánum, en engin bein framlög fyrir atbeina ríkisvaldsins. Verður þeim því sleppt í þeim samanburði, sem hér fer á eftir, en um hinar þrjár leiðirnar vil ég gefa þessar upplýsingar:

Árin 1944—46 sat við völd hér á landi samstjórn Sjálfstfl. og komma og krata. Framlög til verkamannabústaða voru þau ár 735 þús. kr. að meðaltali. Það, sem þessi ár setti meginsvip á byggingarframkvæmdir Reykjavíkur og jafnvel víðar um land, voru hinar óhófsstóru og rándýru villubyggingar, sem þá voru reistar og því nær allt tiltækt fjármagn til íbúðabygginga var fest í og villuhverfin hérna í Reykjavík auglýsa rækilega.

Árin 1947—49, þegar samstjórn Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. undir forsæti þess flokks fór með völd, voru framlög ríkisins til verkamannabústaða rúmlega 1 millj. kr. að meðaltali þau þrjú ár, en árin 1950—53, eða þau hartnær fjögur ár, er samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur farið með stjórn landsins, hafa að meðaltali verið lagðar fram til verkamannabústaða um 3.8 millj. króna.

Heildarframlög til verkamannabústaða árin 1944—53 hafa numið fast að 20 millj. kr., en af þeirri upphæð hafa um ¾ hlutar fengizt meðan fyrrverandi og núverandi ríkisstj. fóru með völd, eða s. l. 4 ár.

Þetta yfirlit sýnir greinilega, að framlög til verkamannabústaða eru algerlega í öfugu hlutfalli við þátttöku komma og krata í ríkisstj. Þegar báðir þessir flokkar voru í ríkisstj., var langminnst framlag til verkamannabústaða, ók nokkuð, þegar kommar hrökkluðust úr stjórninni, en ók þó langsamlega mest, þegar kratar voru einnig fallnir fyrir borð. — Það er von, að hv. stjórnarandstæðingar séu hreyknir af slíkum afrekum sem þessum.

Lögin um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis voru sett á nýsköpunarárunum 1944—46, en algerlega láðist að ætla nokkurt fé til þess að framkvæma þau, svo að framlög þessi ár voru engin. Í tíð stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar, 1947—49, var varið rúmum 6 millj. kr. samkvæmt þessum lögum, og svo að segja sömu upphæð var varið af fyrrverandi ríkisstj. árin 1950—52. Má því segja, að ekki hallist á um þetta atriði þessi tvö þriggja ára tímabil, og af þeim hartnær 13 millj. kr., sem varið hefur verið úr ríkissjóði til íbúðabygginga samkv. þessum lögum, hafa um ¾ hlutar fallið í hlut Reykjavíkur, en um ¼ hluti til 9 annarra kaupstaða og kauptúna.

Fyrrverandi ríkisstj. lét undirbúa og setja löggjöf um lánadeild smáíbúða. Samkvæmt þeirri löggjöf hefur verið aflað fjármagns handa deildinni, er nemur 20 millj. kr., og hafa um 860 smáíbúðarhúsabyggjendur notið lána úr deildinni árið 1951, en þó aðallega árin 1952 og 1953. Þessar framkvæmdir hafa skipzt nokkurn veginn að jöfnu milli Reykjavíkur annars vegar og kaupstaða og kauptúna utan Reykjavíkur hins vegar.

Ef við nú að lokum drögum þessar upplýsingar saman, kemur í ljós, að á árunum 1943—49, eða í 6 ár, öfluðu þær ríkisstj., er þá fóru með völd, tæplega 12 millj. kr. til þessara íbúðarhúsabygginga, eða um 2 millj. á ári. En fyrrverandi ríkisstj. útvegaði á tæpum 4 árum rösklega 40 millj. kr., eða um 10 millj. kr. á ári. Þetta lauslega yfirlit er ekki sett fram af því, að ég telji, að nægi-

lega mikið hafi verið að gert í þessum efnum, jafnvel hjá fyrrverandi ríkisstj., heldur til þess að sýna og sanna, hve stjórnarandstæðingum fer það vel að býsnast yfir úrræðaleysi ríkisstj., — þeir, sem héldu að sér höndum og sváfu værum svefni, meðan þeir sátu í ríkisstjórninni.

Núverandi ríkisstj. er hins vegar ljóst, að aðgerðir síðustu ára eru aðeins byrjun á miklu, en mjög erfiðu og fjárfreku verkefni, þ. e. að koma upp *mannsæmandi húsnæði* yfir alla íslenzka ríkisborgara, enda segir svo í málefnasamningi núverandi ríkisstj.:

„*Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að* því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Að þessu er ríkisstj. nú að vinna og mun skila tillögum þar um síðar á þessum vetri, en leita verður að úrræðum, svo að sem hæst lán fáist á hverja smáíbúð með hóflegum vöxtum og nægilega löngum afborgunarfresti. Þetta eru erfið viðfangsefni, en þau verða að leysast.

Annað meginárásarefni stjórnarandstæðinga á hendur þeirra ríkisstj., sem setið hafa s. l. 4 ár, er, að ekkert hafi verið gert til þess að sporna við atvinnuleysi, m. a. með því að efla atvinnutæki og koma upp nýjum, þar sem mest hefur að kreppt. Hér er um jafnstaðlausar ásakanir að ræða og varðandi húsnæðismálin.

Á árunum 1951—52 brugðust fiskveiðar mjög, einkum á Austfjörðum, Norðurlandi og á Vestfjörðum. Auk þess brugðust síldveiðar bæði þessi ár, þó að út yfir tæki 1952. Eins og að líkum lætur, var atvinnuástand víða mjög erfitt og sums staðar svo, að til fullra vandræða horfði. Á árinu 1952 skipaði ríkisstj. sérstaka nefnd, atvinnumálanefnd, til þess að gera tillögur um úrræði *vegna atvinnuörðugleika*. Í þessari nefnd voru fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Síðan hefur þessi nefnd verið með í ráðum um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið. Árið 1951 veitti þáverandi ríkisstj. fjárstuðning í þessu skyni og svo áfram næstu ár. 1951 var varið úr *ríkissjóði* 1.2 millj. kr. í þessu skyni, árið 1952 6.5 millj. kr. og árið 1953 5.4 millj. kr. Alls nemur þetta framlag ríkissjóðs á þessum 3 árum um 13.1 millj. kr. Þessu fé hefur verið úthlutað til um 40 kaupstaða, kauptúna og þorpa um land allt, að Faxaflóa undanskildum. Þangað hefur ekkert af þessu fé farið, þar sem atvinnuástand við Faxaflóa var yfirleitt miklu betra en annars staðar á landinu. Fé þetta hefur verið veitt sem lán til ýmissa atvinnutækja, svo sem bátakaupa, hraðfrystihúsa, þurrkhúsa fyrir saltfisk, fiskhjalla og margra svipaðra ráðstafana. Hefur fé þetta komið mörgum stöðum að hinu mesta gagni. Þetta er í fyrsta skipti, sem varið hefur verið allmiklu fé á skipulegan hátt til þess að berjast gegn aflaleysi og atvinnukreppu af þeim ástæðum. Og í stjórnarsamningi núverandi ríkisstj. segir svo:

„Haldið verði áfram að stuðla að öflun atvinnutækja til þeirra byggðarlaga, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúanna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins."

Að þessu verkefni verður starfað áfram eins og frekast er unnt. Það var óþekkt, þegar stjórnarandstæðingar áttu sæti í stjórn landsins.

Þessi dæmi, sem ég nú hef dregið hér fram, sýna ljóslega, að aldrei fyrr hefur verið gert eins mikið til þess af hálfu ríkisvaldsins að leggja fram og útvega fjármagn til margvíslegra framkvæmda, hvort sem er til landbúnaðar, atvinnuaukningar við sjávarsíðuna eða til íbúðarhúsabygginga við hæfi almennings, og að þessum verkefnum verður unnið áfram samkvæmt stjórnarsamningi þeim, sem hér hefur verið vitnað til.

Ég vil nú fara örfáum orðum um það atriði stjórnarsamningsins, er snertir raforkumálin. Ekkert þrá þeir heitara, er ekki hafa raforku, eins og er um meginhluta sveitanna, eða hafa hana svo dýra og ófullkomna, að tæpast er notandi, svo sem er um mörg smærri kauptún, en að fá þessi mál leyst á viðunandi hátt. Það er fyrst og fremst vöntun raforku, sem rekur fólk úr sveitum og öðrum strjálbýlum stöðum. Þetta er því stórkostlegt þjóðfélagsvandamál. Samkvæmt stjórnarsamningnum skulu raforkuframkvæmdir sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum atriðum, sem þar er samið um. Meginatriði þessa samkomulags er, að tryggt verði næstu ár fjármagn til raforkuframkvæmda, er svarar til 25 millj. kr. á ári að meðaltali. Lofað var, að framlög í fjárl. yrðu aukin um 5—7 millj. kr. frá því, sem verið hefur. Við þennan þátt hefur nú fyllilega verið staðið, þar sem tekin hefur verið upp 7 millj. kr. fjárveiting til viðbótar því, sem áður var í fjárl. Til þess, sem vantar, verður að fá lánsfé, sem mun minnst nema 100 millj. kr. Unnið verður af alefli að því, að fyrstu árin verði unnið fyrir hærri upphæð en 25 millj. kr. árlega til þess að flýta þessum bráðnauðsynlegu framkvæmdum sem mest og sem fyrst. Nefnd úr stjórnarflokkunum vinnur nú að því að útfæra þessa ákvörðun í einstökum atriðum og skapa framkvæmdunum fast form. Munu þær till. liggja fyrir á framhaldsþingi síðar í vetur. Þetta er *stórmál*, enda *stórhugur* studdur bjartsýni ríkjandi í þeim aðgerðum, sem nú er verið að undirbúa. Það er fyrst nú, að dreifing *raforku um meginsveitabyggðir landsins* er komin úr hugmyndaheimi ofan á jörðina, svo að taka megi til starfa eftir fastri áætlun. Ríkisstj. sú, er nú situr, er staðráðin í því að vinna af fullu kappi að úrlausn þessa stærsta og mesta hagsmunamáls fjölmargra landsmanna.

Ég vil leyfa mér út af ummælum hæstv. viðskmrh. áðan, þar sem hann lét í það skína, að frá hálfu Sjálfstfl. hefði fyrst og fremst komið krafa um það í ríkisstj., að raforkumálin hefðu forgöngu fyrir öðrum framkvæmdum, að mér skildist á ummælum hans, þó að þau væru hálfloðin, að taka það fram, að það var nú ekki eins auðvelt og hæstv. viðskmrh. vildi láta skína í að fá ákveðið, að raforkumálin hefðu ákveðinn forgangsrétt fyrir öðrum framkvæmdum. En það hendir stundum þennan ráðh. að ruglast ofur lítið í röksemdum, þegar hann flytur mál, og verður það þess vegna að afsakast.

Ég vil enn nefna eitt atriði í málefnasamningi ríkisstj., sem er hið mikilvægasta fyrir alla þá, sem sauðfjárbúskap stunda. Það atriði er, að framleiðendur sauðfjárafurða eigi kost á rekstr-

arlánum út á afurðir sínar fyrir fram snemma á framleiðsluárinu eftir hliðstæðum reglum og lánað er út á sjávarafurðir. Rekstrarfjárskortur hefur að undanförnu mjög kreppt að þeim bændum, er aðallega framleiða söluvörur, sem falla að mestu til aðeins einu sinni á ári, eins og er með sauðfjárafurðir. Hin mesta nauðsyn er með þeim breyttu búskaparháttum, er nútímatækni í landbúnaði hefur í för með sér, að séð verði fyrir slíkum rekstrarlánum. Þetta mál er nú í undirbúningi hjá ríkisstj. eins og önnur þau atriði, er málefnasamningur þessi fjallar um.

Þótt hér hafi einkum verið gerð grein fyrir málum, sem ríkisstj. hefur bundizt samningum um að vinna sameiginlega að og hrinda í framkvæmd, þá er þrátt fyrir það djúptækur ágreiningur um ýmis þjóðfélagsmál milli Framsfl. og Sjálfstfl. Svo hlýtur það ávallt að vera, þegar tveir flokkar með ólík sjónarmið á mörgum grundvallaratriðum þjóðfélagsmálanna starfa saman. En Ísland og þjóðin öll gerir þá kröfu til stjórnmálaflokka, að þegar fjárhagslegt sjálfstæði og heiður þjóðarinnar er í veði, geti ólíkir stjórnmálafl. tekið höndum saman um lausn aðkallandi vandamála og starfað að lausn þeirra, þótt margt skilji, og það er þetta, sem núverandi ríkisstj. er staðráðin í að gera.

Tími minn leyfir ekki, að ég ræði hér fleiri atriði úr málefnasamningi ríkisstj., en að sjálfsögðu verður unnið markvisst að því að framkvæma að fullu öll atriði hans. En að eðlilegum hætti tekur það nokkurn tíma að vinna að fullkominni lausn allra þeirra mála, sem þar er fjallað um.

Ég vil svo að lokum segja þetta: Framsfl. hefur frá upphafi verið ábyrgur stjórnmálaflokkur í öllum athöfnum sínum. Hann hefur tekið þátt í flestum ríkisstj. s. l. 35 ár, sem eru langmesta framfaratímabil í hartnær 1100 ára sögu hinnar íslenzku þjóðar. Ávallt hefur Framsfl. látið málefnin ráða, bæði við myndun ríkisstj. og eins við framkvæmd stjórnarathafna. Framsfl. hefur því ávallt staðið í fylkingarbrjósti um framkvæmd allra mestu framfaramála, sem fram hafa verið knúin þetta árabil. Við stjórnarmyndunina s. l. haust réðu enn algerlega sömu sjónarmið. Flokkurinn lítur svo á, að með málefnasamningi núverandi ríkisstj. hafi verið ákveðið að hrinda í framkvæmd svo stórfelldum umbótum fyrir landsmenn og þá ekki síst fólk í strjálbýli utan Reykjavíkur, að það hefði verið fullkomið ábyrgðarleysi og glæframennska, ef flokkurinn hefði neitað þátttöku í núverandi ríkisstj. með þeim málefnasamningi, sem fáanlegur var. Ég veit, að framsóknarfólk um allt land skilur þetta og kann að meta það. — Ég óska svo öllum landsmönnum árs og friðar.

**Forseti (JörB):** Þá er fyrstu ræðuumferð lokið. Nokkuð hafa hinir einstöku ræðumenn farið yfir tímann, sem ákveðinn var, en ég geri ráð fyrir, að ef ekki kemst jöfnuður á við næstu ræðuumferð, þá verði það jafnað til fulls við 3. umferðina, og þá getur enginn hv. ræðumaður farið yfir það, sem tilskilið er.

Hv. 11. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, tekur til máls og talar af hálfu Sósfl.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Hv. þm. Alþfl., Eggert Þorsteinsson, minntist hér í ræðu sinni á hvíldartíma háseta á togurum, og taldi hann mál þetta sérstakt áhugamál Alþfl. Má ég minna þennan þm. á þá staðreynd, að sósíalistar höfðu flutt þetta mál tvisvar á Alþingi, áður en Alþfl. gerði sér ljóst, að hér væri um hagsmunamál íslenzkra sjómanna að ræða. Og það var einmitt stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem lagðist á afgreiðslu þessa máls og svæfði það í n. Ég held, að Alþfl. ætti að fara sér hægt í að hæla sér fyrir afstöðu í þessu hagsmunamáli sjómanna.

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt hér hugðnæma ræðu í gærkvöld um húsnæðismálin. Lýsing hans á bölvun húsnæðisleysisins og hörmungum heilsuspillandi íbúða var lýsing þess manns, sem margt hefur fengið að heyra og sjá af ástandi húsnæðismálanna hér í Reykvjavík. Já, víst er það hörmulegt, að ung hjón skuli ekki geta stofnað heimili vegna húsnæðisleysis, og sannarlega er það hryggðarefni, að börn og unglingar skuli, eins og borgarstjórinn ræddi um, leiðast á glapstigu vegna húsnæðisleysis foreldranna. Og auðvitað er það hryllilegt, að nú um miðja 20. öldina skuli hundruð barna í Reykjavík alast upp í heilsuspillandi bröggum og garðaskúrum. En er það ekki nokkuð djarft af borgarstjóranum í Reyjavík að ætlast til þess af því fólki, sem séð hefur þessar hörmungar og býr við þær, að það falli fram og tilbiðji Sjálfstfl. og þakki honum fyrir það, sem unnizt hefur á í húsnæðismálunum?

Árið 1946 voru sett lög um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Samkvæmt þeim áttu ríki og bær í sameiningu að útrýma braggaíbúðum og öðru óhollu húsnæði. Strax árið eftir að lögin voru sett vann Sjálfstfl. að því að drepa lögin á Alþingi. Síðan hafa sjálfstæðismenn á hverju ári drepið till. okkar sósialista um framkvæmd þessara laga.

Það var Sjálfstfl., sem samþ. lögin um fjárhagsráð. Það var fjárhagsráð undir stjórn sjálfstæðismanna, sem bannaði mönnum að byggja yfir sig.

Hvernig getur nú borgarstjórinn í Reykjavík komið ofan í þessar staðreyndir og beðið um þakklæti fyrir hönd Sjálfstfl. fyrir góða baráttu í húsnæðismálunum? Dettur sjálfstæðismönnum í hug, að þeim verði þakkað fyrir, þó að þeir hafi verið knúðir til að láta af því banni, sem þeir sjálfir höfðu sett um byggingu smáíbúða? Dettur sjálfstæðismönnum í hug, að þeim verði þakkað fyrir, þó að þeir hafi verið knúðir til að leyfa mönnum að hafa sómasamlega rishæð í smáíbúðunum? Nei, slíkt væri mikill misskilningur. Eða heldur borgarstjórinn, að allir þeir smáíbúðabyggjendur í Reykjavík, sem orðið hafa að hrekjast út úr bænum með byggingar sínar, vegna þess að íhaldið í Reykjavík neitaði þeim um lóðir undir smáíbúðirnar, færi íhaldinu þakkir fyrir? Er það ekki staðreynd, að Reykjavík hafi í ár aðeins úthlutað 50—60 lóðum undir smáíbúðahús, en Kópavogshreppur hafi úthlutað 250 lóðum? Og minnist ekki borgarstjórinn í Reykjavík þess, að fyrir nokkrum dögum drápu flokksbræður hans á Alþingi allar till. um fé til

húsnæðisbygginga, og vegna þess á nú að afgreiða þannig fjárlög fyrir næsta ár, að ekkert fé er ætlað til byggingar íbúðarhúsa? Er kannske hrollur í borgarstjóranum í Reykjavík í sambandi við húsnæðismálin í tilefni af komandi bæjarstjórnarkosningum?

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og fjmrh., Eysteinn Jónsson, töluðu hér báðir í gærkvöld. Þeir komu víða við, og var báðum mikið niðri fyrir. Það vakti þó athygli, að hvorugur þeirra minntist á atvinnuvegina. Um þá höfðu þeir ekkert að segja. Forsrh. eyddi sínum tíma í umr. um ímyndað verzlunarfrelsi og athafnafrelsi og um væntanleg skattalög, sem ekkert var þó hægt að segja um, hvernig yrðu. Sjávarútvegsmálin voru ekki í huga hans. Maður gat haldið, að þar væri allt í stakasta lagi. En hefur verið samið um rekstur vélbátaflotans á næstu vetrarvertíð, sem hefst eftir nokkra daga? Nei. Og hefur verið samið við sjómennina, sem boðað hafa vinnustöðvun frá næstu áramótum? Nei. Í því hefur ekkert verið gert. Og hefur nokkuð verið gert til þess, að rekstur togaraflotans stöðvist ekki, þar sem ísfisksmarkaðurinn er brostinn og bankarnir neita enn að lána út á frystan togarafisk? Nei. Allt þetta liggur ógert, og flest bendir til þess, að eins eigi að fara að nú og stundum áður, láta allt reka á reiðanum, þar til í fullkomið óefni er komið. Fjmrh. hafði ekki heldur miklar áhyggjur af atvinnuvegum landsmanna. Hann, sá mikli tollheimtumaður, var hálfur í aurabauk ríkisins og hálfur í hernaðarskrafi. Þessir hæstv. ráðh. geta ekki vænzt þess að sleppa hér við umr. um atvinnuvegi landsins, jafnvel þótt þeim sé það nokkuð nauðugt. Þó að tollheimtumaðurinn haldi, að öll þjóðfélagsbyggingin hvíli á honum, og þó að sjútvmrh. og forsrh. í einni og sömu persónu haldi, að framtíð þjóðarinnar byggist á kaupmöngurum, þá er staðreyndin samt allt önnur. Undan umr. um atvinnuvegina verður því ekki flúið, og mun ég nú ræða hér í stuttu máli stefnu stjórnarinnar í sjávarútvegsmálum.

Auðvitað er hin yfirlýsta stefna ríkisstj. að styðja og efla atvinnuvegi landsins og skapa öllum landsmönnum næga atvinnu við þjóðarnauðsynleg störf. Í framkvæmd er stefna stjórnarinnar alger andstæða við þessa yfirlýsingu. Í stað þess að styðja atvinnuvegina styður hún þá, sem okra á atvinnuvegunum, og í stað þess að efla atvinnuvegina hrekur hún vinnuaflið frá þeim og í þjóðhættulega vinnu suður í Miðnesheiði. Árlegt verðmæti útfluttrar vöru Íslendinga er um 700 millj. kr. Langmestur hluti þessa útflutnings eru sjávarafurðir. Það er alkunna, að íslenzkir sjómenn eru fengsælli en sjómenn nokkurrar annarrar þjóðar. Norskir sjómenn koma næst Íslendingum í afköstum, en þó veiða okkar sjómenn sjöfalt meira fiskmagn hver maður en þeir norsku. Hvernig býr svo ríkisstj. að aðalatvinnuvegi landsins, sem leggur til meginhlutann af gjaldeyrisforðanum, að sjávarútveginum? Í hverju birtist stuðningurinn, og hvernig er búið að afkastamestu fiskimönnum heimsins? Er afkoma þeirra fiskiskipa, sem veiða þrefaldan og fjórfaldan afla í hverri veiðiför á við önnur skip, ekki góð? Og eru kjör þeirra afreksmanna, sem draga sjö fiska að landi á móti einum, ekki góð? Nei. Afkoma íslenzkra fiskiskipa er ekki góð, og kjör íslenzkra sjómanna eru ekki heldur góð. Það er algengt fyrirbæri, að fiskiskipin séu seld á nauðungaruppboði eða liggi mánuðum saman í reiðileysi vegna fjárskorts. Og sjómennirnir flýja fiskiskipin, svo að til vandræða horfir, enda eru þeir verst launuðu menn í okkar landi. Hvernig getur þetta nú átt sér stað einmitt hjá okkur, þar sem veiðin er svona stórkostleg? Hvað getur verið að? Ekki skortir þá væntanlega rétta fjármálastjórn? Og ekki skortir þá rétta forustu fyrir sjávarútvegsmálunum. En hvað er þá að? Óþarfi er að efast um, að íslenzka þjóðin græðir vel á sjávarútvegi sínum. Engin störf skila í þjóðarbúið jafnmiklum hagnaði og fiskveiðarnar. Á útgerð okkar er því stórkostlegur gróði. En hvað verður um gróðann?

Dagana fyrir alþingiskosningarnar í sumar slettist nokkuð upp á vinskapinn hjá stjórnarflokkunum. Þá gleymdu þeir um stund samábyrgðinni og sögðu hvor frá skömmum hins. Meðal þess, sem þá var upplýst, var gífurlegur okurgróði olíufélaganna. Morgunblaðið upplýsti þá, að olíufélag þeirra framsóknarmanna hefði stolið 700 þús. kr. af íslenzku útgerðinni á einum olíufarmi á þann hátt að segja fragtina sem þessu nam hærri en hún í rauninni var. Olíufélag Framsóknar var neytt til þess að skila þessari fjárhæð að mestu aftur vegna kosninganna, sem þá fóru í hönd. En blað þeirra framsóknarmanna, Tíminn, kom þá strax á eftir með heila upptalningu af olíuskipum, sem íhalds-olíufélögin hefðu leigt, og reiknaði blaðið út, hvað þau hefðu stolið miklu af olíukaupendum með of háum frögtum af þeim skipum. Tíminn sannaði, að uppgefnar fragtir þessara skipa hefðu verið miklu hærri en meðalfragtir voru um þetta leyti. Þessi þjófnaður hefur numið milljónum króna.

Fyrir skemmstu var gerður viðskiptasamningur við Sovétríkin, þar sem samið var um kaup þaðan á ársnotkun Íslendinga af olíum. Verðið á olíunni var lægsta heimsmarkaðsverð. En hvernig hefur ríkisstj. hagað framkvæmd þessa samnings? Gerði hún ráðstafanir til þess að tryggja landsmönnum eins hagstæðan flutning á öllu þessu mikla magni af olíum og hægt var? Nei, þvert á móti. Hún afhenti gömlu olíufélögunum samninginn, olíufélögum stjórnarflokkanna, þeim hinum sömu og sannað var fyrir síðustu kosningar að hefðu stórsvindlað á olíuflutningunum til landsins. Og hvernig er svo háttað dreifingarkostnaði olíufélaganna og olíusölunni innanlands? Nú er opinberlega upplýst, að hráolía og olía sú, sem bátaflotinn notar, kostar hingað komin til landsins 490 kr. tonnið. Útsöluverðið er svo 840 kr. tonnið, eða m. ö. o., 350 kr. taka olíufélögin af hverju tonni í dreifingarkostnað. Alls munu olíufélögin taka 35—40 millj. kr. á ári fyrir dreifingu þessarar olíu. Auk þess er svo dreifing togaraolíu og benzíns. Til sönnunar því, hvers konar okurstarfsemi þarna er rekin á sjávarútveginum, má nefna, að þau olíusamlög útvegsmanna, sem beztum samningum hafa náð við olíufélögin, hafa fengið um 100 kr. í afslátt af hverju tonni, en þá taka samlögin á sig alla áhættu og allan smásöludreifingarkostnað. Þessi olíusamlög sýna

hagstæðan rekstur og sanna þar með, að allur dreifingarkostnaðurinn er langt undir 100 kr. á tonn, en olíufélögin fá 350 kr. á tonn. Það er því augljóst, að olíufélögin græða ekki aðeins stórfúlgur á flutningi olíunnar til landsins, heldur 20—30 millj. á dreifingunni innanlands á hverju ári. Ríkisstj., sem þykist styðja sjávarútveginn og er alltaf að bauka við einhver fríðindi fyrir bátaflotann, getur því miður ekki hreyft við þessu olíuokri. Það verður að vera eins og það hefur verið, því þó að hún elski nú ýmsa útgerðarmenn nokkuð mikið, þá elskar hún samt olíufélögin sín heldur meira.

Olíufélögin eru ekki þau einu, sem draga að sér gróða útgerðarinnar. Samkvæmt nýútkominni skýrslu frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda lækkuðu fragtir stórkostlega frá árinu 1951 til 1952. Í skýrslunni segir, að fragtir á saltfiski frá Íslandi til Miðjarðarhafslanda hafi lækkað um 100 shillinga á tonn á þessum tíma. Sú lækkun nemur um 230 kr. á tonn, eða 23 aurum á hvert saltfiskskíló. Lækkunin nemur því, miðað við allan útflutninginn á saltfiski árið 1951, um 7 millj. kr. Enginn þarf að efast um, að enn er góður hagnaður á rekstri vöruflutningaskipa. En þá er líka augljóst, hvað gerzt hefur árið 1951. Að minnsta kosti 7 millj. kr. hafa verið teknar í hreinan gróða skipafélaganna aðeins af útflutningi á saltfiski árið 1951. Það sama hefur gerzt þetta ár með frosna fiskinn og aðrar útflutningsvörur. Við þetta allt bætist svo gróðinn af innflutningi vara til landsins. Það þarf engan að undra, þó að upp rísi á örfáum árum heill skipastóll hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga með mörgum skipum og þó að Eimskipafélag Íslands græði álitlega á hverju ári. Tugir milljóna króna hafa af gróða íslenzkrar útgerðar runnið á ári hverju til þeirra skipafélaga, sem ríkisstj. hefur haft velþóknun á og ekki séð ástæðu til að draga úr gróðanum hjá.

Bankar landsins hafa ekki farið varhluta af þeim gróða, sem íslenzk útgerð hefur skapað á undanförnum árum. Landsbankinn sýndi í reikningum sínum fyrir árið 1951 28 millj. kr. í gróða. Það sama ár var vélbátafloti landsmanna tekinn til almennra skuldaskila.

Vátryggingarfélög taka drjúgan hluta af gróða útgerðarinnar á ári hverju. Samkvæmt skýrslum hagstofunnar greiddu Íslendingar árið 1951 21 millj. kr. meira út úr landinu í vátryggingargjöld en greitt var til landsmanna í bótum það ár. Árið á undan voru tryggingarnar Íslendingum óhagstæðar um 13 millj. kr. Þannig græða erlend vátryggingarfélög stórfé. En auk þess er svo gróði innlendra umboðsfélaga þeirra.

Enn er einn aðili, sem rétt er að nefna, þegar rætt er um þá, sem draga að sér gróða íslenzkrar útgerðar, en það er ríkissjóður sjálfur. Ríkisstj., sem heldur verndarhendi sinni yfir þeim, sem ég hef hér gert að umtalsefni og í ríkustum mæli reyta til sín hagnaðinn af sjávarútvegi landsmanna, lætur sannarlega ekki á sér standa með álögur á atvinnuvegi landsins. Í ár innheimtir hún tekjur í ríkissjóð um 480 millj. Þetta fé er að langmestu leyti innheimt í formi tolla og söluskatts, sem hvort tveggja hvílir með ofurþunga á atvinnuvegunum. Till. um að aflétta hinum illræmda söluskatti fást ekki ræddar. Till. um að aflétta þó a. m. k. söluskatti af vélum í fiskibáta, af öryggistækjum til fiskiskipa og af landbúnaðarvélum eru steindrepnar, um leið og þær koma fram. Þessi örfáu dæmi, sem ég hef hér nefnt, ættu að sýna, svo að ekki yrði um villzt, að ríkisstj. metur meir hagsmuni millilíða og okurfélaga, sem soga til sín gróðann af framleiðslunni, en hag atvinnuvega landsmanna.

Ríkisstj. er stjórn tveggja stjórnmálaflokka. Þeir hafa báðir búið um sig í þeim okurstofnunum, sem mest draga til sín af raunverulegum gróða atvinnuveganna. Alls staðar blasa við helmingaskipti stjórnarflokkanna. Það er sama, hvort litið er á bankana, olíufélögin, vátryggingarfélögin, skipafélögin eða ríkisstjórnina. Alls staðar má sjá höfuðpaura stjórnarflokkanna skipta með sér gróðanum af framleiðslu landsmanna. Ef sá mikli gróði, sem raunverulega fellur til frá atvinnuvegum þjóðarinnar, rynni til atvinnuveganna, þá þyrfti ekki lengur að tala um hallarekstur þeirra og þá gætu þeir goldið verkafólki og sjómönnum, fólkinu, sem öll framleiðslan byggist á, miklu hærra kaup en nú er gert og skapað aðstreymi að atvinnuvegum landsins í stað flótta frá þeim, eins og nú er. Þá gætu afkastamestu fiskimenn heimsins, mennirnir, sem vinna tvöfaldan vinnudag á við aðra landsmenn, mennirnir, sem standa við störf sín á flestum helgidögum ársins og ekki þekkja mun dags og nætur, þegar aflinn er annars vegar, borið réttlátan hlut frá borði í stað smánarlauna eins og nú er. En til þess að það geti skeð, verður að losna við sníkjulýðinn, sem nú hirðir gróða atvinnuveganna. Til þess þarf að afnema olíuokrið, afnema okur flutningaskipa og gera banka og tryggingarfélög að eðlilegum þjónustustofnunum atvinnuveganna. En ekkert af þessu verður gert, nema skipt sé um ríkisstj. og breytt sé um stjórnarstefnu, og það er fyrsta og stærsta verkið, sem kallar á verkamenn, sjómenn og alla alþýðu þessa lands.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Í þessum umræðum kemur fyrst og fremst til álita stefna ríkisstj. í innanlandsmálum. Ég ætla að nota þessar mínútur til þess að fá ykkur, hlustendur góðir, til þess að hugleiða það með mér, hvernig stjórnarstefnan ætti helzt að vera, og bera það saman við, hvernig hún hefur orðið í höndum núverandi stjórnarflokka.

Getum við ekki verið sammála um, að höfuðhlutverk sérhverrar ríkisstj. sé að halda þannig á málum, að allir vinnufærir menn eigi kost á lífvænlegri atvinnu? Ég geri ráð fyrir, að svo sé. Þá skulum við athuga, hvort núverandi stjórnarflokkar hafa gegnt þessari skyldu sinni.

Allir vita, að á árunum 1950—51 var hér mikið atvinnuleysi. Á því tók að bera svo að segja strax eftir að núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum 1950. En svo breyttist þetta. Af hverju? Nú starfa um 3 þús. manns á Keflavíkurflugvelli við óarðbær störf á vegum erlends ríkis. Ríkisstj. hefur ekkert aðhafzt til þess að sjá öllu þessu fólki fyrir atvinnu við framleiðslustörf, þegar hernaðarframkvæmdunum lýkur. Og ef þeim lyki skyndilega, yrði hér ægilegt atvinnuleysi. Það er

óhugnanlegt, að svo skuli komið fyrir Íslendingum, að þeir eigi vonir sínar um fulla atvinnu undir hernaðarframkvæmdum á vegum útlendinga. Þetta verður að breytast. En það breytist ekki nema með gerbreyttri stjórnarstefnu.

Getum við ekki líka verið sammála um það, að ríkisstj. eigi að vera ráðdeildarsöm? Er það ekki ein af höfuðskyldum hverrar ríkisstjórnar? Eða haldið þið kannske, að ríkisstj. sé ráðdeildarsöm?

Ég leit um daginn yfir eldhúsumræður fyrir 25 árum. Það var áður en sú ógæfa hófst í íslenzkum stjórnmálum, að Sjálfstfl. og Framsfl. tækju höndum saman um stjórn landsins. Einn ræðumanna gagnrýndi þá harðlega, að varið væri til hestahalds, bifreiðar o. fl. 11295.13 kr., og hann bætti við: „Dómsmrh. fór mörgum orðum um það, hve mikill búhnykkur það væri fyrir landið, að stjórnin hefði eigin bíla til sinna þarfa. Það getur náttúrlega vel verið, þegar miðað er við það ástand, sem nú er, þar sem dómsmrh. er sýknt og heilagt á sífelldum þeytingi út um allar jarðir með gæðinga sína til veizluhalda hér og þar og annars af slíku tagi, að þá sé það ódýrara, að landið eigi bifreiðar, en að leigja þær til þess af öðrum í hvert skipti. Í þessu kemur vitanlega fram sama óhófið og fjárbruðlunin hjá ráðh. á fé ríkissjóðs eins og á öðrum sviðum, og er sú eyðsla eða allmikill hluti hennar sannarlega þess eðlis, að ástæða sé til þess að átelja það."

Hver haldið þið nú, að hafi mælt þessi orð? Hann á enn sæti á þingi og er í hópi reyndustu og virðulegustu þingmanna. Það er Pétur Ottesen, núverandi formaður fjvn. En á þessum aldarfjórðungi hefur orðið mikil breyting, bæði á hesta- og bifreiðahaldi ríkissjóðs og þá ekki síður á flokki hv. formanns fjvn. Nú er ekki um það að ræða, að ríkissjóður hafi keypt einn bíl. Á s. l. tveim árum hefur ríkisstj. flutt inn handa sér hvorki meira né minna en 9 bíla og þá ekki af lakari tegundinni. Ríkissjóður gerir nú út 6 bíla handa ráðherrunum, og mun kostnaðurinn við það bílahald ekki vera undir ½ millj. kr. á ári. Það eru nærri 1700 kr. á hvern vinnudag ríkisstj. Finnst ykkur ekki full ástæða til þess að taka undir þau ummæli formanns fjvn., þótt gömul séu, að ástæða sé til þess að átelja þetta óhóf og fjárbruðl?

Hæstv. fjmrh. fjölyrti um það í gærkvöld, að ekki væri hægt að lækka skatta og tolla og auka jafnframt útgjöld til verklegra framkvæmda. Minnti hann í því sambandi á skó, sem hefðarmey nokkur hefði viljað hafa litla að utan, en stóra að innan. En hann gleymdi að geta þess, hvert verið hefur höfuðeinkenni á fjármálastjórninni síðari ár, en það er, að tekjur af tollum og sköttum hafa alltaf verið að hækka, en útgjöld til verklegra framkvæmda hins vegar alltaf að minnka hlutfallslega. Skór ríkisstj. hafa m. ö. o. alltaf verið að stækka að utan, en minnka að innan, svo að ávallt hefur orðið þrengra og þrengra um fótinn. Sjálft ríkisbáknið hefur nefnilega alltaf verið að þenjast út. Skórinn sjálfur hefur alltaf verið að stækka og er löngu orðinn að þungum klossa.

Við skulum halda áfram að athuga, hvert við eigum að telja markmið góðrar stjórnarstefnu. Erum við ekki sammála um, að eitt höfuðmarkmið hennar eigi að vera að tryggja hagkvæm utanríkisviðskipti, að eyða ekki meiru en við öflum, að koma í veg fyrir skuldasöfnun? Hafið þið athugað, hvernig ríkisstj. hefur haldið á málum á þessu sviði?

Á fyrstu 10 mánuðum ársins var vöruskiptahallinn 284 millj. kr. Greiðsluhallinn var minni, en þó 75 millj. Þessi greiðsluhalli jafnaðist með Marshallfé, en framvegis mun ekki berast meira fé úr þeirri átt. Og nú hljótið þið að spyrja: Hvað tekur við? Á undanförnum árum, 5 árum, höfum við fengið Marshallgjafir að upphæð 435 millj. kr., einkum þó síðan 1950. Þetta fé hefur verið höfuðuppistaða þess, að hægt hefur verið að rýmka verulega um innflutninginn. En óstjórnin hefur verið slík, að samt sem áður höfum við safnað skuldum erlendis. Í lok októbermánaðar skulduðu bankarnir 23 millj. kr. erlendis. Hvað finnst ykkur? Er sú stjórnarstefna, sem hefur þessar afleiðingar, ykkur að skapi?

Hæstv. forsrh. gumaði mjög af því í gærkvöld, að sparifé hefði aukizt um 127 millj. kr. fyrstu 10 mánuði ársins, og taldi það bera vott um heilbrigða fjármálastefnu. En hann þagði um hitt, að á sama tíma hafa útlánin aukizt um 304 millj. eða meira en helmingi meira. Skyldi hann líka telja það bera vott um heilbrigða fjármálastefnu?

Hæstv. viðskmrh. vegsamaði mjög frv. sitt um innflutningsskrifstofuna í ræðu sinni áðan. Formaður fjhn. Nd., Skúli Guðmundsson, er þó ekki alveg eins hrifinn. Hann hæddist að frv. í gærkvöld, og um daginn sagði hann á Alþ., að í frv. fælist lítið annað en fremur lágkúruleg nafnbreyting, og er það orð að sönnu. Annars er tal ræðumanna Sjálfstfl. um ást þeirra á frjálsri verzlun dálítið spaugilegt, þegar það er haft í huga, að flokkurinn hefur ekki mátt heyra nefnt, að útflutningsverzlunin væri gefin frjáls, og felldi um daginn till. um að gefa innflutningsverzlunina alveg frjálsa.

Hæstv. viðskmrh. minntist áðan á frv. okkar Alþfl.-manna um kosningabandalög. Hann líkti kosningabaráttu við kúluvarp. En eigi að líkja kosningabaráttu flokka, sem hafa með sér bandalög, við einhverja íþróttakeppni, þá væri það helzt boðhlaup. Ef Ingólfur Jónsson tæki þátt í boðhlaupi, þætti mér líklegast, að hann yrði síðastur í sínum riðli. En sveit hans gæti samt unnið með réttu, ef aðrir í henni væru þeim mun hraðari á sprettinum. Það ber annars vott um mikla fávizku, þegar menn tala um kosningabandalagsfrv. eins og fáheyrða till. Nákvæmlega sams konar skipun var nefnilega lengi í gildi bæði í Noregi og Svíþjóð.

Enn skulum við halda áfram að athuga, hvernig stjórnarstefnan ætti að vera. Ætti hún ekki að miða að því, að við eigum sem neytendur kost á sem ódýrustum vörum? Skyldi ríkisstj. hafa stuðlað að því?

Þegar núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum, var það eitt af fyrstu verkunum að afnema nær allt verðlagseftirlit. Höfuðrökin voru þau, að verðlagseftirlit væri dýrt og auk þess óþarft. Afnám verðlagseftirlitsins hafði auðvitað þegar í stað í för með sér gífurlega hækkun á álagningu.

Milliliðirnir græddu milljónatugi. En hvernig fór um kostnaðinn? Nú er haldið uppi verðlagseftirliti með sárafáum vörutegundum. Það eftirlit kostaði í fyrra 27 þús. kr. meira en verðlagseftirlitið með öllum vörum kostaði 1949.

Á það ekki líka að vera höfuðskylda ríkisstj. að tryggja framleiðendum útflutningsafurða sannvirði fyrir framleiðslu sína? Hvernig skyldi ríkisstj. hafa gegnt því hlutverki?

Þegar gengi krónunnar var lækkað 1950, hækkaði útflutningsverð allra íslenzkra afurða um 74%. En fiskverðið til sjómanna hækkaði ekkert. Það hækkaði ekki um einn eyri fyrr en í ársbyrjun 1951, þegar bátagjaldeyrisálaginu var skellt á almenning. Þá hækkaði það í 96 aura. En 1952 hækkaði það svo aftur í 105 aura. Sjómennirnir græddu þannig ekkert á gengislækkuninni sem framleiðendur, heldur töpuðu á henni sem neytendur. Og þeir fengu ekki nema sáralítinn hluta af bátagjaldeyrinum. Hagnaðurinn af þessum ráðstöfunum rann eins og fyrri daginn í vasa milliliða í fiskframleiðslunni og útflutningsframleiðslunni, en ekki einungis þangað, heldur högnuðust innflytjendur og stórkostlega á því að leggja á bátagjaldeyrinn. Hvað segja sjómenn um þessa ráðsmennsku? Og hvað segir allur almenningur um það, að ein helzta framleiðslustétt þjóðarinnar skuli hlunnfarin jafnblygðunarlaust og hér hefur átt sér stað? Það er óvefengjanlegt, að það græða nú allir á íslenzkum fiski nema sjómenn og smáútvegsmenn. Þeir bera skarðan hlut frá borði og tapa. En gróði hinna er mikill, bæði innan landssteinanna og þá ekki síður utan þeirra.

Um það hefur verið margrætt opinberlega, að í sambandi við íslenzka útflutningsverzlun þróist margs konar spilling. Má í því sambandi minna á skýrslu fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna í London um saltfisksverzlunina í Ítalíu, þar sem hann hélt því fram, að umboðsmaður Sölusambands ísl. fiskframleiðenda þar í landi og nánir vinir hans og þó einkum ítalskur kaupmaður að nafni Marabotti högnuðust stórlega á íslenzka saltfiskinum, sem seldur væri þar í landi. En það er engu líkara en að einhverjum hér hafi fundizt Marabotti þessi ekki vera fullsæmdur af miklum og vafasömum gróða á íslenzkum saltfiski. Orðunefnd hefur nefnilega sæmt hann stórriddarakrossi hinnar íslenzku fálkaorðu, þótt ekki hafi enn verið skýrt frá því opinberlega af einhverjum ástæðum.

Þetta er býsna gott dæmi um ástandið í íslenzku þjóðfélagi. Sjómennirnir, sem draga fiskinn úr sjónum og heyja erfiðustu lífsbaráttu, sem háð er í þessu landi, hætta jafnvel lífi sínu, búa við slæm kjör og eru hlunnfarnir af alls konar milliliðum með hjálp ríkisvaldsins. Þeir eru jafnvel lítilsvirtir með því að meina þeim að vera aðilar að samningum um hæð kaups þeirra, fiskverðið. En útlendir kaupmenn, sem hirða ávöxt af striti þessara manna, eru heiðraðir með fágætum íslenzkum heiðursmerkjum. Það er að vísu ekki þess konar heiður, sem íslenzkir sjómenn sækjast eftir, jafnvel þótt þeir vinni dæmafá afreksverk á sjónum. Þeir hafa án efa skömm á slíku prjáli. En það er táknrænt, að þeir, sem græða á fiski sjómannanna í útlöndum, skuli vera heiðraðir sérstaklega, samtímis því, sem sjómönnunum hér heima er ekki einu sinni sýndur sá sómi að fá að taka þátt í samningum um fiskverðið. En þeir eiga að heimta rétt sinn. Þeir eiga að krefjast þess að fá refjalaust í sinn hlut sannvirði þess fisks, sem þeir afla.

Við skulum víkja að einu atriði enn, sem góð ríkisstj. hlýtur að hafa í stefnu sinni. Það er að stuðla að því, að allur almenningur eigi kost á sómasamlegu húsnæði. Hvað hefur núverandi stjórnarflokkum orðið ágengt í þessum efnum? Um það bil sjötti hver Reykvíkingur mun búa í slæmu eða ófullnægjandi húsnæði. 2400 manns búa í bröggum, þar af 1800 konur og börn, og hefur íbúum bragganna fjölgað síðan 1947.

Borgarstjórinn í Reykjavík sagði í gærkvöld, að það væri gildur þáttur í íslenzku þjóðareðli allt frá upphafi Íslands byggðar, að Íslendingar vildu eiga hús sín sjálfir. Þetta var vel mælt og réttilega. En skelfing hlýtur manni þá að finnast lítið fara fyrir Íslendingseðlinu í brjóstum bæjarstjórnarmeirihlutans hér í Reykjavík, því að ekkert hús á bærinn fyrir sig og sína starfsemi. Bæjarstjórnarfundir eru haldnir í leiguhúsnæði í þakherbergjum eins af stórhýsum bæjarins, og bæjarskrifstofurnar eru dreifðar út um bæinn, allar í leiguhúsnæði, sem tugir þúsunda eru greiddir fyrir mánaðarlega. Það hefur löngum þótt hægara að gefa heilræði en halda þau.

Ég hef nú nefnt nokkur dæmi um atriði, sem flestir geta verið sammála um, að góð ríkisstj. eigi að hafa sem grundvallaratriði stefnu sinnar. En ég hef jafnframt sýnt fram á, að núverandi stjórnarflokkar brjóta gegn þeim öllum. Hvernig stendur á þessu? Allir vita þó, að það eru hvorki aulabárðar né misindismenn, sem landinu stjórna. En hvers vegna stjórna þeir þá svona? — hljóta menn að spyrja. Við skulum láta þá svara sjálfa. Við skulum fletta upp í aðalmálgögnum stjórnarflokkanna, Morgunblaðinu og Tímanum, fyrir kosningarnar í sumar.

Morgunblaðið hóf kosningabaráttuna með því að skýra frá því, að Sambandið hafi verið í þann veginn að hafa 700 þús. kr. af sjómönnum og útvegsmönnum í sambandi við vöruflutninga. Tíminn svaraði með því að skýra frá því, að Eimskipafélagið hefði grætt 125 þús. kr. á einum áburðarfarmi. Þá fór Morgunblaðið að tala um 1.6 millj. kr. ólöglegan hagnað Olíufélagsins. En Tíminn staðhæfði þá, að Shell og BP hefðu grætt rúml. eina milljón á olíuflutningum á fyrstu þrem mánuðum ársins og auk þess hefði Eimskip grætt 720 þús. kr. á fimm áburðarförmum. Enn svaraði Morgunblaðið með því að tala um sekt Olíufélagsins. Og þá fékk Tíminn málið fyrir alvöru. Hann skýrði frá því, að ólöglegur hagnaður einkaverzlana af verðlagsbrotum síðan 1938 hafi numið 1.8 millj. kr. og að Eimskipafélagið hafi grætt hvorki meira né minna en 51½ millj. á leiguskipunum, sem ríkisstj. útvegaði því á stríðsárunum. Nú skýrði Morgunblaðið frá nýju olíuhneyksli, Sambandið hefði nælt sér í 200 þús. kr. milliliðagróða í Ameríku. Þá tók Tíminn á honum stóra sínum og sagði, að miðað við gróða kaupfélaganna hafi gróði kaupmanna á undanförnum 10 árum numið hvorki meira né minna en 120 millj. kr.

Mér telst svo til, að milliliðaokrið, sem Morgunblaðið og Tíminn skýrðu þjóðinni frá í kosningamánuðinum, hafi numið 182 millj. kr. Svona verður niðurstaðan, þegar stjórnarflokkarnir lenda í hári saman fyrir kosningar.

En hvað er svo að gerast milli kosninga? Er svo fjarri lagi að láta sér detta í hug, að þá séu helztu skjólstæðingarnir að skipta milli sín herfanginu og vilji fá sem beztan frið til þess?

Það urðu margir forviða, þegar Sjálfstfl. og Framsfl. tóku höndum saman eftir þennan kosningabardaga. Hæstv. landbrh. mun hafa sagt það á kosningafundi á Siglufirði, að innan Sjálfstfl. væru spilltustu öfl þjóðfélagsins, og síðasta flokksþing Framsfl. samþykkti vantraust á hæstv. dómsmrh. En Morgunblaðið kallaði hæstv. fjmrh. skattpyndara og skuldakóng og hallærishöfundinn frá fyrirstríðsárunum. Er það í rauninni nokkurt undrunarefni, hlustendur góðir, þótt stjórnarstefna, sem þessir flokkar framkvæma, sé mjög frábrugðin því, sem hún ætti að vera?

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við þessa umr., sem heitir eldhúsdagsumr., er eðlilegast að tala nokkuð um fjárlögin og fjárhagsástandið í landinu.

Það heyrist um það sitt á hvað, hvort fjármálaástandið og fjármálastjórnin sé í góðu lagi eða ekki. Er því mikils um vert, að þjóðinni séu gefnar sannar lýsingar á því sviði frá fleiri hliðum en einni. Okkar hag er nú komið svo þrátt fyrir allar framfarir, að allir okkar atvinnuvegir eru í vanda staddir. Þeir þurfa meiri aðstoð með lánsfé og á annan hátt til þess að geta starfað. Mega þó allir vita, að þeir og þeirra framleiðsla er undirstaða allra okkar fjármála. En að svo er komið sem er stafar af óhófi í lifnaðarháttum, sköttum, tollum, launum og um leið margvíslegri eyðslu, sem er atvinnuvegunum um megn.

Útgjöld ríkisins hækka frá ári til árs, og svipað gerist víða annars staðar. Rekstrargjöld þessara fjárl. eru áætluð 403 millj. kr. og gjöld á sjóðsyfirliti 443 millj., en það eru samanlögð gjöld. Þau urðu samkvæmt reikningi síðasta árs (1952) 550 millj., enda hætt við, að gjöld ársins 1954 verði allverulega hærri, þegar sjást fjáraukalög fyrir það ár, því að fjáraukalögin, sem nú liggja fyrir og eru frá 1951, eru upp á 114 millj. kr.

Til samanburðar vil ég nefna gjöldin á árinu 1946. Þá urðu rekstrargjöld 170 millj. og öll gjöldin 228 millj. Gjöldin hafa því meira en tvöfaldazt á þessu tímabili. Byggingarkostnaður hefur frá 1946 rúmlega tvöfaldazt eftir skýrslum hagstofunnar. Ég nefndi árið 1946, af því að fyrir það ár skilaði hinn vitri maður, Pétur Magnússon, síðasta reikningi, um leið og hann lét af fjármálastjórn. Hann var allra manna mest ásakaður um eyðslu og hvað mest af sumum þeim, er mestu hafa ráðið um fjárstjórnina síðan. Það er því nauðsynlegt, að fólkið fái rétta mynd af breytingunni. Það er umhugsunarefni fyrir allan landslýð. En hvernig stendur svo á allri þessari hækkun? Í því efni þýðir lítið að kasta hnútum milli manna og flokka. Staðreyndirnar tala sínu máli. Allt hefur skrúfað hvað annað upp, vöruverð, flutningar innanlands og utan, opinber gjöld, laun og kaupgjald.

Allt þetta hefur stefnt í sömu átt. Sumt af því hefur verið okkur sjálfrátt, annað ekki. En höfuðorsökin er vísitöluskrúfan og verðuppbótareglan. Í því efni eiga allir flokkar og allar stéttir einhverja sök, en embættis- og fastlaunastéttin mesta. Ég hygg, að nú séu allir gætnari og skynsamari menn í öllum stéttum farnir að sjá, að þessi leið var ógæfuleið, en við þeir fáu, sem höfum hamlað á móti, höfum ekki fengið neinu að ráða í þessu efni. Þjóðin hefur runnið á svellglærunni og rennur enn, hvernig sem nú landtakan verður. Ég verð að segja það hér, að þeir, sem telja fjármálastjórnina góða og fjárhagsástandið í landinu á góðri leið, eru mjög nægjusamir menn. Þetta er af því, hvað eyðslan er mikil á öllum sviðum og óvissan um framtíðina. En fólkinu líður vel, og hagur ríkissjóðs er góður, segja menn. Þetta er satt og hvort tveggja mikils virði. Sú undantekning er þó frá þessu, að þar sem veiðibrestur hefur þjakað sjávarbyggðir, þar er ástandið með atvinnu ekki álitlegt. En hagur ríkissjóðs er góður, og það skiptir miklu, en stafar af nokkuð óvenjulegum orsökum, en þakkarverðum eigi að síður.

Árið 1950 voru tekin upp ný úrræði fyrir atbeina minnihlutastjórnar sjálfstæðismanna með viðurkenningu á falli krónunnar og fleiri ráðstöfunum. Þess vegna hefur útflutningsframleiðslan verið möguleg síðan. Árið eftir (1951) voru innflutningshöftin leyst upp að miklu leyti. Það var eins og að taka stíflu úr á. Innflutningurinn á því ári óx um 314 millj. kr. frá því árið áður. Þetta hvort tveggja mokaði óhemjutekjum í ríkissjóð, og síðan hefur haldið áfram með öllum tollum og sölusköttum af efni til áburðarverksmiðjunnar og Sogs- og Laxárvirkjunar. Þessa vegna hafa tekjur ríkissjóðs verið geysimiklar þessi ár. Í þessu og þessu einu felst bætt fjármálastjórn síðustu ára. Þess vegna hefur verið hægt að leggja mikið fé til margvíslegra framfaramála, sem ella hefði ekki verið mögulegt. Þetta ber að þakka fyrrv. ríkisstj. og ekki síst hæstv. fjmrh., Eysteini Jónssyni. Hvers vegna honum? — munu menn segja. Því er þannig varið, að meðan Jóhann Jósefsson var fjmrh., þá stóð Eysteinn Jónsson, sem var líka í þeirri stj., sem veggur gegn allri rýmkun á innflutningi og þar með öllum auknum tekjum ríkissjóðs. Hann hefur frá byrjun verið forustumaður haftastefnunnar á Íslandi, barizt fyrir henni á öllum sviðum og framkvæmt hana allra manna mest. Þegar þessi valdamikli maður snýr alveg við blaðinu til að moka tekjum í ríkissjóðinn, eins og hann gerði 1951, þá er það vissulega þakkarvert. Það er alltaf þakklætisvert, þegar menn, sem lengi hafa fylgt rangri stefnu, snúa við og taka rökum reynslunnar, enda hefur þessi snúningur hæstv. fjmrh. haft mikilvægar afleiðingar, m. a. þá að gera okkur sjálfstæðismönnum mögulega samvinnu við Framsfl. Ella hefði sú samvinna ekki getað verið fram á þennan dag.

Eins og gefur að skilja, eru þessi stefnuskipti til orðin fyrir fortölur og forgöngu sjálfstæðismanna, sem alla tíð hafa talið frjálsa verzlun sína aðalstefnu. En breytingin af hálfu samstarfsflokksins er jafnþakkarverð fyrir því, og það, að hagur ríkissjóðsins er nú góður, gefur

hæstv. ríkisstj. og Alþ. færi á að bjarga úr mörgum vandræðum. Vandræðamálin eru líka í öllum áttum og von er til, að úr mörgu verði greitt. Það þykir mér og fleirum þó æði hart, að einkum skuli nú haldið niðri þeim framkvæmdum, sem víða er mest þörf á, sem er vegabótum, brúargerðum, hafnar- og lendingabótum og sjúkrahúsbyggingum. Til þessara mála eru framlögin að minnka raunverulega af því, hve miklu minna verk fæst fyrir hverjar þúsund krónur en var fyrir nokkrum árum. Nýir vegir um 1000 km á lengd voru teknir í tölu þjóðvega í byrjun þessa árs, en framlögin til vegamála hækka þó ekki neitt, ekki einu sinni til viðhalds vegunum. Þetta þýðir því mikla lækkun, þegar allt kemur til alls.

Það er kunnugt, að í samningum hæstv. ríkisstj. eru mörg fögur loforð, og við skulum vona, að þau verði öll framkvæmd. Eitt er þó það, sem mér og öðrum sveitamönnum er einna kærast, en það er loforðið um raflýsingu héraðanna. Það er framkvæmd á einu mesta hugsjóna- og baráttumáli okkar sjálfstæðismanna fyrr og síðar. Þau skoplegu orð hrukku fram úr hæstv. fjmrh. í gærkvöld, að raforkumálin væru meðal þeirra áhugamála Framsfl., sem þeir hefðu þurft að berjast fyrir við sjálfstæðismenn. Þetta er meira en hægt er að bjóða landsfólkinu. Saga þessara mála er of kunnug til þess, m. a. það, að framsóknarmenn gerðu það að þingrofsástæðu 1931, að til stóð að ábyrgjast 6 millj. kr. lán fyrir Sogsvirkjunina, sem var fyrsta stórvirkjun hér á landi. Hins vegar er óþarfi núna, að stjórnarflokkarnir fari að metast um þessi dýrmætu hagsmunamál. Við sjálfstæðismenn berum hið bezta traust til hæstv. raforkumálaráðh., Steingríms Steinþórssonar, og bæði ég og aðrir gerum okkur von um, að röggsamlegar framkvæmdir verði frá hans hendi í þessum efnum héruðum okkar til hagsbóta og blessunar.

En hæstv. fjmrh. sagði fleiri skopleg orð í ræðu sinni í gær, m. a. það, að framsóknarmenn hefðu gert sér helzt von um að geta samið við sjálfstæðismenn um frjálsa verzlun og lækkun skatta. Hlægilegri orð hafa ekki komið fram í þessum umr.

Aðalstefna Framsfl. var í 20 ár verzlunarhaftastefna, og höfuðsforsprakki hennar var allan tímann núverandi hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson. Nú hefur hann snúið við að miklu leyti, og gott er það, ef hann vill snúa til fulls á rétta leið, en aðalgrundvöllurinn fyrir stefnu Sjálfstfl. er frjáls verzlun.

Um skattalækkunina er svipað að segja. Hæstv. fjmrh. hefur í 20 ár verið allra manna fundvísastur á það að hækka skatta og tolla, stundum af nauðsyn, en bak við hefur þó oft staðið viðleitni til að hnekkja frjálsum atvinnurekstri. Þegar svo þessi maður þykist þurfa að berjast fyrir því við sjálfstæðismenn að fá að lækka skatta, þá er lengra gengið en hóflegt er í því að sýnast öðruvísi en verið hefur. Annars er það mjög ánægjulegt, ef allt það væri rétt, að framsóknarmönnum sé það nú mikið áhugamál að fá frjálsa verzlun og lækka skatta, og svo það, sem hæstv. ráðh. bætti við, að lofa athugun á því í alvöru að lækka eyðslugjöld ríkisins. Þá væru burt fallin stærstu ágreiningsefnin milli Sjálfstfl. og Framsfl., og þá gætum við séð hilla undir þann möguleika að gera einn flokk úr þessum tveimur stjórnarflokkum. Gamlar deilur og syndir yrðu þá að leggjast í grafarinnar djúp og ættu aldrei að rísa upp aftur. Þá mundi allur grundvöllur fyrir starfi hæstv. stj. verða annar en er. En til þess að þetta sé hugsanlegt, verðum við að fá eitthvað öruggari sannanir um breyttar aðferðir en komið hafa enn fram.

Annars vil ég segja það hér að gefnu tilefni, að í fyrra um þetta leyti var það góð samvinna milli stjórnarflokkanna, að við sjálfstæðismenn gerðum ráð fyrir friðsamlegum kosningum og framhaldandi samvinnu brotalaust, en þetta fór á aðra leið. Framsóknarmenn samþykktu á flokksþingi að slíta samvinnunni, hvernig sem kosningar færu, og samþykktu auk þess ávítur á hæstv. dómsmrh. fyrir það eitt að láta lögin ganga jafnt yfir afbrotamenn úr Framsfl. sem aðra, og út af þessu hvoru tveggja varð stjórnarkreppa, sem engin hefði þurft að verða.

Þegar ástandið í fjármálum landsins er eins og ég hef lýst, þá liggur sú spurning fyrir til úrlausnar, hvers bjargræðis sé að vænta af þeim flokkum, sem nú eru í stjórnarandstöðu. Þeirri spurningu er nauðsynlegt og skylt að svara. Í Alþfl. og Sósfl. er margt greindra og persónulega geðfelldra manna, en því miður er stefna þeirra og framferði þannig, að frá þeim er minna góðs að vænta en ætla mætti. Stefna þeirra beggja er sósíalistastefna, stefna ríkisrekstrar og ríkisyfirráða á öllum sviðum. Þeir bera á hverju þingi fram fjölda af útgjaldatill. upp á marga tugi millj. í viðbót við allt hitt. Þeir vilja meiri ríkisafskipti, hærri vísitölu, hærri laun, meiri eyðslu, en þeir þykjast vilja lægri tolla, lægri skatta, minni ríkistekjur. Hjá þeim rekur því eitt sig á annars horn og er vafið í mótsögnum og ósamkvæmni, enda þótt sumt af þeirra aðfinningum sé rétt. En frá þeim er því ekki mikils góðs að vænta á fjármálasviðinu. Aðferð þeirra er kannske öll eðlileg, og það er af því, að sósíalistastefnan er það að eyðileggja núverandi þjóðskipulag og byggja annað nýtt á rústunum.

Um hinn nýja flokk, Þjóðvfl., er ekki margt að segja enn sem komið er. Hann er óskilgetið afkvæmi kommúnista og Framsóknar. Hann hefur sýnilega lært málið af foreldrunum, en er að öðru leyti pólitískt vöggubarn.

Hvað er svo að segja um aðstöðu okkar flokks, Sjálfstfl.? Allir andstæðingar kalla hann íhald. Látum þá um það. En hvað er það, sem þeir kalla íhald? Það að vilja halda í þjóðskipulag eignarréttar og atvinnufrelsis. Það að vilja hamla gegn óhóflegum sköttum. Það að vilja vinna gegn vaxandi ríkisrekstri. Það að vinna gegn óhóflegri eyðslu. Það að vilja hrinda sem bezt fram nytsamlegum framkvæmdum í sveitum og kaupstöðum. Og þó fyrst og fremst það að búa þannig að framleiðslunni, að hún beri sig styrkjalaust. Við teljum frjálsa verzlun undirstöðuna og álítum þessa stefnu þá frjálslyndustu sem til er, en við höfum verið á undanhaldi í mörg undanfarin ár vegna samvinnu við aðra og þó gert meira gagn en nokkur annar flokkur þessa lands.

En sé okkar viðleitni íhald, eins og andstæðingarnir vilja vera láta, þá hefur það íhald ekki

megnað nema í takmörkuðum skilningi að reisa rönd gegn þeim öfgum breytinga og byltinga, sem öllu vilja umturna og gera ríkisvaldið allsráðandi, en einstaklingana valdalausa og sjálfstæðisrúna þjóna. Síðustu kosningar sýndu, að þjóðin er að átta sig á þessum sannleika, en hún verður að átta sig betur; ef veruleg von á að vera um mikla breytingu á þeirri fjármálastefnu, sem haldið hefur verið að undanförnu, þá verður samstæð heild og helzt einn flokkur að fá færi á að gera þær ráðstafanir, sem gera þarf, og bera þá á þeim alla ábyrgð. — Góða nótt.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það mun vart hafa farið fram hjá ykkur, hlustendur góðir, hvað málflutningur ræðumanna stjórnarflokkanna hefur verið sviplaður í þessum umr. Býst ég við því, að ýmsum ykkar hafi gengið illa að átta sig á því, hver þeirra talaði fyrir hvorn flokkinn um sig, sbr. þó sérstaklega ræðu hv. þm. A-Húnv., Jóns Pálmasonar, sem boðaði opinberlega sameiningu flokkanna, og hefur hann þó hingað til ekki verið talinn neinn sérstakur vinur Framsfl.

Báðum varð þeim ráðh., Eysteini Jónssyni og Ingólfi Jónssyni, á mjög alvarleg pólitísk skyssa í þessum umr. Var hún í fyrsta lagi í því fólgin, að þeir sem fjmrh. og viðskmrh. vörðu megninu af þeim ræðutíma, sem þeir höfðu til umráða, að því er ætla mætti til að skýra fjárlfrv. ríkisstj. og fjárlagaafgreiðslu stjórnarflokkanna fyrir öllum landslýð, til þess að ræða um herstöðvamálin, sem ættu að vera fjárlagaafgreiðslunni og fjárl. óviðkomandi, ef allt væri með felldu. Og í öðru lagi var þetta stórpólitísk skyssa vegna þess, hvað þeir undirstrikuðu rækilega með ræðum sínum hið órjúfanlega samband og beinu tengsl, sem eru á milli hernaðarframkvæmda og annarra framkvæmda Bandaríkjanna hér á landi og stefnu og aðgerða hæstv. ríkisstj. í íslenzkum efnahagsmálum. Mun ég því ræða það mál nokkru nánar hér á eftir, þar sem einmitt þetta atriði getur ráðið úrslitum í þeirri baráttu, sem nú er háð um sjálfstæða tilveru þjóðarinnar í framtíðinni milli gömlu flokkanna allra, að vísu með nokkuð mismunandi móti, annars vegar, og Þjóðvfl. Íslands eins hins vegar. Áður en ég geri það, þykir mér þó hlýða að gera örfáar athugasemdir við nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðum stjórnarliðsins við þessa umr.

Í gærkvöld skoraði ég á ríkisstj. að hrekja það, að 6 ráðh. hefðu nú 7 bíla og a. m. k. 5 einkabílstjóra á ríkiskostnað, röðuðu sonum sínum og tengdasonum og öðrum gæðingum á ríkisjötuna, greiddu fyrir hæstv. utanrrh. húsaleigu nær 8 þús. kr. á mánuði og ætluðu að greiða honum þingfararkaup.

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, svaraði þessu með þrem athugasemdum. Hann sagði, að það væri venja að greiða húsaleigu utanrrh. Ég spyr: Hvenær var það venja? Var fyrrv. hæstv. utanrrh., Bjarna Benediktssyni, greiddur húsaleigustyrkur? Hvers vegna er þessi húsaleiga ekki færð á fjárlög eins og húsaleigustyrkur forsrh., ef á að greiða hana?

Fjmrh. sagði, að það væri sjálfsagt að greiða ráðh. þingfararkaup, þó að hann væri ekki þm., af því að hann þyrfti endrum og eins að mæta á þingi. Ég spyr: Gegnir hann sömu störfum á þingi og aðrir þm., t. d. nefndarstörfum? Var ráðherrum utanþingsstjórnarinnar greitt þingfararkaup, eða létu þeir aldrei sjá sig á þingi? Og loks: Tilheyrir það ekki skyldustörfum ráðh. sem ráðh. að sitja á þingi?

Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sagðist ekki trúa því upp á sjálfan sig, að hann hefði ráðið tvo menn hjá ríkisstofnunum án þess að þörf væri fyrir þá. Þau orð, sem ég sagði um það, voru nákvæmlega það, sem einn af ábyrgum mönnum fyrir áfengisútsölu ríkisins í Reykjavík viðhafði í þriggja votta viðurvist, og tel ég það fullboðlega heimild. Þau dæmi, sem ég nefndi, voru aðeins fá af mörgum á lista hæstv. ríkisstj., og vil ég bæta því við, að nýlega var búið til embætti í þjóðskjalasafninu handa fyrrv. ritstjóra Alþýðublaðsins án allrar heimildar í lögum, enda hefur hann um langt skeið verið ein dyggasta hækja stjórnarflokkanna. En tengdafulltrúana og bílkostnaðinn nefndi hæstv. fjmrh. ekki í gærkvöld og ekki heldur hæstv. landbrh., Steingrímur Steinþórsson, og nefndi ég hann þó til. Munu illyrði hans í garð Þjóðvfl. af því hafa stafað.

Þá sagði hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, að hann hefði fengið sérfræðing, væntanlega gegn þóknun úr ríkissjóði, til að reikna út, hver áhrif það hefði haft á fjárl., hefðu till. stjórnarandstöðuflokkanna verið samþykktar. En svo undarlega brá við, að þegar hann kom að Þjóðvfl., bilaði bæði reiknimeistarinn og ráðh. og skiluðu engri útkomu. Var það af því, að útkoman hefði orðið óþægilega hagkvæm fyrir Þjóðvfl. og sýnt þá ábyrgðartilfinningu, sem einstök mun vera um stjórnarandstöðuflokk? Eitthvað vafðist ráðh. a. m. k. tunga um tönn, þegar að þessu atriði kom.

Ræðumenn gömlu flokkanna hafa sýnt Þjóðvfl. þann heiður að gera hann að einu aðalumtalsefninu í ræðum sínum. Hefur skelfing þeirra við tilvist Þjóðvfl. ekki leynt sér. Og það er eftirtektarvert, að engum þeirra, hvorki kommúnistum né hernámsflokkunum þrem, hefur komið til hugar annað en það, að Þjóðvfl. hlyti að vera einhverjum undirgefinn. Engum þeirra hefur dottið í hug, að hugsazt gæti, að til væru menn á Íslandi í dag, sem vildu vera Íslendingar aðeins, en ekki auðmjúkir þjónar erlends valds. Sýnir það betur en flest annað, hvernig herleiðing þessara heiðurspilta í austur og vestur hefur leikið þá, togað skynsemi þeirra og teygt, eins og sagt er að tröllin í fjöllunum hafi gert til forna og er óþarft að fjölyrða um.

Ég býst við því, að það hafi fleiri en ég komizt í vanda við að ráða þá gátu, hvaða erindi hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hafi átt í ræðustólinn hér í gærkvöld, nema þá til að framleiða hávaða, sem hann gerði svikalaust, og lesa upp margprentaðan stjórnarsamninginn. Ef það kom fyrir í ræðu hans, að hann nálgaðist eitthvert málefni, var viðkvæðið: fjmrh. skýrir nú þetta fyrir ykkur, eins og þar væri um dyggan flokksbróður að ræða, enda minntist hann aldrei á stjórnarflokkana tvo, heldur stjórnarliðið eitt, og gat ég ekki betur heyrt en þar væri eina sannleikskornið í ræðu ráðh. Afgangurinn af ræðunni var svo hinn

gamli söngur, sem allir kannast við: Kom, kom, kom í frelsisherinn. „Aukið frelsi mun fara eins og heitur straumur um þjóðina," sagði hæstv. forsrh. og bætti við, „annað væri líka svik við kosningaloforð okkar og sjálfa sjálfstæðisstefnuna". Og fjmrh. botnaði þetta með svofelldum orðum: „Fjárlögin standast ekki á næsta ári, nema góðæri haldist." Og þó eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 40—50 millj. kr. lægri 1954 en þær verða 1953. Þannig er þá málflutningur hæstv. ríkisstj. um efnahagsmálin, og má af því draga mjög mikilsverða ályktun um málflutning hennar á öðrum sviðum. Jafnhliða því sem hún heldur fram skoðun sinni um lakari efnahagsafkomu næsta ár en var á þessu ári, boðar hún með miklum bumbuslætti það, sem hún kallar aukið frelsi. Það á að auka frelsi manna til að byggja og þar með væntanlega að auka fjárfestinguna, og það á að auka verzlunarfrelsið, þ. e. a. s. í innflutningsverzluninni, og þar með væntanlega að auka innflutninginn.

En hvernig samrýmist nú þessi háværi athafnafrelsissöngur hæstv. ríkisstj. kenningum hennar um heldur lakara árferði 1954, eða a. m. k. ekki betra en á því ári, sem nú er að ljúka? Því er fljótsvarað. Í þessu er ekkert samræmi til. Skynsöm alþýða þessa lands mundi segja, að þessi málflutningur hæstv. ríkisstj. minnti helzt á öfugmælavísuna: „Fiskurinn hefur fögur hljóð." Skynsöm alþýða þessa lands veit, að til þess að unnt sé að auka fjárfestinguna, þurfa bæði þjóðartekjur og sparnaður að aukast. Hún veit einnig, að til þess að auka frelsi í innflutningsverzluninni og þar með að auka innflutninginn þarf auknar gjaldeyristekjur og því betra árferði í útflutningsatvinnuvegunum og þar með meiri *þjóðartekjur næsta ár en var á þessu ári.* En hæstv. ríkisstj. gengur út frá því sem staðreynd í væntanlegum fjárl., að sú verði ekki þróun málanna, heldur miklu fremur þvert á móti. Það má því öllum ljóst vera, að það er herfileg mótsögn í málflutningi hæstv. ríkisstj., ef engin önnur rök hníga að þeim málflutningi en þau, er sækja má í eðlilegt íslenzkt þjóðlíf.

En eru þá til einhver önnur rök, sem sækja mætti út fyrir eðlilegt íslenzkt þjóðlíf og skýrt gætu *þessa mótsögn, einhver rök eða skýringar,* sem hæstv. ríkisstj. þorir ekki, vill ekki, getur ekki eða má ekki nefna? Hugsanlegt er, að svo sé og þurfi ekki langt að leita.

Það er öllum kunnugt orðið, að s. l. 3—4 ár hafa íslenzkar ríkisstj. fallið fram og beðið um og þegið erlent gjafafé og lánsfé í gegnum Marshallaðstoð, samtals að upphæð 38.65 millj. dollara eða 630 millj. ísl. kr., en auk þess um 70 millj. kr. yfirdráttarheimild frá Greiðslubandalagi Evrópu. Þessi leið er nú lokuð íslenzkum valdhöfum. En sú athöfn að þurfa ekki annað fyrir lífinu að hafa en að biðja auðuga vini sína um ölmusu og leyfa sér þrátt fyrir það að lifa í hóflausum munaði á kostnað almennings verður að sjúkdómi þeim, sem það gerir. Haldnir þessum sjúkdómi þorðu íslenzkir valdhafar ekki að fara út á þá braut að betlitímabilinu loknu að stjórna fámennri, fátækri þjóð, sem ætlaði að sjá sjálf sjálfri sér farborða af eigin aflafé. Þess vegna játuðu þeir kröfum Bandaríkjanna um hernaðarbækistöðvar hér árið 1951, sem þeir neituðu 1945. Hræðslan við að missa gjafafé varð skynseminni og skyldurækninni sterkari, og sá möguleiki, sem þessir menn eygðu á því að fá beinar tekjur af dvöl herliðsins hér í stað gjafafjárins, lokaði augum þeirra fyrir afleiðingunum. — Og þó nægir þetta eitt ekki til að skýra mótsögnina í málflutningi hæstv. ríkisstj. fullkomlega.

Árið 1953 voru beinar gjaldeyristekjur af starfsemi herliðsins hér orðnar 140 millj. ísl. kr. í septemberlok og munu því með sama áframhaldi verða um 190 millj. kr. allt árið. Yrðu þær svipaðar næsta ár, nægði það því ekki sem ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. til að boða aukið frelsi. Það er því eitt og aðeins eitt, sem getur legið til grundvallar og skýrt boðskap hæstv. ríkisstj. um aukið frelsi, auknar framkvæmdir og aukinn innflutning. Það eru auknar framkvæmdir hersins, sem hér dvelst, svo stórauknar framkvæmdir, að þær gætu haft í för með sér stórauknar þjóðartekjur Íslendinga þrátt fyrir þann samdrátt á framleiðslu landsmanna sjálfra, sem slíkt mundi hafa í för með sér vegna skorts á vinnuafli við innlendar framleiðslugreinar. Yrði það dæmið sett upp í tölum, sem mig vantar því miður upplýsingar til að geta gert, er hætt við, að mörgum þætti ískyggilega horfa um íslenzka framleiðslu á Íslandi. Og þó er þetta það eina, sem hæstv. ríkisstj. gæti bent á til stuðnings loforðum sínum um aukið frelsi og aukinn innflutning, ef hún ætlast ekki til, að litið sé á það sem blekkingu.

Og þess sjást þegar ljós dæmi, að það er þetta, sem er á bak við orð hæstv. ríkisstj., þó að hún segi það ekki beinum orðum. Á öllum landshornum er nú verið að byggja radarstöðvar úr hollenzku grjóti, innfluttu af Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem kosta eiga hundruð millj. kr. Byggingu Keflavíkurvígis er haldið áfram af fullum krafti, og vitað er, að rætt hefur verið um bandarískа stóriðju á Íslandi, sem að vísu mundi færa þjóðinni allmiklar tekjur, á meðan verið væri að koma þeim framkvæmdum upp, en litlar eða engar síðar, heldur mundi það gera þjóðina að fátækri nýlenduþjóð, sem hefði þá lífsbjargarvon helzta að snapa eftir lausavinnu kringum bandarískar herstöðvar og stóriðjuver, en yrði aldrei trúað fyrir neinum mikilsverðum ábyrgðarstörfum. Það er vitað, að slíkar áætlanir voru ræddar af fyrrv. ríkisstj., og var frá þeim skýrt í blaði Þjóðvarnarflokksins, Frjálsri þjóð, fyrir tæpu ári, án þess að ríkisstj. mótmælti því. Einn af þingmönnum stjórnarflokkanna, hv. þm. S-Þ., Karl Kristjánsson, játaði á framboðsfundi í kjördæmi sínu, að þessar áætlanir hefðu verið ræddar. Hins vegar var þeim frestað vegna kosninganna og þó fyrst og fremst vegna þeirrar pólitísku hreyfingar, sem vakizt hafði upp gegn þeim með Þjóðvarnarflokki Íslands.

Slík er stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum landsins, sem hún boðar með málflutningi sínum, en hefur ekki karlmennsku til að játa berum orðum. Þetta er sú stefna, sem hún hefur gefið hið skáldlega heiti „jafnvægi í byggð landsins", því að af þessu seyði skal landsbyggðin öll fá að súpa. Og vegna þessarar stefnu einkennist fjárlfrv. það, sem hér er til afgreiðslu, fyrst og fremst af sívaxandi rekstrarkostnaði ríkisins og

síminnkandi framlögum til verklegra framkvæmda og athafnalífsins, svo að enn sé notuð túlkun hv. 2. þm. Eyf., Magnúsar Jónssonar. Og þess ber vandlega að gæta í þessu sambandi, að aðra stefnu en þessa hafa stjórnarflokkarnir ekki í efnahagsmálum þjóðarinnar, því eins og öllum landslýð er ljóst, hafa þeir svikið margfaldlega og eru löngu horfnir frá sinni upphaflegu stefnu.

Með þennan boðskap í huga og þessa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar leyfði oddviti hennar, hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sér að halda því fram og endurtaka það þrisvar til fjórum sinnum í umr. í gærkvöld, að vegna þess að Þjóðvfl. Íslands er þessari stefnu algerlega andvígur, hefði hann enga stefnu í innanlandsmálum og engin mál á stefnuskrá sinni nema sjálfstæðis-, herstöðva- og utanríkismál. Enda þótt þau mál séu ærið viðfangsefni og lausn þeirra sé háð, hve mikla ástæðu við höfum til að ræða önnur stjórnarfarsmál, þar sem ljóst má vera, að þjóð, sem hefur glatað sjálfstæði sínu og ræður ekki sjálf sjálfri sér, endist lítt til farsældar það eitt að jagast um önnur atriði, fer því þó víðs fjarri, að Þjóðvfl. Íslands hafi ekki markað sér skýra stefnu til allra helztu þjóðmála, en sökum fátæktar sinnar hefur flokkurinn ekki haft efni á því að útbreiða hana til allra landsmanna. Af því tilefni mun ég nú leitast við að skýra höfuðdrættina í stefnu Þjóðvfl. í efnahagsmálum, enda ástæða til, þar sem fjármál og efnahagsmál eru til umr. Það væri þó freistandi að ræða þá stefnu í samanburði við stefnu hinna stjórnmálaflokkanna, — einstaklingsframtak og frelsi Sjálfstfl., sem þýðir ótakmarkað frelsi handa fáum útvöldum til að féfletta marga, og afnot þeirra af sparifé smásparifjáreigenda og lánsfé lánsstofnana til að sölsa undir sig atvinnu- og framleiðslutækin og arð þeirra, — samvinnustefnu Framsfl., sem upphaflega var við það miðuð, að fyrirtækin skyldu stofnuð af fólkinu sjálfu fyrir fólkið, en hefur nú snúizt upp í það, að fólkið skuli þjóna undir auðsöfnun fyrirtækjanna og völd foringjanna, — samvinnustefnuna, sem Sambandið sjálft virðist nú hafa endanlega yfirgefið og kastað trúnni á, ef höfð er í huga hlutafélagastofnun S. Í. S., sem sýnilega er talið heppilegra rekstrarform af forkólfum Framsfl., — eða í samanburði við hina rússnesku ofsatrúarpólitík forustumanna Sósfl. og hina tækifærissinnuðu, rótlausu bitlingastefnu hækjuliðsins í Alþfl., sem virðist eftir ræðum hv. þm., Haralds Guðmundssonar og Eggerts Þorsteinssonar, bíða þess eins að komast í stjórn með Framsfl. og Sjálfstfl. Tími vinnst þó ekki til að ræða málið á þeim grundvelli.

Þjóðvfl. Íslands telur, að erlendar kennisetningar, byggðar á erlendum staðháttum og aðstæðum stórþjóða, verði ekki með árangri framkvæmdar óbreyttar hér við þau skilyrði, sem þjóðin býr nú og mun búa næstu öld, fámenn í stóru, strjálbýlu landi. Hann er því andvígur allsherjarþjóðnýtingu og telur, að hún leiði aðeins til ríkiskapítalisma með sízt færri göllum en hinn eiginlegi kapítalismi, án þess að í því felist nokkur dómur um það, hvað öðrum þjóðum kunni að henta í því efni. Þrátt fyrir þetta telur flokkurinn ríkisrekstur í einstökum greinum nauðsynlegan og sjálfsagðan. Stefna Þjóðvfl. er því lýðræðisleg, íslenzk stefna, byggð á íslenzkum staðháttum, aðstæðum og hugsunarhætti og þó umfram allt af íslenzku viti.

Verkalýðs-, efnahags- og atvinnumál telur hann einn málaflokk og óumdeilanlegan í eðli sínu, og hann telur engan eðlismun á hinum vinnandi stéttum, sjómönnum, bændum, verkamönnum, iðnaðarmönnum og öðrum launþegum, svo samantvinnaður sem hagur og afkomuöryggi þessa fólks er. Þjóðvfl. telur, að verkamenn nái ekki fullkomnum árangri í kjarabaráttu sinni með þeim aðferðum, sem til þessa hafa helzt verið notaðar, þ. e. einhliða launapólitík, sem fylgt er eftir með verkföllum. Stafar það af því, að ef þeir, sem með völd fara hverju sinni, eru verkalýðnum andvígir, geta þeir auðveldlega eyðilagt á svipstundu þær kjarabætur, sem nást kunna, með jafnþrautreyndum aðferðum og gengisfellingu, bátagjaldeyri, okurálagningu, skatta- og tollakúgun, svo að dæmi séu nefnd frá líðandi stund. Þess vegna er það stefna Þjóðvfl. Íslands, að hinum vinnandi stéttum beri eignarréttur á þeim framleiðslutækjum, sem lífsafkoma þeirra byggist á, og allur sá arður, sem vinna þeirra og framleiðslutækin skapa í sameiningu.

Til þess að ná því takmarki að eignast framleiðslutækin er aðeins ein leið fær. Sú leið er, að hinar vinnandi stéttir taki allar höndum saman og skapi sér það pólitíska vald, sem þarf til þess að afla þeim eignarréttar á framleiðslutækjunum og viðurkenningar á því, að sú lausn efnahagsmálanna sé jafnheðlileg og sjálfsögð og það er nú talið eðlilegt og sjálfsagt, að bændur eigi sín framleiðslutæki, atvinnubílstjórinn sinn bíl, smiðurinn sín verkfæri o. s. frv. Þessa lausn verður fólkið sjálft að undirbúa með því að mynda sín eigin samtök um eign og rekstur þeirra framleiðslutækja, sem það starfar við og afkoma þess byggist á, finna þeim samtökum það form, sem þeim hentar, og afla sér þeirrar rekstrarfræðilegu sérþekkingar og tæknilegu menntunar, sem þarf til að stjórna slíkum fyrirtækjum. Og ríkisvaldið verður að auðvelda með fjármála- og lánsfjárpólitík sinni, að þetta megi takast. Vegna okkar sérstöku þjóðfélagsaðstæðna verða slík rekstrarfélög að vera tiltölulega fámenn, svo að hver meðlimur finni greinilega, að hann sé eigandi framleiðslutækjanna, láti sér annt um þau og verði þess var, að hann ber meira úr býtum fyrir strit sitt með þessu fyrirkomulagi en því, sem hann býr nú við.

Hin fámennu rekstrarfélög geta síðan gengið til margvíslegrar samvinnu um lausn sameiginlegra verkefna svo og tekið ríkisvaldið í þjónustu fólksins til lausnar sameiginlegum viðfangsefnum í stað þess, að fólkið þjóni undir ríkisvaldið, eins og nú er og yrði þó enn meir í þjóðnýtingarskipulagi.

Þjóðvfl. Íslands er ljóst, að fram undan eru örlagaríkustu tímamót í sögu íslenzkrar þjóðar, — tímamót, sem ráða sköpum um það, hvort búa á þjóðinni vísa tortímingu í hugsanlegri styrjöld á þann hátt, sem Jóhann Sæmundsson prófessor lýsti með óhrekjanlegum rökum í ræðu, sem hann flutti 1. des. s. l., eða hvort búa á henni líf og sjálfstæða framtíð í sínu eigin landi. Þessi

tímamót er alþýða landsins ein fær um að marka, svo að til heilla megi horfa fyrir framtíð þjóðarinnar. Þess vegna setur Þjóðvfl. Íslands ofar öllu öðru heiðarleikann og trúmennskuna við stefnu sína og markmið sitt og þá hugsjón, að aftur megi búa frjáls, sjálfráð íslenzk þjóð í þessu landi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Góðir hlustendur. Maður skyldi halda af þessum umr., að það væri nýjung, að ráðh. hefðu til umráða bíla á Íslandi, en þannig hefur þetta verið í 15 ár, hverjir, sem í stjórn hafa setið, úr hvaða flokkum sem þeir hafa verið. Einu sinni tók ég við ráðuneyti af einum af aðalforkólfum kommúnista. Þá voru í ráðuneytinu einn fólksbíll og tveir jeppar.

Mig grunaði það, að hv. 8. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, mundi leka niður á því að tilnefna dæmin um mennina tvo. Það kom mér ekkert á óvart, enda varð það svo.

Hv. þm. A-Húnv. flutti hér áðan einhvern hálegasta samsetning, sem ég hef heyrt í útvarpsumr. frá Alþ. Ein spekin var sú, að ég hafi staðið á móti innflutningi í stjórn Stefáns Jóhanns, þegar Jóhann Jósefsson var fjmrh. Þá var flutt inn allt það, sem hægt var að borga, allt, sem hægt var að flytja inn gjaldeyrisins vegna, og raunar meira til. Þannig er nú sannleikurinn um þetta. Svo segir hann, að ég hafi breytt um stefnu, eftir að ég varð fjmrh., og þá orðið fylgjandi frjálsri verzlun. Það kom aldrei til greina að slaka á neinum höftum, á meðan ráðh. Sjálfstfl. fóru með fjármálastjórnina og alltaf var stórfelldur halli á ríkisrekstrinum. Þá gat frjáls verzlun ekki komið til greina. Það var fyrst, þegar ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að koma jafnvægi á ríkisbúskapinn, sem nokkur maður með fullu viti gat verið með frjálsri verzlun.

Þá sagði þessi hv. þm., að það hefði hrokkið fram úr mér í gærkvöld, að það hefði þurft að berjast við sjálfstæðismenn um rafmagnsmálið í sumar. Ég sagði aldrei eitt einasta orð í þessa átt. Þetta er hreinn skáldskapur hjá hv. þm. En úr því að hann og hæstv. viðskmrh. eru svo smekklegir í sér að fara að draga þetta hér inn í þessar umr., þá er rétt, að það komi fram, að sú till. að verja 25 millj. kr. að meðaltali á ári í rafmagn og að láta 100 millj. kr. lánsútvegun sitja fyrir öllu, var frá framsóknarmönnum.

Þá sagði þessi hv. þm.: Ja, ef fjmrh. vildi svo fara að spara, þá væri enginn ágreiningur lengur til á milli hans og sjálfstæðismanna. — Af þessu áttu menn að draga þá ályktun, að það stæði á mér að spara. Hér um bil öll útgjöld ríkisins eru á vegum annarra en fjmrn. Í hvert einasta skipti öll þau ár, sem ég hef verið fjmrh., hef ég beðið hina ráðh. um það að rannsaka sínar útgjaldagreinar og vita, hvað þeir gætu gert til þess að draga saman og spara, þ. á m. ráðh. Sjálfstfl. Ég hef aldrei fengið eina einustu sparnaðartill. frá þeim. Þetta er rétt að hv. þm. A-Húnv. viti, fyrst hann langar til þess að vita það, en auðvitað veit hann það áður. Þá vita aðrir það nú. Svo er þessi hv. þm. að leyfa sér að gefa í skyn, að það standi á mér í þessum efnum.

Þeir voru ekki að flíka því hér, stjórnarandstæðingarnir í kvöld, fremur en í gærkvöld, hvernig þeir ætluðu að afgreiða fjárhagsmálin, ef þeir mættu ráða. Þeir halda leynivopninu í fjárhagsmálunum enn þá vandlega leyndu. Leyndardómurinn er enn hinn sami, en menn hafa grun um, að það sé hinn óttalegi leyndardómur, sem ekki sé ávinningur að segja frá. Ekki er nú traustið meira á úrræðum þessara hv. stjórnarandstæðinga í fjárhagsmálum en svo.

Einn þessara ræðumanna, hv. landsk. þm., Karl Guðjónsson, sagði, að ég hefði gert Sósfl. rangt til, því að hann hefði flutt eina tekjuöflunartill., sem ég hefði sleppt að telja, og hún gæti vegið á móti öllu hinu, gefið 360 millj. kr. Hvað var svo þetta? Jú, það var að leggja tolla á það, sem bandarískt herinn flytti inn á Íslandi. Hef ég heyrt það rangt, að það væri stefna Sósfl. að reka Bandaríkjaherinn á burt? Er þá hægt að gera hvort tveggja í senn: reka herinn á burt og leggja niður allar varnir og hafa á sama tíma upp úr hernum 360 millj. kr. í tolla? Hef ég líka heyrt það skakkt, að þm. Sósfl. hafi hvað eftir annað verið að fárast um það, að menn skyldu treysta á vinnu suður á Keflavíkurflugvelli? En nú er allt í einu ekki nóg að treysta á vinnu suður á Keflavíkurflugvelli, það á að byggja ríkistekjurnar á veru hersins líka. Ef nokkuð er að marka þetta fjas þm. og till. Sósfl., þá á ríkissjóður sem sé nú líka að fara að taka tekjur sínar af hernaðarframkvæmdunum. Er nú hægt að hugsa sér öllu aumlegri frammistöðu en hér er um að ræða hjá kommúnistum?

Hv. landsk. þm., Bergur Sigurbjörnsson, var að kvarta yfir því hér áðan, að ég hefði rætt um hervarnarmálið, þegar ætti að ræða um fjármálin. Veit ekki þessi hv. þm., að þetta eru eldhúsumr.? Hér á að ræða almennt um stefnu stjórnarflokkanna. Er nú svo komið, að Þjóðvfl. vill ekki láta tala um þessi mál? Hvers vegna er þessi hv. þm. að kvarta? En hv. flokksbróðir hans, Gils Guðmundsson, reyndi þó að klóra ofur lítið í bakkann. Hann var að burðast við að mótmæla hér sumum þeirra raka, sem ég bar fram í gærkvöld í varnarmálinu. Viðleitnin var þar, en árangurinn var ekki beysinn.

Þessi hv. þm. sagði m. a., að það væri eðlilegra, að þær þjóðir hefðu varnir, sem ráðizt hefur verið á, sem hefðu sögulega reynslu, þá lægju fyrir vörnunum söguleg rök. Fékk Ísland að vera utan við síðustu heimsstyrjöld? Nei, það fékk það ekki. Vill þessi hv. þm. ekki opna augu sín í þessu máli fyrr en búið er að hernema Ísland af óvinaþjóð og fá þá sömu reynslu og Evrópuþjóðirnar hafa orðið að þola? Nákvæmlega sömu rök fyrir varnarleysi voru á sínum tíma færð fram fyrir varnarleysi Danmerkur, Noregs og Hollands fyrir síðustu styrjöld, en hvernig fór? — Þá sagði þessi hv. þm.: Írar standa utan við. Þess vegna eigum við að gera það. — Hvað er sameiginlegt með Írum og Íslendingum? Jú, þeir búa báðir á eylöndum, en Írar eru gráir fyrir járnum og hafa sínar varnir sjálfir, það er munurinn. — Þá sagði þessi þm. enn, að eylönd þurfi ekki varnir. En hver var reynslan í síðasta stríði? Hver var reynslan í Kyrrahafinu? Hvað héldu menn um Norður-Noreg fyrir síðustu styrjöld? Menn

héldu, að það kæmi ekki til nokkurra mála, að Norður-Noregur yrði tekinn af nokkurri þjóð, sem ekki réði skilyrðislaust á hafinu. En hver var reynslan? Og loks klykkti þessi hv. þm. út með því að segja, að við hefðum engar skyldur við nágrannaríki okkar í sambandi við varnarmálin, af því að það væru ýmsar smáþjóðir annars staðar í heiminum, sem væru utan við varnarsamtökin á Norður-Atlantshafinu. Þetta eru nú rök í lagi. *Af því að ýmis smáríki í Suður-Ameríku t. d.* telja sér ekki skylt eða rétt að vera í varnarbandalagi með Norðmönum, Dönum og Hollendingum, þá eigum við ekki heldur að vera það, og þá varðar okkur ekkert um þessi lönd eða samstöðuna með þeim. — Þannig eru röksemdir þessa hv. þm., þegar við þeim er hróflað. Ég vil þá víkja hér nokkuð að öðrum málum.

Út af því, sem sagt hefur verið um áætlun á tekjum ríkissjóðs, vil ég taka fram, að séu tekjurnar áætlaðar eins háar og þær geta orðið hæstar, þá er greiðsluhalli alveg vís. Ríkissjóður er flæktur orðinn í alls konar viðskipti, og á hverju *ári fellur til mikið af útgjöldum, sem ómögulegt* er að sjá fyrir fram. Það sýnir reynslan.

Umframgreiðslur á fjárl. hafa aldrei verið minni tiltölulega en síðustu fjögur árin. Verulegur greiðsluafgangur hefur aðeins orðið einu sinni, og þá var honum ráðstafað sérstaklega með lögum frá Alþ. Fjárveitingavaldið hefur því aldrei verið örugglegar í höndum Alþ. en einmitt nú síðustu árin.

Heildarafkoma ríkissjóðs síðan 1950 hefur ekki mátt lakari vera en nú hefur orðið, þegar litið er á tímabilið í heild. Þetta sjáum við vel á skuldum ríkissjóðs. Lausaskuldir ríkissjóðs hafa að vísu lækkað, en aðeins mjög lítið. Brýna nauðsyn ber á hinn bóginn til þess að greiða nokkuð inn í lausaskuldir ríkissjóðs, og verður að gera svo, ef greiðsluafgangur leyfir slíkt, ekki síst með tilliti til þess, á hve tæpt vað er teflt með fjárlagaafgreiðsluna fyrir næsta ár.

Það er þess vegna því miður alveg rangt, að ríkissjóður hafi getað komizt af með minni tekjur undanfarið að óbreyttum útgjöldum eða hafi getað séð af tekjustofnum sínum til bæjar- og sveitarfélaga.

Það hefur verið bent á það í þessum umr. af nær öllum ræðumönnum stjórnarandstæðinga, að minna fer nú í verklegar framkvæmdir en áður var af tekjum ríkissjóðs hlutfallslega. Er þetta nokkuð undarlegt, þegar þess er gætt, hvað framlög til menntamála, tryggingarmála og dýrtíðarmála hafa vaxið gífurlega? En það kemur úr hörðustu átt, þegar þeir menn, sem státa af því að hafa aukið útgjöld einmitt á þessum höfuðliðum fjárl., gerast til þess að ráðast á aðra fyrir það, að ekki er hægt að nota sömu peninga til verklegra framkvæmda og þá, sem notaðir eru til annars. Ég gerði ýtarlega grein fyrir því í fyrravetur, að afleiðing þeirrar lausnar, er þá var gerð á verkfallinu, hlyti að hafa í för með sér raunverulega rýrðar verklegar framkvæmdir, og það er nú komið fram. En þá státuðu þessir sömu menn af því að hafa orðið þess valdandi, að þessum fjármunum væri varið til niðurborgunar, en ekki til þessara framkvæmda.

8. þm. Reykv., Gils Guðmundsson, og Lúðvík Jósefsson voru að deila á stjórnina og stjórnarfl. vegna tómlætis í málefnum útvegsmanna og sjómanna. Hvar hafa þessir hv. þm. verið? Eru þeir svo blindir af pólitísku ofstæki, að þeim hafi sézt yfir það, að þær ráðstafanir, sem núverandi stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir í málefnum bátaútvegsins, hafa orðið til þess að breyta til bóta öllu atvinnuástandi í sjávarþorpum landsins? Er þeim ekki ljóst, að gengisbreytingin og *bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, hvað sem hægt er* að segja um þetta að öðru leyti, leysti bátaútvegginn og atvinnulífið í fiskiþorpunum blátt áfram úr læðingi? Alls staðar þar, sem fiskur hefur ekki brugðizt, hafa þessar ráðstafanir sett líf í bátaútveginn og tryggt, ekki aðeins fiskimönnum, heldur einnig öðrum íbúum þessara staða, stórum betri afkomu en áður var. En hver er hlutur þessara hv. þm. og sálufélaga þeirra bæði í Þjóðvfl. og kommúnistafl. í þessu máli? Þeirra hlutskipti hefur verið að berjast á móti öllu því, sem gert hefur verið í þessu efni, og gera allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að fá aðra landsmenn *en þá, sem stunda fiskveiðar, til þess að sætta sig* ekki við þær ráðstafanir, sem gera þurfti til hagsbóta fyrir fiskimenn, útvegsmenn og íbúa smáþorpanna. Svo geta þessir menn fengið sig til þess að koma á mannamót og halda þar hjartnæmar ræður um áhuga sinn fyrir kjörum þeirra, sem hafa uppeldi sitt af fiskveiðum.

Hitt er svo annað mál, þó að það snerti ekki þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til bóta í þessum efnum, að bátaútvegsmenn og fiskimenn fá aldrei rétt verð fyrir afurðir sínar og aldrei það sem þeim ber, fyrr en þeir hafa tekið í sínar hendur alla meðferð afurðanna og sölu afla á sama hátt og bændur hafa gert. Þetta er það, sem þeir verða að gera, ef vel á að fara. Þetta er sú leið, sem Framsfl. bendir á og vill vinna að með öllu móti. Til þess að koma slíku fram þarf tvennt til: öflugan félagsskap útgerðarmanna og fiskimanna til þess að hafa forustuna, þar sem engir aðrir ráða neinu en þeir, sem raunverulega eiga fiskinn, og svo þarf einnig til öflugan stuðning útvegs- og fiskimanna við Framsfl., til þess að hann verði nógu sterkur til að styðja þá í hvívetna í framkvæmd þessarar stefnu.

Ég vil, áður en ég skilst við þessar umr., minnast ofur lítið nánar en ég hef gert á nýsveininn í íslenzkri pólitík, Þjóðvfl.

Þjóðvfl. er stofnaður út af einu máli og er í því bundinn við kommúnista, eins og öllum skynbærum mönnum er ljóst. Flokkurinn vill láta halda, að hann hafi stefnu í innanlandsmálum, og sett hefur verið saman plagg, sem heitir ávarp og stefnulýsing Þjóðvarnarfl. Íslands. Þetta er einhver furðulegasti samsetningur, og rekur sig hvert á annars horn. Er þetta ekkert undarlegt, þar sem flokkurinn er settur saman af pólitískum sérvitringum úr ýmsum áttum, og eru sumir þar innarlega í kró. Er augljóst, að þessir vitringar hafa samið sína klausuna hver og smellt síðan öllu saman. Það er ekki hægt að fara langt út í þetta, en ég vil aðeins nefna dæmi.

Samtök kaupmanna eiga að hafa rétt til þess að flytja inn vörur. Síðan stendur, að ef þurfa þyki, skuli samband kaupfélaganna, S. Í. S., hafa með höndum hluta af innflutningnum, enda séu því

sett sérstök skilyrði, sem þjóðvarnarmenn svo hafa í pokahorninu. Kaupmönnum þarf á hinn bóginn engin skilyrði að setja.

Þá segir, að stjórn opinberra fjárfestingarmála beri að taka úr höndum stjórnmálamanna og fá hana sérfræðingum. Stjórn fjárfestingarmála er ákvörðun um það, hvaða framkvæmdir skuli sitja fyrir, í hvað skuli ráðizt og í hvað ekki ráðizt. Ákvörðun um þetta segja þjóðvarnarmenn að eigi alls ekki að vera í höndum kjörinna fulltrúa fólksins, heldur sérfræðinga. Hér hefur Þjóðvfl. tekið upp eitt helzta stefnumál nazista og fasista. Það væri gaman að vita, hver af vitringunum hefur kastað þessum steini í hrúguna.

Þá er það mark sett í stefnulýsingunni, að styrkir og önnur fríðindi til landbúnaðarins af hálfu hins opinbera verði numdir úr lögum. Er hér bersýnilega átt við jarðræktarstyrkinn og önnur framlög til landbúnaðarins á 16. gr. fjárlaga og víðar. Þetta ákvæði er vafið í silkiumbúðir á þann hátt, að koma beri landbúnaðinum á svo öruggan fjárhagsgrundvöll, að slíkur stuðningur verði óþarfur. Þetta er sem sé kuti vafinn í silki, sem fram er réttur.

Þá standa þau vísdómsorð í stefnulýsingunni, að draga skuli úr kostnaði við tryggingar, en gera þær jafnframt hagkvæmari. Ekkert er að því vikið, hvernig slíkt megi verða.

Þá er ákvæði um að draga valdið frá dreifbýlli héruðum og til þeirra þéttbýlli með því að fækka þm. þar, sem dreifbýlla er. Þannig mætti lengi telja. Þetta eru bara sýnishorn af þessum samsetningi, en láðst hefur á hinn bóginn að setja í stefnuyfirlýsinguna eitt stærsta mál flokksins, en það er krafan um það, að ráðh. séu jafnframt ráðherrastörfunum bifreiðarstjórar ráðuneytanna.

Tvö mál hafa þó aðallega mótað fram að þessu afskipti Þjóðvfl. af innanlandsmálum. Annað er svo kallað skúrmál, sem þeir tóku upp hér á Alþ. og fjölluðu mjög um í blöðum sínum langa hríð. Þeir héldu því fram, að ég hefði svo sem í greiðaskyni við meðráðh. minn tekið frá fyrirtæki hans ónýta eign upp í stóreignaskatt. Var ég borinn öllum verstu brigzlum í því sambandi. Ég benti á, að skylt var samkvæmt lögum að taka eignina með því verði, sem hún var skattlögð, og um það höfðu allir tilkvaddir lögfræðingar verið sammála. Fjmrn. átti því ekkert val. Allt kom þetta fyrir ekki. Áfram hélt rógurinn. Nú hefur hæstiréttur hins vegar kveðið upp dóm, sem tekur af allan vafa um þetta, hafi hann nokkurn tíma verið til í huga nokkurs manns. Síðan þetta gerðist hefur að vísu rógurinn um mig í sambandi við skúrmálið hjaðnað niður, a. m. k. sá, sem fluttur er í heyranda hljóði. En skort hefur þjóðvarnarmenn bæði manndóm og drengskap til þess að biðja afsökunar á frumhlaupi sínu út af þessu máli.

En nú hafa þeir þjóðvarnarmenn tekið upp enn stórbrotnara baráttumál en skúrmálið nokkurn tíma var. Þeir hafa nú tekið upp eftir fyrirskipun formannsins harða baráttu fyrir því, að formaður flokksins, sem er bókaútgefandi, þurfi ekki að skila í ríkissjóð söluskatti þeim, sem hann tekur af almenningi, heldur fái að stinga skattinum í sinn vasa. Formaður flokksins hefur látið hefja í blöðum þeim, sem hann hefur aðgang að, sérstaklega Frjálsri þjóð, harðsnúna árás á mig fyrir það, sem hann kallar pólitíska ofsókn á hendur sér. „Ofsóknin“ á að vera fólgin í því, að tollstjórinn í Reykjavík gerði nákvæmlega sams konar ráðstafanir til innheimtu á söluskatti frá þessum manni eins og hjá öllum öðrum, sem láta dragast óhæfilega að skila skattinum, en skatturinn er geymslufé þeirra, sem hann innheimta. Hefur tollstjórinn gefið sérstaka skýrslu um þetta mál út af hinni ósvífnu árás, þar sem hann greinir frá því, að dráttur Draupnisútgáfunnar, þ. e. a. s. formanns Þjóðvfl., á greiðslu söluskatts hafi verið orðinn alveg einstakur og að beiðnin um ráðstafanir hans til þess að tryggja innheimtu á þessum 20500 kr., sem um var að ræða, hafi verið aðeins ein af mörgum, sem send var, „til þess að jafnt gengi yfir alla“, eins og tollstjórinn kemst að orði. Þetta segir nú tollstjórinn í Reykjavík, en formaður Þjóðvfl. kallar þetta pólitíska ofsókn. Er hægt að hugsa sér meiri ósvífni en þessa framkomu þjóðvarnarmanna út af söluskattsvanskilum formannsins? Og hvað á að segja um formann flokks, sem þannig níðist á trúnaði flokksmanna sinna, að hann blandar vanskilamálum sínum í málefni flokksins og ætlast til þess, að hann fái að hirða í sinn vasa söluskatt, af því að hann er formaður í þessari flokksnefnu? Hvers er svo að vænta af svona mönnum í pólitísku lífi? Þetta eru ekki óefnilegir siðbótamenn — eða hitt þó heldur. Á þessa ofsókn á hendur formanninum hefur svo ekki verið minnzt af talsmanni Þjóðvfl. í þessum umr. Það var skrýtið. Það skyldi maður þó halda að hefði þótt tíðindum sæta í herbúðunum. Það skyldi þó aldrei vera, að þeir sæju missmíði á þessu öllu saman? En ekki bjarga þeir formanninum og ráðunautum hans með þögninni. Hneykslið stendur, — en á formaðurinn að sitja? Um það spyrja menn nú hver annan.

Stjórnarandstæðingar hafa í þessum umr. deilt bæði á fyrrv. og núverandi stj., og hafa þær ákærur blandazt nokkuð saman og ekkert yfir því að kvarta. En hvað sem þessu líður, þá vil ég benda hér að lokum á eftirfarandi, sem upplýstst hefur í umr.

Framleiðslan hefur síaukizt, bæði til lands og sjávar, undanfarin ár. Atvinnuástæður í sjávarþorpum hafa gerbreytzt til bóta, og er það bein afleiðing gengisbreyt. og bátagjaldeyris. Meira fjármagni hefur verið veitt til framfara í landbúnaði en nokkru sinni áður. Komið hefur verið á greiðsluhallalausum ríkisbúskap í stað stórfellds greiðsluhalla. Afleiðingin hefur orðið meira jafnvægi í peningamálum og gerbreytt ástand til bóta í gjaldeyris- og verzlunarmálum. Framkvæmdir í landinu hafa orðið meiri en nokkru sinni fyrr. Hafin hefur verið uppbygging stóriðnaðar með byggingu áburðarverksmiðjunnar. Meira fé hefur verið lagt til íbúðarhúsa en nokkru sinni áður, þótt enn sé það allt of lítið. Þessu öllu hefur verið komið í framkvæmd án þess að hækka skatta og tolla. Þvert á móti hefur verið stefnt í lækkunarátt og nú ákveðið að lögfesta mjög mikla lækkun á beinum sköttum til ríkissjóðs. Það mega vera blindir menn, sem ekki koma auga á breytingar til bóta á flestum svið-

um, sem orðið hafa síðan breytt var um stefnu. Hitt er svo annað mál, að mörgu er ábótavant og margt þarf að lagfæra, og verður að vinna að því af alúð og samvizkusemi. Því verður ekki neitað, að okkur hættir fremur við að færast of mikið í fang en of lítið, og einkum vill þjóðinni sjást yfir, að menn verða að leggja mikið að sér og neita sér um margt og taka á sig þungar byrðar, ef framfarir eiga að vera örar framvegis. Skorti skilning almennt á þessu, gæti hæglega svo farið, að *jafnvægi í þjóðarbúskapnum raskaðist á ný*, og væri þá illa farið, því að mikla baráttu og fyrirhöfn hefur það kostað á undanförnum árum að breyta til í þá átt, sem nú er orðið.

Að lokum vil ég segja þetta við framsóknarmenn og þá, sem stutt hafa framsóknarmenn til þingsetu: Berið saman það, sem verið er að vinna, og þau verkefni, sem við höfum haft á oddinum í okkar baráttu í raforkumálum, íbúðamálum, skattamálum, iðnaðarmálum, landbúnaðarmálum og varnarmálum, og þið munuð sannfærast um, að ekki er unnið *fyrir gýg*. Gerið ykkur jafnframt ljóst, að því öflugri sem okkar flokkur er, því meiru fær hann áorkað til framfara og umbóta. Vinnið því markvisst og kröftuglega að eflingu Framsfl., hvar sem þið fáið því viðkomið. Látið ekkert tækifæri ónotað til þess að efla fylgi flokksins. Það er ekki aðeins flokksnauðsyn, heldur þjóðarnauðsyn. — Góða nótt.

**Forseti (JörB)**: Þá er 2. umferð lokið, og hefst nú 3. umferð. Ræðumenn hafa farið nokkuð yfir í þessum umferðum. En þar sem svo er ástatt, að ekki skeikar mjög miklu á milli flokka um ræðulengd, þá hygg ég, að réttast sé að sleppa þeim mínútum, sem fram yfir eru hjá flokkunum, og er þá, eins og upphaflega var ákveðið, ætlazt til, að síðasta umferðin verði aðeins 10 mínútur fyrir hvern flokk. En ég vil biðja hv. ræðumenn að gæta þess nú stranglega að fara ekki yfir þann tíma.

Hv. 11. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, tekur til máls og talar af hálfu Sósfl.

**Lúðvík Jósefsson**: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hafði hér fátt að segja um stefnu ríkisstj. í sjávarútvegsmálum annað en það, að allt hefði verið gert til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins. Hann vék sér undan að ræða þau atriði, sem ég gerði hér að umtalsefni. Hann kaus ekki að minnast á olíumálin. Hann kaus ekki að verja aðgerðir sinna manna í þeim efnum, og er honum nokkur vorkunn.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að það hefði verið *mikil firra, sem fram hefði komið í ræðu þm.* Sósfl., Karls Guðjónssonar, að minnast á það, að ríkisstj. sleppti því að taka tolla af þeim miklu vörum, sem herliðið flytur nú inn í landið. Sagði ráðh., þegar minnzt var á þessi atriði, að það væri hart, ef ríkissjóður ætti nú að fara að byggja tekjuöflun sína einnig á framkvæmdunum á Keflavíkurflugvellinum. En hvað gerir þessi hæstv. ráðh. nú í dag? Liggur hann ekki á fjórum frammi fyrir Bandaríkjamönnum og sníkir frá þeim fé? Hefur hann ekki á undanförnum *árum hirt í sinn sjóð um 500 millj. kr. frá* þessum sama her?

Þessi sami hæstv. ráðh. gerir það mjög að ræðuefni sínu að tala um sparnaðarstefnu sína í ríkisbúskapnum. Það er ekki úr vegi að fara hér örfáum orðum um stefnu hans í sambandi við útgjöld ríkissjóðs.

Hafa útgjöld ríkissjóðs minnkað í höndum þessa ráðh.? Er fækkað embættum eða dregið úr bitlingum? Nei, ónei. Ekki verður vart við neitt slíkt. Útgjöld ríkissjóðs hækka ár frá ári, án þess að nokkur ástæða sé fyrir hendi önnur en aukin eyðsla. *Útgjöld ríkisins voru 1950 265 millj. kr.*, en verða í ár 440 millj. kr. Embættiskostnaður ríkisins hefur stórhækkað, nefndum hefur fjölgað, sendimenn ríkisins eru út um allan heim. Hin furðulegustu ríkisútgjöld eru tekin upp, án þess að lagaheimild sé fyrir hendi. Hér skulu nefnd nokkur dæmi sem sýnishorn úr nýútkomnum ríkisreikningi ársins 1951. Það ár eru þeim alþm., sem saman komu á fundi í Reykjavík til þess að samþ. hertöku landsins, greiddar 30 þús. kr., auðvitað án allrar heimildar. Það ár greiðir ríkisstj. *einhverjum hægri handar mönnum sínum 106 þús.* kr. fyrir að semja fyrir sig lagafrv. og reglugerðir. Hvers vegna gátu starfsmenn ríkisins ekki unnið þessi verk? Þetta ár (1951) greiðir ríkisstj. án heimildar 118 þús. kr. fyrir hagfræðilegar álitsgerðir. Þetta ár eru greiddar 152 þús. kr. í ferðakostnað — líklega fjmrh. á fund alþjóðabankans. Og þetta ár greiðir ríkisstj. 248 þús. kr. í bílakostnað stjórnarráðsins. Þetta ár voru umframgreiðslur 43 millj. kr. á ríkisreikningi, og samt leyfir þessi hæstv. ráðh. sér að segja hér í umr., að *á undanförnum 4 árum í ráðherratíð* hans hafi umframgreiðslurnar verið minni en áður. Þannig lýsir sparnaðarstefnan sér í framkvæmd.

En svo koma talsmenn stjórnarflokkanna og tala um sparnað, meiri sparnað og um allan undirbúning, sem stjórnin hafi á prjónunum um sparnað. Þann 21. apríl 1952 skrifaði fjmrh. að hans eigin sögn meðráðherrum sínum og bað þá um að kíkja eftir því í ráðuneytunum, hvort ekki væri hægt að spara á einhverjum liðum. Vitanlega kom ekkert út úr þessum tilskrifum frekar en þeim, sem nú er verið að prjóna upp á, þegar ráðherrann segist verða að skrifa samráðherrum sínum og fara fram á sparnað.

Í hverju er fjármálastefna ríkisstj. fólgin? Fyrst og fremst í því að reyta af landsmönnum eins mikið í tollum og sköttum og nokkur tök eru á. Árið 1949 nam verðtollurinn 45 millj.; í ár verður hann 125 millj. Árið 1949 nam söluskatturinn 43 millj.; í ár fer hann yfir 100 millj. Það þarf harðan haus til þess, svo að notuð séu orð fjmrh. sjálfs, að koma hér svo fram í almennum útvarpsumr. og neita því, að tollar og skattar hafi verið hækkaðir á undanförnum árum, en það er þetta, sem hæstv. fjmrh. gerir. Það er tilgangslaust að halda áfram þeim blekkingum, að tolla- og skattastiginn *hafi* ekki tekið breyt. Tolla- og skattahækkun var samþ. með gengisbreyt.

Ágætt dæmi um það, hvernig fjármálastefnan hefur reynzt, er uppbótagreiðslukerfið á landbúnaðarafurðunum. Þegar gengislögin voru samþ., átti að létta af sköttum og tollum og afnema uppbótagreiðslurnar. Í ár verða uppbætur á landbúnaðarafurðir 46 millj. kr. og fara eflaust upp í 50

millj. kr. á næsta ári. Uppbæturnar skiptast þannig: smjörlíki 6.8 millj. kr., smjör 9.4 millj. kr., kjöt 2.9 millj. kr., mjólk 18.9 millj. kr. og kartöflur 8 millj. kr. Vegna þess að í ár var metuppskera garðávaxta, hækkuðu uppbætur á kartöflum um rúmar 7 millj. kr. Það er heldur viturlegt skipulag þetta og sýnir djarfa og örugga fjármálastjórn; sem sagt vegna þess, að hver kartafla, sem sett var í jörðina í ár, gefur af sér fjórfalda uppskeru á við það, sem áður var, þá skal greiða 8 sinnum meiri uppbætur úr ríkissjóði til kartöfluframleiðenda nú en áður. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem geta stært sig af svona skipulagi, telji sig hafa efni á að bera öðrum á brýn ábyrgðarleysi í fjármálum og óspilunarsemi á fjármunum ríkisins.

Sjálfstæðismenn hafa rætt hér allmikið í þessum umr. um verzlunarfrelsi og athafnafrelsi. Við hvað miðast það frelsi, sem við búum við nú í dag? Er leyfilegt að bjóða út og selja útflutningsvörur landsmanna? Nei, ekki án leyfis ríkisstj. Er leyfilegt að kaupa byggingarefni og ráðast í framkvæmdir án leyfa? Nei, það þarf mörg leyfi til slíks. Er leyfilegt að flytja inn vélar og tæki til framleiðslunnar án leyfa? Nei, við slíku er blátt bann. En það er fullt frelsi á innflutningi alls konar óþarfavarnings. Það er varla til sú óþarfavara, sem ekki er allt yfirfullt af í verzlunum landsins nú í dag, og frelsið í þeim efnum nær lengra en til innflutningsins. Það er líka frjálst að verðleggja þetta skran eftir vild, og kannast flestir landsmenn við það. Þetta er í aðaldráttum það verzlunarfrelsi, sem sjálfstæðismenn virðast keppa eftir. — Og hvað um athafnafrelsið? Fyrir nokkrum dögum fluttum við sósíalistar till. hér á Alþ. um að gera frjálsar án leyfisveitinga byggingar í þágu sjávarútvegsins, eins og t. d. fiskverkunarhús og fiskgeymsluhús. Þessi till. okkar var drepin af stjórnarliðinu, af sömu mönnunum og nú tala hér um aukið athafnafrelsi.

Tími minn er nú á þrotum. Umr. þessar hafa sýnt og sannað, að stefna núverandi ríkisstj. er í aðalatriðum óbreytt stefna fyrrv. ríkisstj. Hún er sama stjórn millilíða og okrara og áður var hér við völd. Talsmenn stjórnarinnar tala að vísu fagurlega um nauðsyn íbúðabygginga, um rafvirkjun alls landsins, um lækkun skatta, um aukið frelsi og um sparnað í ríkisrekstrinum og um stuðning við atvinnuvegina, og auðvitað telur stj. sig vörð sjálfstæðis þjóðarinnar. En í reyndinni blasir annað við landsmönnum. Í reyndinni bannar ríkisstj. byggingar, útilokar alla lánsmöguleika og drepur lögin um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Í reyndinni hækkar hún tolla og skatta, eyðir og sóar ríkisfé, verndar þá, sem okra á framleiðslunni, og skríður í duftinu fyrir erlendu valdi. Það er tími til þess kominn fyrir alþýðu þessa lands að losa sig við slíka stjórn sem þá, sem nú fer með völd á Íslandi. — Góða nótt.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þm. Húnv. virðast ætla að verða hæstv. ríkisstj. býsna erfiðir. Báðir þessir þm. eru gamlir og reyndir af merkilegu starfi hér á Alþ. Báðir hafa þeir verið ráðh. og annar verið forseti sameinaðs Alþ. um alllangt árabil. Jón Pálmason orðaði það svo, að ástandið væri þannig, að eyðsla, bruðl og skattaáþján væri að færa allt í kaf og sliga framleiðsluna. Og hann bætti því við, sem er sannmæli, að það væru vissulega nægjusamir menn, sem gætu kallað þetta ástand sæmilegt. Skúli Guðmundsson hafði þau orð um frelsisskrána, innflutningsskrifstofuna nýju, að þetta væri hégómafrv., sem enga breyt. gerði, og það litla, sem breyttist, væri heldur til bölvunar. Þetta var um frelsishugsjón Ólafs Thors, sem lét heita strauma fara um þjóðarsálina, — þetta var dómur Skúla um hana.

Ég skal þá víkja að öðru.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að sigur Sjálfstfl. hefði orðið mikill við seinustu kosningar. Það er rétt. Hann vann 4 þingsæti og tapaði 2 uppbótarsætum; ég var búinn að segja það áður. En hann vann aðeins 90 atkv. og hann lækkaði stórkostlega hlutfallslega við atkvæðamagnið, sem fram kom við kosningar, eins og reynslan hefur sannað, og hér í Reykjavík — í höfuðvíginu — lækkaði það svo stórkostlega, að hann er nú kominn niður fyrir 40% af atkvæðamagninu hér, og spáir það góðu um úrslit næstu bæjarstjórnarkosninga. — Hann sagði, að Alþfl. væri áhrifalaus á þingi. Að vissu leyti er þetta rétt. Alþfl. hefur því miður ekki haft áhrif á lagasetningu, þannig að hann hafi komið sínum frv. eða till. fram. En hann hefur skapað þá skoðun hjá þjóðinni, að vissum nauðsynjamálum hennar beri að ýta fram, og með því orkað nokkru — þó allt of litlu — á framgang og afgreiðslu mála. — Hann sagði, að kosningabandalagsfrv. væri stjórnarskrárbrot. Forseti hefur nú fellt sinn úrskurð við því, og sjálfur greiddi þessi hæstv. ráðh. frv. atkv. til 2. umr., ef ég man rétt.

Hæstv. landbrh. sagði, að Alþfl. væri í fýlu, stefna hans væri neikvæð o. s. frv. Ég vísa til þess, sem ég sagði um viðræðu milli Alþfl. og Framsfl., áður en stjórnarmyndunin fór fram í haust, og hverja niðurstöðu hún gaf, og hæstv. landbrh. getur engu breytt í minni frásögn, ef hann segir satt. — Hann lét mikið af því, hve áhugi stj. og hans sérstaklega væri ríkur fyrir bættu húsnæði og auknum íbúðabyggingum. Það hefur nú heldur munað um framlögin undanfarin ár, eftir að kratar og kommar fór úr stj., eins og hann orðaði það. Einn flokksmaður hefur orðið frægur fyrir að segja, að það færi nú mikið eftir því, hvaða tölur væru teknar, og eins mun nú vera um þessar tölur, sem hæstv. ráðh. bar fram. Það er að vísu rétt, að upphæðin var nokkru hærri þessi ár heldur en árin á undan, en það voru, eins og kunnugt er, aflátspeningar, sem voru greiddir sem eins konar skaðabætur og sálubótakaup fyrir gengislækkunina og það, að hæstv. fjmrh. tók yfir 100 millj. kr. meira í skattpeninga 1951 heldur en fjárl. gerðu ráð fyrir. En hver er áhuginn núna? Í fjárlögum núna eru 1640 þús. kr. ætlaðar til byggingarsjóða verkamanna. Það er allt og sumt. Hvernig stendur á því, þegar áhuginn er svona mikill, að það þarf að lækka svona stórkostlega framlög til verkamannabústaða? Till., sem Alþfl. bar fram um nokkra hækkun á þessu, var steindrepin af stjórnarflokkunum báðum — og ég ætla með atkv. hæstv. land-

brh. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hans, hvernig stendur á því, úr því að hann segist hafa verið svona örlátur á peningana á undanförnum árum, að nú á að klípa þetta niður í 1600 þús. kr. á árinu 1954, eins og ástandið er nú gott í fjármálunum samt.

Fjmrh., Eysteinn Jónsson, virðist hafa nokkuð einkennilegar hugmyndir um hlutverk stjórnarandstöðu í þinginu. Ég sé ekki betur en að hann ætlist til þess, hvenær sem hann opnar sinn munn, að stjórnarandstæðingar leggi fram fjárlfrv. og segi fyrir um það, hvernig þeir vilji haga gjöldum ríkissjóðs, og að sjálfsögðu þá líka væntanlega um tekjuöflunarlöggjöf og annað slíkt. Hann veit það fullvel, að hvergi í heimi ætlast nokkur fjmrh. til slíkra endema, enda er það augljóst, að sá minni hl., sem ekki hefur vald á fjárlagaafgreiðslu einu sinni, hefur enn síður vald á annarri lagasetningu, sem snertir fjármálin.

Um skúrmálið, sem oft hefur verið hér á dagskrá, sagði ráðh., að hann væri ekki sekur þar, hann hefði bara farið eftir lögunum, og þetta kann rétt að vera, en það getur ekki fyllt þá hæstv. ráðherra, sem eru aðilar í þessu máli, ánægju. Sé sökin ekki ráðherrans, þá er sökin löggjafans, þeirra, sem settu gengislögin og allar þær vitleysur, sem í þeim eru, þ. á m. heimildina um að greiða skatt til ríkisins með slíkum eignum sem þessum. Og hverjir sömdu þessi lög? Það gerðu stjórnarflokkarnir báðir í innilegu samræmi og samkomulagi.

Ekki var hæstv. fjmrh. alveg sammála þm. A-Húnv. um, að ástandið væri slæmt. Það var nú eitthvað annað. Ástandið var að hans dómi gott, og ríkasta sönnunin fyrir því, sem hann ber fram í hvert skipti, sem hann heldur ræðu hér á Alþ. er sú, að fjárl. eru hallalaus, jafnvel kannske von um greiðsluafgang. — Hann sagði hér skemmtilega sögu í gærkvöld. Ég ætla að segja honum aðra, sem hann kannast við.

Það var einu sinni hæna, sem var höfð í fjósinu að vetrarlagi í skoti þar, og neðan á fjóshurðinni var lítið op, sem hænan fór út um, þegar hún þurfti að fara út að viðra sig. Veturinn leið, og hænan undi sér vel. Hún skrapp út og fékk sér fríska loft öðru hverju. Vorið kom. Kúnum var hleypt út og fjósdyrnar opnaðar upp á gátt, en hænan vappaði fram og aftur um fjósið og komst ekki út. Hún sá ekkert nema litla gatið á hurðinni. Hún gat ekki fundið opnar dyr. Það kom henni ekki neitt við.

Hæstv. fjmrh. minnir mig stundum á þessa hænu. Þegar talað er um afkomu landsbúa og þjóðarinnar, þá eru það fjárlögin, ríkiskassinn, — verða fjárlögin hallalaus, verður ríkiskassinn með tekjuafgang? Ef það er, þá er allt í himnalagi, og hvað kemur mér þá við þjóðarbúskapurinn, afkoma landsmanna? Hvað koma mér við opnu dyrnar? Ég hef alltaf látið mér nægja að skoða litla gatið á hurðinni.

Ég skal ljúka þessu máli mínu nú. Tíminn er að verða búinn, og ég þakka hæstv. forseta fyrir frjálslyndið. Ég vildi leyfa mér að lokum að óska áheyrendum öllum, nær og fjær, gleðilegra jóla og farsæls nýs árs, en farsæld almennings á Íslandi á næstu árum fer eftir því, hvern styrk hann veitir Alþfl. og hver áhrif hann í gegnum það getur fengið á störf hæstv. Alþ. — Góða nótt.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Það er fáu hægt að svara á örfáum mínútum. Ég var ekkert hissa á ræðu hv. þm. Hannibals Valdimarssonar í gær. Hann deildi fast á stjórnina fyrir há fjárlög, en miklu fastara þó fyrir að hækka þau ekki með því að samþ. útgjaldatill. Alþfl. — En svo fór ég að athuga sparnaðartill. Hannibals. Sú till., sem mesta athygli vakti, var að fella niður skólaeftirlitið. Hvernig stendur á þessu? spurði ég sjálfan mig. Hannibal er þó skólamaður. Ég rannsakaði málið. Í ljós kemur, að þetta skólaeftirlit hefur rannsakað Hannibal og kært hann fyrir að taka á einu ári 30 þús. kr. fyrir að gegna ekki skólastjórastörfum. Svona piltar ættu ekki að prédika siðfræði hér á Alþingi.

Út af rafmagnsmálunum segi ég það eitt, að ég get fullyrt, að báðir stjórnarflokkarnir lögðu megináherzlu á þau mál, og ég tel annað þarfara en að rífast um, hvorra hlutur er stærri eða áhugi meiri í þeim efnum.

Út af ummælum hv. þm. Bergs Sigurbjörnssonar um húsaleigu utanríkisráðherra vil ég upplýsa, að ég krafðist þess sem forsrh., að utanríkisráðherra væri tryggt húsnæði utan Tjarnargötu 32, sem nú er orðið opinbert móttökuheimili ríkisstjórnarinnar. — Út af þingfararkaupi hæstv. utanrrh. vísa ég til þess, sem hæstv. fjmrh. upplýsti í gær. — Það var ekki von, að hv. þm. Bergi Sigurbjörnssyni þætti mikið koma til minnar ræðu hér í gær. Hún var nefnilega öll um málefni.

Ég hef komið illa við hv. þm. Gils Guðmundsson. Hann getur sjálfum sér um kennt. Hann talaði hér í gær um útveginn af meira yfirlæti en þekkingu, og ádeila hans var órökstudd og illvíg. Ég sýndi fram á, að árásir hans beindust allar að því, sem bjargað hefur sjómönnunum og verkamönnunum frá atvinnuleysi og hörmungum. Ég lagði fyrir hann nokkrar spurningar, sem ræða hans gaf tilefni til, og ég bað um svör í dag. Ég bað hann m. a. að sanna þau ummæli, að sjómenn hefðu tapað á bátagjaldeyrinum eða að Samband ísl. fiskframleiðenda hagnaðist á lágu fiskverði. Ég vissi auðvitað, að þetta var aðeins rugl eða blekkingar, en ég spurði til þess að afhjúpa þennan hv. þm. Það hefur tekizt. Í öllu glamrinu heyrðist ekki eitt orð um þessar fullyrðingar þingmannsins. Hann kaus þann kostinn að þegja, og það var líka sæmst. Ég skal nú enn hrella hann með því að upplýsa, að það var rangt, sem hann sagði, að bátagjaldeyririnn hefði aðeins hækkað fiskverð til sjómanna um 10 aura. Fiskverðið hækkaði ekki um 10 aura, heldur um 30 aura, úr 75 aurum í kr. 1.05. Fáir ljúga meira en um helming, segir máltækið. Ég skal líka hrella þennan hv. þm. með því að fræða hann um það, að fiskverðið í Noregi orsakaðist af aflabresti. Kaupendur hafa stórskaðazt vegna hins háa kaupverðs, og ríkið hljóp þá líka undir bagga með þeim með stórkostlegu framlagi til þess að lækka eða minnka skaða þeirra að nokkru leyti.

Mætti ég aðeins vera að því að stunda þennan þingmann eins og prestur stundar fermingarbarn, þá mundi mér án efa takast að sýna honum,

hvílíkur endemis vaðall flest af því, sem hann er að fara með hér, er. En aðalatriðið er það, að ég sannaði, að stefna stjórnarinnar í atvinnu- og fjármálum, og þá einkum málum útvegsins, hefur bægt böli frá dyrum almennings. Ég sannaði, að vegna aðgerða ríkisstj. ættu landsmenn nú við betri kjör að búa en nokkru sinni fyrr. Ég skoraði á þennan þingmann að svara því, hvort hann þyrði að hverfa frá þessari stefnu, og segja þá, hvað í staðinn ætti að koma. Heyrði nokkur hann svara þessu? Nei, áreiðanlega enginn, af því að hann gerði það ekki. Hann þagði um þetta eins og flest annað, sem máli skipti. En út af brigzlyrðum hans í minn garð um svik við sjómennina skal ég af fullri einurð segja honum það, að munurinn á honum og mér er sá, að hann hefur lifað af sjómönnunum, en ég hef reynt að leggja mig í líma til þess, eftir fremstu getu, að aðstoða þá í lífsbaráttunni, enda eiga þeir ekki annað skilið af mér.

Ég lét þennan hv. þm. sýna fleira af innræti sínu heldur en hann kærði sig um. Undir yfirskini kurteisinnar felst nokkuð óvenjulegt innræti. Það sýndi öll ræða hans hér í kvöld. Dylgjurnar um, að skyldfólk ráðherranna nyti einhverra sérstakra fríðinda, og annað svipaðs eðlis, sem var meginkafli ræðu hans, er með því lágkúrulegasta og rætnasta, sem heyrist í opinberum umræðum á Íslandi. — Ég afhjúpaði þennan þingmann loks í því, að hann kveinaði undan því, að kommúnistunum líkaði vel við mig og litu mig hýru auga. Ja, hann má bezt vita þetta, því að sjálfur hefur hann verið og er kommúnisti, og þá skil ég vel, hvernig á því stendur, að hann er svona sár við mig og vill heldur finna lófa minn en handarbak. Það er af því, að forsmáð ást er alltaf sár.

Mér varð á að brosa, meðan ég í tilhlýðilegri andakt hlýddi á ræðu hins sterka stjórnarliða, hv. þm. V-Húnv., Skúla Guðmundssonar. Mér fannst hann vera að plokka fjaðrirnar af stjórninni, enda hefur verið mjög vísað til ræðu hans. Hann sagði, að það væri að vísu gott og blessað að létta dálítið þunga beinu skattanna, en það væri nú svona og svona að vera að lækka skatta, ríkið gæti kollsteypzt. Mér leizt ekki á hjálparhelluna. En þá mundi ég, að Skúli er formaður í mþn., sem hefur tekið að sér að deila þessum fríðindum, tuttugu prósentunum, réttlátlega niður á milli skattþegnanna. Ágætt, hugsaði ég, og ég stakk þessari fallegu og nýstárlegu skattalækkunarfjöður aftur beint í stjórnarhattinn.

Þá sagði Skúli Guðmundsson víst meira um verzlunarmálin en hann ætlaði sér. Hann hafði allt á hornum sér út af því, að fjárhagsráð skuli vera lagt niður: eiginlega væri nú ekkert nýtt spor stigið, lagabreyting væri óþörf, reglugerð hefði nægt, verzlunarfrelsi fengju menn ekki nú af þeirri einföldu ástæðu, að það hefði þeim hlotnazt með stjórnarsamningnum 1950. Ég hneigi mig f. h. Sjálfstfl. og þakka fyrir þá viðurkenningu, sem felst í þessum síðustu ummælum hv. þm. Skúla Guðmundssonar, því eins og allir vita, voru stjórnarsamningarnir 1950 aðeins samningar um að lögfesta og framkvæma hið mikla frv. minnihlutastjórnar Sjálfstfl. um gengisskráningu o. fl. Þetta hól Skúla Guðmundssonar er því alveg verðskuldað. Hitt stendur eftir, að eins og Salómon konungur fann móðurina, þegar hann sá, hvor kvennanna, sem deildu um barnið, elskaði það, þannig geta menn skilið skyldleikann milli frelsishugsjónar okkar sjálfstæðismanna annars vegar og Skúla Guðmundssonar hins vegar í ræðu hans hér í gær. En Skúli ætlar nú samt að styðja verzlunar- og byggingarfrelsisfrumvarpið. Ég þakka honum fyrir það, og ég met það miklu meira en nöldrið og sting þá líka þessari fjöður aftur í stjórnarhattinn.

Hins vegar hafði nú þessi hv. þm. fengið ofurást á frelsi varðandi sölu á útflutningsafurðunum. Ég segi Skúla Guðmundssyni og öðrum það í mesta bróðerni, að útgerðarmenn eru ekki félagslyndari menn en svo, að þeir mundu ekki nær allir sem einn, og þar með hv. þm. Lúðvik Jósefsson, standa að þessum samsölum sínum, ef þörfin þrengdi þeim ekki saman. Ég var að fara á fjörurnar í haust um að gefa vissar vörur alveg frjálsar, svo sem skreið, ísfisk o. fl. Ég leitaði umsagnar framleiðendanna. Þeir mótmæltu allir. Og varðandi saltfiskinn, sem Skúli Guðmundsson talaði mest um, vil ég aðeins minna hann á það, að í Portúgal, Spáni, Ítalíu og Grikklandi, þ. e. a. s. öllum löndum, sem kaupa nær allan íslenzka fiskinn, fer aðeins einn maður með innkaupin. Ég spyr nú hv. þm.: Dettur honum eða dettur nokkrum óvitlausum manni í hug, að Íslendingar græði á því, að margir aðilar fari að bjóða íslenzka fiskinn þessum eina kaupanda? Þegar margir bjóða, en aðeins einn kaupir, endar sagan alltaf á sama hátt: Kaupandinn græðir. Þetta vita allir útgerðarmenn, og það er einmitt vegna þessarar vissu, sem þeir halda dauðahaldi í sín samtök.

Þessum umr. er nú að ljúka. Ég er volkinu vanur, og ég hef nær þrjá áratugi staðið í eldhúsverkum, ýmist til sóknar eða varnar. Ég minnist sjaldnast að hafa heyrt stjórnarandstöðu jafnvesæla og auma sem nú. Ég er ekki að gera lítið úr ræðumönnunum, en það er þá eitthvað bogið við málstaðinn.

Umræðurnar skilja eftir mynd af mönnum, sem ekkert hafa að segja, en vilja þó ekki þegja, innbyrðis fjandsamlegum, þreyttum og getulausum mönnum, málefnasnauðum og hugsjónalausum. Þeir hafa engan nýjan boðskap að flytja þjóðinni, yfirleitt engan boðskap að flytja; þeir ætla ekkert, vilja ekkert, vita ekkert og geta ekkert, eða vita a. m. k. ekkert, hvað þeir vilja, og geta þess vegna ekkert. Ekkert. Það er lítið, en það er allt. Þessir neikvæðu menn geta ekkert fyrir þjóð sína gert. Ekkert. Ekkert nema rifast hver við annan og rífa niður það, sem aðrir byggja upp. Ekkert. Á þeim er því ekkert að byggja. Þangað sækir enginn neitt. Ekkert. Og haldi þeir þannig áfram, þá munu þeir bráðlega sanna það, að til kjósenda landsins eiga þeir sjálfir ekkert erindi. Ekkert.

Gegn þessum þunnu fylkingum stendur breiðfylking stjórnarliðsins, að sönnu ekkert kærleiksheimili, en þó ekki barnlaus fjölskylda. Við erum eins og hjón í kaldri sambúð, sem elska þó börnin sín. Stór verkefni tengja okkur saman. Við ætlum að slíta viðjar og höggva hlekki. Við ætlum að afhenda þjóðinni athafnafrelsi sitt að

nýju. Við viljum gera þetta með þeim mesta hraða, sem auðið er, vegna þess að við vitum, að þjóðin elskar frelsið og þráir það. Og við vitum líka, að frelsið er aflgjafinn mikli, sem einn megnar að sigra óblíða náttúru og sækja í skaut hennar þann auð, sem falinn er þar, auðinn, sem bíður þess framtaks og þreks, sem frelsið leysir úr læðingi. Þennan auð munum við sækja, því að okkur vanhagar um hann. Með honum ætlum við að bæta úr lánsfjárþörf útvegsins. Með honum ætlum við að sigra myrkur og færa ljós og yl inn á hvert heimili landsins. Með honum munum við rífa braggana og byggja yfir þá, sem þar hafa búið, og stofna ný heimili, þar sem unga kynslóðin getur mótazt. Með honum munum við bæta kjör þeirra, sem í dreifbýlinu búa. Með honum viljum við halda jafnvægi í bæ og byggð. Með honum vonum við að varðveita gamla íslenzka menningu og herða hana í eldi þess, sem skærast lýsir í þekkingu hins nýja tíma. Allt þetta og margt fleira ætlum við að gera, jafnframt því sem við reynum að verja þjóðarskútuna áföllum, þegar stormsveipar óvæntra atburða steypast yfir hana.

Við ætlum yfirleitt margt, og það er einmitt það, að við ætlum, munum, vonum og viljum, sem í bili skilur okkur og stjórnarandstöðuna, sem ekkert ætlar. Ekkert. Hreint ekkert. Það er þessi vilji okkar til að koma einhverju góðu til leiðar, sem mun tengja landsfólkið við okkur föstum böndum vona og trausts. Og það er sá ylur og sú birta, sem hvert loforð, sem efnt er, hver hugsjón, sem rætist, færir inn í líf okkar stjórnmálamannanna, sem því veldur, að þrátt fyrir erjur og kalda næðinga er hlutskipti okkar öfundsvert, líf okkar auðugt og gleðirikt.

Jólin fara nú að nálgast. Mér finnst, að hv. stjórnarandstæðingar verðskuldi það af mér eftir frammistöðuna, að ég óski þeim gleðilegra jóla. Ég geri það af heilum hug. Ég óska þeim og öllum öðrum gleðilegra jóla. — Góða nótt.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Hávaða og gleiðgosahætti hæstv. forsrh. þarf ég ekki að svara ákaflega mörgum orðum. Þar var ekki bitastætt í neinu. Ég hef skorað á forsrh. að fara hérna niður að höfninni og spyrja sjómennina, hvort ég hafi sagt satt eða ósatt um málefni þeirra. Hann er áreiðanlega ekki búinn að fara þangað enn þá, því að annars hefði hann ekki farið að hlaupa hingað með það rakalausa fleipur, sem hann nú gerði. Sjómönnum læt ég eftir að meta réttmæti þeirra ummæla forsrh., að ég hafi lifað á sjómönnum, en hann — hann! — hafi lifað til þess að hjálpa þeim. Ja, margt getur nú einn forsrh. leyft sér að segja. Þegar togaravökulögin voru fyrst til umræðu, sagði þessi hæstv. forsrh. Íslands, Ólafur Thors, að gamlir sjómenn mundu verða andvaka, ef þeir fengju meira en sex tíma hvíld á sólarhring. Slík hefur nú baráttа hans verið fyrir sjómennina. Með þeim orðum ætla ég að kveðja hann í kvöld.

Hæstv. fjmrh. reyndi hér áðan af nokkrum vilja, en lítilli getu, að hrófla við röksemdum mínum hér fyrr í kvöld og gagnrýni á hina fáránlegu hernaðarfræði, sem ráðherrann bar hér á borð í gærkvöld. Sýnilegt var af orðum fjmrh., er hann bar aðstöðu Danmerkur og Noregs í hugsanlegri styrjöld saman við aðstöðu Íslands, að hann er sá hernaðarspekingur að halda, að t. d. Rússar gætu spásserað til Íslands, á sama hátt og þeir gætu gert inn í Danmörk og Noreg, þó að leiðin til Íslands liggi yfir Atlantshafið, þar sem vesturveldin ráða lögum og lofum og hafa yfir að ráða 90% af heimsflota herskipa og kaupskipa.

Ég hef ekki tíma til að hrekja hér hinar furðulegu rökleysur Eysteins fjmrh. Jónssonar um stefnuyfirlýsingu Þjóðvarnarflokks Íslands. Þar voru einstakar setningar slitnar úr sambandi og gefin alröng mynd af öllum þeim stefnuatriðum, sem hann minntist á.

Margt hefur verið sagt furðulegt í þessum umræðum, en hámark þess málflutnings mun þó vera sá rógur og þau ósannindi, sem Eysteinn Jónsson fjmrh. lét sér sæma að viðhafa um Valdimar Jóhannsson, formann Þjóðvarnarflokks Íslands. Þessi ráðherra, sem hefur látið hefja pólitíska ofsókn á hendur Valdimar Jóhannssyni, blygðast sín ekki fyrir að koma fram fyrir alþjóð og snúa öllum staðreyndum gersamlega við, reyna að láta líta svo út sem sá maður, sem ofsóttur er, sé hinn seki. Því miður hef ég skamman tíma til að leiðrétta lið fyrir lið þessa skröksögu fjármálaráðherra, en ég ætla þó að nota tvær eða þrjár mínútur til að segja söguna rétta, og geta þá hlustendur sjálfir dæmt um það, hvor er hinn seki í þessu máli.

S. l. þriðjudag gerðist hér í Rvík sá atburður, að hópur lögreglumanna ásamt fulltrúum lögreglustjóra og tollstjóra var sendur á fund formanns Þjóðvfl., Valdimars Jóhannssonar bókaútgefanda, til að leggja löghald á allar nýjar forlagsbækur hans. Jafnframt lokuðu þessir sendimenn með lögregluvaldi nokkrum hluta afgreiðsluhúsnæðis blaðsins Frjálsrar þjóðar. Var þessi aðför gerð undir því yfirskini, að krefja ætti Valdimar um söluskatt, sem hæstaréttardómur er fyrir að ranglega er innheimtur af bókaútgefendum. Málavextir eru þeir, að lagður hefur verið á og innheimtur 3% söluskattur hjá bókaútgefendum af verði forlagsbóka. Útgefendur töldu þessa skattheimtu ólöglega, og fór bókaútgáfan Hlaðbúð í mál gegn ríkissjóði, vann málið, og féll hæstaréttardómur á þá leið, að söluskattur skyldi vera 2%. Varð ríkissjóður að endurgreiða Hlaðbúð ofgreiddan söluskatt og láta sér nægja framvegis að krefja um 2% af verði forlagsbóka þess fyrirtækis. Nú er það föst regla í prófmálum sem þessum, er snerta marga aðila, sem nákvæmlega eru eins ástatt fyrir, að hæstaréttardómur í einu máli er látinn nægja og skattlagning á hliðstæða aðila fer eftir þeim dómi. Um þetta má nefna óteljandi dæmi, þótt ég hafi ekki tíma til þess nú. Nú hefur fjmrh. hins vegar neitað að hlíta dóminum, sem féll í máli Hlaðbúðar, a. m. k. hvað snertir útgáfu Valdimars Jóhannssonar, og er hann krafinn um 3% söluskatt þvert ofan í hæstaréttardóminn, þó að fyrir fram sé víst, að ríkissjóður hljóti að tapa hverju máli, sem höfðað er út af þessu atriði. Aðförin að Valdimar Jóhannssyni er því ekkert annað en grímulaus pólitísk ofsókn og til þess valið tækifærið, þegar bækur hans eru nýkomnar

út og eiga að sendast á jólamarkað, ef takast mætti að klekkja á honum fjárhagslega og jafnvel gera hann gjaldþrota. Er þessi ósvífna skattheimta algerlega einstæð, þegar þess er gætt, að Valdimar Jóhannsson á raunverulega töluvert fé inni hjá ríkissjóði vegna ofgreidds söluskatts á undanförnum árum. — Þetta er í örfáum orðum hið rétta í málinu, og læt ég svo hlustendur um að dæma um þá frekju hæstv. fjmrh. að ætla að fara að reyna að slá sér upp á einmitt þessu máli.

Þessum umræðum er nú að ljúka. Form. Framsfl., hv. þm. Str., Hermann Jónasson, sem ég sakna nú því miður í þessum umræðum, hefur lengi haft þann sið að skrifa um hver áramót í blað sitt, Tímann, yfirlitsgrein um stjórnmál. Stundum hafa ritgerðir þessar vakið töluverða athygli, eins og greinin alkunna um Heiðnaberg íhaldsins og áramótagreinin í fyrra, sem einkum fjallaði um íslenzkt varnarlið. Síðarnefndu greininni lauk Hermann Jónasson með þessum spaklegu orðum, og bið ég tilheyrendur nú að taka vel eftir:

„Lýðræði og frelsi eru viðkvæmur gróður, sem ekki dafnar vel til lengdar, nema jarðvegurinn sé réttlæti. Það þurfum við fyrst af öllu að muna."

Þetta er vel mælt og viturlega. Minna þessi orð formanns Framsfl. á kjörorð samherja hans, Sjálfstæðisflokksins, sem kvað vera eitthvað á þessa leið: Gjör rétt, þol eigi órétt. — Mikil gæfa má það vera íslenzkri þjóð að hafa valið sér að forustumönnum slíka spámenn og postula réttlætisins, sem vitna svo fagurlega og berjast hinni göfugu baráttu gegn ranglætinu. Já, Íslendingur góður, kannast þú ekki við einhverja tegund af réttlæti þessara manna? Ef til vill hefur þú og þínir orðið þess aðnjótandi í einhverri af þeim mörgu myndum, sem það tekur á sig. Fagurt skal mæla, stendur á einhverjum stað. Kannske þykir ófróðlega spurt, en þó vil ég leyfa mér að spyrja: Hvar er réttlæti íslenzkra valdamanna í dag? Finnur þjóðin, að henni sé réttilega stjórnað? Hvar er réttlæti valdhafanna í garð íslenzkra sjómanna? Er það fólgið í því að halda fiskverðinu sem allra lægstu og leyfa hvers kyns milliliðum og bröskurum eftirlitslaust að mergsjúga útveginn? Hvar er réttlætið í garð iðnaðarins? Er það fólgið í því að draga sem mest fjármagn frá iðnaðinum og beina því í alls konar kaupskaparbrall? Hvar er réttlætið í garð þeirra þúsunda Íslendinga, sem búa í kolryðguðum herskálum, rökum og fúlum kjöllurum og öðrum lífshættulegum vistarverum? Er það fólgið í því að drepa hverja einustu till., sem fram á það fer að byggja mannabústaði yfir þetta fólk? Hvar er réttlætið í garð allra þeirra, sem þrá það eitt að vinna eins og menn við íslenzk framleiðslustörf? Er það fólgið í því að svelta þá eða reka frá heimilum sínum til að hreinsa sorp undan amerískum dátum í Keflavík? Hvar er réttlætið í garð þeirra tugþúsunda, sem þrá það heitast af öllu að vita föðurland sitt frjálst og stjórnarfarslega og efnahagslega sjálfstætt? Er það fólgið í því að binda það á klafa stærsta herveldis heimsins og leysa fjárhagsörðugleikana með vansæmandi betli? Hvar er réttlætið í garð pólitískra andstæðinga? Er það fólgið í því að hundelta þá og ofsækja vegna stjórnmálaskoðana þeirra? Hvar er réttlætið í garð íslenzkra námsmanna, sem sækja um opinbera styrki til framhaldsnáms, svo að þeir geti aflað sér aukinnar þekkingar og orðið þjóð sinni að liði? Er það fólgið í því, að börn og annað venzlalið hinna æðstu ráðamanna þjóðarinnar hafi forgangsrétt, hvað sem hæfileikum líður? Hvar er réttlætið um embætta- og stöðuveitingar? Er það fólgið í því, að venzlamenn ráðherra eru rakleitt settir í hinar betur launuðu stöður hjá ríki og fyrirtækjum, en gengið fram hjá fólki, sem þar hefur starfað lengi við góðan orðstír? Já, hvar er ykkar lofsungna réttlæti, hæstv. stjórnarherrar?

Eftir nokkra daga höldum við heilög jól. Væntanlega minnumst við þá hans, sem borinn var í þennan rangláta heim til að boða sannleika og réttlæti. En áður en jólaklukkunum verður hringt, ætlar ríkisstj. Íslands ásamt þingliði sínu að framkvæma það lítilræði að afgreiða fjárlög fyrir komandi ár. Hvert verður réttlæti þeirra í garð íslenzkrar alþýðu? Því verður svarað eftir fáa daga.

Að svo mæltu óska ég landslýð öllum gleðilegra jóla svo og þess, að íslenzk þjóð megi njóta aukins réttlætis á komandi tímum.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Út af einu atriði í ræðu hv. 8. þm. Reykv., Gils Guðmundssonar, skal ég geta þess, að mér er tjáð, að það sé misskilningur hjá honum, að Hæstiréttur hafi dæmt um söluskatt hliðstæðan þeim, sem innheimtur var hjá umræddu bókaútgáfufyrirtæki Valdimars Jóhannssonar. Enn fremur að því fyrirtæki sem hér var nefnt, sem er Hlaðbúð, hafi ekki verið endurgreiddur skattur. Sömuleiðis að bókaútgáfa Valdimars Jóhannssonar hafi aldrei kært sinn skatt og hafi nú greitt hann.

Ég býst ekki við, að það hafi komið neinum á óvart, þó að hv. stjórnarandstöðuflokkar hafi reynt að finna að gerðum hæstv. ríkisstj. Hitt er leiðinlegra, ef þeir hafa enga aðra stefnu en að vera móti stjórninni. Við skulum vona, að svo sé ekki.

Margt ber hér á góma. Menn tala um, að skattar og tollar séu þungir. En á skal að ósi stemma. Þeir, sem vilja lækka skatta, eiga fyrst að beita sér fyrir lækkun útgjalda, þarfra eða miður þarfra, þá kemur skattalækkunin á eftir. Sumir ætluðu að auka tekjur ríkisins með því að breyta áætlunartölum fjárlaga. Bóndi getur líka áætlað meira í hlöðu sinni en mælzt hefur á haustnóttum, en taðan vex ekki við það og ásetningurinn batnar ekki, en getur farið illa.

Í gærkvöld var einhver að reyna að gera útgerðarmenn og sjómenn óánægða með fjárframlög til bænda. Ég hef ekki trú á, að það takist. Útvegsmenn og sjómenn skilja, að bændum er lífsnauðsyn að rækta landið og losna við fjárpestirnar, alveg eins og bændur skilja, að gengisbreytingin og bátagjaldeyririnn var nauðsyn fyrir sjávarútveginn. Hinar fornu meginstéttir Íslands, sem eiga í höggi við náttúruöflin á landi og sjó, þurfa að skilja hvor aðra.

Bátagjaldeyrisfyrirkomulagið er oft misskilið. En með því að taka það upp var komið í veg

fyrir, að krónan væri felld í annað sinn, og helztu nauðsynjavörunum þar með hlíft við verðhækkun. Menn þurfa að átta sig á þessu.

Það er sagt, að þingmenn stjórnarflokkanna geri of mikið að því að fella útgjaldatillögur frá stjórnarandstæðingunum. En það er stjórnin og meiri hlutinn, sem ber ábyrgð á fjárl. Tölur fjárl. skipta þúsundum. Það er ekki hægt að ákveða allar þessar tölur með einni eða tveimur atkvæðagreiðslum á þingfundum. Aðalverkið verður að vinna í fjmrn. og í fjvn. í samráði við alþm. Það er sama, hvaða tala er nefnd. Stjórnarandstæðingar geta alltaf lagt það til, að hún sé hækkuð. Það er þeirra aðferð, og henni er oft misjafnlega beitt. Svo er hægt að brigzla meiri hl. um, að hann vilji t. d. ekki veita fé til að koma í veg fyrir slys á sjó. En menn vaxa ekki af slíku.

Og svo ræða menn hér um öryggi landsins eða öryggisleysi. 43 þm. eru þó samþykkir að hafa hér hervernd. Þeir eru það af því, að þeir vilja, að Ísland reyni að hafa einhverja íhlutun um örlög sín. 7 þm. eru á móti af því, að þeir vilja hér heldur her frá Ráðstjórnarríkjunum en frá vestrænum löndum. 2 þm. halda, að Ísland geti verið hlutlaust eins og 1914. Mæla börn sem vilja, stendur þar. En við lifum í hörðum heimi.

Að öðru leyti mun ég ekki taka þátt í deilum, er orðið hafa, enda er þetta síðasta ræðan.

Hér á landi hefur verið og er enn þörf mikilla framkvæmda og framfara. Við framsóknarmenn höfum jafnan verið þeirrar skoðunar, að löggjafarvaldið verði að hafa íhlutun um það, að tryggt sé, að framfarirnar komi þeim að gagni, sem mest hætta er á að verði aftur úr, ef rás viðburðanna væri látin afskiptalaus. Það á að vera hugsjón Íslendinga, að öll landsins börn, eða sem flest, verði samferða í hinni miklu framsókn til betra lífs, hver sem þau eru og hvar sem þau eru. Við töldum t. d. mjög miður farið, hve mjög sveitirnar og hin fámennari byggðarlög við sjávarsíðuna urðu útundan, þegar fjármagn var hér mest fyrstu árin eftir styrjöldina. Við hörmum það líka, að það skyldi ekki lánast þá að hefja gagnlegar framkvæmdir, svo að um munaði, í húsnæðismálum hins efnaminna fólks í hinni ört vaxandi höfuðborg. Það er gagnlegra fyrir þjóðina að eignast t. d. bátabryggju við sjóinn, 150 ha. af ræktuðu landi eða 3 verkamannabústaði en eina stóríbúð í villuhverfi eða 300 hægindastóla, og ber þó eigi að lasta svo góða hluti.

Síðustu árin hefur verið reynt að ráða hér nokkra bót á, þótt efnin séu minni. T. d. hefur verið flutt inn mikið af stórvirkum landbúnaðarvélum og lánsfé mjög aukið til ræktunar og bygginga í sveitum, enda mikið unnið þar, eins og þeir sjá, sem um landið fara. Nokkuð hliðstæð átök hafa verið gerð við sjávarsíðuna, þótt betur megi, ef duga skal. Sjávarplássin hafa verið studd til sjálfsbjargar, t. d. með ríkislánum til framleiðsluaukningar og ríkisábyrgðum vegna fiskiðjuvera. Og fiskimálasjóður og fiskveiðasjóður Íslands hafa lagt þessari starfsemi lið. En nú vantar fiskveiðasjóð Íslands starfsfé, ef hann á að geta verið aðallánsstofnun bátaútvegsins til stofnlána. Úr þessari þörf verður að bæta fljótlega á einhvern hátt.

Nauðsyn ber til þess, að þeir, sem með þjóðmál fara, og þjóðin í heild gefi meiri gaum hinum mörgu og oft fremur fámennu og fátæku sjávarþorpum á strönd landsins en gert hefur verið lengst af. Þessi byggðarlög eru nú um 50 talsins, að meðtöldum nokkrum nýjum sveitaþorpum, þegar frá eru talin þau, sem fengið hafa kaupstaðarréttindi og menn vita hver eru. Það ætti ekki að gleymast, að þessir staðir gegna merkilegu hlutverki í atvinnulífi þjóðarinnar og eiga líka sína sögu og hana ekki ómerka — og þeir, sem þar hafa numið land, lifað og starfað. Framleiðsla sjávarþorpanna og gjaldeyrisöflun er t. d. hlutfallslega mjög mikil og gæti verið meiri. Víða eru þar skilyrði til búskapar til heimilisnota og sums staðar mjög góð. Hin dreifðu og fámennu sjávarþorp, sem stunda útveg á smábátum, ala upp tiltölulega stóran hluta af sjómannastétt landsins, þ. á m. marga þá, sem síðar starfa á hinum stærri skipum. Reynslan er sem sé sú, að þegar bæirnir stækka, glatar mikill hluti æskunnar hinu nána sambandi við sjóinn og verður honum fráhverfur. En þorpin eru flest af vanefnum byggð í öndverðu. Þar var víða byggt af torfi eins og í sveitum, enda fluttist þangað oft mjög fátækt fólk. Enn þá er húsnæðisástandið þar lakara en í hinum stærri kaupstöðum, þótt einnig í þeim sé miklu ábótavant. Íbúðum í þorpunum hefur einkum verið komið upp með vinnu eigendanna og aðstoð verzlana eða í seinni tíð getulítilla sparisjóða. Hinar almennu lánsstofnanir hafa fremur lítið sinnt þörfum þeirra, þar til loks nú nýlega, að smáíbúðadeildin nýja hefur reynt að leysa vandræði ýmissa með lágum upphæðum. Helzt þyrftu þessi þorp að hafa sérstaka byggingarlánastofnun, sem miðuð væri við þeirra staðhætti. Í stórum hluta landsins eru íbúar þessara þorpa atvinnulitlir á vetrum heima fyrir, en fjölskyldumenn eiga óhægt um vik að sækja atvinnu í aðra landshluta, einkum þegar aldur færist yfir þá. Grundvöllur þessara staða er að sjálfsögðu framleiðslan og tækin, sem til hennar þarf, þ. á m. hafnarskilyrði, því að fátt annað en framleiðslu er við að vera þar að gagni. Og miklu skiptir, að þeir af þessum stöðum, sem enga raforku hafa eða ónóga, geti fengið hana meiri og með betri kjörum en nú, hvernig sem að því verður farið, en það mál verður að leysa.

Íbúar sveitanna flestra — eða a. m. k. margra — og nágrannaþorpanna eiga um margt sameiginlegra hagsmuna að gæta og þurfa að standa saman í landsmálum í baráttunni fyrir hinum sameiginlegu hagsmunamálum. Á þann hátt verður hlutur beggja beztur. Þeim stöðum, sem nú taka við flestum innflytjendum, má líka vera það áhugamál, að dreifbýlisfólkið glati ekki staðfestu sinni í áthögum sínum.

Tími minn er nú þrotinn. Ég óska þeim, sem hlusta, og öllum öðrum gleðilegra jóla. Góða nótt.

**Forseti (JörB):** Þá er þessari útvarpsumræðu um fjárlög lokið. En umræðunni er að öðru leyti frestað.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 305, n. 312, 308, 324, 330).

**Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Fjvn. hefur síðan 2. umr. um fjárlfrv. lauk tekið til athugunar ýmis atriði í sambandi við frv., bæði þau, sem ekki var lokið athugun á, þegar frv. var tekið til 2. umr., og einnig endurskoðun nokkurra atriða, sem af hálfu n. voru tekin aftur til 3. umr., og í þriðja lagi koma hér til greina nokkrir nýir liðir, sem þá lágu ekki fyrir.

Svo sem tekið var fram í nál. fjvn. við 2. umr., þá var þá ólokið algerlega athugun á 18. gr. frv., og enn fremur voru nokkur einstök mál, sem ekki hafði þá unnizt tími til að ljúka afgreiðslu á, ýmist vegna þess, að þau höfðu borizt n. seint, eða upplýsingar skorti, til þess að hægt væri að taka endanlega ákvörðun.

Ég hygg, að einfaldast sé að taka í röð brtt. n. á þskj. 308 og ræða um þær eftir því, sem mér sýnist tilefni vera til, og mun ég síðan að því loknu gefa lítillega yfirlit yfir, hvaða áhrif samþykkt þessara tillagna mundi hafa á heildarútkomu á fjárlfrv.

Svo sem ég gat um við 2. umr. málsins, hafði fjvn. haft hug á því að fá inn í fjárlfrv. rekstrarreikninga eða rekstraráætlun fyrir ríkisbúin öll. Undanfarin ár hefur aðeins eitt ríkisbúanna verið á fjárl., þ. e. a. s. Bessastaðabú, en hin búin hafa þar ekki verið tekin með, en hafa hins vegar verið sundurliðuð á ríkisreikningi, þannig að þetta hefur verið mjög óheppilegt varðandi allan samanburð, enda sjálfsagt og eðlilegt, úr því að eitt búanna er tekið, að taka þau öll. Og eins og hv. þm. sjá, er nú í brtt. fjvn. lagt til, að rekstraráætlanir fyrir ríkisbúin öll verði nú teknar inn í fjárlfrv., og niðurstöðutalan af afkomu þessara *búa í heild er 55 þús. kr. sem nettóhagnaður.* Mörgum mun nú þykja, að það beri ekki vott um mjög glæsilegan búskap á þessum búum, þegar þess er að gæta, að fjárfesting til búanna er greidd sérstaklega með fjárveitingum úr ríkissjóði. Um það skal ég ekki sérstaklega ræða hér, en um ýmis þessi bú er þó auðvitað það að segja, að þau eru rekin sem tilraunabú, og gerir það að verkum, að ekki er þess að vænta, að þau geti orðið rekin jafnhagkvæmt og ef þau væru einungis starfrækt með það í huga að skila sem beztri afkomu.

Fjvn. hefur lagt til, að teknir yrðu inn tveir nýir liðir í sambandi við löggæzlu. Annar er varðandi löggæzlu á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum, sem mjög hefur verið leitað eftir, en eins og kunnugt er, sækja þangað mjög margir til vinnu á vetrarvertíðinni, og bærinn þykist illa haldinn af því að fá ekki eitthvert sérstakt framlag til þess aukna löggæzlukostnaðar, sem af því leiðir, og þótti n. sanngjarnt að leggja til, að 20 þús. kr. yrðu greiddar í þessu skyni.

Þá hefur n. einnig lagt til, að framlag til sumarlöggæzlu á Raufarhöfn verði hækkað upp í sömu upphæð, 20 þús. kr., með hliðsjón af því, að þarna er um að ræða mjög mikla umferð að *sumarlagi, bæði fólk í landi og miklar skipakomur,* en hins vegar er þarna engin löggæzla fyrir, þannig að sanngjarnt þykir að leggja þetta fé fram í þessu skyni.

Smávægileg hækkun er gerð á liðnum „landhelgisgæzla". Ástæða þessarar hækkunar er sú, að áformað er að hækka tryggingu skipanna, þannig að sú hækkun, sem hér er tekin inn, er hækkun á iðgjöldum, sem leiðir af þessari hækkun tryggingarupphæðarinnar.

Þá er tekinn inn smár liður til útgáfu félagsdóma. Það er aðeins til þess að ljúka útgáfu á dómum, gefa út registur, og þótti rétt og eðlilegt, úr því að dómarnir hafa verið gefnir út, að ganga þá fullkomlega frá þessari útgáfu.

Þá kemur næst dálítil hækkun á stjórn vegagerða. Ástæða þessarar hækkunar er sú, að í rekstraráætlun vegamálastjóra, sem lögð var til grundvallar við samningu fjárlfrv., hafði láðst að taka með um 80 þús. kr., *sem er síma- og póstkostnaður* vegamálaskrifstofunnar, og einnig hafði húsaleiga hækkað milli 20 og 30 þús. kr. frá því, er sú áætlun var gerð, og hér er því ekki um að ræða nema leiðréttingu á áætlun. Eins og hv. þm. er kunnugt, var sú breyting gerð nú í sambandi við fjárlfrv., að hætt var að setja á einn lið í 13. gr. D. allan síma- og póstkostnað opinberra stofnana, heldur er honum skipt niður á einstakar stofnanir, en það hafði láðst í þessu tilfelli hjá vegamálastjóra að taka upp þessa *viðbótarupphæð.*

Lagt er til, að breyt. verði gerðar á liðnum „hafnarmannvirki og lendingarbætur", — ég hirði ekki um að ræða um Þykkvabæjarveg, sem er 7. brtt., það er aðeins skipting á fjárveitingu og breytir engu um niðurstöðu, — en eins og hv. þm. sjá, er tekinn inn nýr liður: Kópavogur, enda þótt n. leggi mikla áherzlu á, að ekki sé breytt frá því, sem samkomulag verður um við 2. umr. En hér stendur nokkuð sérstaklega á vegna þess, að það hafði orðið misskilningur í sambandi við Kópavog, að talið var, að hafnarmannvirkin þar hefðu ekki verið gerð undir því eftirliti, sem tilskilið er í sambandi við hafnargerðir af hálfu vitamálaskrifstofunnar, en hins vegar er það upplýst nú í málinu, að uppfyllt hafi verið þau skilyrði, sem til þessa þurfti, og hér er því lagt til að taka 70 þús. kr., sem er þó ekki nema hluti af því framlagi, sem á að vinna fyrir og gjaldfallið er orðið.

Þá eru hér teknir fimm staðir með smávægilegar fjárveitingar til lendingarbóta, — það er við Ísafjarðardjúp og í Suður-Múlasýslu. Þessir staðir voru ekki teknir inn við 2. umr. fjárl., þar sem þörf þótti á nánari athugun í sambandi við það. En hins vegar hefur n. nú lagt til, að það væru teknar þarna smáupphæðir til þessara fimm staða til lendingarbóta, þar sem upplýst er, að mikil nauðsyn sé á framkvæmdum á þessum stöðum. (Gripið fram í.) Já, ég bið afsökunar, tveir þessara staða voru þegar fyrir, en liðurinn var tekinn aftur við 2. umr., þannig að það er um að ræða aðeins þrjá nýja staði.

Þá hefur n. lagt til, að tekin væri samtals 30 þús. kr. fjárveiting til Háskóla Íslands, þ. e. til lektors í íslenzku, lektors í þýzku og til Hermanns Pálssonar við Edinborgarháskóla. Þessar *upphæðir eru í samræmi* við þær greiðslur, sem háskólinn hefur greitt að undanförnu til erlendra lektora, og greiðslu, sem hann hefur innt af hendi til lektora, sem sendir hafa verið til annarra háskóla, og það þótti þess vegna sanngjarnt með hliðsjón af öllum aðstæðum að leggja til,

að þessar fjárveitingar yrðu teknar upp í þessu skyni.

Þá er 11. brtt. n., sem fjallar um lánasjóð stúdenta. N. hafði við 2. umr. lagt til, að fjárveitingin yrði hækkuð úr 300 þús. í 400 þús., en við endurskoðun þykir n. rétt að leggja til, að hækkunin verði upp í 500 þús., með hliðsjón af því, að áætlunin, sem lögð er til grundvallar starfsemi sjóðsins, er við það miðuð, að hann fái 500 þús. kr. framlag úr ríkissjóði tiltekið árabil, og eins og ég gat um í framsöguræðu minni við 2. umr. fjárl., telur fjvn., að hér sé stefnt inn á mjög heilbrigða braut í sambandi við þessi styrkjamál stúdenta og beri því að stuðla að því, að þessi sjóður geti sem fyrst orðið fær um að sinna sínu hlutverki.

12. liður er óbreyttur frá því, sem hann var borinn fram við 2. umr., en var þá tekinn til baka. En nánari athugun leiddi í ljós, að það hafði verið rétt, sem lagt var til þá, að liðurinn orðaðist svo sem hér er aftur lagt til að gert verði.

Við 2. umr. gat ég þess, að meðal erinda, sem ekki hefðu endanlega verið afgreidd frá fjvn., væri ósk um hækkun á framlagi til íþróttasjóðs. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að í stað 600 þús. kr. í fjárlfrv. verði greiddar til sjóðsins á næsta ári 750 þús. kr. Er það þó of naum fjárveiting, miðað við þær miklu þarfir, sem fyrir hendi eru, vegna þess að áfallnar skuldbindingar á sjóðinn eru það miklar, að það mun taka mörg ár að greiða þær, jafnvel þótt þessi fjárveiting væri til staðar. En n. þótti þó ekki fært að fara hærra að þessu sinni en hér er lagt til.

Fjvn. hefur tekið upp hér till. um það, að styrkur til Skáksambands Íslands verði hækkaður um helming, úr 10 þús. í 20 þús. kr. Íslenzkir skákmenn hafa gert þjóðinni mikið gagn og kynnt landið vel á erlendum vettvangi og staðið sig með prýði á þeim mótum, sem þeir hafa sótt fyrir Íslands hönd, og n. þykir því ekki nema sjálfsagt og sanngjarnt að veita nokkra viðurkenningu fyrir þá ágætu frammistöðu, því að vitanlega þarf Skáksambandið að leggja í margvíslegan kostnað við að senda skákmenn til þátttöku í mótum erlendis.

Þá er lagt til, að styrkur til Alþýðusambands Íslands verði hækkaður um 25 þús. kr. Alþýðusambandið telur sig búa við mjög erfiðan fjárhag, erfiðleikar miklir séu á að gefa út blað sambandsins, og mér skilst jafnvel, að það hafi ekki getað komið út um sinn vegna erfiðs fjárhags. Það þykir því sanngjarnt að leggja til, að nokkur hækkun verði gerð á styrk til Alþýðusambandsins, svo sem hér er lagt til.

Listasafn ríkisins — þar er meira um leiðréttingu að ræða, um það, að annar kostnaður hækki úr 20 þús. í 30 þús. kr., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Þá kemur 17. brtt., sem var eitt af þeim málum, sem ekki hafði verið afgr. úr n. við 2. umr., en þar er lagt til, að 40 þús. kr. sé varið til þess að styrkja amtsbókasafnið á Akureyri og héraðsskjalasafnið á Ísafirði til þess að eignast ljósprentun eða filmur af skjölum og handritum í þjóðskjalasafninu. Eins og flestum hv. þingmönnum mun kunnugt, hefur að undanförnu verið mikið að þessu unnið og m. a. af hálfu manna, sem komu vestan um haf og ljósprentuðu mikið úr skjölum hér heima, og landsbókasafnið mun hafa fengið tæki, sem hér um ræðir, til þess að geta filmað skjöl upp. Með þessu móti er hægt með tiltölulega litlum kostnaði að ljósprenta margvísleg skjöl og bækur, sem hér eru varðveitt á söfnum í Reykjavík, og flytja þær þá út á land og gefa þannig fræðimönnum þar og almenningi, sem kynna vill sér þessar bækur og skjöl, aðgang að þeim í sínum heimkynnum. Það var upplýst fyrir n., að það mundu vera aðeins tiltölulega fá söfn, sem mundu hafa að lögum sérstöðu um þetta atriði, eða hafa staðfestingu á sínum skipulagsskrám, þannig að það þótti gerlegt að taka upp þessa fjárveitingu miðað við það, að hér væri um að ræða ⅓ af kostnaði við að afla þessara tækja.

Þá er nýr liður, brtt. 18, þar sem lagt er til að verja 15 þús. kr. til þess að safna ýmiss konar gögnum og gefa út rit um þjóðhætti við sjávarsíðuna. Áður hefur verið gefin út mjög merk bók, eins og hv. þm. er kunnugt, þar sem eru Þjóðhættir séra Jónasar frá Hrafnagili, varðandi þjóðsiði og vinnubrögð við landvinnu, en það hefur hins vegar skort á um það, að hliðstæðar upplýsingar væru til varðandi sjávarsíðuna. Nú mun vera unnið að þessu af færum manni, og það þykir þess vegna sanngjarnt að leggja fram nokkurn styrk, til þess að úr þessari útgáfu geti orðið. Og eðlilegt þykir þá, að það sé Fiskifélag Íslands, sem hafi hönd í bagga með um það mál.

Þá er tekinn upp nýr liður, 19. till., um nokkurn styrk til Jónasar Tómassonar tónskálds, sem er mjög merkur maður í sinni grein og hefur unnið mikið fyrir tónlistarlíf á Ísafirði.

N. hefur lagt til að hækka lítið eitt fjárveitingu til leikstarfsemi á Siglufirði, úr 3000 í 4000 kr., og þetta byggist á því, að það er upplýst, að þar eru tveir aðilar, sem hafa þar leikstarfsemi með höndum, en hins vegar hefur verið um það nokkur ágreiningur, hvor þeirra ætti að fá þessa fjárveitingu, og ekki þótt mögulegt að skipta henni eins og hún var, og því leggur n. til, að þetta verði nokkuð hækkað, en taldi ógerlegt að framkvæma meiri hækkun á þessu með hliðsjón af styrkjum til annarra hliðstæðra leikfélaga víðs vegar um land.

Þá er lagt til, að styrkur til Bandalags íslenzkra leikfélaga hækki um 20 þús. kr. Þetta er tiltölulega ný starfsemi, sem þarna er um að ræða, en er mjög mikilvæg fyrir alla leikstarfsemi úti um byggðir landsins, því að hér er um að ræða margvíslega fyrirgreiðslu við leikfélög úti um land, útvegun búninga, leikrita, leiðbeinenda og ýmis önnur fyrirgreiðsla, sem er mjög dýrmæt fyrir alla leikstarfsemi úti á landsbyggðinni. Þykir því sjálfsagt að stuðla að því, að það sé hægt að halda þessari starfsemi uppi.

Lagt er til að hækka styrk til Landssambands blandaðra kóra og kvennakóra lítið eitt, eða um 3 þús. kr.

Þá er lagt til að veita Gerði Helgadóttur styrk til þess að læra myndskreytingu á gluggum í kirkjur og samkomuhús. Það er enginn, sem hefur áður lært til þessara hluta. Hins vegar hafa

mjög eindregin meðmæli komið frá ýmsum sérfróðum aðilum um þessi mál, húsameistara ríkisins og fleirum, um að styrkja Gerði Helgadóttur í þessu skyni, og hefur n. lagt til, að 5 þús. kr. yrðu veittar í þessu sambandi.

Þá kemur nýr liður, þ. e. til norskrar listsýningar í Reykjavík. Ætlunin er, að á næsta sumri eða vori komi norsk listsýning hingað til lands. Áður hafa íslenzkir málarar tekið þátt í listsýningu í Noregi, og það þykir því sjálfsagt á móti að bjóða norskum listamönnum hingað til lands. Af þessu leiðir töluverðan kostnað, og er lagt til, að 90 þús. kr. verði veittar í þessu skyni.

Þá er lagt til að veita Jóni Guðmundssyni fyrrv. veitingamanni á Þingvöllum 10 þús. kr. í viðurkenningu fyrir margvísleg störf hans.

Þá er smáliður, þar sem lagt er til, að byggðasafni Rangæinga verði veittur smástyrkur til að byggja skýli yfir hið nafnkunna skip, Pétursey. Ég hirði ekki að fara nánar út í það. Ég býst við, að hv. þm. sé öllum kunnugt um það, hvað hér er um að ræða.

Þá kemur hér till., sem n. tók aftur við 2. umr. Það er 750 þús. kr. framlag til sýningarreita í jarðrækt og námskeiða í því sambandi. Það hefur mjög þótt á það skorta, að hægt væri að gera ræktunar- og áburðartilraunir nógu víða á landinu, og þar sem að ýmsu leyti hefur skapazt nokkuð sérstakt tækifæri til þess nú að vinna þetta verk, hefur þótt rétt að hagnýta það tækifæri, og verður þá óumflýjanlegt að leggja fram fjárveitingu í því skyni, en þessi fjárveiting mun ekki þurfa að vera varanleg, því að gert er ráð fyrir, að þessi starfsemi taki ekki meira en þrjú ár, — þá eigi að vera búið að fá þann árangur, sem nauðsynlegur er í sambandi við þessar tilraunir.

Þá er till. um að verja til umbóta á Reykhólum vegna skipulags staðarins 25 þús. kr., sem er óumflýjanleg fjárveiting í sambandi við ýmiss konar starfsemi.

Þá eru smábreytingar varðandi fyrirhleðslur, sem ég hirði ekki að fara út í nánar, nema tilefni gefist til.

Þá hefur n. lagt til að hækka nokkuð styrk til skógræktarfélaga. Það er upplýst fyrir n., að skógræktin hafi nú mjög mikið af plöntum til umráða og sé mikil nauðsyn að greiða fyrir því, að hægt sé að hagnýta þessar plöntur, og það verður þá vitanlega bezt gert með því að styrkja skógræktarfélögin, því að á þann hátt verður bezt unnið að eflingu skógræktarinnar víðs vegar um land, því að þar er um að ræða að nota sér mikilvægt sjálfboðastarf við þessa starfsemi. Því þykir eðlilegast og skynsamlegast einmitt að hlynna að þessum félögum.

Þá þykir óumflýjanlegt að hækka framlag til veiðimálaskrifstofu um 20 þús. kr.

Smábreyting er gerð við iðnaðarmálin. Eins og hv. þm. sjá, er í fjárlfrv. nokkuð annað orðalag á 2. tölulið 16. gr. C., þar sem er talað um upplýsingastarfsemi og skýrslusöfnun í sambandi við iðnaðinn, en ætlunin er, — og það hefur alltaf verið skilið svo, — að þessi fjárveiting renni til hinnar nýstofnuðu Iðnaðarmálastofnunar Íslands, því að fjárveitingin í fyrra var einmitt við það miðuð að undirbúa starfsemi þeirrar stofnunar.

Þá er 33. brtt., sem gerir breytingu á skiptingu kostnaðar við byggingu iðnskóla í Reykjavík. Það hefur ekki verið löggjöf um það atriði sérstaklega hvað snertir iðnskóla. Hins vegar þykir sanngjarnt, að þeir lúti sömu reglum og heimangönguskólar, þar sem greiddur er helmingur kostnaðar, þar sem sýnt er, að þau félög, sem standa að þessari byggingu, hafa ekki aðstöðu til þess að greiða það, sem hér ber á milli framlags ríkisins annars vegar og framlags bæjarsjóðs hins vegar, og er því lagt til, að sama gildi um þennan skóla og aðra skóla yfirleitt, gagnfræðaskóla og aðra slíka.

34. og 35. brtt. eru aðeins til leiðréttingar. Það er í frv. gert ráð fyrir nokkuð annarri skiptingu á fé til nýrra raforkuframkvæmda, en hér er þessum hlutföllum breytt, og er það óumflýjanleg breyting með hliðsjón af gildandi lögum um það efni, til þess að þessi fjárveiting komi að sem beztum notum.

Lagt er til að hækka nokkuð fjárveitingar til gamalmennahæla, bæði gamalmennahælisins Grundar og gamalmennahæla utan Reykjavíkur, og geri ég ekki ráð fyrir, að ég þurfi frekari skýringu á því. Þörfin á slíkum styrk er vitanlega alls staðar mikil, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. séu sammála um, að eðlilegt sé að hækka styrkinn sem þessu nemur.

Í 37. brtt. er aðeins tekinn upp liður, sem var tekinn aftur við 2. umr. síðast og er tekinn upp nú aftur óbreyttur. Það þykir eðlilegt, að þessi starfskvennaskóli njóti framlags einnig annars staðar að og að styrkveiting frá ríkinu sé við það miðuð, að svo sé, hvort sem það er frá bæjarsjóði Reykjavíkur eða öðrum aðilum, og því þykir rétt að hafa þessa „klásúlu“ með, að þetta sé veitt með þessu skilyrði.

Þá kemur 18. gr. Þar er um að ræða allmiklar breytingar. Það mun sjaldan eða aldrei hafa verið jafnsótt á um styrkveitingar á þessari gr., bæði hækkanir og einnig nýjar styrkveitingar, þannig að það verður allmikil viðbót við greinina, þó að nokkrir falli niður.

Fjvn. hefur leitazt við, eftir því sem kostur er á, að haga till. sínum í þessu efni á þann veg, að það væri í samræmi við aðra sambærilega aðila. Því er hins vegar ekki að leyna, að 18. gr. í heild er hálfgert vandræðamál, og það hefur iðulega verið á það bent af fjvn. og fleiri aðilum hér á hinu háa Alþ., að þarna væri um vandamál að ræða. Það er því miður svo, að mjög mikils ósamræmis gætir í ýmsum styrkveitingum á greininni, þannig að leiðindi eru að, og auk þess í alla staði óeðlilegt með því skipulagi, sem nú er á þessum málum, að sé verið að veita úr ríkissjóði smástyrki til fólks, þegar þess er gætt, að gildandi tryggingalöggjöf gerir að verkum, að ellilífeyrir getur skerzt sem nemur einmitt þessum fjárveitingum, sem hér er um að ræða, í stað þess að flestir, sem fá þessa styrki, munu gera ráð fyrir því, að hér sé um að ræða viðbótarstyrki, en ekki að það gangi út yfir þeirra styrki aftur frá Tryggingastofnuninni. Það hefur hins vegar til þessa ekki fengizt á þessu breyting, fyrst og fremst vegna þess, að það er talið auka svo stórlega útgjöld Tryggingastofnunarinnar, ef hún yrði svipt þeim hlunnindum að

mega skerða sinn ellilífeyri í samræmi við þær reglur, sem um það gilda nú, að það hefur ekki þótt rétt að leiða þetta í lög. Hins vegar sýnist mér, að það sé óumflýjanlegt, að á þessu verði gerð sem allra fyrst breyting, því að þetta er fullkomið vandræðaástand eins og það er. En fjvn. taldi sér hins vegar ekki fært í þetta sinn að gera annað í þessum málum en að haga till. sínum eins og ég gat um, þannig að samræmi væri sem mest með þeim styrkveitingum, sem hún leggur til, og öðrum þeim aðilum, sem hægt væri að finna sambærilega á 18 gr. eins og hún er nú. — Ég hirði svo ekki að fara frekar út í einstök nöfn í þessum till., nema tilefni gefist til.

40. brtt. er samhljóða brtt., sem tekin var aftur við 2. umr., og tel ég ekki þörf á að útskýra hana nánar.

41. tillagan er nokkur breyting á till., sem borin var fram af n. við 2. umr., og stafar breyt. aðeins af því, að þetta framlag á að vera til skólastjóraíbúðar við íþróttakennaraskólann, en ekki til íþróttakennaraskólans sjálfs, en upphæðin sjálf er óbreytt.

Þá er gert ráð fyrir og lagt til að hækka framlag til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík um 200 þús. kr. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt og iðulega hefur verið bent á í blöðum og annars staðar, er það orðið fullkomið vandræðamál og vansi að því, hversu lögreglan býr hér við slæman húsakost og aðstaða öll er þar hörmuleg, þannig að það er óumflýjanlegt að hefjast sem allra fyrst handa um að bæta úr þessu, og það er með hliðsjón af þessari þörf, sem n. hefur lagt til, að þetta framlag verði hækkað.

Þá kem ég að 43. brtt. Þar er um að ræða breyt. á till. í heimildagr. fjárlfrv. um lán til flugþjónustunnar. Þar er lagt til, að lánsheimildin verði 5.5 millj., en fjvn. hefur lækkað þetta niður í 1.4 millj., sem stafar af því einu, að hið háa Alþ. hefur þegar á þessu ári, eða nú fyrir skömmu, veitt sérstaka lántökuheimild í þessu skyni, og er því heimildin lækkuð sem nemur þeirri heimild, sem veitt var með þessum lögum, en þeirrar heimildar var leitað vegna þess, að það þótti ekki mega bíða eftir afgreiðslu fjárl., þar sem það þurfti að ganga frá lántöku þá þegar.

Þá er lagt til að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, sem hreppsn. Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 80% af heildarkostnaði. Í fjárl. yfirstandandi árs er sams konar heimild, en hún er að upphæð 500 þús. og er miðuð við 85% af heildarkostnaði. Á síðasta þingi voru samþ. heildarlög varðandi aðstoð ríkisins við byggingu hitaveitna utan Reykjavíkur. Ástæðan til þess, að þessi till. er aftur tekin upp hér, er hins vegar sú, að það þykir leika nokkur vafi á því kannske, að þannig sé frá þessari hitaveitu gengið, að hún falli að öllu leyti undir þau lög hvað snertir þá aðila, sem að henni standa, og ýmis önnur atriði, þannig að óumflýjanlegt þykir öryggis vegna að leggja til, að tekinn verði á heimildagr. í þessu sambandi þessi liður, en hann er lækkaður um 100 þús. vegna þess, að 100 þús. kr. voru notaðar á yfirstandandi ári, en hins vegar er hér aðeins um framlengingu að ræða á eftirstöðvunum, en ekki viðbót við þær 500 þús., sem þá voru heimilaðar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, urðu Hnífsdælingar fyrir því tjóni, að barnaskóli þeirra fauk, og lá þar við stórslysum og mildi mikil, að ekki varð af. En augljóst er, að af þessum sökum hefur þetta fámenna byggðarlag orðið fyrir mjög miklu tjóni. Þarna var að vísu um gamalt hús að ræða, en nýuppgert, og óumflýjanlegt að ráðast nú þegar í byggingu nýs skólahúss. Sanngjarnt þykir með hliðsjón af þessu óvænta tjóni, sem þarna varð, að ríkissjóður styrki eitthvað þetta byggðarlag í sambandi við endurbyggingu skólans, og er því lagt til, að heimilað verði að greiða 250 þús. kr. í þessu skyni án mótframlags, en að öðru leyti kemur byggingin að sjálfsögðu undir hin almennu lagaákvæði um framlög ríkisins til skólabygginga.

Þá eru hér tveir nýir liðir. Annars vegar er lagt til að heimila ríkisstj. að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist. Ég mun ekki ræða þetta atriði hér nánar. Hér er um að ræða till. frá hv. samvinnun. samgöngumála, og mun frsm. þeirrar n. væntanlega gera nánari grein fyrir, af hvaða ástæðum þetta er tekið hér upp. En fjvn. taldi rétt að verða við þeim óskum og er sammála þeim rökum, sem þar lágu á bak við.

Þá er enn fremur lagt til að heimila ríkisstj. að kaupa land og húseign af héraðsskólanum á Laugarvatni handa menntaskólanum og íþróttakennaraskólanum, enda náist samkomulag um verð. Eins og hv. þm. er kunnugt, er um að ræða þarna eignaskipti milli skóla, og þykir rétt að heimila ríkisstj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir í sambandi við það mál.

Þá er 47. og síðasta brtt. n. um það, að 3. mgr. 23. gr. fjárlfrv. falli niður, en þar er svo sagt, að ríkissjóður greiði helming uppbótar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn. Þetta er niður fallið að því leyti til, að ríkissjóður greiðir nú þetta að öllu leyti, þannig að ástæðulaust þykir að vera að hafa þessa klausu áfram í þessari grein, og er því lagt til, að hún verði niður felld.

Ég verð að biðja hv. þm. afsökunar á því, að það er hér annað skjal, sem er frá meiri hl. fjvn. Það er þskj. 324, þar sem eru nokkrar brtt. til viðbótar við þær, sem ég hef nú rakið, og mun ég fara einnig nokkrum orðum um þær til skýringar.

Fyrsta brtt. er sú, að lagt er til að veita 50 þús. kr. til varnar gegn skemmdum á reknetjum í Faxaflóa af völdum háhyrninga. Háhyrningar hafa valdið mjög miklu tjóni á reknetjum báta á þessum slóðum, og vil ég leyfa mér í því sambandi, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp samþykkt, sem gerð var á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna í sambandi við þetta mál og þar sem þetta skýrist nokkuð. Í samþykktinni segir:

„Um leið og fundurinn þakkar forustu þeirra manna, sem beittu sér fyrir veiði og eyðingu háhyrnings til varnar netjum reknetjabáta, skorar fundurinn á Landssamband ísl. útvegsmanna, að heildarsamtökin beiti sér fyrir því, að Alþ. það, er nú situr, veiti ríflega fjárveitingu til áframhaldandi eyðingar á þessari hvalategund, sem nú þegar er að gera reknetjaveiði óframkvæmanlega

sökum veiðarfæratjóns, þar sem dæmi eru til, að háhyrningar hafi eyðilagt 400—500 net á einni nóttu. — Í samræmi við framangreinda till. vonum vér fastlega, að hið háa Alþ. sjái sér fært að verða við óskum fundarins um fjárveitingu til eyðingar háhyrnings, þar sem útvegsmenn hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni af völdum hans við reknetjaveiðar undanfarin ár.“

Það hefur verið bátur, sem að þessu hefur unnið að undanförnu, og hefur þótt gefast vel, eins og í ályktuninni segir, og er lagt til, að fjárveitingin verði til ráðstöfunar Fiskifélags Íslands með það í huga, að þessari starfsemi verði haldið áfram.

Þá er lagt til, að tekinn verði á 17. gr. nýr liður, þ. e. 100 þús. kr. fjárveiting til dvalarheimilis á vegum mæðrastyrksnefndarinnar í Reykjavík, byggingarstyrkur. Mæðrastyrksnefndin er að koma sér upp sumardvalarheimili hér nokkuð frá bænum, þar sem ætlunin er, að fátækar mæður og börn geti dvalið að sumarlagi á vegum nefndarinnar. N. hefur haft þessa starfsemi áður með höndum og leigt til þess húsnæði, en nú er þess ekki kostur lengur, og n. hefur því ráðizt í bygginguí þessu skyni, sem kosta mun að vísu nokkurt fé, 700—800 þús., og þykir það nú sennilega ekki mikið, miðað við núgildandi verðlag. N. hefur þegar til ráðstöfunar allmikið fé, en skortir þó nokkuð á til þess að geta komið þessu upp, og er lagt til, að ríkissjóður styrki þessa starfsemi með þessari fjárupphæð. En hér er, eins og ég gat um, um byggingarstyrk að ræða, en ekki áframhaldandi styrkveitingu.

Þá er 3. brtt. Það er aðeins leiðrétting við 18. gr. Það falla niður þar tveir menn.

Þá er 4. brtt. Hún er um, að breytt verði ákvæði, sem er í núgildandi fjárl. og einnig er tekið upp í fjárlfrv. Þar segir svo í 10. lið, að ríkisstj. sé heimilt að leggja fram það mikið nýtt hlutafé í Skallagrím h/f í Borgarnesi, að hlutafé ríkissjóðs verði jafnan ⅓ af heildarhlutafjárhæð félagsins, þó ekki yfir 200 þús. kr. Nú er upplýst í málinu, að til þess að geti orðið um ⅓ að ræða, þá þurfi þessi upphæð ekki að vera 200 þús., heldur 600 þús., og er lagt til, að heimildin verði við það miðuð, með það í huga, að ríkið eigi sama eignarhluta í þessu félagi og áður hefur verið.

Þá er einnig lagt til, að endurveitt verði sú heimild, sem er í núgildandi fjárl., að ríkisstj. heimilist að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 6 millj. kr. til byggingar nýrrar dráttarbrautar. Það hefur áður verið útskýrt hér í umræðum við fjárl., og sé ég því ekki þörf á að vera að fara frekar út í það mál nú, nema tilefni gefist til.

Þá er nýr liður, 6. brtt., um það, að ríkisstj. heimilist að greiða síldarútvegsnefnd allt að 1 millj. kr. vegna ábyrgðar á söluverði sunnanlandssíldar, sem framleidd er á árinu 1953. — Eins og hv. þm. mun væntanlega flestum kunnugt, þá reis um það deila og urðu af því mikil vandræði, að í ljós kom við veiði sunnanlandssíldar, reknetjasíldar hér í Faxaflóa, nú á þessu ári, að síldin var lakari að ýmsu leyti, sérstaklega var miklum mun meiri smásíld en áður hafði verið. Þetta leiddi til þess, að síldin gekk ekki upp í nýgerða viðskiptasamninga við Rússland nema með því móti, að söluverð síldarinnar til Rússa yrði lækkað allverulega. Nú hafði hins vegar mikið af þessari síld þegar verið saltað, og það þótti óumflýjanlegt að reyna að gera sér fé úr þessu, en hins vegar ljóst, að það var ekki hægt að leggja þetta tjón á þá aðila, sem hér áttu hlut að máli, og var því farin sú leið, að ríkisstj. tók á sig ábyrgð á síldarverðinu, þannig að saltendum var ábyrgzt visst verð fyrir tunnu, þannig að við það var miðað, að heimilað yrði áfram að hafa þann síldarfjölda í tunnunum og veiða áfram og salta millisíldina og smásíldina eins og gert hafði verið til þess að geta hagnýtt þessa veiði. Þetta hefur hins vegar leitt til allmikilla útgjalda, en þó minni raunar en búizt var við. En vegna þessarar heimildar má gera ráð fyrir, að á ríkissjóð falli að greiða um 1 millj. kr. í þessu skyni, og er þá vitanlega ekki um annað að ræða en að taka upp umrædda heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða þetta fé.

Þá er að lokum till. um það, að ríkisstj. verði heimilað að afhenda vestur-þýzku ríkisstj. húseignina Túngötu 18 í Reykjavík. — Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er þetta hús fyrrverandi sendiráðshús Þjóðverja hér á landi, en var tekið í stríðsbyrjun og hefur verið til afnota síðan fyrir íslenzku ríkisstj., þannig að ráðuneytin sum hafa verið þar til húsa. Hins vegar hefur þótt eðlilegt og sanngjarnt, með hliðsjón af því, sem gert hefur verið í öðrum löndum, eftir að viðskiptasamningar og eðlileg sambönd eru upp tekin milli þessara tveggja þjóða, að afhenda Þjóðverjum aftur þessa sendiráðsbyggingu, þar sem þeir hafa nú sent hingað til lands sendiherra, og það þykir því vera eðlilegt og í rauninni sjálfsagt að sýna á móti þá eðlilegu vinsemd að afhenda þeim aftur þetta hús, sem þeir upphaflega áttu, og er því lagt til, að þetta verði heimilað ríkisstj. á 22. gr. fjárl., svo sem meiri hl. fjvn. leggur til.

Ég hef þá lokið við að rekja þær brtt., sem hér eru fram lagðar. Meginhluti þeirra er, eins og hv. þm. sjá, þ. e. a. s. þskj. 308, borinn fram af fjvn. í heild. En till. þær, sem ég síðast rakti á þskj. 324, eru bornar fram af meiri hl. fjvn.

Eftir að fjárlfrv. var afgreitt við 2. umr., var greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti rúmar 3.5 millj. kr. Ef þær till. verða samþ., sem ég hef hér getið um og lagðar eru fram af fjvn., mun greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti verða um 800 þús. kr., og má segja, að varla sé hægt að fara naumara í sakirnar en að skilja eftir greiðslujöfnuð, sem er innan við 1 millj. kr., og augljóst er, að ekki má mikið út af bera, ef ekki á illa að fara, nema til komi einhverjar aðrar eða meiri tekjur en áætlaðar eru, þar sem ekkert er upp á að hlaupa í fjárl. sjálfum samkvæmt þessari áætlun, sem nú liggur fyrir, nema þessa smáupphæð.

Ég hirði svo ekki að rekja þessar till. frekar, nema sérstakt tilefni gefist til.

**Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Um rekstrarafkomu flóabátanna á liðandi ári er það fyrst og fremst að segja, að hún hefur, eins og stundum áður, verið nokkuð misjöfn. Einstakir bátar hafa bjargazt sæmilega með þann styrk, sem þeim hefur verið veittur,

en hjá öðrum hefur orðið nokkur halli og hjá sumum allverulegur.

Samvn. samgöngumála hefur eins og undanfarið annazt undirbúning tillagna um styrki til flóabáta og vöruflutninga og hefur í samvinnu við Skipaútgerð ríkisins reynt að afla sér sem gleggstra upplýsinga um rekstur og afkomu bátanna. Enda þótt reynt hafi verið að fá sem gleggst yfirlit um þennan rekstur, þá þykir n. þó nokkuð bresta á um það, að hún hafi eins glöggar upplýsingar frá öllum þeim samgöngufyrirtækjum, sem þennan rekstur annast, eins og þörf krefur. Þess vegna hefur hún einróma lagt til, að þeirri áskorun verði beint til samgmrn., að það feli sérstökum manni að rannsaka á næsta ári allan rekstur flóabátanna með tilliti til þess, að sem gleggst vitneskja fáist um hag og afkomu bátanna.

Á síðasta þingi lagði n. til, að þessi fyrirtæki yrðu krafin ársfjórðungslegs yfirlits um rekstur sinn og að samgrmrn. eða Skipaútgerðin hefðu forustu um það. Þetta hefur ekki verið gert, ekki vegna þess, að ekki hafi verið áhugi fyrir því hjá þeim aðilum, sem þessari ósk var beint til, heldur vegna hins, að ég geri ráð fyrir, að það sé nokkrum erfiðleikum bundið að fá slíkt ársfjórðungslegt yfirlit frá öllum flóabátunum. Þeir vita ekki svo glögglega, hvar þeir eru á vegi staddir, að þeir geti gefið slíkt yfirlit ársfjórðungslega. En með því að fela sérstökum manni að fylgjast sérstaklega með þessum rekstri, ætti að vera unnt að fá eins fullkomnar upplýsingar og frekast er kostur um þennan rekstur og byggja tillögur um styrkveitingar síðan á þeim upplýsingum.

Samkvæmt tillögum samvn. er lagt til, að flóabátaferðunum verði á næsta ári hagað með mjög svipuðum hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Þó er lagt til, að rekstri tveggja þeirra, Húnaflóa- og Strandabáts og Eskifjarðarbáts, verði hætt. Mun ég hér á eftir minnast nokkuð á ástæður þess.

Um rekstur einstakra flóabáta og ferðir þeirra vil ég taka þetta fram:

Er þar fyrst að minnast á Breiðafjarðarsamgöngurnar. Þar er lagt til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts hækki um 20 þús. kr. Rekstur þessa báts hefur gengið mjög illa á þessu ári, og hefur fyrirtækið, sem rekur bátinn, farið fram á mjög mikla styrkhækkun til hans. Nefndin hefur reynt að koma til móts við þær óskir með því að leggja til, að styrkur til hans hækki um þessa upphæð. Þá er og styrkupphæðin til þessa báts nú veitt í einu lagi í samráði við þm. kjördæmisins og þannig, að styrkurinn er veittur til vikulegra ferða frá Flatey með viðkomu í eyjum og á höfnum við norðanverðan Breiðafjörð, samkvæmt fastri áætlun. Mun það vera í samræmi við óskir fólksins, sem á að njóta ferða bátsins.

Um samgöngurnar við sunnanverðan Breiðafjörð er það að segja, að Stykkishólmsbátur, sem hefur verið á undanförnum árum mjög vel rekinn og ekki haft mjög háan styrk, fer nú fram á töluvert mikla styrkhækkun. Hlutafélagið, sem rekur bátinn, hefur orðið að kaupa nýtt skip, nokkru stærra, til þess að annast þessar ferðir, og enn fremur er talið nauðsynlegt að skipta um vél í þeim bát. En af því leiðir allmikinn aukakostnað fyrir fyrirtækið, sem það treystir sér ekki til að rísa undir óstutt. Það hefur þess vegna farið fram á allmikla hækkun á rekstrarstyrk og sömuleiðis beðið um styrk til vélakaupa. — N. hefur mætt þessum óskum með því að leggja til, að rekstrarstyrkurinn verði hækkaður um 25 þús. kr. og félaginu veittur 20 þús. kr. styrkur til vélakaupa. Er það ekkert nýmæli, þar sem á undanförnum árum hafa iðulega verið veittir styrkir til einstakra báta til vélakaupa og vélaviðgerða.

Þá er að lokum lagt til í sambandi við Breiðafjarðarsamgöngur, að styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnessbáts verði óbreyttur.

Um Ísafjarðarsamgöngur er það að segja, að sama skip hefur annazt þær og undanfarin ár, og má segja, að rekstur þess hafi gengið tiltölulega sæmilega á þessu ári. Fyrirtækið hafði á þessu ári samtals 430 þús. kr. í styrk, en þar af voru 50 þús. kr. veittar upp í rekstrarhalla undanfarinna ára og 40 þús. kr. til vélakaupa. Nú er lagt til, að styrkur til þessa báts verði samtals 370 þús. kr. eða 60 þús. kr. lægri en á þessu ári, en af þessum 370 þús. kr. verði 20 þús. kr. varið til viðgerða á skipi félagsins, „Fagranesinu", sem annast þessar ferðir.

N. taldi ekki fært að verða við ósk félagsstjórnarinnar um að fá 50 þús. kr. til þessarar viðgerðar, en væntir þess, að fyrirtækið geti einhvern veginn bjargazt, fengið fé annars staðar frá til þess að ljúka nauðsynlegri viðgerð á skipinu.

Í sambandi við Norðurlandssamgöngur er þess að geta, að flóabátur sá, sem annazt hefur flóabátaferðir milli hafna í Strandasýslu og stundum allt suður til Hvammstanga, hefur nú verið seldur og enginn bátur hefur enn þá verið keyptur í hans stað. Það varð því að ráði í samráði við þm. Strandamanna að leggja til, að styrkur til þessa báts verði felldur niður á næsta ári. En samkvæmt ósk þingmannsins og einnig í samráði við hv. fjvn. er lagt til, að hluta af þeim styrk, sem Strandabátur hefur notið, verði varið til samgöngubóta á landi í Strandasýslu. Það er mjög mikill áhugi fyrir því þar í héraði að skapa sem fyrst akvegasamband milli kauptúnsins Drangsness við norðanverðan Steingrímsfjörð og Hólmavíkur og hins vegar akvegasamband milli Ingólfsfjarðar í norðurhluta sýslunnar og Gjögurs við norðanverðan Reykjarfjörð. Samvn. féllst á, að 100 þús. kr. af þeim 130 þús. kr. styrk, sem Strandabátur hefur notið, yrði varið til samgöngubóta á þessum tveimur vegum, þannig að þetta fé kæmi héraðinu að gagni með öðrum hætti. Það er svo álit n., að reynslan verði að skera úr um það, hvort nauðsyn beri til þess að taka upp ferðir Húnaflóa- og Strandabáts að nýju.

Norðurlandsbáturinn, sem gengur um Eyjafjörð og Skagafjörð, fékk á þessu ári 310 þús. kr. styrk. En útgerðarmaðurinn, sem bátinn rekur, taldi sér ókleift að halda þeim rekstri áfram án töluverðrar styrkhækkunar. N. taldi því ekki unnt að komast hjá að hækka styrkinn nokkuð og lagði til, að hann fengi 20 þús. kr. meira en á þessu ári.

**Þá er styrkur til Hríseyjarbáts hækkaður um**

1000 kr., og styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda er lagt til að hækki um 6 þús. kr. En þannig stendur á með þann bát, að eigandi hans, sem var búsettur í Flatey, hefur flutzt þaðan til Húsavíkur og ekki hefur reynzt mögulegt að fá annan bát búsettan í Flatey til þess að annast ferðirnar. En við það að báturinn er staðsettur á Húsavík verða þessar ferðir nokkru dýrari, og taldi n. óhjákvæmilegt, þar sem ekki hafði fengizt bátur heima í Flatey, að styrkja hann þá nokkuð ríflega, til þess að hann gæti haldið ferðunum uppi áfram.

Á Austfjörðum er lagt til að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur, en styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 2 þús. kr. Hins vegar er lagt til, að styrkur til Eskifjarðarbáts falli niður. Sprettur það af því, að akvegasamband hefur nú skapazt milli þeirra byggðarlaga, sem báturinn hélt uppi ferðum til og frá. Hins vegar er styrkur til Berufjarðarbáts óbreyttur.

Ég er þá kominn að Suðurlandsskipi. Eins og kunnugt er, þá hefur um alllangt skeið verið veittur styrkur til flutninga á hinni löngu og erfiðu leið milli Reykjavíkur og Vestur-Skaftafellssýslu. Flutningskostnaður á þessari leið er ákaflega mikill. N. upplýsti í áliti sínu á s. l. ári, að hann væri yfir 500 kr. á tonn austan Mýrdalssands, en nokkru lægri vestan hans. Á undanförnum árum hefur styrkur til þessara flutninga verið hækkaður lítillega öðru hverju. Nú var farið fram á það, að styrkurinn yrði hækkaður enn nokkuð, og með tilliti til þess, að reynt yrði að styrkja vetrarsamgöngur í héraðinu nokkuð, en fyrir atbeina sýslun. V.-Skaftafellssýslu var á s. l. ári keyptur snjóbíll til notkunar á leiðinni Reykjavík—Kirkjubæjarklaustur og til notkunar við vetrarflutninga þar í sýslunni. Var það aðalsérleyfishafinn þar í héraðinu, sem keypti þetta samgöngutæki. Nú varð það að ráði í n., að lagt var til, að 25 þús. kr. yrðu veittar í styrk í eitt skipti fyrir öll vegna þessa öryggistækis. Hækkar styrkurinn til Suðurlandsskips því um þessa upphæð.

Þá leggur n. til, að styrkurinn til Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbáts verði óbreyttur, eða 80 þús. kr. Stöðugt eru uppi raddir um það, að leggja beri þennan flóabát niður. Víst er um það, og verkefni hans er ekki ýkjamikið, eftir að samgöngur bötnuðu mjög í lofti og á sjó við Vestmannaeyjar. En það er alltaf sama sagan, að bæði bæjarstj. Vestmannaeyjakaupstaðar og þingmenn frá Vestmannaeyjum og úr Árnessýslu telja það mjög miður farið, ef þessar samgöngur legðust af. Þess vegna hefur n. ekki talið fært að leggja til, að styrkur til þessa báts yrði felldur niður.

Um Faxaflóasamgöngurnar er það að segja, að þær hafa verið miklum vandkvæðum bundnar, síðan h/f Skallagrímur í Borgarnesi varð fyrir því hörmulega óhappi að missa skip sitt, „Laxfoss“, snemma á árinu 1951. Það hefur orðið að halda uppi þessum nauðsynlegu samgöngum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness með dýrum og misjafnlega hentugum leiguskipum. Félagið hefur unnið að því af kappi að undirbúa smíði eða kaup á nýju skipi. En sá undirbúningur hefur þó ekki enn þá borið árangur. Ég vil þó upplýsa það, að eftir því sem mér hefur verið tjáð, þá munu líkur til þess, að tilboð berist um byggingu nýs skips snemma á næsta ári, þannig að nokkru fastara ætti að verða undir fæti í þessum málum varðandi flóabátasamgöngur Faxaflóa þegar á næsta ári. Eru sem sagt líkur til þess, að þá hafi verið tekin ákvörðun um byggingu eða kaup á nýju og hentugu skipi til þessara ferða. H/f Skallagrímur fékk samkvæmt till. samvinnun. á þessu ári 200 þús. kr. rekstrarstyrk, en fór á síðasta þingi, þegar þessi mál voru undirbúin, fram á miklu hærri styrk. Nú hefur stjórn félagsins farið fram á 360 þús. kr. rekstrarstyrk og leitt rök að því, að ókleift sé að halda þessum ferðum uppi með minna en 30 þús. kr. rekstrarstyrk á mánuði. Samvinnun. taldi sér ekki fært að ganga svo langt og leggur til, að veitt sé sama upphæð og á þessu ári sem rekstrarstyrkur til h/f Skallagríms til þess að halda uppi Faxaflóasamgöngum, eða 200 þús. kr. Hins vegar taldi n. ekki unnt að sniðganga með öllu óskir fyrirtækisins um einhvern frekari stuðning, á meðan á þessu millibilsástandi stendur, að það hefur ekki fengið nýtt og hentugt skip til ferðanna. Hefur hún því lagt til í samráði við þm. Borgf. og Mýr. og hv. fjvn., að ríkisstj. verði heimilað að veita h/f Skallagrími allt að 100 þús. kr. viðbótarstyrk, ef brýna nauðsyn beri til þess, til þess að þessum samgöngum verði haldið uppi. Samvinnun. skrifaði fjvn. um þetta, og hefur hv. n. flutt brtt. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja þessari upphæð, ef brýna nauðsyn beri til, til þess að Faxaflóasamgöngum verði haldið uppi. En það er von n., eins og ég sagði áðan, að með nýju og hentugu skipi eigi þessar samgöngur að komast í betra horf, og sitt fyrra horf, því að það er vitað, að um langt skeið voru þessar flóabátaferðir reknar án ríkisstyrks.

Ég hygg þá, að ég hafi gert grein fyrir till. samvinnun. í aðalatriðum og gefið nokkrar upplýsingar um, hvernig þessum samgöngum er háttað í einstökum landshlutum.

Samkvæmt till. n. áætlar hún styrk til flóabátaferða og vöruflutninga á næsta ári samtals 1607500 kr. Er það 3500 hærra en gert er ráð fyrir á fjárl. þessa árs. Um það þarf ekki að fara í neinar grafgötur, hvernig standi á aukinni styrkþörf til flóabátanna. Rekstrarkostnaður þeirra hefur farið vaxandi ár frá ári eins og annarra skipa í landinu. Hef ég gert grein fyrir því í framsögu fyrir áliti hv. nefndar á undanförnum árum og tel því ekki þörf á að endurtaka það hér nú.

Ég vil svo leyfa mér, um leið og ég lýk framsögu fyrir hv. samvn. samgm. varðandi styrk til flóabáta og vöruflutninga, að minnast lítillega á mál, sem snerta mitt kjördæmi.

Ég vil fyrst leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir að hafa tekið upp heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða 250 þús. kr. án mótframlags til skólabyggingar í Hnífsdal. Ég þakka skilning n. á því einstæða óhappi, sem þetta byggðarlag varð fyrir, þegar skóli þess fauk með börnum og kennurum í ofviðri á s. l. vori. Ég veit ekki enn þá endanlega um, hver byggingarkostnaður hins nýja skóla muni verða, en ríkið hefur brugðizt vel við. Ég endurtek þakkir mínar bæði til hæstv.

ríkisstj. og hv. fjvn. fyrir till. þá, sem flutt hefur verið.

Þá vil ég enn fremur þakka n. fyrir það, að hún hefur tekið upp í till. sínar 15 þús. kr. fjárveitingu til bryggju í Reykjanesi, en það fé mun verða notað til þess að bæta skemmdir, sem urðu á því mannvirki.

Að lokum vil ég vísa til fyrri ummæla minna með brtt., sem ég hef flutt ásamt nokkrum hv. þm. um byggingarstyrk til Jóns Björnssonar rithöfundar. Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem ég hef flutt fyrir því. Hér á hlut að máli ágætur listamaður, fátækur maður, sem býr í gersamlega óviðunandi húsnæði, bragga, þar sem lekur yfir hann við ritstörf hans, og torveldar það að sjálfsögðu mjög rithöfundarstarf hans. Vænti ég, að hv. þm. sýni skilning nú sem fyrr á þörfum ýmissa fátækra listamanna og samþ. þessa brtt.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég á hér nokkrar till. á þskj. 330, og er fyrsta till., rómv. I, að nokkru leyti endurtekning á till., sem ég flutti hér við 2. umr., en tók þá aftur. Hún var um að hækka framlag til læknisbústaða og sjúkrahúsa upp í 2 millj., en þar sem felld var sams konar till. við 2. umr., hef ég nú lækkað þetta og fer fram á, að þessi upphæð verði hækkuð í 1800 þús. í stað 1500 þús. Það er kunnugt mál, að jafnvel þótt þarna væri samþ. 1800 þús., þá er það ekki nema brothluti af því, sem þarf til þessara gjalda, því að svo margir læknisbústaðir og spítalar eru í byggingu, enda var krafan frá viðkomandi ráðuneyti, sem liggur fyrir bréf um, að lágmarkið, sem þyrfti í þetta, væri 3 millj. kr. Ég vil nú mega vænta þess, þó að svo hafi farið, sem mér þykir mjög undarlegt, að hv. fjvn. hefur ekki hækkað þessa upphæð meira, að þessi till. fái góð afdrif hér hjá hv. þm. En þar sem ég talaði nokkuð um hana við 2. umr. eða þá þörf, sem hér liggur fyrir, þá sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um hana meir.

Þá er hér till. nr. XVI á sama þskj. um að heimila ríkisstj. að gera við hafnarbryggjuna á Skagaströnd, þannig að henni sé ekki nein hætta búin. Ég hef farið fram á töluvert hærri fjárveitingu til hafnargerðarinnar á Skagaströnd, en fengið þau svör, — og tel þau í sjálfu sér eðlileg, — að þar sem ekki sé búið að leggja fram til byggingarinnar meira en orðið er og ekki nein hærri skuld á, þá sé ekki hægt eftir þeim reglum, sem þar um gilda, að fara öllu hærra með fjárveitinguna en hv. fjvn. hefur gert. En þarna er þannig ástatt, að aðalbryggjan er stórlega skemmd, og munar litlu, að hún fari, og það yrði svo mikið tjón, að það getur ekki verið látið líðast, að svo fari. Nú stendur þannig, eins og mönnum er kunnugt, að á þessum stað hefur verið alger veiðibrestur á undanförnum árum, og þess vegna hefur viðkomandi hafnarnefnd ekki getað greitt afborganir og vexti af þeim lánum, sem til hafnargerðarinnar hafa gengið. Og nú nýlega var formaður hafnarn. hér að leita fyrir sér um lántöku til þess að fá viðgerð á þessari bryggju, en eins og ekki er mjög óeðlilegt, fór svo, að ekki er um nein lán að ræða til þessara hluta, og þess vegna ekki um neitt að ræða hér til viðgerða á þessu mannvirki annað en að ríkissjóður leggi það fram til þess, að hér sé ekki sett meira í voða en orðið er. Fyrir þessu eru fordæmi a. m. k. frá tveim öðrum stöðum á landinu, sem sé á Bakkafirði eystra og í Bolungavík vestra. Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því, ef þessi heimildartill. verður samþ., að hæstv. ríkisstj. fari algerlega eftir till. og fyrirsögn vitamálastjóra um þá viðgerð, sem hérna er ómissandi.

Þá á ég hér till. nr. XII á þessu sama þskj. ásamt hv. 4 þm. Reykv., sem er forstjóri Tryggingastofnunarinnar og þekkir vel inn á það mál, sem hér er um að ræða, að hækka á 18. gr. greiðslu til Sigríðar Arnljótsdóttur læknisekkju upp í 7 þús. kr. Þessi kona er orðin 84 ára gömul, algerlega eignalaus og hefur orðið fyrir því mikla óhappi, að sonur hennar, sem hún hafði aðstoð af, hefur misst heilsuna og hún hefur því ekkert við að styðjast. Við flytjum þessa till., ég og hv. 4. þm. Reykv., vegna kunnugleika á högum þessarar gömlu ekkju. Hún var lengi læknisfrú í mínu héraði og kunnug þar að öllu góðu, og má geta þess, að hún er dóttir hins gamla þingskörungs, Arnljóts Ólafssonar í Sauðanesi. Hér er farið fram á mjög smávægilega upphæð, og ég vil mega vænta þess, að hv. þm. taki þessari till. vel, enda þótt fjvn. hafi ekki viljað á hana fallast.

Að öðru leyti skal ég ekki fara inn á að ræða um annað, sem hér liggur fyrir, eða fjárlfrv. í heild sinni, en vil mega vænta þess, að hv. þm. taki þessum smávægilegu till., sem hér er um að ræða, með vinsemd.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að gera fjárl. neitt að umræðuefni almennt við þessa umr. eða framhald hennar, þar sem þau málefni hafa nú verið ýtarlega rædd. Ég kvaddi mér hljóðs einvörðungu til þess að mæla fyrir brtt., sem ég flyt hér ásamt hæstv. menntmrh. Till. er á þskj. 330,XV. Hún er um að heimila ríkisstj. að greiða allt að 700 þús. kr. upp í áfallnar rekstrarskuldir þjóðleikhússins. Þannig er mál með vexti, að þjóðleikhúsið hefur ekki getað orðið rekið hallalaust með þeim styrk af skemmtanaskatti, sem það hefur. Það liggur nú fyrir, að talsverður halli hefur orðið undanfarið á rekstri hússins. Það er með engu móti hægt að komast hjá því að greiða þennan halla. Hann liggur fyrir í lausaskuldum, sem verður að greiða, en á hinn bóginn eðlilegra, að fyrir því sé heimild frá hv. Alþ. Þess vegna höfum við lagt til, að sú heimild verði gefin með þessu móti. Það er að vísu líklegt, að einhver halli verði á rekstri þjóðleikhússins að óbreyttu skemmtanaskattstillaginu á næsta ári. En þó hefur það mál ekki verið athugað svo ýtarlega, að við viljum gera nokkrar till., sem lúta að framtíðinni, heldur binda okkur eingöngu við að fá heimild stj. til handa til þess að hreinsa upp þær skuldir, sem á hafa fallið.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og í ljós kom við atkvgr. í lok 2. umr. fjárl. hér um daginn, hefur hæstv. ríkisstj. þau tök á þingliði sínu, að það fær ekki að fylgja einni einustu brtt. við fjárlfrv. að undanskildum till. meiri hl. hv. fjvn. Þar sem svo er ástatt, teljum við þm. Þjóðvfl. þýðingarlaust að bera fram margar brtt. nú

við 3. umr., þar eð örlög þeirra, hverjar sem þær væru, mega teljast fyrir fram ráðin. Á þskj. 330 eru þó 4 till. frá okkur, eða ein frá okkur sameiginlega og þrjár frá mér.

Hin fyrsta þeirra, V. liður, um allmikið hækkaðan styrk til íþróttasjóðs, var flutt við 2. umr., en þá tekin aftur til 3. umr. Var mælt fyrir henni þá, og skal ég ekki endurtaka það, sem þá var sagt.

Ég hef hér á þessu sama þskj., undir liðnum VIII, leyft mér að flytja 3 till. um lítils háttar aukinn styrk til menningarmála.

Fyrsta till. er um að hækka ríkisframlag til hinnar miklu íslenzku orðabókar, sem nú er unnið að á vegum háskólans, úr 75 þús. kr. í 150 þús. kr. Hér er verið að vinna mjög umfangsmikið og tímafrekt nytjaverk í þágu íslenzkrar menningar. Því minna fé sem til þess er veitt árlega, því fleiri ár dregst það, að þessi mikla orðabók komi út, en hún mun verða veruleg lyftistöng íslenzkum fræðum. Hlýtur það að vera metnaðarmál okkar Íslendinga að eignast sem fyrst góða visindalega orðabók yfir móðurmálið.

Þá flyt ég till. um nýjan lið, lítils háttar framlag til að hefja undirbúning annars nauðsynjaverks, sem ekki má dragast miklu lengur að hefjast handa um, samningu íslenzkrar alfræða- eða fjölfræðabókar. Fyrir nokkrum árum hófu einstaklingar hér á landi að vinna að útgáfu allstórrar alfræðabókar. Átti hún að fjalla bæði um íslenzk og erlend efni, og ef ég man rétt, átti hún að vera ein 12 bindi. Þetta verk dagaði uppi, enda hefði það orðið mjög dýrt og viðamikið. Mun nú vera alveg hætt við þessa alfræðabók. Ég tel hins vegar, að við Íslendingar höfum sérstaka þörf á alfræðabók eða fjölfræðabók, sem eingöngu væri bundin við íslenzk efni. Hún mundi koma að verulegu gagni, þótt hún væri ekki ákaflega stór. Mundi vel mega una við 3—4 bindi, og virðist eðlilegt, að Háskóli Íslands sæi um framkvæmd slíks verks, en vel mætti hugsa sér, að bókadeild menningarsjóðs yrði aðili, þegar til þess kæmi að gefa verkið út. Till. mín er flutt til þess að vekja athygli hv. þm. á þessu máli, ef verða mætti til þess, að það kæmist a. m. k. á umræðu- og athugunarstig.

Loks flyt ég hér till. um að hækka lítils háttar upphæðina til skálda og listamanna. Sú upphæð hefur staðið óbreytt að krónutölu hin síðustu ár, að ég held, þrátt fyrir stórminnkað verðgildi peninga. Jafnframt legg ég til, að einum ágætasta og sérstæðasta listamanni þjóðarinnar, Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara, verði veitt af þessari fjárhæð sérstök heiðurslaun. Ásmundur Sveinsson varð sextugur á þessu ári, en er þó enn, þrátt fyrir mjög erfið ævikjör og óhemjustrit, í fullu fjöri. Hann er frjór og skapandi listamaður, miklum hæfileikum gæddur, en hefur aldrei notið þeirrar aðstöðu, sem hann á skilið. Það er vitað og viðurkennt, að myndhöggvarar eiga öllu erfiðara uppdráttar en flestir listamenn aðrir, einkum í litlu og fátæku landi, sem hefur takmarkaða getu til myndakaupa og ef til vill enn takmarkaðri skilning á gildi höggmynda. Ásmundur Sveinsson hefur fyrir löngu til þess unnið, að honum sé veitt full viðurkenning og aðstaða hans bætt. Hann hefur þegar borið hróður íslenzkrar listar vítt á erlendum vettvangi og mundi þó enn betur gera, ef hagur hans batnaði nokkuð.

**Frsm. 1. minni hl. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Frsm. fjvn., hv. 2. þm. Eyf., hefur gert grein fyrir nálega öllum till., sem fram hafa komið frá fjvn. síðan 2. umr. lauk, og hef ég lítið við það að athuga.

Ég vil taka undir það, sem hann sagði um 18. gr., að hún er orðin mesta vandræðafyrirbæri, og það er síður en svo, að ég telji, að þær till., sem koma nú fyrir þingið um nýja liði á 18. gr., séu ekki sama marki brenndar og aðrir liðir, að það er hið megnasta ósamræmi milli fjárveitinga til einstaklinga alveg eins og áður á greininni, enda er miðað við það ósamræmi, sem fyrir er milli manna. Eru till. þannig engu nær því að komast nærri nokkru réttlæti um fjárveitingar á 18. gr., heldur erum við heldur fjær, eftir því sem meira bætist við á greinina. Það er líka orðið augljóst öllum, að allar hinar lægri upphæðir, sem eru sjálfsagt upp undir ⅘ að tölu af fjárveitingum á gr., eru í raun og veru ekkert nema að sýnast. Þær koma alls ekki til útborgunar til fólksins að neinu leyti að því er snertir þá, sem hafa lægri upphæðirnar, því að þessi upphæð dregst frá hjá öllu gömlu fólki, sem er á ellilaunum, dregst frá ellilaunum þess og öðrum tryggingarupphæðum hjá tryggingunum. Það er ekkert annað en blekking, að þetta fólk fái þessar upphæðir í viðbót við sínar tryggingar. Það stendur á 18. gr., að margt af þessu fólki fái þar þessa upphæð, sem er dregin frá við greiðslu bótanna hjá tryggingunum. Og það er ósæmilegt að vera að gefa þetta út sem skjal frá Alþ. frá ári til árs og manna sig aldrei upp í það að hreinsa til.

Fyrir fjvn. lá erindi frá fræðslumálastjóra um að verja nokkurri upphæð til þess að fá hæfan mann til að leiðbeina í skólum um notkun bóka og bókasafna og til erindaflutnings í skólum landsins undir yfirstjórn fræðslumálastjóra. Þetta erindi hefur ekki fengið samþykki n., en sem skólamaður er ég alveg sannfærður um, að þarna væri um nauðsynlegt starf að ræða, sem gæti orðið til mikils gagns í þágu alþýðumenntunar í viðbót við hið venjulega lexíubundna skólanám. Ég hef sjálfur tekið það upp við minn skóla sem námsgrein að láta einn kennara skólans leiðbeina nemendunum um notkun bóka og bókasafns, af því að við erum svo heppin, að bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar er í næsta húsi við skólann, og ég er alveg sannfærður um, að þetta hefur opnað nýjan heim fyrir nemendunum og orðið þeim kannske að eins miklu gagni um bókfræði og allt annað nám nemendanna í skólanum. Ég veit líka, að það hefði mikla þýðingu í skólunum úti um landið, að þangað kæmi á vegum fræðslumálastjórnarinnar við og við valinn fyrirlesari til þess að flytja fræðandi, örvandi og hvetjandi erindi, og það væri ekki miklu til kostað úr ríkissjóði, þó að til dæmis 15 þús. kr. eða svo væri varið til þessarar starfsemi. Ég harma það, að meiri hl. fjvn. skyldi ekki geta fallizt á þetta erindi frá fræðslumálastjóra, og tel sjálfsagt, að það sé lagt undir dóm hv. alþm., hvort þeir mundu ekki vilja láta gera slíka tilraun um þessa starfsemi. Ég veit, að margir, sem langar til þess

að fara hér upp í landsbókasafn og fá þar fræðslu úr bókum, sem þar eru til, hlífast við því, af því að þeir vita bókstaflega ekkert, hvernig þeir eigi að snúa sér í bókasafni, og hafa enga þekkingu á því að afla sér þeirra gagna í söfnum, sem þeir þurfa til þess að fá þá vitneskju, sem þeir leita eftir.

En úr því að ég minnist hér á skóla, þykir mér sem ég geti ekki hjá því komizt að minna á það, að hæstv. forsrh. kom hér í ræðustól í gærkvöld, eftir að seinasti fulltrúi Alþfl. hafði lokið máli sínu og Alþfl. átti þannig engan kost þess að leggja neitt til mála eftir það, en þá leyfði hæstv. forsrh. sér að fræða þjóðina á því í útvarpi, að ég mundi hafa lagt til, að niður væri felldur liður, sem hann kallaði nú skólaeftirlitið, sem ekki er til. Það er nú bara smávegis ónákvæmni. En liður er núna tekinn upp og mun eiga að vera nýtt embætti, sem heitir fjármálaeftirlit skólanna, og ég hafði lagt til, að það yrði fellt niður. Hæstv. forsrh. sagði þjóðinni, að þetta mundi ég hafa gert af því, að ég þættist eiga mér í að hefna gagnvart þessu eftirliti, þar sem ég væri sekur um að hafa dregið mér 30 þús. kr. uppbætur frá ríkinu, að mér skildist með einhvers konar fjárdrætti. Ég skora hér með á hæstv. forsrh. að gera þegar í stað innheimturáðstafanir með lögsókn eða á annan hátt gegn mér út af þeim 30 þús. kr., sem hann segir þjóðinni, að ég hafi tekið úr ríkissjóði í óheimild, en bera æruleysissök ella. Þessa innheimtu krefst ég að ríkisstj. Íslands geri ráðstafanir til að framkvæma þegar í stað, svo framarlega sem ríkisstj. telur, að ég hafi nokkurn eyri dregið mér í sambandi við mitt embætti.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég flutti við 2. umr. fjárlfrv. nokkrar brtt. á þskj. 281. Því miður var ég bundinn við önnur störf, þegar seinni hl. 2. umr. fór fram. Var ég því ekki á þingfundi og gat þess vegna ekki mælt fyrir þessum till. Þær voru, eins og allar till. stjórnarandstæðinga, felldar við atkvgr. við 2. umr. málsins, og geri ég ráð fyrir, að mín meðmæli með till. hefðu ekki getað neinu breytt um þá ákvörðun stjórnarflokkanna og fjarvera hafi þess vegna ekki komið að sök.

Eina af þessum till. mínum tók ég aftur, en það var till. um að hækka styrk til íþróttasjóðs úr 600 þús. kr. upp í 1 millj. kr., og hef ég leyft mér að flytja hana aftur nú við þessa 3. umr.

Ein af till. mínum mun þó hafa haft góð áhrif, því að hv. fjvn. hefur tekið hana upp í sínar till. nú við 3. umr., en það var till. mín um hækkun á styrk til Skáksambands Íslands úr 10 þús. kr. upp í 25 þús. kr. Hv. fjvn. hefur að vísu ekki lagt til, að styrkurinn yrði hækkaður upp í þá tölu, sem ég lagði til, því að það er óheimilt að bera fram till. um þá upphæð, sem felld hefur verið, en lagt til, að styrkurinn verði hækkaður upp í 20 þús. kr., eða tvöfaldaður. Fagna ég mjög þeirri afstöðu hv. fjvn. Hæstv. forseti boðaði það raunar við atkvgr., að von mundi vera einhverra sinnaskipta hjá hv. fjvn. í afstöðu sinni til skákíþróttarinnar, og þykir mér vænt um, að þau orð hans skuli hafa reynzt sönn og að þessi sinnaskipti skuli hafa birzt í till. hv. fjvn.

Ég flutti einnig nokkrar aðrar till. Flestar þeirra tel ég þýðingarlaust að endurnýja, þótt í lækkaðri mynd væri, en vil þó ekki gefast upp við þrjár af þessum till.

Það er í fyrsta lagi till. mín um hækkaðan styrk til íslenzkra námsmanna erlendis. Ég hafði lagt til, að fjárhæðin, sem þeim er ætluð, yrði hækkuð um 200 þús. kr. Ég vil enn freista þess við þessa umr. að fá styrk til þeirra hækkaðan nokkuð og flyt till. um að hækka hann um 100 þús. kr., upp í 975 þús. kr.

Ég hafði einnig flutt till. um að hækka laun skálda, rithöfunda og listamanna um 200 þús. kr. og að 100 þús. kr. af þessu fé skuli varið til þess að verðlauna þrjú rit, sem út komu á árinu eftir íslenzka höfunda. Ég vil enn freista þess að fá laun skálda, rithöfunda og listamanna hækkuð nokkuð og halda fast við þá till., að úthlutunarnefndin skuli verja nokkru fé til þess að verðlauna rit íslenzkra höfunda, og hef því flutt till. um, að skáldalaunin skuli vera 775 þús. kr. og 75 þús. kr. þar af til þess að verðlauna rit íslenzkra höfunda.

Ég hafði enn fremur flutt till. um að verja 300 þús. kr. til þess að skreyta opinberar byggingar með listaverkum. Ég hygg, að eitt hið bezta, sem væri hægt að gera til þess að kynna almenningi list myndlistarmanna okkar og jafnframt til þess að skapa þeim bætt starfsskilyrði, væri að ráða slíka menn til þess að skreyta opinberar byggingar með verkum sínum. Með því væru slegnar tvær flugur í einu höggi. Verk listamannanna væru á þeim stöðum, sem líklegast er að almenningur kynnist þeim bezt, þar sem almenningur kemur oft og ætti stöðugt kost á að hafa þau fyrir augum, og jafnframt er það heilbrigður stuðningur við skapandi listamenn með þjóðinni að fá þeim verkefni í stað þess eða jafnframt því, sem þeim eru veitt laun, og ég efast ekki um, að einmitt þessi braut væri listamönnunum sjálfum mjög kærkomin, að þeim væru fengin verkefni þannig, að listaverk þeirra væru ekki grafin niður, heldur höfð til sýnis almenningi.

Ég vil því freista þess að flytja enn till. um þetta, um helmingi lægri upphæð en ég flutti, og þóttist þó vera hógvær. Ég hafði lagt til, að til þessa yrði varið 300 þús. kr., en vil nú enn leggja til, að til þessa verði varið 150 þús. kr., og treysti því, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa till., þar sem fjárhæðin er þó ekki meiri en þetta. Ég geri mér ljóst, að fyrir þetta fé væri ekki hægt að vinna nein stórvirki. Tilgangur minn með þessu er aðeins sá að fá hugmyndina viðurkennda, að það væri rétt og skynsamlegt að verja nokkru fé til þess að skreyta opinberar byggingar listaverkum, og ef slíkur liður á annað borð kæmist inn á fjárl., þá væri þó einhver von um, að fjárhæðin fengist aukin síðar.

***Gunnar Jóhannsson:*** Herra forseti. Ég get ekki flutt hv. fjvn. þakklæti mitt fyrir afgreiðslu á þeim brtt., sem ég hef flutt við fjárlfrv. Ég fæ ekki betur séð en að fram hjá þeim hafi verið gengið að mestu eða öllu leyti. Það er í fullu samræmi við það, sem fram kom og hefur fram komið, bæði við almennar umr. hér í d., afgreiðslu mála, sem stjórnarandstaðan hefur flutt hér, og

var alveg sérstaklega undirstrikað í þeim útvarpsumr., sem fram fóru í gærkvöld og fyrrakvöld. Þar komu fram mjög skýrar og ákveðnar yfirlýsingar um það frá hv. stjórnarsinnum, — að ég tel frá báðum flokkum, — að það væri alls ekki meiningin að taka yfirleitt neitt tillit til þess, sem stjórnarandstaðan flytti hér í formi frumvarpa eða kæmi fram sem brtt. við fjárlög. Það er út af fyrir sig gott að hafa fengið þessa yfirlýsingu, og má þá segja, að það leiki ekki á tveim tungum um það, sem um hv. Alþ. hefur verið skrifað að undanförnu í mörg blöð hér, að meiri hlutinn af störfum þess fari ekki fram í sölum Alþ., heldur á klíkufundum stjórnarflokkanna. Þetta var reyndar vitað áður, en hér liggur alveg ótvíræð og skýr yfirlýsing um þetta, og það er gott, að þetta hefur komið fram. Ég efast t. d. um það, að afgreidd sé ein einasta smávægileg till. svo, að ekki sé áður margrætt á meðal stjórnarflokkanna, hvort virkilega eigi að hleypa henni í gegn eða ekki.

Ég flutti hér nokkrar smávægilegar brtt. til hækkunar við fjárl. við 2. umr. Voru þær til samræmis við það, sem veitt er til slíkrar starfsemi í öðrum bæjum, en Siglufjarðarkaupstaður hefur verið vanskiptur af.

Ég flutti t. d. hér till. um það, að til tónlistarskóla Siglufjarðar yrðu veittar 20 þús. kr. í staðinn fyrir 10 þús. kr. Ég vil benda á, að aðrir tónlistarskólar í hliðstæðum kaupstöðum fá þessa upphæð, sem hér er farið fram á. Hér er ekkert farið fram á annað en það, að tónlistarskóla Siglufjarðar, sem veitir forustu ungur og mjög efnilegur maður, sé veittur nákvæmlega sami styrkur og hliðstæðum skólum annars staðar.

Ég flutti t. d. tillögu um það, að til tónlistará Siglufirði, reyndar til tveggja félaga, yrðu veittar 3 þús. kr. til hvors. Hv. fjvn. hefur sjálfsagt talið sig ganga ákaflega langt í tilhliðrunarsemi, því að ég sé það á till. hennar, að það eru veittar 4 þús. kr. til leikstarfsemi á Siglufirði, en þeir hafa ekki treyst sér að leggja til, hvernig því yrði skipt, og skjóta því til bæjarstjórnar Siglufjarðar til endanlegrar afgreiðslu.

Þá hef ég flutt hér brtt. við 13. gr., um sjóvarnargarð norðan Siglufjarðareyrar. Þegar ég ræddi þetta mál við 2. umr. fjárl., lýsti ég dálítið nánar, hvernig ástandið væri þarna. Ég tók þessa till. aftur til 3. umr., m. a. til þess, að hv. fjvn. gæfist tækifæri til þess að rannsaka, hvort umsögn mín um þetta mál væri á rökum reist. Ég notaði tímann til að afla mér frekari skýringa á þessu máli og upplýsinga, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég mega lesa hér upp bréf, sem ég fékk frá Sigurði Jónssyni framkvæmdastjóra síldarverksmiðja ríkisins um þetta mál. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni viljum vér skýra yður frá, að vér höfum á undanförnum árum margítrekað við bæjarstjórn Siglufjarðar brýna nauðsyn þess, að gert væri við hafnargarðinn í Siglufirði, þar sem hið stóra mjölgeymsluhús vort og afurðir þær, sem þar eru geymdar, eru í yfirvofandi hættu vegna flóða, verði ekkert aðgert til viðgerðar flóðvarnargarðsins.

Pr. Síldarverksmiðjur ríkisins.
Sigurður Jónsson."

Enn fremur barst mér símskeyti frá bæjarstjóranum á Siglufirði, þar sem þetta mál er upplýst frekar og þar sem hann mælir mjög eindregið með því, að veitt verði fé til þess að forða eyrinni, sem aðalbærinn stendur á með öllum sínum mannvirkjum, þar með taldar síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru margra tuga millj. kr. virði, en öll þessi mannvirki eru talin í yfirvofandi hættu, ef ekki verður neitt að gert.

Ég ræddi lítils háttar um þetta mál við frsm. hv. fjvn., enn fremur við hv. vitamálastjóra og fékk mjög daufar undirtektir, enda hefur sú reyndin orðið á, að hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að mæla með því, að þetta verði veitt. Mér er sagt, að á fundum fjvn. hafi þetta verið rætt og þar hefði komið fram, að þegar sé búið að ákveða fjárframlag til Siglufjarðarhafnar, sem er eftir till. fjvn. 200 þús. kr. Ég get upplýst hér, að því fé er þegar ráðstafað til allt annars, svo að það eru miklar líkur til þess, að þessu fé verði ekki varið til þess að gera við flóðvarnargarðinn. Það verður svo að fara þá leið, sem Alþ. sýnist þar um, hvort það vill taka á sig ábyrgðina á því, hvernig fer um þau mannvirki, sem ég hef hér lýst að eru í yfirvofandi hættu. Það verður að fara eftir vilja og skoðun hv. þm., hvort þeir vilja taka þá „risiko" á sig. En ég taldi mér skylt að skýra hv. Alþ. frá þessu og hef hér með gert það.

Þá er hér ein smátill., sem ég er meðflm. að. Hún er við 22. gr. Það er að greiða Skógræktarfélagi Íslands allt að 50 þús. kr. vegna væntanlegrar heimsóknar norskra skógræktarmanna til Íslands. Ég hafði álitið, að hv. fjvn. mundi sjá sér fært að mæla með þessari litlu greiðslu, sem lítil má teljast miðað við fjárl., og gera hana að sinni till. og mæla með því, að hún yrði samþ. Það er vitað, að á næsta vori kemur hingað fjölmennur hópur Norðmanna til að gróðursetja hér trjáplöntur. Enn fremur munu þeir hafa meðferðis allmikið af efnivið til skógræktar ásamt trjáplöntum. Vitanlega kostar allmikið fé að taka á móti þessum mönnum, og ég hef ekki orðið var við, að neinnar sérstakrar sparsemi hafi gætt hingað til, þegar um móttöku erlendra sendimanna hefur verið að ræða. Þessir menn, sem hér um ræðir, koma frá vinaþjóð og sýna Íslendingum alveg sérstaka vinsemd með þeim mikla áhuga, sem þeir hafa á skógræktarmálum Íslendinga. Má þar alveg sérstaklega undirstrika það, að sendiherra Norðmanna hér í Reykjavík hefur sýnt þessu máli alveg sérstaka velvild. Ég hefði haldið, að sóma síns vegna gæti hæstv. Alþ. ekki annað gert en að samþ. þessa till. og auðvelda þar með Skógræktarfélagi Íslands að geta tekið vel á móti þessum frændum okkar, þannig að það mætti verða bæði Skógræktarfélaginu og landinu í heild til sóma.

Ég hafði enn fremur ásamt hv. þm. Sigurði Guðnasyni flutt hér till. um allmikla hækkun á fé til skógræktarfélaga og skóggræðslu Ég sé, að hv. fjvn. hefur tekið upp hækkun um 75 þús. kr. á fyrri liðnum til skógræktarfélaganna, og er það vel, að svo er gert, þótt hins vegar hafi hún ekki séð sér fært að fara alveg eftir því, sem við lögðum til í þessu máli.

Þá kem ég hér að lokum að nýjum lið, sem ég flyt hér við 22. gr. og verður þar 17. liður. Það

er að lána Siglufjarðarkaupstað gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar, allt að 2 millj. kr. til kaupa á fiskibátum, 30 rúml. brúttó eða stærri, og til annarrar atvinnuaukningar í kaupstaðnum. Til frádráttar þessari upphæð komi það fé, sem Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til atvinnubóta samkvæmt 14. lið þessarar greinar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að skýra nánar en gert hefur verið, hvernig atvinnuástandið er á Siglufirði. Ég þykist vita, að allir hv. alþm. muni vera því að nokkru kunnugir, þó að ég hins vegar þykist vita, að þeir séu ekki eins kunnugir því og æskilegt væri, því að það verður að teljast æskilegt, að hv. alþm., frá hvaða kjördæmi sem þeir eru annars, kynni sér, eftir því sem efni og ástæður leyfa, ástandið í hinum ýmsu byggðarlögum. Það er vitað, að þetta byggðarlag hefur farið verr út úr með atvinnu en kannske nokkurt annað byggðarlag á Íslandi. Það er vitað, að atvinnuhættir Siglufjarðarkaupstaðar voru og eru að mestu leyti enn byggðir á síldveiðum og síldarvinnu í landi. Í níu sumur má heita, að þessi aðalatvinnuvegur Siglfirðinga hafi að mestu leyti brugðizt. Í bænum hafa búið til skamms tíma yfir 3 þús. manns. Fólkinu hefur vitanlega fækkað nú síðustu ár, og ekki horfir til annars en að stórkostlegir fólksflutningar muni eiga sér stað, ef ekkert verður að gert frekar en orðið er.

Í þessu sambandi má benda á, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. sýndi þó þann skilning á þessu máli, að hún varð við þeim óskum og kröfum Siglfirðinga og bæjarstjórnar Siglufjarðar og annarra aðila þar, að *ríkisverksmiðjurnar byggðu þar nýtt og* fullkomið hraðfrystihús. En til þess að þetta nýja og fullkomna atvinnufyrirtæki geti komið að fullum notum, þá þurfa Siglfirðingar að eignast fiskibáta. Ástandið á því sviði er þannig, að í bænum eru 5 eða 6 dekkbátar. Þar við bætast svo eitthvað 2 eða 3, sem teljast mega ófærir til að stunda veiðar nema um hásumarið og tæplega það og oftast nær þá með undanþágu.

Það geta flestir séð, að þegar atvinnuástandið er þannig í bæ, sem telur um 3 þús. íbúa og engan fiskiskipastól hefur, þá muni atvinnuástandið ekki vera á marga fiska, enda er það staðreynd, að frá Siglufirði hefur verið meira aðstreymi til atvinnu hér suður á Suðurland heldur en frá nokkrum öðrum stað á landinu. Ég vil benda á í þessu sambandi, að við kosningarnar, sem fóru fram í sumar, greiddu atkv. utan kjörstaðar að mig minnir 17.9%. Þetta talar dálítið sínu máli. Við forsetakosningarnar var talan eitthvað örlítið lægri. Nú er t. d. yfir vetrarvertíðina brottflutningur fólks frá Siglufirði miklu meiri en á vorin, því að frekar er þó um eitthvert handtak að ræða um vorið og sumarið heldur en um vetrartímann.

Það hljóta allir að sjá, hvernig afkoma muni vera þeirra heimilisfeðra, sem þurfa að stunda atvinnu sína mikinn meiri hluta ársins fjarri heimilum sínum. Það má segja, að heimilisfaðir, sem verður að fara, hvort sem hann á heima á Siglufirði eða á öðrum stöðum á landinu, í atvinnuleit *langar leiðir, þurfi að bera tvöfaldan* kostnað. Í fyrsta lagi þarf hann að sjá fyrir sínu heimili, þar sem konan og börnin eru, og í öðru lagi þarf hann að halda sér sjálfum uppi á þeim stað, þar sem hann er, og þegar viðlegukostnaður eða kostnaður manns við atvinnu, t. d. suður í Vestmannaeyjum, er farinn að fara upp í 12—15 hundruð kr. á mánuði, þá geta menn séð, hvað það er dýrt spaug að þurfa að fara frá heimilum sínum til þess að sækja atvinnu annars staðar.

Ég vonast nú til þess, að hv. alþm. sjái og skilji, hvað alvarlega horfir á þeim stöðum, þar sem atvinnuástandið er eitthvað svipað og það er í Siglufjarðarkaupstað. Við þetta bætist svo það, að tekjur Siglufjarðarkaupstaðar og annarra þeirra staða, þar sem atvinnuástandið er líkt, hljóta að rýrna stórkostlega, enda má segja, að ekki hafi verið hægt að leggja svo að segja neitt útsvar á íbúa Siglufjarðar s. l. 3—4 ár.

Í þessu sambandi má t. d. benda á það, að ekki eitt einasta atvinnufyrirtæki á Siglufirði, sem rekið var s. l. ár, sýndi ágóða. Hæsta útsvar, sem einstakt fyrirtæki, búsett á Siglufirði, bar, var 17 þús. kr., þ. e. a. s. verzlunarfyrirtæki. Og um álagningu á atvinnufyrirtæki einstaklinga væri ekki að ræða, ef ekki væri tekið með veltuútsvarið.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta frekar. Ég gat þess í upphafi máls míns, að það lægju fyrir mjög ákveðnar yfirlýsingar um það frá stjórnarflokkunum, — og hefðu reyndar áður verið undirstrikaðar með afgreiðslu mála hér á Alþ., en sérstaklega voru þær þó undirstrikaðar í útvarpsumr. í gærkvöld og fyrrakvöld, — að ekki kæmi til mála að taka að neinu leyti tillit til framkominna till. frá stjórnarandstöðunni. Ég harma þessa yfirlýsingu. Ég harma það, ef hv. Alþ. Íslendinga er skipað þeim mönnum, sem eru það fullir af fordómum, að þeir geti ekki fylgt máli, hvaðan sem það kemur og hver sem flytur það, ef það á annað *borð er gott mál. Ég segi fyrir mig, að ég get* gefið þá yfirlýsingu hér, að ég mun geta greitt atkv. og beitt mér fyrir hvaða máli og frá hverjum sem það kemur, ef það á annað borð er þess virði, að því sé veitt brautargengi. Ég hélt, að það ætti að vera heiður hvers einasta alþm. að fylgja þessari reglu; það væri sú skylda, sem hann hefði undirgengizt, um leið og hann gaf kost á sér til þess að verða þm. og um leið og hann hefur undirritað eiðstaf sinn, er hann gengur hér inn í þingsalinn.

Að lokum þetta: Ég harma það, að hv. fjvn. hefur ekki viljað taka að neinu leyti til greina þær till., sem ég hef hér flutt, og þá sérstaklega þær tvær, sem ég hef gert hér að aðalumræðuefni, till. um fé til að endurbyggja flóðgarðinn norðan Siglufjarðareyrar og till. um, að Siglufjarðarkaupstað verði veitt fé til þess að byggja að nýju upp atvinnulíf í bænum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 333 nokkrar brtt., sumar einn, sumar ásamt hv. 6. þm. Reykv. Það er ekki vegna þess, að það væri ekki þörf á að gera fleiri breyt. á fjárl. heldur en þær, sem við hér höfum flutt, að við erum ekki með fleiri brtt., — það mundi æra óstöðugan og aðeins tefja þingstörfin að reyna að fara að sýna einhverja viðleitni í því að ætla að koma fjárl. í sæmilegt horf með brtt. frá einstökum þm., — heldur er

það hitt, sem gerir, að við vildum taka út úr nokkuð af þeim atriðum, sem við álítum sérstaklega nauðsynlegt á ýmsum sviðum að reyna að fá nokkur framlög til, og höfum þá helzt valið það út úr, sem ætla mætti eftir því, hvernig hv. stjórnarlið talar, að það kynni að vera fylgjandi, svo framarlega sem hugur fylgdi máli.

Á þskj. 333 flyt ég eina till. um, að nýr liður bætist inn á 14. gr.: til byggingar æskulýðshallar í Reykjavík. Það er ekki stórt framlag, það er 200 þús. kr. Það er eiginlega meira til þess, að Alþ. sýni ofur lítinn vott um, að það skilji, hver þörf væri á því að koma slíku heimili upp, heldur en hitt, að það mundi hjálpa ákaflega mikið. Ég býst við, að það hljóti að vera áhyggjuefni hverjum einasta manni, sem kynnir sér aðbúnaðinn að æskulýð Reykjavíkur, hvernig muni stefna með þann æskulýð, sem fær það veganesti, sem hann nú fær. Það er svo, að í Reykjavík er, að undanteknu þjóðminjasafninu — að svo miklu leyti sem ungt fólk fær að koma inn á þjóðminjasafnið, það er bara opið nokkra klukkutíma í viku — og landsbókasafninu, að svo miklu leyti sem ungt fólk fær að koma inn á það, til eitt lokað bæjarbókasafn og annars engin menningarstofnun, ekki ein einasta. Það eru „sjoppur“ og krár á hverju einasta götuhorni, — það er það, sem æskulýðnum fyrst og fremst er boðið. Þannig er aðbúnaðurinn. Það er það, sem það nútíma Ísland, þ. e. okkar fullorðna kynslóð, setur í staðinn fyrir það, sem sveitirnar í baðstofunum lögðu til til þess að ala menn upp.

Ég vildi alveg sérstaklega minna þá hv. þm., sem stundum taka dálítið stórt upp í sig um sósíalistisku löndin í heiminum, á, hvernig þau ríki búa að sínum æskulýð. Glæsilegri hallir en furstar eða konungar áttu áður standa nú æskulýðnum til boða, sem er að vaxa upp, sumar og vetur. Það er búið þannig að fóíkinu, sem er að vaxa upp, að borgaralegir rithöfundar, sem fara um þessi lönd, segja: Þarna er sú raunverulega yfirstétt í þessum löndum, æskulýðurinn. — Enda er það svo, að sá æskulýður, sem nú vex upp í sósialistisku löndunum, er fyrsti æskulýður svo að segja í veröldinni, sem vex upp án þess, að fátæktin og hleypidómarnir kyrki í honum vöxtinn, líkamlegan og andlegan. Það er nýtt mannkyn, sterkara og betra en við höfum þekkt áður.

Við höfum hérna á Íslandi núna á síðustu 10 árum sakir þeirra sigra, sem verkalýðshreyfingin vann 1942, og þeirra gerbreyttu lífskjara, sem þá urðu, getað búið líkamlega betur en áður að allstórum hluta af okkar æskulýð. Unga fólkið, sem núna vex upp, er stærra, föngulegra, fríðara en gamla kynslóðin var. Verkalýðurinn hefur með sinni hagsmunabaráttu getað knúið það fram, að unga fólkið hefur í nokkur ár fengið að borða sig satt, í staðinn fyrir að vöxturinn í kynslóðinni, sem nú er komin til ára sinna eða er nú orðin fullorðin, var að miklu leyti kyrktur í sultinum á útmánuðunum. En andlega er búið hræðilega að þessu fólki, bókstaflega í öfugu hlutfalli við þann líkamlega aðbúnað. Ameríska kvikmyndir, — einn af þeim hluta Marshall-áróðursins á Íslandi, sem hv. stjórnarvöld leggja svo mikla áherzlu á, þessi skipulags- og kerfisbundna tilraun til þess að gera menn að glæpamönnum, til þess að ala upp í einni smekkvísustu þjóð veraldarinnar, Íslendingum, smekkleysi og skilningsleysi á, hvað sé fagurt, — amerískar kvikmyndir eru sem stendur áhrifameira tæki en allir skólar landsins til þess að móta þá kynslóð, sem hér vex upp.

Það er þess vegna, þegar við það bætast svo „sjoppurnar“, krárnar og allt annað slíkt, svo að ég tali nú ekki um umgengnina við hermennina, þegar það bætist við, vinnan suður á Keflavíkurflugvelli, þegar hún er eina athvarfið, — þá er alveg auðséð, að það, sem gengur fyrir sig, er annaðhvort kerfisbundin eða þá óvísvitandi eyðilegging, andleg spilling á æskulýðnum, sem er að vaxa upp, þegar þeim áhrifum skólanna sleppir, sem meira eða minna er drekkt í þessum amerísku áróðri og amerísku spillingu. Og þetta kemur inn á tíma, þegar okkar gamla bændamenning er ekki lengur sem sú staðgóða undirstaða í landinu, sem grundvöllur til þess að byggja á, og áður en nokkur borgaraleg menning hefur skapazt í okkar bæjum og áður en verkalýðsstéttin hefur getað skapað sína sterku og meðvitandi menningu.

Það er engum efa bundið, að hér er stórkostleg hætta á ferðum, og ég vil segja það út af þeim mórölsku prédikunum, sem maður heyrir öðru hverju um, að æskulýðurinn sé eitthvað lakari og svoleiðis nokkuð, að það er engum öðrum að kenna en hv. stjórnarvöldum og þeim flokkum, sem hér ráða. Það er ekki til neins að vera að prédika móral yfir æskulýð, sem ekki er gert annað við en að reyna að freista hans móralskt eða spilla honum móralskt. Ég álít þess vegna, að Alþ. ætti að sýna ofur litla viðleitni í þá átt, rétt ofur litla bendingu um, að það væri að byrja að hugsa sig um, hvað það sé að gera með því að ganga inn á að fara að breyta þarna til og veita þarna ofur lítið framlag eins og nokkurs konar uppörvun til þeirra fáu aðila í Reykjavík, sem hafa hug á þessu, en enn þá eru allt of fáir og enn þá er allt of lítið skipulagt.

Mér er alveg ljóst, að sjálf þessi upphæð er hlægileg, og mér er alveg ljóst, að þetta litla, sem hugsað væri í sambandi við æskulýðshöll, er ekki nema eins og dropi í hafinu. Það væri jafnvel nær að styrkja þarna félög eins og verkalýðsfélögin til þess að geta komið sér upp heilum menningarheimilum. Það er hart að þurfa að fara alla leið austur fyrir járntjald til þess að geta komið í hallir, sem kallaðar eru menningarhallir verkalýðsfélaga. Það er hart, að það skuli ekki vera hægt í löndum, sem eru eins rík eins og Ísland, að fá skapað slíka hluti. Ekkert er hægara, ef það væri nokkur skilningur af hálfu valdhafanna á því, hvað gera þyrfti. — Ég veit ósköp vel, að maður talar fyrir daufum eyrum, þegar byrjað er að tala fyrir slíku. Ég man ósköp vel eftir því, þegar við vorum fyrir 20 árum í fyrsta skipti í bæjarstjórn Reykjavíkur að tala um það að koma upp dagheimilum fyrir börn eða sumardvalarheimilum fyrir börn. Það var hlegið að því, hvers konar fjarstæða þetta væri, þetta væri nú bolsévismi, taka börnin frá mæðrunum. Svona var viðkvæðið, þegar verkalýðurinn var að berjast fyrir þessu þá. Nú er íhaldið sjálft búið að taka þetta upp. Það er anzi duglegt alltaf að læra, þegar

verkalýðurinn er búinn að berja inn í hausinn á því í einn til tvo áratugi, og ef til vill verður það svo á endanum með þau mál, sem verkalýðurinn er að byrja á að reyna að fika sig áfram með nú.

Svo flyt ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. (SG) till. á sama þskj., 333,III, um að hækka styrkinn til skálda, rithöfunda og listamanna úr 630 þús. upp í 1 millj. Það er samsvarandi till. og við fluttum í fyrra um þetta mál.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. gera sér ljóst, á hverju Ísland lifir í meðvitund veraldarinnar, á hverju það byggist, að Íslendingar eru „respekteraðir" þannig, að þeir eigi að vera sjálfstæð þjóð og að þeir hljóti að vera viðurkenndir sem sjálfstæð þjóð í augum veraldarinnar. Fyrir 50 árum vorum við „respekteraðir" þannig fyrir það, að 500, 600, 700 árum áður höfðum við átt bókmenntir, höfðum við átt Snorra og höfðum átt Eddurnar, og mennirnir, sem tóku málstað okkar í sjálfstæðisbaráttunni úti um heim og unnu okkur ómetanlegt gagn, menn eins og William Morris, sósíalistaforinginn og skáldið enska, eða Konrad Maurer, sá mikli fræðimaður í Þýzkalandi, — þessir menn unnu okkar þjóð vegna þess, að við *höfðum átt bókmenntir, sem stóðu þá, þegar* þær voru skrifaðar, ofar en bókmenntir nokkurrar annarrar þjóðar í Evrópu og sýndu, að hér bjó þjóð, sem hvað smekk, fegurðarmeðvitund og listræna hæfileika snerti stóð hærra en stórþjóðirnar úti í álfunni. Og vegna þess að við höfum einu sinni átt þessi skáld, sögðu þessir menn: Sú þjóð, sem einu sinni átti þessi skáld og vill verða frjáls, á skilið að verða það. — Því miður er Snorri og okkar Eddur og okkar Íslendingasögur ekki eins mikið þekktar úti í veröldinni í dag og þær voru fyrir 50 árum. Sá maður, sem er þekktastur af Íslendingum í veröldinni í dag og ber hróður Íslands hæst, er Halldór Kiljan Laxness, einmitt sá maðurinn, sem hv. stjórnarflokkar hafa hvað mest lagt í einelti á undanförnum 15 árum, hvað mest reynt að svívirða, hvað eftir annað útilokað frá öllum styrkjum og heiðursverðlaunum hér á Alþ., útilokað frá því að koma fram í útvarpinu og reynt á allan hátt að níða niður í meðvitund þjóðarinnar. Þetta er maðurinn, sem er frægasti Íslendingur í veröldinni sem stendur, og sá, sem sannar það frammi fyrir veröldinni, að þessi 150 þúsund manna þjóð eigi sem lifandi þjóð fyrir það, sem hún vinni nú, rétt á að vera skoðuð sem ein af fremstu þjóðum veraldarinnar, vegna þess að hennar menningarafrek séu slík, að hún þarf þar ekki að tala um neitt í hlutfalli við íbúatölu, heldur stendur og leggur sitt fram við hliðina á hvaða stórveldi veraldarinnar sem er og fer fram úr mörgum þeirra.

Það eru 400 millj. kr., sem þessi þjóð ver á sínum fjárl. til þess að gera ýmislegt með, m. a. að halda uppi gífurlegu embættismannakerfi, dýrri utanríkisþjónustu og öðru slíku, en eini maðurinn, sem vinnur svo mikið gagn fyrir þjóðina í sínum utanríkisafskiptum, að þjóðin sé virt og metin þess vegna, jafnvel þó að menn viti, hvernig hún hafi farið að ráði sínu viðvíkjandi amerískum herstöðvum, er Halldór Kiljan Laxness, sá eini Íslendingur, sem jafnt austan og vestan járntjalds, jafnt í Bandaríkjunum sem Sovétríkjunum, jafnt í Austur-Þýzkalandi sem Vestur-Þýzkalandi, er settur það hátt, að hann er með mest lesnu skáldum veraldarinnar. Ekki mundi slíkur gróður sem þess háttar andans stórmenni spretta upp hér á Íslandi, nema sá akur væri vel ræktaður, sem þau vaxa upp úr, og við eignumst ekki slík stórskáld nema vegna þess, að þjóðin í heild er næm fyrir skáldskapinn og fjöldinn allur af smærri skáldum fær möguleika til þess að þroska sína hæfileika og geta látið koma fram það, sem í þeim býr.

Á núverandi fjárl. eru 630 þús. kr. alls til skálda, rithöfunda og listamanna, og þetta hefur verið standandi deilumál, í fyrsta lagi, hvað þetta ætti að vera mikið, í öðru lagi, hvernig því ætti að vera úthlutað.

Á síðasta þingi sáu hernámsflokkarnir ástæðu til þess að fækka um einn mann í nefndinni, sem úthluta skyldi. Það þótti ekki rétt, að t. d. flokkur eins og Sósíalistafl., sem hafði samsvarandi lífsskoðun og menn eins og Halldór Kiljan Laxness, sá flokkur, sem flest skáldin fylgja hér, sá flokkur, sem á þann mann, sem einn saman hefur skrifað bókmenntasögu Íslands *fyrir nútímann, Kristin Andrésson,* — það þótti ekki rétt, að sá flokkur, sem helzt hefur barizt fyrir þróun listanna og skáldskaparins á Íslandi og barizt á móti því, að þetta væri kæft í andlega skilningsleysinu hér heima, hefði fulltrúa í þeirri nefnd, enda varð úthlutunin eftir því Alþ. til skammar. Það er of oft upptuggið til þess, að ég fari að endurtaka það hérna, að meðan þjóðin var fátæk, þá hefði hún sérstaklega svelt skáldin og drepið þau úr hor. Þau eru munuð enn þá þau beisku orð, sem menn eins og Þorsteinn Erlingsson létu falla í sínum ljóðum til Alþ. fyrir smásálarskapinn. Nú er þó að minnsta kosti landið nógu ríkt og eytt nægilega miklu á fjárl., þannig að fé er nóg, ef menn vildu eitthvað gera í þessum efnum.

Þeir menn, sem nú ráða á Alþ., hafa engir þá afsökun, sem nirflarnir okkar höfðu í gamla daga, þeir, sem afturhaldssamastir voru í andlegum málum, að þjóðin væri fátæk. Þess vegna álít ég, að það sé þó það minnsta, sem þessir þrír flokkar, sem nú hafa tekið að sér að úthluta laununum til skálda, rithöfunda og listamanna, geti gert, að hafa þó sjálfir meira fé á milli handa. Það yrði kannske ekki alveg eins mikil hneykslunarhella, ekki alveg eins mikið til skammar, hvernig þeir úthluta því. Þess vegna vildi ég reyna að hjálpa ofur lítið upp á þessa flokka með því að hækka nú þarna peningana, sem þeir hefðu, úr 630 þús. kr. upp í 1 millj. og láta Alþ. sýna um leið, að það hefði ofur litla hugmynd um, hverju Ísland á það að þakka fyrst og fremst, að það skipar þann sess á meðal þjóðanna, sem það skipar enn sem komið er þrátt fyrir aðgerðir hernámsflokkanna á Íslandi og þrátt fyrir þann smánarstimpil, sem þeir hafa sett á Ísland í augum umheimsins.

Hins vegar var ég ekki alveg viss í, að það yrði hægt að sannfæra hv. meiri hl. um að hækka þetta upp í milljón, þeim mundi kannske finnast það heldur mikið stökk, og hef því flutt aðra till.

til vara, þar sem við leggjum til, að til vara sé sett þarna 750 þús., og minna má það satt að segja varla vera.

Þá flytjum við hv. 6. þm. Reykv. enn fremur á þessu sama þskj., nr. V, þá brtt., að í staðinn fyrir 400 þús. kr. til virkjunarrannsókna í stórám landsins komi 2 millj.

Ég þarf nú máske ekki að gera sérstaklega mikla grein fyrir þessu, a. m. k. ekki fyrir þeim hv. þm. Nd., sem hlustuðu á mig í gær viðvíkjandi því, sem ég þar var að rökræða um nauðsynina á því að fara nú þegar að undirbúa og láta rannsaka virkjunarmöguleikana í stórám landsins. Auðlind okkar í Þjórsá og öðrum stærstu ám landsins er svo mikil, að bara Þjórsá ein mundi með skynsamlegri virkjun geta gefið okkur eins mikið og fiskimiðin við Ísland gefa okkur núna, eins og við hagnýtum þau nú. Og árnar okkar hafa þó það fram yfir, að þar sem hætta er á, að fiskimiðin eyðist með þeirri rányrkju, sem erlendar þjóðir í okkar óþökk nú reka hér, þá mundu stórárnar okkar halda áfram að renna, a. m. k. meðan jöklarnir eru ekki tæmdir, og við ættum að geta fengið þar uppsprettu afls og auðs, sem ætti að geta nægt okkur um langa framtíð, ef við kunnum að hagnýta hana rétt. Hins vegar þurfum við mikið fé til þess að rannsaka þessa hluti og undirbúa skynsamlega, og ég hafði í frv., sem ég mælti fyrir í Nd. í gær, lagt til, að veittar væru 2 millj. kr. á ári í næstu 4 ár til þess að reyna að klára aðalundirbúninginn í sambandi við Þjórsá og í sambandi við Blöndu og Vatnsdalsá, og vil nú taka þetta upp hér á fjárl. Mér finnst nú satt að segja, að ríkisstj. og stjórnarlið, sem talar eins mikið um nauðsynina á raforkuframkvæmdum og hæstv. núverandi ríkisstj. og hennar fylgismenn á Alþ. gera, ættu að skilja það, að þegar við erum að tala um rafvæðingu landsins, þá erum við ekki aðeins að tala um að veita ljósi og yl og orku til sveitabýlanna og kauptúnanna, við erum líka að tala um að leggja grundvöll að nýjum atvinnuvegi í landinu, sem í framtíðinni á að geta orðið gjöfulasti atvinnuvegur Íslands: stóriðju í krafti okkar fossa, jafnhliða því sem rafvirkjunin ætti að verða til þess að auka og margfalda þær atvinnugreinar, sem fyrir eru: landbúnaðinn, sjávarútveginn og smáiðnaðinn. En þetta krefst langs tíma og mikilla virkjunarrannsókna, og ef það á að gera eitthvað af viti í rafmagnsmálunum hérna, má ekki horfa í peningana til þessa.

Við höfum þess vegna lagt til, að þarna verði veittar 2 millj. núna, en hins vegar til vara, ef mönnum fyndist það of há upphæð, þá 750 þús., og það finnst mér þó satt að segja að hv. þm. ættu að geta samþ. Ég er hissa á, að hæstv. ríkisstj. skuli enn þá ekki hafa komið fram með slíka till. Sannleikurinn er, að ef ekki er lagt í þessar virkjunarrannsóknir snemma, þá koma þær til með að tefja fyrir því, sem á að gera í framtíðinni. Og meira að segja bara þær smærri virkjanir, sem hugsaðar eru núna á Austurlandi, Vesturlandi og annars staðar, — það er alveg það tæpasta, að það sé hægt að fara að ákveða þær núna, þegar þyrfti að fara að byrja á þeim, bara vegna þess, að það hefur verið lagt of lítið fé í það á undanförnum árum að rannsaka möguleikana á þessum virkjunum. Það liggur raunverulega í augum uppi, að áður en ráðizt er í virkjun í einni á, þá á að vera búið að rannsaka allar árnar, sem þarna eru í kring og kæmu til mála. Það liggur í augum uppi, að áður en t. d. væri ráðizt í að virkja Fjarðará á Austfjörðum, þá ætti að vera búið að rannsaka alveg til fulls alla möguleikana í sambandi við Lagarfljót og Jökulsá og árnar, sem þar renna í, alla möguleikana á uppistöðum og allt slíkt í þeim. Menn eiga að geta valið þarna á milli, milli allra þessara rannsókna, þegar menn taka sínar ákvarðanir um það, að á skuli virkja, því að afleiðingin af því að hafa bara rannsakað eina á eða tvær, en sleppt því að rannsaka aðrar þrjár eða fjórar, er sú, að menn leggja kannske í hringlandi vitlausa á og uppgötva það svo seinna og reyna þá að þagga niður, að nokkuð sé talað um það. Og það liggur bókstaflega við, að þannig sé það viðvíkjandi Vestfjörðunum, eins og ég benti á í gær, með þær 4, 5 virkjanir og raforkuver, sem þar hafa verið hugsuð, áður en búið hefur verið að athuga alla möguleikana í sambandi við Dynjanda. Það er fyrst núna í þessum mánuði að heita má, sem rannsóknirnar á Dynjanda eru að koma fram, meira en ári eftir að heimildirnar voru samþykktar í lögunum frá 1952 um ný orkuver og nýjar orkuveitur. Það er þess vegna alveg röng aðferð í þessum hlutum að ákveða svona hluti áður en þessum virkjunarrannsóknum er lokið.

Ég vil nefna líka árnar í Húnavatnssýslunni. Það er búið að samþykkja fyrir meira en ári heimild til þess að virkja Víðidalsá, en það er ekki farið að athuga þá stórmerkilegu hugmynd Sigurðar Thoroddsens, sem raforkumálaskrifstofan líka hefur rannsakað, um að veita Blöndu í Vatnsdalsá og skapa þar uppistöður, þar sem nú eru Friðmundarvötn, til þess að fá stórkostlegt vatnsfall þar.

Þess vegna eru vandræði, að raforkumálaskrifstofunni skuli ekki látið í té miklu meira fé til þessara rannsókna til þess að geta klárað þær, áður en lagt er í að virkja vatnsföll, svo að hægt sé að velja sem bezt á milli þeirra og taka það hentugasta. Ég held þess vegna, að frá öllu sjónarmiði væri sjálfsagt að samþ. þessa till. okkar, helzt þessa um 2 millj., en annars þessa um 750 þús.

Þá höfum við hv. 6. þm. Reykv. enn fremur leyft okkur að flytja hér nokkrar brtt. við 17. og 22. gr., nr. VIII á þessu sama þskj., 333.

Það er í fyrsta lagi, að til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um aðstoð þess opinbera við byggingar, séu veittar 900 þús. Eins og menn muna, voru þessi lög frá 1946 sett úr gangi svo að segja, þau voru eyðilögð í framkvæmd með þeim ákvæðum, sem sett voru á árinu 1947, að ákvæði þessa kafla í lögunum skyldu ekki koma til framkvæmda, nema fé væri veitt til þess á fjárl.

Við þm. Sósfl. höfum nú í 6 ár flutt brtt. við fjárl. — fyrir utan þau frv., sem við höfum flutt til þess að reyna að breyta þessum lögum — til þess að reyna að koma þessum nauðsynjalögum þannig aftur í raunverulegt gildi. Við 2. umr. þessa máls flutti fulltrúi flokksins í fjvn., hv. 11. landsk., till. um að veita í þessu skyni 1 millj.

kr. Þetta var fellt, þótt undarlegt megi virðast, þrátt fyrir þann mikla áhuga, sem kemur fram, ekki sízt hjá þm. Sjálfstfl. hér fyrir Reykjavík, þegar þeir tala í útvarp. Hv. borgarstjóri Reykjavíkur, 7. þm. Reykv., talaði mikið um það í útvarpsumræðunum í gærkvöld, hve nauðsynlegt væri að geta unnið að útrýmingu heilsuspillandi íbúða, *eftir að hann hafði sjálfur greitt atkvæði* á móti því að veita eina milljón í því skyni, að Reykjavíkurbær gæti aftur hafizt handa um þessa útrýmingu.

Nú leggjum við til, að veittar séu í þessu skyni 900 þús., og mætti kannske vera, að þeim þm., sem segjast, þegar þeir tala í útvarpið, skilja þessa nauðsyn, fyndist, að þeir gætu gengið að þeirri upphæð, þó að þeim hafi þótt hin of há. Um nauðsynina á þessu ætla ég ekki að fjölyrða. Það er búið að gera það svo oft, að það er enginn maður lengur, sem efast um nauðsynina á þessu. Spurningin er bara um, hvort menn vilja sýna í verkinu þann vilja, sem menn lýsa stundum yfir í blöðum eða útvarpi.

Þá flytjum við í samræmi við þessa till. enn fremur 2. liðinn í VIII. till., um að heimila ríkisstj. að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlag ríkissjóðs samkvæmt lögum. Eins og hv. þm. muna, á ríkisstj. eftir þessum lögum í fyrsta lagi að leggja fram ákveðna fjárupphæð til bæjar- og sveitarfélaganna, sem er um 10%, ef ég man rétt, af því, sem bæjar- og sveitarfélögin láta vinna, en lána svo sveitarfélögunum 75% af því, sem byggingarnar kosta. Þetta er heimild til þess að taka fé að láni í hlutfalli við framlagið, þannig að þessi heimild mundi þýða 7½ sinnum hærri upphæð en lagt er til í greininni á undan, þ. e. milli 6 og 7 millj. kr. heimild, svo framarlega sem fyrri till. um 900 þús. væri samþykkt.

Þá flytjum við enn fremur brtt. samsvarandi þeirri, sem fulltrúi flokksins í fjvn. flutti við 2. umr., en aðeins heldur lægri, þ. e. að heimila ríkisstj. að taka lán til íbúðarhúsabygginga og endurlána það til byggingarsjóða kauptúna og kaupstaða, þ. e. til verkamannabústaðanna, 8 millj. kr., til lánadeildar smáíbúðarhúsa 15 millj. kr. og til byggingarsamvinnufélaga 4 millj. Það *eru allt heldur lægri upphæðir en voru á okkar* till. við 2. umr. Ég þarf ekki heldur að fjölyrða um nauðsyn þessa. Það eru bókstaflega engin slík framlög, engar slíkar lánsheimildir núna á fjárl., þannig að þetta er sannarlega það minnsta, sem þarna þyrfti að samþykkja.

Þá er 4. undirtill. í sambandi við þennan VIII. lið, um að verja 8 millj. kr. til eflingar atvinnuveganna, með þeim víðtæku heimildum, sem þar eru í til ríkisstj., í trausti þess, að hún mundi fara *betur með þá heimild en hún hefur nú farið með* sumar aðrar heimildir í þessu skyni, sem hún hefur haft. Nauðsynina á þessu þarf ég ekki að fjölyrða um. Hér eru hvað eftir annað samþykktar hástemmdar yfirlýsingar um, að það þurfi að halda jafnvægi í byggð landsins. Framsfl. talaði alveg sérstaklega um, hver nauðsyn sé á jafnvægi í byggð landsins, einmitt sá flokkurinn, sem mest hefur barizt á móti því að tryggja stórvirkustu framleiðslutækin til þeirra staða á landinu, þar sem þau eru nú raunverulega grundvöllurinn fyrir atvinnulífið. Ég á þar við nýsköpunartogarana, sem úti um allt land í þeim kaupstöðum, sem þeir nú eru, eru raunverulega ein höfuðundirstaðan að framleiðslukerfi byggðarlaganna. Og það er alveg gefið, að eigi að vinna að þessum hlutum af fullum krafti, *þá mun ekki veita af þeim 8 millj.*, sem þarna er lagt til.

Við sósialistar höfum í frv. lagt til, að keyptir yrðu nýir togarar til landsins, en að því hefur lítið verið gert. Nú í 5 ár hefur enginn nýr togari verið keyptur. Það blæs ekki byrlega fyrir þeim till. enn sem komið er. Ef til vill gæti þessi heimild að einhverju leyti orðið til þess að ýta undir einhverjar slíkar raunhæfar ráðstafanir. Ég vil aðeins benda mönnum á viðvíkjandi stað eins og Siglufirði, *eftir að síldveiðarnar hafa brugðizt* svona öll þessi ár, hvernig sá staður mundi standa nú, ef hann hefði ekki tvo togara og væri ekki nýbúinn að koma upp hraðfrystihúsi, sem forðar raunverulega frá landauðn á þessum stað. Það má því greinilega sjá, hvað hægt er að gera, þótt það væri ekki með miklu fé, ef því væri varið skynsamlega, og þess vegna vil ég vonast til þess, að þegar við stjórnarandstæðingar treystum hæstv. ríkisstj. fyrir eins víðtækum *heimildum og gefnar væru í þessum lið* um, hvernig verja skyldi fénu, þá ætti ekki að vanta viljann hjá hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðinu til að samþykkja að veita ríkisstj. svona heimild.

Þá flyt ég að síðustu till. á þskj. 334, sem er vist verið að útbýta og ég, með leyfi forseta, vildi mega mæla fyrir, ef hann sér ekkert við það að athuga. Það er bara prentvilla í því því miður. Þó að ég sé nú dálítið frekur, þá eru það ekki 5 millj., sem ég legg þarna til í VI. liðnum á þessu þskj., *heldur eru það 500 þús. Þeim hefur þótt* vissara að bæta við einu núlli uppi í prentsmiðjunni, ekki fundizt nægilega hátt stefnt í þessum efnum. Ég skal nú ekki neita því, að e. t. v. væri hægt að nota það háa upphæð, en aldrei hefði mér nú dottið í hug að fara fram á slíkt samt. — Það er VI. liðurinn í þessum brtt. á þskj. 334, sem er um, að í 16. gr. B., þ. e. undir raforkumálum, komi framlag til rannsókna og undirbúnings stóriðju, þ. á m. til að kosta unga menn til náms í efnafræði. Þar legg ég til, að sé varið 500 þús. kr.

Ég þarf ekki heldur að vera langorður um þennan lið. Ég kom nokkuð inn á þetta atriði í gær í Nd. í sambandi við það frv., sem ég var þar að mæla fyrir, þar sem ég var að leggja áherzlu á, að í sambandi við stórvirkjanir hér heima væri það ekki hvað sízt efnafræðilegi iðnaðurinn, sem við yrðum sérstaklega að treysta á til stóriðjuframleiðslu, og það, sem þar væri eitt *höfuðatriði, væri þekkingin á því*, hvað hægt væri að vinna úr hinum ýmsu efnum. Ég minntist í því sambandi á, hvernig nota mætti brúnkolin í Dalasýslunni og annað slíkt til þess að hafa það sem hráefni í kemiskan iðnað. Það er vitað, að tjöruefnin í brúnkolunum eru ein undirstaðan undir þeim iðnaði. Þeir gera t. d. í Þýzkalandi benzin, nylon og allt mögulegt úr þessum efnum. En það, sem okkur vantar fyrst og fremst í þessu, þegar við værum búnir að koma okkar stóru raforkuverum

af stað, er nægilega mikil sérþekking, nægilega góðir sérfræðingar í þessum greinum. Og þetta er langt nám og svo sundurgreint, svo víðtæk fræði, að ég býst við, að mjög fáir af okkur hér á þinginu gerum okkur grein fyrir, hvað miklar ráðstafanir þarf að gera til þess, að menn bókstaflega fái þá vitneskju, fái þá þekkingu í þessum ýmsu greinum efnafræðinnar, sem þarf fyrir land, sem ætlar sér að einhverju leyti út í slíkt. Þeir stóru hringir veraldarinnar, sem byggja sín efnahagslegu heimsveldi á sérþekkingunni í efnafræðinni, verja slíku ógrynni fjár til tilrauna og rannsókna í slíku skyni, að okkur mundi sundla við. Ég veit t. d., að aðeins Kodak-hringurinn ameríski, sá, sem býr til ljósmyndafilmurnar og annað slíkt, ver á ári til allra sinna vísindarannsókna- og tilraunastofnana á sínu sviði eftir okkar gamla gengi um 300 millj. ísl. kr., þ. e. 50 millj. dollara, eins og það var, áður en gengið var lækkað. Það er vitanlegt, að þeir efnafræðingar, sem vinna í rannsóknarstofum, hvort heldur er þessara voldugu hringa á þessum sviðum eða þeirra ríkja, þar sem ríkin taka að sér að vinna um þetta, vinna árum saman, stundum áratugum, að tilraunum, sem máske bera ekki árangur fyrr en eftir að búið er að kosta óhemjufé til þeirra, en bera þá svo glæsilegan árangur sem við sjáum í því, sem við nú stöndum frammi fyrir, að hægt er orðið að vinna úr hráefnum, sem okkur fyrir 50 árum hefði ekki dottið í hug að snerta við, hluti, sem verka eins og furðuefni á okkur í dag. Ef við ættum að einhverju leyti að geta fylgzt ofur lítið með í þessum efnum, þá þurfum við næst á eftir þeim efnahags- og atvinnulegu forsendum eins og rafvirkjunum og verksmiðjum og öðru slíku á sérþekkingu að halda. En það leggur ekki nokkur lifandi maður í það af ungum stúdentum að fara að nema slíka efnafræði, því að það er ekki nokkur lifandi aðili hér í landinu, sem hefur neitt gagn af þessu eins og nú standa sakir. Það er ekkert firma, sem mundi taka slíka menn í sína þjónustu eða hafa nein not fyrir þá. Það er ríkið eitt, sem getur hagnýtt svona menn. Við verðum því bókstaflega að geta í fyrsta lagi sagt við unga efnilega menn, sem áhuga hafa á þessum sviðum, eða jafnvel efnafræðinga, sem nú þegar hafa sýnt sig að vera mjög duglegir og áhugasamir í þessum efnum og nú þegar eru hér til, nú þegar starfa hér hjá okkur, en eru jafnvel næstum því að flýja landið, — við þurfum að geta sagt við þá: Þið verðið hér hjá okkur. Þið farið út aftur. Þið stúderið þessar og þessar greinar miklu, miklu betur, sökkvið ykkur niður í þetta. Við kostum ykkur til þess, bara til þess að við eigum her af þessum mönnum, til þess að við stöndum ekki uppi eins og glópar í þessum heimi efnafræðinnar, í þessum furðuheimi, sem fæstir okkar og ég kannske sízt hef getað skyggnzt inn í, nema bara af að sjá árangurinn af honum í kringum mig. — En ef við Íslendingar ætlum að byggja upp okkar stóriðju í hráefnalausu landi, þá verðum við næst á eftir okkar fossafli fyrst og fremst að geta byggt á vitinu, geta byggt á því, að við höfum meira vit, að við höfum meiri þekkingu á því, hvernig eigi að töfra fram úr skauti náttúrunnar úr efnum, sem engum dettur annars í hug að vinna úr hluti, sem við erum núna hissa á, eins og nylonið eða annað slíkt. Þetta verðum við að geta gert. En þetta getur kostað ekki bara ára, heldur áratuga starf, að ala upp þessa menn, að láta þá fá sína sérþekkingu, án þess að það sjáist nokkurt „praktiskt resultat“ af því, það má ekki hugsa um þetta eins og einhvern nautgriparæktarráðunaut, sem heimtar að fara í starf undireins og að það beri strax ávöxt. Við þurfum að þora að hugsa um þetta þannig, að við þorum að láta þessa menn vinna jafnvel í 10 ár, áður en við sjáum eitt einasta gagn af þeirra starfi. Við verðum þess vegna, ef við ætlum að vinna eitthvað af viti í þessum efnum, að þora að hugsa þarna þó nokkuð fyrir fram. Það er ekki til neins eftir nokkur ár að standa þá uppi og segja í sambandi við till. um stóriðju, að við getum nú því miður ekkert í þessu gert, því að við höfum ekkert vit á því. Þannig komum við til með að standa uppi, ef við ekki gerum ráðstafanir í þessum efnum. Þess vegna hef ég þarna lagt til, að veittar væru 500 þús. kr. til þessara rannsókna. Í því frv., sem ég hafði flutt í Nd., lagði ég til, að raforkumálaskrifstofan sæi um slíkan undirbúning og hefði samstarf um það við rannsóknaráðið. Það eru nokkrir styrkir í þessu efni núna, ekki mjög miklir, en þó að ofur litlu gagni. Ég á við, að þarna þurfi að bæta við, þarna þurfi að stíga miklu, miklu stærra skref. Ég skal bara geta þess um leið, að þær rannsóknir, sem brezk verkfræðingafirmu fengu rétt til þess að láta fram fara á Þjórsá og á jarðefnum hér í sambandi við hugsanlega aluminiumvinnslu við Þjórsá, hafa ekki fengizt afhentar Íslendingum. Þáverandi ríkisstj. setti ekki slík skilyrði, þrátt fyrir það að raforkuráð og raforkumálaskrifstofan óskuðu eftir því, og það hefur aldrei fengizt afhent. Við vitum ekki einu sinni, hvort það er til leir hér, sem oxyd er í. Og svo hitt, hvað megi vinna úr öllum þessum efnum, það eru sem sé fæstir menn enn þá, sem gera sér grein fyrir því á Íslandi. Þarna legg ég til að varið sé 500 þús. kr. og til vara 200 þús. og ég vildi mega vænta þess, að þessi till. yrði samþykkt.

Ég vil svo að síðustu, í sambandi við þá brtt., sem er á þskj. 324, frá meiri hl. fjvn., 7. till. á því þskj., við 22. gr., heimildarlið, að bæta þar við nýjum lið um að afhenda sambandslýðveldi Þýzkalands húseignina Túngötu 18 í Reykjavík, lýsa því yfir, að ég er satt að segja alveg hissa á, að slík till. skuli koma fram hér á Alþ. Þessi húseign var tekin á sínum tíma upp í stríðsskaðabætur, og um leið og það var gert, var fallið frá því að gera sérstakar kröfur um stríðsskaðabætur í sambandi við uppgjörið við Þýzkaland eftir styrjöldina. Það var öllum vitanlegt, hvílíkt tjón Þýzkaland olli Íslandi í styrjöldinni, hvílík fantabrögð þýzkir hermenn sýndu Íslendingum í styrjöldinni, hvers konar morð voru framin á íslenzkum sjómönnum og öðrum Íslendingum, ekki aðeins með því að sprengja skip með tundurduflum, heldur með því að skjóta af kafbátum ofansjávar íslenzka sjómenn, sem voru á skipum, sem búið var að skjóta á, jafnvel að skjóta í bátum íslenzka sjómenn. Ég á bágt með að skilja það, hvaða ástæða sé til þess af Íslendingum að ætla að fara að gefa því landi, þar sem morðingjarnir, sem réðust á okkar sjómenn á stríðsárunum, nú

ráða ríkjum, — fara að gefa því ríki eina aðalhúseignina hér í Reykjavík. Ég fæ ekki skilið, hvaða ástæða væri til þess fyrir Íslendinga að heiðra þýzka nazismann, þegar hann er að vakna aftur, að heiðra þýzka hernaðarríkið, generalana og aðra glæpamenn, sem núna búa um sig í Bonn til þess að undirbúa að nýju sinn hernað, máske á Ísland og aðrar þjóðir Evrópu. Ég fæ ekki skilið, hvaða ástæða er til þess af Íslandi að fara að heiðra þessa menn fram yfir alla aðra og þetta ríki með því að fara að gefa þeim húseignir hér. *Ég veit ekki til þess, að við höfum hingað til haft þann sið að gefa erlendum sendiráðum húseignir hér á Íslandi.* Við höfum venjulega látið þær hafa fyrir því að kaupa þær sjálfar. Og hér á í hlut ríki, sem við eigum ekkert upp að unna, ekki nokkurn skapaðan hlut, ekki að neinu leyti, — þvert á móti ríki, sem við ættum að gera skaðabótakröfur á hendur. Þetta ríki stendur enn þá í óbættri sök við okkur. Þetta ríki er arftaki Þriðja ríkisins og heldur upp á öll þess hryðjuverk og öll þess morð. Hver stríðsglæpamaður er í augum sambandslýðveldis Þýzkalands hetja. Hverjum morðingja, sem núna snýr heim úr fangelsum Danmerkur eða annarra landa, er fagnað í sambandslýðveldinu Þýzkalandi sem heiðursmanni. Þó að Danir kunni við það að sleppa morðingjum Kai Munks til þess að uppörva Þjóðverja til þess að fara að myrða í Danmörku næst, þá sé ég enga ástæðu til þess, að íslenzka alþingið segi við bandittana í Þýzkalandi: Haldið þið áfram að myrða. Búið ykkur undir að myrða íslenzka sjómenn aftur. Við skulum heiðra ykkur. Við skulum gefa ykkur hús hérna á Íslandi. — Ég álít þessa till. til skammar fyrir meiri hl. fjvn., og ég fæ ekki skilið, hvernig menn hafa brjóst í sér til þess að koma fram með svona till., að fara að taka þetta banditta-ríki eitt út úr af öllum ríkjum veraldarinnar og gefa því húseign á Íslandi. En enn liggja óbættir svo og svo margir af öllum þeim Íslendingum, sem fórust af völdum þessara manna, sem stjórna þessu ríki, í styrjöldinni síðustu. Ég vil vonast til þess, að hv. þm. hafi þá sómatilfinningu að fella þessa till. meiri hl. fjvn., og ég mun æskja þess, að hún verði borin upp sérstaklega, þegar hún kemur hér til atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 333 og 334, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**Sigurður Ó. Ólafsson:** Herra forseti. Ég flyt hér ásamt tveim hv. þm. brtt. á þskj. 330, undir XIV. lið. Þetta er breyting við 22. gr. IX. og er nýr liður, að greiða Skógræktarfélagi Íslands allt að 50 þús. kr. vegna væntanlegrar heimsóknar nokkurra skógræktarmanna til Íslands. Mér þykir rétt að láta fylgja þessari brtt. nokkur orð.

Á árunum 1949 og 1952 áttu sér stað gagnkvæmar skógræktarferðir Norðmanna og Íslendinga. Kom hópur Norðmanna hingað til að kenna Íslendingum skógrækt, og um leið fór hópur manna héðan til Noregs, til að læra til skógræktar. Ekki verður dregið í efa, að slíkar ferðir sem hér um ræðir eru þýðingarmiklar fyrir skógræktarstarfið hér á landi og einnig til að auka kynni meðal þessara frænd- og vinaþjóða. Fólkið, sem fær kost á að fara héðan í ferðir þessar, er valið frá héraðsskógræktarfélögunum með sérstöku tilliti til þess, að það geti síðar unnið skógræktinni gagn í félögum sínum. Það fær ljósan skilning á nytsemi skógræktarinnar, þar sem hún er orðin öflug, og getur gert sér fulla grein fyrir því, hve nauðsynleg hún er hér á landi. Auk þess er margháttað gagn af því, að kynni eflist milli þessara frændþjóða.

Um kostnað af þessum ferðum er það að segja, að *þátttakendur greiða fargjöld sín sjálfir, og* gert er ráð fyrir, að þeir vinni fyrir uppihaldi sínu, meðan á dvölinni stendur, við skógræktarstörf, en þrátt fyrir þetta verður ekki hjá því komizt, að móttakendur verða að bera nokkurn kostnað af gestum sínum, t. d. vegna ferðalaga og risnu, en skógræktarfélögin hafa í mörg horn að líta og nóg að gera með fé sitt og því ekki óeðlilegt, þótt Skógræktarfélag Íslands fari nú fram á styrk til að geta tekið á móti hópi Norðmanna undir forustu fyrrverandi formanns norska skógræktarfélagsins, Níels Engstedt, bónda á Sunnmæri, sem hingað vill koma á næsta sumri. Þess má geta í þessu sambandi, að Níels Engstedt kom hingað 1951 og hefur síðan verið einn bezti kynnir fyrir Ísland með þjóð sinni, ferðazt um landið á vegum ungmennafélaganna og annarra til að kynna Ísland og íslenzka menningu. Við flm. þessarar till. lítum svo á, að vel færi á, að hv. Alþingi veitti Skógræktarfélagi Íslands þann styrk, sem þarna er farið fram á.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en það voru hér örfáar till. frá fjvn., sem eru á því þskj., sem síðast var útbýtt, nr. 334, sem höfðu orðið eftir, þegar fyrra þskj. var prentað. Það er aðeins um að ræða smávægilegar breytingar.

Það er lagt til að hækka framlag til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga um 150 þús. kr. Það er hækkun, sem óhjákvæmilegt er að gera vegna umbóta, sem þarf að gera á staðnum, til þess að það sé hægt að starfrækja þetta heimili þar svo sem nauðsynlegt er, og því telur n. óumflýjanlegt að leggja til, að þessi hækkun verði gerð á liðnum.

Þá hefur enn fremur verið lagt til að hækka framlag til Norræna félagsins úr 8 þús. kr. í 15 þús. kr., en það er sú sama upphæð og er í núgildandi fjárl., og er lagt til að sú upphæð verði áfram í fjárl. næsta árs.

Að auki er aðeins ein leiðrétting við 18. gr., sem ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja um.

Það mætti vitanlega ýmislegt segja í sambandi við ræður ýmissa hv. þm., sem hér hafa talað fyrir einstökum till. Ég mun þó ekki gera það umfram það, sem sérstaklega hefur verið beint til fjvn. Um till. hennar hefur ekki verið rætt hér, nema um eina till., sem hv. 2. þm. Reykv. sérstaklega vék að, en það var í sambandi við, að lagt er til, að tekin verði upp á 22. gr. heimild fyrir ríkisstj. til þess að afhenda vestur-þýzka sambandslýðveldinu hið fyrra hús sendiráðs Þýzkalands hér í bæ. Ég skal nú ekki fara langt út í það mál. Ég býst við, að vakið hafi nokkra undrun sumra sá hávaði, sem hv. þm. hafði í

frammi við þessa till., sem hann taldi hið fullkomnasta hneyksli. Það hefur að vísu ekki alltaf verið hneyksli í hans augum að eiga samvinnu við Þýzkaland og það jafnvel meðan sú stjórn var þar við völd, sem átti sök á fyrri heimsstyrjöld og því tjóni, sem við Íslendingar eins og margar aðrar þjóðir urðum fyrir.

Varðandi það, að vestur-þýzka stjórnin hafi sérstaklega hampað glæpamönnum og fyrrverandi nazistum, þá má nú benda á, að austur-þýzka ríkisstj. virðist nú ekki hafa staðið þar neitt að baki. Má þar minnast á t. d., þegar þeir nú nýlega hafa gert von Paulus marskálk, sem duglegastur var við hernaðinn í Rússlandi, að einum af sínum aðalmönnum þar eystra. Hins vegar munu hv. þm. afsaka það væntanlega hjá hv. 2. þm. Reykv., þó að hann blási dálítið út í sambandi við þessa till.

En eftir sem áður sýndist mér vera eðlilegt mál, eins og allar sakir standa, að þetta hús verði afhent þýzka sendiráðinu hér. Það voru margar aðrar þýzkar eignir hér, sem skiptu milljónum, sem teknar voru, þýzkar innstæður, og þeim hefur ekki verið skilað og verður ekki skilað, heldur hafa þær verið notaðar til þess að greiða bætur vegna þess fólks, sem fórst á íslenzkum skipum, sem skotin voru niður hér umhverfis Ísland á þessum árum, þannig að þeim milljónum, sem eru allmargar, verður vitanlega ekki skilað Þjóðverjum aftur, þó að þetta hús verði afhent þeim nú eftir að samband er tekið upp á milli þessara ríkja, og það er auðvitað fásinna hin mesta, að það sé sama ríkisstjórn eða sami hugsunarháttur, sem ríkir þar nú eins og var meðan nazistar voru þar við völd.

Varðandi það, sem hv. 4. landsk. þm. sagði, að hann undraðist, að það hefði ekki verið talið fært að hækka framlag til tónlistarskóla Siglufjarðar, þar sem þetta væri til samræmis við aðra staði, vil ég aðeins geta þess, að það eru tveir aðrir staðir, sem eru með sömu fjárveitingu og tónlistarskóli Siglufjarðar og óhjákvæmilegt hefði þá vitanlega verið að hækka um leið, en auðvitað getur alltaf verið matsatriði, hvað upphæðir eigi að vera háar til þessara og annarra styrkja.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, sé ekki ástæðu til þess að vera að gera hér að umtalsefni till. þær, sem fyrir liggja frá ýmsum hv. þm. Margar þeirra eru endurteknar frá 2. umr. með aðeins breyttum upphæðum og voru þá ræddar, þannig að ég vil ekki, nema sérstakt tilefni gefist til, fara að lengja þessar umr. frekar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 17. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 18. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 308,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 308,2—5 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 330,I felld með 26:19 atkv.
— 308,6—7 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 330,II samþ. með 28 shlj. atkv.
— 308,8 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 330,III felld með 28:11 atkv.
— 308,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 330,IV felld með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, HG, KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EI, EOl.

nei: EystJ, GíslG, GíslJ, GTh, HÁ, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BBen, BÓ, EirÞ, JörB.

4 þm. (JR, SÁ, SB, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 308,10 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 334,I felld með 29:15 atkv.
— 308,11 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 333,I felld með 26:12 atkv.
— 334,II felld með 29:16 atkv.
— 308,12 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 330,V felld með 27:14 atkv.
— 334,III felld með 27:14 atkv.
— 308,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 333,II felld með 26:11 atkv.
— 308,14—15 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 308,16—17 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 330,VI felld með 24:15 atkv.
— 330,VII felld með 24:14 atkv.
— 308,18 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 330,VIII.1 felld með 26:14 atkv.
— 330,VIII.2 felld með 26:13 atkv.
— 334,IV samþ. með 28 shlj. atkv.
— 333,III felld með 27:12 atkv.
— 334,V.1 felld með 29:15 atkv.
— 330,VIII.3 felld með 28:12 atkv.
— 333,III. varatill. felld með 28:12 atkv.
— 334,V.2 felld með 29:15 atkv.
— 333,IV samþ. með 27:5 atkv.
— 308,19 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 330,IX felld með 26:12 atkv.
— 330,X.1 felld með 27:15 atkv.
— 308,20—21 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 330,X.2 felld með 27:13 atkv.
— 308,22—29 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 330,XI.1 felld með 26:13 atkv.
— 308,30 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 330,XI.2 felld með 26:11 atkv.
— 308,31 samþ. með 25:12 atkv.
— 324,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 308,32—34 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 333,V felld með 29:10 atkv.
— 333,V. varatill. felld með 27:14 atkv.
— 334,VI felld með 30:11 atkv.
— 334,VI. varatill. felld með 27:11 atkv.
— 308,35 samþ. með 30:7 atkv.

Áður en brtt. 334,VII.1 kæmi til atkv., mælti

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Samkv. tilmælum hæstv. félmrh. er till. VII.1 tekin aftur.

Brtt. 334,VII.1 tekin aftur.
— 308,36 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 333,VI felld með 27:13 atkv.
— 333,VI. varatill. felld með 26:13 atkv.
— 324,2 samþ. með 33:2 atkv.
— 308,37 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 333,VII felld með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HG, JóhH, JJós, KGuðj, LJós, SB, SG, BergS, BÓ, BrB, EggÞ, EI, EOl, EmJ, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GTh, GÞG, JörB.
nei: HÁ, HermJ, IngF, IngJ, JK, JS, KK, KJJ, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, ÁB, BBen, EirÞ, GíslG, GíslJ.
BFB, JPálm, MJ, EystJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JR, SÁ, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 334,VII.2 felld með 26:9 atkv.
— 333,VIII.1 felld með 29:15 atkv.
— 308,38.a samþ. án atkvgr.
— 324,3 samþ. án atkvgr.
— 308,38.b.1—11,13—18 (12. liður tekinn aftur) samþ. með 34 shlj. atkv.
— 308,39.a samþ. án atkvgr.
— 334,VIII.1 samþ. án atkvgr.
— 308,39.b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 330,XII felld með 24:20 atkv.
— 308,39.c samþ. með 29 shlj. atkv.
— 308,40—42 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 334,VIII.2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 330,XIII samþ. með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BergS, BÓ, EggÞ, EI, EOl, EmJ, GilsG, GÍG, GJóh, GTh, GÞG, HV, HG, IngF, JJós, JK, KJJ, LJóh, LJós, SB, SG, SÓÓ, JörB.
nei: VH, AE, ÁB, BBen, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, HÁ, HermJ, JPálm, JS, KK, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SkG, StgrSt.
BrB, BFB, IngJ, JóhH, KGuðj, MJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (BSt, FRV, JR, SÁ) fjarstaddir.
Brtt. 333,VIII.2 tekin aftur.
— 330,XIV felld með 24:14 atkv.
— 324,4 samþ. með 27:1 atkv.
— 324,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 330,XV samþ. með 27:9 atkv.
— 333,VIII.3 felld með 27:13 atkv.
— 308,43—44 samþ. með 25 shlj. atkv.

Áður en atkv. væru greidd um brtt. 330,XVI mælti

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það hefur komið í ljós, að hv. fjvn. leggur á það áherzlu, að þessi till. sé ekki samþykkt. En sú viðgerð, sem þarna er farið fram á, verður að fara fram. Viðkomandi hafnarnefnd hefur enga möguleika til þess að fá lán í þetta verk. Ríkið á þarna lönd og lóðir og hafnarsvæðið, og það eru þess hagsmunir, sem þarna er um að ræða. Og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. hafi það opin augu fyrir því, sem þarna er um að ræða, að hún láti þessa viðgerð fara fram í samráði við vitamálastjóra, þá tek ég till. aftur.

Brtt. 330,XVI tekin aftur.
— 330,XVII felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, BFB, IngJ, JóhH, KGuðj, ÓTh, SB, SG, SÓÓ, BergS, BrB, EOl, FRV, GilsG, GÍG, GJóh, GÞG, JörB.
nei: HÁ, HermJ, IngF, JJós, KK, KJJ, LJóh, MJ, PZ, PÞ, PO, SkG, VH, AE, ÁB, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ.
HG, JK, JPálm, LJós, StgrSt, EggÞ, EI, EmJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (JS, JR, SÁ, BSt, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Páll Zóphóníasson:** Með því að ríkið á og rekur hrossaræktarbú á Hólum í Hjaltadal, sem illa er búið að fjárhagslega, þá sé ég fremur þörf á því að styðja það, sem fyrir er, en reisa annað til að láta það líka vera vanrækt, og ég segi þess vegna nei.

Brtt. 330,XVII.varatill. samþ. með 24:14 atkv.
— 308,45 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 324,6 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 333,VIII.4 felld með 27:12 atkv.
— 334,IX tekin aftur.
— 308,46 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 330,VIII felld með 25:14 atkv.
— 324,7 samþ. með 31:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JK, JS, KK, KJJ, LJóh, MJ, ÓTh, PO, SB, SÓÓ, SkG, StgrSt, VH, AE, BBen, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, GíslG, GíslJ, GÞG, HÁ, HV, BFB, HermJ, IngF, IngJ, JóhH, JörB.
nei: KGuðj, LJós, SG, BergS, BrB, EggÞ, EOl, FRV, GilsG, GÍG, GJóh.
JPálm, PZ, PÞ, ÁB, EmJ, HG greiddu ekki atkv.
4 þm. (JR, SÁ, BSt, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Auk þess sem ég er algerlega andvígur því, sem í till. felst, eins og ég gerði grein fyrir við umræðuna um fjárl., þá álít ég mjög hæpið, ef ekki beint lögbrot, að afhenda eigur ríkisins — sem samkv. 40. gr. stjórnarskrárinnar aðeins má afhenda með lögum — með einfaldri samþykkt í fjárl., sem er farið allt öðruvísi með en önnur lög á Alþingi. Þegar þar að auki hluti af stjórnarráðshúsunum á í hlut, þá álít ég þessa afgreiðslu að öllu leyti bæði óviðfelldna og ólöglega. Ég segi þess vegna nei.

Brtt. 308,47 samþ. með 30 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 344).

## 19. Löggiltir endurskoðendur.

Á 14. fundi í Ed., 3. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um löggilta endurskoðendur** [87. mál] (stjfrv., A. 125).

Á 15. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, hefur verið undirbúið í atvmrn., sem fer með þessi mál, en með nokkru samstarfi við félagsskap löggiltra endurskoðenda. Hingað til hafa gilt lög frá 1926 um löggilta endurskoðendur og starf þeirra. Eins og vitað er, hefur mikið breytzt í íslenzku þjóðlífi á þessum árum og því eðlilegt, að löggjöfin um þetta efni sé nú tekin til endurskoðunar.

Aðalefni frv. er að tryggja betur en áður, að þeir menn, sem þennan titil fá, hafi fullkomna menntun og hæfileika til starfans, og geri ég ráð fyrir, að það verði út af fyrir sig ekki mikill ágreiningur um þá meginstefnu frv. eða það atriði. En ég vil vekja athygli á því, að með þessu er mjög þrengdur réttur ráðherra til þess að veita þeim, er hann telur hæfa til þess að vera löggiltir endurskoðendur, þann titil. Þetta hefur á undanförnum árum verið gert á nokkrum stöðum úti um land, t. d. í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og Akureyri, að menn, sem ekki höfðu staðizt hin tilskildu próf, fengju slíka viðurkenningu, vegna þess að talið var þörf á, að góðir og áreiðanlegir menn væru þar til staðar, sem hægt væri að taka trúanlega sem endurskoðendur, og þeim því fengin þessi viðurkenning. Hinir lærðu löggiltu endurskoðendur telja, að þetta sé mjög miður farið, og játa verður, að til frambúðar er þessi skipun ekki góð. Það er ekki hollt, að ráðherra hafi þetta svo í hendi sér, án þess að hann þurfi að taka tillit til ákveðinna þekkingarskilyrða, eins og ákveðið er í þessu frv. Hins vegar er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því í frv., að þeir menn, sem nú þegar eru búnir að fá löggildingu, haldi henni, þannig að réttur er ekki tekinn af neinum manni. Segja mætti að vísu, að fresta hefði átt því að setja þessi strangari ákvæði, þangað til endurskoðendur með hina ákveðnu menntun væru búnir að setjast að t. d. á stöðum eins og Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum, en það þótti þó ekki ástæða til þess að gera þá kröfu, vegna þess að menn geta kallað sig endurskoðendur, þótt þeir fái ekki þessa löggildingu, og starfað að endurskoðun þrátt fyrir það. Hins vegar, ef mikið liggur við, þá er auðvelt að ná í löggiltan endurskoðanda til staðarins og láta hann þá þar annast þær sérstöku rannsóknir, sem á þarf að halda, auk þess sem á það er að líta, að þessi stétt er nú orðin svo fjölmenn, að gera má ráð fyrir, að bráðlega setjist einstakir fulltrúar hennar að á hinum fjölmennari stöðum utan Rvíkur, svo að þetta komi ekki heldur að sök að því leyti.

Þetta atriði, sem ég hef nú rætt um, er í raun og veru mesta vafaatriðið í sambandi við þetta frv., en það er að mjög vel athuguðu máli, sem ráðuneytið hefur fallizt á þessa breytingu og leggur hana nú til. Að öðru leyti vonast ég til þess, að frv. þurfi ekki að sæta miklum ágreiningi. Það hefur verið haft samráð við mjög hæfan lögfræðing um samningu þess, auk þess sem stéttarfélag þessara manna hefur um það fjallað. Ég vil vænta þess, að frv. fari til 2. umr., og legg til, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 214).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Eftir því sem viðskipti manna á milli aukast og verða margbrotnari, er eðlilegt, að löggjafinn setji ýmsar reglur til þess að hafa eftirlit með og tryggja, að þessi viðskipti fari réttilega fram. Árið 1909 voru því sett hér á landi lög um bókhaldsskyldu kaupmanna, og var þeim nokkuð breytt á Alþ. 1911 og lögin frá 1909 ásamt breytingunum síðan gefin út sem lög nr. 53 frá 11. júlí 1911. Lög þessi náðu eingöngu til kaupsýslumanna. Smám saman hefur svo löggjöfin verið að stækka hóp þeirra manna, sem skyldir séu til að hafa bókhald, ekki einungis til tryggingar hinu almenna viðskiptalífi, heldur munu breytingar á skattakerfinu hafa valdið miklu þar um, þannig að möguleikar væru opnaðir fyrir því, að tolla- og skattayfirvöld gætu haft eftirlit með fjárhagsstarfsemi sem flestra atvinnurekenda. Lögin frá 1911 giltu svo óbreytt þangað til 1938, en það ár voru sett allfullkomin og umfangsmikil lög um bókhald, nr. 62 11. júní það ár, og eru þau enn í gildi.

Það segir sig nú sjálft, að þegar eins almenn bókhaldsskylda er lögð á menn og hér er orðið, verður að gera eitthvað til að tryggja, að menn læri að færa bækur sínar rétt, og koma upp stétt manna, sem kennt geti mönnum það, komið bókhaldinu í kerfi og haft eftirlit með og endurskoðað bókhald manna, þannig að allir þeir, sem hlut eiga að máli, hvort heldur eru skuldheimtumenn eða skattheimtuyfirvöld, hafi tryggingu fyrir því, að bókhaldið sé rétt og skipulega fært. Árið 1926 voru því sett sérstök lög um löggilta endurskoðendur, og í sambandi við þau lög var sett reglugerð nr. 18 frá 27. marz 1929, og er þetta hvort tveggja enn í gildi. Þessi ákvæði þykja nú ekki lengur fullnægjandi, og eru það þau, sem lagt er til að breytt verði með lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, og þeirri reglugerð, sem gert er ráð fyrir í frv. að sett verði, þegar það er orðið að lögum, ef samþ. verður.

Frv. þetta er lagt fram sem stjfrv. Það var samið af stjórn félags löggiltra endurskoðenda, en hefur gengið í gegnum hreinsunareld hjá dómsmrn., sem gerði á frv. stjórnar félags löggiltra endurskoðenda nokkrar breytingar. Allshn. Ed. hefur athugað frv. þetta og ekki séð ástæðu til þess að koma fram með neina brtt. við það, enda er það, eins og ég áður tók fram, vel og samvizkusamlega undirbúið, og hefur að mestu leyti verið farið eftir núgildandi dönskum lögum í þessu efni, en þau eru aftur í samræmi við lög annarra Norðurlandaþjóða.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að nokkuð séu þyngd skilyrði fyrir því, að menn geti fengið löggildingu sem endurskoðendur, og kemur það aðallega fram í því, að aldurinn er hækkaður úr 21 ári upp í 25 ár og sett inn í lögin ákvæði um það, að sá, er fær löggildingu sem endurskoðandi, skuli áður en hann þreytir prófraun hafa unnið þrjú ár samtals að endurskoðunarstörfum undir eftirliti löggilts endurskoðanda. Þó er sá varnagli sleginn, að veita má undanþágu frá þessu ákvæði, ef prófmaður hefur unnið í þrjú ár að endurskoðun, þó að ekki sé undir handleiðslu löggilts endurskoðanda, ef álíta má, að setja megi þau störf hans jafnfætis störfum hjá löggiltum endurskoðanda, enda mæli prófnefndin með því. Verður ekki séð, að þessi breyting sé óeðlileg, vegna

þess að um leið og maður fær þennan stimpil hins opinbera á sig, verður almenningur að geta gengið út frá því, að hann hafi þá kunnáttu, starfsreynslu og þroska, sem nauðsynleg er til þess að hægt sé að trúa honum til þess að framkvæma þetta starf sitt sómasamlega.

Í 6. og 7. gr. laganna frá 15. júní 1926 var gert ráð fyrir þagnarskyldu löggiltra endurskoðenda og að viðurlög fyrir brot í starfi færu eftir því, sem gildir um opinbera sýslunarmenn. Í 6. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, er þetta nákvæmar tiltekið og beinlínis sagt, að löggiltir endurskoðendur hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, að því leyti sem við á, og að ráðh. geti sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frv. grein fyrir grein, en eins og ég tók fram í upphafi ræðu minnar, leggur allshn. Ed. einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 322).

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég hef aðeins af hálfu allshn. það fram að færa að óska eftir, að hv. d. fallist á frv. og samþykki það eins og það liggur fyrir og að lokinni umr. gangi það til 3. umr. Málið er búið að ganga í gegnum hv. Ed., og mun vera talið, að mjög æskilegt sé, að þetta gæti orðið afgr. af hálfu Alþ. nú, áður en fundarhlé verður hjá hv. Alþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 346).

---

## 20. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1954.

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1954** [136. mál] (stjfrv., A. 351).

Á 42. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Það er nú orðin nokkuð föst venja hér að fresta samkomudegi reglulegs Alþingis fram á haustið. Þetta frv., sem hér er til umræðu, fjallar um það og þá lagabreytingu, sem er nauðsynleg til þess, að svo megi verða. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um frv. neinar málalengingar af minni hendi, vegna þess að bæði um efni þess, form og þær ástæður, sem að því hníga, er öllum hv. alþm. eins vel kunnugt og mér.

Ég tel óþarft, að þessu frv. verði vísað til nefndar. Ef einhver hins vegar óskar frekar, að það fari til nefndar, þá hef ég ekkert á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 43. fundi í Ed., 11. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 361).

---

## 21. Möskvastærð fiskinetja o. fl.

Á 20. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953** [115. mál] (stjfrv., A. 223).

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Í d. hefur nú verið útbýtt frv. ríkisstj. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.

Eins og þm. mun kunnugt, var Ísland aðili að möskvastærðasamningnum frá 23. marz 1937, og voru sett um það lög á Alþingi, nr. 77 frá 21. des. 1937. Samningur þessi kom þó aldrei til framkvæmda, þar sem hann var aldrei fullgiltur af nægilega mörgum samningsaðilum. Samningsaðilum var þó ljós nauðsyn þess, að samningurinn kæmi til framkvæmda, en vegna heimsstyrjaldarinnar 1939—45 féll málið niður um sinn.

Að aflokinni styrjöldinni, eða í ársbyrjun 1946, var boðað til ofveiðiráðstefnu í London, og var ríkisstj. Íslands boðið að taka þátt í þessari ráðstefnu. Ákveðið var að taka boðinu. Hinn 5. apríl 1946 var undirritaður í London alþjóðasamningur um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda. Ísland undirritaði samninginn með fyrirvara. Þátttaka Íslands í samningi þessum byggðist auðvitað á því, að nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fiskimið úthafsins verði eigi gerðar með öðrum hætti en samningi þeirra ríkja, sem hlut eiga að máli, og Íslendingar hafa flestum, ef ekki öllum þjóðum meiri áhuga á því, að fiskimiðin séu ekki eyðilögð með rányrkju. Samningur þessi gengur lengra í friðunarráðstöfunum en samningurinn 1937, því að lágmarksmöskvastærð er nú 110 mm, en var 105 eftir gamla samningnum. Í samræmi við þetta hefur lágmarksstærðum fiska, er veiða má á Íslandsmiðum, verið breytt samkv. samningnum.

Aðalatriðið frá sjónarmiði Íslendinga í þessum efnum er þó það, að fiskimiðin við strendur landsins séu vernduð, og er Íslendingum bæði rétt og skylt að sjá um verndun þeirra. Ríkisstj. telur, að hverju ríki sé rétt að ákveða takmörk fiskveiðalögsögunnar innan sanngjarnra fjarlægða frá ströndum, þar sem tekið sé tillit til landfræðilegra og efnahagslegra aðstæðna.

Í samningnum, 3. gr., er tekið fram, að engin ákvæði samningsins hafi áhrif á skoðanir aðilanna varðandi víðáttu landhelginnar, en vafasamt þótti, hvort hið sama gilti um fiskveiðalögsögu utan hinnar eiginlegu landhelgi. Við afhendingu fullgildingarskjals Íslands í ágúst 1951 var það berum orðum tekið fram af Íslands hálfu, að þátttöku Íslands í samningnum mætti ekki skýra þannig, að hún hefði nokkur áhrif á framkvæmd landgrunnsfyrirætlananna, þ. e. a. s., að engu væri afsalað í sambandi við það. Þátttaka Íslands í alþjóðasamningnum um verndun fiskimiða hlýtur því að byggjast á þeirri forsendu, að Íslendingar afsali sér engu í sambandi við einhliða ráðstafanir á eigin fiskimiðum.

Ég vil ekki fjölyrða frekar um frv. þetta að sinni, en vísa í grg., er fylgir frv., og óska, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 370).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Í nál. frá sjútvn. varðandi þetta mál, sem birt er á þskj.

370, er lagt til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Ég þarf ekki að hafa hér um fleiri orð. Þessi viðbúnaður að lögfesta samninginn er nú ekki fyrr á ferðinni en vænta mátti, þar sem samningurinn var gerður í apríl árið 1946, en mér er nú kunnugt um það raunar, að það er ekki bara Ísland eitt, sem hefur verið seint á ferðinni með samþykkt hans. Það hefur verið svo hjá fleirum, þó að ýmis lönd, sem að honum standa, hafi samt lokið við lögtöku hans á undan okkur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 384).

## 22. Vátryggingarsamningar.

Á 5. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um vátryggingarsamninga** [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 7. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. það að lagabálki, sem hér liggur fyrir, er samið eftir tilsvarandi lögum hjá hinum Norðurlandaþjóðunum, sem sett hafa slík fyrirmæli hjá sér, og er þess vegna einn þáttur í hinu samnorræna löggjafarstarfi, sem hefur átt sér stað um langa hríð og þegar hefur borið góðan árangur, m. a. með ýmsum lagafyrirmælum, sem lögfest hafa verið hér á landi.

Frv. þetta er undirbúið í dómsmrn., þ. e. a. s. aðallega þýtt, stuðzt við þær fyrirmyndir, sem hin Norðurlöndin voru búin að lögfesta hjá sér. Síðan hefur próf. Ólafur Lárusson, sem er manna færastur í þessum efnum, yfirfarið það og gengið svo frá, að öruggt má telja, að frv. sé nú í góðu horfi.

Ætlan frv. er fyrst og fremst sú, að þar séu settar reglur um vátryggingarsamninga, er taki til, þegar ekki er sérstaklega tekið fram á milli aðila, að önnur ákvæði gildi, og eru þó raunar nokkur ákvæði í frv., sem ekki er hægt að komast fram hjá, þó að aðilar semji um það sín á milli. En óhætt er að segja, að frv. tryggi borgurunum betri og öruggari rétt en þeir hafa eins og nú til háttar. Í mörgum tilfellum má raunar segja, að hér séu sett fyrirmæli til staðfestingar á þeim lagavenjum, sem farið hefur verið eftir, en það eru þá líka lagavenjur, sem hugsanlegt er, að breytt verði til um. Við setningu laganna á þetta að vera fastmótaðra en áður og horfa til bóta. Ég vonast til þess, að frv. þurfi ekki að verða ásteytingarsteinn manna hér. Það er fyrst og fremst lögfræðilegs eðlis og undirbúið svo vel sem frekast eru föng á. Ég leyfi mér að leggja til, að það gangi til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 303).

**Frsm. (Eggert Þorsteinsson):** Herra forseti. Frv. það til laga um vátryggingarsamninga, stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir á þskj. 13, hefur allshn. yfirfarið og rætt. N. leitaði umsagnar 7 tryggingarfélaga, og sendu 5 þeirra skrifleg svör, er öll voru í aðalatriðum samhljóða og meðmælt því, að frv. yrði samþ., og telja það til mikilla bóta frá hinum eldri lögum. — Að athuguðu máli leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og frá greinir í nál. á þskj. 303.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—34. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
35.—96. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
97.—118. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
119.—124. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
125.—133. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 383).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Allshn. Ed. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., um vátryggingarsamninga, og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt. Bendir hún á, að inn í 128. gr. frv. hefur slæðzt prentvilla. Í lok greinarinnar stendur: „enda hafi fyrning eigi fullnazt fyrr en eftir lögum þeim, sem gilt hafa hingað til", en á að vera: „enda hafi fyrning eigi fullnazt fyrr eftir lögum þeim, sem gilt hafa hingað til." Orðinu „en" er þarna ofaukið og gefur skakka meiningu. N. hefur þó ekki þótt ástæða til að gera formlega brtt. um þetta, þar sem hér er um augljósa prentvillu að ræða.

Þá vil ég benda á, að í 6. gr. frv. hefur orðið línubrengl. Þriðja lína í 2. málsgr. 6. gr. á ekki að vera þar, heldur að verða 2. lína í 3. málsgr. Þetta hef ég bent skrifstofustjóranum á, og er hér um hreina prentvillu að ræða líka.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa skipað frá því rétt eftir aldamót til þess að samræma löggjöf hjá sér á sviði kröfuréttarins. Sams konar n. hefur unnið hjá þeim til að samræma lög á sviðum sifjaréttarins. Hefur mjög verið vandað til þess starfs, og eru menn sammála um það yfirleitt, að nefndir þessar láti ekki fara frá sér annað en þaulhugsaðar till., sem þörf er á, enda eiga sæti í þeim sérstakir kunnáttumenn á hverju sviði frá fjórum Norðurlöndum.

Frv. nefndanna, sem er hér um bil að öllu leyti samhljóða því frv., sem hér er til umr., er orðið að lögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en mér er ókunnugt um, hvort það er orðið að lögum í Finnlandi enn þá.

Ísland hefur notið góðs af þessu samstarfi, þó að það hafi ekki tekið beinan þátt í því, og hafa þó nokkur lög af þessum uppruna verið sett hér á landi, svo sem lögin um lausafjárkaup, nr. 39 19. júní 1922, lögin um samningsgerð, tilboð og ógilda löggerninga, nr. 7 frá 1936, og ýmis lög á sviði sifjaréttarins.

Frv., sem hér liggur fyrir, er undirbúið af hinum færustu mönnum. Ólafur próf. Lárusson hefur þýtt það mjög nákvæmlega og vikið því við, eftir því sem þörf var á, og það hefur verið yfirlesið af Guðmundi K. Guðmundssyni vátryggingarfræðingi. Yfirleitt hefur frv. ekki verið breytt frá því, sem lögin eru á hinum Norðurlöndunum, sem neinu nemur, að öðru leyti en því, að í 29. gr. frv. er breytt ákvæðum um fyrningarfresti í samræmi við íslenzka löggjöf. Sum af þeim vátryggingarfélögum, sem málið hefur verið borið undir, hefðu óskað þess fremur, að frestirnir hefðu verið látnir vera nokkru styttri, eins og er í dönsku lögunum, sem aðallega hafa verið höfð til hliðsjónar, en það atriði hefur ekki þótt svo mikils virði, að ástæða væri til þess að mynda þar ósamræmi við íslenzkar réttarreglur, sérstaklega þegar það er athugað, að auðvitað er vátryggingartaka og vátryggðum til hags, að fyrningarfrestirnir séu frekar lengri en skemmri, en það er einmitt þeirra hagur, sem löggjöfin ber meira fyrir brjósti í þessari vátryggingarlöggjöf, sem hér er lögð fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en leyfi mér sem frsm. nefndarinnar að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, með þeim fyrirvara um prentvillur, sem ég hef tekið fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
36.—39. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
41.—44. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
45.—50. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
54.—58. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
59.—76. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
77.—78. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
79.—88. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
89.—90. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
91.—96. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
97.—101. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
102.—117. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
118. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
119.—124. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
125.—133. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 392).

---

## 23. Fjáraukalög 1951.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1951** [104. mál] (stjfrv., A. 178).

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Sþ., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 380).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 380 ber með sér, þá komst fjvn. að þeirri niðurstöðu eftir að hafa athugað frv. þetta allgaumgæfilega og borið það saman við fjárlög 1951 og ríkisreikning ársins, að á frv. þyrfti að gera nokkrar breyt. til leiðréttingar. Hins vegar samþykkti n. einróma að leggja til, að frv. yrði samþ. að gerðum þeim breytingum, sem hún gerir till. um, eins og það þá verður. Þó skal það tekið fram, að einn nm., hv. 2. þm. N-M. (HÁ), var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr. í n., og er hann því ekkert bundinn af nál.

Ég sé enga ástæðu til þess að vera fjölorður um brtt. n., en vil þó gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum.

Frv. er í tveimur greinum, svo sem venjulegt er og mun jafnan hafa verið. 1. gr. er afleiðing 2. gr., og brtt. við 1. gr. er afleiðing brtt. við 2. gr., að því leyti sem þær hafa áhrif á niðurstöðutölur hennar.

Brtt. a við 2. gr. og brtt. b við sömu gr. eru alveg hliðstæðar.

Á fjárl. fyrir 1951 voru engin útgjöld talin hjá Áfengisverzlun ríkisins né Tóbakseinkasölu ríkisins, heldur hreinar tekjur. Þetta mun hafa stafað af því, að þegar fjárl. voru samin, mun helzt hafa verið gert ráð fyrir sameiningu þessara fyrirtækja. Af sameiningu varð ekkert. Hvort fyrirtækið um sig skilaði sínum sérstöku reikningum við uppgjör ríkisreikningsins, svo sem venjulegt hafði verið og er enn. Verður fyrir þetta að leita heimildar á fjáraukalögunum fyrir öllum gjöldum fyrirtækjanna, en telja nettótekjur það, sem kom inn fram yfir fjárhagsáætlun og umfram útgjöldin.

Hjá þeim, er samið hafa fjáraukalögin, hefur orðalag ruglazt í þessu sambandi, og eru brtt. a og b leiðréttingar á því orðalagi.

Um brtt. c, við 2. gr., vil ég segja þetta: Eignaaukning samkv. 20. gr., sem útborganir valda, er vantalin í samlagningu eða í flutningi frá ríkisreikningi yfir á fjáraukalagafrv. um kr. 76017.11. Till. er um, að þetta sé leiðrétt, svo sem sjálfsagt er. Á þskj. hafa 11 aurarnir fallið niður. Það vil ég biðja hv. þm. að leiðrétta hjá sér. Ekki þótti taka því að prenta þskj. upp fyrir þessa smávillu, en þess verður gætt að leiðrétta hana í þingtíðindum.

Þá hefur þeim, er frv. hefur samið, orðið á sú vangá að telja innkomið samkv. 20. gr. geymslufé og lánsfé, sem ríkið útvegaði og endurlánaði. Er þetta geymslufé og endurlánað fé að vísu fært á 20. gr. í bókhaldi ríkisins, en kemur ekki fjáraukalögum við. Nemur þessi villa, sem n. að sjálfsögðu leggur til að þingið leiðrétti, kr. 126 151 455,25. Talan er aðeins sett fram til skýringar í frv., eins og segir í nál., en verður eigi að síður að leiðréttast, annars er hún villandi.

Loks er þá d-liður í brtt. Hann er leiðrétting á endanlegri niðurstöðu 2. gr., þ. e. samtölunni.

Ég hef þá minnzt á alla liði brtt. og leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. fallist á tillögurnar. Um frv. að öðru leyti væri vitanlega hægt margt að segja, en þess tel ég þó enga þörf.

Ef litið er yfir fjáraukalögin, kemur í ljós, að þau sýna ekki með neinni nákvæmni í öllum efnum gjöld umfram áætlun í ríkisbúskapnum, hvað þá tekjur. Á fjárlög var ekki t. d. orðin venja 1951 að taka ríkisbúin, spítalana og skólana, en hins vegar venja að leita heimildar á fjáraukalögum fyrir útgjöldum þeirra. Þetta og fleira þvílíkt hleypir jafnan fjárlögum fram. Útgjöld samkvæmt heimildargreinum koma á fjáraukalög, og í þetta sinn námu þau á tíundu millj. kr.

Ég athugaði í frv., fyrir hvaða útgjaldagrein fjárlaga er leitað hæstrar viðbótarheimildar, og ef gengið er á röðina á 2. bls. frv., þá verður fyrst fyrir 11. gr. A., þ. e. dóms- og lögreglumál. Þar nemur útgjaldahækkunin rúmlega 3.7 millj. kr. Hækkunin stafar aðallega frá landhelgisgæzlu og að nokkru auknum lögreglukostnaði.

Þá er 13. gr. A., eða vegamálin, með nálega 7,5 millj. kr. hækkun. Sú hækkun má heita öll vegna viðhalds á vegum, og hefur sjálfsagt engum, er naut, þótt um of að gert.

14. gr. B. er næst. Það er kostnaður við kennslumál. Hækkun er nálega 6,3 millj. kr. Þar eru aðalhækkanirnar vegna barnafræðslu og gagnfræðafræðslu.

Næst er 16. gr. Það er til landbúnaðar, 6,9 millj. kr. hækkun. Þessi upphæð stafar að mestu frá framkvæmd jarðræktarlaga og laga um sauðfjárveikivarnir.

Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum fóru talsvert á 3. millj. kr. fram úr áætlun, og gjöld vegna sauðfjárveikivarna og sérstaklega sökum bóta vegna fjárskipta fóru 3 millj. kr. fram úr áætlun.

Þar næst má nefna 17. gr., eða útgjöld til félagsmála, sem hafa hækkað frá áætlun um 6,2 millj. kr. Nálega helmingur er vegna lögbundinna framlaga til almannatrygginganna. Hinn helmingur þeirrar upphæðar stafar frá heimildum á 22. gr., og þar er hæsti liður atvinnubótafé.

Loks er svo 19. gr. 4, þ. e. óviss útgjöld, sem farið hafa 4 millj. kr. rúml. fram úr áætlun. Þau voru á fjárl. aðeins ½ millj. kr. Þetta er safn margra fjárhæða, en engra stórfelldra.

Það er að mínu áliti meira form en efnisleg nauðsyn að afgreiða sérstök fjáraukalög fyrir ár hvert. Afgreiðsla ríkisreikningsins, þar sem birtur er nákvæmur samanburður við fjárlög í hverjum lið og viðhafðar eru að minnsta kosti 6 umr., er vitanlega miklu fullkomnari málsmeðferð af Alþingis hálfu en afgreiðsla fjáraukalaga í Sþ.

Fjáraukalög eru gerð að fyrirmælum stjórnarskrár og þau fyrirmæli komin frá gömlum tíma, þegar minna var um að vera í fjármálum ríkisins en nú er orðið, og hugsun sú sennilega lögð til grundvallar, að fjáraukalög gætu jafnvel orðið á undan útborgunum og a. m. k. á undan ríkisreikningnum. En tímarnir hafa breytzt og þýðing fjáraukal. breytzt og minnkað. Nú bíður reikningurinn 1951 eftir 6. umr., það er 3. umr. í seinni þd., þegar fjáraukalögin koma til 2. umr. í Sþ. Þetta er orðinn gangur málanna.

Fjáraukalögin hefðu ef til vill getað verið eitt-

hvað fyrr á ferðinni en þetta, en þó varla svo, að máli skipti. Þetta sakar auðvitað ekkert, af því að reikningurinn er aðalatriðið, eins og ég sagði áðan.

Mér þykir líklegt, að þegar stjskr. verður breytt, þá verði ákvæðið um sérstök fjáraukalög fellt úr gildi. En vitanlega ber að hlýða ákvæðum stjskr. um fjáraukalögin sem öðrum ákvæðum hennar, meðan þau gilda, og fjvn. telur hvorki formlega né efnislega meinbugi á því að samþ. frv. það til fjáraukalaga fyrir 1951, sem hér er til umr., þegar samþ. hafa verið brtt. hennar á þskj. 380, og mælir ágreiningslaust með því, að frv. verði samþ. svo breytt.

ATKVGR.
Brtt. 380,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 380,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28:1 atkv.

---

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 397).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

---

## 24. Ríkisreikningurinn 1951.

Á 25. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951** [105. mál] (stjfrv., A. 179).

Á 28. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951 er samið í sama formi og vant er. Reikningurinn hefur verið lagður fyrir samtímis frv., og leyfi ég mér að vísa til hans. Ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja frv. úr hlaði með frekari grg., en legg til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 274).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og segir á þskj. 274, hefur fjhn. d. farið yfir þetta frv. og borið tölur þess saman við niðurstöðutölur á ríkisreikningi. Ber þeim saman.

N. veitti því athygli, að það er lítils háttar ósamræmi á tveim stöðum í ríkisreikningnum. Eign sú, sem færð er á efnahagsreikningi flugmála, er ekki alveg í samræmi við það, sem talið er til eignar á þeim lið á sjálfum efnahagsreikningi ríkisins. Einnig er nokkurt ósamræmi í uppgjöri hjá ræktunarsjóði og byggingarsjóði Búnaðarbankans, þannig að þær hreinu eignir, sem eru taldar á sérreikningum þessara sjóða, eru ekki alveg í samræmi við það, sem talið er á efnahagsreikningi ríkisins, en við fengum þær skýringar á því í ríkisbókhaldinu, að þarna hefði ekki verið hagað eins reikningsfærslu um áramót, en þetta mundi færast í lag á árinu 1952.

Þá hefur n. einnig litið yfir þær aths., sem yfirskoðunarmenn gerðu við ríkisreikninginn fyrir árið 1951, og svör reikningshaldara, svo og till. yfirskoðunarmanna út af þeim; þar var aðeins einni aths. vísað til aðgerða Alþingis, eins og þm. hafa séð, ef þeir hafa litið yfir reikninginn, en n. hefur engar till. að gera í tilefni af þeirri aths. eða öðrum, og leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 363).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 179, um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951, er komið frá Nd., eftir að hafa fengið þar athugasemdalausa afgreiðslu. Við, sem eigum sæti í fjhn. Ed., höfum athugað frv., og sem frsm. n. bar ég það saman við ríkisreikninginn 1951, sem útbýtt hefur verið til þm., og fann ekkert tölulega við frv. að athuga.

Reikningnum fylgja aths. frá yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, svör frá hlutaðeigandi ráðuneytum, undirrituð af fjmrh., og ályktanir yfirskoðunarmanna að fengnum þeim svörum, svo sem venja hefur verið. N. athugaði þessa fylgifiska reikningsins, en vitanlega gat hún ekki rannsakað það, sem að baki athugasemdunum lá, enda virtist varla ástæða til þess. Aths. voru ekki

þannig vaxnar, en n. þótti hlýða að taka fram það, sem í nál. stendur, að hún líti á það sem skyldu yfirskoðunarmannanna sjálfra að fylgjast með því frá ári til árs, að athugasemdir þeirra séu teknar til greina, en ekki að engu hafðar eins og marklaust tal, og enn fremur, að hún telji yfirskoðunarmönnum skylt, ef þeir vísa aths. til aðgerða Alþingis, að láta þá rökstuddar till. fylgja um þær aðgerðir, sem þeir telja við eiga af þingsins hálfu. Einkum lítum við nm. svo á, að þetta væri tvímælalaust þegar yfirskoðunarmenn eiga sæti á Alþingi, eins og nú er um tvo þeirra. Annar yfirskoðunarmaðurinn, hv. þm. A-Húnv. (JPálm), hefur gefið út nál. um frv. sem fjárhagsnefndarmaður í Nd. og lagt til, að það sé samþykkt óbreytt, og með því sýnt, að hann telur enga athugasemd sína til fyrirstöðu á samþykkt frv.

Þá taldi n. einnig við eiga að leggja til í nál., að tekin verði upp sú regla, að fjmrh. láti grg. fylgja hverjum ríkisreikningi framvegis um það, á hvern hátt hafi verið snúizt við þeim aths. yfirskoðunarmanna frá árinu áður, er snerta reikninginn. Með þeirri reglu fær Alþ. aðstöðu eftirleiðis til þess að fylgjast með þessum athugasemdamálum til enda og getur gripið inn í, ef þurfa þykir. Treystir n. því, að ráðh. taki reglurnar upp, og enn fremur því, að yfirskoðunarmennirnir telji bendingar n. réttmætar og taki þær til greina fyrir sitt leyti, og í því trausti leggja nm. fjhn. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 432).

---

## 25. Lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli.

Á 46. fundi í Nd., 12. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli** [139. mál] (stjfrv., A. 362).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Útbýtt hefur verið hér í d. frv. ríkisstj. um skipun sérstaks lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. um sama efni, sem undirrituð voru af forseta Íslands 19. jan. s. l. og birt í Stjórnartíðindum. Í aths. við frv. eru færðar til ástæður fyrir útgáfu laganna, en ég tel þó rétt að bæta nokkrum orðum við þær.

Utanrrn. var með forsetaúrskurði frá 11. sept. 1953 falin framkvæmd allra þeirra mála, sem af varnarsamningnum leiddi. Við það færðust ýmis störf, sem áður féllu undir önnur ráðuneyti, yfir á utanrrn., en vegna þeirra mála hefur orðið að stofna sérstaka deild, varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins. Meðal þeirra starfa, sem áður höfðu heyrt undir önnur ráðuneyti, tók utanrrn. nú að sér að hafa á hendi yfirstjórn dóms- og lögreglumála á Keflavíkurflugvelli, þ. á m. ákæruvaldið, útgáfu dvalarleyfa o. fl., er áður höfðu tilheyrt dóms- og kirkjumrh. Var öll afgreiðsla þessara mála komin í hendur utanrrn. um s. l. áramót.

Eins og kunnugt er, hefur flugvallarsvæðið í Keflavík verið í umdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði. Hefur hann undanfarin ár haft fastan fulltrúa á flugvellinum, sem gegndi þar lög- og tollgæzlu auk dómarastarfa. Í seinni tíð hafa störfin þó reynzt svo umfangsmikil, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði taldi þessi störf ofviða embættinu og óskaði eftir breytingu á skipan þessara mála.

Af framangreindu er ljóst, að nauðsynlegt var að fela mál þessi án tafar sérstökum lögreglustjóra, er heyrði að öllu leyti undir utanrrn. og bæri embættisábyrgð gagnvart því. Þar sem fundum Alþingis hafði verið frestað upp úr miðjum desember og til 5. þ. m., bar brýna nauðsyn til þess að skipa málum þessum með bráðabirgðalögum, eins og ég gat um í upphafi.

Ég tel ekki þörf á að reifa málið frekar að sinni, en leyfi mér að fara fram á, að því verði vísað til allshn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þetta frv., sem hér um ræðir, er staðfesting á brbl., sem hafa verið gefin út nú meðan þinghlé var í janúar. Ég vil í fyrsta lagi átelja, að sá háttur skuli hafa verið hafður á með setningu þessara laga. Það eru nú bráðum komin þrjú ár síðan hernámssamningurinn var gerður og erlent herlið settist að á Keflavíkurflugvelli, og það er ekki hægt að álykta, að einmitt janúarmánuður 1954 hafi verið það frábrugðinn öllum öðrum mánuðum þessara þriggja ára, að einmitt í honum og meðan þinghlé er, skuli hafa verið nauðsynlegt að gefa út brbl. vegna skipulagsbreytinga þar. Það mætti ætla, að annaðhvort hefði hæstv. ríkisstj. getað lagt slík lög fyrir þing, áður en því var frestað um jólaleytið, eða látið bíða þangað til eftir jólin, enda engin sérstök rök færð hér fyrir því, að það hafi endilega verið nauðsynlegt að gefa út þessi brbl. í janúar. Ég vil þess vegna átelja þessa aðferð, ekki sízt vegna þess, að hún ber svo undarlegan keim af þeim aðferðum, sem tíðkazt hafa undanfarin ár, að reyna alltaf að afgreiða öll mál, sem snerta að einhverju leyti annaðhvort samningana við Bandaríkin, eða mál, sem varða sambýlið við hernámsliðið hér á Íslandi, þegar Alþingi kemur hvergi nærri, og stilla Alþingi frammi fyrir fullgerðum staðreyndum og binda jafnan þannig hendur stjórnarliðsins í

þinginu, sem væri ekki kannske að öllu leyti alltaf einu sinni ánægt með þessi lög.

Ég vil þess vegna í fyrsta lagi átelja það, að þetta skuli hafa verið gefið út sem brbl., því að það er vitanlegt, að það er miklu erfiðara að fá fram breytingar á slíkum lögum, þegar til Alþingis er komið, heldur en mundi hafa verið, svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. hefði lagt fram sitt frv. fyrir þingið og gefið nefndum þingsins og þingmönnum þannig tækifæri til þess að gera sínar brtt., án þess að vera búin að samþykkja lögin áður.

En svo er nú auðvitað hitt höfuðatriðið, sjálft innihald þessa frv. Ég vildi nú fyrst mega athuga með nokkrum orðum það, sem frá minu sjónarmiði, lögfræðilega séð, felst í þessu frv. frábrugðið því, sem tíðkazt hefur um stjórnskipun hjá okkur hingað til á Íslandi.

Í fyrsta lagi er ákveðið að taka þarna upp lögreglustjóraembætti, og það lögreglustjóraembætti er með öðrum hætti en öll önnur lögreglustjóraembætti hafa verið á Íslandi fram að þessu. Lögreglustjórar á Íslandi hafa ýmist verið í kaupstöðum eða settir í verzlunarstöðum, sem ekki væru kauptún, og þá með sérstöku samþykki viðkomandi hreppsnefndar og tekið við í fyrsta lagi hreppsstjórastörfum á því sviði og síðan ýmsum öðrum verkum, sem þeim eru falin. Hér er settur lögreglustjóri á sviði, sem hvorki er verzlunarstaður, kaupstaður né sérstakt hreppsfélag, og að því er mér skilst ekki að neinu leyti breytt því, sem fyrir er á þessum sviðum. Við skulum segja, að Keflavíkurflugvöllur, eða það svæði, sem hann hefur náð yfir, hefur heyrt undir þrjú hreppsfélög á Íslandi. Hreppsstjórarnir hafa haft sitt sérstaka verkefni frá hálfu ríkisstjórnar á þessum sviðum. Hvernig er þetta lögfræðilega, eftir að þetta ástand þarna er skapað? Það er ekki nokkur skapaður hlutur tekinn fram. Það er ekki verið að skapa neinn nýjan hrepp. Það er ekki verið að undanþiggja nein önnur störf, sem þarna hafa verið unnin, en það er skapað þarna sérstakt lögreglustjóraembætti. Ég vil aðeins benda á, að þarna er verið að taka upp alveg nýja stefnu, sem brýtur í bága við allt það, sem verið hefur á Íslandi hingað til um fyrirkomulag þessara embætta eða annarra skyldra.

Svo er ákveðið, að þetta umdæmi skuli miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins. Í þessari einu einustu setningu í lögunum eru þrjú atriði, sem ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. um, hvað eiginlega sé átt við með.

Í fyrsta lagi stendur: „við samningssvæði þau á Reykjanesi“. — Hvað eru mörg samningssvæði á Reykjanesi? Samkvæmt hvaða samningum eru þessi samningssvæði sett, og hvar hafa þau verið tilkynnt? Ég vil taka það fram, að þegar rætt er um samningssvæði í hernámssamningnum og í þeim lögum, sem honum fylgja, þá er það hvergi nokkurs staðar tilgreint og hefur ekki verið gert, svo að mér sé kunnugt. Það kann að vera, að það sé minni fáfræði að kenna, að ég viti ekki þar um, en það hefur ekki verið sett, svo að mér sé kunnugt, neins staðar ákvæði um og verið auglýst, á hvaða sviðum slík samningssvæði eru. Ég gerði athugasemd, þegar þessi samningur var gerður, um það, hvað átt væri við með þessum samningssvæðum, og þegar hann var ræddur hér, þá ítrekaði ég það hvað eftir annað, að það minnsta, sem ríkisstj. gæti gert gagnvart Íslendingum í þessu efni, væri að láta þá vita og mæla fyrir um það í lögum, hvar samningssvæði væru. Við vitum, að á samningssvæðunum gilda sérstakar reglur. Það er tekið fram t. d. í 10. gr. viðbætisins: „Liði Bandaríkjanna er rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda þar uppi aga, allsherjarreglu og öryggi.“ M. ö. o., sá Íslendingur, sem var kominn inn á þessi samningssvæði, var kominn inn undir annað lögregluvald en hann var annars vanur í sínu landi. Það minnsta, sem þess vegna var hægt að gera gagnvart honum, var að auglýsa eða tilkynna, hvar slíkt samningssvæði væri. Þetta hefur, að því er ég bezt veit, hvergi nokkurs staðar verið gert. Þegar Ísland var hernumið á stríðsárunum, þá voru auglýst alveg sérstaklega í Lögbirtingablaðinu sérstök svæði, sem voru álitin vera hættusvæði, tilgreind alveg nákvæmlega. Það hefur aldrei neitt slíkt verið gert nú. Ég er ekki kunnugur suður á Keflavíkurflugvelli, ég hef ekki komið þar síðan hernámið fór fram, en það má vel vera, að það séu máske festar upp þar einhverjar auglýsingar og annað slíkt, og er það þó algerlega ófullnægjandi sem almenn tilkynning um, að hvað miklu leyti Íslendingar séu undir sínum eigin embættismönnum eða embættismönnum annarrar þjóðar. Ef slík samningssvæði eru fleiri en eitt, þá þætti mér viðkunnanlegt að fá upplýsingar um það. M. ö. o.: Það er þetta í fyrsta lagi, hvað samningssvæðin séu mörg.

Í öðru lagi er þetta röng tilvitnun, að varnarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí taki til þessara samningssvæða, hann tilgreinir þau hvergi nokkurs staðar.

Svo er í þriðja lagi bætt þarna inn í, að þau eigi að vera eign ríkisins. M. ö. o.: Ef um samningssvæði er þarna að ræða og jafnvel þó að það væri tilkynnt, þá er það til viðbótar, að það skal þó ekki teljast undir lögreglustjórann, ef það er ekki eign ríkisins. Hvernig eiga nú þeir, sem þarna koma, að vita, ef þeir eru á einhverju svæði, sem kynni nú að hafa verið eða einhverjir álitu eitthvert samningssvæði, hvaða partar af því kynnu að vera eign ríkisins eða hvort samningssvæðið allt væri endilega eign ríkisins?

Hvers konar aðferð er þetta til þess að búa til cina nýja, ákveðna réttarheild í íslenzku þjóðfélagi? Hingað til höfum við vitað, hvað væru hreppatakmörk, sýslnatakmörk og annað slíkt. Nú er allt í einu komið til okkar hér með sérstakt umdæmi; og hvar eru takmörkin fyrir því? Jú, það er allt í lagi, skulum við segja, ef það stæði í þessum lögum, að ákveðin gaddavírsgirðing, sem ameríkur her hefði sett upp á Íslandi, skuli afmarka það umdæmi, þar sem ákveðin lög skulu gilda. Það er ekkert slíkt tekið fram. Það eru teknir fram hér almennir „frasar“, sem ekkert fela í sér. Ég vil strax benda á það, að þetta sem einkenni á ákveðnu lögsögulegu umdæmi á Íslandi þekkist ekki í neinum íslenzkum lögum, sem ég þekki til, og brýtur í bága við allar

íslenzkar venjur í þessu efni. Ég held þess vegna, að þarna þurfi strax, svo framarlega sem það á nú á annað borð að samþykkja svona, að gera þetta miklu greinilegra og skýrara.

Þá kem ég að því, sem er hins vegar mun miklu stærra atriði. Það er ákveðið, að ráðherra sá, sem fer með varnarmál, skuli veita embættið lögfræðingi. M. ö. o.: Það á að taka það upp, að eitt sérstakt umdæmi af öllum þeim hreppum og sýslum og öðrum umdæmum, sem á Íslandi eru, skuli heyra undir aðra ráðherra heldur en slík mál heyra undir venjulega. Dómsmál, sem koma fyrir lögreglustjóra á umdæmi Keflavíkurflugvallar, skulu ekki heyra undir dómsmrh. Skattamál eða tollamál, sem koma þarna upp, virðast þá eiga að heyra undir ráðherra, sem fer með varnarmál, — eða á máske fjmrh. að hafa eitthvað með það að gera? Heilbrigðismál og önnur slík mál, sem eru eitt af því, sem lögreglustjórar alveg sérstaklega hafa með að gera, eiga þá á Keflavíkurflugvelli ekki lengur að heyra undir heilbrigðismálaráðherra, heldur undir varnarmála- eða utanríkisráðh. Símamál og póstmál; eru þau þarna meðtalin, eiga þau ekki þá lengur að heyra undir póst- og símamálaráðherra, heldur undir utanríkisráðherra? Hvað mikið felst í þessu, sem sagt er í 2. gr. „eftir því sem við getur átt önnur þau störf?“ Að vísu hafa ekki sýslumenn og bæjarfógetar venjulega slík störf. En að hve miklu leyti á maðurinn, sem er settur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, að grípa inn yfir svo að segja allt, sem annars heyrir undir önnur íslenzk ráðuneyti? Ég held því í fyrsta lagi, að það sé nauðsynlegt að taka alveg greinilega fram, hvað þarna heyrir undir þennan lögreglustjóra. Nú skulum við taka sem dæmi: Það er mál á Keflavíkurflugvelli eða í umdæmi þess, og dómarinn, lögreglustjórinn, dæmir; það er þá eftir þessu að dæma varnarmála- eða utanrrh., sem á að ákveða, hvort máli sé áfrýjað eða ekki; það er ekki dómsmrh. M. ö. o.: Það á að byrja algera tvískiptingu um það, hvernig farið sé með mál á Íslandi, eftir því, hvar á landinu þau gerast og í umdæmi hvaða lögreglustjóra, því að auðvitað er hægt að ganga út frá því, að það séu mismunandi skoðanir um mismunandi mál hjá mismunandi ráðherrum. Það er m. ö. o. þar með ekki lengur víst, ef einn maður fremur eitthvert ákveðið afbrot á þessum stað á landinu og annar maður fremur afbrot á öðrum stað og þeir eru dæmdir af tveim mismunandi embættismönnum, að tveir mismunandi ráðherrar líti sömu augum á sama afbrotið og dóm um það. M. ö. o.: Það er verið með þessu að innleiða þann möguleika, að það séu raunverulega mismunandi réttarreglur og réttarhugmyndir, sem kunna að gilda eftir því, hvar á landinu einhver afbrot séu framin.

Ég verð að segja, að ég álít þessa stefnu, sem þarna er farið inn á, ákaflega hættulega. Mér sýnist, að með þessu sé stefnt að því að taka smám saman það umdæmi, sem hér er talið undir Keflavíkurflugvöll, út úr þeirri almennu íslenzku réttarhefð, setja það undir sérstakan ráðherra, sem síns embættis vegna verður að standa í sífelldum samningum, jafnvel sífelldum árekstrum við það ameríska setulið og þann samningsaðila, sem þar er um fjallað. Ég held, að þetta hljóti að gera erfiðara fyrir Íslendinga að eiga að fá fram sinn rétt í þessum efnum. Það væri áreiðanlega heppilegra, að þau mál, sem Íslendingar þurfa að eiga í við ameríska hernámsliðið, heyri undir venjuleg íslenzk yfirvöld, jafnvel þó að sá háttur væri á hafður, að sérstök umdæmi væru þarna sköpuð. Ég vonast til þess, að menn sjái, ef hernám eins og nú er yrði lengi, fyrst svona er farið að verða, að svona till. koma fram strax eftir fyrstu 2—3 árin, hvert muni þá stefna, það muni stefna að því að gera þessi umdæmi meira og meira frábrugðin öðrum íslenzkum lögsöguumdæmum, stefna að því að taka þau meira og meira út úr íslenzkri réttarhefð, og við vitum, til hvers slíkt hefur leitt hjá löndum, sem hafa haft erlendar herstöðvar þannig lengi. Það hefur leitt til þess, að viðkomandi herveldi hefur smám saman náð þessum stöðvum undir sig, undir sín beinu yfirráð. Við þurfum ekki nema hugsa til Gíbraltar eða annarra slíkra staða til þess að sjá, hvað það er, sem voldug herveldi vilja í slíkum efnum. Og við vitum ósköp vel, að Bandaríkin stefna að því sama hér heima á Íslandi. Fyrir okkur, sem höfðum með það að gera fyrir níu árum, þegar Bandaríkin fóru fram á að fá þrjár stöðvar hér á Íslandi undir sín algeru yfirráð sem herstöðvar, var það alveg ljóst, hvert þau stefndu. Þau vildu fá svæði hér á Íslandi, sem að öllu leyti heyrðu undir þeirra lögsögu, undir þeirra yfirráð, sem Íslendingar hefðu ekkert með að gera. Ég er ákaflega hræddur um, að lög eins og þessi væru fyrsta sporið í slíka átt, og er ég þó ekki með því að segja, að slíkt vaki fyrir hæstv. utanrrh. eða hæstv. ríkisstjórn eða hennar flokkum; ég er ekki að segja það, en ég vil aðeins benda á hættuna, sem í þessu felst. Ég held þess vegna, að þessi mál þurfi mjög ýtarlegrar athugunar við. Ég held, að það sé rangt að stefna að því að taka öll þau íslenzk mál, sem snerta viðskiptin við herinn, undan þeim íslenzku ráðherrum, sem þau eiga að heyra undir, og setja það allt saman í utanrrn. Enn þá fjær álít ég, svo framarlega sem meiningin væri að fara að koma upp eins konar sérstöku hermálaráðuneyti á Íslandi og að láta það fara að hafa með þessi mál að gera, því að það þýddi þá beinlínis að vera að vinna að því að skapa sérstakar langvarandi herstöðvar á Íslandi, sem yrði að gilda um bókstaflega önnur fyrirmæli — meira eða minna mild fyrirmæli — og önnur stjórn á heldur en annars á öðrum landssvæðum Íslands. Mér er t. d. spurn: Á lögreglustjórinn, sem settur er á Keflavíkurflugvelli, að hafa eftirlitið viðvíkjandi gjaldeyrismálum þar? Á hann að hafa eftirlitið um, hvernig fer með þann erlenda gjaldeyri, sem inn kemur t. d. fyrir sölu á flugvélabenzíni? Á hann að ráða því, hvernig slíkum gjaldeyri er beitt, hvernig hann er notaður? Getur hann ráðið því, hvort slíkur gjaldeyrir er afhentur íslenzka ríkinu eða hvort einstök félög fá að ráðstafa honum eftir vild? Eða á það að vera verkefni ríkisstj.? Og hvernig hagar til eins og stendur með þessa hluti? Mér er ekki grunlaust um, að það virðist gilda sérstök undanþáguákvæði um þessa hluti nú. Á það að vera svo áfram? Og á valdi hvers á að vera að ráða þessu?

Ég vildi þess vegna eindregið óska eftir því, að

það yrðu gefnar hérna nánari upplýsingar, fyrst og fremst varðandi þessa 1. gr., um þessi umdæmi, um hvernig þau eru ákveðin, um hver þeirra staðatakmörk eru og hvað viðtækt það svið á að vera, sem lögreglustjórinn þarna á að hafa með að gera. Ég vil enn fremur minna á það, að það er ákveðið í 10. gr. viðbótarsamningsins við Bandaríkin, að liði Bandaríkjanna sé rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum, og ég vil spyrja, hvort það hafi orðið eða komi til með að verða einhver breyting viðvíkjandi þeim ákvæðum í sambandi við setningu þessara laga, hvort vald Íslendinga verði meira og hvort það að einhverju leyti sé fyrirhugað að breyta þessu með því að setja sérstaka lögregluþjóna þarna, þannig að Ísland og Íslendingar fái meiri rétt til að fara með lögregluvald þarna heldur en þeir hafa haft. Það er kunnugt mál, að meira að segja á meðal þeirra embættismanna, sem undanfarið hafa farið með þessi mál, og ríkisstj. virðist ekki hafa verið með öllu ágreiningslaust um framkvæmd þessara mála. Að minnsta kosti virtist það dálítið koma fram í útvarpsumræðum, sem hér fóru fram í vetur. Ég held, að það væri nauðsynlegt, þegar nú mun vera tilgangur ríkisstj. að ráða bót á þessum málum með frv. eins og því, sem hér liggur fyrir, að þá sé reynt að ganga sem allra bezt frá þessum málum.

Ég vildi um leið, fyrst þetta mál er hér til umræðu og af því að ég var að átelja þá aðferð, sem höfð var við setningu þessara laga, þ. e. a. s. að gefa út brbl. nú í janúar í þinghléinu, leyfa mér að nota þetta tækifæri til að beina þeirri fyrirspurn og þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj. í sambandi við þá samninga, sem nú hefur verið tilkynnt að standi yfir á milli Íslands og Bandaríkjanna um endurskoðun á hernámssamningnum frá 1951, að Alþingi sé látið fylgjast með þessum samningum, og spyrja hæstv. ríkisstj., hvort það sé hennar hugmynd, að Alþingi sé látið fylgjast með þeim.

Ég vil vekja eftirtekt á því, að það er í fyrsta skipti nú, sem samningar fara fram milli Íslands og Bandaríkjanna um hernámsmálin þannig, að Alþingi situr á þeim tíma. Hingað til, þegar þeir samningar hafa verið gerðir, sem á undanförnum áratug hafa oft orðið tilefni mjög harðra deilna hér á landi, þá hefur Alþingi ekki verið á fundum og slíkt hefur oft verið notað sem átylla eða ástæða til þess að gera samningana án þess, að þingið fylgdist með þeim. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að það er mikill styrkleikur fyrir hverja ríkisstj., sem virkilega hyggst að reyna að koma einhverju fram í sambandi við endurskoðun á hernámssamningnum, að láta Alþingi fylgjast með þeim samningum. Það er styrkleikur fyrir hverja þá ríkisstj., sem vill virkilega reyna að fá fram verulegar umbætur á slíkum samningum. Það er að vísu mitt álit, að hefði það verið mjög ákveðinn vilji hæstv. ríkisstj. að fá fram breytingar á slíkum samningi, þá hefði eini möguleikinn fyrir hana til þess að knýja slíkt fram verið sá að segja samningnum upp, þannig að Bandaríkin hefðu orðið að sækja á og átt það á hættu allan tímann að fá ekki samning aftur, svo framarlega sem þau gengju ekki að þeim skilmálum, sem ríkisstj. setti. Það er hins vegar vitanlegt, að Alþingi sem heild er þannig skipað, að það mundi áreiðanlega, ef samningar kæmu til þess kasta, styrkja hvern þann aðila sem vildi halda fast á rétti Íslendinga í samningunum við Bandaríkin, og það yrði þess vegna meiri styrkur að láta slíka samninga, áður en þeir væru gerðir, koma til kasta Alþingis fyrir hverja þá, sem virkilega vilja fá heiðarlega og róttæka endurskoðun fram, heldur en að láta það eingöngu verða verk ríkisstj. sjálfrar. Það er engum efa bundið, að hæstv. ríkisstj., ef hún væri í vandræðum með slíka samninga við Bandaríkin, þyrfti varla annað að segja en að hún mundi skjóta slíkum ágreiningsatriðum undir Alþingi, og ég býst við, að Bandaríkjunum væri ekkert sérstaklega vel við slíkt.

Ég held þess vegna, að sá háttur, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft á, að setja brbl. um þetta mál núna í staðinn fyrir að láta það fyrst koma til kasta Alþingis, hafi verið rangt spor, og ef hæstv. ríkisstj. hugsar sér nú að framfylgja þeim samningum, sem hún nú er að gera, án þess að láta þá áður koma til kasta Alþingis og án þess að ráðgast við Alþingi áður en frá þeim væri gengið, eða yfirleitt meðan þeir stæðu yfir, það væri rangt af henni. Ég vil enn fremur minna á, að það eru bein lagafyrirmæli í þingsköpum Alþingis, að ríkisstj. er skyldug til þess að láta utanrmn. fylgjast með þeim málum, ef Alþingi situr, þannig að það eru bein lagafyrirmæli og bein lagabrot, ef ekki hafa þegar verið lagðir fyrir utanrmn. og ekki sízt hennar undirnefnd þeir samningar, sem nú er fjallað um. Og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh., hvort þeim lagafyrirmælum hefur þegar verið framfylgt, þannig að utanrmn. eða a. m. k. hennar undirnefnd hafi fengið tækifæri til að fylgjast með þessum samningum frá upphafi.

Það hefur alveg sérstaklega af hálfu Framsfl., sem nú fer með utanríkis- og hernámsmálin, verið sett fram sú krafa, bæði fyrir kosningar og eftir, að þeir útlendu verktakar, sem hér eru á Íslandi, Hamilton, séu látnir fara burt og ríkið taki að sér sjálft þann atvinnurekstur, sem þeir hafa haft með höndum. Ég vildi leyfa mér að spyrja, hvort nokkur vafi leiki á því, að staðið verði fast á þeim tillögum. Og ég vil leyfa mér að benda hæstv. utanrrh. og Framsfl. á, að svo framarlega sem einhver efi léki á um, hvernig Bandaríkin tækju í slíkar kröfur, þá mundi það áreiðanlega vera sterkur leikur í slíkum samningum að fá upp skoðun meiri hluta Alþingis á slíkum málum. Ég efast ekki um, að a. m. k. í öllum þeim málum, þar sem Framsfl. eða ráðherrar hans væru þarna sérstaklega að reyna að framfylgja því, sem róttækast var í þeirra yfirlýsingum, þar mundu þeir eiga allmikla stoð vísa á þinginu, ef það kæmi til þingsins kasta.

Ég minnist aðeins á þetta vegna þess, að það er stundum um svona mál, að máske hitt og þetta er útkljáð í stjórnarherbúðum, án þess að látið sé koma til kasta þingsins. Og ég vil benda á það, að a. m. k. meðan þing situr er það engin afsökun að gera lélega samninga, ef möguleiki hefur verið á því að fá meiri hluta Alþingis til að standa að róttækum kröfum í samningum. Ég held þess vegna, að það væri ákaflega æskilegt,

að Alþingi væri látið fylgjast með því, hvernig slíkir samningar ganga.

Sama gildir um kröfuna um einangrun hersins á Íslandi. Ég álít, að það eina, sem viðhlítandi er í slíkum efnum, sé sjálf brottför hans. Það hefur hér, bæði á síðasta þingi og nú, verið rætt nokkuð um einangrun hersins og af hálfu ýmissa málsmetandi manna verið komið fram með mjög skynsamlegar till. til að firra Faxaflóabúa þeim hættum, sem stöfuðu af amerískum her, á meðan hann á annað borð væri hér á Íslandi, t. d. að láta hann hafa aðsetur annaðhvort á Vatnajökli eða Sprengisandi. Því held ég, að það væri alveg rétt að athuga það fyrir hæstv. ríkisstj., áður en nokkrir samningar eru kláraðir, að ræða við Alþingi mjög alvarlega um þessi mál. Það væri mjög óviðkunnanlegt, ef reynslan af svona samningum yrði sú, að minni hluti Alþingis kúskaði meiri hluta Alþingis, vegna þess að ríkisstj. fjallaði ein um málin og léti Alþingi aldrei fá neitt tækifæri til að segja sitt álit um þau.

Ég vildi svo leyfa mér í sambandi við ákvæðin í 1. gr. þessa frv., þar sem talað er um samningssvæðin, að spyrja að því, hvort það sé hugsanlegt, að haldið yrði áfram á þessari braut, sem hér er lagt til, viðvíkjandi öðrum þeim svæðum, sem amerískur her hefur setzt að á á Íslandi. Ég meina, ef látið er undan á Keflavíkurflugvelli og farið að aðgreina það að nokkru leyti út frá íslenzku ríkisheildinni með þessum hætti, eins og mér virðist því miður stefnt að hér, er þá ekki hugsanlegt, að það verði farið að fara sömu leið t. d. viðvíkjandi Hvalfirði? Enn þá er ekki farið að tilkynna nein samningssvæði í Hvalfirði, en amerískir hermenn standa í Hvalfirði við íslenzka olíugeyma. Íslenzkt olíufélag er undir sérstakri amerískri hervernd þar, og íslenzkir sjómenn, sem koma þarna á land eða ætla að lenda þarna við bryggjur, verða fyrir óþægindum frá amerískum hermönnum. Það er ekkert tilkynnt samningssvæði í Hvalfirði. Hver amerískur hermaður, sem eitthvað gerir þar af sér, eða amerískur lögreglumaður er beinn árásarmaður; hann hefur engan lagalegan rétt til þess að skipta sér af neinu þarna sem bandarískur lögreglumaður. Þetta kann að vera fáfræði hjá mér, það hafi verið tilkynnt samningssvæði í Hvalfirði, en ég hef aldrei séð það. Og eins og ég benti á áður, er það stór galli í þeim vitlausa hernámssamningi, að það skuli ekki einu sinni tekið fram, hvar slík samningssvæði séu eða hvernig eigi að tilkynna þau.

Ég vil enn fremur spyrja: Ef það á að fara að setja sérstakan lögreglustjóra yfir Keflavíkurflugvöll, sem heyri undir sérstakt ráðuneyti, er þá ekki hugsanlegt, að það fari sömu leið með part af Hvalfirði?

Það er verið að koma upp radarstöðvum á nokkrum stöðum úti um land. Það er verið að koma upp radarstöð á Hornafirði undir miklum mótmælum allra íbúanna þar. Er það máske meiningin innan skamms tíma, að ákveðin svæði kringum þá radarstöð eigi að verða sérstakt samningssvæði? Á þá máske að fara að setja líka sérstakan aðila, lögreglustjóra eða eitthvað annað slíkt, yfir þau samningssvæði? Hvert leiðir þetta spor, sem hér er farið? Það er verið að byggja radarstöðvar víðar á landinu en á Hornafirði, og það er máske verið að undirbúa fleiri framkvæmdir hér á Íslandi en þær, sem þegar hafa verið gerðar. Hver er meiningin viðvíkjandi stjórn á þessum samningssvæðum? Á svo smám saman að fara að taka þau út úr þessari venjulegu íslenzku stjórnskipulegu heild og setja þau undir alveg sérstakt ráðuneyti, undir sérstaka stjórn, sem mundi þróast upp í smám saman að vera eins konar hermálaráðuneyti með sérstökum herstöðvum, þar sem aðrar reglur á ýmsan hátt gilda en annars staðar á Íslandi?

Ég vil benda á, að öll lög, sem sett eru, heimila útgáfu reglugerðar. Venjulega höfum við getað treyst því, að þegar reglugerðir væru gefnar út samkv. ákveðnum lögum, þá væru þær jafnt gildandi alls staðar á landinu. Ef samþ. eru lög og þau lög heimila tvenns konar ráðuneytum að gefa út reglugerðir samkv. þeim, þá er ekki lengur öruggt, að meira að segja slíkar reglugerðir séu samhljóða. Það er því stefnt að því að fara að skapa mismunandi rétt og mismunandi reglur eftir því, hvar er á landinu.

Ég álít sem sé, að hér sé farið inn á ákaflega varhugaverða braut um lagasetningu og skipun lögsögu á Íslandi. Það má kannske segja, að það hafi ekki verið úr háum söðli að detta, eftir að búið var að samþykkja lög um, að útlendir menn skuli fara með lögregluvald á ákveðnum svæðum á Íslandi. Þetta mundi auðvitað vera framför, ef það væri við það átt, að lögregluvald væri tekið af lögreglu Bandaríkjanna á samningssvæðunum. En ég er því miður hræddur um, að svo sé ekki, vegna þess að það mundi vera að breyta þeim samningi, sem gerður hefur verið.

Ég vildi þess vegna leyfa mér að æskja þess, að hæstv. utanrrh. skýri nokkru betur fyrir okkur þm. tilgang hæstv. ríkisstj. með þessari lagasetningu og hvernig hann eða ríkisstj. hugsar sér hennar framkvæmd. Ég efast ekki um, að það muni vaka fyrir hæstv. ráðh. að reyna að finna einhverja leið út úr þeim ógöngum, sem eru suður á Keflavíkurflugvelli og að mínu áliti hljóta alltaf að vera, á meðan hernámsliðið dvelur þar. Ég ætla ekki að bera neinar brigður á góða viðleitni í þeim efnum og góðan vilja. En það er ekkert smáræðis vandamál, sem við er að fást, eftir að einu sinni er búið að hleypa þar inn innrásarher og láta hann setjast þar að. Það þarf þess vegna sterk tök, þegar á að fara að breyta þarna að einhverju leyti til. Þess vegna held ég, að það væri heppilegt, að um þetta mál yrðu nokkru ýtarlegri umr. hér, ekki sízt ef hæstv. utanrrh. að einhverju leyti sæi sér fært að gefa þinginu nokkrar upplýsingar um þá samninga, sem nú standa yfir, og þær horfur, sem í þeim eru; það, sem utanrmn. þingsins þegar samkv. lögum á að vera búin að fá að vita í þeim efnum, ætti að vera heimilt þingheimi að fá vitneskju um líka.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Ég vil reyna með fáum orðum að svara langri ræðu.

Það er fundið að því, að sett skuli hafa verið brbl. um þetta efni. Ég skal viðurkenna, að ég átti von á því og bjóst við, að það mundi verða

gert, því að það er heldur óvenjulegt, að sett séu brbl., meðan Alþ. er í frii. En þó eru dæmi til þess. Það hefur verið gert, — ég hef af handahófi tekið hér tvö dæmi, — það var 1935, að tvisvar sinnum voru sett brbl., meðan Alþ. var í frii. Málið var þannig vaxið, að við töldum það svo aðkallandi að setja lögreglustjóra á völlinn, að það mætti ekki dragast, því þó að komið væri með frv. til Alþingis, eftir að það kom saman aftur, þá mundi það taka nokkurn tíma, þangað til það hefði verið samþykkt. Hinu mætti finna að, að við skyldum ekki koma því í verk að koma slíku frv. í gegn, áður en Alþ. fór í frí. En um það er bezt að segja, að störfin voru þá svo mörg og mörg þessi verkefni voru enn á reiki, að því var ekki komið í verk. Ég ætla ekki að fjölyrða um það meira.

Það var einnig annað atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. setti út á, en það er orðalagið á 1. gr., þar sem stendur:

„Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins."

Svo er mál með vexti, að ríkið hefur lagt til land undir þau svæði, sem Bandaríkjamenn dvelja á, og er þar fyrst að nefna allt það svæði, sem er undir Keflavíkurflugvelli sjálfum, og það svæði, sem alls konar önnur starfsemi er á, sem tilheyrir varnarliðinu. Auk þess er svæði, sem radarstöð hefur verið reist á nálægt Sandgerði fyrir utan flugvallarsvæðið. Enn fremur hygg ég, að komið geti til mála svæði það, sem loftskeytastöð hefur verið reist á, en því miður er ég ekki nógu kunnugur því. Stöðin mun þó ekki vera talin á samningssvæðinu enn. Umdæmið nú er því svæði flugvallarins og svæðið í kringum radarstöðina hjá Sandgerði.

Þessi brbl. eða þessi lagasetning er bein afleiðing af forsetaúrskurði þeim, sem var auglýstur í haust um starfaskipti milli ráðherra ríkisstjórnarinnar. Með þeim úrskurði voru utanrrn. yfirleitt falin öll þau mál, sem snertu varnarliðið. Samkv. skilningi hæstv. dómsmrh. heyra einnig öll dómsmál, sem snerta Keflavíkurflugvöll, varnarliðið og menn, sem starfa þar, undir utanrrn., þ. e. a. s., að utanrrh. er einnig dómsmrh. í þeim málum, sem snerta Keflavíkurflugvöll og önnur samningssvæði, svo að því leyti eru lögin ekki að koma með neina nýjung.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það, að hér væri verið að fara inn á nýjar brautir, það væri verið að taka hér svæði út úr og setja þau undir sérstaka tegund af löggæzlu. En ég get ekki fundið, að það sé rétt hjá honum. Við vitum, að það hafa iðulega verið tekin svæði út úr öðrum löggæzlusvæðum, t. d. Keflavík sjálf var með lögum tekin út úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, og það var settur sérstakur lögreglustjóri þar á sínum tíma. Það eru mýmörg dæmi hér á landi, svo að það er ekki neitt sérstakt við þetta og engin undirmál við það, þó að lög séu sett um sérstakan lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Ástæðan er blátt áfram sú, að á Keflavíkurflugvelli er saman komið margt fólk, bæði herlið, erlendir starfsmenn og fjöldi af íslenzkum mönnum, sem eru búsettir og vinnandi þarna á vellinum, og þar sem margt fólk er saman komið, má búast við, að ýmsir árekstrar verði og þar sé meiri löggæzlu þörf en á fámennum svæðum. Þetta eru einfaldlega ástæðurnar fyrir því, að lögreglustjóri hefur verið settur á Keflavíkurflugvelli. Á hinn bóginn hefur bæjarfógetinn í Hafnarfirði bent mér á það sjálfur, að það væri erfitt fyrir embætti hans að anna því að sjá um störfin á Keflavíkurflugvelli, bæði löggæzlu og framkvæmd dómsmála. Tilgangurinn með því að setja lögreglustjóra þarna var sá að reyna að fá harðari löggæzlu og tollgæzlu. — Það eru ýmis fleiri mál, eins og verkaskiptingarúrskurðurinn tekur fram, og yfirleitt öll mál, sem snerta flugvöllinn, sem heyra undir utanrrn. — Ég held, að ég hafi þá upplýst hv. 2. þm. Reykv. um það, sem hann spurði um þessi atriði. Hann skaut hér fram, hvort lögreglustjórinn mundi hafa eftirlit með gjaldeyri á vellinum. Ég geri ráð fyrir því, að svo sé, og ef hann kemst að brotum á gjaldeyrislögunum, þá sé hans hlutverk að hindra þau og gæta þess, að gjaldeyrislögunum sé hlýtt eins og hverjum öðrum landslögum. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. spurði um olíusölu á vellinum, þá geri ég ráð fyrir, að það eftirlit heyri undir gjaldeyriseftirlit bankanna.

Ég sé nú ekki, að það sé fleira, sem ég þurfi að svara í sambandi við þetta. En hv. 2. þm. Reykv. blandaði hér inn í eða spurðist fyrir um samningana við Bandaríkjamenn. Ég verð að segja, að ég er ekki viðbúinn að gefa neinar verulegar upplýsingar um það atriði núna. Slíkt yrði þá að koma í fyrirspurnarformi. Ég bjóst ekki við, að því yrði blandað inn í þetta mál. En hann spurði, hvort undirnefnd utanrmn. hefði verið látin fylgjast með samningunum, og ég verð að svara því játandi. Hún hefur verið kölluð saman á fund og verið látin vita um, hverjar kröfur við gerum á hendur Bandaríkjamönnum. Annars álít ég, að hér hafi ekki verið farið fram með neinni leynd, því að í þeim ræðum, sem ég flutti hér á þingi í desember, var minnzt á öll aðalatriðin úr okkar kröfum, sem síðar voru svo borin fram í nótu til Bandaríkjanna. Það er því engin leynd yfir þessum málum. En hitt hlýtur hv. 2. þm. Reykv. að skilja, að meðan er verið að semja um viðkvæm atriði, þá er ekki gott að vera að flíka þeim út um borg og bý og láta þau koma í blöðunum. Því miður verð ég að segja, ef hans flokksblað fengi eitthvað af slíkum upplýsingum, þá mundi það ekki túlka þær svo vinsamlega, að heppilegt væri. Ég vil benda honum á, að hans blað hefur fengið tilkynningar frá ráðuneytinu eins og önnur blöð, og venjulega, því miður, er snúið út úr þeim og þær faldar inni í umbúðum, sem ritstjórinn skrifar sjálfur um þær, eins og t. d. núna nýlega, þá er tilkynnt var um það, að Bandaríkjamenn af einhverjum ástæðum hefðu hætt við flutninga eða skipti á hermönnum í flugvélum, en í stað þess látið skip koma hingað fyrst um sinn, sennilega einungis yfir vetrarmánuðina, þá var þessi frétt öll úr lagi færð í blaðinu. Hann þarf því ekki að undra það, þó að við séum ekkert ginnkeyptir fyrir því yfirleitt að hlaupa með viðkvæm mál í blöðin og þau komi í blaði hans með mjög óvingjarnlegum túlkunum og rangfærslum. Ég get lofað

Alþ. því hér, að þegar samningarnir eru komnir það á leið, að við getum um það sagt endanlega, hvað úr þeim verður, þá mun ekkert verða dulið fyrir Alþ. og engin leynd höfð á um þá. Ég get aðeins gefið þær upplýsingar, að að mínu áliti ganga samningarnir að sumu leyti betur en ég hefði þorað að vona. Ég hef ef til vill verið örlítið svartsýnn, þegar á þeim var byrjað. Að minnsta kosti held ég, að óhætt sé að fullyrða, að samningarnir ganga betur en samningarnir í Berlín núna. En sem sagt, það er mjög langt í land, að þeim sé lokið. Atriðin eru mörg, sem um þarf að ræða, en um sum atriðin álít ég að hægt sé að fullyrða, að við fáum okkar vilja framgengt. Um þær ráðleggingar, að segja samningnum upp og byrja nýja, er það að segja, að það er allt annað mál og allt annar hugsanagangur, sem liggur þar á bak við.

Ég vona, að hv. þm. hafi þá fengið þær upplýsingar, sem hann óskaði eftir eða ég get látið honum í té um þessi atriði.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég tel, að það sé dálítið sérkennilegt, að hæstv. ríkisstj., sem gerði um það snemma á s. l. hausti samning með sér, að ný skipun ætti að taka við að því er snerti öll mál Keflavíkurflugvallar, skyldi ekki koma því í verk að móta það áform sitt með lagasetningu á þeim haustmánuðum, sem Alþingi starfaði. Ég lít því svo á, að hæstv. stjórn hafi þótt viðkunnanlegra að fara með þetta mál svona hálfgildings í felur, þegar Alþingi sæti ekki að störfum, og svo er aðeins leitað til þingsins að staðfesta þau brbl., þegar það kemur saman aftur. Vita allir, að þingmenn eru miklu bundnari um afstöðu sína, þegar mál ber þannig að. Það er í raun og veru ekki hægt annað en að staðfesta slík brbl., nema því aðeins að menn séu ráðnir í því að fella þá stjórn, sem setti þau.

Ég vil þá næst láta það álit mitt í ljós, að ég tel nú, að orðalag 1. gr. sé að sumu leyti nokkuð óvenjulegt. Í fyrsta lagi er ekki annað að sjá en hæstv. ríkisstj. sé að setja þarna lög, sem séu ótímabundin og ekki miðuð við það óvenjulega ástand, sem nú ríkir á Keflavíkurflugvelli, og reikni með, að þetta skuli vera lagasetning, sem gildi til frambúðar, jafnvel þó að breyting kynni — sem vonandi er — að verða á því, að Keflavíkurflugvöllur væri herstöð. Ég hefði viljað vænta þess, að í 1. gr. sæjust einhver merki þess af orðalaginu, að á Keflavíkurflugvelli skyldi vera lögreglustjóri, meðan Keflavíkurflugvöllur væri erlend herstöð. En það er engin slík tímatakmörkun í greininni, og virðist þarna vera verið að setja lög, sem eigi að gilda áfram, þó að þetta óvenjulega ástand hætti að vera ríkjandi. Þá fæ ég ekki betur séð en að 1. gr. gefi tilefni til að álykta, að á Reykjanesi séu samningssvæði, sem sum séu eign íslenzka ríkisins, en önnur séu ekki eign íslenzka ríkisins, því að 1. málsgr. endar á takmarkandi tilvísunarsetningu, sem gefur þetta í skyn. Í 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.“ Virðist það benda til þess, að þetta umdæmi eigi ekki að ná til þeirra samningssvæða á Reykjanesskaga, sem ekki séu eign ríkisins. Eru slík samningssvæði til? Eru þau ekki öll eign ríkisins? Eða er þetta bara hortittur, sem þarna hefur slæðzt aftan í og alls ekki hefur neitt erindi í lagagreinina?

Ég tek og undir það, sem hér kom fram áðan í umræðunum, að það er dálítið sérkennilegt að búa til lögreglustjóraembætti yfir hluta úr ýmsum sveitarfélögum á Íslandi, án þess að sveitarfélagamörkunum sé þá breytt og gerð nýskipun á því máli að öllu leyti. Hreppsstjórar í hverjum hreppnum um sig fara, að því er ég bezt veit, að íslenzkum lögum með nokkurt brot af lögreglustjóravaldi í sínu hreppsfélagi, innan allra þess takmarka, en hér er sá óvenjulegi háttur á, að lögreglustjóri er settur yfir hluta úr mörgum sveitarfélögum, og eins og einnig hefur komið hér fram í umræðunum, er það líklegast alveg nýtt í íslenzkri löggjöf, að dómsmál heyri undir utanrrh., að samgöngumál heyri undir utanrrh., að póst- og símamál heyri undir utanrrh. og þar fram eftir götunum, en ekki undir þau viðkomandi íslenzk ráðuneyti, sem slík mál í öllum öðrum sveitarfélögum landsins heyra undir.

Þá er það eitt atriði, sem gerði að verkum, að ég taldi rétt að taka hér til máls, og það voru orð í framsöguræðu hæstv. utanrrh., sem voru á þá leið, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði talið þessi störf ofviða embættinu og hefði óskað eftir þessum breytingum á embætti hans. Mér kom þetta dálítið undarlega fyrir, að þessi lagasetning væri bókstaflega sett að ósk sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, af því að hann hafi talið þessi störf ofviða embættinu, eins og hæstv. ráðh. sagði. Mér er kunnugt um það, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu mun hafa tjáð utanrrh., að þau störf, sem hefðu hlaðizt á fulltrúann á Keflavíkurflugvelli, væru það umfangsmikil, að þar þyrfti aukna starfskrafta, en hann mun vissulega hafa látið þá skoðun jafnframt í ljós, að það væri ráðherrann sjálfur, sem réði fram úr því vitanlega, með hvaða hætti þarna væri séð fyrir nægilegum starfskröftum til þess að inna þau aðkallandi verk af hendi, sem þar kölluðu að. En ég hef bókstaflega umboð til þess að mótmæla því, að þessi lagasetning sé framkölluð að ósk sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu eða hann hafi nein afskipti haft af því, hvernig þessi mál yrðu leyst og séð fyrir nægum starfskröftum til þess að inna þau af hendi.

Í seinni ræðu hæstv. ráðh. kom það og fram sem svar við fsp. frá hv. 2. þm. Reykv., að undirnefnd utanrmn. hefði verið látin fylgjast með þessum málum. Ég vil nú segja, að svo mikið sem ég veit um þau mál, þá verður þetta nú að teljast ofmælt. Mér er ekki kunnugt um, að utanrmn. eða undirnefnd utanrmn. hafi fengið neitt að vita um, þegar hæstv. utanrrh. sendi sína fyrstu nótu til Bandaríkjanna, hvorki fengið að vita um, að hún hefði verið send, né um efni hennar, innihald eða orðalag. Mér er nær að halda, að það hafi verið margar vikur — mjög margar vikur — eftir að nótan var send, þangað til utanrmn. fékk um þetta að vita. Það mun og hafa komið svar við þessari nótu. Mér er ekki heldur kunnugt um, að þá hafi utanrmn. fengið

neitt um það að vita né undirnefnd, hvernig það svar hafi verið. Og þeirri nótu mun hafa verið svarað á ný án samráðs við utanrmn. Þetta kalla ég ekki að gefa utanrmn. kost á að fylgjast með málinu. Það er fyrst eftir að fulltrúi Alþfl. í undirnefnd utanrmn. hefur skrifað nokkur ákveðin og harðorð bréf, bæði til formanns undirnefndar utanrmn. og hæstv. utanrrh., að kallaður er saman einn einasti fundur í undirnefndinni, og þá eru gögnin lögð að vísu fram, en síðan hefur ekkert verið gert í þeim málum að gefa utanrmn. eða undirnefnd hennar kost á að fylgjast með málunum eða vita neitt, hvað gengi eða ræki í samningunum, þar til hæstv. ráðh. segir nú hér í þingsalnum, að samningarnir gangi að sumu leyti betur en hann hafi þorað að gera sér vonir um og sé að vísu langt frá því að vera lokið, en það sé nú einhver annar gangur á þeim heldur en á samningagerðinni í Berlín, hvar ekkert hefur gengið.

Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi í þessum tveimur atriðum ofmælt nokkuð, og vænti þess, að hann geri þá nánari grein fyrir því, ef hann telur, að ég fari með rangt mál um þessi tvö meginatriði.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 16. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hafði svarað að nokkru leyti ýmsum athugasemdum, sem ég hafði gert við þetta frv., og enn fremur komið nokkuð inn á þá samninga, sem nú standa yfir.

Það er þá í fyrsta lagi viðvíkjandi fyrirmælum frv. í 1. gr., 2. málsl., um umdæmi Keflavíkurflugvallar og við hvað það miðast.

Ég gerði fyrirspurn um samningssvæðin, hvað þau væru mörg og hvernig þessi takmörkun á þeim væri, sem miðaðist við eign ríkisins. Hæstv. ráðh. svaraði, að þessi svæði mundu vera Keflavíkurflugvöllur og radarstöðin í Sandgerði, — og ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki verið alveg viss í því sjálfur, hvort loftskeytastöðin hjá Grindavík væri þarna með í.

Nú vil ég strax segja það, að ef það er ekki einu sinni ákveðið enn þá, þannig að hæstv. ríkisstj. sé viss í því, þegar hún gefur út þessi brbl., hver þessi samningssvæði eru, hvernig er þá orðið viðhorfið fyrir almenning og fyrir þá embættismenn, sem þetta eiga að framkvæma? Hingað til hefur það verið svo, að þegar sérstök umdæmi hafa verið sköpuð, þar sem sérstakur lögreglustjóri, dómari og önnur yfirvöld eru, hvort þau eru í einni persónu sameinuð eða fleiri, þá hefur verið reynt að hafa þetta sem mest samhangandi svæði, þótt að vísu séu til í því undantekningar. Nú t. d. held ég, að radarstöðin við Sandgerði nái ekki saman við það svæði, sem tilheyrir Keflavíkurflugvelli. Þarna liggur vegurinn til Sandgerðis á milli, ef ég þekki rétt. M. ö. o.: Það eru strax sköpuð þarna tvö umdæmi, sem eiga að heyra undir þennan lögreglustjóra, og þarna á milli liggur svo annað umdæmi, sem heyrir undir annan lögreglustjóra og eins og lögin nú bera með sér líka undir annan ráðherra. Enn fremur er sem sé ekki alveg víst enn þá, hvort loftskeytastöðin við Grindavík eigi að heyra þarna undir.

Ég verð að segja, að það var strax slæmt í upphafi, þegar var verið að setja þessi lög, sem ákváðu lagagildi hernámssamningsins. Þá ræddi ég um þetta hér í þinginu, hver samningssvæðin væru, hvernig ætti að auðkenna þau, hvernig ætti að auglýsa um þau, og það hefur aldrei verið gert neitt af slíku. Þessi samningssvæði eru ótilkynnt enn þá. Og nú, þegar talað er um samningssvæði í ákveðnum lögum á ákveðnu svæði, þá er meira að segja ekki hæstv. ríkisstj. sjálfri ljóst enn sem komið er, hver þessi samningssvæði eru.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að þessi 1. gr. laganna og lögin sjálf væru sett til þess að framkvæma forsetaúrskurðinn og þau væru í samræmi við hann.

Ég verð að segja það, að ég hef alltaf litið á þennan forsetaúrskurð, frá því er ég sá hann fyrst, sem hreint vandræðafálm, og þessa verkaskiptingu alla illframkvæmanlega, ef ekki óframkvæmanlega, án þess að vandræði hlytust af. Og ég held, að það komi til með að sýna sig.

Hingað til hefur það verið svo, þegar ákveðið hefur verið um lögreglustjóra á Íslandi, að þeir hafa þá verið í fyrsta lagi í kaupstöðunum á Íslandi. Í öðru lagi hefur verið ákveðið, að þeir væru í verzlunarþorpunum, í verzlunarstöðunum, þ. e. löggiltum verzlunarstöðum. Enn fremur er í öllum þeim lögreglusamþykktum og lögum um lögreglusamþykktir, sem til eru, byrjað með því að ákveða, að viðkomandi lögreglustjóri skuli hafa hreppsstjórastörf, svo framarlega sem ekki er um að ræða sérstakt bæjarfélag, sem lögreglustjóri starfar í. Keflavíkurflugvöllur og það svæði, sem hann er á, hefur hingað til heyrt undir þrjá hreppsstjóra að því er ég bezt veit, og náttúrlega er það út af fyrir sig ákaflega kjánalegt fyrirkomulag. En hins vegar er hér ekki einu sinni ákveðinn til að byrja með nokkur skapaður hlutur viðvíkjandi slíku, viðvíkjandi þeirri verkaskiptingu, sem þarna er. M. ö. o.: Sjálf aðferðin við ákvæðin um skipun lögreglustjórans og starfssvið hans brýtur í bága við alla þá venju, sem verið hefur hingað til um slíka embættismenn hjá íslenzka ríkinu. Ég held, að það sé alveg einstakt að taka hluta úr þrem hreppum og setja þar yfir sérstakan lögreglustjóra.

Þá — og það er nú miklu alvarlegra mál — ræddi hæstv. utanrrh. um og staðfesti það, sem ég þar um sagði, að það mundi vera meiningin með 2. gr., að þessi lögreglustjóri hefði á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum og eftir því sem við getur átt önnur störf. En svo fórum við að telja upp í sameiningu. Við ræddum um dómsmálin. Ég spurði um eftirlit með gjaldeyrinum. Við ræddum um síma- og gjaldeyrismálin. Og hæstv. ráðh. sagði yfirleitt öll mál, vegna þess að þarna virtust svo að segja öll mál heyra undir einhver afskipti við varnarliðið og öll þessi mál ættu að heyra undir þetta sérstaka ráðuneyti. Hæstv. ráðh. orðaði það sjálfur svo, að m. ö. o. væri hann sem utanrrh.

sem sé dómsmrh. á Keflavíkurflugvelli eða á þessum samningssvæðum, — nú, og mér virðist hann þá vera fjmrh. á Keflavíkurflugvelli og þessum samningssvæðum, þar sem lögreglustjórinn þar, sem á að sjá um innheimtu og allt mögulegt annað slíkt, heyrir undir hann sem fjmrh. á Keflavíkurflugvelli, — og hann verður líklega póst- og símamálaráðh. á Keflavíkurflugvelli eða jafnvel heilbrmrh., — Ég veit ekki hvað mikið yfirleitt. Ef eitthvað kemur fyrir í heilbrigðismálum, eins og stundum hefur borið við hjá þeim þar á Keflavíkurflugvelli, þá mundi það líklega heyra undir hann sem viðskipti við varnarliðið, og ég býst þess vegna við, að hann mundi þá vera heilbrigðismálaráðherra á Keflavíkurflugvelli líka. En hvað þýðir þetta? Það þýðir með öðrum orðum, að dómsmál á Keflavíkurflugvelli, fjármál á Keflavíkurflugvelli, svo og svo mörg mál eru tekin út úr hinni venjulegu ríkisheild og sett undir sérstakt ráðuneyti, þannig að hér eftir verður einn dómsmrh. fyrir Ísland, annar dómsmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll, einn heilbrmrh. fyrir Ísland, annar heilbrmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll. Og þessi dómsmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll, heilbrmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll, fjmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll á að vera utanrrh. Ísands. Með öðrum orðum: Öll stefnan í þessari lagasetningu er sú að setja þennan part af Íslandi út úr ríkinu, gera það skyldast utanríkismálum að hafa með þennan hlut að gera. Það hlýtur hver aðili að sjá, hvert stefnt er með þessu. Það er stefnt með þessu að því, þó að það sé náttúrlega ekki nema byrjunarsporið, að lima þessi svæði út úr íslenzkri ríkisheild. Og nú vil ég segja það við hæstv. utanrrh., þó að hann treysti sér sjálfur til þess að standa í þessu og þó að margir treysti honum til þess, þá býst ég við, að hvorki hann né aðrir gangi út frá því, að hann verði til eilífðar utanrrh. á Íslandi, og það geta komið lakari menn en hann í þetta embætti, sem hafa þá aðstöðu til þess að framkvæma þetta með miklu verri hætti en hann hefur hugsað sér. Við verðum þess vegna að ræða þá stefnu, sem hér er tekin, án tillits til þess, hvernig kann að hátta í stjórnmálum Íslands í augnablikinu núna. Við verðum að ræða þessa stefnu jafnt út frá því sjónarmiði, að t. d. Sjálfstfl. hafi hreinan meiri hl. hér á Alþ. og þessi stefna þyki hentug upp á framkvæmd á íslenzkri löggjöf undir slíkum kringumstæðum.

Með öðrum orðum: Ég álít stórhættulega stefnu, sem þarna hefur verið tekin upp, að fara að lima ákveðin svæði á Íslandi undan venjulegum íslenzkum ráðuneytum og setja þessi sérstöku svæði á Íslandi undir sérstakan ráðh., sem þar að auki skuli vera utanrrh. Ég veit, hvernig á þessu stendur. Það stendur þannig á þessu, að óánægjan með framkvæmd ríkisstj. á öllum þeim málum, sem snerta Keflavíkurflugvöll og yfirleitt hernámsmálin, var orðin svo mikil, að stjórnarflokkarnir sáu sér ekki annað fært en að reyna að gera þarna einhverjar breytingar á. En stjórnarflokkarnir hafa bara tekið alveg skakka stefnu við þessar breytingar. Þeir hafa haldið, að það væri nóg að breyta um rn. í þessum málum, þegar það, sem þurfti að gera, var að breyta um pólitík í þessu máli, breyta um stefnu. Þess vegna verður sú tilraun, sem gerð er með þessari lagasetningu, að mínu áliti, að setja breytingu á rn. og svona skiptingu í staðinn fyrir breyt. á pólitík, — hún verður bara til bölvunar. Hún verður spor í þá áttina að lima þessi svæði út úr Íslandi, út úr þeirri almennu íslenzku ríkisheild.

Þá minntist hæstv. utanrrh. nokkuð á þá samninga, sem nú standa yfir, og mér þótti vænt um, að hann tók vel þeim tilmælum, sem fram komu um að láta Alþ. fylgjast með þessum málum, enda býst ég við, að það verði svo bezt nokkur árangur í þeim, að það verði gert. Hæstv. utanrrh. sagði, að sér virtist þetta nú ganga eiginlega betur en hann hefði búizt við. Mér skildist nú eiginlega á honum, að hann hefði ekki búizt við neinu góðu. Það kemur kannske sumpart af því, að það er náttúrlega ekki við góðu að búast, eins og praksisinn hefur verið í þessum málum undanfarið. Og af því að hæstv. ráðh. minntist nú á samninga í Berlín í því sambandi, þá vil ég minna hann á, að við Íslendingar stöndum dálítið öðruvísi að vígi, þegar við erum að semja, heldur en þeir aðilar, sem eigast við í Berlín. Við Íslendingar höfum þarna öll völd og ráðum þarna öllu, og þarna er ekkert hægt að gera nema með okkar samþykki. Við getum tilkynnt Bandaríkjamönnum hvaða dag sem er: Nú segjum við þessum samningi upp, góðir hálsar. — Og ef það er álit ríkisstjórnarinnar, að hún vilji heldur fá eitthvað fram nú, þá getur hún bætt við: ef þið ekki gangið inn á þetta.

Bandaríkjamenn vita það ósköp vel, að þeir eru hér eingöngu vegna sinna eigin hagsmuna, og þeim er sjálfum alveg ljóst, hvað sem þeir segja, að þeir eiga allt undir Íslendinga að sækja, þannig að Íslendingar og þá einmitt hæstv. utanrrh. hefur aðstöðu til að diktera Bandaríkjamönnum hvað sem vera skal í sambandi við Keflavíkurflugvöll, enda veit ég það, að hvaða krafa sem til þeirra er gerð, — ég tala nú ekki um þessar smáu kröfur, sem Framsfl. hefur lýst yfir að hann muni gera, — hver einasta af þessum kröfum er þannig, að Bandaríkjamenn mundu gleypa við henni sama daginn, ef þeim væri tilkynnt, að svo framarlega sem þeir ekki gerðu það, yrði samningnum sagt upp daginn eftir. Það er þess vegna enginn vandi að semja, þegar menn standa í svona samningsaðstöðu.

Viðvíkjandi hins vegar bæði þessu frv. og þeim samningum, sem fram fara, þá vil ég vekja athygli á þeirri hættu, og ef til vill kemur það til umr. líka í þessum samningum og liggur að nokkru leyti hætta á slíku í þessu frv., að þetta verði teygt út yfir fleiri samningssvæði. Við vitum, að Bandaríkjamenn eru að koma sér upp herstöð, radarstöð, hjá Horni í Hornafirði, á Langanesi, á Vestfjörðum í Aðalvík, og það er viðbúið, ef gengið er inn á þetta frv., sem hér liggur fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að þess verði líka krafizt, að utanrrh. verði dómsmrh. fyrir ákveðið svæði hjá Höfn í Hornafirði og ákveðið svæði á Langanesi og annað slíkt, og smám saman verði öll þessi samningssvæði eins og sérstakar herstöðvar settar út úr þeirri almennu íslenzku ríkisheild og settar undir sérstakan ráðherra, sem sé dómsmála-, utanríkisráðherra og annað slíkt. Og ég vildi aðeins setja

fram þá fyrirspurn í sambandi við þetta frv.: Álítur hæstv. ráðh. ekki, að slík þróun sé vel hugsanleg? Eða er það sem stendur hugmyndin hjá ríkisstj., að það komi aldrei til mála, að þessi breyting, sem þarna er gerð, verði teygð út yfir önnur svæði, við skulum segja t. d. Hvalfjörð? Ég vil um leið bera fram þá fyrirspurn, af því að ég fékk henni ekki svarað seinast, hvort Hvalfjörðurinn teljist — eða partur af honum — á þeim samningssvæðum, sem nú er talað um í hernámssamningnum, eða hvernig geti annars staðið á því, að amerískir hermenn leyfi sér að fara með lögregluvald á bryggjum í Hvalfirði og landi þar og reka Íslendinga þar burt.

Þá er enn fremur eitt atriði, sem ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á og ég hef raunar áður vakið athygli hér á í þinginu, og það er um eina tegund af þeim lögbrotum, sem fram fara á Keflavíkurflugvelli, eina tegund af þeim lögbrotum, sem beinlínis eru brot á sjálfum hernámssamningnum. Í 2. gr. viðbætisins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna er ákveðið í b-liðnum, að liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi beri að virða íslenzk lög og hafast ekkert að, sem fer í bága við anda þessa samnings, og einkum skuli þeir forðast að hafa nokkur afskipti af íslenzkum stjórnmálum.

Þessi lög hafa verið brotin. Bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli hafa haft þau frekustu afskipti af íslenzkum stjórnmálum, sem hægt er að hugsa sér. Bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli og þeirra fulltrúar hafa verið látnir yfirheyra Íslendinga, ekki aðeins um alla ætt þeirra, skyldfólk og allt annað slíkt, heldur líka um þeirra pólitísku skoðanir. Og þetta hefur gengið það langt, að mönnum hefur af hálfu Bandaríkjanna verið vikið úr starfi á Keflavíkurflugvelli og það bréflega með tilvitnun í amerísk lög. Það var kona, sem vikið var úr starfi fyrir það, að hennar maður væri meðlimur í ákveðnum félagsskap á Íslandi, og þetta var tilgreint með tilvísun í amerísk lög. Ég hef áður kært yfir þessu hér í þinginu, og það hefur áður verið kært yfir þessu, og hefur aldrei fengizt neitt í því gert. M. ö. o.: Það er til staðfesting frá hálfu Bandaríkjanna sjálfra, undirskrifað skjal, og það hefur verið birt í Þjóðviljanum mynd af því skjali, þar sem ákveðinn amerískur fulltrúi rekur Íslending úr starfi með tilvitnun í amerísk lög vegna stjórnmálaskoðana manns viðkomandi konu. Það hefur ekkert verið aðhafzt í öllum þessum skoðanaofsóknum, sem fram fara á Keflavíkurflugvelli. Þar hefur hver maður á fætur öðrum verið rekinn fyrir að koma fram eins og Íslendingur, fyrir að leyfa sér að hafa sjálfstæðar skoðanir, og vegna þess að ekkert hefur verið aðhafzt í þessum efnum, þessum lögbrotum, sem þarna hafa verið gerð, þá hafa Bandaríkjamenn fært sig upp á skaftið. Nú er byrjað á því að framkvæma amerísk lög gagnvart íslenzkum sjómönnum. Einhver óþverralegustu lög, sem samþykkt hafa verið í Ameríku, hrein fasistísk lög, eru framkvæmd gagnvart íslenzkum sjómönnum, þannig að til þess að fá að fara á íslenzkum skipum til Ameríku, þá þurfa menn að gefa alls konar upplýsingar, m. a. um sínar stjórnmálaskoðanir, og láta taka af sér myndir og fingraför og annað slíkt. Menn eru m. ö. o. meðhöndlaðir hér á Íslandi eins og landið væri nú þegar innlimað í Bandaríkin og heyrði undir amerísk lög, og þetta viðgengst án þess, að stjórnarvöldin geri nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum. Ég verð að segja, að þessar skoðanaofsóknir, þessi afskipti af íslenzkum stjórnmálum, sem Bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli og þeirra sendiráð hér í Reykjavík leyfa sér, er slík ósvinna, að ríkisstj. ætti fyrir löngu að vera búin að taka fyrir slíkt. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra, hvort þessi mál og þau lagabrot, sem Bandaríkjamenn hafa þegar haft í frammi í þessu efni, hafi komið til umræðu í þeim samningum, sem fram hafa farið. Það er áreiðanlega ekki vanþörf á slíku.

Ég skil vel, að það er mjög erfið aðstaða fyrir þá menn, sem nú hafa tekið við utanríkismálum, að standa í samningum um þessi mál, á meðan þeirra flokkar halda enn þá fast í þá vitleysu, sem þeir gerðu 1951, að ganga inn á þennan samning við Bandaríkin. Ég veit, að út úr öllum slíkum samningstilraunum mun alltaf koma nýtt og nýtt klúður og halda áfram ný og ný vandræði, og ég sé líka, að stjórnarflokkarnir eru byrjaðir á sama skrípaleiknum í þessum efnum eins og átti sér stað fyrir síðustu kosningar. Þá hafði Sjálfstfl. með þessi mál að gera, og Framsfl. lét sem allar þær slæmu afleiðingar af hernámssamningnum væru bara út af lélegri framkvæmd samningsins í höndum Sjálfstfl. Núna er það það fyrsta, sem gerist í sambandi við samningana um þessi mál, þegar nýr maður tekur við utanríkismálunum, að sá aðili, sem áður hafði haft alla forustu af hálfu ríkisstj. í utanríkismálum og ráðið þar meiru um en nokkur annar Íslendingur, núverandi hæstv. dómsmrh., tilkynnir: Ég kem ekki nærri þessu, — og fer af landi burt og í þetta skipti, aldrei þessu vant, ekki vestur á bóginn, heldur austur á bóginn. M. ö. o.: Sjálfstæðisfl. segir sem svo: Ja, ég varð mér til skammar fyrir mína framkvæmd á hernámssamningnum, og Framsfl. sagði sjálfur, að ég hefði orðið mér til skammar. Nú skal ég lofa Framsfl. að verða sér til skammar og koma hvergi nærri í sambandi við þessa samninga. — M. ö. o.: Þegar hagsmunir Íslands eru þarna í veði, þá er byrjaður skrípaleikur, togstreita á milli stjórnarflokkanna um að ýta af sér. Sjálfstfl. veit ósköp vel, að meðan ameríska herliðið er hér á Íslandi, þá verður það hverjum manni til skammar og bölvunar að koma nærri samningum við það lið. Þess vegna segir Sjálfstfl. nú og hans aðalforustumenn: Ég kem ekki nærri þessu. Hafi Framsókn alla skömmina af því, hvernig framkvæmdirnar verða á næstu árum. — Þetta er hugsunarhátturinn, alveg greinilegur. Er það nú heppilegt, að svona sé ástandið og svona sé búið að, að þessi mynd af kærleiksheimili stjórnarflokkanna ráði því, hvernig með þessa samninga tekst? Ég held þess vegna, meðan núverandi stjórnarflokkar eða annar þeirra ekki hverfur að því eina, sem vit er í í þessum efnum, að segja samningnum upp og láta ameríska herliðið fara burt af Íslandi, þá verði alltaf vandræði og ógæfa, sem út af þessum samningum kemur. En þó held ég, að hún yrði því minni og frekar þó einhver af vand-

ræðunum leyst, ef sá ráðherra, sem í hvert skipti fjallar um þessi mál, hefur samráð við þingið, hefur þingið að bakhjarli og notar sér kröfur, sem uppi eru hjá þjóðinni og fulltrúa eiga hér á Alþingi um, að hart sé gengið að í samningum við Bandaríkin, svo lengi sem þau eru ekki alveg látin hverfa héðan burt.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Ég vil fyrst með fáum orðum svara hv. 3. landsk. (HV) út af smáatriði, sem hann gat um í ræðu sinni s. l. föstudag. Hann sem sé bar fram skilaboð til deildarinnar frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetanum í Hafnarfirði, þess efnis, að það hefði ekki verið með hans vilja, að settur var lögreglustjóri í Keflavík, og skil ég því skilaboðin þannig, að hann sé setningunni mótfallinn. Það hefur þá orðið einkennilegur misskilningur á milli okkar, bæjarfógetans og mín, því að ég get aðeins minnt á það, að bæjarfógetinn gerði sér sérstaka ferð til mín til þess að lýsa áhyggjum sínum yfir því, hversu störfin hlæðust upp á vellinum og ráðstafanir yrði að gera til úrbóta. Það var ekki þannig, að hann væri að fara fram á að fá aukinn mannafla til sín, því að þá hefði hann átt að snúa sér til dómsmrn., en ég gat ekki skilið hann öðruvísi en þannig, að hann óskaði eftir einhverri skipulagsbreytingu. Þessu til sönnunar vil ég geta þess, að í allan vetur hefur bæjarfógetinn í Hafnarfirði skorazt undan að framkvæma leyfisveitingar á vellinum. Það hafa bæði verið veitingaleyfi, verzlunarleyfi o. fl., sem mælt hefur verið með frá rn., og hann hefur fært fyrir því þá afsökun, að innan skamms mundi verða breyting á þessum málum, það mundi verða settur lögreglustjóri á völlinn. Ég verð því að segja, að ég skil ekki almennilega skilaboðin, sem hv. 3. landsk. flutti hér. Ég álít þetta ekkert stórmál. Það hefur orðið einhver misskilningur um þetta á milli okkar.

Ég vildi með fáeinum orðum svara hv. 2. þm. Reykv. Eftir því sem mér skilst, þá er hann sérstaklega hneykslaður á 1. gr. frv. og yfir því, að takmörk svæðis lögregluumdæmisins séu óljós. Ég viðurkenni, að þetta er. En hér var ekki um gott að gera. Í verkaskiptaúrskurðinum stendur orðrétt, þar sem talað er um völlinn: „gildir það um varnarsvæðin og takmörk þeirra.“ Mér er ekki kunnugt um nein glögg landamerki þarna suður frá, þannig að hægt sé að vitna í ákveðnar línur, ákveðnar ár eða læki eða glögg náttúrleg takmörk. Var því horfið að því ráði að ákveða umdæmið þannig, að það væri samningssvæðin á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins. Ég svaraði hv. 2. þm. Reykv., að hér væri átt við flugvallarsvæðið í fyrsta lagi og í öðru lagi svæði, sem afmarkað hefur verið undir radarstöðina hjá Sandgerði. Ég gat þess líka, að hugsanlegt væri, að svæði í kringum loftskeytastöðina þarna suður frá teldist til umdæmisins, en það mun vera misskilningur hjá mér, vegna þess að ríkissjóður á ekki svæðið enn þá. Ef aftur á móti erlendir menn settust að á þessu svæði og það yrði eign ríkisins eins og hin svæðin, þá mundi það teljast til umdæmisins.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði í þessu sambandi, hvort Hvalfjörður heyrði undir lögreglustjórann. Því er fljótsvarað neitandi. (EOl: Er það samningssvæði?) Já, samningssvæði er í Hvalfirði auðvitað, en í frv. stendur samningssvæði á Reykjanesi, svo að það er undanskilið. En ég skal játa, að það hefði vel komið til mála að láta þetta svæði heyra undir lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli, en það væri óheppilegt, af því að það er of langt í burtu. Hv. þm. finnst, að með þessu móti sé verið að kljúfa landið í sundur, eða taka svæði út úr landinu, og spyr, hvort radarstöðvarnar yrðu þá ekki líka nokkurs konar útland. Ég get hugsað mér, þegar radarstöðvarnar rísa upp, að þær verði lokuð svæði. Að vísu er ekki verið að taka þær út úr Íslandi á nokkurn hátt, og þær heyra undir íslenzka löggæzlu eftir sem áður. Lokunin yrði aðeins gerð til þess að takmarka eða hefta samgöngur á milli þeirra manna, sem koma til að búa á þessum svæðum, og Íslendinga. — Hann er líka hneykslaður á því, að lögsagnarumdæmið skuli vera klofið í sundur, en það finnst mér engin ástæða til. Hann þarf ekki að fara langt til þess að finna lögsagnarumdæmi eða hreppa, sem eru klofnir í sundur, eins og t. d. Seltjarnarneshreppur. Við því er ekkert að segja. Hann minntist enn fremur á, að löggæzlan gripi þarna inn á starfssvið hreppsstjóranna, því að það séu nokkrir hreppar á flugvellinum. Þetta er alveg rétt, en síðan fulltrúi bæjarfógetans var settur á völlinn, hefur þetta verið þannig.

Hv. 2. þm. Reykv. finnst það dálítið broslegt, að ég skuli allt í einu vera þarna orðinn bæði dómsmrh., heilbrmrh., póst- og símamálaráðh., fjmrh. o. s. frv., en þetta er byggt á misskilningi. Lögreglustjórinn sér um innheimtu skatta alveg eins og fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði hefur gert. Það er ekki nokkur breyting á þessu önnur en sú, að hann er nú ábyrgur gagnvart mínu ráðuneyti, en sín fjármálaafskipti hefur hann auðvitað alveg jafnt eftir sem áður við fjvmrn. Það er engin hætta á því, að ekki verði samstarf við hin ráðuneytin frá hendi varnarmáladeildarinnar. Hinu var strax lýst yfir, sem var borið fram sem stefnuskráratriði Framsfl., að heppilegra væri, að mál Keflavíkurflugvallar væru undir einum hatti eða undir einni stjórn. Þetta hefur nú verið framkvæmt, en engin breyting gerð frá því, sem hugsað var.

Ég held ég hafi þá svarað flestum fyrirspurnum. Hann minntist hér á það, að herinn hefði skipt sér af pólitískum skoðunum manna, og mönnum hefði verið vikið úr starfi af pólitískum ástæðum. Ég lýsi því nú hér yfir, að síðan ég tók við, er mér ekki kunnugt um, að nokkrum manni á Keflavíkurflugvelli hafi verið vikið úr starfi af pólitískum ástæðum. Mér er ekki kunnugt um það. Hitt er mér kunnugt um, að menn, sem höfðu verið látnir fara úr vinnu af pólitískum ástæðum á Keflavíkurflugvelli, hafa verið teknir aftur fyrir tilstilli utanrrn.; því get ég lýst hér yfir. Hinu er ekki að neita, að það hefur verið skipt sér af pólitískum skoðunum manna, sem hafa unnið á vellinum. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem þarna eru, er það ekki að öllu leyti óskiljanlegt, þó að þeim finnist, að þeir geti ekki haft menn með vissar skoðanir á vellinum. Ég

þori samt að fullyrða, að á vellinum vinna menn af öllum pólitískum flokkum. Þar eru sósialistar, Alþýðuflokksmenn, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Mér er vel kunnugt um, að ekki hefur verið farið mjög strangt út í þetta. Það getur vel verið, að það hafi verið gerðar einhverjar tilraunir til þess, en þær hafa ekki borið mikinn árangur.

Um framkvæmdir á pólitískum yfirheyrslum yfir íslenzkum sjómönnum vildi ég helzt óska eftir að segja hér ekki neitt nú, vegna þess að ég er ekki undir það búinn. Það hefur heldur engin kæra borizt til rn. út af þessum málum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. utanrrh. talaði um varnarsvæðin og takmörk þeirra og gekk inn á, að þau væru ekki sem allra gleggst. Í sambandi við hverja einustu ákvörðun, sem gerð hefur verið um hreppaskiptingu á Íslandi, umdæmi lögreglustjóra og annað slíkt, hefur verið tekið fram alveg nákvæmlega, við hvaða svæði slíkt miðast, og þegar svo er, eins og hann benti réttilega á og ég líka vissi um, að það er ekki samhangandi svæði, sem umdæmi lögreglustjóra nær yfir, þá er það alltaf tekið fram, hver þessi svæði eru. Hér í sambandi við þetta mál hins vegar er ekkert ákveðið um, hvaða svæði þetta eru. Það er ekki tilgreint í lögunum, hver svæðin eru, þannig að íbúarnir almennt geti vitað það, — íbúarnir, embættismennirnir svo og aðrir, sem þarna eiga hlut að máli, geti vitað m. a., undir hvaða ráðuneyti þau kæmu til með að heyra á Íslandi, ef eitthvað brygði út af. Þetta er náttúrlega alveg óþolandi. Hæstv. ráðh. lýsir því nú yfir t. d. um loftskeytastöðina í Grindavík eða þar hjá, að hann hefði nú kannske haldið, að hún væri á samningssvæðinu, en hún sé ekki á samningssvæðinu, af því að það sé ekki eign ríkisins, hins vegar ef það verði eign ríkisins einhvern daginn, þá sé það komið allt í einu inn á samningssvæðið, þá sé það komið allt í einu inn undir annan lögreglustjóra. Samningssvæðið, sem þarna er, og umdæmi lögreglustjóra eftir þessum lögum kemur til með að vera breytilegt eftir því, hvernig ríkisstj. kaupir lönd á einhverju svæði þarna; þá kemur þetta til með að lenda inn undir hæstv. ráðh. Þetta er náttúrlega alveg ófært í sambandi við setningu laga, þegar verið er að ákveða ákveðið umdæmi, þar sem ákveðnar réttarfarsreglur eiga að gilda, og þetta vildi ég sem sé enn einu sinni átelja.

Þá kom ég fram með þá fyrirspurn viðvíkjandi Hvalfirði, hvort Hvalfjörður væri samningssvæði. Hingað til hefur aldrei nokkurn tíma fengizt upplýst hér á Alþingi, hvort Hvalfjörður væri samningssvæði. Ég spurði ekki, hvort hann heyrði undir lögsögu lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, því að það er alveg greinilegt af þessum lögum. En ég spurði að þessu af öðru, sem sé vegna þess, að eftir samningnum við Bandaríkin er liði Bandaríkjanna rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum samkv. 10. gr., m. ö. o., útlendum mönnum er gefið lögregluvald á ákveðnum svæðum á Íslandi. Íslendingum er ekki einu sinni svo mikið sem tilkynnt, hvar þessi samningssvæði séu á landinu. Og það er hvergi nokkurs staðar auglýst, þegar menn nálgast þessi samningssvæði, hver þessi samningssvæði séu. Áður en nokkur Íslendingur veit af því, er hann allt í einu kominn af svæði, þar sem hann er fullkomlega frjáls maður, og inn á svæði, þar sem einhver óþverralýður getur vaðið að honum vopnaður og gert það, sem honum þóknast, eins og sá lýður, sem Bandaríkjamenn hafa haft hér og hefur þótzt fara þarna með lögregluvald. Þetta er í alla staði af hálfu þeirra stjórnarvalda, sem hafa kallað þennan her inn í landið, óforsvaranlegur aðbúnaður að Íslendingum, að láta menn ekki einu sinni vita, hvar samningssvæðin séu. Þess vegna er það gott út af fyrir sig að fá þessa yfirlýsingu. En ég vil fyrir mitt leyti hins vegar mótmæla því, að Íslendingar geti litið svo á sem amerískur her hafi lögregluvald í Hvalfirði. Hæstv. ráðherra segir: Hvalfjörður er samningssvæði. — Hvað er Hvalfjörður í þessu efni? Engum dettur í hug, að Hvalfjörður allur sé samningssvæði. Hvað stórt svið í Hvalfirði er samningssvæði? Er það bryggjan, eða eru það olíutankarnir, sem Olíufélagið, sem Samband ísl. samvinnufélaga er aðalhluthafi í, á? Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti að vera mér sammála um það, að þetta er algerlega óviðunandi aðbúnaður, fyrir utan nú allt annað.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að radarstöðvarnar mundu að líkindum verða lokuð svæði. Við höfum áður sagt það hérna, að Bandaríkin væru eftir krókaleiðum að fá fram það, sem þeir með beinum yfirgangi og án allra átyllna og kjaftæðis um lýðræði heimtuðu af Íslandi 1945, þegar þeir höfðu hér her í landinu. Þá heimtuðu þeir af Íslendingum að fá undir sín yfirráð ákveðin svæði á Íslandi, sem væru lokuð svæði og Bandaríkjamenn réðu einir og að öllu leyti, herstöðvar til 99 ára, afgirt sem bandarísk yfirráðasvæði. Nú er talað um það sem einhvern sjálfsagðan hlut af hálfu hæstv. ráðh., að radarstöðvarnar verði slík lokuð svæði, m. ö. o., að Íslendingum eigi að fara að verða óheimilt að ganga um á sinni fósturjörð, þar sem þeim þóknast, og að aðrir menn, útlendingar, vopnaðir útlendingar, eigi að geta ráðið bara eins og þeir vilja. Við sjáum, hve stórt spor þannig væri verið að stíga í þá átt að fá fram þær kröfur, sem Bandaríkjamenn gerðu 1945 og þá var einhuga mótmælt af allri þjóðinni.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að þó að hann væri fjmrh. fyrir Keflavíkurflugvöll, þá mundi náttúrlega verða haft samstarf við hin ráðuneytin; þó að skilað væri til hans peningum, sem innheimtir væru í skatta á Keflavíkurflugvelli, þá náttúrlega gengi það áfram sína leið á eftir. Því þjóst ég nú satt að segja líka við, og það væri náttúrlega anzi langt komið, ef sú yfirlýsing yrði gefin í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það ætti ekki að hafa samstarf við hin ráðuneytin. Þá væri það náttúrlega auðséð, hvert verið væri að stefna. En má ég nú spyrja, þó að ég efist ekki um, að það skorti af hálfu hæstv. utanrrh. ekki á vilja til slíks samstarfs: Er það nú áreiðanlega alveg gagnkvæmt; t. d. dómsmrh., sem áður var utanrrh., er hann svo ákaflega fús í samstarfið, við skulum segja um samningana núna, að það sé nú alveg gefið, að það samstarf,

sem þessi lög ganga út frá og hæstv. ráðh. gerir sér vonir um, verði nú svo sérstaklega gott, þegar fram í sækir? Er ekki nokkurn veginn alveg auðséð, að þegar búið er að praktisera þetta í nokkur ár, og við skulum segja t. d. að Sjálfstfl. sé eftir nokkur ár farinn að praktisera þetta með álíka háttum eins og praktiserað hefur verið hingað til afskiptin af varnarliðinu, — skyldi þá ekki vera komið svo, að sá utanrrh., sem er dómsmrh. á Keflavíkurflugvelli, á Horni í Hornafirði, í Hvalfirði, í Aðalvík, á Langanesi og annars staðar, hafi sína samninga fyrst og fremst við sendiráðið á Laufásvegi og samstarfið við aðra aðila verði ekki aðalatriðið í þessu? Ég er hræddur um, að þetta verði þróunin. Svona hefur þetta alltaf byrjað hérna í þinginu. Því var lýst yfir, þegar Atlantshafssamningurinn var gerður, bókfest, lýst yfir af þremur ráðherrum, sum flugu vestur þá, að það kæmi aldrei til mála, að það yrði farið fram á herstöðvar hér á Íslandi — kæmi aldrei til mála — og hver maður, eins og ég og aðrir, sem lýstu því yfir, að það væri meiningin með þessu að fá útlendan her á Ísland, væri að rægja þessa ágætu vinaþjóð okkar, Bandaríkjaþjóðina, og annað slíkt. Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur verið staðin að ofbeldi og lygum í öllum sínum afskiptum af Íslandi; að ofbeldi 1945, að lygum 1949, staðin að því í sambandi við Keflavíkurflugvöll að hóta Íslendingum því, að herinn, sem hér var, yrði ekki fluttur burt, svo framarlega sem Íslendingar gengju ekki inn á Keflavíkursamninginn.

Þetta hefur verið okkar reynsla af afskiptunum og svo kölluðum samningum við Bandaríkin. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að við, sem erum búin að standa undanfarinn áratug í þessu hér á Alþingi og þekkjum það, hvernig þessir hlutir hafa gengið til, vörum við, þegar verið er að stíga spor, sem — þó að þau líti ekki mjög alvarlega út á pappírnum enn þá — eru einn steinn í viðbót til að leggja þá götu, sem liggur til yfirráða Bandaríkjanna yfir Íslandi.

Ég vil svo að síðustu þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf viðvíkjandi skoðanakúguninni, sem beitt hefur verið á Keflavíkurflugvelli. Ég veit, að mönnum mun þykja mjög vænt um það, ef þeir mega eiga von á, að þeim yfirheyrslum, sem þar hafa farið fram, verði hætt; að af hálfu Bandaríkjanna verði hætt að grennslast eftir ætterni manna, pólitískum skoðunum og öðru slíku, þegar menn eru ráðnir þar í störf. Og ég vildi óska, af því að ég efast ekki um hans góða vilja í slíku sambandi, að honum mætti verða auðið að koma í veg fyrir, að slík hneyksli eins og þar hafa gerzt á undanförnum árum endurtaki sig hvað þetta snertir.

Viðvíkjandi sjómönnunum minntist hæstv. ráðh. á, að sér hefði engin kæra borizt. Ég verð að segja, að það er mjög leitt, að sjómenn skuli ekki hafa kært yfir þeim fruntaskap, yfirgangi og ósvífni, sem ameríska sendiráðið hefur haft í frammi við þá hér undanfarið. Og ég vil aðeins benda þingheimi á, í hvert óefni er komið á Íslandi, þegar hugrökkustu og djörfustu mennirnir, sem við eigum, sömu mennirnir sem sigldu og lögðu líf sitt í hættu á stríðsárunum, eru nú það beygðir, að þeir þeirra, sem eru ekki þá þegar það brennimerktir, að það kemur ekki til mála, að þeir séu einu sinni spurðir, kæra ekki eða neita öðrum eins aðferðum og beitt hefur verið við þá. Hæstv. ráðh. veit, að það, að enginn einstakur sjómaður hefur kært, stafar eingöngu af því, að það að kæra yfir lögbrotum ameríska sendiráðsins, frekju þess og yfirgangi var sama og að lýsa því yfir, að hann væri sjúkur og gæti ekki farið til Ameríku, gæti ekki siglt á skipi til Ameríku. Það að kæra ameríska sendiráðið fyrir ríkisstj. var vitanlega það sama og að segja: Ég afsala mér minu skipsplássi á þessum Fossi. — Hins vegar hefur Sjómannafélag Reykjavíkur mótmælt þessu sem heildarsamtök sjómanna. Og ég vil vona, einmitt af þessum góðu undirtektum, sem í þessu efni komu fram hjá hæstv. ráðh., að þegar Sjómannafélag Reykjavíkur, sem ég trúi ekki öðru en það geri eftir þessa yfirlýsingu ráðh., sendir kæru formlega út af þessu, þá verði bundinn endir á þennan yfirgang, sem þarna hefur verið sýndur. Og ég vil einmitt, um leið og ég hef gagnrýnt ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh. hefur komið með, taka það fram, að í hvert skipti sem við, sem annars erum á öndverðum meið við hann, verðum varir við það, að hann vilji á ýmsum þeim sviðum, þar sem hans vald nær til, láta gott af sér leiða, þá mun ekki skorta stuðning til þeirra verka.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð til skýringa um samningssvæðin þarna suður frá. Þau verða auðkennd þannig, að þau verða afgirt og takmörkuð umferð um þau. A. m. k. er það tilætlunin, að umferð verði takmörkuð um þessi svæði til þess að draga úr samneyti Íslendinga og þeirra, sem á þeim búa. Það er eitt af stefnuskráratriðum stjórnarinnar — og framsóknarmanna sérstaklega — að aðgreina svæðin þannig, að Íslendingar og erlendir hermenn og verkamenn búi þar ekki í samblandi.

Þótt hv. 2 þm. Reykv. finnist það takmörkun á frelsi Íslendinga, að radarstöðvarnar verði lokaðar, þ. e. a. s. Íslendingum verði ekki heimilað að vera inni á svæðum, sem afmörkuð verða handa þeim, þá er takmörkunin ekki gerð aðallega til þess, að Íslendingar fari ekki inn á svæðin, heldur vegna þess, að það er ekki ætlazt til þess, að þeir erlendu menn, sem á þessum svæðum búa, vaði um landið hindrunarlaust. Það má líta á þetta mál frá tveim hliðum. Sumir mundu ef til vill heldur kjósa, að svæðin væru algerlega opin og óhindraður gangur á milli hinna erlendu manna og Íslendinga, og þá þyrfti engin mörk að hafa og engar girðingar. En ég hygg, að meiri hluti þjóðarinnar vilji hafa einhverjar hömlur. Það er venja, þar sem hermenn dvelja, að hafðar eru einhverjar hömlur, eitthvert „kontrol“ á ferðum þeirra um landið. Og það er sama, þó að herstöðvarnar séu í þeirra eigin landi, að þær eru afgirtar.

Þar sem erlendar herstöðvar eru, er til sú leið að hafa þær algerlega lokaðar, og þá þarf ekki að deila um valdssvið innlends lögreglustjóra, eins og t. d. í Finnlandi á Porkalasvæðinu. Þar er enginn finnskur lögreglustjóri, því að það er al-

veg undir rússneskum yfirráðum. Við hefðum vel getað hugsað okkur að hafa Keflavíkursvæðið þannig, að það væri algerlega lokað og enginn Íslendingur færi inn á það, og þá sæju Ameríkanar þar alveg um sín mál sjálfir. En það er ekki hægt að gera hvort tveggja að halda íslenzkum yfirráðarétti yfir landssvæði því, sem útlendingar hafa fengið að nota að nokkrum hluta, og að loka því. Við verðum að skipta okkur af málunum á flugvellinum, og ég verð að segja, að mér finnst það miklu mannlegra og meira þjóðarstolt í því, að við setjum okkar löggæzlumann, sem hefur lögregluvald jafnt yfir Íslendingum sem erlendum mönnum, þó að lögregluvaldið yfir hermönnunum sé að einhverju leyti takmarkað. Amerískir hermenn hafa verið dregnir fyrir lög og dóm hér á landi og orðið að hlíta að öllu leyti íslenzkum lögum. Það falla í hverri viku dómar út af alls konar yfirsjónum og brotum jafnt yfir Ameríkumenn sem Íslendinga.

Hv. 2. þm. Reykv. telur, að utanrrn. sé að sölsa undir sig störf frá hinum ráðuneytunum, en það, sem hann sagði um það, tel ég meir gamanyrði. Ég hef talið það heppilegra að hafa öll mál, er snerta flugvöllinn, á einum stað. Hæstv. dómsmrh. leit þannig á strax þegar forsetaúrskurðurinn var gefinn út, að hann væri ekki lengur dómsmrh. yfir Keflavíkurflugvelli, heldur féllu þau mál undir utanrrn., og þannig hefur það verið framkvæmt síðan í haust, að ákæruvaldið hefur verið hjá utanrrn. eða varnarmáladeildinni, en dómsmrn. hefur afsalað sér því. Engin veruleg breyting hefur orðið hvað hin rn. snertir. Starfssvið þessa lögreglustjóra verður nákvæmlega sama og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu var áður. Hann fór með dómsmál, og hann fór með innheimtu á sköttum, og hann hafði heilbrigðismál o. fl., sem of langt yrði upp að telja. Á þessu verður engin veruleg breyting. Það eru nákvæmlega sömu störfin, sem lögreglustjórinn hefur, eins og fulltrúi sýslumannsins hafði þar áður.

Ég vildi mælast til þess við hv. d., að framgangur þessa frv. yrði ekki hindraður, því að ég álít, að skipun lögreglustjóra hafi verið bráðnauðsynleg, þó að ég viðurkenni, að aðferðin að setja brbl. um það svo skömmu áður en Alþ. kom saman sé óvenjuleg. En það var gert af nauðsyn til þess að koma málunum fram og eftir því, sem ég álít, í betra horf en var.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:3 atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 481).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar og leggur einróma með, að það verði samþykkt óbreytt. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég held það hefði nú verið sómasamlegra fyrir hv. allshn. að líta ofur lítið í íslenzk lög og reyna þó a. m. k. að færa þessa ómynd, sem komin er frá ríkisstj., í samræmi við íslenzk lög um lögsagnarumdæmi.

Ég benti rækilega á það við 1. umr. þessa máls, að þessi háttur, sem hér væri hafður á, bryti alveg í bága við alla þá venju, sem verið hefur um, hvernig ákveðin eru slík umdæmi eins og hér er verið að ræða um. Lögreglustjórar taka fyrst og fremst að sér vald hreppsstjóra á viðkomandi svæði, og völd hreppsstjóra eða þeirra annarra aðila, sem síðar hafa komið í staðinn fyrir þá, eru landfræðilega séð alveg ákveðið afmörkuð í öllum þeim lögum og reglugerðum, sem sett hafa verið um þessi umdæmi á Íslandi. Það þekkist ekkert umdæmi á Íslandi, þar sem lögsagnarumdæmið er svo að segja fljótandi, getur breytzt frá degi til dags. Og ég álít það ekki sæmandi fyrir Alþingi að setja lög, þar sem maður getur verið undir þessum hreppsstjóra í dag og á morgun af einhverju því, sem gert hefur verið, t. d. því, að ríkið hafi keypt ákveðna eign, verið kominn inn undir annan hreppsstjóra, án þess að þess sé nokkurs staðar getið í lögunum. Hingað til hefur því verið stranglega framfylgt að taka það fram í sambandi við íslenzk lög, hvaða svæði það væri, sem vald eins embættismanns næði yfir. Og ég veit ekki til þess, að það sé til eitt einasta ákveðið í íslenzkum lögum um hreppsstjóra, lögreglustjóra eða slíka embættismenn, sem ekki sé bundið við ákveðið svæði.

Ég álít, að þetta hefði nefndin átt að athuga, hún hefði átt að breyta þessum lögum; þótt hún annars væri samþykk stefnu þessa frv., þá hefði hún átt að breyta þessum lögum þannig, að þau væru í samræmi við íslenzka lagahefð. Það er alltaf tilgreint í íslenzkum lögum, hvaða svæði það séu, sem við er átt, og það er tilgreint með því að ákveða þau landfræðilegu takmörk. Meira að segja þegar þetta hefur verið nokkuð flókið, við skulum segja eins og t. d. þegar lögsagnarumdæmi Rvíkur var stækkað seinast og þegar það lendir svo að segja inn undir öðru lögsagnarumdæmi, þá er það mjög greinilega tekið fram í viðkomandi lögum, sem hér eru samþykkt á Alþingi. Hér aftur á móti liggur málið þannig fyrir, að sjálfur hæstv. utanrrh. skýrir frá því, þegar málið er flutt, að nú muni heyra undir þennan lögreglustjóra Keflavíkurflugvöllur og radarstöðin við Sandgerði, þ. e. tvö svæði, sem bil úr öðru lögsagnarumdæmi er inni í, og enn fremur bjóst hann við, að undir þetta mundi heyra loftskeytastöðin hjá Grindavík, en síðar í umr. gefur hann þó þær upplýsingar, að þetta svæði muni ekki heyra undir lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli, — ekki vegna þess, að amerískt herinn sé ekki farinn að byggja þar stöð og annað slíkt, heldur vegna þess, að svæðið sé ekki enn þá orðið eign ríkisins. Ég benti á það, að ef t. d. nokkrum dögum eftir að þessi l. eru samþykkt eignast ríkið allt í einu þetta svæði, þá væri það þar með komið inn undir þennan lögreglustjóra, án þess að nokkurt orð stæði um það í lögum. Þetta

er óþolandi lagasetning, svona hlutir. Það á að taka greinilega fram í lögunum, hvaða umdæmi þetta er. Og svo framarlega sem ríkið síðan kaupir einhver fleiri umdæmi og leggur undir þennan lögreglustjóra, þá þarf að breyta þeim lögum og taka fram í viðbót, að þetta hérna heyri líka undir lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli. Þetta er hrákasmíði, svona frágangur, og við höfum reynsluna af því, hvað það þýðir, þegar svona ómynd er sett í lög hér á Íslandi. Ég vil bara minna menn á, hvernig það var þegar Keflavíkursamningurinn var samþykktur, og var ákveðið á eftir, að það skyldi öðlast lagagildi. Ég benti þá á bæði í fjhn. og við ræddum það hér í þinginu, hvernig það væri, svo framarlega sem þetta væri látið öðlast lagagildi svona. Ég vildi láta taka fram greinilega, hvað það væri viðvíkjandi tollum, hvað það væri viðvíkjandi tekjuskatti, hvað það væri viðvíkjandi útsvörum og öðru líku, sem amerísku mennirnir, sem þá voru á Keflavíkurflugvelli, áttu að hafa sérréttindi um. Þá fékkst ekkert af þessu gert, ekki nokkur skapaður hlutur. Lagasmíðin var hreinasta hrákasmíði, og afleiðingin varð sú, að öll þessi lög voru brotin í öll þau fimm ár, sem Keflavíkursamningurinn stóð. Það var svikizt um að innheimta tolla af Ameríkönum, sem áttu að borga þá. Það var svikizt um að innheimta útsvör. Það var svikizt um að innheimta stríðsgróðaskatt. Það var svikizt um að innheimta af þeim allt, sem þeir áttu að greiða til íslenzka ríkisins, m. a. vegna þess, að lögin voru skammarlega úr garði gerð.

Nú hefur allshn. haft þetta mál til meðferðar. Í allshn. sitja menn, sem ósköp vel þekkja, hvernig þessari löggjöf er háttað á Íslandi, en það er eins og þeir vilji sem minnst koma nærri þessum lögum. Þeirra nál. er ein lína, þeirra grg. og meðmæli af hálfu frsm. er ein eða tvær setningar. M. ö. o., þeir finna að málið er skítugt, en þeir vilja ekki skíta sig út á því, og þeir halda, að þeir sleppi með því að tala ekki neitt um þetta.

Svona getur ekki gengið að afgreiða lagasetningu. Það er til skammar fyrir þingið, og það mun eiga eftir að sýna sig seinna, að það er engin réttarvernd í landi, sem svona er háttað. Ég vil bara benda mönnum á, hvaða sérréttindi það eru t. d., sem Ameríkanarnir hafa á sínu samningssvæði viðvíkjandi afskiptum amerískrar lögreglu af íslenzkum mönnum, sem þeir hafa ekki utan samningssvæðanna, þannig að ef amerískur lögreglumaður beitir gagnvart Íslendingi utan samningssvæða þeim rétti, sem hann máske hefur sem lögreglumaður, ef hann beitir honum innan samningssvæðanna, þá kemur hann fram sem glæpamaður. Ég vil benda á, að ekkert af samningssvæðunum er afmarkað á Íslandi. Og ég vil benda á, að sjálfri ríkisstj. virðist ekki einu sinni vera ljóst, hvar samningssvæðin séu. Ég hef spurt hér t. d.: Er samningssvæði í Hvalfirði? — Þegar ráðh. svarar: Það er samningssvæði í Hvalfirði, — þá hef ég spurt: Hvar er það samningssvæði í Hvalfirði? Er það allur Hvalfjörður? Er það bryggjan, þar sem amerískir hermenn vaða að Íslendingum með byssustingi? Eru það tankarnir, sem sagt er að Olíufélagið eigi, þar sem amerískir hermenn standa á verði? Sem sé, hvar er samningssvæðið, svæði, sem ekki er merkt á nokkurn hátt, þannig að einn Íslendingur veit aldrei, hvenær hann er undirgefinn lögregluvaldi amerísks lögreglumanns eða hvenær hann á bara við óvaldan glæpamann, svo framarlega sem amerískur lögreglumaður veður að honum? Þetta er ekki nokkur réttarvernd. Þetta er ekki nokkur lagasetning.

Ég álít þess vegna, að allshn. hefði átt að sjá sóma sinn í því að taka þessi lög almennilega fyrir og breyta þeim. Hún fylgdist ósköp vel með því, hvernig það gekk hér við 1. umr. þessa máls. Ætla ég þó ekki í því sambandi að fara út í hinn hlutann, sem er hneyksli í sambandi við þessi mál, að fara að taka sérstakan part úr Íslandi út úr, setja öll mál þar, fjármál, heilbrigðismál og annað slíkt, undir sérstakt ráðuneyti, taka það út úr öllum öðrum íslenzkum ráðuneytum, sem þýðir, að það er sérstakur dómsmrh., sem um leið er sérstakur heilbrmrh. og annað slíkt, fyrir Keflavíkurflugvöll, þannig að dómsmrh. yfir Íslandi, heilbrmrh. yfir Íslandi er ekki lengur heilbrmrh. eða dómsmrh. yfir Keflavíkurflugvelli. Ég benti greinilega á, hvert stefnir með slíku. Það stefnir að því, þegar verið er þar að auki að leggja þetta undir utanrrh., að taka þennan hluta af Íslandi smám saman út úr íslenzku yfirráðasvæði, gera þetta að eins konar vettvangi utanríkismála, gera dómsmál, heilbrigðismál, félagsmál, fjármál á þessu sviði að vettvangi svo að segja íslenzkra utanríkismála. Heildarstefnan í þessum lögum er þess vegna jafnröng og sjálf framkvæmdin í hinum einstöku lögfræðilegu atriðum er ómöguleg.

Fyrst hv. allshn. hefur ekki séð sóma sinn í því að ganga sæmilega frá þessu frv., þannig að það væri a. m. k. hægt að ræða um það, að það væri ekki neinn óskapnaður, þá legg ég fyrir mitt leyti til, að þetta frv. sé fellt. Það hefði vafalaust mátt gera ýmislegt til bóta með löggjöf á þessu sviði, m. a. setja nákvæm lög um það, hvernig samningssvæði þau, sem Ameríkanar hafa sérréttindi á hér, skuli afmörkuð, og annað slíkt, en ekkert af slíku hefur allshn. gert. Hún lætur sér nægja að leggja til að samþ. lög um sérstakan lögreglustjóra á þessum samningssvæðum, vitandi það, að í þeim samningi, sem hefur verið gerður að íslenzkum lögum, stendur, að liði Bandaríkjanna er rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda þar uppi aga, allsherjarreglu og öryggi. Allri þeirri hrákasmíði, sem sjálfur samningurinn var, er ekki að neinu leyti bætt úr með neinu af því, sem hérna er lagt til. Það er slæmt, að svona löggjöf skuli enn vera samþykkt á Alþingi. Það er slæmt, að þær n. þingsins, sem um þessi mál fjalla, skuli ekki sjá sóma sinn í því að reyna a. m. k. að færa til betri vegar og setja í sæmilegt lögfræðilegt form það, sem ríkisstj. gengur frá eins klaufalega og þessum samningi. Við vitum allir, hvernig það er til komið, annars vegar haldið áfram sama undirlægjuhættinum og einkennt hefur samninga undanfarinna sjö ára við Bandaríkin og hins vegar verður nú íslenzk löggjöf eins og með þessu frv. að eins konar þrætuepli á milli stjórnarflokkanna, sem með þetta eiga að fara, vegna

þess að Sjálfstfl. og Framsfl. komu sér ekki saman um, hvernig eigi að stjórna þar suður frá. Og vegna þess að ráðherrar Sjálfstfl. sökum reynslu undanfarinna ára vilja reyna að sleppa við ábyrgðina af því, sem þar gerist, þá heimta þeir nú, að undir einn ráðh. Framsfl. komi allt, sem þarna á að ske. Það er kapphlaup á milli þessara stjórnarflokka um að reyna að þurrka hvor á annan smáninni af því ástandi, sem viðgengst suður á Keflavíkurflugvelli. Og þegar svo þessu þrætuepli stjórnarflokkanna er hent í allshn., þá lætur hún það auðsjáanlega liggja hjá sér, athugar það ekki að neinu leyti og hendir því inn í d. á sama hátt aftur. Þetta er orðið lögsköpunarstarfið hjá Alþingi, þegar það snertir þau mál, sem viðkvæmust og hættulegust eru af þeim, sem Íslendingar hafa fjallað um á síðustu áratugum.

Ég hefði haft mjög gaman af að yfirheyra þessa góðu allsherjarnefndarmenn og ekki sízt frsm. um það, sem þeir þekkja af eigin reynslu í sambandi við löggjöf um íslenzka hreppa og íslenzk lögsagnarumdæmi, og heyra hjá þeim, hvernig það mundi eiga við í þessari löggjöf, sem hérna fer fram. Ég býst hins vegar ekki við, að þeir kæri sig um að ræða þessa hluti. Það er venjan um allt, sem snertir þessi mál, — það er ákaflega skiljanlegt. Það, sem þessir menn finna með sjálfum sér að sé óverjandi, reyna þeir ekki að verja. En hins vegar munu þeir ekki fyrir augliti þeirra, sem eiga að lifa undir þessum lögum og fara með þau, sleppa við ábyrgðina af því að samþ. svona lög og ganga svona frá hlutunum. Ég legg þess vegna fyrir mitt leyti til, að þetta lagafrv. sé fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BÓ, EggÞ, EI, EmJ, EystJ, GÞG, HV, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JörB, KJJ, MJ, PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁB, SB.
**nei:** EOl, GJóh, KGuðj, SG.
BergS, GilsG greiddu ekki atkv.
9 þm. (EirÞ, GíslG, GTh, HÁ, JS, JR, LJós, ÓTh, StgrSt) fjarstaddir.

---

Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Frv. til l. um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli er nú lagt fyrir hv. Ed. eftir að hafa verið samþ. í Nd. Frv. þetta er lagt fyrir Alþ. samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar og er til staðfestingar á brbl., sem undrrituð voru af forseta Íslands 19. jan. 1954. Um ástæðu eða þörf fyrir þessari lagasetningu vil ég taka eftirfarandi fram:

Um s. l. áramót tók utanrrn. að öllu leyti við afgreiðslu dóms- og lögreglumála á Keflavíkurflugvelli. Var það gert í samráði við dóms- og kirkjumrn. og í samræmi við auglýsingu um skipan og skiptingu starfa ráðherra frá 11. sept. 1953. Það þótti því að öllu leyti hagkvæmara og raunar óhjákvæmilegt, að ráðuneyti það, sem dóms- og lögreglumál heyra undir, réði skipan þess manns, sem annaðist framkvæmd þessara mála og bæri því embættisábyrgð gagnvart því. Auk þessa er ærin þörf að hafa lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, þar sem um 20 lögregluþjónar eru starfandi auk tollþjóna. Þar er fjöldi manna saman kominn. Er því hvorki ólíklegt né óeðlilegt, að ýmiss konar árekstrar og brot á lögum og reglum eigi sér stað. Ástæðan fyrir því að gefa út brbl. um þetta efni er sú, að eigi þótti fært að bíða lengur að gera þessa nýju skipun, en vitað var, að það mundi taka alllangan tíma, unz Alþingi, sem þá var í leyfi, hefði gengið frá lagasetningu um þetta mál. — Ég vil svo ekki fjölyrða meira um frv. þetta að sinni, en legg til, að hv. d. samþykki það og vísi því til allshn.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., hvort ætlunin sé, að sams konar fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir eigi einnig að ná til radarstöðvanna úti á landi. Eins og kunnugt er, þá er verið að byggja radarstöðvar úti um land, og ég veit ekki fyrir víst, hve margt lið kemur til þess að vera þar, en ef það er ekki ætlunin, að hér sé sama fyrirkomulag, þá er augljóst mál, að bæði löggæzla og dómsstörf þessara mála verður tvískipt. Ég teldi eðlilegast, að þetta heyrði allt undir sama aðila, undir sömu yfirstjórn, bæði á Keflavíkurflugvelli og eins úti um land. Þá vildi ég einnig beina því til hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessar radarstöðvar: Ég fyrir mitt leyti efast ekkert um nauðsyn þess, að sérstök löggæzla og hún öflug sé á Keflavíkurflugvelli, en ég hygg, að það sé ekki síður nauðsyn að hafa aukna löggæzlu úti um land, þar sem þessar radarstöðvar eiga að koma, ef þar verður eitthvert lið, og ég vil mjög eindregið beina því til hæstv. ríkisstj., að það verði strax í upphafi séð fyrir þessu, aukinni löggæzlu á þessum stöðum, því að það geta orðið mikil vandræði að því einmitt í smástöðum úti um land, ef ekki er þar séð fyrir aukinni löggæzlu samhliða því, að þessar stofnanir komi upp. Ég veit ekki, hve margar radarstöðvarnar verða, en verið er að reisa eina nálægt Höfn í Hornafirði, og mér hafa borizt kvartanir þaðan, að þar séu þegar orðin vandræði vegna þeirra starfa, sem þar er verið að vinna, og beðið um löggæzlu þar. Ég hef skrifað dómsmrn. þessu viðvíkjandi, en vil hér með hreyfa þessu máli til athugunar í sambandi við lausn þessa máls almennt.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum svara fyrirspurn

hv. þm. V-Sk. (JK), þar sem hann gerði fyrirspurn um, hvort hugsað væri að hafa svipað fyrirkomulag þar, sem radarstöðvarnar eru. Ég get svarað því nú í bili, að það er ekki gert ráð fyrir því, að settir verði þar lögreglustjórar, enda býst ég ekki við, að það verði það margir menn á hverri stöð, að það taki því. Hins vegar kemur það til álita og er sjálfsagt, ef þess reynist þörf, að gefinn verði kostur á aukinni löggæzlu á þeim stöðum, þar sem radarstöðvarnar verða reistar. Eftir frv. þessu, sem fyrir liggur, þá er einungis gert ráð fyrir, að umdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli miðist við, eins og það er orðað hér, „samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins."

Ég tel engan vafa á því, ef koma fram óskir frá sýslumönnum, hreppsstjórum eða þeim héruðum, þar sem radarstöðvarnar verða reistar, um aukna löggæzlu, þá verði orðið við þeim.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Breyting sú, sem gerð var með útgáfu þeirra brbl., sem frv. þetta á að vera staðfesting á, virðist mér ekki vera önnur en sú, að fulltrúi sýslumannsins í Gullbringusýslu, sem áður hafði þessi mál með höndum, skal nú gerður að lögreglustjóra og að nú skal hann heyra undir utanrrh., en ekki undir dómsmrh. Þetta er raunar eina breytingin, sem orðið hefur á fyrirkomulagi viðskiptanna við hernámsliðið, síðan núverandi ríkisstjórn tók við. En eins og kunnugt er, lofaði núverandi hæstv. ríkisstj. miklum umbótum í því efni og endurskoðun hernámssamningsins, og það er því alveg sérstakt tilefni til þess að spyrja, hvað þessum samningum líður, sem nú hafa staðið allengi, og hvort nokkurs árangurs sé að vænta í bráð.

Löggjöf þessi, eða þau brbl., sem farið er fram á að staðfest verði með þessu frv., er nú raunar með alleinkennilegum hætti, eins og raunar flest sú löggjöf, sem snertir hernámið, smán Íslands. Hér er um að ræða brbl., sem sett voru í þinghléi, án þess að nokkur frambærileg rök hafi verið færð fyrir svo óvenjulegri málsmeðferð, því að ég tel það ekki frambærileg rök, að það hafi legið svona óskaplega á, að ekki hafi verið hægt að bíða eftir því, að þingið kæmi saman, eftir að þetta fyrirkomulag hefur nú staðið allan tímann síðan hernámssamningurinn var gerður.

Þetta nýja lögsagnarumdæmi, sem hér er nú búið til, er líka með ærið óvenjulegum hætti, þar sem það tilheyrir mörgum hreppum og enginn veit um takmörk þess með neinni vissu. Og loks það furðulegasta, ákveðinn hluti af Íslandi er að því er löggæzlu snertir tekinn út úr landinu sjálfu, látinn heyra undir utanrrn. Fátt minnir okkur betur á þá harmsögu, að við höfum látið af hendi hluta af landi okkar undir raunveruleg yfirráð erlends stórveldis, en samkv. því mun það þykja rökrétt, að afskipti okkar af þeim landshluta heyri undir utanrrn.

Því hefur verið haldið fram, að sýslumaðurinn í Gullbringusýslu hafi ekki treyst sér lengur til þess að hafa þessi mál með höndum. Ég hygg, að þetta sé alrangt. Hann hefur aðeins bent á, að hann hefði ekki næga starfskrafta til þess að annast verkefnið, nema þeir starfskraftar, sem hann hefur til umráða, væru auknir, og af þeim ástæðum er vitaskuld engin nauðsyn að stofna nýtt embætti og leggja það undir utanrrn.

Af öllum þessum ástæðum mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. gegn sliku frv. sem þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 559).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Þetta mál er, eins og grg. fyrir frv. ber með sér, afleiðing þess, að skipan mála í ríkisstj. og skipting verka varð með öðrum hætti en verið hafði fyrir 1. sept. 1953. Eftir að sú verkaskipting hafði verið gerð, sem þar er ákveðin, varð ekki hjá því komizt að áliti ríkisstj., eins og grg. ber líka með sér, að skipa sérstakan lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, og um það er þetta frv. Það er því engin ástæða til þess frá minni hendi að fjölyrða um þetta mál. N. hefur orðið sammála um, að frv. beri að samþ. óbreytt, en einn nm. tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ég leyfi mér þess vegna að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

---

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (572).

---

## 26. Sóttvarnarlög.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til sóttvarnarlaga** [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Nd., 7. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. til sóttvarnarlaga hefur verið samið af landlækni. Þetta er alllangur lagabálkur, 45 gr. samtals, en það er breyt. á l. frá 1933. Ýmsar skýringar fylgja þessu frv., þannig að hv. þm. geta

sjálfir áttað sig á því, en það þykir rétt að taka fram, að Ísland hefur á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar gerzt aðili að hinum alþjóðlega sóttvarnarsamningi, nr. 2 25. maí 1951, en þennan dag var hann samþykktur á 4. þingi stofnunarinnar í Genf. Fyrir þá aðila Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem höfðu ekki tilkynnt fyrirvara innan tiltekins 9 mánaða frests, gekk samningurinn í gildi hinn 1. okt. 1952, og var Ísland í hópi þeirra aðila.

Ákvæði l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, en svo heita sóttvarnarlög vor, þau er nú gilda, þóttu ekki vera því til fyrirstöðu, að við gætum í öllum atriðum, er máli skipta, fullnægt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings. Að vísu eru ákvæði l. yfirleitt allmiklu ríkari en heimilt er að beita samkv. samningnum, en hins vegar gert ráð fyrir, að eftir atvikum megi víkja frá ýtrustu fyrirmælum, og muni til þess verða gripið, ef á reynir og til árekstra stefnir við fyrirmæli samningsins. Mest ber á milli um bókstaf laga og samnings varðandi sóttvarnargjöld af skipum og flugförum, en reyndar bitamunur en ekki fjár um hæð gjaldanna til uppjafnaðar.

Hagkvæmt þótti að flýta ekki svo hinni sjálfsögðu endurskoðun sóttvarnarl., að ekki væri unnt að hafa nokkurn stuðning af því, sem í þessu efni gerðist á öðrum Norðurlöndum, sem vér höfum svo lengi átt samleið með um skipun sóttvarnarmála. Danir riðu hér á vaðið og lögðu fyrir landsþing sitt 28. jan. 1953 frv. til nýrra sóttvarnarlaga samkv. ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings. Hefur danska heilbrigðisstjórnin sýnt íslenzku heilbrigðisstjórninni þá góðvild að leyfa henni að fylgjast með undirbúningi þessarar lagasetningar, og er frv. þetta mjög sniðið eftir hinu danska frv., en þó samræmt íslenzkum staðháttum og aðstæðum. Hið danska frv. er nú orðið að lögum.

Þá er rétt að geta þess, að frv. hafa haft til umsagnar læknadeild háskólans og stjórn Læknafélags Íslands. Læknadeildin hefur í bréfi, dags. 25. apríl 1953, tjáð sig samþykka frv. og telur það í samræmi við gildandi alþjóðareglur. Stjórn Læknafélagsins gerði í bréfi, dags. 8. júní 1953, ekki aðrar athugasemdir við frv. en þær, að lækni væri tryggð ónóg þóknun fyrir sóttvarnarstörf. Ef svo þætti, ættu ákvæði þar að lútandi þó ekki heima í sóttvarnarl., heldur í hinum opinberu læknagjaldskrám, og má hvenær sem er taka það til athugunar af réttum aðilum.

Eins og hér er tekið fram, hefur verið óhjákvæmilegt fyrir Ísland, úr því að það sagði ekki upp samningnum á tilteknum fresti, að samræma löggjöfina við hinn alþjóðlega sáttmála og er þetta frv. samið algerlega með tilliti til þess. Ég hef átt tal um þetta við landlækni, og hann telur, að þótt þetta frv. verði að lögum, þá muni það ekki leiða til neinna verulegra nýrra útgjalda fyrir ríkissjóð, — að það sé klaufaskapur, eins og hann orðaði það, að framkvæma lögin á þann hátt, að ekki verði mögulegt að fá eins mikið inn og út þarf að borga vegna framkvæmdar laganna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 224).

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Meginefni frv. er að samræma sóttvarnarlög okkar reglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Frv. er samið af landlækni, og fannst n. orðalag vera sums staðar nokkuð óþjált og sérvizkulegt, en landlæknir gaf þær skýringar á því, að fyrirmynd orðalagsins mætti ýmist finna í Grágás eða bibliunni. Að öðrum þræði er nokkuð í þessu frv. um nýyrði. Eru þau samin, þessi nýyrði, til þess að tákna orðalag, sem er í útlenda málinu á þessum samningum, sem við höfum gerzt aðilar að, og það orkar oft tvímælis um slík nýyrði, hversu vel þau eru valin og heppileg, en að athuguðu máli féllst n. á, að orðalagið mætti óbreytt standa, enda var ekki ágreiningur í n. um efni frv., heldur einungis um orðaval.

Þær breyt., sem mestu máli skipta frá núgildandi sóttvarnarlögum, eru helzt þær, að eftir þessum lögum ber ríkissjóður kostnað af sóttvörnunum, en til þessa hafa þeir farkostir, sem til landsins hafa komið, þurft að greiða sérstakt sóttvarnargjald, sem hefur farið til þess að bera uppi þennan kostnað. Þetta gjald hefur að vísu sums staðar verið meira en þurft hefur til þess að bera uppi sóttvarnarkostnaðinn og hefur þá farið til þess að halda uppi kostnaði af tollgæzlu, en vitanlega er óeðlilegt og ekki heppilegt, að svo verði áfram. Þessi breyt. er algerlega í samræmi við þá samninga, sem við höfum gerzt aðilar að, og er því nauðsynlegt fyrir okkur að breyta eins og gert er í frv. Undan eru þó tekin í þessu frv., sem hér liggur fyrir, erlend fiskiskip, sem hér leita hafnar. Það kann að vísu að orka nokkurs tvímælis, en landlæknir, sem n. ræddi við um frv., taldi, að það væri a. m. k. reynandi fyrir okkur að halda þessu ákvæði í frv. og taka gjald af erlendum fiskiskipum, það gegndi nokkuð öðru máli um þau en önnur skip og það væri ekki víst, að við værum skyldir til að gæta sóttvarna fyrir þau ókeypis eins og fyrir önnur skip, og taldi, að ef það kæmi í ljós, að þetta bryti í bága við samninginn, þá mætti alltaf fella þetta niður.

Frv. hefur verið athugað af Læknafélagi Íslands, sem taldi ekki annað við það að athuga en það, að þóknun, sem ákveðin væri til lækna fyrir starfið, væri allsendis ónóg og fjarri öllu lagi. N. ræddi þetta atriði; að vísu var það upplýst í n., að þetta mundi rétt vera hjá Læknafélaginu, en n. taldi samt, að eðlilegra væri, að ákvæði um gjaldskrár væru annars staðar en í þessu frv., og féllst því á að láta ákvæði frv. haldast. — Enn fremur hafði læknadeild háskólans frv. til umsagnar og telur sig fyrir sitt leyti samþykka frv. og að það sé í samræmi við gildandi alþjóðalög. — Nefndin hefur, eins og ég áður sagði, auk þess rætt frv. við landlækni, sem hefur samið það, og

eins og ég sagði í upphafi, hefur n. fallizt á að mæla með því, að frv. sé samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
12.—18. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
22.—34. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
35.—37. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
38.—45. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta hefur fengið afgreiðslu í Nd., svo að það er ekki ástæða til þess að fara að halda hér ræðu við þessa 1. umr. Nægir að vísa til aths. við frv.
Ísland hefur, eins og kunnugt er, gerzt aðili Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að hinum alþjóðlega sóttvarnarsamningi, nr. 2 25. maí 1951, en þann dag var hann samþ. á 4. þingi stofnunarinnar í Genf, og fyrir þá aðila Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem höfðu ekki tilkynnt fyrirvara innan tiltekins 9 mánaða frests, gekk samningurinn í gildi hinn 1. okt. 1952, og var Ísland í þeirra hópi.
Frv. þetta er sniðið að nokkru eftir dönskum l. og byggt á þeirri reynslu, sem Danir hafa fengið í þessum efnum, og hefur þótt heppilegt að fara að nokkru eftir því. Að öðru leyti nægir að vísa til aths., sem fylgja frv., og að ræða það nánar við 2. umr. Ég tel eðlilegt, að því sé vísað til heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 560).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir til sóttvarnarlaga, er stjfrv., en samið af landlækni. Það er fram komið til þess að samræma sóttvarnarlög vor við alþjóðlegan sóttvarnarsamning, sem Ísland hefur gerzt aðili að á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
Við samningu frv. þessa hefur landlæknir stuðzt við dönsk lög og nýsamið frv. um þetta efni og haft samband við dönsku heilbrigðisstjórnina, þannig að löggjöfin verði sem líkust því, er gerist á Norðurlöndum, en vér höfum lengstum átt samleið með þeim í skipun þessara mála. — Frv. er mjög ýtarlegt, er í 10 köflum og 45 greinum. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
22.—34. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
35.—37. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
38.—45. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 592).

---

## 27. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 16. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna** [93. mál] (stjfrv., A. 148).

Á 17. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta mál, sem hér er nú til umr., þ. e. a. s. lagasetning um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, hefur verið alllengi á döfinni. Þegar launalögin voru sett árið 1945, þá mun það hafa verið ætlunin, að í kjölfar þeirra kæmu lög einmitt um þetta efni. Var þá um það leyti hafinn undirbúningur þessa máls á vegum dómsmrn., er lét semja frv., sem í höfuðatriðum hefur orðið fyrirmynd þessa frv., sem ríkisstj. leggur nú fyrir þingið. — Nokkrar breyt. hafa þó verið gerðar á þessu frv. og sumar í nokkrum veigamiklum atriðum, eftir að fram hefur farið athugun á málinu að nýju í samráði við mig og Bjarna Benediktsson, hæstv. dómsmrh., og höfum við sameiginlega fylgzt með undirbúningi þessa máls og með þeim breytingum, sem á því hafa verið gerðar frá því að í öndverðu var gert uppkast að því. Okkur er ljóst, að

um langt skeið hefur verið full þörf á, að heildarlög væru sett um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Löggjöfin um þetta efni er mjög ófullkomin, dreifð lagafyrirmæli víðs vegar um einstök atriði. Ýmis af þessum ákvæðum eru orðin úrelt, og vantar skýr lagaákvæði um fjölda atriða í réttarsambandi ríkisins og starfsmanna þess. Úr sumum þessara atriða hafa dómstólar leyst, en um önnur ríkir óvissa, sem er bagaleg bæði fyrir stjórnarvöldin og starfsmenn þá, sem hér eiga hlut að máli.

Frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að ráða hér á verulega bót. Eru þar settar í lög reglur um ýmis atriði, sem nú eru ekki lögfest, og um önnur, sem lögfest eru, og er þá sameinað hér í einn stað. Má segja, að í frv. sé reynt að fylgja þeim höfuðsjónarmiðum að tryggja annars vegar réttindi hinna opinberu starfsmanna og ganga til móts við sanngjarnar óskir þeirra, en gera hins vegar þær kröfur til starfs þess, sem þeir inna af hendi, sem þarfir ríkisins og fjárhagur útheimta. Er hér að sjálfsögðu vandratað meðalhófið, en ég vil þó vona, að svo hafi til tekizt, að báðir aðilar megi sæmilega við una, enda sameiginlegt hagsmunamál beggja, að sem minnst óvissa ríki um réttarsambandið þeirra í milli. Mér þykir rétt við þessa umræðu að benda á nokkur einstök atriði í sjálfu frv. Kemst ég þá að vísu ekki hjá því að endurtaka ýmislegt af því, sem fram kemur í athugasemdunum, sem því fylgja.

Í I. kafla frv. eru ákvæði um það, til hverra lögin taka. Segir þar, að þau taki til hvers þess, sem skipaður er, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Lögunum er því ekki ætlað að ná til starfsmanna sveitarfélaga eða bæja, eins og þó var t. d. um lögin um aldurshámark opinberra starfsmanna á sínum tíma. Þá falla og ekki undir lögin þeir, sem gegna aukastörfum fyrir ríkið, og ekki heldur þeir, sem starfa samkvæmt samningum stéttarfélaga.

II. kafli frv. fjallar um veitingu opinberra starfa. Er þar m. a. ákvæði um almenn skilyrði til að fá skipun, setningu eða ráðningu í opinberar stöður. Þar er og ákveðið, að konur og karlar hafi jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf, sbr. einnig 36. gr. launalaga. Er þetta í sjálfu sér mjög þýðingarmikið atriði.

Í 4. gr. frv. eru taldar ástæður til þess, að opinber starfsmaður láti af starfi. Er þar á því byggt í aðalatriðum, að opinber starfsmaður skuli ekki víkja úr stöðu, nema hann hafi brotið af sér eða önnur þau atvik liggi til, er talin eru í greininni, svo sem að hann fái lausn að eigin ósk, fullnægi ekki almennum skilyrðum um embættisgengi, hafi náð hámarksaldri o. s. frv. Er hér kveðið á um atriði, sem nokkur óvissa hefur verið um, en dómar hafa þó gengið í þá átt, sem frv. nú mælir fyrir um.

Nokkurri gagnrýni hefur oft og tíðum sætt, að opinberum stöðum er ekki slegið upp, sem kallað er. Það nýmæli er nú í 5. gr. frv., að skylt er að auglýsa opinbera stöðu í Lögbirtingablaði með fjögurra vikna fyrirvara. Undantekning er þó gerð um störf í þágu utanríkisþjónustunnar, en þar þykja sérstök sjónarmið koma til greina vegna flutnings starfsmanna milli sendiráða og utanrrn. og sendiráðanna innbyrðis.

Rétt þykir mér að vekja athygli á því, að í 6. gr. frv. er svo fyrir mælt, að hverjum, sem skipun fær til opinberra starfa, skuli látið í té ókeypis veitingabréf, en áður hefur verið gert ráð fyrir því, að þau væru stimpilskyld, og í frv. því, sem fyrir liggur um aukatekjur núna, er gert ráð fyrir gjaldi af þessum bréfum, og þyrfti að laga það frv. í samræmi við þetta.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um lausn úr opinberri stöðu. Er þar fyrst rætt um lausn um stundarsakir, en hana má samkv. 7. gr. veita opinberum starfsmanni, ef hann m. a. sýnir hvers konar vanrækslu í starfinu, er ölvaður við störf o. s. frv. Er aðalreglan þó sú, að veita skal starfsmanni kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir. Þetta gildir þó ekki, ef hann hefur fjárreiður eða bókhald með höndum og víst þykir eða líklegt, að á því sé óregla. Þá má veita lausn um stundarsakir án þess, að áminning hafi farið á undan. Svo er og í nokkrum nánar tilgreindum dæmum. Jafnskjótt og lausn hefur verið veitt um stundarsakir, skal hefja aðgerðir til að ganga úr skugga um, hvort sakir séu svo vaxnar, að veita skuli starfsmanni lausn að fullu eða hann geti tekið aftur við stöðu sinni. Er líklegt, að dómstólar mundu oft fjalla um slíkt. Meðan lausn um stundarsakir stendur, nýtur starfsmaður hálfra fastra launa, sem stöðu hans fylgja. Er það í samræmi við þá venju, sem fylgt hefur verið í þessum efnum. Ákvæði frv. um lausn um stundarsakir eru til þess sett að draga úr áhættu ríkisins á bótagreiðslum vegna frávikningar að fullu og svo til að vernda opinbera starfsmenn fyrir tilefnislausum brottrekstrum.

Í 13. gr. frv. eru fyrirmæli um lausn opinberra starfsmanna af aldursástæðum. Eru þau ákvæði í fullu samræmi við núgildandi lög um aldurshámark opinberra starfsmanna.

Í 14. gr. frv. eru ákvæði, sem þykir rétt að minnast á sérstaklega. Undanfarið hefur ríkt um það óvissa, hvernig fara skuli um launagreiðslur til opinberra starfsmanna, ef staða þeirra er lögð niður. Hafa út af þessu oft og tíðum nú risið mál á hendur ríkinu og í ýmsum tilvikum með dómi ríkinu gert að greiða starfsmanni bætur. Er því nauðsynlegt að fá um þetta efni skýr og ótvíræð ákvæði. Í 14. gr. frv. er þess vegna mælt svo fyrir, að sé opinber staða lögð niður, skuli starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgja, greidd í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur. Þykir sanngjarnt að mismuna mönnum nokkuð eftir starfsaldri, enda rosknum mönnum ógreiðara oft um útvegun nýrra starfa en þeim, sem yngri eru. Þá þykir og sanngjarnt, að opinber starfsmaður eigi að öðru jöfnu rétt til sömu stöðu, ef hún er sett á fót aftur innan skamms tíma, og hníga að því ákvæði 2. málsgr. 14. gr., sem mæla svo fyrir, að sé staðan aftur stofnuð innan fimm ára, eigi starfsmaðurinn að öðru jöfnu rétt til hennar.

IV. kafli frv. fjallar um orlof og veikindaleyfi.

Ekki hafa verið í lögum sérreglur um orlof opinberra starfsmanna. Í lögum um orlof frá 1943 eru settar almennar lágmarksreglur um orlof. Samkv. þeim lögum skulu þeir, sem lögin ná til, eiga rétt til orlofs í 12 virka daga fyrir eins árs starf, og hafa sumarleyfi ríkisstarfsmanna yfirleitt verið með þeim hætti. Svo sem kunnugt er, var í kjarasamningnum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í desembermánuði 1952 samið um 25% lengingu orlofs, þ. e. 12 virkir dagar urðu 15. Ákvað ríkisstj. á s. l. sumri að heimila hliðstæða lengingu á sumarleyfum starfsmanna ríkisins. Er í frv. gert ráð fyrir þessari dagatölu, þótt enn hafi ekki verið lögfest hækkunin á almenna orlofinu. Heimilað er, að orlof verði allt að 18 virkum dögum, ef sérstaklega stendur á, þótt almenna reglan sé 15 dagar. Ýmsar venjur og reglur hafa komizt á um orlof í einstökum starfsgreinum, sem erfitt yrði að hverfa frá, og getur orðið nauðsynlegt að hafa eitthvert bil til þess að mæta sérstökum ástæðum. Því er þessi uppástunga gerð um, að orlof geti verið, þegar sérstaklega stendur á, 18 virkir dagar. Þá er heimilað að setja reglur um orlof allt að 24 virkum dögum fyrir starfsmenn, er hafa verið lengur en 15 ár í þjónustu ríkisins, enda mun viðast hvar tíðkast, að tillit sé tekið til starfsaldurs manna og jafnvel aldurs, þegar um orlofsveitingu er að ræða. Margs er að gæta við setningu á reglum um þessi efni, svo sem að koma orlofum þannig fyrir, að ekki verði starfi stofnananna til tjóns, og mætti í því sambandi athuga möguleika á einhverri dreifingu orlofs þeirra starfsmanna, er yrðu aðnjótandi hinna lengri orlofa.

Um veikindaleyfi og launagreiðslur til opinberra starfsmanna í veikindaforföllum hafa engar reglur verið í lögum, og er það hin mesta nauðsyn, að um þetta efni verði komizt á fastan grundvöll, enda hefur verið mjög á reiki, hverjum reglum hefur verið fylgt í þessu efni. Er hvort tveggja augljóst, að með þessu getur skapazt misrétti eftir viðhorfum yfirmanna, svo og hitt, að forráðamönnum stofnana er lagður óhæfilegur vandi á herðar, ef þeir verða að ráða fram úr slíku án þess að hafa reglur við að styðjast, en svo sem frv. ber með sér, er þó gert ráð fyrir því, að ákvæði um þetta efni verði sett með reglugerð, en ekki í lögum. Þykir hentugra, að reglur um þetta efni, sem búast má við að geti orðið talsvert margbrotnar, séu settar með reglugerð fremur en með lagaákvæði.

Þá eru í þessum kafla frv. settar reglur um leyfi barnshafandi kvenna, sem eru í opinberu starfi. Munu þær reglur eiga nokkra stoð í venju, sem fylgt hefur verið undanfarið.

V. kafli frv. fjallar um launagreiðslur og hlunnindi, og eru ákvæði 18.—20. gr. að mestu í samræmi við núgildandi reglur um þetta efni, í lögunum um laun embættismanna frá 1919, og svo venjur. Í 21. gr. er nýmæli þess efnis, að opinber starfsmaður, sem leystur er frá starfi vegna vanheilsu eða slysa, skuli fá greidd þriggja mánaða laun. Kemur sú greiðsla að sjálfsögðu til viðbótar þeim greiðslum, sem hann kann að hafa fengið í veikindaleyfi. Hins vegar mun starfsmaður auðvitað ekki byrja að taka eftirlaun, er hann kynni að eiga rétt á, fyrr en hann hættir að taka laun. Í greininni er einnig það ákvæði, að ekkja starfsmanns, sem látizt hefur, skuli fá greidd laun hans í þrjá mánuði frá láti hans. Hefur framkvæmd í þessu efni verið talsvert á reiki og því heppilegt að fá hér fasta reglu.

22. gr. er samhljóða 34. gr. launalaganna, um mat hlunninda, og breytast því ákvæði um þetta efni ekki, þótt sú grein sé felld niður úr launalögunum.

Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla í samræmi við núgildandi reglur, nema nýmæli eru í 25. gr., þar sem konum, sem veita heimili forstöðu, er veittur réttur til að vinna ⅔ hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, og sömu ívilnun er og heimilað að veita öðrum, sem sérstaklega stendur á um, svo sem vegna heilsuveilu, að það sé heimilt að veita þeim heimild til að vinna ekki fullan starfstíma gegn samsvarandi frádrætti í launum. Er hvort tveggja því skilyrði bundið, að þessi háttur geti samrýmzt því starfi, sem um er að ræða.

Í VI. kafla frv. eru lögfestar almennar reglur um skyldur starfsmanna. Eru þessi ákvæði almennt í samræmi við það, sem talið hefur verið gilda, þótt eigi væri bundið í lögum. Rétt er þó að vekja athygli á fyrirmælum um, að stimpilklukkur skuli notaðar þar, sem því verður við komið, til aðhalds um stundvísi, og jafnframt um skyldur starfsmanns til þess að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma, er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla. Ef hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla, þá hefur hann skyldu til að vinna allt að tvöföldum þeim tíma án yfirvinnukaups.

Í 31. gr. er svo fyrir mælt, að vinnutími starfsmanna skuli ákveðinn með reglugerð, svo sem nú á sér stað. Hann er nú ákveðinn með reglugerð.

Í VII. kafla segir um, hverjar reglur gildi um aukastörf opinberra starfsmanna. Mun mega telja, að þar séu lögfestar þær reglur, sem álitið er að gilt hafi í þessu efni, þótt óvissa hafi auðvitað ríkt um það nokkur, þar sem engin ákvæði hafa um þetta verið í lögum. Þau sjónarmið, sem þarna koma til, eru fyrst og fremst að tryggja það, að starfsmenn hafi ekki með höndum störf, er leiði til vanrækslu á aðalstarfi þeirra, eða störf, sem af öðrum ástæðum samrýmast ekki stöðu þeirra. Hins vegar er ekki ætlunin að meina opinberum starfsmanni að nýta starfsorku sína til annarra starfa, þar sem það getur orðið gert án skaða fyrir gæzlu þeirra starfa, er stöðu hans fylgja, enda er þjóðfélaginu í sjálfu sér hagur í því, að starfsþrek manna nýtist sem bezt.

Í VIII. kafla er loks ákvæði samsvarandi ákvæði í launalögunum um, að gefa skuli Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á því að fjalla um þau ágreiningsatriði, er upp kunna að koma í sambandi við samningu reglugerða eftir lögunum eða við endurskoðun þeirra. Er nauðsynlegt og heilbrigt, að náið samstarf sé milli fulltrúa ríkisvaldsins og samtaka opinberra starfsmanna, svo að takast megi að finna hið rétta meðalhóf, er tryggt geti hagsmuni starfsmannanna á þann hátt, sem samrýmast má getu ríkisins. Má og í

þessu sambandi geta þess, sem nánar er greint frá í grg. frv., að frv. það, sem hér er til umr., hefur verið ýtarlega rætt við fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Er það von mín, að frv. þetta, þegar það verður að lögum, geti orðið til mikilla bóta, bæði fyrir ríkið og fyrir opinbera starfsmenn.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

**Forseti (GíslJ):** Hæstv. fjmrh. hefur lagt til að vísa málinu til hv. fjhn., og verður sú till. borin upp fyrr; hins vegar hefur hv. 1. þm. Eyf. komið með till. um að vísa því til allshn.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil leyfa mér að segja það til stuðnings minni till. um að vísa málinu til fjhn., að þessa löggjöf verður nánast að skoða sem eins konar viðauka við launalögin, og hefur verið þannig að þessum málum unnið nú á síðara stigi undirbúningsins, að svo væri. Þess vegna finnst mér alveg eðlilegt, að þetta frv. fari til fjhn. eins og launalögin á sínum tíma og eins og þau gera ætíð, þegar þau eru hér til meðferðar. Það er í raun og veru ekki hægt að slíta sundur ákvæði um sjálfar launagreiðslurnar og ákvæðin um réttindi og skyldur.

Frv. vísað til fjhn. með 9:2 atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 404).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Frv. þetta á sér alllanga sögu. Það kvað vera gert upp úr frv., er samið hafi verið fyrir nokkrum árum á vegum dómsmrn. Að óreyndu hefði því mátt ætla, að frv., eftir að hafa verið svona lengi í deiglunni, væri orðið vel frá gengið, en ekki er hægt að segja, að sú sé raunin á. Frv. er fremur hroðvirknislega frá gengið að orðfæri, og einnig efnislega sitt hvað við það að athuga. Að vísu er skylt að viðurkenna, þegar um efnið ræðir, að íslenzk löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur verið afar ófullkomin, aðeins fyrirmæli um einstök atriði á víð og dreif í ýmsum lögum, og venjur í þessum efnum einnig allsundurleitar. Það er því í fyrsta sinn, að sett er heildarlöggjöf um þessi efni, ef frv. þetta verður að lögum. Hér er þess vegna um að ræða frumsmíð, sem framkvæmdir og reynsla eiga eftir að fara höndum um og hefla, sníða af og auka við, eftir því sem í ljós kemur að við á og með þarf. Réttara er á fyrsta stigi lagasetningar sem þessarar að láta heldur vanta ákvæði en binda um of með fyrirmælum. Hægara er t. d. að bæta við rétt starfsmanna en taka aftur það, sem veitt hefur verið þeim í vil. Allt það, sem fer batnandi, er til mestrar ánægju. Þess vegna er ekki um að fást, þó að löggjöf þessi verði ekki tæmandi, bara að hún gangi hvergi svo langt, að erfiðum afturkippum þurfi að valda. Í samræmi við þá skoðun eru þær brtt. fjhn. á þskj. 404, sem miða að því, að setja skuli heldur í reglugerð en lögin viss atriði, og kem ég að því síðar.

Eins og skýrt er frá í áliti fjhn., þá hafði n. allmikið fyrir þessu frv., ræddi það oft og leitaði umsagnar og álits fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúa ríkisstj., en þetta eru gagnaðilar þeir, sem hægt var að snúa sér til í málinu. Hreyfðu báðir málspartar athugasemdum og brtt., sem að nokkru voru teknar til greina, eftir því sem fjhn. taldi rétt vera, og kemur það fram í einstökum till. hennar. Till. fjhn. um breyt. á frv. eru margar, eins og þskj. 404 ber með sér. Þó hlífðist nefndin satt að segja talsvert við að gera brtt. um málfar, þar sem það gat talizt tungutækt og merkingarrétt í frv., þótt annað mætti betur fara sýnilega. Ég tek þetta fram til þess að fyrirbyggja þann misskilning, að n. hafi haft ánægju af að gera sem mest að því að breyta eða leggja til um breytingar á frv. Allir nm. eru sammála um það að mæla með því, að mál þetta gangi fram á Alþingi. Fjórir leggjum við til, að frv. verði samþ. með breytingum þeim, er fylgja í nál. Fimmti nm., hv. 4. þm. Reykv., skrifaði undir með fyrirvara og áskildi sér rétt til þess að flytja sérstakar brtt. við frv. og við till. n., sem hann þó mun vera fylgjandi flestum, enda tók hann þátt í afgreiðslu þeirra í nefndinni, þótt hann áskildi sér rétt til sérstöðu í nokkrum atriðum, ef til kæmi.

Sú brtt., sem ég tel rétt að minnast fyrst á, er í raun og veru sú, sem síðast kemur fram í brtt. réttilega að formi til, þ. e. brtt. um fyrirsögn frv. Frv. er nefnt „Frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna“. Þeir, sem hafa gengið frá grg. frv., hafa þó veitt því fulla athygli, að undanskildir í þessu frv. eru þeir opinberir starfsmenn, sem vinna fyrir sveitarfélög. Þar af leiðandi má heita dálítið undarlegt, að frv. skuli ekki hafa verið gefið heiti í samræmi við það — og það heiti, sem fjhn. nú leggur til að það beri, sem sé „Frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“. Það er réttnefni að áliti nefndarinnar, af því að frv. nær ekki til annarra en þeirra, sem eru starfsmenn ríkisins. Í samræmi við þessa brtt. um fyrirsögn frv. koma margar brtt. við frv. hér og þar.

I. kafli er um það, til hvers lög þessi taka. Sá kafli er aðeins ein grein, og 1. brtt. nefndarinnar, a, er um það, að í stað orðanna „til hvers þess“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: til hvers manns. — Nefndinni þótti viðeigandi að nota ekki fornafnið „þess“ í upphafi þessarar lagasetningar, heldur nafnorðið „manns“. Skýrir það sig sjálft. B-liðurinn í 1. brtt. er svo í samræmi við brtt. um heiti frv., orðið „opinberir“ í 2. málsl. 1. málsgr. falli niður, og enn fremur c-liðurinn, að orðið „opinber“ í seinni málsgr. falli niður.

Þá kemur fyrirsögn II. kafla, um veitingu opinberra starfa. Þar er till., að orðið „opinberra“ falli niður. — Þá er 3. brtt. og er alveg sama efnis.

Svo er 4. brtt. Þar er a-liðurinn sama efnis. — B-liðurinn er, að í stað orðanna „um að tefla“ í niðurlagi 3. tölul. komi: um að ræða. — Liðurinn

hljóðar þannig í frv.: „Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa, sem hverju sinni er um að tefla.“ Samkvæmt íslenzkri málvenju virtist fjhn. ekki eiga við að nota talsháttinn „um að tefla“ þarna, heldur talsháttinn „um að ræða“. — Þá er c-liðurinn í 4. brtt., í stað orðanna „enda sé þá, þegar unnt er, gerð gangskör að því að afla aðila íslenzks ríkisfangs lögum samkvæmt, og fær hann eigi skipun til starfans, fyrr en því skilyrði er fullnægt“ komi: en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt. — Þarna er um það að ræða, ef nauðsynlegt þykir að fá mann, sem hefur ekki íslenzkan ríkisborgararétt, til að gegna starfi í þjónustu ríkisins, þá sé hann ekki skipaður fyrr en hann hefur fengið ríkisborgararéttinn, og nefndinni þykir óþarfi að hafa þau fyrirmæli í lögunum, að skylt sé að ganga fram í því af öðrum en honum sjálfum að afla honum ríkisborgararéttarins. — Þá er d-liðurinn í 4. brtt., í stað orðanna „eða ef annars er svo mælt í lögum“ í 7. tölul. komi: eða ef svo er fyrir mælt í lögum. — Eins og menn geta fundið, þá er nú fyrst og fremst orðið „annars“ þarna eins og varta á setningunni, en þar að auki er einfaldara mál og eðlilegra að segja „fyrir mælt“ heldur en „mælt“ í lögum.

Þá er 5. brtt., við 4. gr. Hún er um umorðun greinarinnar. Greinin er, eins og hún er í frv., dálítið harðhnjóskuleg að framsetningu, en þar að auki vantar í hana einn lið, sem nauðsynlegt þótti að setja inn, en það er 6. liðurinn í brtt. n., um það, að maður skuli gegna stöðu sinni þangað til skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út. Það er eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, úr því að svo er, að á vegum ríkisins starfa menn, sem hafa tímabundna skipun til síns starfa, t. d. tollstjórar.

Þá er 6. brtt., við 5. gr. A-liðurinn er brtt., sem leiðir af fyrirsagnarbreytingu. — B-liðurinn er lítils háttar lagfæring á setningaliðaskipun, en að öðru leyti ekki breyting. — C-liðurinn er afleiðing fyrirsagnarbreytingar.

7. till., við 6. gr., er um það, að fyrri málsgr. falli niður, en fyrri málsgr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Hverjum þeim, sem skipun fær til opinberra starfa, skal látið í té ókeypis veitingarbréf. Samsvarandi gildir um setningu og ráðningu til slíks starfa.“ Nm. litu svo á, að ástæðulaust væri að hafa þessa undanþágu fyrir opinbera starfsmenn, að þeir fengju sín veitingarbréf ókeypis, og í frv., sem liggur fyrir Alþingi um aukatekjur ríkisins, er beinlínis gert ráð fyrir því, að þeir greiði gjöld í eitt skipti fyrir öll fyrir veitingarbréf. Í atvinnulífi þjóðarinnar á öðrum sviðum tíðkast þetta, þar sem menn öðlast réttindi til starfa, og fer ekki vel á því, að stéttir þjóðfélagsins geti metizt um það, að ein hafi fríðindi, þar sem önnur hefur þau ekki. Á því byggist brtt. — Þá er b-liðurinn, við orðasambandið „hvert það stjórnarvald, er opinberri stöðu ráðstafar.“ Þarna er orðinu „opinberri“ ofaukið samkvæmt till. um breyt. á fyrirsögn, en í leiðinni, úr því að breyta þurfti, þótti nefndinni réttara að gera framsetninguna einfaldari og leggur til, að í stað áður lesinna orða komi: hver sá, er stöðu ráðstafar.

8. brtt., um fyrirsögn kafla, er afleiðing till. um breytingu á aðalfyrirsögn frv.

9. till. er við 7. gr.; a-liðurinn, að í stað orðanna „lausn um stundarsakir má veita opinberum starfsmanni“ í upphafi 2. málsgr. komi: rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir. — Þarna er um það að ræða, ef veita á lausn fyrir óstundvísi eða aðra vanrækslu í starfi, og þótti n. heppilegra orðalag að segja „rétt er að veita lausn“ undir þeim kringumstæðum heldur en „lausn má veita“, því að orðið „má“ gefur frekar undir fótinn með það, að yfirleitt skuli umbera slíkt, en það er ástæðulaust að gefa frv. sem þessu slíkan blæ. — Þá er b-liðurinn, þ. e., að orðin „að marki“, þ. e. a. s. „lausn um stundarsakir má veita opinberum starfsmanni, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu að marki“, segir í frv. Þetta taldi n. óþarfa fyrirvara, að vanrækslan þyrfti að vera „að marki“, til þess að til lausnar kæmi. Það er líka blæmunur, eins og ég nefndi áðan, blær, sem ekki er vert að hafa á frv., að hafa slíkan fyrirvara. — Þá er c-liðurinn, að upphaf síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo: Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir. — Málsl. hljóðar þannig í frv.: „Skal veita starfsmanni áminningu og honum veittur kostur á að bæta ráð sitt.“ Nú er það rökréttara eftir rás viðburða að taka það fyrst fram, sem fyrr kemur til greina, en það, sem hér um ræðir, er það, hvort á að láta mann sleppa með áminningu eða ekki. En eins og það er sett fram í frv., þá er fyrst tekið fram um það, að veita megi lausn, en síðar tekið fram, að það skuli veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt. Til þess að gera framsetninguna eðlilegri tók n. upp þá till., að „þó“ skuli veita starfsmanni — og verður þá ekki út á það sett, að röðin í fyrirmælunum er eins og hún verður. Í leiðinni var svo breytt orðalaginu, að honum skyldi gefinn kostur á að bæta ráð sitt, í stað þess að segja „veittur kostur“, en það mun vera venjulegra mál. — D-liðurinn er afleiðing af fyrirsagnarbrtt. Sömuleiðis e-liðurinn. — Þá er f-liðurinn aðeins leiðrétting á máli, að í stað orðanna „varða kunni“ komi: varða kynni. — Þarna er um viðtengingarhátt að ræða og merkir það, að ef í ljós kemur, að maður reynist hafa brotið af sér, þá eigi til framkvæmda að koma. Það er ekki fullyrt, en viðtengingarháttur viðhafður að réttu eftir till. nefndarinnar.

Þá er 10. till. við 8. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra *mála, ef ástæða þykir til*, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu. — Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar.

Þessi brtt. og umorðun greinarinnar er í aðalatriðum gerð til þess að færa mál til betri vegar. Í frv. er t. d. sagt, að það skuli „ganga úr skugga um það, hvort sakir séu svo vaxnar, að veita skuli honum lausn að fullu, eða hvort fært sé að láta

hann taka aftur við". Orðið fært er of blaðagreinarlegt til þess, að það sé heppilegt orð í löggjöf undir þessum kringumstæðum.

Þá er það 11. till., við 9. gr., 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkv. mati í þeim launum, er hann fær. — Það, sem brtt. þessari veldur fyrst og fremst, er það, að n. kunni illa við talsháttinn „ef því er að skipta", og í öðru lagi eru setningarliðir réttar upp settir í brtt. — Þá er b-liðurinn. Í stað orðsins „endurgreiddan" í 2. málsgr. komi: greiddan. — Í frv. hljóðar þessi málsgr. svo: „Nú fellur niður lausn um stundarsakir, og skal starfsmaður þá fá endurgreiddan þann helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur." Nú er ekki átt við það, að um það sé að ræða, að úr hendi hans hafi verið tekin laun, sem honum hafi verið afhent, því að ekki á að greiða honum nema hálf laun, meðan rannsókn stendur yfir. Þess vegna er ekki þarna um endurgreiðslu að ræða — það er hugsunarvilla — þetta er greiðsla, sem áður hefur ekki verið innt af hendi.

Þá er 12. till., við 10. gr. A-liðurinn leiðir af till. um fyrirsagnarbreytingu. — Í stað orðanna „sérstaklega mælt" komi samkv. b-lið: sérstaklega fyrir mælt. — Það þótti n. málvenjulegra og eðlilegra að segja „fyrir mælt" en „mælt". — Þá er c-liðurinn, að í stað orðanna „svo sem um eftirlaun .... eftir því sem við á" í síðari málsgr. komi: svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær starfsmaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o. s. frv. — Breytingarnar eru þær, að í staðinn fyrir orðin „ef því er að skipta" kemur: sé um þau að ræða — og svo er orðinu „lífeyri" bætt inn í, því að hann kemur auðvitað til greina undir þessum kringumstæðum miklu frekar en eftirlaun, sem nú eru orðin fátíðari en fyrrum var.

Þá er það 13. till., við 11. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur, og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar, skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur stöðuveitanda.

Þarna er orðalagi nokkuð við vikið. Óþarft þótti t. d. að taka fram, að dómur geti gengið um þessa hluti og ákveðið bætur. Enn fremur þótti við eiga, til jafnvægis, þar sem hér er um frv. að ræða um skyldur og réttindi, að taka upp, að við mat á bótum skuli einnig koma til athugunar málsbætur stöðuveitanda fyrir því að hafa vikið manni úr stöðu. Þær geta vitanlega verið mjög misjafnar, stundum engar ef til vill, stundum miklar.

Þá er það 14. brtt. Hún er aðeins afleiðing af till. um fyrirsagnarbreytingu.

15. till., a-liðurinn, er af sömu rótum runnin. — Þá er b-liðurinn, að í stað orðanna „með eftirlaunarétti" í 2. málsgr. komi: með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris. — Þarna er lífeyri bætt inn í, svo sem rétt er, af sömu ástæðum og ég áðan nefndi í sambandi við 10. gr.

Þá er það 16. brtt., við 14. gr. A-liður er afleiðing fyrirsagnarbrtt. — B-liðurinn, að á eftir orðunum „greidd í 6 mánuði" í sömu málsgr. komi: frá því að hann lét af starfi. — Þar er um það að ræða að gera það skýrara, við hvaða tímamörk skuli miðað, svo að ekki þurfi um það að deila. — C-liðurinn, að aftan við 1. málsgr. bætist: enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. — Sjálfsagt þykir, að sá maður, sem nýtur eftir á launa fyrir stöðumissi, njóti þeirra ekki, ef hann hafnar því að taka við annarri sambærilegri stöðu, sem frv. annars áskilur honum rétt til að eiga að öðru jöfnu við aðra umsækjendur forgangsrétt að. — Þá er d-liðurinn, að á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í gr. þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.

Þessi brtt. er upp tekin eftir óskum og till. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þótti n. sanngjarnt að taka till. til flutnings og gefa þannig þeim mönnum, sem verða fyrir stöðumissi án þess að eiga sök á því, rétt til þess að sitja að öðru jöfnu fyrir starfi í þjónustu ríkisins, ef það losnar og ef sá aðili, sem misst hefur stöðuna, sækir um það. Inn í þessa gr. bætti þó n. ákvæðinu um það, að rétturinn gildi í 5 næstu ár, en ekki lengur. N. þótti síður við eiga að hafa þennan rétt alveg takmarkalausan að árafjölda, og ákvæði þetta er í samræmi við önnur ákvæði í þessari grein.

Þá er það 17. till., við 15. gr. Fyrsti liður er aðeins leiðrétting í samræmi við till. um breytingu á fyrirsögn. — B-liðurinn er það, að síðari málsgr. orðist svo:

Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.

Breytingin er í því fólgin, að tekið er fram, að ákvæði í ráðningarsamningi, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, skuli standa, en eftir frv. er ekki tekið fram um, að miðað sé við þegar gerða samninga. En hinseginn er að setja lög með ákvæðum, sem samningar, sem gerðir eru eftir lagasetningu, geta upp hafið.

Þá er það 18. till., við kaflafyrirsögn, sem er afleiðing af aðalfyrirsagnarbrtt.

19. till. er bæði að því er a, b og c snertir afleiðing af fyrirsagnarbreytingu. — En d-liðurinn er um það, að á eftir fyrri málsl. síðustu málsgr. í 16. gr. komi: sbr. 15. gr. — og er þar efni greinarinnar að þessu leyti tengt við ákvæðin um gildi ráðningarsamninga og laga, er öðruvísi mæla fyrir.

Þá er það 20. till., við 17. gr. Orðið „opinberra" í fyrri málsgr. falli niður. — Svo er b-liðurinn, að aftan við fyrri málsgr. bætist: svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar. — En það er afleiðing af því, að till. kemur fram, sem c-liðurinn hljóðar um, að síðari málsgr. 17. gr. falli niður. Fyrri málsgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ákveða skal með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til opin-

berra starfsmanna í veikindaforföllum.“ Síðari málsgr.: „Vegna barnsburðar skal kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga fyrir og eftir barnsburð. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga.“ Meiri hl. n. að minnsta kosti fannst óþarft að taka fram þessi ákvæði um rétt konu, sem þarf að vera frá starfi vegna barnsburðar. Þetta virtist meiri hl. vera eðlilegt að yrði reglugerðarákvæði eins og annað um starfstíma og forföll. Það þarf ekki að ræðast út af fyrir sig, hvort þarna er um ofrausn að ræða að veita konu, sem er í stöðu hjá ríkinu, rétt til að vera fjórða part ársins utan starfs, ef hún elur barn. Hitt er ákveðin till. n., að þetta skuli ákveðið með reglugerð.

21. till. er við 18. gr. Þar eru a- og b-liðir afleiðingar af fyrirsagnarbrtt. við frv. C-liðurinn er aðeins leiðrétting á hætti sagnar.

22. till. er við 19. gr. Þar er a-liðurinn afleiðing af till. um fyrirsagnarbreytingu. — B-liðurinn er till. um að breyta um orð, og koma þar til greina smekksatriði og að vísu rökræna í máli, að í stað orðanna „hinni gömlu“ á tveimur stöðum í sömu málsgr. komi á báðum stöðum: hinni fyrri. — Þarna er um það að ræða, ef maður flyzt úr einni stöðu í aðra. Alls ekki er sjálfsagt, að sú staða sé gömul, hvorki í sjálfu sér gömul né að hann hafi lengi setið í þeirri stöðu, en undir öllum kringumstæðum er það fyrri staða hans og því er það bæði smekklegra og rökréttara að fara að till. nefndarinnar.

23. till., við 20. gr., þarf ekki að ræðast. Hún er afleiðingartillaga. — 24. till., að því er a og b snertir ekki heldur, en c-liðurinn er það, að þar sem stendur í frv.: „Um greiðslu til ekkju látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. málsgr.“ — þar komi í stað orðsins „ekkju“: maka, um greiðslu til maka. Þarna er um það að ræða að gefa jafnrétti karlmanni og kvenmanni, og satt að segja held ég, að till. eða ábending hafi komið um þetta frá Kvenréttindafélagi Íslands, og sýnir það, að þau félagssamtök eru farin að hugsa nokkuð ýtarlega um þessi mál og geta meira en sinnt málefnum kvenfólksins.

Þá er 25. till. aðeins afleiðingartillaga. — 26. sömuleiðis. — 27. enn fremur. — 28. er við 27. gr. og umorðun gr. Greinin orðist svo:

Fjmrh. ákveður með reglugerð daglegan vinnutíma starfsmanna svo og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan þess tíma.

27. gr. í frv. er nokkuð athugaverð í sjálfu sér. Þar er að vísu gert ráð fyrir því, að þessi efni séu aðallega ákveðin með reglugerð, daglegur vinnutími, en þó tekið fram, að réttur sé til að greiða aukaþóknun starfsmanni, er eftir venjulegan tíma vinnur að boði yfirmanns síns verk, er má bíða, og skal sú þóknun fara eftir reglugerð, er ráðh. setur. Hér er setningin „er má bíða“ þannig, að hún yrði ekki látin óleiðrétt fram hjá fara, því að þar er ekki átt við það, að þau ein verk megi greiða, sem ekki er nauðsynlegt að unnin séu á stundinni. En í stað þess að leggja út í það að gera brtt. um þetta, þá umorðaði n. greinina og leggur til, að allt efni hennar heyri undir reglugerð, er fjmrh. setji, og virðist það einfaldast og eðlilegast.

29. till. er við 28. gr. A-liðurinn er afleiðing. — B-liðurinn er um það, að 2. málsl. umorðist. Í 2. málsl. segir í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Hann skal gæta þess að sýna kurteisi, lipurð og réttsýni í starfi sínu.“ Gæta þess að sýna kurteisi og réttsýni, — sýna réttsýni er leiðinleg samskella í máli, og n. leggur til, að þetta verði orðað á einfaldari hátt og meira blátt áfram: Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu.

Þá er 30. till. aðeins afleiðingartillaga.

31. till. er við 30. gr. og er um það, að orðið „verulega“ í síðustu málsgr. falli niður. En þar segir: „Nú sýnir starfsmaður verulega óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara, og varðar það brottvikningu.“ Það gefur nokkuð leiðinlegan blæ að tala um, að það þurfi „verulega“ vanrækslu og óstundvísi til þess, að viðurlög séu látin gilda, og það er í samræmi við áður fram komnar brtt., sem ég hef lýst, sem talið er rétt að orð þetta falli brott.

Þá er 32. brtt. um það, að 31. gr. falli niður. Hún er í frv. á þá leið, að vinnutími opinberra starfsmanna skuli ákveðinn með reglugerð, en samkv. till., sem ég hef áður lýst, er þetta atriði tekið inn í 27. gr. og gerir 31. gr. óþarfa. Áður var efnið samhljóða í þessum tveim greinum, en 27. gr. hafði þá ekki eins yfirtæka merkingu og hún fær, ef brtt. n. verður samþykkt.

Þá er 33. brtt., við 32. gr., sem verður 31. gr., að 2. málsl. orðist svo: Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma. — Breyting sú, sem n. leggur til að gerð sé á þessari gr., er það, að bætt sé inn í orðunum: nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu. — Þetta er gert samkv. bendingu rn. og rökstutt með því, að við lögreglustörf og öryggisþjónustu, m. a. tollgæzlu, sé ekki hægt að hafa fastbundinn vinnutíma, hvorki að því er yfirvinnu snertir né ákveðinn tíma úr degi.

34. brtt. er um, að fyrirsögn VII. kafla breytist í samræmi við till. um breyt. á fyrirsögn frv.

Þá kemur 35. brtt. Hún er við 35. gr., sem verður 34. gr. A-liðurinn er um það, að 1. málsgr. orðist svo: Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja. — Þetta er umorðun á málsgr., leiðrétting í samræmi við fyrirsagnarbrtt. og einnig bætt orðalag að öðru leyti. — B-liðurinn er afleiðingartillaga.

Þá er 36. till. Hún er um það, að á eftir 35. gr. komi nýr kafli, sem verður VIII. kafli, undir fyrirsögninni „Starfsmenn Alþingis“, og í þeim kafla verði ein grein, sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkvæmt lögum þessum.

Þessi ákvæði vantar inn í frv. Skrifstofustjóri Alþingis hefur óskað eftir því, að þau séu upp tekin, og hefur rök að mæla, því að hér er um að ræða reglur, sem gilt hafa að undanförnu og

engum dettur sjálfsagt í hug að upphefja, en verða að lögbindast á þennan hátt, ef þær eiga ekki að brjóta í bág við lagasetninguna.

37. till. er um, að fyrirsögn breytist í samræmi við fyrirsögn frv., — og svo er 38. till. um það, að gildistaka laganna verði 1. júlí, en í frv. stendur 1. janúar, sem auðvitað kemur ekki til greina lengur; er hjáliðinn dagur.

Um fyrirsagnartillöguna hef ég áður talað.

Ég vil geta þess, að 37. gr. frv. í kaflanum um gildistöku og afnám laga o. fl. hefur verið eftir ósk n. athuguð af skrifstofustjóra Alþingis og ekkert fundizt við greinina að athuga.

Ég hef þá farið yfir brtt., en ekki séð ástæðu til þess að ræða um einstakar gr., sem engin brtt. er gerð við, og ég tel yfirleitt ekki ástæðu til þess að lengja lopann meira í framsögu af hálfu fjhn., tel mig hafa skýrt brtt. nægilega, og ef það er ekki, þá mun ég reyna að gera það frekar að gefnu tilefni.

N. leggur til, eins og ég gat um í upphafi, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem því fylgja frá n. Þess er að vænta, að setning slíkrar heildarlöggjafar um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins megi teljast til umbóta, fyrirbyggi misskilning um rétt og skyldur, skapi öryggi, bæði fyrir þann, er vinnur, og hinn, sem þarf að láta vinna verkin, og verði grundvöllur gagnkvæmrar skyldurækni. Skyldur og réttindi þurfa jafnan að haldast í hendur, ef vel á að fara. Frv. er fram lagt í þeim tilgangi að reyna að tryggja það á því sviði, sem lögin eiga að ná til, og fjhn. hefur miðað brtt. sínar við þann tilgang.

**Haraldur Guðmundsson:** Eins og fram er tekið í nál. á þskj. 404, þá hef ég ritað undir það með fyrirvara, og í fyrirvaranum felst það, að ég hef áskilið mér rétt til að bera fram brtt. við frv. núna við þessa umr. málsins.

Í meginatriðum er ég sammála þessu frv. og þeirri stefnu, sem fylgt er við undirbúning þess. Að mestu leyti, hygg ég, að hér sé um að ræða lögfestingu á reglum, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, og þær breytingar, sem frá þeim reglum eru gerðar í lögunum, miða yfirleitt helzt þó í þá átt að tryggja réttindi starfsmannanna. Ég tel það vel farið og er ánægður með þá meginstefnu, sem fram kemur í frv.

Eins og hv. frsm. tók fram, þá átti n. viðræður við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ræddi við þá um brtt., sem þeir höfðu óskað eftir, að gerðar yrðu á frv. Nokkuð af þessum till. hefur n. tekið upp í sínar till., en þó eru tvö eða þrjú atriði, þar sem n. í heild gat ekki fallizt á að verða við tilmælum stjórnar Bandalagsins, og hef ég leyft mér að flytja brtt. um það efni, sem ég ekki hef fengið tíma til að láta prenta, en mun nú leyfa mér að leggja fram skriflega í lok ræðu minnar.

1. brtt., sem hér kemur fram, er við 14. gr., þess efnis, að á eftir orðinu „sama“ í 2. málsgr. bætist inn: „eða sams konar“. Verður þá þessi málsgr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sama eða sams konar staða er aftur stofnuð innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.“

Nú stendur í frv.: „Ef sama staða er aftur stofnuð innan 5 ára.“ En ég legg til, að á eftir „sama“ komi orðin „eða sams konar“ til þess að taka af öll tvímæli. Það er jafnan nokkuð erfitt að segja til um það, hvort ný staða, sem er stofnuð, er nákvæmlega sama staðan og sú, sem áður var lögð niður. Það er hægt að stofna sams konar stöðu og veita henni annað nafn, þó að starfssviðið sé í raun og veru alveg það sama. Brtt. er því fram borin í því skyni að taka af öll tvímæli í þessu efni, taka af allan vafa um rétt manna til fyrri stöðu sinnar, ef hún er stofnuð að nýju, þó að það yrði þá undir öðru starfsheiti, ef hlutverkið er hliðstætt eða hið sama og fyrri stöðunnar. Ég álít, að þessi brtt. þurfi ekki frekari skýringar við; það er aðeins til þess að gera lögin ákveðnari í þessu efni og til þess að sá möguleiki sé ekki til að breyta um nafn á stöðu án þess, að stöðunni sjálfri sé breytt.

2. brtt. mín er við 34. gr. 34. gr. fjallar um skyldur starfsmanns til að hlíta breytingum samkvæmt lögum á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi. Ég legg til, að aftan við fyrri málslið gr. bætist: enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. — Verður þá málsgr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum.“ Þetta atriði var allmjög rætt í n., og því var haldið þar fram, að dómar væru fyrir því, að mönnum væri ekki skylt að hlíta slíkum breytingum, ef þeim fylgdi skerðing á kjörum þeirra eða réttindum. Ég hygg, að það sé rétt, að dómur sé til í einstöku máli um þetta efni, en engu að síður tel ég rétt að taka af vafa í þessu efni með því að setja inn skýr ákvæði í lögin sjálf. Sé það skilningur hv. dm., að þetta sé rétt og eðlilegt og mundi fara svona, ef til málssóknar kæmi, þá er bezt að komast hjá því með því að setja ákvæðin beint inn í lögin, svo að ekki þyrfti til málshöfðunar að koma til skýringar á þessu atriði.

Loks er svo sú brtt., sem ég álít að frekast hafi verið meiningarmunur um í hv. allshn., en hún er þess efnis, að á eftir 36. gr. frv. komi ný gr., sem verði svo hljóðandi:

„Starfsmenn, sem við gildistöku laga þessara hafa með samningum eða reglugerðum öðlazt fyllri réttindi á þeim sviðum, sem lög þessi taka til, en í lögunum er ákveðið, skulu halda þeim.“

Þessi till. er einnig flutt að ósk Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og var talsvert rætt um hana í n. Kom þar fram bæði sú skoðun, að þetta væri óeðlilegt, það sem farið er fram á, að þau réttindi og fríðindi, sem búið væri að veita einstökum starfshópum með reglugerðum eða samþykktum, væru látin haldast að breyttum lögunum, þó að þau væru fyllri heldur en í lögunum segir. En öðrum þræði var einnig vísað til niðurlags síðari málsgr. 15. gr. í frv., sem fjallar um skylt efni, og talið, að það tryggði starfsmennina einmitt á þessu sviði, en þessi ákvæði eru samkvæmt brtt. n. á þessa leið, það er 17. brtt., við 15. gr.:

„Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur

verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.“

Um þetta er n. sammála, að sérákvæði, þótt lengra gangi, eða ráðningarsamningar, sem gert er fyrir gildistöku laga þessara, skuli standa, þó að lögin séu samþ. Sú skoðun kom einnig fram í n., að með tilliti til þessarar gr. væri óþarft að bæta þessari nýju gr. aftan við 36. gr. Ég er nú sömu skoðunar að verulegu leyti eins og þeir nm., sem héldu því fram, að síðasta málsgr. 15. gr. segi nú til um þetta. En til þess að taka af allan vafa, hygg ég þó, að rétt sé að samþ. brtt. mína við 36. gr., að setja þar inn nýja gr., orðaða eins og þar segir. Þeir, sem eru því fylgjandi eða líta svo á, að brtt. við síðari málsgr. 15. gr. beri að skilja réttilega þann veg, sem ég gerði grein fyrir áðan, geta ekki haft á móti efni þessarar gr., því að það er nákvæmlega það sama og þeir segja að felist í síðari málsgr. 15. gr. eftir till. nefndarinnar.

Ég skal svo ekki tefja tíma hv. þm. með lengra máli um þetta. Ég ætla, að brtt. skýri sig sjálfar, það sem til kynni að þurfa umfram það, sem ég hér hef sagt, og vænti, að hæstv. forseti leiti afbrigða til þess að mega taka þær fyrir, þó að þær séu skriflegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 410) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. hefur borið hér fram brtt., eins og við var búizt. Hann skýrði að öllu leyti rétt frá umræðum, sem fóru fram um efni þessara tillagna í fjhn., og þarf ég þess vegna ekki að bæta þar verulegu við; þó vil ég aðeins minnast á tillögurnar.

1. till. er um breyt. á 14. gr., 2. málsl. 2. málsgr. Þetta atriði kom til umræðu í fjhn. vegna bréfs frá stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og var nokkuð athugað, og að athuguðu máli gat meiri hl. ekki fallizt á að taka þetta ákvæði upp, að greinin orðist þannig: „Ef sama eða sams konar staða er aftur stofnuð.“ Í því sambandi vil ég geta þess, að fulltrúar ríkisstj. mæltu móti því, að þessi breyting yrði gerð, og þeir töldu, að með því gæti orðið meiri ágreiningur um rétt starfsmanna. Flm. till. telur, að það sé erfitt að meta, hvort „sama staða“ er stofnuð. En með engu minni rétti má segja, heldur þvert á móti meiri, að erfitt sé að meta, hvort staða er „sams konar“ eða ekki; það orð verður einmitt teygjuband. Nú er sjálfsagt að viðurkenna það, að menn, sem missa stöðu fyrir það, að hún er lögð niður, og eru hæfir í starfi, ættu að eiga nokkurn rétt, meira að segja mikinn rétt til þess að fá nýjan starfa, og það vakir ekki fyrir meiri hl. n. að mæla gegn því. En ekki er heppilegt að skapa um þetta skilyrði til deilu og gera það mjög teygjanlegt, til hvaða stöðu maðurinn getur talið sig eiga rétt, og meiri hl. taldi sig með því að taka upp brtt., sem gefur slíkum starfsmönnum rétt til þess að hafa forgangsrétt að öðru jöfnu að hverju starfi sem er í þjónustu ríkisins í fimm ár, gera með því hátt undir höfði þeim starfsmanni, sem hefur orðið fyrir því, að staða hans er lögð niður.

Þá er það brtt. við 34. gr., að aftan við fyrri málsl. greinarinnar bætist: „enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum.“ Nefndin taldi, eins og hv. flm. sagði, að þetta væri tryggt með seinni málsgr. 15. gr., eins og hún verður samkv. brtt. n., og óþarft að endurtaka það, með því líka að það var upplýst, að á því væri ekki neinn vafi, að sá embættismaður, sem fer úr stöðu vegna þess, að hann hlítir breytingum lögum samkvæmt á störfum sínum, á fullan rétt á því að fá það bætt. Með till. virðist vera frekar girt fyrir það, að hann sé skyldur að fara úr stöðu, en hins vegar væri það óheppilegt, ef ekki væri hægt að breyta verkahring og starfssviði. En tvímælalaust þarf það að vera, að sá, sem verður fyrir þeim breytingum í starfi sínu, eigi fullan bótarétt, svo að hann bíði ekki fjárhagslegan skaða af því. Og um það er víst ekki deilt, að hann eigi þann rétt.

Þá er brtt. við 36. gr. Sú brtt. kom fram frá stjórn bandalagsins, og að vel athuguðu máli taldi meiri hl. n. ástæðulaust að taka hana upp, m. a. fyrir það, að það, sem hér er verið að tala um og gerð till. um að verði tekið sérstaklega í lögin, er að finna í lögunum á öðrum stað, eða í 15. gr., og hv. flm. viðurkenndi það líka, að það væri þar í raun og veru, en till. flutt til þess að taka af allan efa. Engin ástæða virðist til að lengja lög að óþörfu eða hafa þar meiri endurtekningar en nauðsynlegt má teljast. Ég tel þetta óþarfa endurtekningu og eiginlega að gefa löggjöfinni, ef upp yrði tekið, dálítið leiðinlegan blæ, og ég vona, að hv. flm. geti fallizt á það líka. Það var hlegið að fjármanni einum, sem lét sér ekki nægja að telja fé í hús, því þó að hann fengi allt inn, þá taldi hann sér nauðsynlegt að ganga fyrir allar slóðir líka. Það er eitthvað því líkt, sem lagt er til að gert verði með því að taka upp þessa till. Það er viðurkennt, að allt sé komið í frv., sem koma þarf, en fyrir allar slóðir á samt að ganga; það tel ég alveg óþarft.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég þarf engu að bæta við hina greinagóðu framsöguræðu hv. frsm. fjhn. um þetta mál né heldur við svarræðu hans nú áðan, en það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi leyfa mér að taka fram.

Fyrra atriðið er um þann búning, sem þetta frv. var í, þegar það var lagt fyrir þingið og nefndina. Það hefur aðeins verið vikið að því og brtt. bera það með sér, að a. m. k. frá sjónarmiði nefndarinnar var sá búningur lítt forsvaranlegur, og það var þess vegna mjög vafasamt í hugum n. og nm., hvort henni bæri sem þingnefnd að leggja fram þá vinnu, sem þurfti til þess að endurskoða þetta frv. Ég sem form. n. átti töluverðan þátt í því, að það ráð var þó upp tekið, en ég vildi láta það koma skýrt fram, að með því er ég þó ekki að viðurkenna það, að slíkur frágangur stjórnarfrv. eigi að eiga sér stað. Og það er alveg óvíst, ef ég verð formaður í nefnd, sem fær annað eins plagg til meðferðar, að ég styðji að því oftar, að það verði afgr. öðruvísi en með frávísun.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á, er út af 36. brtt. n., um starfsmenn Alþingis. Þar fannst mér hv. frsm. ekki taka nægilega skýrt fram ástæðuna til þeirrar brtt. Hann nefndi það réttilega, að till. væri borin fram eftir beiðni skrifstofustjóra Alþingis og ákvæði till. væru í samræmi við venjur, sem gilt hafa. En ég vil, að það komi skýrt fram, að það liggja dýpri orsakir til þess, að þessi till. er fram komin og hún á rétt á sér og á að samþykkjast. Frumorsökin er sú, að Alþingi er fullvalda stofnun í þessu þjóðfélagi. Það er ekkert vald til í þjóðfélaginu, sem hefur yfir Alþingi að segja. Löggjafarvaldið, sem Alþingi fer með, er alveg jafnrétthátt framkvæmdavaldinu eða ríkisstj. Ég finn ástæðu til að taka þetta fram, sökum þess að ég hef einstaka sinnum orðið var við það, að ríkisstj. hafa talið sig eiga að ráða yfir eða taka ákvarðanir um það, sem forsetum Alþingis réttilega ber að taka ákvarðanir um. Þess vegna var rétt að taka þetta skýrt fram í þessum lögum, þótt það hefði að vísu engu breytt að nefna ekkert um starfsmenn Alþingis. En það er þó þörf á að benda á þetta í þessum lögum, úr því að þau eru sett á annað borð, að starfsmenn Alþingis séu þarna undanþegnir. Og þar með er auðvitað ekki átt við starfsmenn Alþingis í þrengri merkingu þess orðs, heldur er vitanlega Alþingi og forsetar Alþingis algerlega óháð fyrirmælum ríkisstjórnar um þau atriði, sem varða þingið sérstaklega. Um það eiga forsetarnir og þingið sjálft að taka ákvarðanir.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég er alveg sammála hv. þm. Eyf. um það, að sjálfsagt sé að taka það skýrt fram, að ríkisstj. skuli ekki vera að hafa nein afskipti af þeim málum, sem falla undir forseta Alþingis á hverjum tíma, og skal gera hans orð að mínum í því efni, enda hygg ég hvað þetta snertir, að í brtt. við frv., sem hér liggur fyrir, sé það svo skýrt fram tekið, að ekki geti orkað tvímælis.

Um búning frv. skal ég ekki segja margt. Eins og till. bera með sér, hefur verið breytt mjög orðalagi á frv. í einstökum greinum og yfirleitt til stórra bóta. Ég er nú ekki viss um, að þetta frv. hafi verið miklu lakara orðað en sum önnur frv., sem koma hér fyrir þingið og hafa nú skriðið með ekki jafnrækilega athuguðum breytingum á orðalagi eins og þetta frv., en vissulega er það ámælisvert, þegar ríkisstj. leggur ekki meiri alúð eða lætur þá menn, sem undirbúa slík mál, leggja meiri alúð við störf sín heldur en virðist hafa verið gert við þetta frv., sem hérna liggur fyrir. En ég hygg, að frv. sé nú komið í það form, að þeirra hluta vegna sé fullkomlega auðvelt að láta það hafa fullnaðarafgreiðslu nú á þessu þingi.

Út af ummælum hv. frsm. virðist nú sem okkur beri í raun og veru ákaflega lítið á milli. Um 1. brtt. mína, við 14. gr., segir hann, að það sé erfiðara að meta, hvort um sé að ræða sams konar stöðu en sömu stöðu, og það muni þess vegna valda nokkru meiri örðugleikum í framkvæmd, ef mín brtt. er samþykkt, skildist mér. Það verða menn að sjálfsögðu að gera sér ljóst, að það verður ekki komizt fram hjá mati í þessum efnum, nema með því að „sama“ í greininni, eins og hún nú er orðuð, þýði „sama heiti“, því að þá er ekki neitt um að villast lengur. Strax og á að fara að skýra, hvort starfið er í raun og veru það sama undir öðru nafni, þá kemur til mats þeirra aðila, sem um það mundu fjalla, og það verður að viðurkennast, sem sagt er í brtt. minni, að það er hægt að breyta um stöðu, þ. e. a. s. gefa henni annað nafn, þó að starfssviðið, verkið sé nákvæmlega hið sama. Og ég hygg, að þess séu dæmi, að unnizt hafi mál á ríkisstj., sem hafa snúizt um þetta atriði. Ég álít því, að það sé réttara að segja það beinlínis í lagagreininni sjálfri, að það sé ekki nóg að skipta um nafn á starfinu til þess að losna við mann, sem hefur rækt starfið alveg óaðfinnanlega, heldur þurfi að verða breyting á því verkefni, sem undir manninn heyrir, og það er það, sem felst í till. minni. Ég álít því, að það sé réttara að hafa þetta orðalag á greininni, þó að ég skuli ekki mæla því í gegn, að það kynni að fara svo fyrir dómstólum, að skilningurinn á orðinu „sama“ í greininni núna gæti orðið svipaður og „sams konar“, en um það þori ég ekki neitt að fullyrða og ber því till. fram, til þess að tvímæli verði af tekin í lögunum um þetta.

Um brtt. við 34. gr. hefur, held ég, hv. frsm. misskilið orð mín. Ég held, að ekki sé hægt að telja, að viðbótin, sem ég legg til að verði gerð við 34. gr.: „enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum“ — ég held ekki, að það sé hægt að halda því fram, að þetta felist í síðustu málsgr. 15. gr., því að hún segir ekki annað eftir till. n. heldur en að ekki megi taka af mönnum fríðindi, sem búið sé að veita áður en lögin taka gildi. Hins vegar hefur mér verið sagt, og ég hygg, að það sé rétt, að dómur hafi gengið um þetta atriði í einu máli a. m. k., og sú skoðun hafi þar verið staðfest af dómnum, að ekki væri hægt að flytja menn í aðra stöðu með lélegri kjörum en þeirri, sem hann áður var í, ef maðurinn hefur verið fullfær að gegna henni. Nú geta náttúrlega slíkir dómar byggzt á einstökum málsatvikum í því máli, sem dæmt er í, án þess að hægt sé að slá því föstu, að með þeim sé sköpuð algild regla. Og eins og ég orðaði það áðan, hygg ég því, að réttara sé fyrir þá, sem eru þessarar skoðunar, að menn eigi ekki að vera skyldugir til að taka launaskerðingu með flutningi í nýja stöðu, að *taka það inn í lögin, og þar sé alls ekki verið* að ganga lengra í þá átt að lengja lögin en rétt sé og eðlilegt.

Um 37. gr. virðist mér nú, eftir því sem hv. frsm. nefndarinnar sagði, hann vera alveg á sömu skoðun og ég, að í raun og veru sé það rétt og eðlilegt, að starfsmenn, sem fyrir gildistöku þessara laga hafa fengið með samningum og reglugerðum frekari réttindi en þau veita, haldi þessum réttindum. Hann sagði, að það væru ákvæði í lögunum fyrir, sem tryggðu þetta, og mun þá eiga við síðustu málsgr. í 15. gr., mér mætti í raun og veru vera þetta nóg. Ef ég væri þess alveg fullviss, að allir allshn.-menn væru á sömu skoðun í þessu efni og staðfestu þá skoðun sína, þá mætti mér vera það nóg, en ég er ekki viss um, að nm. séu það allir, og álít því, að

það sé rétt, að skýr ákvæði komi inn, því að það getur verið álitamál, hvort seinasta málsgr. 15. gr. tekur til þessa efnisatriðis, sem hér er rætt um. Að hér sé reynt að ganga fyrir allar slóðir, eins og hv. frsm. orðaði það, það fæ ég nú ekki séð. Þær slóðir, sem geta leitt út í einhverjar ógöngur, skaðar nú ekki að gengið sé fyrir og þar með girt fyrir, að eftir þeim verði farið. En ég fæ ekki séð, að nokkurt lýti sé á lögunum, þó að þessari grein sé bætt hér inn í; þvert á móti. Hún á heima á þessum stað, og þó að finna megi að einstakra manna áliti önnur ákvæði í lögum, sem segja það sama, þá er það enginn skaði. Þetta kemur oft fyrir í vandaðri lagasetningu, að slíkt hendir.

Ég mæli svo með brtt. og vildi vænta, að hv. þm. gætu á þær fallizt.

ATKVGR.

Brtt. 404,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,2 samþ. án atkvgr.
— 404,3 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,4.a—b samþ. án atkvgr.
— 404,4.c samþ. með 11 shlj. atkv.
— 404,4.d samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,5 (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 404,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,8 samþ. án atkvgr.
— 404,9 samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,10 (ný 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 404,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,13 samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,14 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,15 samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,16.a—c samþ. með 13 shlj. atkv.
— 410,1 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** LJóh, BrB, FRV, GÍG, HG, JJós.
**nei:** SÓÓ, AE, BSt, IngF, JK, KK, GíslJ.
4 þm. (PZ, VH, BBen, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 404,16.d samþ. með 13 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,17 samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,18 samþ. án atkvgr.
— 404,19 samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,20.a samþ. án atkvgr.
— 404,20.b—c samþ. með 9:3 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 404,21 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,22 samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,23 samþ. án atkvgr.
20. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,24 samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,25 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,26 samþ. án atkvgr.
24. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,27 samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,28 (ný 27. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
— 404,29 samþ. með 12 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,30 samþ. án atkvgr.
29. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,31 samþ. með 11:1 atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 404,32 (31. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 404,33 samþ. með 12 shlj. atkv.
32. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,34 samþ. án atkvgr.
33. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 410,2 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JK, BrB, FRV, GÍG, HG, IngF, JJós.
**nei:** KK, LJóh, SÓÓ, AE, BSt, GíslJ.
4 þm. (PZ, VH, BBen, HermJ) fjarstaddir.
34. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,35 samþ. með 12 shlj. atkv.
35. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 404,36 (ný gr., verður 35. gr., í nýjum kafla) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 404,37 samþ. án atkvgr.
36. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 410,3 felld með 9:4 atkv.
37. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 404,38 samþ. með 13 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 404,39 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv., svo breytt, og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

---

Á 56. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 411).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. er stjórnarfrv. og komið frá hv. Ed.

Frv. er að meginstofni samhljóða frv., sem samið var fyrir nokkrum árum á vegum dómsmrn. Að tilhlutun minni og hæstv. núverandi dómsmrh. fóru þeir sérstaklega yfir frv., skrifstofustjóri fjmrn. og fulltrúi úr dómsmrn., Baldur Möller, og ræddu efni þess allýtarlega við fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Voru þá gerðar nokkrar breyt. á því frv., sem áður lá fyrir í dómsmrn. Þessar breytingar voru gerðar í samráði við mig og hæstv. dómsmrh. Síðan var málið lagt fyrir hv. Ed. og hefur nú verið afgr. þar frá d. með nokkrum breytingum að vísu, en engum svo stórvægilegum, að það sé ástæða til að rekja þær hér við framsögu í hv. deild.

Ég leyfi mér að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frv., varðandi frekari skýringar á efni þess. Ég vil aðeins taka það fram, sem raunar segir einnig í inngangi grg., að íslenzk löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er ákaflega ófullkomin, engin heildarlöggjöf til um það efni og brýn þörf á því, að um það séu settar reglur í lög.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn., og biðja þá n. að greiða fyrir málinu, þannig að það gæti orðið afgr. nú á þessu þingi. Þetta mál hefur nú fengið þann undirbúning, að það ætti að vera vel framkvæmanlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 67., 68. og 69. fundi í Nd., 24., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 411, n. 494, 441, 498, 512).

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Þetta frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er komið frá hv. Ed. og á sér að öðru leyti alllangan aðdraganda, var undirbúið fyrir nokkrum árum af dómsmrn. og síðan þetta frv. yfirfarið af starfsmönnum í stjórnarráðinu, eins og grg. ber með sér, og auk þess hefur átt sér stað víðtækt samstarf og samráð við fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Fjhn. Nd. boðaði á fundi sína bæði fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þá starfsmenn stjórnarráðsins, sem að undirbúningi málsins höfðu starfað. Niðurstöður hjá nefndinni voru að leggja til, að frv. yrði samþykkt, en þó hafa nm. áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., og í samræmi við það liggja þess vegna fyrir nokkrar brtt. við frv. Ég vil taka það fram, að við erum fleiri nm. heldur en þeir, sem brtt. hafa flutt, sem álítum, að það mættu ef til vill athugast nokkru betur einstök ákvæði frv., en þó teljum við það ekki svo mikilvægt, að við viljum stofna til þess að gera breytingar svo að nokkru nemi á frv., vegna þess að langt er komið þingtíma nú, og gæti það orðið til þess að tefja fyrir framgangi málsins á þessu þingi. Sama sjónarmið hefur komið fram hjá fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Eins og nú er komið málum, gerðu þeir grein fyrir því í nefndinni, að þeir legðu megináherzlu á afgreiðslu málsins, enda þótt þeir óskuðu heldur, að nokkur ákvæði þess væru öðruvísi. Nefndin leggur þá einnig til, að frv. verði samþykkt, með þeim fyrirvara, sem ég hef getið.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér 2 brtt. við þetta frv., og er þær að finna á þskj. 498.

Fyrri brtt. er um það, að síðari málsl. 1. málsgr. 5. gr. falli niður. Sá málsl. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast, eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.“ Ég tel það ákaflega óviðfelldið að hafa þetta ákvæði í lögum um réttindi og skyldur embættismanna, því að þá fer að verða þýðingarlítið að auglýsa stöður, ef forstjóri eða ráðh. eða forstöðunefnd, hver sem hlut á að máli, getur tekið umsóknir til greina, sem berast, eftir að umsóknarfresturinn er liðinn, og ráðið mann í stöðuna eftir þeirri umsókn, enda er 3. málsgr. þessarar sömu gr. þannig, að hún á að nægja til þess að gera möguleika á því, ef um stöðu sækja ekki menn, sem ráðh. eða forstjóri telja færa um að gegna stöðunni, að setja annan mann í hana, ef svo ber undir, og þá á þann hátt komast fram hjá því, að það þurfi endilega að veita manni stöðu, sem hlutaðeigandi yfirvald telur ekki færan að vera í stöðunni. Þessi till. var borin undir stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og töldu þeir, að væri til bóta að fella þetta ákvæði niður.

Þá er önnur brtt. mín um að umorða 18. gr. frv., eða síðari málsgr. hennar, en hún er um það, að starfsmönnum ríkisins sé skylt að hlíta þeim breytingum, sem gerðar eru með breytingum á launalögum. Eins og gr. er orðuð, þá má líta svo á, að það sé nú heimilt, ef ekki eru ráðningarsamningar eða reglugerðir, sem standa því í gegn, að breyta launakjörum og réttindum — ja, eiginlega er það nú ekki annað en launakjörum — með breyttum launalögum. En mér þykir það vera alveg lágmark þess, sem Alþingi getur látið fara hér í gegn, að það sé nokkurn veginn tryggt, að það sé hægt með breyttum launalögum að breyta eftir því, sem löggjafarvaldinu á hverjum tíma sýnist eðlilegt, launakjörum og réttindum starfsmanna ríkisins, og að það sé um leið loku fyrir það skotið, að einstakir forstjórar eða ráðherrar geti gert ráðningarsamninga við einstaka menn eða sett reglugerðir, sem stríða á móti ákvæðum launalaga og geta orðið til þess, að það sé ekki með launalögum hægt að breyta réttindum og launakjörum, nema því aðeins að afnema í leiðinni þá ráðningarsamninga eða reglugerðir. Ég býst við, að hv. þdm. skilji, hvað hér er um að ræða, og ég þurfi ekki að fara um það fleiri orðum en orðið er, og mun ekki gera það, nema því aðeins að einhver mótmæli komi fram gegn þessari brtt.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég hef í fjhn. mælt með því, að þetta frv. næði fram að ganga, og styð eindregið að því, að þetta þing afgreiði

lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Í þessu frv. er að finna mörg nýmæli, sem eru til mikilla bóta frá þeim reglum, sem gilt hafa, og því er lagasetning um þetta efni bæði nauðsynleg og eðlileg.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. eina á þskj. 512, sem ég gerði grein fyrir í n., en hún er þess efnis, að ákvæði reglugerða eða samninga stéttarfélaga ríkisstarfsmanna, sem við gildistöku þessara laga veita fyllri rétt en þann, sem kveðið er á um í lögunum, teljist ekki úr gildi fallin þrátt fyrir samþykkt laganna. Það er viðtekin regla, þar sem um frjálsan samningsrétt vinnuveitenda og vinnuþiggjenda er að ræða, að löggjafarvaldið blandi sér ekki inn í þá samninga og allra sízt til þess að skerða þann rétt, sem launþegar hafa fengið viðurkenndan í frjálsum samningum við sína vinnuveitendur. Það hefur trauðla gerzt, að löggjafarvaldið hafi leyft sér að grípa þannig inn í samningsfrelsi stéttarfélaganna, að það hafi ógilt réttarbætur eða kjarabætur, sem fengizt hafa viðurkenndar í samningum við vinnuveitendur. Hitt hefur hins vegar stundum gerzt, að ríkisvaldið hefur gengið á undan og veitt meiri rétt en fengizt hefur viðurkenndur í samningum, og er það eðlilegra og réttmætara en hitt. Það er hugsanlegt, að í samningum einstakra stéttarfélaga ríkisstarfsmanna og reglugerðum séu ákvæði, sem í einstökum atriðum ganga örlítið lengra en þau almennu ákvæði, sem sett eru í þessum lögum. Þó er samtökum opinberra starfsmanna eða stjórn þeirra aðeins kunnugt um eitt slíkt dæmi, en það er reglugerð, sem gildir um yfirvinnu póstmanna á pósthúsinu hér í Reykjavík, en sú reglugerð var sett fyrir nokkrum árum af ráðherra og póst- og símamálastjóra með samþykki allra hlutaðeigandi aðila, póstmeistara og starfsmannafélags póstmanna, en í þessari reglugerð er yfirvinnuskylda póstmanna takmörkuð nokkru meira en hún er takmörkuð í þessu frv. Stéttarfélag póstmanna hér í Reykjavík og stjórn Bandalags opinberra starfsmanna leggja á það áherzlu, að það sé tvímælalaust við samþykkt þessara laga, að þetta reglugerðarákvæði þurfi ekki að falla niður. Raunar er það skoðun stjórnar bandalagsins, að reglugerðarákvæðið falli ekki sjálfkrafa niður, þótt þetta ákvæði væri ekki samþykkt, en óskar samt eftir því, að öll tvímæli séu af um þetta tekin og að það sé skýrt kveðið á um, að þessi lög raski ekki þeim réttarbótum, sem einstök starfsmannafélög kunna að hafa fengið annaðhvort í samningum eða með setningu reglugerða. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja þessa till., en hún hefur meðmæli stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þó alveg sérstaklega póstmannafélagsins hér í Reykjavík.

Um aðrar brtt., sem fram hafa komið, vildi ég í sem fæstum orðum segja þetta:

Ég er sammála fyrri brtt. á þskj. 498, fluttri af hv. þm. A-Húnv. Það væri mjög óeðlilegt, að hægt væri að taka til greina umsóknir um starf, eftir að umsóknarfrestur er liðinn. Hinn hátturinn er miklu eðlilegri, að umsóknarfresturinn sé framlengdur eða starfið auglýst að nýju, þannig að aldrei sé valið á milli nema þeirra, sem um stöðuna hafa raunverulega sótt.

Síðari brtt. er ég hins vegar algerlega andvígur, vegna þess að þar eru sköpuð skilyrði til þess að svipta starfsmenn þeim rétti, sem þeir gætu fengið í ráðningarsamningi til þess að halda óbreyttum kjörum. Ein höfuðrökin fyrir því, að launakjör opinberra starfsmanna hafa verið allt að 10% lægri en annarra starfsstétta í þjóðfélaginu, sem búa við frjálsan samningsrétt, hafa verið þau, að ríkisstarfsmenn byggju við miklu meira atvinnuöryggi en þær stéttir, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör. Einn höfuðkjarni þessa atvinnuöryggis hefur verið talinn sá, að þegar opinber starfsmaður hafi verið ráðinn, geti hann treyst ráðningarsamningi sínum, meðan honum á annað borð sé ekki sagt upp starfi. Hann getur treyst því, að laun hans verði ekki lækkuð af nokkru handahófi. Þetta öryggi á nú að taka af hinum opinberu starfsmönnum samkvæmt till. hv. þm. A-Húnv., m. ö. o. að ofurselja þá algerri óvissu þrátt fyrir ráðningarsamning um það, hvert kaup þeirra og kjör muni verða í framtíðinni. Ef þetta yrði gert, yrði afleiðingin að sjálfsögðu sú, að opinberir starfsmenn hlytu að krefjast kauphækkunar sem því svarar, að kaup þeirra hefur hingað til verið ákveðið lægra en annarra vegna atvinnuöryggisins. Með samþykkt þessarar till. yrði verulegur þáttur atvinnuöryggisins einmitt tekinn af hinum opinberu starfsmönnum.

Varðandi brtt. á þskj. 441 vildi ég svo að síðustu leyfa mér að segja þetta: Ég hefði talið það vera mjög eðlilegt, þegar sett eru lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, að í þeim lögum væru ákvæði um þær meginreglur, sem fylgja skyldi við veitingu embætta. Þess vegna er ég í grundvallaratriðum sammála þeirri hugsun, sem felst í brtt. á þskj. 441.

Ég flutti á Alþingi 1946 frv. til laga um embættaveitingar og ráðningu opinberra starfsmanna, sem þá var vísað til ríkisstj. Ríkisstj. hefur þrátt fyrir fyrirspurn einum eða tveimur þingum síðar ekki tekið tillit til ýmissa atriða, sem í frv. voru og þó hlutu meðmæli allshn. á þinginu 1946, fyrr en nú, að ýmis ákvæði, sem í frv. voru, hafa verið sett inn í frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. En kjarninn í þessu frv. mínu á sínum tíma var sá í fyrsta lagi, að ráðh. skyldi vera óheimilt að stofna til embættis eða opinbers starfs, nema heimilað sé í lögum, og svo í öðru lagi, að öll embætti og opinber störf skyldi auglýsa með minnst mánaðar fyrirvara, en það hefur verið tekið í það frv., sem nú liggur hér fyrir. Enn fremur var gert ráð fyrir því, að áður en ráðh. tæki afstöðu til veitingar embættis eða ráðningar opinbers starfsmanns, þá skyldi hann ætíð leita umsagnar einhvers ákveðins umsagnaraðila, sem nánari ákvæði voru sett um í frv., og var þetta gert til þess að takmarka nokkuð vald veitingavaldsins, en á því hafði borið og hefur enn borið, að pólitískir ráðherrar hafi tilhneigingu til þess að misbeita að ýmsu leyti veitingavaldi sínu. Skynsamlegasta reglan, sem mér þótti til greina koma til þess að hafa hér nokkurn hemil á, var sú að setja nánari reglur um það, að ráðh. skyldi aldrei standa einn að embættaveitingu, heldur ávallt hafa umsögn annars opinbers embættismanns til stuðnings ráðstöfun sinni.

Þetta var kjarni þessa frv. Sumt af þessu hefur þegar verið tekið til greina, en mér þykir það galli á frv., eins og það er komið frá Ed., að í því skuli engin ákvæði vera, sem fjalla um almennar reglur til þess að tryggja svo sem verða má og unnt er hlutlausar embættaveitingar. Þess vegna fagna ég þeirri meginhugsun, sem í till. á þskj. 441 felst. Ég tel nú að vísu, að ákvæðin í seinni hlutanum séu ef til vill fullumfangsmikil, þ. e. a. s. fullumfangsmikið að leggja það á herðar þess, sem stöðu veitir, hversu smávægileg sem hún er, að þurfa að gera grein fyrir því skriflega, og hefði verið nægilegt að binda slíkan rökstuðning við æðri embætti. Ég óttast, að nokkur skriffinnska muni af þessu hljótast, en sé þó ekki ástæðu til þess að gera um það brtt., enda eru þær nokkuð vandasamar, og yrði þá ef til vill að hafa hana allmiklu víðtækari. Það hef ég ekki hugsað mér að gera, heldur einfaldlega að greiða brtt. þessum atkv. við 2. umr. málsins. Gæfist þá tóm til þess við 3. umr. að sníða af þá smávægilegu agnúa, sem ég tel á því fyrirkomulagi, sem þarna er stungið upp á.

Að síðustu vildi ég svo aðeins endurtaka þá skoðun mína, að ég tel meginatriði þessa frv. horfa til mikilla bóta frá því, sem verið hefur, og styð eindregið að því, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil lýsa yfir fylgi mínu við þetta frv., sem ég tel að í meginatriðum sé til verulegra bóta, og mikil þörf á, að það nái fram að ganga. Það hefur nú um langt skeið verið alltilfinnanlegt, að vantað hefur ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og þess vegna er þess orðin full þörf, að frv. slíkt sem þetta nái nú samþykki Alþingis.

Það kann vel að vera, að um einstök atriði frv. megi enn bæta. Þó hygg ég, að þetta frv. hafi fengið þá athugun einmitt af þeim aðilum, sem gerst mega til þekkja, að það sé orðið sæmilega viðunandi og tvímælalaust til mikilla bóta að fá það samþykkt frá þeim tiltölulega ófullkomnu og sundurleitu ákvæðum, sem gilt hafa varðandi þessi efni.

Ég hef ásamt hv. 8. landsk. flutt tvær brtt. við frv. og vildi mæla fyrir þeim með nokkrum orðum. Þessar till. eru á þskj. 441.

Fyrri till. er við 2. gr., og hún er um það, að í stað „forstjóra", þar sem um það er talað, að ráðherra megi fela forstjóra viðkomandi fyrirtækis að veita minni háttar stöður eða embætti, þá komi: forstöðunefnd (forstjóra). — Það er í sumum tilfellum a. m. k., að forstöðunefndir veita opinberum fyrirtækjum forstöðu, og það virðist eðlilegt, þar sem svo er, að þær eru aðalstjórnendur opinberra fyrirtækja, þá hafi þær þetta vald.

Hin brtt. fjallar fyrst og fremst um það að hafa nokkru meira aðhald en gert hefur verið ráð fyrir um veitingu opinberra embætta. Um þetta efni hafa verið mjög ófullkomnar lagareglur eða ákvæði. Það er vissulega til mikilla bóta, sem þegar er komið hér inn í frv., að öllum opinberum embættum skuli slegið upp, þau skuli öll auglýst opinberlega með ákveðnum umsóknarfresti. En okkur virðist, að þarna vanti nokkru ákveðnari reglur um það, hvernig embættin skuli veitt. Embættaveitingar hafa, eins og alkunnugt er, oft sætt mjög mikilli gagnrýni og stundum réttmætri, að því er manni hefur virzt. Veitingavaldið er pólitískt, þar sem um ráðherra er að ræða í flestum tilfellum, og það virðist þess vegna mjög æskilegt, ef hægt væri með lögum að veita pólitískum ráðherra nokkurt aðhald, eftir því sem kleift er, með lagasetningu. Það er að sjálfsögðu erfiðleikum bundið að setja um þetta ákveðnar reglur í lögum, en þó ætti það ekki að vera ókleift, að um þetta verði settar nokkrar reglur. Brtt. okkar, sú síðari á þskj. 441, fjallar einmitt um þetta, og höfuðatriði till. eru þau, í fyrsta lagi, að ákvæði skuli vera sett um það, hvað skuli einkum telja verðleika umsækjenda, sem sækja um opinberar stöður; í öðru lagi, að sá, sem opinbera stöðu veitir, hvort sem er ráðherra, forstöðunefnd eða forstjóri, sé skyldur til að gera skriflega rökstudda grein fyrir ráðstöfun sinni. Hv. 1. landsk. gerði dálitla athugasemd við þetta atriði, ákvæðið kynni að vera óþarft að því er varðar hinar smærri stöður og það muni þá aðeins verða til þess að auka skriffinnsku. Það er vissulega miklu minni þörf á þessu ákvæði varðandi smáar eða minni háttar stöður, en okkur fannst, að það væri töluvert erfitt að draga þarna línur á milli. Þess vegna lögðum við ekki í það, og því er þetta ákvæði svona. Í þriðja lagi eru í þessari brtt. ákvæði um það, að sé opinbert embætti veitt öðrum en þeim, sem þeir aðilar, er eiga tillögurétt samkv. lögunum, leggja til að fái stöðuna, þá skuli sá umsækjandi, sem veitingavaldið gengur þannig fram hjá, í hverju tilfelli eiga rétt á að sjá rökstuðning veitingavaldsins fyrir veitingunni. Þetta ætti einnig að geta orðið nokkurt aðhald um það, að ekki séu mjög freklega veitt embætti, ef til vill af pólitískum ástæðum, þvert ofan í till. þeirra aðila, sem tillögurétt eiga um þessi mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þessar brtt., en vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þau rök, sem til þeirra liggja.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. lýsti sig algerlega andvígan síðari brtt. minni á þskj. 498 og taldi þar um að ræða skerðingu á rétti starfsmanna í þeim ákvæðum, sem í till. eru. Ég skal nú ekki á þessu stigi fara í neinn samanburð við þennan hv. þm. um aðstöðu fastlaunaðra starfsmanna ríkisins og verkamanna, sem mér skildist á honum að væri dálítið breytilegur, þannig að verkamennirnir hefðu hærri tekjur sem svaraði 10%, en aðeins minna á það, að ég held, að það sé undantekningarlaust, að ef menn í verkamannastétt eiga kost á því að fá fast starf, þá kjósi þeir það heldur, og það má segja, að um hvert einasta smástarf, fast starf, sem hér er auglýst í stofnunum ríkisins, sæki mjög margir menn, og oft svo að skiptir mörgum tugum. Þetta er ósköp eðlilegt, vegna þess að aðstaða fastlaunaðra manna og verkamanna, sem hafa tiltölulega ótrygga atvinnu, er ákaflega ólík. En nú er það ekki þannig í minni brtt., að ég ætlist til þess, að það sé á neinn hátt skertur sá réttur, sem ákveðinn er í ráðningarsamningum

sem nú eru í gildi, þegar þessi lög öðlast gildi, því að það er beinlínis tekið fram, að þeir ráðningarsamningar, sem þá eru í gildi, haldi áfram að gilda, enda þótt launalögum væri breytt. En till. er um það, og það er í rauninni aðalatriði hennar, að það sé ekki heimilt, eftir að þessi lög öðlast gildi, að gera ráðningarsamninga upp á annan máta en þann, að það sé tekið fram í þeim, að þeir geti tekið breytingum, ef launalögum er breytt. Hér er ákaflega vægt í sakirnar farið, og ég held, að embættismannastéttin þurfi ekkert að óttast, þó að þessi litla brtt. væri samþykkt, og allra sízt höfum við nú kynni af því, að hún þurfi neitt að óttast hér á hinu háa Alþingi, vegna þess að minnsta kosti síðustu tvo áratugina hefur fastlaunastéttin haft hér hreinan meiri hluta og notað sér hann talsvert vel sér til tryggingar og framdráttar.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til svars síðustu ummælum hv. þm. A-Húnv. (JPálm). Hann hefur mjög oft áður hér á hinu háa Alþingi gert að umtalsefni launakjör opinberra starfsmanna annars vegar og annarra starfsstétta þjóðfélagsins hins vegar, og það er ein af grundvallarskoðunum hans í þjóðfélagsmálum, að opinberir starfsmenn hafi ávallt og þó sérstaklega undanfarið borið of stóran hlut frá borði miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins. En þessi skoðun er röng, og hefur oft verið sýnt fram á það hér á hinu háa Alþingi. Ég skal ekki tefja tíma d. á því að fara að þessu sinni út í almennar umræður um þetta, en vildi þó ekki láta orðum hans að þessu sinni alveg ómótmælt og vil gera það með því einu að benda á, að launakjör opinberra starfsmanna hafa undanfarinn hálfan annan áratug sannanlega breytzt bæði sjaldnar, seinna og minna en launakjör allra annarra starfsstétta í þjóðfélaginu. Það er enginn vafi á því, að hlutdeild opinberra starfsmanna í þjóðartekjunum er nú mun minni en hún var fyrir 15 árum, eða 1939, þ. e. fyrir stríð. Það dróst mörg ár að endurskoða launalögin. Það var að síðustu gert árið 1946, ef ég man rétt, en þá voru launakjör opinberra starfsmanna komin svo langt aftur úr launakjörum þeirra stétta, sem hafa frjálsan samningsrétt um kaup og kjör, að hreint hneyksli var orðið. Og svo lengi hafði endurskoðun launalaganna dregizt, að þegar þau loks voru sett, voru þau svo að segja samstundis orðin úrelt að nýju. Svo er búið að vera lengi undanfarið, að í þessum málum gildir algerlega óviðunandi ástand, enda var ákveðið fyrir einum 4 árum að endurskoða launalögin að nýju. Sú endurskoðun stendur yfir, og það er orðið algerlega óhjákvæmilegt að taka það mál allt upp til endurskoðunar. Samtök opinberra starfsmanna hafa nú fyllsta hug á því, og eina ástæðan til þess, að það mál hefur ekki verið flutt á þessu þingi, er áhugi samtaka opinberra starfsmanna fyrir því að fá í gegn lögin um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. En á því er enginn vafi, að næsta verkefni samtaka opinberra starfsmanna verður að knýja fram nauðsynlegar breytingar og leiðréttingar á launalögunum.

Það er engin sönnun fyrir því, að kjör opinberra starfsmanna séu of góð, miðað við aðrar stéttir, að nægir umsækjendur berist um hverja stöðu, sem auglýst kann að vera hjá hinu opinbera, en raunar er mér kunnugt um, að þessi staðhæfing er ekki rétt, og allra sízt nú á undanförnum einu til tveimur árum. Mér er kunnugt um ýmsa forstöðumenn ríkisstofnana, sem hafa kvartað mjög undan því, að þeir gætu ekki fengið starfsmenn við því kaupi, sem þeim er heimilt að greiða samkvæmt launalögum. Það er öllum, og hv. þm. A-Húnv. líka, kunnugt um, að ýmsir forstöðumenn opinberra stofnana hafa orðið að brjóta launalögin beinlínis til þess að fá starfsmenn í stofnanir sínar. Það er náttúrlega ekki sönnun fyrir því, að launakjörin séu of góð, þegar háttsettir ríkisembættismenn, jafnvel ráðh. sjálfir, þurfa að brjóta lög til þess að fá starfsmenn í ýmsar stöður.

Þetta eru auðvitað skýr og ótvíræð rök fyrir því, að launalögin og þar með kjör opinberra starfsmanna eru orðin óréttlát og komin langt á eftir öðrum starfsstéttum. Væri enginn vandi að færa fram fyrir þessu alveg óyggjandi tölulegar sannanir, þó að ég hafi þær ekki á reiðum höndum hér við þessa umr., en er reiðubúinn til þess að flytja þær hvenær sem er og hv. þm. A-Húnv. eða einhverjum öðrum þykir ástæða til þess að leita eftir þeim með staðhæfingum eins og þeim, sem hér voru fluttar áðan, að kjör opinberra starfsmanna séu nú enn of góð, miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. og 72. fundi í Nd., 27. og 29. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 441,1 felld með 15:11 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 498,1 felld með 16:10 atkv.
5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 441,2 felld með 18:9 atkv.
6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
7.—15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 498,2 felld með 17:4 atkv.
18.—27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
28.—33. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 512 felld með 19:11 atkv.
36. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
37.—38. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 411, 693).

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Eins og ég vék að í þeim fáu orðum, sem ég sagði um þetta mál við 2. umr. þess, finnst mér óviðkunnanlegt, að afgreiddur sé mikill og vandaður lagabálkur um réttindi og skyldur starfsmanna

ríkisins, án þess að í honum sé einu orði á það minnzt, eftir hvaða reglum skuli veita embætti og stöður hjá ríkinu.

Ég geri mér ljóst, að það er mikill vandi að forma reglur um þetta þannig, að nægilegt öryggi væri í því fyrir opinbera starfsmenn og skynsamlegt aðhald veitt þeim, sem með veitingavald eða ráðningavald fara. En ég vil samt ekki láta hjá líða að freista þess að koma inn í frv. einhverjum ákvæðum um þetta efni. Fyrir lá um þetta efni við 2. umr. till. frá tveim hv. þm., sem ekki náðu fram að ganga, og ég hef því leyft mér að flytja nú við þessa umr. á þskj. 693 brtt. um, að eftir 5. gr. frv. komi ný gr., sem á að fjalla um þetta efni.

Ég hef reynt að hafa reglurnar sem allra óbrotnastar, þ. e. í fyrsta lagi að slá því föstu, sem sjálfsagt virðist vera og ætti í raun og veru að gilda, þó að ekkert lagaákvæði væri um það, að lausar stöður skuli veita þeim umsækjanda, sem hæfastur sé talinn. Svo sjálfsagt er þetta, að það mætti telja það gilda, þó að ekkert ákvæði væri um það sett.

En aðalefni till. er þó nánari skýring á því, hvernig meta skuli hæfileika umsækjanda. Það væri vandi að setja um þetta nákvæmar reglur, og þess vegna hef ég reynt að orða þær sem allra óbrotnast. Í fyrri hluta till. er því slegið föstu, að sé um að ræða embætti eða starf, sem krefjist ákveðinnar sérþekkingar eða sérhæfileika, þá skuli sá umsækjandi, sem fullnægir þeim sérkröfum, teljast öðrum hæfari. Þetta er regla, sem getur varla verið ágreiningur um og ætti að fylgja, þótt engin lagaákvæði væru um efnið.

Seinni till. er í raun og veru mikilvægari, því að þar er fjallað um embætti eða störf, þar sem ekki er krafizt sérstakra sérhæfileika eða sérþekkingar. En þar er ætlazt til, að þeirri mikilvægu reglu sé slegið fastri, að þá skuli í aðalatriðum embættisaldur ráða, þ. e. a. s., að þeir, sem gegnt hafa embætti lengur en aðrir og eiga að öðru leyti farsælan starfsferil að baki, skuli ganga fyrir um embætti eða störf. Þessari reglu hefur verið fylgt sem aðalreglu hjá ríkinu, og ég hef ekki orðið var við, að opinberar till. hafi komið fram um það, að hún skyldi afnumin. Þess vegna tel ég rétt að setja ákvæði um hana inn í þessi l., sem nú stendur til að afgreiða.

Um þessa reglu má dálítið deila, en fyrst hún er aðalreglan, sem nú er fylgt við stöðuveitingar hjá ríkinu, tel ég rétt að setja ákvæði, sem lögfesta hana. Stundum hefur verið brugðið gegn henni, og þá hafa embættaveitingarnar venjulega vakið opinberar deilur og óánægju, en um þær embætta- og stöðuveitingar, sem þessari reglu hefur verið fylgt við, hefur verið mestur friður, enda má telja þær réttlátastar.

Þessi orð skal ég láta nægja sem meðmæli fyrir þessum till. og undirstrika að síðustu, að mér finnst illa fara á því, að slíkur lagabálkur sé afgreiddur án þess, að nefnt sé jafnmikilvægt mál og það, eftir hvaða reglum embætti og opinber störf skuli veitt.

ATKVGR.

Brtt. 693 felld með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, GÞG, HÁ, HV, KGuðj, LJós, MJ, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG.

nei: GíslG, BFB, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EirÞ, EystJ, SB.

GTh greiddi ekki atkv.

2 þm. (IngJ, JörB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

## 28. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um tollalækkun vegna iðnaðarins).

Á 61. fundi í Ed., 15. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.** [167. mál] (stjfrv., A. 462).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. til laga um breyt. á tollskránni fjallar nær eingöngu um tolla á vörum til iðnaðarins. Iðnaður er nú orðinn sívaxandi þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga. Eftir síðustu skýrslum um það, hvernig þjóðin skiptist í atvinnustéttir, þá er talið, að kringum 31% af landsmönnum hafi haft framfæri sitt af iðnaðarstörfum árið 1950, og er þá talinn með byggingariðnaðurinn allur að vísu og einnig fiskiðnaðurinn. Það mun vera um 16% allra landsmanna, ef fiskiðnaður og byggingariðnaður er ekki talinn með, en um 31%, ef byggingariðnaðurinn og fiskiðnaðurinn er meðtalinn.

Það er nú mála sannast, að engin þjóð getur verið án þess að hafa iðnað og allra sízt sú þjóð, sem sækir langleiðir um aðdrætti, eins og Íslendingar hljóta að gera vegna legu landsins. Hér háir ýmislegt að vísu iðnaðinum. Sérstaklega er það fámenni þjóðarinnar, hvað innanlandsmarkaðurinn verður lítill og þess vegna erfitt að koma við fjöldaframleiðslu, og svo það, að sækja þarf hráefnin mest út úr landinu. Iðnaður sá, sem hér í landinu starfar, hefur að verulegu leyti komizt á fót á þeim tíma, þegar innflutningshöft voru talsvert ströng og gjaldeyrishömlur, og við höfum alltaf haft háa aðflutningstolla á flestum þeim vörum, sem iðnaðurinn framleiðir, og því háa verndartolla yfirleitt.

Árið 1950 var breytt verulega um stefnu í verzlunarmálum og aukinn mjög innflutningur á alls konar neyzluvörum og gefinn frjálsari en áður hafði verið, og lék mörgum hugur á að fylgjast vel með því, hvernig íslenzkur iðnaður stæðist það próf, sem hann þá hlaut að ganga undir í sambandi við þessa breyttu viðskiptastefnu. Ég held, að það verði nú varla annað sagt en að íslenzkur iðnaður hafi staðizt allvel það próf, sem hann hefur gengið undir nú síðustu árin í sambandi við aukinn innflutning á erlendum iðnaðarvörum. Það hefur verið reynt að fylgjast með þessu og gera ráðstafanir til úrbóta, þegar það hefur komið fram; að þeirra þyrfti sérstaklega við.

Ég ætla að minnast á tvennt, sem hefur sérstaklega fallið í minn hlut að fjalla um í sambandi við þetta.

Annað er fyrningarafskriftir á vélum til iðnaðarins. Til þess að greiða fyrir iðnaðarfyrirtækjum og létta þeim nokkuð skattabyrðina, var í fyrra gefin út af fjmrn. ný reglugerð um fyrningarafskriftir af vélum, sem notaðar eru til iðnaðarins, og voru fyrningarafskriftir yfirleitt hækkaðar um 50%.

Hitt atriðið er endurskoðun á tollakjörum iðnaðarins. Það var sett nefnd til þess að hafa þessa endurskoðun með höndum, og tók hún til starfa í aprílmánuði s. l. Var þessi nefnd skipuð af mér í samráði við hæstv. þáverandi iðnmrh., og verkefni n. var að endurskoða tollskrána með tilliti til iðnaðarins. Átti n. að gera sér grein fyrir því, hvort iðnaðurinn hefði hæfilega tollvernd, og ef n. fyndist svo ekki vera, að gera þá till. í framhaldi af þeirri athugun. Í þessari n. áttu sæti fimm menn, og hefur n. unnið að mínum dómi mjög gott starf. Sjötti maður átti að vísu líka sæti á fundum n. án atkvæðisréttar, og var hann frá Landssambandi iðnaðarmanna. Nefndin sendi fjmrn. till. fyrir skömmu. Um 6. febr. s. l. fengum við till. um breyt. á tollskrárlöggjöfinni, og 20. febr. fengum við grg. og útreikninga um áhrif þessara tillagna á tolltekjurnar, og loks fengum við almenna grg. frá n. núna 8. þ. m. Var það síðasta skjalið, sem kom frá n., og þar með hafði hún endanlega skilað áliti.

Við höfum nú ekki beðið boðanna með að taka þessar till. n. til athugunar, því að ætlunin hafði verið sú, eins og ég lýsti yfir fyrir jólin hér á hv. Alþingi, að leggja fyrir þetta þing til afgreiðslu tillögur n., eða það af till. n., sem ríkisstj. sæi rétt að taka upp. Hefur verið unnið ósleitilega síðan af fjmrn. og iðnmrn. í sameiningu að málinu. Er skemmst af því að segja, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er byggt á till. n., en þó verulegar breytingar gerðar. Er hér í tekið það, sem stjórnin vill gera að sínum till. í málinu. Nál. sjálft mun koma til hv. þingmanna fjölritað.

Í till. n. var aðalatriðið að lækka tolla á hráefnum til iðnaðarins. En það var einnig annar nokkuð stór þáttur í tillögunum frá n., og hann var uppástunga um að hækka allmikið verndartolla á vissum vörum, aðallega á nærfatnaði, skófatnaði og rafmagnsheimilistækjum. Eftir rannsókn þá og athugun, sem málið hefur fengið í ráðuneytunum, hefur niðurstaðan orðið sú, að ríkisstj. hefur ekki tekið upp till. um hækkun á verndartollum. Ríkisstj. vill ekki leggja til, að verndartollar verði hækkaðir, og telur ekki nauðsyn á því. Þó eru teknar upp litils háttar tollhækkanir á örfáum liðum. Það snertir helzt sápulíki, sælgætisvörur, pressaðar korkplötur, korkvörur til skógerðar og spil. En þessar hækkanir eru lítilfjörlegar, og það má því segja, að stj. hafi ekki fallizt á till. n. um aukna verndartolla. Aftur á móti hefur stj. fallizt í höfuðatriðum á till. n. um lækkun á hráefnistollunum, þó með þeirri mikilsverðu undantekningu, að stj. hefur ekki treyst sér til að fallast á lækkun verðtolls á gervisilkivefnaði og á ullarvefnaði, en það var í till. nefndarinnar stungið upp á, að lækkuð yrðu aðflutningsgjöld allverulega á þessum varningi. Einn meginþátturinn í lækkunartillögunum er sá að lækka verðtoll á hráefnum til iðnaðar úr 8% í 2% og sleppa vörumagnstolli, sem er 7 aurar á kíló.

Ég minntist á það, hvað iðnaðurinn er orðinn stórkostlegur þáttur í þjóðarbúskapnum. Það er ekki vafi á því, að iðnaðurinn verður í framtíðinni enn vaxandi þáttur í þjóðarbúskapnum. Að vísu eru takmörk fyrir því, hvað iðnaður fyrir innlendan markað einvörðungu getur vaxið. En við getum alls ekki látið við það sitja eða hugsað okkur það eitt, að iðnaðurinn framleiði fyrir innlendan markað. Það verður vitaskuld að keppa að því hér að koma upp útflutningsiðnaði. Og ef sá draumur á að rætast að nota til nokkurrar hlítar raforku þá, sem landið hefur ráð á, þá verður að breyta raforkunni í verðmæti um hendur iðnaðarins, og þá verður útflutningsiðnaður að koma til. Við ættum að hafa hér góð skilyrði að mörgu leyti til útflutningsiðnaðar. Við höfum að vísu ekki mikið af hráefnum, en við höfum ódýra orku, og þar af leiðandi höfum við betri skilyrði en ýmsar aðrar þjóðir, sem þó hafa stórkostlegan útflutningsiðnað. Ég vil í því sambandi nefna þjóð eins og Dani. Þeir hafa hvorki orku né hráefni, en þeir hafa tekið á þessum málum með svo miklum myndarskap, að þeir hafa stórfelldan útflutningsiðnað samt. Þeir flytja inn bæði orkuna og hráefnin.

Við verðum að sjálfsögðu að hafa hæfilega vernd fyrir iðnaðinn í tollalöggjöfinni, en gæta þess þó jafnframt að ganga ekki of langt í því tilliti, því að þá verður framleiðslukostnaður á Íslandi of hár, og er þar vandratað meðalhófið. Lífskjör þjóðarinnar fara vitaskuld í framtíðinni mjög eftir því, hvort við getum framleitt sjálfir góðar og ódýrar vörur til neyzlu innanlands og samkeppnisfærar vörur til útflutnings. Ef við göngum of langt í því að framleiða hér sjálfir handa okkur mjög dýrar vörur, miklu dýrari en aðrir geta framleitt þær og selt okkur þær, þá rýrir það og þrengir lífskjör þjóðarinnar. Þess vegna er vandratað, eins og ég segi, meðalhófið í þessum efnum.

Ég vona, að hv. Alþ. vilji taka þannig á þessu máli, að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi, þótt nokkuð sé áliðið þingtímans. Málið hefur fengið góðan undirbúning, og þetta ætti að vera vel kleift. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr., og vil biðja hv. fjhn. að taka málið fyrir hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 462, n. 469, 474).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Fjhn. tók þetta frv. til athugunar á fundi sínum síðari hluta sama dags og því var til hennar vísað, en ekki var þó gengið til fulls frá áliti n. fyrr en daginn þar á eftir. Þótt segja megi, að n. hafi ekki varið miklum tíma til athugunar málsins,

a. m. k. ekki mörgum dögum, þá reyndi hún þó að gera sér fulla grein fyrir því í heild sinni og fyrir öllum þeim mörgu breytingum, sem frv. gerir eða leggur til að gera á gildandi tollskrá. Frv. hefur fengið rækilegan undirbúning, þar sem það er fyrst samið af mþn., sem varði til þess miklum tíma og í áttu sæti mjög vel hæfir og athugulir menn. Og eftir það hefur frv. gengið í gegnum hreinsunareld fjmrn. og ríkisstj. allrar.

Tilgangurinn með því að skipa nefnd til að semja þetta frv. og með því að bera það síðan fram hér á Alþingi var og er sá að bæta aðstöðu íslenzks iðnaðar, enda fjallar frv. eingöngu um tolla af hráefnum til iðnaðar og af iðnaðarvörum. Er aðalefni frv. að lækka tolla af hráefnum til iðnaðar, og er það víðast gert með því að fella niður 7 aura vörumagnstoll á kg og jafnframt lækka verðtoll úr 8% í 2%, sums staðar þó aðeins í 5%. Nokkur hráefni er lagt til að gera með öllu tollfrjáls. Hins vegar er sú leið farin á stöku stað í frv. að hækka tolla á innfluttum iðnaðarvörum fullunnum, m. ö. o., að setja verndartolla á þær og veita íslenzkum iðnaði stuðning á þann hátt.

Að rekja frekar efni frv. tel ég bæði óþarft, því að ýtarleg grg. fylgir því, og má vísa til hennar, og svo mundi það taka ærið langan tíma, sem ég veit ekki hvort menn hefðu þolinmæði til að hlusta á, ef gera ætti sérstaka grein fyrir hverri þeirri breytingu, sem frv. gerir á gildandi tollskrá, því að þær brevtingar eru um 140, og þó raunar fleiri, þegar undirliðir eru meðtaldir. Búizt er við, að ef frv. þetta verður að lögum, hafi það í för með sér um 5 millj. kr. árlegan tekjumissi fyrir ríkissjóð, og ég fyrir mitt leyti hef grun um, þó að ég hafi ekki gögn í höndum til að rökstyðja það, að sá tekjumissir verði jafnvel töluvert meiri. Þennan tekjumissi þolir ríkissjóður auðvitað ekki nema með því móti að fá aðrar tekjur í staðinn nú á þessu ári, þar sem þegar er búið að ákveða gjöldin fyrir yfirstandandi ár. Næstu ár mætti að vísu ef til vill jafna þetta með því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. En fyrir þessari hv. d. liggur frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs, og er hægt að gera sér von um, að það frv., ef samþ. verður, bæti ríkissjóði að einhverju leyti upp þann halla, sem hann hefur af því, ef það frv., sem hér er til umr., verður samþykkt. Þess vegna er það bæði álit mitt persónulega og ég hygg nefndarinnar, að þessi tvö frv. þurfi að fylgjast að í gegnum þingið.

Eins og sjá má af nál. fjhn. á þskj. 469, er n. einhuga um að mæla með samþykkt þessa frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Hefur nú einn af nm., hv. þm. Barð., þegar flutt brtt. og aðra til vara á þskj. 474. Nefndin hefur ekki tekið þessa brtt. neitt fyrir, og ég mun ekki um hana ræða að svo stöddu. Og á þessum fundi a. m. k. get ég ekki neitt sagt um afstöðu n. til hennar.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég tel þetta frv. tvímælalaust spor í rétta átt. En mér finnst alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að það, sem í raun og veru er gert í þessu frv. til þess sumpart að lækka tollana og sumpart til þess að létta aðstöðu iðnaðarins, er ákaflega smávægilegt. Samkv. áætlun þeirri, sem frv. fylgir, er gert ráð fyrir, að tollalækkanir samkv. því nemi um 5 millj. kr., sem ég heyri nú að hv. frsm. telur líkur til að sé heldur vanáætlað, en ég þori ekki að fullyrða um. En þegar þess er gætt, að þeir tollar, sem þetta frv. fjallar um, verðtollur og vörumagnstollur, eru áætlaðir í gildandi fjárlögum milli 135 og 140 millj. kr., þá er augljóst, hversu mjög smávægilega lækkun hér er í raun og veru um að ræða, þar sem lækkunin nemur innan við 4%. Hins vegar er án efa rétt, að nokkur fyrirgreiðsla er ýmissi iðnaðarstarfsemi hér innanlands veitt, ef þetta frv. verður samþ., en þó er óhjákvæmilegt að minni hyggju að gera sér grein fyrir því, að það eru aðrar álögur á þessum vörum, sem eru miklu þyngri en þær, sem verið er að fjalla um í þessu frv. Á ég þar við fyrst og fremst söluskattinn, sem fellur jafnt á allar vörur, sem til landsins eru fluttar, og í mörgum tilfellum nemur meiri upphæð heldur en þeirri lækkun, sem um er að ræða hér á einstökum óunnum hráefnum og hálfunninni vöru. Í öðru lagi hygg ég svo, án þess að hafa rannsakað það til hlítar, að nokkuð verulegur hluti af þeim vörum, sem bátagjaldeyrisálagið kemur nú á, sé einnig efnivörur til iðnaðarstarfseminnar eða hálfunnin vara, sem er fullunnin hér. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram þegar við þessa umr. um málið, þannig að menn geri sér ljóst, að það, sem þetta frv. fjallar um, er ekki nema tiltölulega lítill þáttur af því viðfangsefni, sem fram undan er í þessu efni. Vörumagnstollurinn hefur alltaf verið tiltölulega smávægilegur. Hann er áætlaður eitthvað milli 20 og 30 millj. kr. allt í allt, og verðtollurinn hefur fram að þessu verið tiltölulega lægri á þeim vörum, sem hér eru sérstaklega teknar til athugunar í frv., þó að hann hafi verið lækkaður þar, eins og segir, úr 8% niður í 2% í mörgum tilfellum. Sem sagt, ég mun fylgja þessu frv., vegna þess að það er spor í rétta átt, en vil taka það mjög greinilega fram, að ég tel, að með þessum aðgerðum sé ekki hægt að vænta þess, að veruleg áhrif hafi þær til bóta á aðstöðu iðnaðarstarfseminnar í landinu almennt, nema lengra verði haldið í sömu átt. Það getur komið sér vel fyrir einstakar iðngreinar.

Ég sé, að fram er komin brtt. á þskj. 474 frá hv. þm. Barð. (GíslJ). Ég veit ekki, hvort hann vildi fallast á að taka hana aftur til 3. umr., því að mér hefur verið bent á, að það væri ástæða til að athuga ef til vill fleira í frv., sérstaklega rafmagnsvörur. Nú er rafmagnsiðnaður orðinn allumfangsmikill hér á landi, og enginn vafi er á því, að það þarf að athuga aðstöðu hans í sambandi við þetta frv., enda hefur verið á það bent, þó að mér ekki hafi unnizt tími til þess enn þá. Ég mun reyna að gera það fyrir 3. umr. og þætti bezt, ef hv. þm. Barð. vildi fallast á að taka sína till. aftur til 3. umr., því að þá koma án efa fleiri brtt. fram, sem ástæða er til að athuga í sambandi við þetta.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. um, að þessi breyting á tollalöggjöfinni sé ekki verulega til bóta fyrir iðn-

aðarmenn, þá væri nú ástæða til að svara því nokkru. Hér er komið mjög verulega á móti óskum iðnaðarmanna í þessu máli, og hygg ég jafnvel, að kröfur þeirra í sambandi við afgreiðslu þessa máls hafi ekki verið miklu meiri en hefur verið mætt í höfuðatriðum. Ég vil hins vegar láta það í vald hv. frsm. að ræða það atriði efnislega.

Ég hef borið hér fram brtt. á þskj. 474, að á eftir 111. tölul. 1. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi: Aftan við textann í nr. 85 í sama kafla bætist: svo og hálfunnar blikkdósir undir niðursuðuvörur. — Ég skal í stuttu máli gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég hef borið þessa brtt. fram. Í sjálfri tollskránni segir, undir lið 83, að af blikkdósum og kössum, máluðum, áletruðum, lakkeruðum eða skreyttum, með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlenda framleiðsluvöru til útflutnings, skuli vörumagnstollurinn vera 7 aurar og verðtollurinn 30%, en aðrar blikkdósir skulu tollast með 7 aura vörumagnstolli og 20% verðtolli. Nú er það svo, að allar niðursuðuverksmiðjur, sem eru starfræktar fyrir utan Rvík, verða að lúta þeim kjörum að flytja inn svo að segja allar belgdósir, þ. e. a. s. sívalar dósir, hálfunnar og greiða 30% verðtoll af slíkum innflutningi auk 7 aura vörumagnstolls, ef þær eru lakkeraðar innan, en meginhluti þeirra er það, a. m. k. fyrir sérstakar vörur og sérstaklega fyrir fiskniðursuðu, eða 20% toll, ef þær eru ólakkeraðar. Þetta stafar af því, að ef þeir ættu að kaupa dósirnar hjá hinni einu dósaverksmiðju, sem til er í landinu og er hér í Rvík, þá er flutningskostnaðurinn á þessum vörum frá Rvík og út á landið miklu hærri en tollurinn á innfluttu vörunum, svo að þessi fyrirtæki eru dæmd til þess að greiða raunverulega sí og æ 30% innflutningstoll af þessum hluta umbúðanna eða lúta öðrum enn lakari kjörum. Á meðan þessar verksmiðjur unnu fyrir erlendan markað, hafði þetta ekki nein áhrif á afkomuna, vegna þess að annars staðar í tollskránni er gefin heimild til þess að fá þennan toll endurgreiddan af hverri þeirri dós, sem flutt er út úr landinu. Þetta hefur orðið til þess, að niðursuðuverksmiðjurnar hafa orðið að snúa sér eingöngu að útflutningnum og hætta alveg viðskiptunum á innlendum markaði, en þessi viðskipti á innlendum markaði er mér m. a. kunnugt um að námu á þriðju milljón króna fyrir þá verksmiðju, sem hefur verið starfrækt nú í nærri tvo tugi ára á Bíldudal. Þessi viðskipti eru nú algerlega útilokuð, vegna þess að með þessum háa verðtolli á dósunum og frjálsum innflutningi í samkeppni frá öðrum löndum er engin leið að hafa samkeppni við hinar innfluttu vörur. Þó að þessi till. yrði samþykkt, þá gengi það ekkert á hagsmuni þeirrar dósaverksmiðju, sem hér er í Rvík, vegna þess að eins og ég hef skýrt frá, þá geta verksmiðjur úti á landinu aldrei keypt þessar umbúðir af dósaverksmiðjunni, vegna þess að það væri enn dýrara að flytja þær frá Rvík fullunnar vegna þess rúmtaks, sem þær taka, heldur en að flytja þær frá útlandinu hálfunnar og borga 30% toll. Nú mætti spyrja, hvers vegna dósaverksmiðjan í Rvík gæti þá ekki unnið þessar dósir að hálfu leyti fyrir hinar fjarliggjandi verksmiðjur. Um þetta hefur ekki tekizt samkomulag, og það er vegna þess, að einmitt dósaverksmiðjan í Rvík hefur flutt inn mjög mikið af hálfunnum dósum, vegna þess að það hefur einnig verið henni hagkvæmara að flytja inn hálfunnar dósir heldur en að búa þær til sjálf, því að fyrir hverjar 10 dósir, sem hún flytur þannig inn, kaupir hún minna magn af blikki, þegar tekið er tillit til þess, sem þarf að skera af og fer til einskis, og það kostar minna í innflutningi í vigt og vegur þar af leiðandi þannig upp á móti þeim kostnaði, sem tollurinn hefur í för með sér. Þrátt fyrir þetta er byrðin af 30% tollinum lögð á þessa framleiðendur í landinu og meira en það, því að þegar dósaverksmiðja í Rvík flytur slíkt inn til þess síðar að selja það, þá leggur hún einnig á fyrir sína fyrirhöfn og sinn kostnað og þarf að fá hann endurgreiddan, sem eðlilegt er. Allt er þetta til þess að gera íslenzku framleiðsluna dýrari og torvelda afkomu niðursuðuverksmiðjanna í landinu. En niðursuðuiðnaðurinn í landinu er svo nýr atvinnuvegur meðal þjóðarinnar og hefur þess utan mjög mörgum erfiðleikum að mæta og mjög marga erfiðleika að yfirvinna og þarf sannarlega á allri aðstoð að halda til þess að geta staðizt samkeppnina frá öðrum löndum og til þess að geta einnig skapað útflutning fyrir þjóðina. Ég hef rætt þessi mál nokkuð áður og sé ekki ástæðu til að fara allmiklu lengra út í þetta atriði. Hv. þm. er þetta vel kunnugt.

Til vara hef ég borið fram hér till. um það, að tollurinn sé þó ekki ákveðinn nema 2 aurar á hvert kg, vörumagnstollur, og 10% verðtollur í staðinn fyrir 30%. Ég sé í hinu nýja frv. um ýmsar þær vörur, sem áður voru fluttar inn og nutu sömu kjara um að fá niðurfelldan tollinn, ef varan væri flutt út úr landinu, að þar hefur tollurinn verið alveg afnuminn, þó að það væri fyrir innlendan markað, að undanteknu þessu eina sérstaka ákvæði, og þykir mér því enn meiri ástæða til þess, að þessi till. sé nú samþykkt. Ég sé einnig, að ýmsar aðrar vörur, sem eru fluttar inn hálfunnar, hafa ýmist verið gerðar tollfrjálsar eða látnar falla undir lægsta tollflokk.

Ég vil svo að endingu mega geta þess, að ég hef rætt þessa brtt. við tvo af þeim mönnum, sem skipaðir voru í mþn., hvar af annar hafði sérstaklega að gæta hagsmuna verksmiðjuiðnaðarins í landinu. Þeir hafa að nokkru leyti fallizt á sjónarmið þau, sem ég hef fært fram, þ. e., að þau væru rétt hvað snertir þær verksmiðjur, sem eru staðsettar fyrir utan Rvík.

Ég er því fús til þess að taka þessa till. aftur til 3. umr., vænti þess, að hv. fjhn. vilji ræða hana með velvilja og hafa samráð við mþn. um, hvort ekki sé hægt að finna einhverja aðra leið, ef ekki þá, sem hér er farið fram á, þá a. m. k. einhverja aðra leið til þess að ganga ekki fullkomlega á rétt þessara aðila. Væri þá hægt að hugsa sér, að inn yrði sett heimild til endurgreiðslu á þessum tolli síðar fyrir þær verksmiðjur, sem þannig eru settar sem ég þegar hef lýst hér.

En ég vil alvarlega benda á, að það sé ekki rétt að ganga svo frá þessu máli, að það torveldi starfsemi þessara aðila, sem á margan annan hátt eiga miklu erfiðara í sambandi við sína framleiðslu heldur en ef verksmiðjurnar væru stað-

settar hér í Rvík og m. a. hafa undanfarin ár haldið uppi, á sumum stöðum a. m. k., atvinnulífi, svo að það hefur létt verulega á ríkissjóði að þurfa ekki að hlaupa þar undir bagga. Er mér kunnugt um m. a., að svo hefur verið um þá niðursuðuverksmiðju, sem hefur verið starfrækt á Bíldudal. Ég get m. a. upplýst það, að á s. l. ári mun hún hafa greitt eitthvað hátt á aðra millj. kr. í vinnulaun á staðnum, svo að það er ekki alveg einskis vert að hlúa svo að því fyrirtæki, að það þyrfti ekki fyrir ranglát eða óeðlileg lagafyrirmæli að draga saman sína starfrækslu.

Ég skal svo láta þetta nægja og vænti þess, að hv. form. taki þetta til athugunar fyrir 3. umr.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd, því að tilefni hefur ekki gefizt til annars frá minni hendi, og aðallega út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. Hann vildi halda því fram, að í þessu frv. fælust smávægilegar ívilnanir til iðnaðarins, og þó að hann væri með frv., þá gerði hann frekar lítið úr notum þess að samþ. það. En ég held það hafi gætt mjög mikils misskilnings hjá honum. Hann nefndi hér allar tollatekjur landsins, eins og þær hafa verið, og sagði, að þetta væri ekki nema rúmlega 4% af þeim, sem tollarnir mundu lækka. En hann minntist ekki á það, sem er þó aðalefnið í þessu máli, að tollatekjur landsins hafa ekki nándar nærri hvílt allar á efnivörum til iðnaðar eða iðnaðarvörum. Ég hef nú ekki útreikning á því við höndina, en ég fullyrði, að það léttir alveg stórlega gjöldum á iðnaðarframleiðslu landsmanna, ef þetta frv. verður samþykkt, enda hygg ég, eins og hv. þm. Barð. vék að áðan, að fulltrúar iðnaðarmanna hafi verið sæmilega ánægðir með þetta frv., og þeir áttu sinn þátt í samningu þess. Ég held þetta sé því misskilningur. Auðvitað væri bezt í þessu efni eins og öðrum að hafa útgjöldin sem lægst, greiða sem minnst í ríkissjóð. Það er gott út af fyrir sig, ef hægt væri að koma því við, en þá yrði þjóðin líka að hætta að gera kröfur til ríkissjóðs um, að hann taki á sig ný og ný verkefni og verji til þess milljónum og milljónatugum. Út af fyrir sig mætti lækka dálítið útgjöld ríkissjóðs sem slíks og þar með gjöld á landsmenn, sem til hans gengju, með því t. d. að afnema tryggingalögin og setja allt í gamla horfið að því er það snertir. Þannig er um margt fleira. Mér finnst rétt að vera ekki að blanda almennri tollalöggjöf og því, að yfirleitt hvíli of háir tollar á þjóðinni, inn í umr. um þetta mál, sem er alveg einangrað við íslenzkan iðnað og er stórvægilegt hagsmunamál hans.

Hv. þm. Barð. hefur gert grein fyrir sinni brtt. Samt sem áður get ég ekkert frekar um hana sagt frá nefndarinnar hendi, þar sem hún hefur ekki rætt hana sérstaklega, en þar sem hv. þm. hefur tekið till. aftur til 3. umr., þá lofa ég því sem form. fjhn., að hún skal verða tekin þar fyrir á fundi, áður en 3. umr. verður um málið.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég neita því nú ekki, að mér finnst verða dálítið vandlifað hér í þessari hv. deild, þegar frsm. við mínum mjög hóflegu athugasemdum víkur þeim orðum að mér, sem hann gerði hér áðan, að mér hefði láðst að geta þess, að þessar 135 millj., sem vörumagnstollurinn og verðtollurinn nema til samans samkv. fjárlagafrv., væru ekki eingöngu lagðar á efnivörur iðnaðar. Ég hef ekki minnzt á þær, ég sagði ekkert um það, ég efast ekki um, að þessi hv. þm. og þm. almennt geri sér nokkra grein fyrir því, hvernig tollarnir skiptast í meginatriðum. Í grg. þeirri, sem fylgir frv., er ekki gerð nokkur minnsta tilraun til þess að sýna fram á, hversu miklu tollurinn nú nemi á þeim vörum, sem frv. fjallar um, þannig að ekki verður séð, hvað sú hlutfallslækkun er mikil, sem frv. gerir ráð fyrir. Það vita allir, að á þessum vörum hvíla nú talsverðir tollar. En það, sem ég aðallega benti á hér í minni fyrstu ræðu og vildi að hér kæmi fram, þannig að augljóst væri, að það lægi ljóst fyrir, var, að söluskatturinn og bátagjaldeyrisálagið að nokkru leyti er látið gersamlega óhaggað, sem er ákaflega þýðingarmikið atriði í sambandi við aðstöðu iðnaðarins, eins og ég hef bent hér á áður.

Almennar hugleiðingar þessa hv. þm. um tekjuþörf ríkissjóðs sé ég ekki ástæðu til að orðlengja mikið um. Það er að sjálfsögðu jafnan ljóst, að ríkissjóður hefur ríka þörf fyrir tekjur, sem að sjálfsögðu ákvarðast fyrst og fremst af því, hversu mikil útgjöld honum eru bundin, en hér er ekki um neitt deiluatriði í þessu efni að ræða. Hæstv. ríkisstj. ber þetta frv. fram og gerir ráð fyrir að taka þann halla, sem af því leiðir, eða reyna að afla sér tekna á annan veg til þess að bæta hann. Það er því fullkomlega ástæðulaust hjá þessum hv. þm., eins og hann gerir hér í hverri einustu ræðu, þegar minnzt er á fjármál, að minna mig á, að það sé hægt að leggja niður almannatryggingarnar. Það er ekki hreyft svo við nokkru máli hér, tekjumáli, skattamáli eða tollamáli, að þessi hv. þm. minni mig ekki á, að ef ég hafi eitthvað á móti tollum og álögum í ríkissjóð, þá sé ekki um annað að ræða en að leggja niður almannatryggingarnar, þá þurfi ekki að taka þetta fé. Ég kann þessu hálfilla, þó að ég af tilviljun sé forstjóri þessarar góðu stofnunar, að ætla að víkja þannig frá rökfærslum um alvarleg mál, segja bara: Það mætti leggja niður stofnunina, sem þú ert forstjóri fyrir, góði, og þá þarf ekki að leggja á þessa tolla. — Þetta er alveg ósæmileg rökfærsla af hálfu hv. þm. Það kann vel að vera, að honum sé þessi stofnun sérstakur þyrnir í augum, — mér er ekki grunlaust um að það sé, — en hann ætti að temja sér skap sitt að hafa það ekki alltaf í frammi í hvert skipti, sem hann skiptir orðum við mig í þessari hv. þingdeild.

ATKVGR.
Brtt. 474 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 462, 474).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur ekki tekið endanlega afstöðu til brtt. á þskj. 474, og auk þess hafa nú borizt tilmæli um, að n. taki fleiri atriði þessa máls til athugunar. Ég verð því að mælast til, að annaðhvort verði umr. frestað nú og málið tekið út af dagskrá eða — sem ef til vill væri hugsanlegt — að fundi væri frestað og n. fengi einhvern dálitinn tíma til fundarhalda. Því skýt ég til hæstv. forseta, hvað honum sýnist í því efni, en óska eftir einhverjum fresti a. m. k.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 462, 474, 507, 514).

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Ég hef borið hér fram brtt. á þskj. 514, og er hún varðandi inniskó og gúmmískó, sem bæði eru innfluttir og einnig búnir til hér á landi. Till. þessi er flutt eftir beiðni viðskmrh., og hefur orðið samkomulagsatriði milli hans og fjmrh. og einnig milli þeirra, sem standa að innflutningi þessa skófatnaðar og framleiða hann hér á landi. Vona ég því, að hún verði samþ. í deildinni.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég ber fram tvær brtt. á þskj. 507. Hin fyrri fjallar um það, að á eftir nr. 6 í 73. kafla komi nýtt nr., 6.b, efni í spenna; það lækki í verðtolli úr 8% eins og það nú er, og niður í 2%. Spennar þessir, sem hér um ræðir, eru notaðir langmest til þess að setja þá í spennubreytistöðvar í sambandi við heimtaugar til bændabýla víðs vegar úti um land og eru ekki fluttir inn af öðrum en þeim, sem ganga frá smíði og gerð slíkra spennubreytistöðva. Eftir því, sem liggur fyrir upplýst um þetta efni, þá mundi þetta muna á verði spennanna tilbúinna um 250—300 kr. og gera þá að því leyti auðveldari aðstöðu til þess að keppa við spenna, sem væru fluttir inn alveg tilbúnir frá útlöndum. Þar sem þess vegna hér er um að ræða efni til smíði tækja hér á landi, sem að vísu er nokkuð unnið, þegar það er komið hingað inn, en er partur af annarri stærri smíði, þá virðist alveg eðlilegt að leggja þessa spenna í sama verðtollsflokk og aðrar hráefnivörur til iðnaðar.

Hin síðari till. er þess efnis, að ríkisstj. sé heimilað að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnstæki, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum til rafmagnstækjanna. Það segir sig sjálft, að þær rafmagnstækjasmiðjur, sem hafa eitthvert verulegt starf með höndum hér, geta ekki smíðað frá fyrstu byrjun alla hluti til hvers einstaks rafmagnstækis. Fjöldaframleiðsla á einstökum hlutum tækjanna borgar sig miklu betur, og er því eðlilegt, að þær kaupi jafnan inn nokkuð af hálfgerðum eða tilbúnum hlutum í þau tæki, sem þær smíða að fullu hér heima. Hér er um svo margs konar hluti að ræða, að ekki er fært að telja þá alla upp í tollskránni, enda suma þeirra kannske hægt að nota annars staðar en við framleiðslu þessara tækja. Því þykir eðlilegt að leggja til, að í staðinn fyrir að telja upp þessa hluti alla og ákveða, hvar í tollskránni þeir skuli standa, þá sé ríkisstj. gefin heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af þessu umrædda efni í rafmagnstæki. Það er þá á valdi hæstv. ríkisstj. hverju sinni að ákveða, hvaða hlutir eða efnivörur undir þetta falla, og í öðru lagi meta nauðsynina í hverju einstöku tilfelli. Sú rafmagnstækjasmiðja sem mest kveður að hér á landi, Rafha í Hafnarfirði, telur, að þetta sé eðlilegasta leiðin til þess að fá fram það, sem til er ætlazt með þessu nýja frv., þ. e. a. s. að styðja að því, að tollarnir séu sem lægstir á hrávörum og lítið unnum vörum, en aftur hærri á hinum vörunum, sem erlendis eru gerðar.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að hv. dm. geti fallizt á, að eðlilegt sé, að þessar breytingar séu gerðar, og greiði till. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Eftir að frv. þessu hafði verið vísað til 3. umr. og tekið til þeirrar umr. og henni verið frestað samkv. mínum tilmælum, þá bárust fjhn. ýmis tilmæli um breytingar á frv. Er skemmst frá því að segja, að n. sá sér ekki fært að taka þær breytingar til greina, svo seint sem þær voru fram komnar, og taldi, að hlutaðeigendur hefðu gjarnan getað látið frá sér heyra fyrr, því að það lengi hefur frv. legið fyrir hv. d. Af þessum nýju óskum, sem fram voru lagðar á síðasta fundi n., birtast nú hér tvær af þeim sem brtt. við frv. Það eru tvær brtt. á þskj. 507 frá hv. 4. þm. Reykv. og brtt. á þskj. 514 frá hv. þm. Seyðf. Efni þessara tveggja þskj. var rætt á síðasta fundi, þó að ekki væri búið að bera till. þá fram.

Hvað snertir brtt. á þskj. 507 frá hv. 4. þm. Reykv., þá er það sama um það að segja eins og ég sagði um ýmsar aðrar óskir, að meiri hl. n. sá sér ekki fært að fara að taka upp slíkar brtt. eða mæla með þeim á síðustu stundu. Verða auðvitað að ganga atkvæði um þessar till., og hafa þær ekki nein meðmæli n. sem slíkrar. Ég skal ekki heldur fara hér neitt út í að mótmæla þeim. Hver hv. dm. er auðvitað sjálfráður að því, hvernig hann greiðir um þær atkv.

Þá er ein brtt. á þskj. 514 frá hv. þm. Seyðf. Þar víkur ofur lítið öðru máli við, því að ég vil lýsa yfir því hér, að auk hans tjáði ég mig fúsan til þess að fallast á þá till. á nefndarfundinum. En meiri hl. n. fékkst ekki fyrir því. Ég mun því fyrir mitt leyti greiða atkvæði með þeirri brtt., en n. er af því vitanlega laus allra mála að öðru leyti.

Þá vil ég að lokum minnast á brtt. með varatill. á þskj. 474 frá hv. þm. Barð. (GíslJ). Það er alllangt síðan sú brtt. var borin fram. Hún var borin fram við 2. umr. og þá tekin aftur til athugunar, og n. hefur rætt hana nokkuð á nokkrum fundum, en ekki náðst samkomulag um hana, þannig að ég lít svo á, að aðrir nm. vilji ekki á hana fallast. Ég hefði persónulega vel getað hugsað mér að ganga nokkuð til móts við hv. flm. og fallast á miðlunartill. við varatill., till., sem gengi ekki eins langt og varatill., en hv. flm. vildi ekki fallast á þá miðlun, og aðrir nm. tóku ekki undir það, svo að ég hef nú ekki borið fram neina brtt. í því efni.

Af því að hv. þm. Barð. hefur áður gert grein fyrir þessari brtt. sinni og auðvitað frá sínu sjónarmiði, þá vil ég hér aðeins láta koma fram nokkuð af því, sem haft er á móti því, að hans

till. sé samþykkt. Í fyrsta lagi er þá það, að eins og nú standa sakir mun engin verksmiðja úti á landi flytja inn hálfunnar dósir. Og beinlínis frá verksmiðjum úti á landi, niðursuðuverksmiðjum eða öðrum verksmiðjum, hefur ekki komið nein ósk til n. um breytingu á þessu. En það skal ég þó taka fram, að ég tek hv. þm. Barð. alveg fullgildan sem umboðsmann þeirrar niðursuðuverksmiðju, sem er í hans kjördæmi. En samt sem áður er það, að verksmiðjan sem slík hefur ekki borið sig undan þessu og engin verksmiðja úti um land. Í öðru lagi er það, að jafnvel þótt niðursuðuverksmiðjur úti á landi vildu fara að flytja inn slíkar hálfunnar dósir, þá er þeim ekkert íþyngt samanborið við þann dósaiðnað, sem hér er, þar sem sami tollur gildir auðvitað fyrir þær hálfunnu dósir, sem dósaverksmiðjan í Reykjavík flytur inn og greiðir auðvitað sama toll af. En það að samþykkja þessa till. er talið að gæti haft skaðleg áhrif á þann dósaiðnað, sem til er í landinu, t. d. það, að hægt væri þá að flytja inn og smíða upp úr hálfunnum dósum ýmsar aðrar gerðir dósa fyrir annan iðnað en niðursuðu og verzla þannig með slíkt tollfrjálst í samkeppni við sams konar dósir frá dósaiðnaðinum í landinu. En talið er, að slíkt mundi útiloka tilveru sjálfstæðrar dósaverksmiðju vegna þess, hvað þröngur markaður er í landinu fyrir þetta.

Það munu ekki vera nema 3 tegundir dósa, sem eru fluttar inn eða hafa nokkurn tíma verið fluttar inn hálfsmíðaðar. En dósaverksmiðjan í Reykjavík framleiðir um 70 tegundir dósa, bæði fyrir niðursuðuverksmiðjur, efnagerðir, málningarverksmiðjur og heimili. Þess vegna virðist, með tilliti til þess jafnframt, sem ég sagði í upphafi, að nú sem stendur mun engin verksmiðja í landinu önnur en dósaverksmiðjan í Rvík flytja inn hálfunnar dósir, a. m. k. ekki liggja neitt á því að lækka toll á hálfunnum dósum frá því, sem í frv. er gert ráð fyrir. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að Kaupfélag Eyfirðinga, sem hefur nokkra niðursuðu á ýmsum vörum, hefur, að ég hygg, alltaf keypt hálfunnar dósir, þegar það hefur þurft á þeim að halda, hjá dósaverksmiðjunni í Reykjavík, en ekki flutt þær inn. Og þannig mun það vera, að nú sem stendur a. m. k. er ekki um neina verksmiðju að ræða, sem á þessu þarf að halda fyrr en þá ef til vill einhvern tíma síðar, og virðist þá mega taka það til athugunar, þegar þar að kæmi.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Það má ef til vill deila á n. fyrir að hafa ekki tekið ákveðna afstöðu frekar en ég hef nú lýst til þeirra till., sem fyrir liggja. Þó lít ég svo á, að n., að undanteknum flm., sé mótfallin brtt. á þskj. 507 og sömuleiðis á þskj. 474, en eins og ég hef lýst, þá eru a. m. k. tveir nm., sem vilja samþykkja till. á þskj. 514, flm. og ég sjálfur. Mér skilst, að hinir þrír nm. vilji ekki á hana fallast, eða ekki var það í gær á fundi.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fyrir að gefa skýringar á því, hvernig þessi mál hafa gengið í n., og viðurkenni, að þar er rétt skýrt frá.

Það er rétt, að hann persónulega reyndi miðlun í þessu máli, sem ég gat ekki fallizt á af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var mér kunnugt um, að milliþn., sem hafði fjallað um þetta mál, vildi ganga lengra til móts við þá menn, sem hér um ræðir, heldur en till. hv. 1. þm. Eyf. var. Ég sá enga ástæðu til þess að ganga þar af leiðandi skemmra heldur en þeir menn, sem höfðu fjallað um þetta í milliþn., vildu gera og vildi þá heldur lúta þeim kosti, að till. mínar yrðu felldar og málið lægi óafgreitt, þar til hægt væri að taka það upp síðar. Hin ástæðan — og hún er veigameiri — er sú, að það er upplýst í málinu, að milliþn. hefur farið inn á þá braut að lækka til hálfs hálfunnið efni, sem flutt er inn í landið til iðnaðar. Á ég þar við tölul. 14 í tollskrárfrv., kakaódeig. Það kom erindi um þetta atriði til fjhn., mótmæli frá 5 verksmiðjum, sem sjálfar vinna hér úr kakaóhnetum slíkt kakaódeig eins og hér um ræðir, brenna hneturnar sjálfar, vinna kakaódeigið og telja, að gengið sé hér mjög á sinn rétt með því að fella niður helminginn af þeim verndartolli, sem verið hefur. En það kom einnig inn annað erindi frá eiganda einnar verksmiðju, sem hefur ekki haft löngun, fjárhagslega möguleika eða hyggindi til þess að kaupa sér nægilegar vélar í sína verksmiðju til þess að vinna úr slíku hráefni. Milliþn. hefur litið meira á hag þessa eina manns, sem þannig hefur búið í haginn í sambandi við sinn iðnað, og lagt til, að felldur verði niður helmingurinn af innflutningstollinum, til þess að hann gæti haft hag af því fyrir sína verksmiðju, gegn hagsmunum hinna fimm, sem eru miklu lengra komnir á þessu sviði. Ég ætla ekki að gera nefndinni, nm. eða flokkunum og sízt af öllu hæstv. fjmrh. getsakir um það, að hér sé að verki sérhagsmunasjónarmið vegna gjaldkera Framsfl., sem hefur fengið þessi fríðindi, sem þó sjálfstæðismönnum er neitað um. Ég ætla ekki að gera þeim það upp, að því sé þannig varið. En ákaflega slær það mann illa, þegar svona er gengið frá einstökum málum í sambandi við afgreiðslu frv. Ég ætla þá ekki heldur að gera þeim það upp, að það sé vegna þess, að einn áhrifamikill framsóknarmaður er forstjóri fyrir dósaverksmiðjunni, að svo fast er haldið í verndartoll á hálfunnum dósum. En þegar málið er skoðað í þessu ljósi, verður það óneitanlega dálítið einkennilegt, að það skuli hittast svona á, að það skuli verið að verja hér ákveðna sterka flokksmenn eins ákveðins pólitísks flokks og fara alveg öfugt að í hvoru tilfellinu sem er, eins og ég hef bent á. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma til að ræða þetta mál öllu meira en komið er. Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði.

Það er í fyrsta lagi það, sem hann minntist á kakaódeigið og það erindi, sem komið hafði til fjhn. út af því. Þá vil ég upplýsa það, að þessi eina verksmiðja, sem vill una frv. eins og það er, hefur á árinu sem leið flutt inn 15½ tonn af hráefni í þessa vöru af 16.6 tonna heildarinnflutningi, þannig að í þessu efni er enginn samanburður á því, hvað þessi eina verksmiðja hefur þarna margfaldra hagsmuna að gæta á við allar

hinar, þegar litið er á tollgreiðslu af hráefninu.

Hv. þm. fór svo að minnast á ástæðurnar til þess, að svona hefði verið gengið frá, og sagðist ekki vilja ætla, að það væri af pólitiskum ástæðum, enda skil ég varla, hvernig það ætti að vera sérstaklega. Milliþn. er a. m. k. úr þrem flokkum, og hvað súkkulaðiverksmiðjuna snertir er það að segja, að ég veit ekki til, að forstjóri hennar sé framsóknarmaður; þó kann það að vera, ég þekki það ekki. Ég veit, að það er gjaldkeri við það fyrirtæki framsóknarmaður, en í ýmsum fyrirtækjum eru menn af ýmiss konar flokkum. En hvað dósaverksmiðjuna snertir, þá munu þar vera aðalmenn tveir bræður, sem alls ekki eru sammála í pólitík. Ég held, að annar bróðirinn standi hv. þm. Barð. alveg eins nærri og framsóknarmönnum. Ég held því, að þetta komi ekki neitt til greina, að hér sé flokkað í tollflokka eftir póltískri afstöðu þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Fyrir utan, að það væri auðvitað ranglátt, þá held ég, að það væri óskaplega heimskulegt, vegna þess að eigendur fyrirtækja skipta stöðugt, og það getur verið sjálfstæðismaður í dag og framsóknarmaður á morgun og alveg öfugt. (Gripið fram í.) Ojæja, þessum lögum hefur nú ekki verið breytt í neinum höfuðatriðum í 15 ár, en breytingar á mannahaldi í fyrirtækjum og svo breytingar á forstöðumönnum þeirra eru oft örari. Ég held við getum alveg sleppt þeirri hlið málsins.

ATKVGR.

Brtt. 514 samþ. með 11:2 atkv.
— 474, aðaltill. felld með 9:3 atkv.
— 474, varatill. samþ. með 9:6 atkv.
— 507,1 felld með 9:5 atkv.
— 507,2 felld með 10:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 41. fundi í Sþ., 24. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 529).

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Fyrir nokkru var sett milliþn. til þess að endurskoða tollskrána frá því sjónarmiði, hvort iðnaðurinn hefði hæfilega tollvernd, byggi við viðunandi lífskjör. Nefndin hefur skilað áliti, og álitið hefur verið athugað í fjmrn. og ráðuneyti iðnaðarmála. Á till. n. hefur verið byggt það frv., sem hér liggur fyrir. Í frv. er gert ráð fyrir verulegri lækkun á tollum á ýmsum hráefnum til iðnaðarins. En fáar aðrar breytingar, sem máli skipta, eru í frv.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr., og vonast eftir því, að n. greiði fyrir málinu, þar sem hugmyndin var að fá það gert að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 529, n. 623, 636, 639, 645, 652).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og gefið út nál. á þskj. 623. Mælir n. með því, að frv. verði samþ. Fjhn. flytur þó við það nokkrar brtt. á þskj. 636. Þar að auki flytur einn nm., hv. 1. landsk. þm. (GÞG), sérstakar brtt. á þskj. 639.

Fyrsta brtt. fjhn. er um það, að 113. tölul. 1. gr. frv. falli niður. Í þeim lið eru ákvæði um tolla af blikkdósum, og var þetta sett inn í frv. í hv. Ed., og leggur n. til, að frv. verði að þessu leyti fært í sitt upphaflega form.

Þá er næsta brtt. n. um það að lækka tolla á fiskkössum úr aluminium frá því, sem nú er. Hafði borizt um þetta erindi til n., og er lagt til hér, að tollurinn verði 7 aura vörumagnstollur af kg og 8% verðtollur. Er þetta í samræmi við toll, sem nú er á fiskkörfum.

Þá er loks þriðja brtt. n. Hún er í tveim töluliðum, og eru þær till. báðar um lækkun tolla af hvalveiðitækjum, bæði hvalveiðabyssum og hlutum til þeirra og hvalveiðaskutlum. Hafði einnig borizt erindi um þetta til n., sem henni þótti rétt að taka til greina.

Það er því till. fjhn., að frv. verði samþ. með þessum brtt. hennar á þskj. 636.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég er sammála þeirri meginstefnu, sem fram kemur í þessu frv. Það ber brýna nauðsyn til þess að efla íslenzkan iðnað, að rétta þeim þætti íslenzkt atvinnulífs, sem undanfarin ár hefur verið í örustum vexti, hjálparhönd. Það er gert í frv., og þess vegna tel ég það stefna í rétta átt. Það er sem kunnugt er undirbúið af n., sem starfaði að endurskoðun tollskrárinnar og skipuð hafði verið af ráðh. á sínum tíma.

Sú leið, sem er farin í frv., er ekki að öllu leyti hin sama og sú, sem n. hafði lagt til að farin yrði. N. gerði nefnilega þær till. í nál. sínu að gera hvort tveggja til eflingar íslenzkum iðnaði, að lækka tolla á hráefnum til hans og að hækka tolla á ýmsum fullunnum vörum innlendum iðnaði til verndar. Lækkunartill. n. námu 8.3 millj. kr. En hún lagði hins vegar til, að tollur yrði hækkaður á móti á ýmsum fullunnum vörum um 5.1 millj., þannig að heildartekjumissir ríkissjóðs hefði, ef till. hennar hefði verið fylgt, orðið rúmar 3 millj. kr. Þetta frv. er að því leyti frábrugðið till. n., að þar er ekki gert ráð fyrir neinum teljandi hækkunum á tollum á aðfluttum vörum, en hins vegar eru lækkunartill. allmiklu minni en n. hafði gert ráð fyrir, eða aðeins um 5 millj. kr. Ég tel þessa stefnu, sem í frv. felst, vera skynsamlegri og eðlilegri en hina, sem n. hafði lagt til. Ég tel skynsamlegra að rétta íslenzkum iðnaði fyrst og fremst hjálparhönd á þann hátt að lækka tolla á því efni, sem hann vinnur úr, en síður á hinn, að hækka tolla á erlendum vörum sem verndartolla fyrir iðnaðinn, a. m. k. ef hægt er að ná sama árangri í báðum tilfellum. Hér er þó þess að geta, að ríkisstj.

hefur ekki treyst sér til þess að ganga eins langt í lækkunarátt og n. hafði lagt til, þ. e. a. s. lækkar lækkunartill. um 3 millj. kr. Ég hefði talið æskilegra, að gengið yrði nær lækkunartill. n., þó að hækkunartill. yrðu felldar niður, en hér verður auðvitað að meta fjárhagsaðstæður ríkissjóðs, þ. e. a. s. það, hversu miklum tekjumissi hann er talinn munu mega verða fyrir. En það vildi ég undirstrika, að þessa stefnu tel ég í sjálfu sér eðlilegri, miðað við sama árangur, heldur en hina, að taka upp eða auka beina tollvernd.

Ég vil þó í þessu sambandi vekja athygli á þýðingu söluskattsins fyrir iðnaðinn og í sambandi við tollheimtuna, en hann er sem kunnugt er innheimtur með tolli á innfluttum vörum. Sannleikurinn er nefnilega sá, að söluskatturinn verkar mjög illa á lágtollaðar vörur og hefur þar af leiðandi komið illa við iðnaðinn, að svo miklu leyti sem hráefni hans hafa verið lágtolluð, og kemur til með að koma enn þá verr við hann eftir samþykkt þessa frv. vegna þess, hve mikið af hráefnum til iðnaðar verður nú alveg tolllaust eða fer niður í lágan tollflokk. En það er auðséð, að söluskatturinn, sem er innheimtur með sömu prósenttölu á tollverð allrar vöru, hvort sem hún er tolllaus, í lágum tollflokki eða háum tollflokki, kemur auðvitað tiltölulega þyngra niður á tollfrjálsu og tollágu vöruna heldur en hina, þ. e. a. s. hækkar það verð, sem innflytjandinn verður að greiða, tiltölulega miklu meira á tolllausu eða tollágu vörunni heldur en á hinni tollháu. Þetta getur orðið ljóst með afar einföldum dæmum, sem ég sæki í hið ýtarlega nál. tollamálanefndarinnar.

Ef við hugsum okkur 100 kr. innflutning af tollfrjálsu hráefni, þá er söluskatturinn af því 7.70 kr. Ef á þessu hráefni er 2% verðtollur að viðbættum 45% tollviðauka, sem yrði mjög algengur tollflokkur, ef þetta frv. yrði samþ., þá verður aðflutningsgjaldið að viðbættum söluskatti 10.82 kr. Ef aftur á móti söluskatturinn yrði felldur niður, en viðaukinn hækkaður úr 45% upp í 75%, þá kemur enginn söluskattur á hráefnið, þ. e. lækkar úr 7.70 kr. ofan í núll, en á lágtollaða hráefninu, sem er með 2% tolli, lækka gjöldin úr 10.82 kr. ofan í 3.50 kr. Þ. e. a. s.: sú breyting að fella söluskattinn niður, en taka upp hina stefnuna í staðinn, að hækka tollviðaukann úr 45% í 75%, mundi þýða rúmlega 7 kr. aðflutningsgjaldalækkun á hið lágtollaða hráefni.

Dæmi fyrir fullunna iðnaðarvöru lítur aftur á móti svona út: Ef við tökum fyrst dæmi um vöru, sem er í 30% tolli, og miðum þá við það, að söluskattinum sé haldið og 45% viðaukanum, þá verða aðflutningsgjöldin á vöru, sem kostar 100 kr. í innkaupi, 54.55 kr. En ef breytt yrði aftur á móti til og söluskatturinn felldur alveg niður, en tollviðaukinn hækkaður úr 45% í 75%, þá mundu aðflutningsgjöldin lækka á þessari vöru úr 54.55 kr. ofan í 52.50 kr. 30% tollur er afar algengur tollflokkur. Ef söluskattur yrði felldur niður, en í staðinn viðaukinn hækkaður úr 45% í 75%, þá mundi vara, sem væri í þessum algenga tollflokki, lækka hvað snertir aðflutningsgjöld um um það bil 2 kr. Ef við aftur á móti tökum vöru í hærri tollflokki, þ. e. a. s. vöru, sem telja má frekar til óhófsvarnings, vöru í 50% tolli, þá verða aðflutningsgjöldin af henni með söluskatti og 45% viðauka 85.78 kr., en verði söluskatturinn felldur niður og viðaukinn hækkaður upp í 75%, þá verða aðflutningsgjöldin 87.50 kr., þ. e. a. s. hækka um tæpar 2 kr.

Ef þannig yrði farið að, að söluskatturinn yrði felldur niður og viðaukinn hækkaður í staðinn, þá mundu gjöldin lækka á tollfrjálsum vörum og á vörum, sem eru yfirleitt upp í 30% verðtoll. Hins vegar mundu þær vörur hækka, sem eru fyrir ofan 30% verðtoll.

Ég fékk þær upplýsingar hjá n., að hún hefði ekki reynt að gera sér grein fyrir því, hvort hækkun úr 45% í 75% á tollviðaukanum mundi duga til þess að jafna þann tekjumissi, sem hlytist af niðurfellingu söluskattsins. Ég efast um, að svo sé. En engu að síður eru meginatriðin alveg ljós. Það væri miklu skynsamlegri leið að hækka tollviðaukann og fella söluskattinn niður heldur en að halda söluskattinum og þessum 45% tollviðauka, því að höfuðgallinn á söluskattinum er auðvitað sá, að hann kemur jafnþungt á allar vörur, jafnvel þó að þær séu tollfrjálsar og hver svo sem tolluppheðin er. Nú, þegar verið er að gera ráðstafanir til þess að bæta hag innlends iðnaðar með því að lækka tolla á hrávörum hans og jafnvel fella þá alveg niður, þá er auðvitað mjög óeðlilegt að halda söluskattinum í sömu prósenttölu á allar vörur, hvort sem þær eru tolllausar, lágtollaðar eða hátollaðar. Þegar söluskatturinn var tekinn upp, var hann því í raun og veru þungur skattur á alla lágtollaða vöru og þar á meðal hráefni til iðnaðarins. Þess vegna er það, sem hér er í raun og veru að ske, í sjálfu sér ekkert annað en að ríkisvaldið er að bæta fyrir þann órétt, sem það gerði íslenzkum iðnaði og öllum notendum lágtollaðrar vöru með því að lögleiða söluskattinn.

Ég gat ekki fengið upplýsingar um það í skjótu bragði og líklega erfitt að fá þær, hversu söluskattur hefur numið miklu á hráefnum til iðnaðar. En það mætti segja mér, að það skipti milljónum. Hér er verið að lækka tollgreiðslur á hráefnum til iðnaðar um 5 millj., svo að segja má ef til vill, að hér sé ekkert annað að gerast en að létta aftur af iðnaðinum því gjaldi, sem á hann var lagt með lögleiðingu söluskattsins. Vil ég þó ekki fullyrða, að söluskatturinn hafi verið svona mikill. En að talsverðu leyti er hér áreiðanlega um það að ræða að endurgreiða íslenzkum iðnaði þá skuld, sem til var stofnað við hann með lögleiðingu söluskattsins. Næsta verkefni, sem fram undan er á þessu sviði, tel ég því hiklaust vera það að endurskoða löggjöfina um söluskatt, þannig að haldið verði á því sviði áfram á sömu braut og verið er á í þessu frv., að létta söluskattinum a. m. k. af þeim vörum, sem eru tollfrjálsar, og helzt að breyta honum líka þannig, að hann verki eins og tollarnir almennt, þ. e. a. s. stighækkandi eftir notkun og eðli vörunnar.

Þá er þess og að geta, að bátagjaldeyriskerfið hefur komið þungt við iðnaðinn að ýmsu leyti, og á hann það líka hjá hæstv. ríkisstj. að endurskoða bátagjaldeyriskerfið þannig, að það verði ekki til þess að íþyngja iðnaðarstarfseminni. En segja má, að það sé óskylt því máli, sem hér er

um að ræða, og skal ég því ekki orðlengja um það.

Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. á þskj. 639. Önnur er um það að lækka tolla af efni í spenna, en þessi tolllækkun mundi nema um það bil 300—400 kr. á hvern spenni. Nú eru á döfinni miklar fyrirætlanir um rafvæðingu landsins, sem allt gott er um að segja, og mun því verða og er raunar nú þegar mikil þörf fyrir þau rafmagnstæki, sem hér er um að ræða. Það væri vissulega í samræmi við þá heildarstefnu, sem uppi er í málinu að öðru leyti, að gera þessum aðilum, sem þessi tæki þurfa að nota, sem auðveldast að nota þau og tolla þau ekki hærra en hér er lagt til, þ. e. a. s. með 2% verðtolli. — Enn fremur hef ég lagt til, að heimilað verði að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnstæki, aðflutningsgjöld af efnivörum til þeirra eða hlutum af þeim. Rafmagnstækjaiðnaðurinn er ein af þeim iðngreinum, sem risið hafa upp á síðari árum og sýnt hafa einna mesta og bezta samkeppnishæfni við erlenda framleiðslu, og hefur þó ekki notið sérstakrar verndar. En það væri vissulega eðlilegt, að heimilt væri að endurgreiða aðflutningsgjöld af þeim tækjum eða hlutum af þeim, sem þessi iðnaður notar til framleiðslu sinnar, vegna þess að hann starfar að verulegu leyti þannig, að um samsetningu er að ræða.

Að síðustu vildi ég minnast örfáum orðum á eina breytingu, sem þetta frv. tók í Ed., en þar var samþ. till. um að hækka verðtoll á gúmmískófatnaði úr 15% í 25%. Í sambandi við það er þess að geta, að umræddur skófatnaður er alls ekki framleiddur hér á landi, svo að sú röksemd getur ekki verið fyrir hendi, að þessi tollhækkun sé til þess að vernda innlenda skóframleiðslu, enda er meginstefna frv. sú að liðsinna iðnaðinum alls ekki á þann hátt að auka tollvernd í formi hækkaðra tolla, heldur — eins og ég sagði áðan — á hinn mátann, að lækka gjöld á hráefnum til hans. En hér er auk þess alls ekki um það að ræða, að varan sé framleidd hér á landi, því að gúmmískófatnaður er ekki framleiddur hér, heldur einvörðungu leðurskófatnaður. Ef þetta ákvæði fær að vera kyrrt í frv., yrði afleiðing þess einvörðungu sú, að þessi gúmmískófatnaður, sem er mjög algengur, mundi hækka í verði sem þessari tollhækkun svarar, en það er í algeru ósamræmi við alla meginstefnu frv. að öðru leyti, og ber því nauðsyn til þess, að þetta ákvæði verði fellt burt. Ég hef þó ekki að svo stöddu lagt fram brtt. um þetta, þar eð ég vona, að fjhn. eigi eftir að fjalla um málið, annaðhvort áður en þessari umr. lýkur eða þá a. m. k. milli 2. og 3. umr., og mun hreyfa því, að n. taki upp till., sem breyti þessu atriði aftur í sitt upphaflega form.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það gleður mig, að hv. síðasti ræðumaður er ánægður með frv. eins og það nú liggur fyrir og hefur sama sem ekkert við það að athuga. Það væri líka mjög ósanngjarnt, ef stjórnarandstæðingar færu að tala á móti þessu frv., því að þetta frv. er það stærsta, sem gert hefur verið á mörgum árum í þá átt að létta tollum og styðja innlenda framleiðslu. Ef þetta frv. verður samþ., sem þegar er raunar alveg víst, þá hefur það í för með sér tekjumissi fyrir ríkissjóð að minnsta kosti 5 millj. kr., ef til vill meira.

Eins og áður hefur verið talað um, þá starfaði mþn. til þess að endurskoða tollalöggjöfina með hagsmuni iðnaðarins fyrir augum. N. vildi ganga nokkru lengra í því, sem kallað er vernd iðnaðinum til handa, með því að lækka tolla á hráefnum til iðnaðar nokkru meira en gert er ráð fyrir með frv., sem hér er nú til umr., og afla svo ríkissjóði tekna aftur á móti með hækkun tolla. Þegar nál. mþn. var athugað, þótti ljóst, að það var tæplega hyggilegt eða rétt að ganga svo langt í lækkun tolla á hráefni til iðnaðar, að til þess óyndisúrræðis þyrfti að grípa að hækka tolla, því að það er stefna núverandi ríkisstj. að gera það ekki nema í brýnustu nauðsyn. Það var þess vegna haft samband við iðnaðarsamtökin um þetta mál, og má fullyrða, að þau eru mjög ánægð með frv. í því formi, sem það er nú, og vafasamt, að þau hefðu verið nokkuð ánægðari með það, þótt lengra hefði verið gengið í lækkun tolla, ef það hefði kostað hækkun tolla á öðru sviði.

Hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að þetta frv. miðaði að því að endurgreiða gamla skuld, sem ríkisvaldið væri í við iðnaðinn. Það má alltaf deila um það, hvort ríkisvaldið er í raun og veru í skuld við eina atvinnugrein frekar en aðra. Ég skal ekkert leggja dóm á það. En það, sem hv. ræðumaður átti sérstaklega við, skildist mér vera það, þegar söluskatturinn var lagður á iðnaðarframleiðsluna og hráefni til iðnaðar eins og aðrar innfluttar vörur. Ég er í hópi þeirra, sem helzt vildu, að það þyrfti enginn söluskattur að vera, og ég mundi vera glaður þann dag, sem hægt væri að upplýsa, að við hefðum efni á því að létta söluskattinum af iðnaðinum og helzt af öllum atvinnugreinum landsmanna. En það verður að játa staðreyndir. Það verður að viðurkenna, að fjárlögin eru byggð upp nú og hafa verið mörg undanfarin ár með því að gera ráð fyrir þessum tekjupósti, sem af söluskattinum leiðir. Og það þarf enginn að ímynda sér, að það sé mögulegt í einu að afnema eða létta verulega þennan skatt frekar en aðra. Hitt ber svo að gera sér ljóst, að þótt nú sé verið að endurskoða tollalöggjöfina og gera ráð fyrir 5 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð og þar með 5 millj. kr. hagnaði fyrir iðnaðinn, þá er ekki þar með sagt, að það beri ekki að stuðla að því að ganga lengra, hvenær sem það telst fært, annaðhvort með því að létta af söluskatti eða öðrum skatti á þessari atvinnugrein sem annarri.

Hv. þm. var hér að tala um brtt., sem var samþ. í Ed. Það var hækkun á tolli á gúmmískófatnaði úr 15% í 25%, og fullyrti hv. þm., að þeir skór, sem hér væri átt við, væru ekki framleiddir í landinu. Það er nú svo, að þótt þetta sé merkt gúmmískór í tollskránni, þá eru þetta ekki gúmmískór að öllu leyti, heldur aðeins að nokkru leyti. Það mun vera gúmmí í sólunum, þykkir sólar, þannig að það er talið vera meira en 50% af efninu gúmmí, og þess vegna er þetta nefnt í tollskránni gúmmískór. Skór, sem falla undir þennan tollskrárlið, eru framleiddir hér, og þessi till. er fram komin í Ed. eftir eindreginni ósk iðnrekenda, sem framleiða skó. Ég skal viður-

kenna, að það má deila um, hvort það hefði átt að samþ. þessa till. eftir ósk iðnaðarmanna. Það má vel deila um það, og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er í rauninni í mótsögn við anda og stefnu þessa frv., sem að sáralitlu leyti gengur í þá átt að hækka tolla, en ég tel ástæðu til að taka það hér skýrt fram, að þessi till. er samþykkt eftir ósk iðnrekenda, vegna þess að þeir framleiða skó, sem falla undir þennan tollskrárlið.

Hv. þm. flytur hér brtt. á þskj. 639 um lækkun tolla á rafmagnsspennum. Forstjóri raftækjaverksmiðjunnar Rafha talaði við mig fyrir nokkuð löngu einmitt um þetta atriði. Ég hef einnig rætt það við hæstv. fjmrh., og hv. 2. þm. Eyf. hefur rætt um þetta við skrifstofustjórann í fjmrn. Eftir því sem hv. 2. þm. Eyf. segir mér, þá mun vera komið fullt samkomulag um þetta atriði, aðeins eftir að orða till. í þessa átt. Var talið líklegt, að það yrði að vera í endurgreiðsluformi, þar sem erfitt mundi vera að ákveða, hvaða efni færi í spenna og hvað færi í aðra framleiðslu. Ég vil þess vegna biðja hv. þm. að gera svo vel að taka þessa till. aftur til 3. umr., vegna þess að þetta atriði er í athugun og undirbúningi hjá stjórnarflokkunum. Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu meira um þetta frv., en lýsi ánægju minni yfir því, hversu því er vel tekið af stjórnarandstöðunni sem öðrum hv. þdm.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 652 að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 636 um, að af fiskkössum verði reiknaður vörumagnstollur 2 aurar á kg og 2% verðtollur. Hv. fjhn. hefur gert till. um nokkra lækkun á þessum lið, eða í 7 aura vörumagnstoll og 8% verðtoll.

Í fyrsta lagi eru þessir kassar ekki smíðaðir hér á landi, og í öðru lagi eru þeir mjög nytsamir fyrir fiskiðnaðinn, þar sem þeir eru notaðir undir bæði fiskflök, hrogn, þunnildi, síld og til ýmissa annarra nota í sambandi við frystihúsrekstur. Ég fullyrði, að einmitt síðan byrjað var að nota þessa kassa hefur vöndun á meðferð þessara vörutegunda farið mjög mikið fram, í stað þess að áður voru notaðar stálkörfur undir þessar vörur frystihúsanna, sem orsökuðu oft skemmdir á þessum afurðum. Ég tel því, að það sé fyllsta sanngirni, að þessir kassar verði tollaðir eins og ég fer fram á í brtt. minni.

ATKVGR.
Brt. 636,a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 652 samþ. með 16:6 atkv.
— 636,b, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 639 tekin aftur til 3. umr.
— 636,c samþ. með 19:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 645 felld með 18:10 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 679, 639, 686).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Fjhn. hefur hér till. að flytja um breyt. á frv., en till. er nýlega samin og hefur ekki verið prentuð, og þarf ég því að afhenda forseta hana skriflega. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa till. upp. Það er brtt. við 2. gr. frv., og er lagt til, að 3. liður þeirrar greinar verði orðaður um, að upp verði tekinn í till. liðurinn eins og hann nú er, þ. e. a. s. heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er lagt til, að við þetta bætist nýr stafliður, þannig: „Að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnsspenna, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum þeirra.“ Þarna er að nokkru leyti tekið upp efni úr brtt. á þskj. 639, sem hv. 1. landsk. lagði fram við 2. umr. En n., þ. e. a. s. að þeim nefndarmanni undanteknum, telur ekki fært að ganga lengra til móts við hans till., og ef hann tekur þær ekki aftur við atkvgr., þá mælir meiri hl. n. gegn því, að þær verði samþ. Sama máli er að gegna um aðrar brtt., sem fyrir liggja á þskj. 686, að n. getur ekki mælt með þeim. *Aðrar brtt. liggja ekki fyrir að svo komnu a. m. k.* — Vil ég þá afhenda forseta þessar skriflegu brtt. frá nefndinni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 707) og brtt. 686, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Það hefur orðið að ráði, að fjhn. flytji hér enn eina brtt. við frv., skriflega. Þessi till. er um það að fella niður úr 1. gr. frv. 100. tölul. Sá liður var settur inn í frv. í hv. Ed., og er þarna um að ræða nokkra breytingu á tolli af strigaskóm með gúmmíbotnum. N. leggur sem sagt til, að þessi liður verði felldur niður úr frv. og það að þessu leyti fært í sitt upphaflega horf. Leyfi ég mér að afhenda forseta þessa brtt. og óska, að hann leiti afbrigða um hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 708) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 686,1 felld með 18:6 atkv.
— 708 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 686,2 felld með 20:7 atkv.
— 639,1 tekin aftur.
— 707 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 639,2 felld með 16:9 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 709).

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 734).

## 29. Útsvör.

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör** [178. mál] (stjfrv., A. 520).

Á 67. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520, n. 598).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og fram kemur á þskj. 598, leggur n. til, að það verði samþ. Þar er þess getið, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafi átt tal við nm. um málið, og síðan nál. var gefið út hefur borizt erindi um það frá þeirri stofnun, sem n. mun taka til athugunar fyrir 3. umr. — Tveir hv. nm., hv. 5. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, sem þeir munu gera grein fyrir, ef þeim þykir ástæða til.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. tók fram, ritaði ég undir nál. með fyrirvara. Ég hef þegar í umræðunum um frv. hæstv. ríkisstj. um breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt gert grein fyrir því, hvers vegna ég hafði fyrirvara um afgreiðslu þessa máls, og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau rök hér og lengja með því þessa umr. En kjarni málsins er sá, að þótt ég viðurkenni, að hæpið geti verið að hafa niðurjöfnunarnefndir jafnóbundnar varðandi útsvarsálagningu og þær eru samkvæmt núgildandi útsvarslögum, þá tel ég á hinn bóginn ástand skattamálanna hér hjá okkur ekki vera með þeim hætti, að unnt sé eða rétt væri að stíga nokkurt spor í þá átt, að skertur sé réttur niðurjöfnunarn. til þess að hafa útsvarsálagningu eins rétta og sanngjarna og þær telja hana geta orðið frá því, sem nú er, og ég tel engan vafa á því, að niðurjöfnunarn. hafi tekizt að gera útsvarsálagningu mun réttlátari en hún mundi hafa orðið, ef lagt væri á eftir föstum skattstiga, einmitt með því að beita heimildinni til þess að leggja á skatt eftir efnum og ástæðum. Er höfuðástæðan sú, að aðstaða manna til þess að hagræða framtölum og skjóta tekjum undan skatti er mjög misjöfn og að menn hér sjást ekki fyrir í þeim efnum. Þess vegna hafa ýmsar niðurjöfnunarnefndir notað þessa heimild einmitt sem gagnráðstöfun gegn ófullnægjandi skattaframtölum, og ég tel varhugavert að stíga spor, sem mundu verða til þess að gera niðurjöfnunarnefndir meira hikandi við það að gera ráðstafanir í þá átt. Við þetta er fyrirvarinn miðaður, og mun ég af þeim sökum greiða atkvæði gegn frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 520, 626).

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 626 við þetta frv., sem fer í þá átt, að 2. gr. frv. falli niður. Í þessu frv. er raunar um aðeins tvö efnisatriði að ræða. Hið fyrra er það, að ekki megi leggja útsvar á skattskyldar sparifjárinnstæður aðila né vexti af þeim. Ég hef út af fyrir sig ekkert við þetta að athuga, sérstaklega með hliðsjón af því, að sams konar ákvæði hefur verið tekið upp í frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem hér var til umr. nú síðast. En hitt efnisatriðið er allt annars eðlis. Það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:
„Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er niðurjöfnunarnefnd að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurjöfnunarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst, nákvæmar sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt."
Eins og kunnugt er, þá er nú útsvarsálagningu þannig hagað samkv. 4. gr. laga um útsvör, frá 12. apríl 1945, að útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum, eins og þar segir, og skal þá til greina taka, með leyfi hæstv. forseta:
Eignir aðila, hverjar þær eru og hversu verðmætar, skuldir aðila, enn fremur tekjur þær, sem hann hefur haft s. l. ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar tekjur, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar og hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun

þeirra. Í þriðja lagi skal taka til greina ástæður aðila að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefur orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötnum, sérstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sérhvað annað, er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

Eins og af þessu sést, þessum skilyrðum, sem sett eru um álagningu útsvara, er augljóst, að þau eru nokkuð mikið öðruvísi en þegar um álagningu tekju- og eignarskatts er að ræða. Þar eru ákveðnar reglur, sem farið er eftir án nokkurs persónulegs mats á hlutunum og skattanefndarmenn eru við bundnir og skyldir til að fara eftir í öllum greinum nákvæmlega. Hins vegar, þegar um útsvörin er að ræða, eru niðurjöfnunarnefndarmönnum gefnar miklu frjálsari hendur en skattanefndarmönnum til þess að hnika til útsvörunum eftir efnum og ástæðum. Eins og segir í 4. gr. útsvarslaganna, sem ég las hér áðan, ber niðurjöfnunarnefndarmönnum að taka tillit til ýmiss konar tilvika, sem alls ekki er gert ráð fyrir að tekið sé tillit til, þegar um álagningu tekjuskatts eða eignarskatts er að ræða. Reglan er þess vegna sú, að ég ætla, hjá flestum eða öllum niðurjöfnunarnefndum, a. m. k. þar, sem ég þekki til, að þær búa sér til álagningarstiga, sem þær fara eftir í öllum meginatriðum, en þær svo hvika frá, þegar um sérstök tilvik er að ræða. Ég sé sannast sagna ekki, hvernig það er hægt, og þætti gott, að það yrði upplýst hér, ef það er einhver leið, sem gerir það fært, að niðurjöfnunarnefnd leggi fram, eins og í gr. segir, með útsvarsskrá skýrslu um reglurnar, sem hún fer eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Ég sé ekki, hvernig það er hægt að gera hvort tveggja í senn, gera þessar reglur svo ákveðnar, að það sé hægt að birta þær, eins og gr. frv. gerir ráð fyrir, þannig að hver og einn gjaldandi geti reiknað út útsvar sitt eftir reglunum, og jafnframt taka tillit til allra þeirra tilvika, sem getið er um í 4. gr. útsvarslaganna. Ég sé þess vegna ekki, ef þessi 2. gr. frv., sem hér er um að ræða, verður samþykkt, að þá sé annað að gera en að breyta meginreglunum, sem útsvarið er lagt á eftir samkv. 4. gr. Ég vildi þess vegna gjarnan, ef annaðhvort hæstv. ráðh., sem leggur hér frv. fram, eða einhver annar, gæti komið mér í skilning um það, hvernig hægt er, bókstaflega hægt, að hafa í gildi þessa nýju 2. gr. frv., sem hér liggur fyrir, og 4. gr. laganna, sem í gildi eru, því að ég sé ekki betur en að þær stangist illilega.

Annað atriði er þó kannske öllu þyngra á metunum hjá mér og sú raunverulega ástæða fyrir því, að ég bar þessa till. fram, en það er, að mér virðist með frv. verið að löghelga framtölin til skatts, hvernig svo sem þau eru gerð, jafnvel þó að niðurjöfnunarnefnd viti, að þar sé ekki að öllu leyti rétt með farið, þó að hún geti ekki sannað það, m. ö. o., það sé verið að löghelga skattsvik með frv. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég hef alla tíð verið mjög fylgjandi því, að beinir skattar væru á lagðir, og ég tel enn, að það væri sú vísasta og eðlilegasta leið til þess, að menn gyldu hinum sameiginlega sjóði ríkisins þau gjöld, sem þeir væru færir um að greiða og ættu að greiða. En ég hef upp á síðkastið séð svo mikla misbresti á framkvæmd þessarar tekjuöflunar ríkissjóðsins, að ég hef orðið meira og meira frá hverfur henni með hverju árinu sem líður. Það eru einungis launamennirnir, sem til næst til þess að greiða þennan skatt, svo að réttilega og örugglega sé þar frá öllu gengið. Það er á hvers manns vitorði, að mikill hluti af skattgreiðendum, þ. e. a. s. þeir, sem eru þess umkomnir og hafa aðstöðu til þess, telja ekki fram allar tekjur sínar og eignir til skatts. Þetta gerir það að verkum, að misræmið á milli skattgreiðslu manna eftir þessari beinu skattaleið verður svo áberandi eins og það er. Maður sér æ ofan í æ fjölda manna, sem vitað er að hafa miklu meira fjármagn og miklu meiri tekjur um hönd heldur en á framtölum þeirra kemur fram, en borga samt minni skatta en aðrir sem sýnilega hafa minni tekjurnar. Þó að beitt sé öllum þeim ráðstöfunum, sem mögulegar eru, til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta, þá er það í mörgum tilfellum ekki hægt, svo að útkoman verður sú, að beini skatturinn hjá mörgum manninum verður miklu lægri en hann ætti að vera, ef rétt væri fram talið. Nú er sjálfsagt ekki gott að koma leiðréttingum við hvað þetta snertir með tekjuskattsgreiðslurnar, eins og þar er um hnútana búið, en niðurjöfnunarnefndirnar hafa þó haft það frjálsræði til þess að leiðrétta þetta í hendi, sem lögin hafa gefið þeim, með því að leggja á eftir efnum og ástæðum. Og í flestum sveitarfélögum landsins utan Rvíkur er kunnugleiki niðurjöfnunarnefndanna og í sveitum hreppsnefndanna, sem annast útsvarsálagninguna, það mikill, að það er vitað nokkurn veginn, hvað hver maður hefur í tekjur, þó að hann hefði einhverja tilhneigingu til þess að telja það öðruvísi á sínu framtali. Það er þess vegna hægt að leiðrétta þetta og lagfæra í hendi sér nokkuð, ef vilji niðurjöfnunarnefndar er til þess. En með því, eins og hér er gerð till. um í frv., að niðurjöfnunarnefnd skuli birta með útsvarsskránni skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi geti reiknað sitt útsvar eftir skýrslunum, eru bundnar svo hendur niðurjöfnunarnefndar, að hún hefur enga möguleika til þess að laga í hendi sér það misræmi, sem hún kynni að sjá í framtalsskýrslunum, þó að hún gæti ekki sannað það.

Mér finnst þess vegna, að með samþykkt þessarar greinar sé stefnt algerlega í öfuga átt og þeim mönnum gert léttara um vik, sem vilja koma sér hjá hinum opinberu greiðslum, en hinum íþyngt, sem kannske, við skulum segja, komast ekki hjá því að telja rétt fram til skatts eða a. m. k. að framtal þeirra liggi réttara fyrir. Ég sé enga ástæðu til þess að setja þetta í lög. Reglan hefur verið sú, að a. m. k. allar bæjarstjórnir á landinu hafa auglýst eða lagt fram opinberlega þá skattstiga eða útsvarsstiga, sem

þær hafa farið eftir í meginatriðum, en áskilið sér rétt til þess að hnika til eða frá eftir því, sem þeim hefur fundizt við eiga, og ég hef ekki orðið var við, að að því væri neitt að ráði fundið, að þessi háttur væri hafður á niðurjöfnuninni, og ég sé ekki, að það sé stefnt til neinna bóta á því fyrirkomulagi með því að lögtaka þau ákvæði, sem í 2. gr. hins nýja frv. felast.

ATKVGR.
Brtt. 626 felld með 16:8 atkv.
Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. er að vísu frá félmrn., en ég sé, að hæstv. félmrh. er ekki við, svo að ég skal gera grein fyrir því með örfáum orðum.

Mþn. í skattamálum var falið að íhuga um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Því starfi n. er ekki lokið, eins og kom fram í framsögu þeirri, sem ég hafði fyrir frv. um breytingar á tekjuskattslögunum. Hér er nú samt á ferðinni frv., sem er komið frá mþn., um breytingar á útsvarslögunum. Í þessu frv. eru tvö atriði. Annað er það, að niðurjöfnunarn. skuli skylt að birta opinberlega, eftir hvaða reglum þær jafna niður útsvörum, og gera mönnum grein fyrir, hvernig útsvar þeirra er á lagt eftir þeim reglum, ef óskað er eftir því. Hitt atriðið er, að sparisjóðsinnstæður skuli undanþegnar útsvörum, og er það í samræmi við frv. til l. um breyt. á tekjuskattslögunum, sem er hér einnig á ferðinni. Það hefur mikið verið athugað, hvort hægt væri að setja í l. útsvarsstiga fyrir sveitar- og bæjarfélögin, og niðurstaðan af þeirri athugun sýnir, að slíkt er vægast sagt mjög erfitt, og hefur því ekki verið í það lagt. Á hinn bóginn þykir sjálfsagt að stefna að því að hafa um þetta fastari skipan en áður hefur verið, og þá sýnist einmitt það nýmæli, sem hér er gert ráð fyrir í frv., eiga að geta verið merkilegt spor í þá átt. Þar á ég við ákvæðið um, að niðurjöfnunarn. birti reglur sínar.

Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520, n. 687).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Skattanefndin svo nefnda var skipuð m. a. til þess að endurskoða löggjöfina um tekjuöflun sveitarfélaga. N. er búin að leggja í þá endurskoðun allmikið verk, en verkefnið er vandasamt og verður ekki leyst í skyndi. Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur einnig starfandi n. við sömu viðfangsefni, og ég held, að ég megi fullyrða, að henni hafi ekki miðað hraðar en skattamálanefndinni, þótt hún hafi ekki haft önnur viðfangsefni líka eins og skattamálanefndin. Ég skal engu spá um það, hver verður niðurstaðan af endurskoðun þessari, en vegna þess að frv., sem n. samdi um breytingu á l. um tekju- og eignarskatt, felur í sér ákvæði um skattfrelsi sparifjár, varð að koma fram líka frv. til breyt. á útsvarslögum, er undanþægi sparifé útsvarsálagningu. Öllum kemur, að ég held, saman um, að annars væri skattfrelsi sparifjár ekki mikils virði, af því að skattar af því til ríkis eru litlir í samanburði við útsvörin til sveitarfélaganna. 1. gr. frv. þessa, sem nú liggur hér fyrir, er um þetta eitt og þarf ekki frekari skýringar.

2. gr. frv. er aftur á móti um það, að niðurjöfnunarnefnd sé skylt að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurjöfnunarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst, nákvæmar sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt. Sú ævaforna regla gildir enn í l. um útsvör, að þau skuli lögð á eftir efnum og ástæðum. Þýðir þetta í raun og veru, að niðurjöfnunarnefndirnar skuli meta, hvað sanngjarnt sé að hver gjaldandi beri hátt útsvar með tilliti til alls og alls, er hann snertir fjárhagslega. Þessi regla er miðuð við það, að niðurjöfnunarmennirnir þekki vel efni og ástæður gjaldendanna. Hún getur verið og er góð regla í fámenni, og áður en farið var að telja fram til skatts, hlaut hún að vera aðalregla. En í fjölmenninu, í þeim sveitarfélögum, sem hafa marga gjaldendur, stenzt hún ekki. Þar getur hún meira að segja verið skaðræðisregla, vegna þess að þar vantar niðurjöfnunarnefndir nákvæmni kunnugleikans, og verk niðurjöfnunarnefndar hlýtur að verða meira og minna af handahófi og getur leitt af sér fjarstæður í álagningu.

Niðurjöfnunarnefndir hafa í seinni tíð myndað sér ýmiss konar útreikningsreglur við álagningu útsvaranna. Þær eru mjög sundurleitar, þessar reglur, ein aðferð höfð í þessu sveitarfélagi og önnur í hinu, en flestar miða meira og minna við skattskrár, en þó með ýmsu móti. Nálega allar niðurjöfnunarnefndir slengja svo ofan á útreikninga sína eða draga frá þeim eftir efnum og ástæðum einstakra gjaldenda, og verður þetta í stærri sveitarfélögunum, eins og t. d. stærri bæjarfélögunum, mjög ónákvæmt og handahófskennt. Af þessu leiðir svo, að gjaldendur geta ekki fylgzt með því, hvernig útsvör þeirra eru á lögð, eða leitað réttar síns um leiðréttingar á útsvörum, eins og þó er ætlazt til að menn geti. Um þetta hafa komið miklar kvartanir til skattamálanefndarinnar og nefndin gengið úr skugga um, að þær eru ekki að ástæðulausu fram komnar, enda vita það þeir, sem við sveitarstjórnarmál hafa fengizt, að í þessum efnum hafa lausatök verið mjög víða.

Til þess að ráða hér nokkra bót á strax, lagði

n. til, að ákvæði þau, sem 2. gr. frv. inniheldur, yrðu lögleidd, og ríkisstj. féllst á að bera fram þá till. n. Með þessu ákvæði, ef að l. verður, er hert á því, að niðurjöfnunarnefndir vandi verk sín, og gjaldendum tryggðar upplýsingar um álagninguna.

Í þessu sambandi tel ég rétt að geta þess, að mikið hefur verið rætt um hin svo nefndu veltuútsvör í skattamálanefndinni. Þau hafa víða verið á lögð og rétturinn til þess að leggja þau á talinn fyrir hendi. Veltuútsvarið er talið falla undir ákvæðið „ástæður". Ef veltuútsvar verður lögleitt eftirleiðis, sem ég fyrir mitt leyti álít rétt, eða öllu heldur óhjákvæmilegt, þá kemur víst flestum saman um, að það eigi að vera frádráttarhæft við skattaframtal. Veltuútsvar er þess eðlis. Mjög kom til orða að gera veltuútsvarið strax frádráttarhæft, þ. e. að ákveða um það í þessu frv., en þá blasti við, að það gat ekki komið til framkvæmda undireins, af því að mörg sveitarfélög hafa ekki haldið veltuútsvari aðgreindu, heldur hefur það gengið inn í heildarútsvar gjaldandans, verið óákveðinn hluti af útsvari og engin skýrsla til um, hve stór hluti. 2. gr. frv., ef að l. verður, er undirbúningur þess eða leggur grundvöll að því, að hægt verði að framkvæma frádrátt veltuútsvara við skattaframtöl 1955, ef næsta Alþ. telur rétt að gera þau frádráttarhæf.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Meiri hl. fjhn. mælir með frv. óbreyttu. Um afstöðu minni hl., hv. 4. þm. Reykv. (HG), er mér ekki kunnugt.

**Haraldur Guðmundsson:** Í nál. hv. meiri hl. er tekið fram, að ég sem minni hl. muni væntanlega leggja fram sérstakt nál. Til þess hefur nú ekki unnizt tími vegna þess sérstaka hraða, sem hæstv. forseti hefur nú ákveðið á meðferð þessara skattamála.

Þær aths., sem ég hef að gera við frv., eru í stuttu máli þær, að ég tel, að fella beri niður 2. gr. frv., sem mælir svo fyrir, að birtar skuli ákveðnar reglur um álagningu útsvaranna og þar settur fastákveðinn skattstigi. Ef þessi gr. frv. er samþ., mundi af því leiða, að skattaframtölin væru lögfest sem grundvöllur undir útsvarsálagningu, allri annarri en þeirri, sem tekin yrði sem veltuútsvar, ef svo er litið á, að heimilt sé að leggja það á sérstaklega, sem án efa mun vera talið.

Nú er svo ástatt, eins og hv. þm. er öllum kunnugt, að um margt af framtölum er þannig, að ekki er á þeim byggjandi. Það er engum kunnugra en þeim, sem starfa í skattanefndum og niðurjöfnunarnefndum, og mér er um það fullkunnugt og án efa þm. öllum, að niðurjöfnunarnefndir hafa jafnan litið svo á, að það væri þeirra að meta framtölin, hvort miða skyldi eingöngu við þau eða persónulegan kunnugleika niðurjöfnunarnefndarinnar á högum mannsins. Það hefur því ekki talizt skylt að leggja þau til grundvallar útsvarsálagningunni, heldur hnika til eftir því, sem þær hafa talið efni standa til hverju sinni.

Í 4. gr. útsvarslaganna er svo fyrir mælt, að leggja skuli á útsvar eftir efnum og ástæðum og taka tillit til margháttaðra atvika, sem þar er greint. Ég held því, að mjög sé hæpið að samþ. 2. gr. með tilliti til þess formlega atriðis, að hún getur rekizt á þessi ákvæði 4. gr. útsvarslaganna.

Hitt er svo aðalatriðið, sem ég benti á áðan, að með því að samþ. þessa 2. gr. eru framtölin lögfestur grundvöllur undir útsvarsálagninguna, sem ekki er hægt að hagga við af niðurjöfnunarnefnd, nema því aðeins að hún beinlínis geti sannað, að framtölin séu röng.

Sú leið hefur verið farin, eins og ég benti á áðan, að niðurjöfnunarnefndir hafa hnikað til útsvörunum og ætlað þá hlutaðeigandi að kæra, ef hann teldi sig órétti beittan í útsvarsálagningunni. Ég vil fullyrða, að eins og framtölum nú er háttað, og ekki sízt eins og þau verða, eftir að framtalsskyldu er létt af svo að segja öllu sparifé í landinu, þá verða framtölin ekki á þann veg, að þau séu traustur grundvöllur fyrir útsvarsálagningu. Ég tel víst, að ýmsir gjaldendur fengju þar með lægri útsvör en ella, ef sönnunarskyldan á því, að framtölin séu röng, á að hvíla á niðurjöfnunarnefndunum.

Þegar talað er um útsvarsálagningu í þessu sambandi, verða menn að gera sér grein fyrir þeim mismun, sem er á útsvörum og tekjuskatti í þessu efni. Þó að lagður sé á einhvern gjaldanda of lágur tekjuskattur til ríkisins, þá hefur það engin áhrif á tekjuskatt annarra borgara í landinu á því sama skattári. Allt öðru máli gegnir með útsvörin. Ef óeðlilega lágt er lagt á einn gjaldanda, hlýtur það að verða til þess, að þeim mun hærra þarf að leggja á aðra gjaldendur, vegna þess að útsvarsupphæðin er ákveðin í heild og hún verður að nást. Ef einum gjaldanda tekst því með framtali sínu að skapa sér lægra útsvar en honum ber með réttu, þá verða hinir á sama gjaldári að taka á sig hærra útsvar þeirra hluta vegna.

Ég vil fullyrða það af þeim kunnugleika, sem ég hef af framtölum og vinnu skattanefnda og útsvarsniðurjöfnunarnefnda, að það sé rík ástæða til að ætla, að einmitt vegna þeirra breytinga, sem nú eru gerðar á framtalsskyldunni að því er sparifé snertir, muni auðveldast svo að búa til framtöl, sem sýni minni tekjur en réttar eru, að það, sem kann að vinnast hjá miðlungsmönnum í lækkun á skatti samkvæmt frv., geti orðið étið upp og fullkomlega það með hækkun útsvara á sömu aðilum vegna þess, hversu aðrir lækka. Ég bið hv. dm. að taka þetta vel til athugunar. Ég held, að það sé ekki kominn tími til, eins og skattalögin nú eru, að lögfesta framtölin sem grundvöll fyrir útsvarsálagningu sveitarfélaganna. Því legg ég til, að 2. gr. verði felld niður, og mun ég nú afhenda forseta brtt. þess efnis.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 716) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Það væri ákaflega æskilegt, að skattframtöl í landinu væru svo vel gerð, að þau gætu verið ábyggilegur grundvöllur fyrir niðurjöfnun útsvara, og að því þyrfti að stefna, að svo yrði. Það er reynslan, að gjaldendur skatta láta sér

víða í léttu rúmi liggja, hvernig skattur þeirra er, þegar skattskrá liggur frammi, og leita ekki leiðréttingar á réttum tíma á skatti, þó að þeir gætu, en aftur þegar útsvarsskrá er lögð fram, þá hafa þeir aðgát og lýsa óánægju sinni. Þetta er eðlilegt. Það er vegna þess, að útsvörin eru miklu þyngri en skattarnir til ríkisins. Það væri æskilegt, að almenningur veitti þeim, sem gera skattframtöl og úrskurða skattframtöl og semja skattskrár, aðhald með slíku eftirliti sem almenningur veitir þó við útsvarsniðurjöfnun. Af því að útsvörin eru miklu þyngri en skattarnir, þá er í raun og veru miklu meira undir því komið, að niðurjöfnun sé unnin vel heldur en skattaálagning.

Nú er það svo, að það er mikill misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv. (HG), að 2. gr. frv., sem liggur hér fyrir, leiði það af sér, að skattframtölin yrðu lögfestur grundvöllur útsvarsálagningar. Þau eru það ekki frekar eftir lögfestingu þeirrar gr. en þau voru áður, en gr. felur það í sér, að hert er á því, að vandað sé til niðurjöfnunar útsvara, og það er mikil nauðsyn, og hún gefur gjaldendunum aðstöðu til þess að fylgja þeirri kröfu eftir til niðurjöfnunarnefndar. Það er langt frá því, að gr. rekist á 4. gr. útsvarslaganna, sem tiltekur, að jafna skuli niður eftir efnum og ástæðum, og telur svo upp ýmsar ástæður, sem líta skuli til, en alls ekki á tæmandi hátt. Það er ekkert slíkt í gr., en það, sem gr. felur í sér, er, að niðurjöfnunarn. eigi að mynda sér ákveðnar reglur fyrir útsvarsniðurjöfnun, og þessar reglur eru víða til í landinu, en mjög mismunandi. Skatttskrár eru meira og minna lagðar til grundvallar, en þar að auki búa sveitarstjórnirnar sér margar til skattstofna og gefa þeim gildi í útreikningi, svo sem eins og fasteignir, jafnvel bráttótekjur og ýmiss konar aðstöðu, sem metin er til gjaldstofna. Þetta hefur mjög ljóslega komið fram í þeim skýrslum, sem skattamálanefndin hefur aflað sér úr sveitarfélögunum.

Það, sem fyrir liggur þá að samþ. hér með 2. gr., er alls ekki að gera skattframtöl að grundvelli fyrir útsvarsálagningu, heldur hitt, að útsvarsniðurjöfnunarnefndir haldi skrár yfir það, hvernig þær jafna niður útsvörum, og það gera þær sumar nú þegar. Ég veit, að niðurjöfnunarnefnd í minu sveitarfélagi hefur í fleiri ár samið skrár yfir niðurjöfnun, þar sem færður er hver liður, sem reiknaður er í útsvari hvers og eins gjaldanda. Þar eru tveir dálkar fyrir efni og ástæður. Annar þeirra er plús og hinn er mínus. Og þegar kært er yfir útsvari eða kvartað yfir útsvari, þá getur gjaldandinn fengið upplýsingar úr þessari skrá, sem er upphafsskrá að þeirri skrá, sem liggur frammi og sýnir ekki alla þá liði, sem þar koma fram. Fær hann þá að vita, við hvað útsvar hans hefur verið miðað. Hann getur séð þar, hvað það var í „ástæðum“ hans, sem hefur verið tekið til greina, hvort þær hafa verið til hækkunar útsvari eða lækkunar, auk þess sem reiknað hefur verið útsvarið eftir vissum gjaldstofnum, sem niðurjöfnunarnefnd hefur slegið föstu að nota við niðurjöfnunina. Ég held þess vegna, að það sé mikið spor í rétta átt að samþ. óbreytta 2. gr., en vitanlega er þetta aðeins bráðabirgðaákvæði, því að gengið er út frá því, að skattamálanefndin geri heildarendurskoðun á tekjuöflun sveitarfélaga og leggi till. fyrir næsta Alþ. um breytingar á tekjuöflun sveitarfélaganna, þar með útsvarsniðurjöfnun.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég get nú að mestu leyti vísað til þess, sem hv. frsm., þm. S-Þ. (KK), sagði, en vil þó taka fram, svo að ótvírætt sé, af hverju helgast minn stuðningur bæði við flutning frv. og hér í d. Ég tel ekki, að 2. gr. frv. breyti öðrum ákvæðum útsvarslaganna en því, sem þar stendur, að þar komi viðbót, sem breyti ekki öðrum ákvæðum. Ég tel, að þessi viðbót sé nauðsynleg, m. a. vegna þess, að ef á að gera veltuútsvörin frádráttarhæf, þá er alveg nauðsynlegt, að það sé ljóst, hver veltuútsvör hafa verið að undanförnu. Annars er ekki hægt að setja um þetta neinar skynsamlegar reglur, m. a. vegna þess, að allir eru ásáttir um, að einhver takmörk verði að vera sett á veltuútsvör jafnframt því, sem þau séu gerð frádráttarhæf á sköttum. Þegar af þeirri ástæðu er alveg nauðsynlegt að knýja fram, að þessar almennu reglur, sem setja á og birta á samkv. 2. gr., séu fyrir hendi, þannig að ekki verði um deilt, hverjar þær hafi verið.

Ég tel, að það sé alger misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv. (HG), að þetta breyti nokkru um rétt eða skyldu niðurjöfnunarnefnda til þess að meta framtöl. Þær almennu reglur, sem birtar verða, hljóta að miðast við það, að framtölin séu tekin gild á annað borð, og verða birtar undir þeim fyrirvara. Þær reglur geta ekki falið í sér eðli sínu samkvæmt, að þeir, sem hafa gefið framtöl, sem ekki eru tekin gild, geti reiknað út skatt sinn eftir reglunum. Það væri ómögulegt. Að því leyti má segja, að orðalag gr. sé ófullkomið, en það leiðir af eðli málsins engu að síður, að gr. verður að skilja á þennan veg.

Það, sem menn eiga rétt á, eftir að gr. er lögfest, ef hún verður lögfest, er það, að menn geti séð við útreikning sinn á útsvarinu eftir þeim reglum, sem birtar eru, hvort framtal þeirra hefur verið lagt til grundvallar eða ekki, og það geta menn ekki eins og sakir standa. Menn geta það hér í Reykjavík, en ekki á ýmsum öðrum stöðum, og ég álít, að það sé ekki ætlazt til þess, að um þetta séu settar almennar reglur skýrari en í Reykjavík er gert nú þegar, þegar veltuútsvörunum er sleppt. En menn eiga rétt á því, ef greinin verður lögfest, að þeim sé gerð skýr grein fyrir, hve mikill hluti útsvarsins er lagður á þá vegna þess, að framtalið hefur ekki verið tekið til greina, og þá a. m. k. skapast þeim sá réttur, sem þeir í raun og veru hafa ekki haft fram að þessu, að færa sönnur á, að nefndin hafi misskilið og lagt ranglega á miðað við staðreyndirnar.

Eins tel ég og vil taka það fram, að ég skil greinina með þeim fyrirvara, að ég tel, að það séu ýmis tillit, sem taka á samkvæmt útsvarslögunum, eins og hv. 4. þm. Reykv. gat um, og sum eru þess eðlis, að ómögulegt er að gera fulla grein fyrir þeim í þeim almennu reglum, en nefndin hafi eftir sem áður heimild til þess að taka þau tillit, einungis ef þær almennu reglur sýna, hversu mikið er á lagt samkvæmt þeim, og

nefndin síðan er reiðubúin og getur sýnt hverjum einstökum gjaldanda fram á, hvernig í hans tilfelli hafi verið tekið tillit til þeirra sérástæðna, sem útsvarslögin heimila.

Með þessum skilningi styð ég þetta frv. Ég tel þess vegna, að rök þau, er hv. 4. þm. Reykv. færði hér, fái ekki staðizt og hann ætti í raun og veru að taka þessa till. til baka, vegna þess að það yrði styrkasti vegur hans til þess að styðja að réttum skilningi þessa lagaákvæðis.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka til máls í þessu máli, en mér er alveg ómögulegt að láta ósvarað ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem hann hélt hér áðan. Að vísu svaraði hv. frsm. henni að nokkru leyti, en ég tel þó, að það þurfi að gera betri skil því máli og leiða hv. þm. í allan sannleika um þessi mál, ef honum er það ekki enn kunnugt.

Eins og vitað er og tekið var fram hér í sambandi við það mál, sem var hér til umr. fyrr á þessum fundi, þá er ekki aðalskattþunginn á þegnunum tekju- og eignarskattur ríkisins, heldur einmitt útsvörin. Svo mjög sem menn hafa kvartað undan tekju- og eignarskatti og jafnvel undan tollum og söluskatti, þá hafa menn þó enn meira kvartað undan þeirri byrði, sem sveitarsjóðirnir sjálfsagt réttilega hafa þurft að leggja á sína þegna. Og ég fer ekki þar með rangt mál, þegar ég fullyrði, að það þætti engin réttlæting á skattalöggjöfinni yfirleitt, ef ekki væri hægt að setja a. m. k. skorður við því, að bæjar- og sveitarsjóðir tækju til sín þann hluta, sem ríkissjóður er hér að gefa eftir af sínum tekjum. En frumskilyrði fyrir því, að svo verði, er einmitt, að 2. gr. þessa frv., sem hér er til umr., verði samþ. Það gefur þó einhverja möguleika til þess að fylgjast með því, hvort sveitarsjóðirnir eða bæjarsjóðirnir eru að taka til sín þegar á þessu yfirstandandi ári þann hluta, sem ríkissjóðurinn er að gefa eftir. Auk þess er það hornsteinninn undir því, sem hugsað er að breyta síðar, að gera veltuútsvörin frádráttarbær. Er samþykkt frv. frumskilyrði fyrir því, að svo megi verða. Það er ekki hægt yfirleitt að gera það, eins og hv. frsm. tók fram, ef ekki er hægt að sundurgreina fyrir fram, hve mikil veltuútsvörin eru. Annars geta að sjálfsögðu sveitarstjórnir alltaf komið á eftir og sagt: Okkar útsvar var lagt á þannig, að 50% af því er veltuútsvar — eða einhver annar hundraðshluti. Það yrði svo frádráttarbært og gæti jafnframt haft það í för með sér, að svo og svo margir skattþegnar í landinu yrðu algerlega skattfrjálsir til ríkissjóðs, en samt sem áður yrðu þeir að greiða eftir efnum og ástæðum til bæjar- og sveitarfélaga og hafa ekkert um það að segja og enga vörn gegn slíkri eignatöku. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda hv. þm. og hv. deild á eitt ákveðið dæmi, sem mér er kunnugt um.

Félag, sem hafði löggilt bókhald, sem var endurskoðað af löggiltum endurskoðendum, hafði 26 þús. kr. í hreinan ágóða á árinu, mátti samkvæmt skattalögunum leggja 5200 kr. í varasjóð og gerði það. Á þessar tekjur voru lagðir skattar til ríkisins 4800 kr. og þar ekki innifalinn eignarskattur, vegna þess að viðkomandi aðili átti ekki fyrir skuldum. En síðan kemur bæjarfélagið eða sveitarfélagið og leggur 20400 kr. í útsvar á þennan sama aðila, þ. e. a. s. 20 þús. kr. í beint útsvar og 400 kr. í kirkjugarðsgjald. Þá er álagningin á þetta fyrirtæki orðin 25200 kr., og verður þá að taka 4400 kr. úr varasjóðnum aftur til þess að geta greitt þessa álögðu skatta.

Ég veit, að þetta er ekki eina dæmið, svona eru fjöldamörg dæmi. Og hvað heldur nú hv. 4. þm. Reykv., að það séu margir aðilar í landinu, sem vilja veita svo og svo mörgum mönnum atvinnu og halda áfram atvinnurekstri undir slíkum skattaákvæðum eins og hér hefur verið beitt? Nú sagði hv. þm., að þessir menn gætu bara klagað undan sínum álögum. Það er alveg rétt. Þessir menn klöguðu líka undan sinni álagningu. Þeir fengu ekki einu sinni leyfi til að ræða við þá dómara, sem taka sér það vald að segja: Þetta skal greitt. — Þeir svara aðeins með einni línu: *Kæran er ekki tekin til greina*, útsvarið skal óbreytt standa. — Undir venjulegum kringumstæðum segja yfirskattanefndirnar það sama og langoftast einnig ríkisskattanefndirnar, sem hvað eftir annað hafa lýst því yfir, að þær hafi ekki ástæðu til þess að ganga beint í berhögg við dóm niðurjöfnunarnefndar. Þetta er sannleikurinn í þessum málum. Hér er því bókstaflega engin vörn til fyrir skattþegnana. Þetta er það minnsta, sem hægt er að gera í þessu tilfelli, að setja þessi ákvæði, sem hér eru sett fram í 2. gr. frv. Það er allra lægsta lágmark, sem hægt er að hugsa sér.

Ég veit ekki heldur, hvaða siðferði hv. 4. þm. Reykv. er að boða hér í þessum málum, að það sé eiginlega einhver goðgá að taka framtöl manna sem grundvöll fyrir útsvarsálagningu. Hvað annað á að taka gilt? Er réttara að taka gilt einhvern slumpareikning ákveðinnar niðurjöfnunarnefndar, sem ekkert þekkir oft og tíðum aðstæður þessara manna, hefur ekki hugmynd um, hvað hún er að gera, og hefur ekkert við að styðjast annað en framtölin. Ég veit ekki, hvað á að taka gilt, ef ekki framtöl, sem undirrituð eru undir eiðstilboð. Það er sama sem dómari tekur undir flestum kringumstæðum gilt í réttarfari; ef ekki er krafizt sérstaklega eiðfestingar, þá láta menn sér nægja slík drengskaparheit. En það á ekki að taka gilt við útsvarsálagninguna.

Mér er kunnugt um, að sú regla, sem höfð er t. d. hér í Reykjavík og kannske víðar á landinu, er þessi, að það er fyrst lagt á tekjur mannsins, síðan á eignir mannsins, svo er lagt á veltuútsvar, sem þeir ekki þykjast nú skyldugir til þess að gefa upp, þótt þeir raunverulega hafi nú orðið að gera það, ef það hefur verið farið í mál og þeir hafa verið dæmdir til þess. En svo er bara einn skattstofninn enn, sem Reykjavíkurbær og margir aðrir bæir nota alveg óspart og hv. 4. þm. Reykv. vill halda verndarhendi yfir; það er áætluð skattsvik hjá viðkomandi aðilum. Jafnvel þó að þessir aðilar hafi sýnt allt, sem hægt er að sýna máli sínu til sönnunar, lagt fram bókhald, látið löggilta endurskoðendur ganga í gegnum það og skoða það, samt sem áður hafa þeir tekið sér þetta vald að segja: Ja, hér hlýtur að vera, að maðurinn hafi þénað

meira, hann hlýtur að vera að svíkja skatt, hann hlýtur að vantelja eignir sínar og tekjur o. s. frv., hann hlýtur að eiga eitthvað í sparisjóðsbók, sem ekki er gefið upp. — Ef lögfesta ætti slíkt síðferði í þessum málum, þá veit ég ekki, hvernig yfirleitt ætti að koma fyrir skattalögum og skattaákvæðum.

Ég álít, að það sé ekkert jafnaðkallandi í þessum málum eins og einmitt það, að niðurjöfnunarnefndirnar séu skyldaðar til, eins og sagt er í þessari grein, að leggja fram þær reglur, sem þær fara eftir, og ef þær fara út fyrir þær reglur, þá hljóti sönnunarskyldan að hvíla á þeim, en sannarlega ekki á hinum aðilanum, sem hefur gefið sína skýrslu sanna og rétta undir drengskaparheiti.

Mér þótti rétt að láta þetta koma hér fram vegna ræðu hv. 4. þm. Reykv. í þessu máli.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skil ekki, hvað hv. stjórnarliðar eru vondir við mig út af þessari tiltölulega meinlausu till. Hv. þm. Barð. (GíslJ) er nú kominn á það stig, að honum blöskrar mitt siðferði, að ég skuli ekki vilja taka skattframtölin, sem gefin séu út á eiðstilboð, sem alveg örugga og fullnægjandi sönnun fyrir því, að rétt sé skýrt frá tekjum og eignum. Mig furðar á þessum látalátum í hv. þm. Hann veit það jafnvel og ég, að mikill hluti þeirra manna, sem á þess nokkurn kost að fela tekjur sínar við skattframtöl, reynir að gera það eftir ýtrasta megni, og auðvitað eru ágætir endurskoðendur beztu hjálparkokkar framteljendanna í þessu efni. Þetta er sannleikur, sem hver maður veit, og sannleikur, sem er viðurkenndur í þeim skattalögum, sem hv. þm. er að berjast fyrir. Hann segir: Hvaða vit er í því, að niðurjöfnunarnefndir skuli eiga að gera sér skattstofn af væntanlegum skattsvikum? Þetta er ljóta siðferðið, segir hv. þm. Nú, ég veit ekki betur en í gildandi skattalögum, sem hann ekki vill breyta, sé beinlínis lagt fyrir skattanefndir að gera mönnum skatt, ef þeim þykir framtölin tortryggileg, og þá er það þess, sem fyrir því verður, að gera grein fyrir því, að hann sé ranglega skattlagður. Ég sé ekki, hvað þessar siðferðishugleiðingar og prédikanir hv. þm. eiga að þýða. Það er ekki til neins að setja upp helgisvip og tala um framtöl manna eins og guðspjöllin, sem ekki sé neitt hægt að vefengja á nokkurn hátt af sanntrúuðum biblíutrúarmönnum. Það er að loka augunum fyrir staðreyndum að gera slíkt.

Hin röggsamlega lagaskýring hæstv. dómsmrh. á 2. gr. frv. virtist mér nú fyrst og fremst benda á það, að hana mætti túlka og teygja mjög og að það þyrfti mjög sérstaka skýringu á henni, ef hún ætti ekki að koma í bága við 4. gr. útsvarslaganna. En hv. frsm. n. leggur áherzlu á það, að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu með það fyrir augum, ef sá hluti útsvarsins, sem er veltuútsvar, sé gerður frádráttarhæfur við skattframtal. Ég sé ekki betur en það væri hægt án þessarar breytingar. Það mætti orða þessa grein, ef hún verður felld núna, fyrir 3. umr. á þann veg, að sérstaklega skyldi gerð grein fyrir álagningu veltuútsvars, og láta að öðru leyti óbreytt standa, því að yfirleitt er birtur skattstigi hér í Reykjavík, sem er stærsti bærinn, stærsta gjaldsvæðið í landinu, — láta að öðru leyti óbreytt standa, þangað til endurskoðun útsvarslaganna fer fram, sem mér skilst á hv. þm. Barð. að sé nú alveg á næstu grösum, og jafnvel að lögleiða þá, eftir því sem hann segir, einn samfelldan skattstiga, sem síðan sé lagt á í einu lagi eftir og skipt milli sveita og bæja. Sé það virkilega ætlunin að koma með slíkt þegar á næsta hausti, þá sé ég ekki ástæðu til að flýta þessari breytingu nú. Getur það vel beðið, þangað til sú allsherjarendurskoðun á skattalöggjöfinni færi fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 716 felld með 9:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður mikið. Ég vil bara lýsa þeirri afstöðu minni, að ég mun ekki geta greitt þessu atkv.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að það er oft og einatt ekki hægt fyrir niðurjöfnunarnefnd, hver sem hún er eða hvar sem hún er, að gera grein fyrir því, eftir hvaða „skala“ — sem kallað er — hún leggi útsvarið á, og til þess að skýra það með dæmi, skal ég nefna það, að hér í Reykjavík eru starfandi eitthvað á milli 70 og 80 svokölluð húsfélög. Eigandi hússins, hinn raunverulegi húsbóndi, hefur með konu sinni og krökkum myndað hlutafélag um húsið, og félagið er sérstakur framteljandi. Þetta er ekki gert í neinum tilgangi öðrum en þeim að koma fjárhag sínum þannig fyrir, að eigin húsaleiga í húsinu og af því, sem leigt kann að vera út, bætist ekki við tekjur hins raunverulega húseiganda, heldur komi þessu hlutafélagi til góða. Það er bara gert til þess að geta lækkað skatta og útsvör á húseigandanum. Mér vitanlega hefur ekki hér í Reykjavík neinum manni dottið í hug að leggja á þessi húsfélög eftir „skala“. Þau hafa alltaf verið höfð yfir „skala“, kannske aldrei nógu mikið yfir „skalann“, því að náttúrlega ætti að leggja tekjurnar við tekjur eiganda hússins, leggja saman tekjur félagsins og hins raunverulega eiganda og leggja svo eitt útsvar á og draga svo bara af því það, sem eigandanum bæri eftir „skala“, og láta svo hitt vera á húsfélaginu. En eins og verið hefur, hefur aðferðin á því verið sú að láta þau vera ofan við „skala“, og að gera grein fyrir því, hvers vegna það er gert, er ekki hægt. Sömuleiðis eru vissar stéttir manna, sem maður veit að hafa þá aðstöðu, að þeirra skattframtöl verða alltaf áætluð, hafa tekjur, sem ómögulegt er að vita, hverjar eru. Það er ævinlega bætt við tekjur þeirra, sjaldan kannske nóg, og niðurjöfnunarnefndir munu flestar ekki kinoka sér neitt við að vera þar líka fyrir ofan „skalann“. Þess vegna mun ég ekki geta greitt þessari brtt. á útsvarslögunum atkvæði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

## 30. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 27. febr. 1953, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau** *[170. mál]* (stjfrv., A. 478).

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 478 er þannig til orðið, að í kjaradeilu þeirri, sem átti sér stað í vetur milli samtaka sjómanna á bátum og útvegsmanna, komu þessir deiluaðilar sér saman um það, að nokkur breyting yrði gerð í þá átt að hækka dánarbætur vegna lögskráðra sjómanna, og ríkisstj. tók það að sér að flytja þetta mál í Alþingi og beita sér fyrir því, að þetta samkomulag yrði lögfest. Hér er eingöngu að ræða um mál, er snertir þessa tvo aðila, en snertir ekki ríkissjóð neitt beint. Ég skal geta þess, að það liggja fyrir bréf, bæði frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, sem staðfesta, að þetta samkomulag hafi verið gert. Og þó að þau bréf séu ekki prentuð með hér í athugasemdum við frv., þá geta þau legið fyrir þeirri n., sem fær þetta til meðferðar, ef óskað er eftir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Það eru allgreinilegar athugasemdir, sem fylgja, og er þar skýrt frá, hvaða áhrif þetta hefur varðandi hækkun á þessum dánarbótum og hvernig það kemur út að öðru leyti. Ríkisstj. leggur að sjálfsögðu áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga á þingi því, sem nú situr.

Ég vil svo, að lokinni þessari umr., leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 478, n. 550).

**Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að dánarbætur vegna lögskráðra sjómanna eru hækkaðar talsvert frá því, sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum um almannatryggingar. T. d. hækka ekkjubætur úr rúmum 14 þús. upp í rúm 36 þús. kr. Er þetta frv. fram borið í samræmi við samkomulag, sem varð milli samtaka sjómanna og útvegsmanna í kjaradeilu þessara aðila um s. l. áramót, en þá var gefið vilyrði um það af ríkisvaldinu, að frv. um umræddа lagabreytingu skyldi borið fram. Þetta hefur í för með sér allmikla útgjaldaaukningu fyrir sjómannatrygginguna. Hún mun nema tæpum 800 þús. kr. En iðgjöld munu verða hækkuð til sjómannatryggingarinnar um ca. 6 kr. á viku til þess að mæta þessari útgjaldaaukningu. — Heilbr.- og félmn. varð á einu máli um að mæla með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 74. og 75. fundi í Ed., 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 478, n. 731).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar einum þætti samkomulags, sem gert var milli félagsskapar útgerðarmanna og sjómanna í janúarmánuði s. l. Þessi þáttur samkomulagsins fjallar um, að þær dánarbætur, sem greiddar eru í einu lagi samkvæmt gildandi lögum vegna lögskráðra sjómanna, sem farast í slysum, skuli hækka eins og í frv. segir. Mun láta nærri, að þessar dánarbætur hækki samkvæmt frv. um 100%, eða rétt rösklega tvöfaldist.

Það hefur lengi verið álit þeirra, sem við slysatryggingarlögin búa, að þær dánarbætur, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, þ. e. a. s. ekkjum, foreldrum og í sumum tilfellum systkinum og uppkomnum börnum yfir 16 ára aldri, hafi verið óeðlilega lágar. Á þessu er gerð nokkur leiðrétting með þessu frv., ef það verður að lögum, þannig að ekkjubætur t. d. hækka um 22 þús. kr., sá hluti, sem greiddur er í einu lagi, eða úr rösklega 14 þús. kr. upp í rösklega 36 þús. kr. fyrir hvert slys, enda sé þá um lögskráða sjómenn að ræða og slysfarir í sambandi við atvinnu þeirra. Bætur til foreldra og bætur til systkina eða barna yfir 16 ára aldri, er hafa verið á framfæri hins slasaða, hækka nokkru minna.

Þó er gert ráð fyrir því, að hækkunin nemi hjá foreldrum frá 2 til 6 þús. kr. í grunn, þannig að samanlagðar nema bæturnar 5—15 þús. kr. í grunn, eða í hámarki um 23 þús. kr. til hvors foreldris, ef það hefur verið framfært að fullu af hinum slasaða manni. Þá er enn fremur það nýmæli í þessu frv., að öll dauðaslys skuli bætt, jafnvel líka þau, þar sem ekki er um neina vandamenn eftirlátna að ræða, og bæturnar fyrir slík slys eru ákveðnar 10 þús. kr. miðað við núverandi vísitölu, eða um 6400 kr. að grunnupphæð. Til þess að mæta þessum kostnaðarauka slysatryggingarinnar, sem gert er ráð fyrir að verði um 900 þús. kr. á ári, þarf að hækka iðgjöld sjómannatryggingarinnar um hér um bil 6 kr. á ári, eða um 37.5% í viðbót við það, sem þau eru nú. Um það atriði var fullt samkomulag við útgerðarmenn, sem greiða þessi iðgjöld, eins og samkomulag var einnig um, hvernig bótunum skyldi hagað.

Þetta frv. hefur verið afgreitt frá Nd., og lagði nefndin þar til einróma, að frv. yrði samþ. Heilbr.- og félmn. Ed. hefur einnig fallizt á efni frv. að öllu leyti og leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það nú er. En rétt þykir mér að láta það koma fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að mín persónulega skoðun er sú, að þegar búið er hækka þessar bætur til aðstandenda lögskráðra sjómanna, sem eru slysatryggðir, þá hljóti af því að leiða, að tilsvarandi hækkun á dánarbótum verði einnig í iðntryggingunni, þ. e. a. s. fyrir önnur atvinnuslys, hvort sem þar er um að ræða trillubáta, sem ekki komast undir þessi lög, eða tryggingu við störf í landi. En það verður að bíða síðari tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 777).

---

## 31. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:

**Frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs** [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., 6. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég mælti hér áðan nokkur orð fyrir frv. um stimpilgjöld. Það, sem þá var sagt, á alveg við um þetta mál einnig, og leyfi ég mér að vísa til þess, en óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 259).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Í framsöguræðu minni um frv. til stimpillaga ræddi ég óbeinlínis nokkuð um þetta mál, því að ekki varð hjá því komizt að minnast á bæði málin samtímis. Ég get því sleppt öllum almennum hugleiðingum um frv. í heild sinni. Aðeins vil ég geta þess, að einn af nm., hv. 4. þm. Reykv., ber enga ábyrgð á afgreiðslu þessa máls og hefur ekki undirskrifað nál., enda var hann fjarverandi, þegar málið var afgreitt, og einnig hins, að þær brtt., sem n. ber fram, eru aðeins það, sem við fjórir nm., sem undir nál. skrifum, urðum sammála um að bera fram, en n. mun taka málið á ný til athugunar og áskilur sér rétt til að koma fram með frekari brtt. við 3. umr. Einnig hafa nm. yfirleitt rétt til þess að bera þá fram brtt., en hafa ekki bundið sig við að afgreiða málið á þann hátt, sem hér er í bráðina lagt til, þó að n. eða sá hluti hennar, sem afgreiddi málið, sé sammála um það, bæði um þetta mál og það, sem var á dagskrá hér næst áður, að það sé bót að því að fá heildarlöggjöf um þessi efni í stað þeirra framlenginga, sem áttu sér stað ár eftir ár áður fyrr eða til þessa tíma, og líka hitt, að það gangi í rétta stefnu að hækka föstu gjöldin fyrir ýmsar framkvæmdir yfirvaldanna, leyfisgjöld og annað slíkt, en að lækka prósentugjöldin.

Það eru aðeins tvær brtt., sem n. ber fram að þessu sinni á þskj. 259. Sú fyrri er við 2. gr. Hún er um það, að af málum, þar sem fjárhæðin nemur ekki 1000 kr., greiðist hálf réttargjöld. Áður var það svo, að af málum, sem ekki námu 100 kr., að mig minnir, heldur en 200, voru greidd hálf réttargjöld, og virðist n. rétt, að svipað ákvæði sé enn í lögum, og mundu þá 1000 kr. nú vera svipað og 100 kr. voru fyrr. — 2. brtt. er við 26. gr. Það er um veðbókarvottorð. Eftir frv. eiga þau að kosta 25 kr., en n. þykir það of hátt. Þó að þetta sé nú að vísu fast gjald og sé réttmætt, að það hækki, þá virðist n. það of mikil hækkun og leggur til, að þetta sé fært niður í 15 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál og vísa til þess, sem ég sagði í framsöguræðu minni um frv. til laga um stimpilgjald.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 259,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

9.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 259,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
27.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
29.—31. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
33.—37. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
38.—43. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 42. og 64. fundi í Ed., 9. febr. og 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 276, 353, 475, 486).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Það liggja fyrir brtt. frá fjhn. á þremur þingskjölum. Sú till., sem fyrst var borin fram á þskj. 353, kemur ekki til greina, þ. e. a. s., nefndin tekur hana aftur, þar sem hún hefur síðar borið fram brtt., sem tekur yfir sama efni.

Ég skal fyrst minnast á brtt. frá n. á þskj. 486, við 23. gr. frv., að aftan við 2. málsgr. bætist: Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin. — Með öðrum orðum, að með till. er lagt til, að þinglestrargjald af þeim skjölum, sem till. fjallar um, verði það sama og verið hefur undanfarið, nema hvað stofngjaldið hækkar. Það þarf ekki að skýra tilganginn með þessu. Hann er vitanlega sá að íþyngja ekki framleiðslunni, og þó að þetta muni ekki miklu, því að þinglestrargjöldin eru minnstur hluti kostnaðarins, þá er það þó viðleitni í þá átt, — og byggist líka á því, að það munu venjulega vera víxlar, sem um er að ræða, og hér væri þá átt við þinglestur á tryggingarbréfum fyrir víxlum.

Þá er næst brtt. í tveimur liðum á þskj. 475, við 43. gr. frv., um það, hvenær lögin öðlist gildi og hvað þurfi að falla úr gildi með gildistöku þessara laga. Það er þá fyrst a-liður um gildistökuna, að lög þessi öðlist þegar gildi. Þetta byggist á því, að gert er ráð fyrir, að nokkur tekjuauki verði af þessu frv., ef að lögum verður, og ef frv. um tollskrá verður samþ. og öðlast gildi, þá lækka þegar tekjur ríkissjóðs vegna þess, og er það þá gert til þess að vega þar upp á móti, að þessi lög um aukatekjur ríkissjóðs öðlist þegar gildi. — Annars var till. sú, sem tekin er aftur, um það, að þau öðluðust gildi 1. jan. 1955.

Þá er b-liðurinn í þessari till., að bæta við ákvæðin um þau lög, sem falla úr gildi, b-lið 1. gr. í l. nr. 77 1953, en hann er um 140% viðauka á aukatekjur ríkissjóðs og á auðvitað ekki við, ef þetta frv. verður samþykkt. Þarf því að fella þann lið úr gildi.

ATKVGR.
Brtt. 353 tekin aftur.
— 486 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 475 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 504).
Á sama fundi og 67. fundi, 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Núgildandi lög um aukatekjur eru orðin mjög gömul og úrelt að öllu leyti. Það hafa nú verið settar eins konar bætur á lögin með viðaukaákvæðum. Á síðasta ári tóku menn sig til og endurskoðuðu þessa löggjöf ásamt löggjöfinni um stimpilgjald, og var þetta frv. lagt fyrir hv. Ed. í haust ásamt öðru frv. um stimpilgjöld. Hér er aðallega verið að samræma gjöldin þeim breytingum, sem orðið hafa í verðlagsmálum.

Þetta mál hefur fengið allýtarlega athugun í Ed., og hefur frv. verið breytt lítils háttar. Sé ég ekki ástæðu til að rekja, í hverju þær breytingar eru fólgnar, þar sem það hefur augljóst orðið af þskj., en ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 504, n. 630, 628, 663).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um aukatekjur ríkissjóðs, er samið af þriggja manna milliþn., sem skipuð var til að endurskoða þessa löggjöf, og í henni voru sýslumennirnir Júlíus Hafsteen og Jón Steingrímsson og Þorlákur Jónsson stjórnarráðsfulltrúi. Frv. þetta fjallar um það að breyta réttargjöldum, leyfisbréfagjöldum, þinglestrargjöldum og öðrum aukatekjum ríkissjóðs og allt til hækkunar í samræmi við lækkun á gildi peninganna.

Frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed., og fjhn. þessarar hv. d. mælir með, að það verði samþ. með tveimur smávægilegum breytingum, sem er fullt samkomulag um. Er önnur þeirra sú, sem er með nál. á þskj. 630, um það að bæta við niðurfellingu á einum lið í stimpilgjaldalögunum. Er þessi brtt. sprottin af því, að það var upphaflega gert ráð fyrir, að þessi lög um breytingar á aukatekjulögunum og breytingar á stimpilgjaldalögunum yrðu samferða í gegnum þingið, og þá hefði þessi niðurfelling komið af sjálfu sér, en nú er ekki gert ráð fyrir því, að stimpilgjaldalögin verði samþ. á þessu þingi, og þess vegna er þessi

brtt. flutt af hv. fjhn. Hin brtt., sem er á þskj. 663, er um það, að í 43. gr. sé sett, að lögin öðlist gildi 1. maí n. k., í stað þess, að þar stendur, að þau öðlist gildi nú þegar, og við höfum fengið bendingu um það frá skrifstofustjóra fjmrn., að það sé hentugra, að það sé dálítill frestur á því, að lögin taki gildi, og það hefur orðið samkomulag um, að það sé miðað við 1. maí næstkomandi.

Að öðru leyti sé ég ekki fyrir n. hönd ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. En hér liggur fyrir till. frá hv. þm. Snæf. (SÁ) um að lækka einn lið í þessu frv., sem er um þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs og landbúnaðar, og að sjálfsögðu er ýmislegt af þessum gjöldum það hátt, að það væri æskilegt að fá þau eitthvað lækkuð. En þetta gjald var lækkað nálægt því um helming í hv. Ed. frá því, sem það var í frv. upphaflega, og það var ekki samkomulag um það í hv. fjhn. að lækka það meira en orðið er.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Á þskj. 628 hef ég leyft mér að bera fram brtt. við frv. það, sem hér er tekið til meðferðar. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir að taka sama þinglýsingargjald af öllum skjölum, hvort heldur um var að ræða skuldabréf með veði í fasteignum til langs tíma eða af stuttum lánum, eins til þriggja mánaða, sem algengast er að veita í sambandi við afurðalán fyrir atvinnuvegina. Hér er oftast um að ræða víxillán, sem tryggð eru með veði í afurðum atvinnuveganna, og í flestum tilfellum mjög stutt lán. Það má öllum vera ljóst, að engin sanngirni er að taka sama þinglýsingargjald af veðskjali, sem á að standa langt tímabil, í mörgum tilfellum 30—50 ár, og tryggingarbréfum fyrir afurðavíxlum, sem aðeins eiga að standa í einn til sex mánuði.

Hv. Ed. gerði breyt. á frv. hvað þetta snerti með því að ákveða sama þinglýsingargjald af tryggingarbréfum fyrir afurðavíxlum atvinnuveganna og tekið hefur verið undanfarin ár. Frumgjaldið, sem samkvæmt frv. hækkar úr kr. 16.80 í 50 kr. fyrir fyrstu 5 þús., er látið vera það sama fyrir afurðalán atvinnuveganna og fyrir önnur lán.

Í brtt. minni á þskj. 628 hef ég þó fundið ástæðu til að ganga enn lengra í þessum efnum. Ég legg til, að frumgjaldið, 50 kr., sé það sama af tryggingarbréfum fyrir afurðavíxla atvinnuveganna og fyrir önnur lán, en síðan 1 kr. af þúsundi af skjölum varðandi afurðalán, eða sama gjald og ákveðið var með lögum nr. 27 1921.

Ég vil með nokkrum orðum benda hv. dm. á, að þessi brtt. mín er byggð á fyllstu sanngirni. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í athugasemdir, sem prentaðar eru með frv. Þar segir:

„Þetta frv. er ekki fremur en frv. um stimpilgjald flutt í tekjuöflunarskyni. Á hinn bóginn hafa föst gjöld samkvæmt aukatekjulögunum hækkað óeðlilega lítið, ef miðað er við verðbreytingar, sem orðið hafa síðan 1921, og er því í frv. gert ráð fyrir nokkurri hækkun á fastagjöldum til samræmis við breytt verðlag, en á hinn bóginn nokkurri lækkun á hundraðsgjöldum, sem greidd eru af gjaldstofni, er hækkað hefur vegna vaxandi dýrtíðar, svo sem nánar er vikið að í grg. nefndarinnar."

Í grg. hv. milliþn. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við breytingar þær, er n. hefur gert á upphæð gjaldanna, hefur hún einkum haft hliðsjón af verðbreytingum þeim, sem orðið hafa í landinu síðan síðustu aukatekjulög voru sett 1921, fremur en upphæð þeirra nú, eftir þær hlutfallshækkanir, sem Alþingi hefur samþykkt." — Þá segir mþn. enn fremur: „Hækkanir þessar eru lagðar jafnt á fastákveðin gjöld og „prósentu"-gjöld og skapa því misræmi, þar sem gjaldstofn „prósentu"-gjaldanna hefur hækkað með hækkandi verðlagi. Samkvæmt framansögðu leggur n. til, að fastagjöld hækki allverulega, en „prósentu"-gjöldin lækki."

Ég vil biðja hv. þdm. að athuga þetta, að hv. mþn. segir, að hún leggi til, að prósentugjöldin lækki. Og ég er sammála hv. mþn. um það, að þau sjónarmið, sem hún ræðir í grg. með frv., eigi að vera ráðandi, er frv. endanlega fær afgreiðslu þingsins. Af þessum ástæðum hef ég flutt brtt. mína og tel hana vera í anda þeirra aðila, sem að frv. standa, og beri því að lækka að miklum mun frá því, sem þau voru 1951, þinglestrargjöld af tryggingarbréfum afurðavíxla, hvort heldur í hlut á landbúnaður, sjávarútvegur eða iðnaður. Ég vil aðeins benda á eitt dæmi til að sýna hv. þd. nauðsyn þess, að þetta þinglestrargjald verði fært í rétt horf, eins og till. mín fer fram á.

Þegar kjötsölulögin gengu í gildi haustið 1934, var heildsöluverð á dilkakjöti ákveðið kr. 1.15, en nú á s. l. hausti kr. 16.31. Með því að ákveða þinglestrargjaldið það sama og lögin frá 1921 kváðu á um, eða 1 kr. fyrir hvert þúsund, auk frumgjaldsins, 50 kr. fyrir fyrstu 5 þúsundin, sem frv. gerir nú ráð fyrir, verður tekjuöflun ríkissjóðs samt sem áður það hagstæð, að ríkissjóður fær nú rúmlega fjórtánfalt hærra þinglestrargjald af tryggingarbréfum fyrir afurðavíxlum landbúnaðarins en hann fékk 1934. Gera má ráð fyrir, að sama gildi einnig um afurðir sjávarútvegsins og iðnaðarins, þar sem hækkanir á framleiðsluvörum þeirra hafa hækkað að líku marki.

Að lokum vil ég benda á það, að bankarnir, sem hafa fengið frv. til umsagnar, bentu mjög ákveðið á það í bréfi til hv. fjhn. Ed., að nauðsyn sé á því að lækka þessa tegund þinglestrargjaldanna frá því, sem þau eru núna.

Ef frv. hefði orðið lögfest óbreytt eða eins og það var lagt fram hér á Alþ. í byrjun þings, hefði verið um 70-falda hækkun að ræða á þinglestrargjöldum á tryggingarbréfum fyrir afurðavíxlum landbúnaðarins frá því, sem þessi gjöld voru 1934. Það er því augljóst, að þessa brtt. mína ber að samþykkja, enda er hún byggð á þeim forsendum, sem mþn. mælir með í grg. sinni með frv., að prósentugjöldin beri að lækka frá því, sem þau eru nú og framlengd hafa verið óbreytt undanfarin ár.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um þessa brtt. mína. Það er augljóst, að hún stefnir í þá átt, að það sé tekið rétt þinglestrargjald af þessum tryggingarbréfum fyrir víxlum aðalatvinnu-

vega þjóðarinnar, enda virðist í athugasemdum hv. milliþn., að hún hafi ætlazt til, að svo væri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 628 felld með 15:13 atkv.
23.—28. gr. samþ. með 22:1 atkv.
29.—31. gr. samþ. með 22:1 atkv.
32. gr. samþ. með 19:1 atkv.
33.—37. gr. samþ. með 19:1 atkv.
38.—42. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 663 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 630 samþ. með 18 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 673, 678).

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég hef nú ekki talað neitt í þessu máli og hafði eiginlega ekki hugsað mér það. En af því að ég greiddi atkvæði á móti því við 2. umr., þá vildi ég aðeins taka það fram, að ég álít það ekki nauðsynlegt, þó að smám saman hafi verið lögleidd meiri og meiri dýrtíð á Íslandi á undanförnum árum, að sú dýrtíð sé endilega samræmd þannig, að ef það eru einhver svið til, þar sem almenningur getur komizt að ódýrum kjörum, þá sé það hækkað um leið. Það var nú einu sinni hér a. m. k. af einum flokki í þessari hv. d. talað ákaflega mikið um það, að hann væri á móti dýrtíðinni, og síðan sá flokkur komst í ríkisstj. á Íslandi og hefur verið það síðustu sjö árin, þá hefur dýrtíðin alltaf farið sívaxandi. Ég get ekki séð, að það eigi að vera neitt „prinsip“ hjá einni ríkisstjórn, þegar illa hefur tekizt til á sumum sviðum, að bæta þá því þar ofan á að hækka endilega á almenningi það, sem eftir er og ekki hefur hækkað af sjálfu sér.

Þessa grein vildi ég gera fyrir mínu atkv. um þetta frv., eins og það hefur verið núna við 2. umr. málsins og eins og það mun verða nú. Ég álít þetta óþarfar hækkanir og alveg óeðlilegt af ríkinu að ætla að fara að nota það sem einhvern tekjustofn að leggja svo og svo mikil gjöld á menn, þegar þeir eru á einhvern hátt t. d. að leita réttar síns eða að framkvæma sinn rétt sem borgarar í þjóðfélaginu. Það er ekkert sérstaklega lýðræðislegt í því, fyrir utan hvað það er pólitískt óréttlátt að vera á þennan hátt að samræma dýrtíðina.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Ég hef enn á ný reynt að bera fram brtt. á þskj. 678 um gjald fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Þessi brtt. mín gerir ráð fyrir sama grunngjaldi og í frv., en síðan kr. 1.10 af hverju þúsundi af skjölum varðandi afurðalán, eða 10% hærra gjaldi en ákveðið var með l. frá 1921. Verður þá hækkunin á þinglestrargjaldinu hvað snertir tryggingarfé atvinnuveganna nær sextánfalt hærra en 1934, en það hef ég miðað útreikninga mína við.

Gjald fyrir þinglestur tryggingarbréfa fyrir afurðavíxlum ætti að vera mjög lágt, því að ríkissjóður er jafnframt því að taka þetta gjald búinn að taka stimpilgjald af þeim víxlum, sem tryggingarbréfin eru útbúin í sambandi við. Það virðist því í alla staði óeðlilegt að taka jafnhátt gjald fyrir þinglestur þessara bréfa eins og frv. gerir ráð fyrir, og ég tel það enn allt of hátt, þó að hv. Ed. hafi ráðið nokkra bót á því. Ég vil því mjög eindregið mælast til þess, að hv. þdm. geti fylgt þessari brtt. minni, því að ef frv. verður samþykkt eins og það er nú, þá er um að ræða gjald fyrir þinglestur, sem er hrein óhæfa.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Frsm. fjhn. í þessu máli, hv. þm. A-Húnv. (JPálm), getur ekki mætt nú á fundinum, og vil ég því segja örfá orð um frv. út af því, sem hér hefur fram komið.

Hv. þm. Snæf. (SÁ) bar fram hér brtt. við 23. gr. frv. við 2. umr. og flutti þá ræðu og hélt því fram, að hér væri um mjög margfalda aukningu að ræða á þessum gjöldum, þ. e. þinglýsingargjöldum. Hann hefur nú, vegna þess að till. hans var felld við 2. umr., borið fram till. á nýjan leik um þetta sama atriði og heldur því fram, að gjöldin, sem hér séu tekin, séu — mér heyrðist hann segja sextán sinnum hærri en 1934. Þetta hlýtur allt að vera byggt á ákaflega miklum misskilningi hjá hv. þm. Í grg., sem fylgir þessu frv., er skýrsla yfir það, hver gjöldin hafi áður verið, og til samanburðar, hver þau séu samkvæmt frv. Frumgjald fyrir þinglýsingu skjala er samkv. frv. 50 kr., þegar fjárhæðin er 5 þús. kr. eða minni. En þetta frumgjald hefur verið síðan 1951 16.80 kr. Þarna er um rúmlega 30 kr. hækkun að ræða. Hins vegar er viðbótargjald á þúsund samkv. frv., eins og það nú er og eins og það kom frá Ed., 2.40 kr. á hvert þúsund, og þetta er nákvæmlega sama gjaldið og tekið hefur verið síðan 1951. Í frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir, var gert ráð fyrir, að þetta væri hærra, 5 kr. á hvert þúsund, og það er það enn af skjölum, þar sem um er að ræða annað en lán út á framleiðsluvörur sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar. Breytingin í Ed. var sú, að gjald fyrir skjöl, sem gefin eru út í sambandi við lán með veði í framleiðsluvörum, var lækkað úr 5 kr. í 2.40 kr., og eins og ég hef þegar sagt, þá er það nákvæmlega jafnhátt og verið hefur síðan 1951, svo að hér er ekki um neina hækkun að ræða.

Út af því, sem hv. þm. sagði um, hvað þetta hefði verið fyrir 30 árum, þá kemur það fram hér í þessari skýrslu frá þeim, sem sömdu frv., að þetta gjald hefur verið 1921 — samkv. lögum frá 1921 — 1 kr. á hvert þúsund, þ. e. viðbótargjaldið, sem nú er samkv. frv. 2.40, svo að það að tala um sextánfalt gjald af þessum skjölum fyrir þinglýsingu er algerlega út í bláinn og byggt á einhverjum misskilningi, held ég að hljóti að vera. Ég vil taka það fram, að n. mælir með frv. óbreyttu, og kom það fram hjá frsm. við 2. umr.

málsins. En n. leggur gegn þessari brtt. hjá hv. þm. Snæf.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að hækka verulega tekjur ríkissjóðs af þeim gjöldum, sem frv. fjallar um, sérstaklega þinglestrargjöldum. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. og einnig í því, sem Landsbanki Íslands hefur látið frá sér fara í sambandi við athugasemdir um þetta frv., þá mun láta nærri, að gert sé ráð fyrir því, að þinglestrargjöld almennt hækki um 100% frá því, sem verið hefur. Það er að vísu rétt, að hv. Ed. hefur gert nokkrar breytingar á frv. frá því, sem gert var ráð fyrir í upphafi, og hvað viðkemur innheimtu á þinglestrargjöldum í sambandi við þinglestur afurðalána, þá hefur Ed. dregið nokkuð úr þeirri miklu hækkun, sem þar var gert ráð fyrir. En eigi að síður tel ég, að þetta frv. almennt séð geri ráð fyrir allt of mikilli hækkun og alveg óeðlilegri hækkun af þessari þjónustu ríkisins, því að ég held, að varla verði um það deilt, að það eru engin frambærileg rök fyrir því, að ríkissjóður sé að afla sér tekna sérstaklega á því að annast þessa skyldu, sem því fylgir t. d. að þinglýsa samningum. Hið eðlilega er það, að ríkið taki aðeins fullan kostnað við þessi störf, en noti þetta ekki á neinn hátt sem skattstofn á landsmenn eða atvinnurekstur í landinu.

Ég er fylgjandi þeirri till., sem hv. þm. Snæf. (SÁ) flytur hér á þskj. 678 og gerir ráð fyrir því, að lækkuð verði nokkuð frá því, sem nú er ákveðið í frv., þinglestrargjöld af framleiðslulánum. Það er mín skoðun, að eitt það fráleitasta, sem er að finna í þessu frv., séu hin háu þinglestrargjöld, sem gert er ráð fyrir að taka af lánum, sem veitt eru yfirleitt til stutts tíma út á framleiðsluvörur.

Þó að nú sé svo komið eftir leiðréttingu Ed., að gert sé ráð fyrir því, að þinglestrargjald af framleiðsluvörulánum sé rétt um það bil helmingur á við það, sem er af ýmsum öðrum lánum, þá hygg ég, að menn sjái fljótlega, að eigi að síður er þarna raunverulega, þegar allt kemur til alls, um hærri gjaldstiga að ræða af afurðalánum en t. d. venjulegum fasteignalánum, sem aftur eru venjulega veitt til nokkuð margra ára.

Hin algengustu afurðalán t. d. í sambandi við sjávarútveginn eru tekin til þriggja og upp í sex mánuði. Þegar um þriggja mánaða lántöku er að ræða, eins og mun vera langalgengast, þá kemur eðlilega til þess, að afurðalánin eru tekin æ ofan í æ eða kannske fjórum sinnum á sama ári. Vitanlega halda svo þessi afurðalán áfram að vera tekin árlega ár eftir ár. Þannig verður t. d. af 1 millj. kr. afurðaláni, sem tekið er og stendur nokkurn veginn frá ári til árs, eftir nokkur ár búið að taka æði hátt þinglestrargjald og margfalt hærra en tekið mundi vera af 1 millj. kr. láni, sem veitt hefði verið t. d. til 10 eða 20 ára sem fasteignalán. Þinglestrargjöldin af afurðalánum, sem tekin eru til tiltölulega stutts tíma, eru því í rauninni allt annars eðlis en þinglestrargjöld, sem tekin eru af fasteignalánum, sem tekin eru til margra ára.

Nú er það líka svo, að þegar það er viðurkennt, að það ber fremur að stuðla að gengi framleiðsluatvinnuveganna, og það stendur þannig sérstaklega á nú, að það veitir ekki af, að ríkisvaldið hlynni að framleiðsluatvinnuvegunum í öllum greinum fremur en að íþyngja þeim með sífellt hækkuðum álögum, þá vildi ég mega vænta þess, að hv. þm. sæju, að réttmætt er að samþ. þá brtt., sem hv. þm. Snæf. flytur á þskj. 678 og miðar að því að leiðrétta þetta nokkuð og gera þessi gjöld framleiðslunnar hóflegri heldur en þau hafa verið og heldur en þetta frv. þó sérstaklega gerir ráð fyrir að þau verði. En auk þessa, sem ég hef hér sagt sérstaklega um afurðalánin, þá tel ég, að þetta frv. sem heild sé í fyllsta máta óeðlilegt. Ríkið á ekki að fara þá leið að hækka tekjur sínar af slíkri þjónustu sem þessari. Það hefur fengið þessa þjónustu fyllilega borgaða miðað við það, sem hún kostar, og þetta er enginn eðlilegur tekjugrundvöllur fyrir ríkið til þess að skattleggja einstaklinga eða atvinnurekstur í landinu. Af þeim ástæðum er ég á móti frv. sem heild. Ég tel, að þessi gjöld séu nægilega há, en legg þó mesta áherzlu á það, að sú till., sem ég hef nokkuð minnzt á, verði samþ., því að hún kemur þó framleiðslunni að mestu gagni.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. V-Húnv. vil ég aðeins segja nokkur orð.

Ég varð dálítið undrandi, þegar hv. þm. ætlaði að fara að mæla gegn till. minni með þeim forsendum, sem hann færði þar fram. Hann veit, að í sambandi við þinglestrargjöldin, þegar um er að ræða afurðavixla, er um hrein prósentugjöld að ræða, sem hafa með hækkandi verðlagi á afurðunum gefið ríkissjóði þá hækkun, sem hið hækkaða verðlag hefur skapað. Ég vil enn, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér úr greinargerð hv. milliþn., þar sem hún segir:

„Við breytingar þær, er nefndin hefur gert á upphæð gjaldanna, hefur hún einkum haft hliðsjón af verðbreytingum þeim, sem orðið hafa í landinu, síðan síðustu aukatekjulög voru sett 1921, fremur en upphæð þeirra nú, eftir þær hlutfallshækkanir, er Alþingi hefur samþykkt. Hækkanir þessar eru lagðar jafnt á fastákveðin gjöld og „prósentu"-gjöld og skapa því misræmi", — ég vil biðja hv. þm. V-Húnv. að hlusta á þetta, — „þar sem gjaldstofn „prósentu"-gjaldanna hefur hækkað með hækkandi verðlagi. Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að fastagjöld hækki allverulega, en „prósentu"-gjöldin lækki."

Þó að hv. milliþn. hafi orðið það á að gera till. um óeðlilega hækkun á þinglestrargjöldunum, þá eru það mistök, sem við þm. hljótum að ráða bót á með því að færa þau til réttrs vegar aftur.

Ég vil aðeins tilgreina, að í minum útreikningum hef ég aðallega tekið tvö ár til samanburðar, þ. e. árið 1934, þegar kjötsölulögin gengu í gildi, og svo aftur s. l. ár, 1953. Ég vil taka hér dæmi til að sýna hv. þm. V-Húnv. fram á, að ég hafi ekki farið hér með staðlausa stafi. Ef Sláturfélag Suðurlands hefði þurft að fá afurðalán út á 100 smál. af dilkakjöti 1934, hefði það borgað 117 kr. í þinglestrargjald af tryggingarbréfinu. Ef þetta sama fyrirtæki hefði fengið afurðalán á s. l. hausti, þá hefði það orðið að borga í þinglestrar-

gjald af þessum sama kjötþunga 8170 kr., eftir því sem hv. milliþn. gerir till. um í frv. sínu. Ég benti á þetta í ræðu minni í gær, að hér væri um að ræða 70-falt gjald við það, sem greitt var 1934 af þessu sama magni af kjöti. Ég held því, að það sé algerlega rangt hjá hv. þm. V-Húnv., að ég hafi farið hér með annað en það, sem er rétt. Sömuleiðis hef ég bent á, að með því að fara með þinglestrargjaldið, eftir að frumgjaldið er reiknað eins og frv. gerir ráð fyrir, niður í kr. 1.10 af þúsundi, þá hefur þinglestrargjaldið samt sem áður nær 16-faldazt við það, sem það var 1934. Ég held, að jafnreikningsglöggur maður og hv. þm. V-Húnv. er muni, þegar hann athugar þetta nánar, komast að sömu raun og ég.

**Skúli Guðmundsson:** Ég verð að segja það, að mér þykja ákaflega einkennilegar þessar bollaleggingar hv. þm. Snæf. Það liggur í augum uppi og ætti flestum að vera ljóst, að stimpilgjöld og þinglýsingargjöld, sem miðuð eru við verðupphæðir einhverra skjala, hljóta að breytast vitanlega eftir þeim upphæðum, sem þar er um að ræða, og þeim breytingum, sem þær taka. Það gefur að skilja, að ef einhver vara margfaldast í verði og það er reiknað „prósentu"-gjald eða „*promille*"-*gjald, þá vitanlega hækkar það* að sama skapi; það er ósköp eðlilegt, og allir útreikningar hans um 70-falt þinglýsingargjald frá því 1934 eru náttúrlega — ja, ég sagði nú áðan, að þetta væri misskilningur hjá honum, ég fer nú að halda, að þetta sé nú flutt jafnvel í blekkingarskyni. *Hv. þm. gæti alveg eins haldið því* fram, að vextirnir hér á landi hefðu margfaldazt, þó að vaxtaprósentan sé óbreytt, bara fyrir það, að menn þurfa nú, vegna þess að gildi peninganna hefur breytzt, að reikna með hærri tölum, þeir fá hærri upphæðir að láni en áður var og borga þar af leiðandi hærri upphæðir í vexti, en ekkert meira miðað við hvert þúsund, sem þeir taka að láni. Svona málflutningur hlýtur að dæma sig sjálfur hjá hv. þm. Ef hann t. d. þarf nú að fá 10 sinnum hærra lán og fær það út á fisk heldur en hann fékk fyrir stríð, þá gæti *hann með* þessum aðferðum sínum haldið því fram, að vextirnir hefðu 10-faldast hjá bönkunum síðan. Þetta er vitanlega fjarri öllum sanni, og menn standa engu verr að vígi að borga 2.40 kr. af hverju þúsundi nú heldur en 1934. Þetta breytist vitanlega með verðupphæðunum. Eins og ég sýndi fram á, er eftir frv. ekkert meira borgað af hverju þúsundi fyrir þinglýsingu á þessum skjölum nú heldur en var 1951 og síðan, það er óbreytt, og þessu hefur hv. þm. ekki mótmælt, en kemur í þess stað með þessa fáránlegu útreikninga sína.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Mér er með öllu óskiljanlegt, hvernig hv. þm. V-Húnv. vill reyna að rökstyðja mál sitt, því að það er honum tæplega hægt. Hv. milliþn. er búin að sýna fram á það í greinargerð sinni með frv., að það hefur verið ætlun hennar að lækka prósentugjöld, en ekki hækka þau. Það má hv. þm. V-Húnv. vita, að ef það væri ekki einmitt hið stórhækkandi verðlag afurðanna, sem hefur valdið því, að ríkissjóður hefur fengið hærra og hærra þinglestrargjald og stimpilgjald af lánum í sambandi við afurðalánin, þá væri búið að hækka þessi gjöld miklu meira en gert hefur verið á undanförnum árum. Fyrsta hækkun á aukatekjum ríkissjóðs fór fram 1938. Voru þau þá hækkuð um 25% og hafa síðan farið smátt og smátt hækkandi. Nokkur undanfarin ár hefur hækkunin numið 140% frá því, sem ákveðið var í löggjöfinni frá 1921. Af því að hér er um að ræða *prósentugjald, var ekki* rétt að hækka þinglestrargjöldin af afurðalánum um 140%, þar sem afurðirnar hafa við vaxandi dýrtíð hækkað það mikið, að ríkissjóður hefur á þann hátt fengið fyllilega það, sem honum bar. Má benda á í þessu sambandi, að verðlag á dilkakjöti hefur rúmlega 14-faldazt frá 1934, og á þann hátt hefur ríkissjóður fengið hækkanir bæði á stimpilgjöldum af víxlum og þinglestrargjöldum af tryggingarbréfum, sem eru fyrir víxlunum. Eins og ég tók fram áðan, tel ég, að þinglestur sé þjónusta, sem ríkissjóður lætur í té og á ekki að *vera óeðlilegur tekjupóstur fyrir ríkissjóð*. Samhliða þinglestrargjöldunum fær hann stimpilgjöld af þeim lánum, sem eru tekin í sambandi við afurðirnar, og eru það allhá gjöld. Þar virðist ríkissjóður fá sínar aukatekjur, sem ættu að nægja í sambandi við þessa tegund lána, og ætti því ekki að taka, eins og ég hef tekið fram, þetta óeðlilega gjald, sem gert er ráð fyrir í frv. í sambandi við þinglestur.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér finnst, að sú hækkun, sem lagt er til, að hér sé framkvæmd, sé alveg undarlega mikil í sumum tilfellum. Viðvíkjandi þeim gjöldum, sem tekin eru, þegar menn eru að leita réttar síns fyrir dómstólum, þá er víðast hvar hækkun, þannig að ýmist er tvöfaldað eða allt að því fjórfaldað frá 1951 það, sem menn verða að borga. Ég verð nú að segja það, að eftir mínum kunnugleik á réttarfarsreglum er þetta þveröfugt við allt, sem barizt hefur verið fyrir í lýðræðisþjóðfélagi. Venjan er hvað réttarfar snertir, að menn beiti sér fyrir því í lýðræðislegum þjóðfélögum, að það sé sem allra mest næstum því ókeypis fyrir menn að geta náð sínum rétti, og ég vil bara vekja athygli hv. þm. á því, hvernig ástandið er fyrir almenning viðvíkjandi því að ná fram þessum rétti sínum. Það er ekki bara það, að lög frá Alþingi séu, ekki sízt þegar þau eru undirbúin af ríkisstj., svo óskýr, svo illa frá þeim gengið, svo flókin og svo margbrotin, ef þau hafa ekki verið löguð stórkostlega í nefndum þingsins, að það sé helzt ekki fyrir neina nema lögfræðinga að skilja þau, því næst það, að menn þurfi venjulega að fara til tiltölulega dýrra lögfræðinga til þess að ná rétti sínum, en ríkið sjálft hefur enga lögfræðinga, sem eru á launum hjá því til þess að leiðbeina almenningi, og svo í þriðja lagi allur sá seinagangur og hann dýr, sem er út af sjálfum réttarfarsreglunum og hjá dómstólunum. Það er áreiðanlega fjöldi manna í þjóðfélaginu, sem leggur ekki út í það að reyna að ná rétti sínum í hinum og þessum málum bara vegna þess, hvað það er illkleift og hvað það er dýrt. Og allt, sem hér er gert í þessum till., miðar að því að gera almenningi þetta enn þá erfiðara, enn þá dýrara. Ég skal taka bara sem dæmi:

Fyrir héraðsdómi var fyrirtekt máls samkv. gjaldskrá 1951 48 kr.; nú mun hún verða 100 kr. eftir frv. Menn geta séð þetta í fylgiskjalinu, sem fylgir með þessu frv. Það er sem sé tvöfaldað. Hver vitnaleiðsla í sambandi við slík mál er þrefölduð, úr 4.80 kr. upp í 15 kr., og allt er þetta þrefaldað frá 1951, þ. e. frá því eftir að gengislækkunin er gerð, en ef miðað er við t. d. laun hjá verkamönnum, hefur verið reynt að halda þeim niðri allan þennan tíma og verið barizt á móti því og af ríkisstj. hálfu verið sagt alltaf hreint: Ja, við verðum heldur að reyna að lækka dýrtíðina, það dugir ekkert að vera að hækka kaupið, ekki hækka í aurum kaupið umfram allt. Nei, við skulum lækka dýrtíðina. — Svo kemur hér hæstv. ríkisstj. og leggur til: Við skulum þrefalda það, sem borgarinn í þjóðfélaginu á að borga, ef hann ætlar að leita réttar síns. — Ég skil þetta náttúrlega sem beina uppörvun til þess, að verkamenn sjái til þess, næst þegar lagt er út í vinnudeilur, að það sé ekki verið að takmarka sig við að reyna að slást við einhverja dýrtíð, heldur sé þetta hérna áskorun frá Alþingi um, að menn beiti sér fyrir því að hækka krónutöluna.

Kærugjald hækkar nú úr 30 kr. upp í 100 kr. Fyrirtekt máls í hæstarétti úr 50 kr. upp í 200 kr. Það er alls staðar sama reglan. Og hverjir eru það, sem undirbúa þetta frv. í hendur ríkisstj.? Jú, það eru nokkrir sýslumenn í landinu, sem undirbúa þetta. Og hvaða hagsmuna hafa sýslumennirnir að gæta í þessu sambandi? Jú, sýslumennirnir fá sínar prósentur, því hærri, því meira sem þetta er hækkað. Eftir ríkisreikningunum frá 1950 eða 1951 býst ég við, að þeir hafi haft sínar 100—200 þús. kr. í gjöld af innheimtu á tekjum ríkissjóðs. Það mun hækka a. m. k. alltaf eitthvað pínulítið með því að hækka þetta hérna allt saman. Nú, það, sem sýslumennirnir gera, býst ég við að öðrum finnist þá eðlilegt og feti í sömu fótspor.

Ef menn athuga í þessu fylgiskjali IV. kaflann, uppboðin og annað slíkt, þá er alls staðar ferföldun svo að segja á því, sem þar er. Hvert notarial-vottorð, sem menn þurfa að fá út af öllu mögulegu, hefur kostað eftir gjaldskránni frá 1951 10.80 kr. Nú á það að hækka upp í 50 kr., það er ferföldun. Svona mætti halda áfram í það endalausa.

Í VII. kaflanum eru sveinsbréf og öll möguleg skírteini, sem verkamenn þurfa að fá. Sveinsbréf, sem kostar 1951 18.10 kr., á að fara upp í 100 kr. Ef menn ætla að verða undirvélstjórar á skipi, þá hækkar það, ef það er 600 hestafla mótorvél, úr 17 kr. upp í 150 kr. Ef menn ætla að verða aðstoðarvélstjórar, þá hækkar skírteinið úr 22 kr. upp í 150 kr. Ef menn eru atvinnuflugmenn, þá hækkar gjaldskráin frá 1951 úr 24 kr. upp í 200 kr. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi, ef það á að fara að hækka þannig skattlagninguna á þeim mönnum, sem stunda ýmsa atvinnu í landinu, en þeir taki það sem eina uppörvunina til þess að vera dálítið skörulegri í því að hækka sitt kaupgjald heldur en þeir voru seinast. Nú, Alþingi um það, það er hægari eftirleikurinn fyrir aðra. En þetta eru aðeins hlutir, sem ég vildi benda á. Ég hef greitt atkvæði á móti þessu frv., eins og það hefur verið. Ég er fylgjandi till., sem að einhverju leyti gætu lagað það, en ég álít yfirleitt ólýðræðislegt, ópraktiskt og óviturlegt af ríkinu að koma þessu í gegn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 678 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EirÞ, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, JR, KGuðj, SÁ, SG, BergS, EggÞ.

nei: EystJ, GíslG, HÁ, IngJ, JPálm, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SkG, StgrSt, ÁB.

GTh, JS, BÓ, EI, SB greiddu ekki atkv.

4 þm. (BFB, JóhH, LJós, PO) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:8 atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A 778).

---

## 32. Framkvæmdabanki Íslands.

Á 68. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953** [183. mál] (stjfrv., A. 546).

Á 69. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 603).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., og leggur til, að frv. verði samþ.

Í athugasemdum við frv. er tekið fram, að ef Framkvæmdabankinn taki lán í því skyni að láta fé til sementsverksmiðjunnar, þá falli niður sú lánsheimild, sem þegar er fyrir hendi í lögum um hana, að upphæð 46 millj. kr. Þetta ákvæði hefur n. þótt réttara að kæmi inn í frv. sem sérstök grein og gerir till. um, að svo verði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, sem liggur alveg ljóst fyrir.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Þegar lögin um Framkvæmdabanka Íslands voru til umr. á þinginu 1952, þótti ýmsum það ærið nýstárlegt ákvæði, að fjmrh. var þar heimilað að veita ríkisábyrgð fyrir erlendum stórlánum, sem Framkvæmdabankinn tekur, án þess að samþykki Alþingis komi til hverju sinni. Í frv. ríkisstjórnarinnar, sem þá var lagt fram um Framkvæmdabankann, var þessi upphæð upphaflega takmörkuð við 100 millj. kr. Ýmsum fannst nú mjög varhugavert að fara inn á slíka braut, og ég var einn þeirra, en loks varð þó að samkomulagi í liði stjórnarflokkanna að lækka upphæðina, sem till. var gerð um í frv. eins og það kom frá ríkisstj., úr 100 millj. í 80 millj. kr. Nú er farið fram á að hækka þessa upphæð, sem heimilt er að ganga í ábyrgð fyrir án samþykkis Alþingis, upp í 175 millj., eða um 95 millj. kr. Þetta er rökstutt með því í grg., að nauðsynlegt sé að taka stór erlend lán til sementsverksmiðju, til raforkuframkvæmda o. fl. Nú er það svo, að það er til lántökuheimild til þess að koma á fót sementsverksmiðju, og er því ærið kynlegt að biðja um nýja heimild í því skyni. Þurfi hins vegar að útvega lánsfé til annarra framkvæmda, þá er spurningin: Hvers vegna er þá ekki farið fram á lántökuheimild til þessara framkvæmda eins og venja er til? Það er auðvitað meginmunur á því að fara fram á 95 millj. kr. lánsheimild til ákveðinna framkvæmda og hinu, að festa það í lögum, að fjmrh. sé heimilt að ganga í ábyrgð fyrir lánum fyrir hönd ríkissjóðs, án þess að samþykki Alþingis komi til, fyrir upphæð, sem nú skal nema 175 millj. kr. á hverjum tíma um alla framtíð, svo lengi sem lögin eru í gildi. Það hefði verið hægt að láta Framkvæmdabankann annast lántökuna, enda þótt þessi leið væri ekki farin. En um leið hlýtur þó að vakna sú spurning: Hvers vegna er nauðsynlegt, að Framkvæmdabankinn annist lántökuna? Hver mun þóknun bankans fyrir slíka lántöku vera? Það hafa ekki verið gefnar um það upplýsingar, en ég hygg, að hún sé ekki minni en 1%, eða 1 millj. 750 þús. kr. fyrir 175 millj. kr. lántöku. Það er engin smáræðis upphæð. Þarf það virkilega að kosta slíka óhemju upphæð að útvega slík lán? Það hefði einhvern tíma þótt efni í langar blaðagreinar.

Sogsvirkjunin hefur þurft að greiða Framkvæmdabankanum 1% í þóknun fyrir sín lán, enda þótt þau lán séu tekin úr mótvirðissjóði eða úr sjóði, sem er eign ríkisins, svo að það er dýrt að færa fé úr einum reikningi yfir á annan, og varla verður það minna fyrir að útvega erlent lánsfé.

Enda þótt ég að sjálfsögðu sé samþykkur því, að veitt sé heimild til þeirrar lántöku, sem hér er farið fram á, fram yfir það, sem þegar er til heimild fyrir í lögum, þá er ég algerlega andvígur þessu frv., sem fer fram á allt annað og meira, og ég legg þess vegna til, að þetta frv. verði fellt og jafnframt verði lagt fram frv. um lántökuheimild með venjulegum hætti.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Samkvæmt frv. þessu er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabanki Íslands taki lán, en fjmrh. talaði fyrir þessu máli í Nd., þar sem lántökur heyra undir hann.

Ég heyrði lítið af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þar sem ég var ekki hér inni í deildinni, en það heyrði ég, að hann vildi andmæla frv. og leggja til, að það væri fellt. Ég held, að hv. þm. hafi tæplega gert sér grein fyrir því, að með því að hafa Framkvæmdabanka Íslands fyrir millilið og láta hann annast erlendar lántökur, þá sé verið að auðvelda framkvæmdir í landinu fram yfir það, sem áður hefur verið, þegar lán hafa verið tekin með öðrum og óheppilegri hætti. Það, sem farið er fram á með þessu frv., er það, að í stað „80 millj." í 2. málsgr. 9. gr. l. komi „175 millj." og eins og segir hér í grg., þá er fram tekið, til hvers á að nota þetta lán, en það er til hinna nauðsynlegustu framkvæmda, sem ekki þola bið, t. d. eins og sementsverksmiðjan og ýmsar raforkuframkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að koma í framkvæmd samkvæmt stjórnarsamningnum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv., en legg áherzlu á, að frv. verði samþykkt. Það væri sem sagt æskilegt að heyra einhver rök frá hv. þm. fyrir því, hvers vegna hann telur rétt að fella frv. og hafa lántökur til nauðsynlegra framkvæmda með öðrum hætti. Það þarf önnur rök en fram hafa komið hjá hans flokksbræðrum, en þau eru ekki önnur en að Framkvæmdabankinn sé amerískt fyrirtæki, sem þjóni ekki íslenzkum hagsmunum, en það út af fyrir sig er gömul plata. Hafi hv. þm. ekki annað hér fram að bera í deildinni í sambandi við þetta frv., þá er ástæðulaust fyrir hann að koma hér upp aftur til þess að ræða um þetta mál.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs áðan, þá hafði ég ekki veitt því athygli, að hæstv. viðskmrh. var hér í deildinni. Nú hefur hann flutt sitt mál síðan og tekið ýmislegt fram af því, sem ég vildi sagt hafa, og get ég því vel stytt mál mitt.

Hv. 2. landsk. þm. (BrB) vék að því, að áður hefði það verið venja jafnan, þegar ríkið hefði þurft að taka lán til eins eða annars, að leita sérstakrar heimildar hjá Alþingi til hverrar lántöku, og er rétt, að þetta er sú gamla regla. Hún mun þó ekki vera í samræmi við það, sem venja er hjá öðrum þjóðum um þess háttar, nema um eitthvað stórkostlegt sé að ræða. En þetta atriði málsins var nægilega rætt og skýrt, þegar frv. um Framkvæmdabankann, sem varð að lögum, var rætt á sínum tíma, að tilgangurinn með Framkvæmdabankanum var m. a. og ekki hvað sízt sá, að hann tæki við því verkefni að ganga á milli með erlendar lántökur, þannig að hann tæki lánin og lánaði aftur ríkinu eftir atvikum.

Það er rétt, að í frv. um Framkvæmdabankann var í fyrstu ákvæði um það, að ríkið ábyrgðist fyrir hann 100 millj. kr. sem fasta ábyrgð. Þetta mætti nokkrum andróðri og var lækkað ofan í 80 millj. kr. Nú þykir hv. 2. landsk. þm. hér vera stigið stórt skref að hækka þetta upp í 175 millj. kr. En eins og hæstv. viðskmrh. benti á, þá er vitað, að þetta er ætlað til ákveðinna framkvæmda samkvæmt þeim fyrirheitum, sem núverandi ríkisstj. hefur gefið. Það er því ákaflega

skylt, hvað þetta snertir, að samþykkja þetta frv. og að samþykkja sérstaka ábyrgð fyrir hvert af þessum fyrirtækjum, þannig að það eru ekki líkur til þess, að ríkið taki neitt þyngri ábyrgð á sig, þó að þetta frv. verði samþ., heldur en þó að það samþykkti fleiri lög um ábyrgðir til ákveðinna framkvæmda.

En þá var önnur röksemd hv. þm. sú, að Framkvæmdabankinn tæki eðlilega „provision" af þeim lánum, sem hann útvegaði, og þannig leiddi af þessu nokkurn aukakostnað fram yfir það, sem vera þyrfti. Ég skal ekki alveg fullyrða um það, nema kostnaður eða „provision" sú, sem Framkvæmdabankinn tekur, kynni að verða nokkru meiri en sá kostnaður, sem mundi leiða af því, að ríkisstj. væri að leita eftir hverju láni fyrir sig í útlöndum, en sannanir eru engar fyrir um það. Og það býst ég við að hv. 2. landsk. þm. viti, að þess konar verður ekki gert og hefur aldrei verið gert kostnaðarlaust, og þar af leiðandi mun hér ekki miklu muna. En miklu virðist það eðlilegra, að stofnun í landinu, sem er ekki beinlínis ríkisstjórnin, annist slíkt og ríkisstjórn Íslands geti þannig snúið sér til þessarar stofnunar, heldur en að hún sé úti um öll lönd, ríkisstj. sjálf eða hennar sendimenn, að leita fyrir sér um lán til eins og annars. Ég er auðvitað ekki kunnugur um heiminn utan Íslands, en þó hygg ég, að þetta sé hvergi siður. Ég held, að þess konar þyki ekki vera verksvið ríkisstjórna, nema þegar um mjög stórvægilegar framkvæmdir er að ræða ellegar það snertir að öðru leyti samband fleiri ríkja, t. d. eins og hernaðaraðstoð og annað slíkt.

Mér þótti rétt að koma með þessar athugasemdir nú, sökum þess að ég stóð nokkuð fyrir svörum hér í hv. d., þegar lögin um Framkvæmdabankann voru sett, og ég var út af fyrir sig á móti því að lækka þá almennu ábyrgðarheimild úr 100 millj. í 80 millj., þó að ég ynni það til sætta í málinu að samþykkja það að lokum.

**Brynjólfur Bjarnason:** Af hálfu hæstv. ráðh. kom aðeins fram ein röksemd fyrir því, að nauðsynlegt væri að fela Framkvæmdabankanum að annast þessa lántöku, sem hér um ræðir, og hún er sú, að hér væri um að ræða langsamlega hæfasta mann, sem til væri í þessu landi, til þess að annast lántökurnar, þ. e. a. s. herra Benjamín Eiríksson. Já, mikið hlýtur nú þessi maður að vera fær, þegar það þarf að greiða honum hátt í 2 millj. kr. fyrir að útvega 175 millj. kr. lán. Ég er ekki þessarar sömu skoðunar og hæstv. ráðherra. Ég hef allt aðra skoðun á þessum manni. Og ef rök hæstv. ríkisstj. eru ekki önnur en þessi, þá er það ekki annað en undirstrikun á því, hversu réttmætar þær athugasemdir voru, sem ég gerði hér áðan. Hæstv. ráðh. svaraði ekki, hvort væri rétt hjá mér sú tilgáta mín, að bankinn mundi ekki taka minni þóknun en 1% fyrir þessa lántöku. Ég veit heldur ekki, hvort hann hefur heyrt það.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði ekki heyrt önnur rök frá mér en þau, að Framkvæmdabankinn væri amerískur banki. Ég minntist nú ekkert á það í þessari ræðu, að bankinn væri amerískur, þó að ég haldi, að það sé nú raunar réttnefni, og tel ekki neina ástæðu til þess að fara út í það núna. Það urðu talsverðar umræður um þessa stofnun, þegar frv. um Framkvæmdabankann var lagt fram hér 1952.

En aðalatriðið er það, að ég, eins og fleiri þm. gerðu 1952, tel mjög varhugavert, að hæstv. fjmrh. sé veitt heimild til þess að ganga í ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs til þess að taka slík stórlán, án þess að samþykki Alþ. komi til. Ég tel beinlínis háskalegt, að hæstv. ráðh. hafi slíkt vald til þess að binda ríkissjóði slíka bagga, án þess að það sé athugað af Alþ. hverju sinni.

Alþ. þótti ekki hæfilegt 1952, þegar lögin um Framkvæmdabankann voru sett, að þessi ábyrgðarheimild væri meiri en 80 millj. kr. Ef þetta frv. verður samþ., þá er Alþ. án minnsta rökstuðnings — því að hann hefur alls ekki komið hér fram hjá hvorugum þeirra ræðumanna, sem talað hafa, og ekki heldur af hálfu frsm. — að hörfa burt frá þessari skoðun sinni, að sú hæsta upphæð, sem komið gæti til mála að heimilt væri að ganga í ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs fyrir að því er snertir lán, sem Framkvæmdabankinn tekur, væri 80 millj. kr. Nú er ætlazt til þess, að það sé hækkað um meira en helming.

Hv. 1. þm. Eyf. taldi það eðlilegt og sjálfsagt, að til væri stofnun eins og Framkvæmdabankinn, sem annaðist lántökur fyrir ríkissjóð, þannig að ríkisstj. sjálf þyrfti ekki að vera að flækjast úti um öll lönd til þess að útvega lán. Það var undarlegt, að hv. þm. skyldi ekki hafa séð þetta fyrr en 1952. En má ég spyrja: Þarf að stofna sérstakan banka á Íslandi, 5. bankann, í því skyni eingöngu að útvega erlend lán? Höfum við ekki Landsbankann? Er það ekki mögulegt, að Landsbankinn taki að sér þetta verkefni fyrir ríkisstj.? Ég man ekki betur en að bankastjóri Landsbankans, Jón Árnason, hafi harðlega mótmælt þessu frv. og talið þessa bankastofnun með öllu óþarfa og fært að því mjög skýr rök, sem aldrei hafa verið hrakin, og það hefur ekki staðið á því, að Landsbankinn vildi taka að sér útveganir slíkra lána f. h. ríkissjóðs.

Hv. þm. sagði, að það kynni að vera, að þetta yrði nú eitthvað dýrara með þessum hætti. Hvers vegna þarf það þá að vera dýrara? Hvers vegna þarf að vera að leggja í slíkan kostnað gersamlega að óþörfu? Rök fyrir því, að með þessu móti sé eitthvað betur séð fyrir lántökunni, hafa alls ekki verið færð fram, nema þetta, hvað Benjamín Eiríksson væri óskaplega fær maður, færari en allir aðrir menn í þessu landi, sem er náttúrlega ekki annað en fullyrðingar og það meira að segja hlægilegar fullyrðingar algerlega út í bláinn. Og ég spyr enn einu sinni: Þarf það virkilega að kosta upp undir 2 millj. kr. að útvega lán upp á 175 millj. kr.?

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það verður nú ekki langt mál, sem ég ætla að segja, en það er dálítið einkennilegt, þegar hv. síðasti ræðumaður var að vitna í Jón Árnason, að hann hefði mótmælt frv. um Framkvæmdabankann á sínum tíma, að hann skuli færa það fram sem sérstök rök í þessu máli. Það hefur ekki verið þannig, þótt margt gott megi segja um Jón Árnason og flest ágætt, að þessi hv. þm. eða hans

flokksbræður hafi talið þá fjármálapólitík, sem sá hv. bankastjóri vill reka, þá réttu. Það er þá fyrst núna, sem það kemur fram, að hann og hans flokksbræður vilja taka til greina það, sem sá mæti maður vill í fjármálum þjóðarinnar.

Hv. ræðumaður endaði með því að spyrja, hvernig stæði á því, að það þyrfti að kosta upp undir 2 millj. kr. að taka 175 millj. kr. lán. Þá er það meira en 1%, því að væri um 1% að ræða, þá er það 1 millj. 750 þús. kr. (Gripið fram í.) Nú, við skulum segja, að það væri tekið 1% lántökugjald, sem gengi til Framkvæmdabankans. Hvað skyldi vera gert við þessa peninga, sem Framkvæmdabankinn fær? Skyldu þeir vera settir í eyðslu, eða skyldi það fara í sjóð bankans og gera bankanum síðar meir mögulegt að inna af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað, að lána til margs konar nauðsynlegra framkvæmda í landinu?

Ég er alveg sannfærður um, að það getur ekki kostað 1% að taka þetta lán. Það kostar ekki ½%. Það mundi sennilega ekki kosta meira en ¼%. Ég tel eigi að síður engan skaða vera fyrir hendi, þótt Framkvæmdabankinn taki 1% lántökugjald, vegna þess að þeir peningar, sem bankinn fær þannig til ráðstöfunar í varasjóð, verða notaðir til hinna gagnlegustu hluta í landinu.

Hv. þm. sagði, að ég hefði haldið því fram áðan, að dr. Benjamín Eiríksson væri einn af hæfustu mönnum landsins til þess að útvega lán og fara með fjármál á þessu sviði. Ég býst við, að ég hafi sagt þetta hér áðan, og ef einhver vafi leikur á því, þá gæti ég til þægðar við þennan ræðumann endurtekið það, og það er vitanlega nauðsynlegt fyrir stofnun eins og Framkvæmdabankann að hafa nýtan fjármálamann í starfi, sem hefur ekki aðeins það hlutverk að útvega lán erlendis, heldur einnig að gera tillögur um það, á hvern hátt sé skynsamlegast að nota það fjármagn, sem bankinn hefur yfir að ráða.

Ég vil spyrja þennan hv. þm., um leið og hann mælir gegn þessu frv. og talar um, að það sé óvarlegt fyrir Alþingi að samþ. svona háa lánsheimild, hvort hann eða hans flokkur sé á móti þeim framkvæmdum, sem ætlað er að hrinda í framkvæmd með því fé, sem á að taka að láni samkv. þessum lögum. Ef þessum hv. þm. vex í augum sú fjárhæð, sem hér er talað um, þá hlýtur hann og hans flokkur að vera á móti þessum fyrirhuguðu framkvæmdum, því að hann veit, að það er ekki til hér í landinu fjármagn til þess að koma þessum framkvæmdum af stað og ljúka þeim nema með lántökum. Hann veit, að sementsverksmiðja af þeirri stærð, sem hér er fyrirhuguð, kostar 70—80 millj. og að það er útilokað, að við getum byggt hana nema taka erlendis 40—50 millj. kr. að láni. Hann veit líka, að við getum ekki uppfyllt þau loforð, sem gefin hafa verið í raforkumálunum, nema taka að einhverju leyti lán erlendis fyrir vélum og efni, eins og tíðkazt hefur áður, þegar ráðizt hefur verið í miklar og fjárfrekar raforkuframkvæmdir hér. Ef hv. þm. er á móti því að gefa ríkisstj. heimild til lántöku á þessari upphæð, þá er hann á móti þessum framkvæmdum, og það er ágætt að fá að heyra það hér í dag, að hv. þm. er á móti sementsverksmiðjunni, að hann er á móti því, að rafmagn komi út um sveitir og byggðir landsins, að hann er á móti því að virkja ýmis fallvötn í landinu. En það er nú ekki þetta, sem ég hef haldið um þennan hv. þm., en það kom svo greinilega fram hér í ræðu hans áðan, að það verður ekki um villzt. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Það var aðallega í tilefni af ræðu hv. 2. landsk., þar sem hann setti svo mjög fyrir sig þessa 1% þóknun, sem hann kvað Framkvæmdabankann taka í sambandi við lántökur, að ég kvaddi mér hljóðs, því að ég legg ekki nokkurn skapaðan hlut upp úr því. 1% þóknun, sem þar að auki rennur til ríkisstofnunar, skiptir alls engu máli í sambandi við 175 millj. kr. lántöku. Það, sem máli skiptir, eru lánskjörin, og það þarf ekki nema brot úr prósentu á ári til langs tíma, að það borgi sig að borga þeim, sem bezt lánskjör býður, góða „provision", hver svo sem það er. Annars er það svoleiðis hjá okkur, að við höfum stofnað þennan banka af því, að við álítum okkur hafa hag af því, af því að við álítum, að hann hafi betri aðstöðu gagnvart erlendum lánveitendum heldur en við höfum haft hingað til. Það er skylda okkar að gera hann sterkan og að ryðja hans braut, og við vitum það, að á erlendum markaði getur hann fengið aðstöðu til að fá miklu ódýrari lán heldur en ríkisstj. getur tekið, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu ýmissa aðila, síns í hvert skipti. Því sterkari sem bankinn verður og fær meira fé til umráða, því vísari eru skilyrðin fyrir því, að hann geti fengið betri lánskjör heldur en aðrir geta útvegað, og það er höfuðatriði málsins. Ég býst við, að enginn dragi í efa, að þeir erlendu peningar, sem á að taka, séu til mjög nauðsynlegra framkvæmda, og er því engin hætta á því að leyfa þessa lántöku af ótta við, að peningunum verði sóað í óþarfa.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég vil aðeins fyrst segja það, að mér finnst furðulegt, að hæstv. viðskmrh. skuli láta annað eins út úr sér og það, að ég sé andvígur því, að tekið sé lán til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, enda þótt ég hefði um það alllangt mál þegar í upphafi, að ég væri samþykkur því, að veitt væri lánsheimild til þessara framkvæmda, og mundi að sjálfsögðu greiða því atkvæði. Ég var aðeins andvígur aðferðinni við töku þessara lána, svo að þessi ummæli hæstv. ráðh. eru blátt áfram furðuleg.

Það, sem var sérstaklega athyglisvert af því, sem ráðh. sagði, var það, að hann svaraði nú loks þeirri fsp. minni, hvort bankinn mundi taka 1% fyrir útvegun slíkra lána, og hann sagði, að hann gerði ráð fyrir því, að þóknunin mundi ekki verða svo há, að hún mundi ekki verða meiri en ½% og kannske talsvert minni. Það er alltaf gott að heyra það, ef svo er. En þá vil ég spyrja: Hvers vegna tekur bankinn þá 1% fyrir að útvega lán til Sogsvirkjunarinnar og það aðeins úr mótvirðissjóði? Hvers vegna þarf það að kosta 1% að færa fé úr einum reikningi yfir á annan? Það var að sjálfsögðu eðlilegt, að ég gerði ráð fyrir því, að það mundi ekki kosta minna að útvega erlend

lán en að færa fé úr einum reikningi yfir á annan, og bankinn hefur tekið 1% fyrir það.

Ég vil aðeins svara því, sem hv. þm. Seyðf. sagði hér áðan. Hann sagði, að það væri vitað, að Framkvæmdabankinn hefði miklu betri aðstöðu en ríkisstj. til þess að taka lán erlendis. Það væri gott að fá þetta skýrt. Ég veit ekki betur en að Framkvæmdabankinn sé ríkisstofnun og að hann hafi ekki annað stofnfé en honum er lagt til af ríkinu. Hvernig stendur þá á því, að þessi banki hefur svona miklu betri aðstöðu? Það væri fróðlegt að fá skýringar á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 603 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 617).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér hefði nú þótt hlýða, að hæstv. fjmrh. hefði látið nokkur orð fylgja þessari breyt. á lögunum um Framkvæmdabankann um að hækka heimildina viðvíkjandi þeim rétti, sem ríkisstj. hefur til þess að taka lán í gegnum hann, úr 80 millj. upp í 175 millj. Það hefði ekki verið óviðkunnanlegt, þó að okkur hefði verið gerð nokkur grein fyrir, af hverju Framkvæmdabankanum sérstaklega er falið að annast þetta og hvaða sérstakar ástæður eru til þess, að það sé álitið, að hann hafi betri möguleika á því heldur en ríkisstj. sjálf beint, en ég þarf nú ekki að svo komnu máli að fara að ræða það sérstaklega. Það getur nú verið, að hæstv. fjmrh. sjái ástæðu til þess að skýra okkur nokkru nánar frá þessu síðar.

En það er eitt atriði, sem ég vildi gera að umræðuefni í sambandi við þær lánsútveganir, sem Framkvæmdabankinn hefur með að gera, og það er, hvað bankinn komi til með að taka fyrir þetta, og ég vildi leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj., hvað hugmyndin sé að greiða Framkvæmdabankanum fyrir sitt starf við svona lánsútveganir. Ég spyr að þessu vegna þess, að nýlega höfðum við þá reynslu í sambandi við eitt fyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurbæjar, þ. e. Sogsvirkjunina, að Framkvæmdabankinn tók fyrir að annast lán og líka í sambandi við að annast framlengingu á láni 1% í lántökugjald, og hafði satt að segja ekki verið búizt við því, að það væri meiningin af hálfu ríkisins að skattleggja þannig opinber fyrirtæki að heimta slíkt lántökugjald af þeim, eins og tekið er, þegar útvegaðir eru máske smávixlar eða settir „remboursar“ eða eitthvað annað slíkt. Í reikningum Sogsvirkjunarinnar er gerð grein fyrir þessu. Það er út af því, að það eina, sem raunverulega fór þar fram úr áætlun, voru vextirnir, og þegar búið er að ræða um þá, þá segir: „Að öðru leyti er hér um að ræða lántökugjald til Framkvæmdabankans, 650 þús. kr., sem ekki var fyrirsjáanlegt, þegar áætlunin var gerð.“ Þessar 650 þús. kr. eru 1% lántökugjald, sem Framkvæmdabankinn tekur fyrir sumpart að framlengja, sumpart að útvega lán hér innanlands til Sogsvirkjunarinnar. Ég verð að segja það, að þó að Framkvæmdabankinn hafi í ákveðinni lagagrein heimild til þess að taka allt að 1% lántökugjald, þá hef ég ekki skilið það svo, að það ætti að taka þetta almennt af opinberum fyrirtækjum. Það kunna kannske einhverjir að segja, að þetta muni ekki sérstaklega miklu, þegar um sé að ræða kannske lántöku upp á 60—70 millj., en það munar um þetta fé, og það þykir a. m. k. muna um það, þegar menn eiga í deilu t. d. við verkamenn. 650 þús. kr. fyrir þetta litla handtak, sem Framkvæmdabankinn þarna gerir, samsvarar vinnu upp undir það hundrað verkamanna í tvo mánuði, og ég get nú varla betur séð en að eitt einasta svona lántökugjald hljóti að fara alllangt með að borga allan árlegan kostnað Framkvæmdabankans. En hins vegar finnst mér það ekki — eins og ég hef minnzt á áður — neitt sérstaklega skynsamlegt af ríkinu að fara að gera það að mikilli uppistöðu í tekjuöflun að skattleggja sjálft sig, þannig að ég get ekki heldur séð, að það sé rétt frá því sjónarmiði, að þau opinberu fyrirtæki taki svona gífurleg lántökugjöld af því opinbera. Ég þykist að vísu vita, að ef það er ríkisstj. ein, sem í hlut á, þá leyfi Framkvæmdabankinn sér ekki svona okur í sambandi við lántökugjald, en ég vil taka það fram, að þó að ríkið sé að taka lán til sementsverksmiðju eða ríkið og Reykjavíkurbær taki lán til Sogsvirkjunar, þá er þar enginn gífurlegur munur á, a. m. k. finnst mér ekki, að Reykjavíkurbær eigi alveg sérstaklega að gjalda þess, þó að hann sé með ríkinu í slíku fyrirtæki.

Ég vildi þess vegna í fyrsta lagi biðja hæstv. ríkisstj. um að segja okkur, hvað hún hefur hugsað sér viðvíkjandi því, hvaða lántökugjald Framkvæmdabankinn taki fyrir útvegun á því láni, sem hér liggur fyrir. Svo vildi ég í öðru lagi gjarnan heyra skoðun hæstvirtra ráðh. um það, hvort þeim finnst það rétt, að Framkvæmdabankinn taki svona gífurleg lántökugjöld af opinberum fyrirtækjum. Ég álít, að það hafi ekki verið tilgangurinn, þegar lögin um Framkvæmdabankann voru samþ., að þessi lagagr. væri hagnýtt svona, og ég álít, að það geti bókstaflega ekki gengið. Ég held, að það verði frekar að halda aftur af bönkunum í okkar landi með, hvað þeir leyfa sér í þessu, heldur en að uppörva þá til þess. Mér þætti þess vegna mjög vænt um að heyra skoðun hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi þessu og enn þá frekar, ef hún vildi eitthvað gera í því, að svona freklega yrði ekki farið í sakirnar framvegis.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka til máls í sambandi við þetta frv., en vegna þess að hv. 2. þm. Reykv. gerði það hér dálítið að umtalsefni og varpaði spurningu fram til ríkisstj., en hæstv. fjmrh. er ekki við, þá skal ég gjarnan segja hér nokkur orð.

Í sambandi við lántökugjaldið, sem virðist vera aðalþyrnirinn í augum hv. 2. þm. Reykv., er það að segja, að samkvæmt lögum um Framkvæmdabankann getur lántökugjaldið aldrei farið yfir 1%, — það getur aldrei orðið meira en 1%, en það getur vitanlega orðið miklu minna, — og í sambandi við þær lántökur, sem ætlazt er til að Framkvæmdabankinn inni af höndum nú, þá get ég upplýst, að það er ekki ákveðið, að Framkvæmdabankinn taki 1%. Það getur alveg eins orðið ½% eða ¼% eftir því, sem ákveðið verður. Það er þess vegna ekki nein hætta hér á ferðinni, þar sem hv. þingmaður og allir hv. þm. vita, að það verður ekki hærra en 1%.

Nú skulum við hugsa okkur það, að Framkvæmdabankinn færi í þessu tilfelli í hámark og tæki 1% lántökugjald. En hvað skeður þá? Það má vitanlega um það deila, hvort það sé réttmætt. Hitt vitum við allir, að sá sjóður, sem Framkvæmdabankinn kann að skapa sér, hvort sem það er með lántökugjaldi eða með vaxtamismun eða af öðrum tekjum, sem bankanum kann að hlotnast, verður eingöngu notaður til nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Það er ákaflega mikill munur að geta verið alveg viss um það, að sá sjóður, sem Framkvæmdabankinn kann að eignast, verður aldrei notaður til annars en nauðsynlegra framkvæmda í landinu, og það er ákaflega þýðingarmikið atriði og þess vegna því minni ástæða til þess að vera hræddur eða óttast nokkuð, jafnvel þótt bankinn færi í hámark með lántökugjaldið.

Um það atriði, hvort heppilegra sé, að Framkvæmdabankinn annist lántökuna heldur en ríkisstj. eins og áður, vil ég segja það, að ég tel það heppilegra, að þetta sé sameinað á eina hönd og að það sé einn og sami aðili, sem annist lántökur, heldur en með því fyrirkomulagi, sem áður var, og ég vil einnig segja, að það er miklu líklegra, að lánin fáist með hagstæðum kjörum með því fyrirkomulagi, sem nú er haft, heldur en því, sem áður var, og þess vegna hefur Framkvæmdabankanum verið falið að annast þetta.

Hæstv. fjmrh. er nú kominn hér inn í d. og getur gefið upplýsingar um það, hvers vegna er farið fram á, að lánsheimildin sé hækkuð, en úr því að ég er kominn upp í ræðustólinn, þá get ég einnig gert það með fáeinum orðum.

Satt að segja hélt ég, að flestum hv. þm. væri ljóst, til hvers þessi lántökuheimild er hækkuð, hvað á að gera við þetta fé, þegar það er fengið. Það á að nota það til þess að byggja sementsverksmiðjuna, 40—50 millj., og það á að nota það til þeirra raforkuframkvæmda, sem ætlað er að hrinda í framkvæmd nú á næstunni. Það er þess vegna ekki hér verið að fara fram á lántökuheimild til þess að nota síðar sem eyðslufé, og það er vitanlega allur munurinn, og það er þess vegna, að hv. alþm. greiða atkv. með því, að þessi heimild verði hækkuð.

Ég ætla, að þetta þarfnist ekki fleiri skýringa, og mér þætti ekkert óeðlilegt, þótt hv. 2. þm. Reykv. eða einhverjir fleiri segðu: Er þetta nóg? Þarf ekki meira lánsfé? Þarf ekki ríkisstj. hærri lánsheimild en hér er farið fram á til þess að koma í framkvæmd þeim miklu málum, sem eru enn óleyst, virkjunum víðs vegar um landið, t. d. Sogsvirkjuninni, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi hér ekki áðan, en hefur stundum haft áhuga fyrir? Þess vegna hefði ekkert verið óeðlilegt, að hann hefði spurt sem svo: Er þetta nóg? — Og það getur vel verið, að hv. þm. komist að raun um það í meðferð þessa máls og fái reyndar að sjá framan í það, að þetta — 175 millj. — er ekki nóg, ef við eigum að koma í framkvæmd því, sem við þurfum nauðsynlega að koma af stað nú mjög fljótlega, t. d. Sogsvirkjuninni, til viðbótar því, sem áður hefur verið nefnt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég bið afsökunar á því, að ég var ekki hér til þess að mæla fyrir frv., en ástæðan var sú, að ég varð að hafa framsögu fyrir tekjuskattsmálinu í Ed., rétt þegar málið kom á dagskrá.

Það er sagt frá því í grg. málsins, hvernig á því stendur, að þessi breyting á framkvæmdabankalögunum er nauðsynleg: að hækka lánsheimildina. Það er vegna þess, að búið er að nota 27 millj. af þeirri heimild, sem fyrir er; hún var notuð fyrir landbúnaðarláninu og tveimur öðrum litlum lánum. Þá stendur til, að Framkvæmdabankinn verði milliaðili við lántökuna til sementsverksmiðjunnar og einnig til rafmagnsframkvæmdanna, og loks þarf bankinn endilega að hafa heimild þar umfram, eins og upphaflega var til ætlazt, sem ekki er fyrir fram alveg ráðstafað, til þess að hann geti unnið að fleiri málum, sem fyrir kunna að koma. — Ég vil taka það fram nú, að ég ætlaði mér einmitt að hafa tal af hv. fjhn., þegar hún væri að vinna að málinu, og fara fram á það við hana, að hún tæki upp þá till. að hækka lánsheimildina enn úr 175 millj. upp í 225 millj., þ. e. um 50 millj. frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Það er nauðsynlegt að gera þetta. Það gæti farið svo, að við tækjum meira lán til sementsverksmiðjunnar en við höfum áætlað, og er nauðsynlegt að hafa þetta nokkru rýmra en gert er ráð fyrir í frv.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þær skýringar, sem þeir hafa gefið, og þau svör, sem þeir hafa veitt.

Hæstv. viðskmrh. talaði um, að við mættum nú ekki kvarta yfir því, jafnvel þó að það yrði nú upp í 1%, sem Framkvæmdabankinn tæki af lánum, þetta rynni nú allt í svo góðan sjóð, að það sæti ekki á okkur að vera neitt að harma það. En mér liggur nú við að spyrja hæstvirta ráðh.: Hefur þeim aldrei veitzt neitt erfiðlega að ná neinu úr þessum sjóðum aftur? Það er nú eins og mig hálfminni, að það hafi verið gefin sú skýring nýlega, þegar þeir voru að semja við Landsbankann, og það meira að segja af hæstv. forsrh., að það gengi nú eitthvað dálítið erfiðlega að ná úr þeim ágæta sjóði aftur. Ekki efumst við um það, að þegar t. d. Landsbankinn eða aðrir bankar taka tiltölulega mjög háa vexti

af því, sem ríkið tekur þar að láni, sem ég hef nú stundum átalið hér í þinginu og jafnvel sumir ráðh. tekið undir við mig, þá hefur það virkilega allt saman runnið í mjög góðan sjóð, en svo þegar sjóðurinn er orðinn til og jafnvel þegar hann er orðinn það mikill, að það er í honum bara í peningum fyrir utan eignir 200 millj. kr. og þar yfir, þá gengur hálfertiðlega meira að segja fyrir hæstv. ríkisstj. að ná þessu út úr sjóðnum aftur. Ég verð þess vegna að segja, þó að ég sé ekkert sérstaklega að berjast fyrir ríkissjóði, að ég get alveg eins hugsað mér peningana jafnvel geymda meira að segja hjá Eysteini eins og í bönkunum, þannig að ég held, að það sé ósköp vel hægt að hugsa sér, að ríkið spari sér stundum svona lántökugjöld eða vexti og eigi peningana sjálft og þurfi þá ekki að spyrja neinn aðila og því síður að standa í löngum samningum við hina og þessa ríkisbanka um að útvega fé. Ég vil bara minna á, að það eru 10 millj. kr. á ári, sem sjálfur ríkissjóður og hans fyrirtæki ýmis greiða í vexti til bankanna, og yfirleitt eru þessir vextir mjög háir. Ég held, að það gerði ekkert til, þó að vextirnir yfirleitt, sem ríkið og ríkisstofnanir greiða til bankanna, væru lækkaðir stórkostlega á Íslandi, og ég held, að það tíðkist í hverju einasta landi, sem sjálft hefur ríkisbanka, að ríki og ríkisstofnanir hafi lægri vexti en aðrir. Þessu vildi ég aðeins skjóta fram vegna þess, sem hæstv. viðskmrh. sagði. En að svo miklu leyti sem hæstv. ríkisstj. vill endilega fá að greiða há gjöld og háa vexti til bankanna, þá hún um það, en ég vil leyfa mér sem þm. Reykv. að mótmæla því, að þetta sé endilega látið koma niður á fyrirtæki, sem Reykjavíkurbær á í. Þó að ríkið vilji greiða 1% lántökugjald að sínu leyti af lánum til Sogsvirkjunarinnar, þá mundi ég vilja, að Reykjavíkurbær að sínu leyti slyppi með að hafa það ¼% eða lægra. Það vildi ég nú aðeins segja í þessu sambandi.

Hæstv. fjmrh. gaf þær upplýsingar — og báðir ráðh. raunar — að það væri, eins og stendur í grg., sérstaklega sementsverksmiðjan, sem þarna væri verið að hugsa um. Nú munum við það allir, að í lögunum um Framkvæmdabankann er alveg sérstaklega rætt um það, að Framkvæmdabankinn skuli beina sínum lánum til einkaaðila, og honum er það mikið uppálagt að stuðla að slíku. Ég hef áður komið fram með nokkrar fyrirspurnir og gengið hálfógreiðlega að fá svör viðvíkjandi sementsverksmiðjunni, og það seinasta, sem við þm. heyrðum frá hæstv. ríkisstj., var, að það væri þá nokkur snurða á þræðinum. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hefur nokkuð breytzt með snurðuna? Ég gat þess til þá og hafði ástæðu til að ætla, að það væri rétt, að þeir amerísku bankar, sem við hefði verið átt með þetta, og þá sérstaklega Alþjóðabankinn, hefðu sett það að skilyrði fyrir að veita þetta lán til sementsverksmiðjunnar, að það lán yrði veitt til sementsverksmiðju, sem væri eign einkaaðila, en ekki eign ríkisins. Mér skildist á hæstv. fjmrh. þá, að ríkisstj. hefði, aldrei þessu vant, staðið sig sérstaklega vel í baráttunni við Ameríkanana um þetta og þverneitað að ganga inn á þessi skilyrði. Ég vil nú spyrja, þegar hér er nú komið fram að veita Framkvæmdabankanum heimildina til að ganga í gegnum þessi viðskipti: Hafa menn einhverja von um, að Framkvæmdabankanum takist að liðka Ameríkanana, þannig að þeir láti nú undan því, sem ríkisstj. vill í þessu efni? Eða er ef til vill meiningin að láta undan og breyta þarna að einhverju leyti til og fara að stíga sömu sporin og í áburðarverksmiðjumálinu? Svo framarlega að minnsta kosti, af því að nú er komið undir þinglok, sem nokkrar breytingar hefðu á orðið viðvíkjandi útlitinu með lánin til sementsverksmiðjunnar, þá held ég, að það væri mjög æskilegt, að við fengjum upplýsingar um þetta.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. minntist á um Sogsvirkjunina og að það þyrfti peninga til hennar og var að undra sig yfir, að ég hefði nú ekki verið að minnast neitt á það, þá minntist ég nú á það og var með fsp. um það á síðasta þingfundi, þó að ég fengi ekki svör við því þá. Sjálfur hef ég lagt fram tvö frv. hér um lántöku til Sogsvirkjunarinnar, heimild til ríkisstj. og heimild til Sogsvirkjunarinnar, og ég vildi einmitt að gefnu tilefni leyfa mér að vona, að annaðhvort yrðu þau frv. mín nú samþ. og kæmu bráðlega úr n. eða þá að hæstv. ríkisstj. færi sjálf að leggja fram eitthvað viðvíkjandi lánsheimild til þriðju virkjunar Sogsins, því að það fer hver að verða síðastur, þar sem þinginu verður nú bráðum vafalaust slitið.

Mér þætti svo vænt um, að fjhn., sem vafalaust fær þetta mál, athugaði vel um þessi ákvæði viðvíkjandi lántökugjaldinu til opinberra stofnana. Ég held, að það sé óviðfelldið, jafnvel þótt um góðan sjóð væri að ræða, að skattleggja ríkið sjálft eins hátt og þar er gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 617, n. 710).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft þetta mál til meðferðar og skilað nál. á þskj. 709, þar sem gerð er grein fyrir því, að um leið og n. er sammála um að mæla með samþykkt frv., gerir hún þó till. um eina breyt., og það er að hækka heimildina varðandi heildarupphæð þá, sem erlend lán Framkvæmdabankans mega nema með ríkisábyrgð, úr 175 millj. kr., eins og það var upphaflega í frv., upp í 225 millj. Hér er um að ræða breyt. á 9. gr. l. um Framkvæmdabankann, en þar segir, að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans með þeim skilmálum, er hann samþykkir. Þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari gr., ekki vera hærri en 80 millj. kr. á hverjum tíma. Í frv. var gert ráð fyrir að breyta þessari upphæð úr 80 millj. í 175 millj., en það er í samráði við hæstv. ríkisstj., sem fjhn. leggur nú til, að þetta hækki enn upp í 225 millj. kr., og er

gerð nokkur grein fyrir því í nál. Það, að frv. var upphaflega flutt til þess að hækka þessa umtöluðu heimild upp í 175 millj. kr., byggðist á ráðagerðum um lántökur á vegum Framkvæmdabankans bæði í sambandi við raforkuframkvæmdir og fyrirhugaða sementsverksmiðju, og meðan málið hefur verið í meðferð, þá eru uppi ráðagerðir um það, að ef svo til tækist, þá mundi verða freistað að fá hærri erlend lán en upphaflega var ráðgert, og það byggist eingöngu á því, að þessi brtt. fjhn. er flutt. Með því mundu rúmast innan þessarar heimildar þær bollaleggingar, sem uppi eru um lántökur vegna hinnar fyrirhuguðu sementsverksmiðju og raforkuframkvæmdanna, og þar fyrir utan verður skilin eftir nokkur heimild til bankans, sem óráðstafað eða ótiltekin er, eins og upphaflega var nú gert, þegar hámarksupphæðin í 9. gr. laganna um Framkvæmdabankann var sett.

Ég tel ekki ástæðu til að svo komnu að gera nánari grein fyrir þessu en þegar er orðið. N. leggur sem sagt til, að frv. sé samþ. með þessari breytingu.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til þessarar hv. d., var það um að hækka heimild Framkvæmdabankans í 9. gr. laganna til að taka lán með ábyrgð ríkissjóðs úr 80 millj. upp í 175 millj. Þá var í grg. frv. sagt, eins og það lá fyrir upphaflega, að þetta væri gert í fyrsta lagi vegna fyrirhugaðrar sementsverksmiðju, að yfirfæra þá lánsheimild yfir á Framkvæmdabankann, í öðru lagi vegna erlendra lána til raforkuframkvæmda, sem ráðizt er í samkvæmt áætlun ríkisstj., og í þriðja lagi, eins og segir í aths., með leyfi hæstv. forseta: „Auk þess verður svo á hverjum tíma að vera fyrir hendi hæfileg ábyrgðarheimild í 9. gr. l. um Framkvæmdabankann, til þess að bankanum sé unnt að gegna hlutverki sínu lögum samkvæmt.“

Með öðrum orðum: Allar þessar þrjár röksemdir, sem hv. frsm. fjhn. hér færir fram fyrir því að hækka nú úr 175 millj. upp í 225 millj., voru fyrir hendi og voru settar fram í grg. fyrir lagafrv., eins og það lá upphaflega fyrir, um hækkunina úr 80 millj. upp í 175 millj., þannig að um tvennt er þá að ræða: annaðhvort hefur verið reiknað mjög skakkt upphaflega, þegar þetta hefur verið lagt fyrir, eða þá að það er farið hér fram á að hafa heimildina allmiklu rýmri en áður var hugsað. Það hefði nú ekki verið neitt að því, þó að það hefði verið sagt enn þá nákvæmar, því að það að fara fram á svona heimild, að hækka það um 50 millj. kr. fram yfir það, sem er til sementsverksmiðjunnar og raforkuframkvæmdanna, og það, sem á að vera afgangs handa Framkvæmdabankanum þar að auki, er þó nokkur upphæð.

Ég vil segja það, að það er þó nokkur hætta fólgin í þessum sífelldu hækkunum á lánsheimildum og lántökum, svo framarlega sem ekki er á sama tíma hugsað fyrir aukningu þess atvinnuvegar, sem á að standa undir öllum þessum lánum sjávarútvegsins. Ég er fyrir mitt leyti yfirleitt ekki sérstaklega hræddur við lán og ekki heldur við erlend lán, svo framarlega sem ég sé, að samtímis því eða þá þessum lánum að meira eða minna leyti sé varið til þess að efla þann atvinnuveg okkar, sem stendur undir öllum okkar útlendu lánum og stendur yfirleitt undir allri okkar lífsafkomu; ég á við sjávarútveginn. Og ég vil segja það, að ég álít það beinlínis hættulega stefnu, sem verið er að framkvæma, þegar lagt er í eins nytsöm, nauðsynleg og sjálfsögð fyrirtæki og ný raforkuver, sementsverksmiðju og annað slíkt og ekki er samtímis lagt í það að auka okkar togaraflota. Ég álít það hættulega stefnu. Hér fyrir hv. d. liggur frv. frá nokkrum þm. Sósfl. um kaup á togurum til landsins og lánsheimild í því sambandi. Því hefur ekki verið sinnt. Og nú hefur í 5 ár ekki verið keyptur einn einasti nýr togari til Íslands. Ég veit að vísu, að menn munu máske segja sumir: Ja, til hvers að kaupa togara? Er ekki verið að leggja þeim, sem fyrir eru? — Það er mál út af fyrir sig, hvers konar óstjórn kann að vera á þjóðarbúskapnum um það, að togurunum sé lagt, en það vil ég segja, að það þýðir a. m. k. ekki að hugsa um raforkuframkvæmdir, sementsverksmiðju, lántökur og afborganir af lánum, svo framarlega sem togararnir eiga að liggja til frambúðar.

Ég held þess vegna og vil aðeins vekja athygli á því, að þessir hlutir þurfi að fylgjast að. Það þarf að halda áfram að efla okkar sjávarútveg um leið, og síðan séu gerðar og samtímis ráðstafanir til þess að tryggja, að hann gangi, um leið og ráðizt er í þessa stóru hluti, sem verið er að ráðast í hér innanlands. Ég vil minna á, eins og ég benti á í sambandi við raforkuáætlun ríkisstj., að það gæti einn togari framleitt þann útlenda gjaldeyri, sem þyrfti til þess að framkvæma það „plan“ á næstu 10 árum. Einn togari, ef hans afköst eru hagnýtt til fulls, getur framleitt fyrir 12 millj. kr. á ári, eða 120 millj. kr. á 10 árum, sem er hér um bil sá gjaldeyrir, sem þarf í raforkuver, sem kosta 250 millj., og á ég þá við, að togarinn framleiði fisk, sem unnið er úr hér innanlands og sé þetta að verðmæti.

Ég vil líka minna á, að sú fyrirhugaða sementsverksmiðja, sem nú mun eiga að kosta 96 millj. kr., á að framleiða sement, 50 þús. tonn á ári, skulum við segja, — annars veit ég það nú ekki alveg nákvæmlega, — en 50 þús. tonn á ári þurfum við a. m. k. inn núna, og þau 50 þús. tonn á ári kosta núna í útlendum gjaldeyri fritt um borð í erlendri höfn um 11 millj. kr. á ári, eða það sama sem einn togari getur framleitt á ári. Ég vil minna á þetta vegna þess, að mönnum hættir svo oft við að gleyma því, að afkastamestu tækin, sem við höfum til framleiðslu á gjaldeyri, eru okkar togarar og samtímis því sem við erum að auka og efla og byggja upp okkar atvinnulíf innanlands, þá þurfum við að efla þessi afkastamestu tæki, sem eiga að standa undir því. Þetta vildi ég nú aðeins minna á, um leið og farið er fram á aukin lán, og út af fyrir sig er ég ekkert sérstaklega á móti þeim, en vænt þætti mér að heyra samt frá hæstv. ríkisstj., hvort hún hefur sjálf engar áhyggjur út af því, að sjávarútvegurinn aukist ekki og gangi ekki að sama skapi eins vel og verksmiðjan hér í þinginu að framleiða lánsheimildirnar til þess að taka ný útlend lán.

Þá vildi ég minnast á hitt, sem ég hef raunar minnzt hér á áður, en ekki fengið upplýsingar

um. Er nokkur breyting að verða viðvíkjandi lántöku til sementsverksmiðju? Þýðir það, að Framkvæmdabankinn á nú að annast þetta, að það er í undirbúningi að gera sementsverksmiðjuna eign einkaaðila? Við vitum nú, að Framkvæmdabankinn á sérstaklega að hlynna að einkaaðilunum, og það er þess vegna máske enn þá þægilegra, þegar hann á að fara að annast lánin, að hann geti sett slík skilyrði. Ég býst ekki við að fá neitt svar við því, því að það er náttúrlega með það eins og með áburðarverksmiðjuna, — slíka hluti gerir maður, slíka hluti segir maður ekki, mundi hæstv. ríkisstj. segja, en þegar kæmi að skuldadögunum að „nappa“ sementsverksmiðjunni á sama hátt og áburðarverksmiðjunni, þá verður það gert og ekki talað mikið um það áður.

Svo — og það er nú sú hliðin, sem snýr að því að reyna að varðveita hagsmuni hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál — er í fyrsta lagi viðvíkjandi vöxtunum. Það var nú stundum hér fyrr á tímum á Alþ., þegar það gekk ekki alveg svona eins og í gegnum verksmiðju að framleiða lánsheimildir handa ríkisstj., að það var spurt um, hvaða vextir mundu vera, og það var jafnvel ákveðið í lánsheimildum til hæstv. ríkisstj., hvaða vextir skyldu vera, jafnvel stundum minnzt á, á hvað mörgum árum lánið skyldi greiðast, og það er nú ekkert undarlegt, þó að við spyrjum að því: Hefur hæstv. ríkisstj. hugmynd um, ef Framkvæmdabankinn á að annast þetta, hvaða vextir verði af þeim lánum, sem hann kemur til með að útvega? Ég vil vekja athygli á því, að það fara að verða allþungar vaxtabyrðarnar, sem hvíla á okkur Íslendingum með þeim lántökum, sem nú er stofnað til.

Svo er það að síðustu eitt, sem ég hef raunar minnzt á áður og ég nú ætla að leyfa mér að flytja till. um. Það er viðvíkjandi lántökugjaldinu. Í þeirri 9. gr., sem hér er rætt um breyt. á, er ákveðið, að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs erlend lán og þau megi sem sé ekki vera — segir þar í gr. — meira en 80 millj. kr., sem nú átti að hækka upp í 225 millj. Síðan segir í 11. gr., að Framkvæmdabankinn skuli, ef fjmrh. óskar þess, annast f. h. ríkissjóðs innheimtu vaxta og afborgana og annað slíkt, og þá er það tekið fram, að ríkissjóður skuli greiða bankanum hæfilega þóknun. Hins vegar er ekki sérstaklega minnzt á, hvað hann greiðir honum fyrir útvegun á lánum ríkinu til handa. Hins vegar stendur í 12. gr., þar sem talað er um, að bankinn starfi á almennum viðskiptagrundvelli: „Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð.“ Nú hef ég að vísu aldrei skilið, að svona hátt lántökugjald mundi Framkvæmdabankinn heimta af ríkissjóði í sambandi við útvegun erlendra lána, og ég á bágt með að gera mér í hugarlund, að það verði yfirleitt hærra gjald en kannske ¼% eða svo, en þætti samt vænt um að heyra það frá hæstv. ríkisstj. En svo framarlega sem ríkið sjálft fær að sleppa með lántökugjald, sem væri t. d. ekki meira en ¼%, og það finnst mér sjálfsagt, þá álít ég, að aðrar stofnanir ríkis og bæja eigi ekki heldur að greiða meira lántökugjald en þetta, og ég vil leyfa mér að flytja brtt. við þessi l., svo hljóðandi, að á eftir 1. gr. þessa frv. komi ný gr., svo hljóðandi: „Við 2. málsgr. 12. gr. l. bætist: Þó skulu stofnanir ríkis og bæja aldrei greiða hærra lántökugjald en ¼%.“ M. ö. o.: Við þetta frv., sem hér er til umr. og er aðeins tvær gr., bætist ný gr., sem geri þá breyt. á 12. gr. l. um Framkvæmdabankann, að síðari málsgr. þar verði í heild orðuð sem nú skal greina: „Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð. Þó skulu stofnanir ríkis og bæja aldrei greiða hærra lántökugjald en ¼%.“

Það liggur nú fyrir þessari hv. d. frv. um að heimila stjórn Sogsvirkjunarinnar að taka lán að upphæð allt að 100 millj. kr. Svo framarlega t. d. sem eitthvað slíkt væri nú gert í gegnum Framkvæmdabankann, þá mundi það þýða, ef Framkvæmdabankinn hefði sama hátt á eins og hann hefur haft hingað til gagnvart Sogsvirkjuninni, að hann mundi taka 1 millj. kr. fyrir að útvega þetta lán, bara sem lántökugjald. Hann tók nýlega, eins og ég las hér upp við 1. umr. þessa máls, 690 þús. kr., þ. e. 1%, fyrir lánsútvegun til Sogsvirkjunarinnar, og Sogsvirkjunin er, eins og menn vita, sameign ríkisins og Reykjavíkurbæjar. Ég álít það ófært, að opinber fyrirtæki séu látin greiða til ríkisbanka svona hátt lántökugjald. Það er nóg að stynja undir þeim vöxtum, sem þangað þarf að greiða, þó að það sé ekki þar að auki verið að greiða slíkt lántökugjald sem þarna er farið fram á. Það hefur verið sagt, að þetta rynni í góðan sjóð. Ég vil nú segja, að að svo miklu leyti sem svona lántökugjald rynni til ríkisins og Reykjavíkurbæjar eða t. d. í þessu tilfelli til Sogsvirkjunarinnar að einhverju leyti, þá væri það ekki síður gott. Það eru fleiri góðir sjóðir til heldur en sjóðir bankanna hérna. Ég býst við, að bæði ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur og Sogsvirkjunin mundu öll saman vinna fljótar og betur fyrir það, sem fer í þeirra sjóð, heldur en hvað það gengur að ná út úr bönkunum því, sem þar fer inn. Og ég verð að segja það, að svo framarlega sem það á að fara að taka þann hátt upp, að ríkisfyrirtæki eigi að reka svona vægðarlausa auðsöfnunarpólitík, að þau eigi að heimta inn af hvað smáu sem er, hví í ósköpunum á þá að fara að undanskilja ríkissjóð sjálfan? Við vorum hér áðan að ræða um aukatekjur ríkissjóðs, og þar virtust menn vilja fara að hækka heilmikið gjöld þau, sem eru á almenningi, ef einn vélstjóri þarf að fá skírteini eða annað slíkt. En ég vil spyrja: Ríkissjóður ábyrgist fyrir Framkvæmdabankann eins og aðra banka öll þau lán, sem hann tekur. Fer ekki hæstv. ríkisstj. að detta í hug að fara fram á að taka þá eitthvert ábyrgðargjald af þessum bönkum fyrir að ábyrgjast fyrir þá hvern milljónatuginn á fætur öðrum? Ef hæstv. fjmrh. væri hérna inni, þá mundi ég nú benda honum á, af því að hann er nú alls staðar að leita eftir að hækka öll gjöld, að það væri þá kannske ekki alveg ófært að taka smágjald af því, sem ríkissjóður lætur þessum bönkum í té. Ríkið lætur ábyrgð í té til þessara banka. Hví ekki að taka 1% ábyrgðargjald af Framkvæmdabankanum, ef hann ætlar að taka 1% í lántökugjald af ríkinu? Þá fara að jafnast metin. Ég vil líka minna á, að ríkissjóður lætur

Landsbankann hafa 280 millj. kr. í seðlum til þess að borga út hér á Íslandi og lána. Það væri hægt að fara að taka gjald af þessum seðlum og ná þar með peningum í ríkissjóðinn. Ég verð að segja það, ef svona vægðarlaus auðsöfnunarpólitík á að vera góð og gild, þegar ríkisbankarnir eru annars vegar, og ef hún þykir góð og gild, þegar ríkissjóður er að eiga í viðskiptum við almenning, við þann almenna borgara, hví í ósköpunum getur hún þá ekki verið góð og gild, ef ríkissjóður er að fást við bankana sjálfa? Þessu vildi ég nú aðeins skjóta fram, því að ég held, að það megi halda áfram að auka þannig gjöldin og þyngja þannig álögurnar, að að síðustu bresti þetta, ekki sízt ef ekki er betur hugsað um grundvöllinn, sjávarútveginn, heldur en nú er gert.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt. minni, af því að hún er bæði of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 737) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Ég skal aðeins bæta fáu við það, sem ég sagði áðan, en sennilega hef ég ekki verið nógu skýr í máli, því að mér skildist, að hv. 2. þm. Reykv. vildi mega draga þá ályktun af orðum mínum, að sú almenna lánsheimild, sem Framkvæmdabankanum var ætluð fyrir utan lánsheimildirnar til sementsverksmiðju og raforkuframkvæmda, mundi vera eitthvað verulega mikið hækkuð með þessari hækkun, sem hér er gerð úr 175 millj. upp í 225 millj. En því er ekki þannig varið. Það eru nú ráðagerðir um það innan ríkisstj. að fá hækkaðar lántökur til bæði sementsverksmiðjunnar fyrirhuguðu og raforkuframkvæmdanna, eða það verður a. m. k. freistað þess að fá meiri lán en ráðgert var, þegar frv. var flutt, og varðandi hina almennu heimild, sem Framkvæmdabankanum sjálfum er ætluð, er hér ekki um neina breytingu að ræða.

Varðandi till. hv. þm. um lántökugjaldið, þá er það nú svo, að það má vera allt að 1%. Það þýðir ekki, að það skuli vera 1%, og út af fyrir sig sé ég nú litla ástæðu til þess, að það séu sett ákvæði um, að það skuli vera fjórðungi lægra, þegar ríkisfyrirtæki og bæjarfyrirtæki eiga í hlut heldur en einstaklingar eða félög, sem kynnu að fá lán hjá bankanum. En hv. 2. þm. Reykv. ofbýður, hvað gjaldið er hátt, og taldi þar sérstaklega fram háar greiðslur vegna lántökugjalds til Sogsins. Ég held nú, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé ekki öll sagan sögð með því, sem Sogsvirkjunin greiddi í lántökugjald til Framkvæmdabankans. Ég man ekki betur en að í sambandi við útreikning á vaxtagreiðslum Sogsvirkjunarinnar til Framkvæmdabankans hafi verið tekið tillit til umkvartana um hið háa lántökugjald, þannig að það í raun og veru hafi verið lækkað og orðið samkomulag um annan vaxtaútreikning en áður var búið að gera ráð fyrir, þannig að greiðslurnar yrðu raunverulega minni en lántökugjaldið sjálft er uppfært og hv. þm. vitnaði til. Eins og ákvæðið er í lögunum, þá er það á mati bankastjórnarinnar á hverjum tíma, hvað hún vill hafa lántökugjaldið hátt. Mér finnst nokkuð broslegar þessar orðræður um hina gífurlegu auðsöfnun, því að þetta lántökugjald rennur þá í þann sjóð, sem síðar er verið að lána til þess að auka framkvæmdir og atvinnustarfsemi í landinu, eins og tilgangur bankans er. Eflist sjóður bankans fyrir þetta og þau fyrirtæki, sem hann lánar, séu megnug að greiða slíkt lántökugjald, þá verður hann þeim mun færari til þess að veita öðrum lið og annars staðar á landinu til þess að koma upp nýjum atvinnutækjum og atvinnustarfsemi. — Það er svo ekki meira, sem ég þarf við þetta að bæta, en vildi hafa sagt þetta til frekari skýringar á fyrri greinargerð minni.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði um, að ekki væri hækkað það almenna lán til Framkvæmdabankans, heldur ætti nú að leita hærra láns viðvíkjandi sementsverksmiðjunni og því, þá tek ég það náttúrlega alveg gott og gilt.

Viðvíkjandi hinu spursmálinu, um lántökugjaldið, þá upplýsti ég það í gær og það er í reikningum Sogsvirkjunarinnar, að það er 1% eða 650 þús. kr. Viðvíkjandi vöxtunum er það rétt, að það kom fram mjög mikil óánægja hjá Sogsvirkjunarstjórninni út af þeim háu vöxtum, sem hún átti að greiða, og það var kannske ekki alveg eins harðvítugt og átti að vera í upphafi, en það var samt sem áður það harðvítugt, að þær 9 millj. kr., sem Sogsvirkjunin verður að greiða af lánunum meðan á byggingunni stendur, eru eini liðurinn, sem fer fram úr áætlununum, þ. e., í staðinn fyrir rúmar 3 millj. til vaxta verður að greiða 9 millj. kr. og í staðinn fyrir 100 þús. kr., sem reiknað var sem lántökugjald, verður að greiða alls upp undir 1 millj. kr., og þar af eru 650 þús. til Framkvæmdabankans. Það er því engum efa bundið, að þetta er margfalt miklu meira en nokkrir menn höfðu yfirleitt búizt við. Þá kemur að þessari spurningu: Er praktiskt, að ríkisfyrirtækin, þegar þau eru að koma upp svona fyrirtækjum eins og Sogsvirkjuninni, eins og raforkuverunum úti um land, séu skattlögð á þennan hátt til hvort heldur Framkvæmdabankans eða annarra banka?

Hv. 5. þm. Reykv. var að tala um, að ég væri allt of smeykur við þessa auðsöfnun. Ég verð nú að segja það, að ég álít það engan veginn praktiskustu aðferðina í sambandi við svona lánsútveganir til handa — við skulum segja — Sogsvirkjuninni eða öðru slíku fyrirtæki, að fyrst sé þetta fyrirtæki skattlagt svona og svona mikið til viðkomandi banka og þar með sé þessum banka gert auðveldara að lána þessu fyrirtæki aftur. Ég held, að þetta mætti þá alveg eins vera kyrrt í fyrirtækinu, svo að það mundi þá verða því færara sjálft um að eiga þetta. Þetta þýðir aðeins það, þessi gífurlega skattlagning, að sameina smám saman á eina hönd valdið yfir öllum þessum lánveitingum, og það er ekki allt of góð reynsla, sem við höfum af því. Ég er hræddur um t. d., þó að Landsbankinn sé búinn að safna nú yfir 200 millj. kr. í sína sjóði, að það sé ekki neitt orðið handhægara með lánin út úr honum þrátt fyrir það. Sannleikurinn er, að þessi stóru

ríkisfyrirtæki hér eins og bankarnir eru bókstaflega orðin hrædd við að sýna á sínum reikningum, hvað þau eiga. Það er næstum því farið *óbeint að falsa reikningana hjá þessum fyrirtækjum*. Allt, sem keypt er til allra þessara stóru ríkisfyrirtækja, er afskrifað jafnóðum á sama árinu, afskrifað niður í ekki neitt, afskrifað sem kostnaður, bara til þess að láta það ekki koma fram, að gróði t. d. á einu fyrirtæki sé 40 millj., og reikningarnir sýna bara 26 millj. Allar eignirnar eru uppfærðar á eina krónu t. d. hjá Landsbankanum, allar hans eignir í húsum og lóðum og öðru slíku, á sama tíma hins vegar sem sjóðirnir, þar sem ekki er hægt að minnka þá, eru 200 millj. kr. Og verðbréfin lækkuðu núna ár eftir ár, þó að þau standi í fullu gildi. Mér hefur satt að segja skilizt á hæstv. ríkisstj. eftir yfirlýsingu forsrh., að það gengi nógu erfiðlega einmitt í sambandi við raforkumálin að fá lán frá þessum bönkum aftur, og ég get ekki skilið þessa pólitík, að vilja endilega skattleggja hvert einasta fyrirtæki, sem ríkið er að koma upp, eins og Sogsvirkjunina og önnur slík, til þess að setja þessa peninga í þessa banka og vera svo sjálfir alltaf í vandræðum, eins og ráðherrarnir eru, með að ná þessu út úr bönkunum aftur. Ég held, að þeir ættu bara að lofa því að vera í ríkissjóði eða hjá ríkisfyrirtækjunum. Þá þyrftu þeir ekki að ganga eins bónleiðir til búðar og hæstv. ríkisstj. hefur gengið í allan vetur í þessum efnum.

Svo ætla ég ekki að orðlengja um þetta, en aðeins minna á það, að mín till. er um, að ríkisstofnanirnar greiði ekki hærra en ¼ %. En staðreyndin er, að ríkisstofnanirnar, eins og Sogsvirkjunin, greiða 1% núna.

ATKVGR.
Brtt. 710 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 737 felld með 13:7 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 738).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Eins og hv. þm. sjá, hefur þetta mál tekið þeirri breyt. í hv. Nd., að hin fasta ábyrgðarheimild til Framkvæmdabankans er hækkuð verulega. Í þeim önnum, sem hér hafa verið í d., hef ég nú ekki getað fylgzt verulega með gangi þessa máls í hv. Nd., en ég hygg, að þessi hækkun stafi af því, að hugsað sé til þess að fela Framkvæmdabankanum lánsútveganir vegna fyrirhugaðrar virkjunar Sogsins. Ég vona, ef þetta er ekki rétt hjá mér, að það verði þá leiðrétt. N., sem hafði þetta mál til meðferðar, *þegar það var hér fyrir deildinni, fjhn.*, hefur vitanlega ekki haft neinn tíma til að taka málið til athugunar nú, og ég get því ekkert sagt um afstöðu n. til þess eins og það liggur nú fyrir, en ég fyrir mitt leyti er því meðmæltur, að þetta frv. verði samþ. óbreytt nú. Aðrir nm. geta þá sagt til, ef þeir hafa annað sjónarmið, og þá er sjálfsagt að fresta málinu, ef slíkt kemur fram, og n. reyni þá að athuga frumvarpið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 779).

---

## 33. Raforkulög.

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946** [194. mál] (stjfrv., A. 633).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 633 er viðauki við raforkulögin frá 1946. Í samningi þeim, sem gerður var milli stjórnarflokkanna, þegar sú ríkisstj., sem nú situr, var mynduð, voru svo hljóðandi ákvæði um raforkumál:

„Hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva (einkastöðva), vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa rafmagn eða búa við ófullnægjandi raforku, og unnið að lækkun raforkuverðs, þar sem það er hæst. Tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn, sem svarar 25 millj. kr. á ári að meðaltali næstu ár. Í þessu skyni verði lögboðin árleg framlög af ríkisfé aukin um 5—7 millj. kr. og rafmagnsveitum ríksins og raforkusjóði tryggðar 100 millj. kr. að láni, og sitji það fyrir öðrum lánsútvegunum af hendi ríkisstj., að undanteknu láni til sementsverksmiðjunnar. Auk þessa séu gerðar ráðstafanir til að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins."

Frv. það, sem hér er fram borið, er fyrst og fremst til þess að staðfesta eða leita staðfestingar Alþingis á þessu samkomulagi, sem gert var milli stjórnarflokkanna, þegar núverandi ríkisstj. var mynduð. Í frv. er auk þess nánari útfærsla á þessum lið í stjórnarsamningnum, hve hratt framkvæmdum skuli fram haldið o. fl. í sambandi við það. Ég mun jafnframt geta um það, á hvern hátt ríkisstj. er búin að tryggja fé til þessara framkvæmda, eins og lofað var.

Ég skal strax taka það fram, að frv. kemur svo seint fram vegna þess, að það hefur tekið langan tíma að semja um fjárútveganir til þessara hluta, og jafnvel leit út á tímabili, að það þyrfti e. t. v. að setja löggjöf um það atriði, en nú hefur náðst samkomulag, sem við í ríkisstj. teljum að fylli-

lega sé jafngilt því, að löggjöf væri um það sett, og mun verða skýrt frá því síðar hér í þessari stuttu ræðu minni.

Mig langar til þess að fara örfáum orðum um þetta mál almennt, og eru það þá einkum tvö atriði eða tvær spurningar, sem ég hygg að flestir velti fyrir sér í þessu sambandi. Fyrri spurningin er sú: Hvernig stöndum við hér á landi nú varðandi raforkumálin? Hvað margir af þjóðinni hafa raforku, sem telja má fullnægjandi eða sæmilega eins og stendur, og hvað margir eru án hennar? Og í öðru lagi: Hvað má gera fyrir það fé, sem þetta frv. leggur til að Alþ. staðfesti um fjárframlög í þessu skyni? Hvað má gera fyrir þær 250 millj. kr., sem ríkisstj. leitar hér staðfestingar á að Alþ. samþykki að lagðar verði til þessara mála á 10 næstu árum?

Um fyrra atriðið skal ég þá fyrst fara örfáum orðum, um það, hvernig við stöndum nú í raforkumálunum. Það verður fljótt yfir sögu farið, og ég vil ekki þreyta hv. alþm. með mörgum tölum, en vil þó nefna örfá töluleg atriði í þessu sambandi. Ég miða þá eingöngu við landið utan þeirra stóru orkuveitna, þ. e. a. s. Sogs og Laxár, því að þessar framkvæmdir hvað orkuver snertir eru miðaðar við landið utan þeirra orkusvæða, þótt hins vegar sé að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að dreifing á rafmagninu með línum verði um allar sveitir án tillits til, hvar á landinu það er.

Ef við snúum okkur fyrst að sveitunum, þá mun það vera svo, að sveitabýli séu nú rétt um 6000. Það má alltaf nokkuð um það deila, hve mörg þau eru, eftir ýmsu, en það mun vera mjög nærri lagi, að þau séu nú 6000. Af þessum 6000 sveitabýlum hafa 920 fengið raforku frá samveitum, sem búið er að leggja, svo að þau eru komin inn á samveitusvæði. Frá vatnsaflsstöðvum, einkavatnsaflsstöðvum, hafa 479 eða við skulum segja 480 býli fengið raforku og frá mótorrafstöðvum með 110 volta spennu eða meira 302 býli, þannig að þetta, sem allt er talið svona sæmileg raforka, eru um 1700 býli, sem þarna hafa fengið raforku á þennan hátt. Auk þess eru svo allmörg býli, sem hafa bjargað sér með öðru. 900 býli er talið að hafi fengið raforku frá vindmyllum, og um 600 hafa fengið rafmagn frá mótorstöðvum með lægri spennu en 110 volt. Reikna verður með, að því nær allt þetta séu bráðabirgðaráðstafanir, sem ekki sé hægt að telja framtíðarlausn á þessum málum, þótt menn hafi gripið til þess í bili til þess að útvega sér þessa dýrmætu orku, sem allir þrá. Ég tel því, að af þessum 1500 vindrafstöðvum og mótorstöðvum með lægri spennu en 110 volt sé hæpið að telja fleiri en 100—200, sem hægt sé að segja að væri nokkur framtíðarlausn í. Við gætum því sagt, að það væru 1800—1900 býli, sem af 6000 sveitabýlum landsins hefðu raforku, sem mætti telja framtíðarlausn að meira eða minna leyti, og mun þó náttúrlega eitthvað af þessum stöðvum falla burt, eins og gefur að skilja, þegar háspennulínur eru lagðar og samvirkjanir gerðar á ýmsum stöðum. Það eru þá rúm 4000 býli, sem eru raforkulaus eða hafa svo lélega raforku, að það má teljast því nær einskis virði sem framtíðarlausn varðandi rafvæðingu landsins.

Ef við snúum okkur hins vegar að kauptúnum og þorpum úti um land hvað snertir raforkuna, þá er talið svo af raforkumálaskrifstofunni og þeim öðrum, sem þekkja þetta bezt, að 39 kauptún og þorp með ca. 16200 íbúa alls hafi dieselstöðvar nú, sem séu aðeins bráðabirgðalausn og geti ekki talizt veruleg framtíðarlausn hvað það snertir. Þess skal getið, að þegar hér er talað um 39 þorp eða kauptún, — ég held, að það sé nú enginn kaupstaður í þessari tölu, — þá eru hér taldir staðir eins og Flatey á Breiðafirði, Flatey á Skjálfanda, Grímsey, sem vitanlega enginn kemur til greina á samvirkjunarsvæði, eins og gefur að skilja, og ýmsir aðrir einangraðir smáblettir, sem eru svona með 40—50 manns, og þess vegna er talan svona há eins og hér er um að ræða. Auk þess er svo talið, að 7 staðir — og þar heyra til a. m. k. tveir kaupstaðir — hafi svo ófullnægjandi vatnsaflsstöðvar, að nauðsynlegt sé að veita þeim úrlausn innan þessarar áætlunar. Þessir staðir eru með samtals 5800 íbúa, þannig að heildartala þessara þéttbýlisstaða, sem hér er um að ræða, er í kringum 22 þús. íbúa, sem hafa að þessu leyti ófullkomna raforku nú sem stendur.

Samkvæmt þessu virðist því svo, að það séu yfir 4000 sveitabýli og milli 40 og 50 staðir, þorp, kauptún og kaupstaðir, með svo ófullnægjandi raforku, að það sé alveg nauðsynlegt að breyta þar um og fá þar betri orku. Það er þá þetta, sem þarf að leysa innan þess ramma, sem þetta frv. ákveður, með því framlagi, sem þar er reiknað með, þ. e. 250 millj., á næstu 10 árum.

Þá kem ég að hinni spurningunni, sem ég nefndi hér. Hvað er þá hægt að gera fyrir þessar 250 millj. í þessum efnum? Hvað er hægt að bæta úr þörf margra landsmanna, sem vantar raforku, svo að viðhlítandi sé?

Ég skal þá snúa mér að því að nefna nokkur atriði í sambandi við það, en tek það að sjálfsögðu skýrt fram, að hér er um bráðabirgðatölur að ræða, sem enginn má ætla að séu nákvæmar eða geti staðizt að öllu leyti. Raforkumálaskrifstofan hefur af kappi í vetur unnið að því að gera áætlanir og rannsaka, hvaða byggðir landsins ættu að geta komið undir samorkusvæði og hvaða byggðir væru útilokaðar frá því. Þessu verki er ekki svipað því lokið enn, eins og ekki er að vænta, en það verður lagt hið mesta kapp á að ljúka því eins fljótt og unnt er, enda er það bráðnauðsynlegt, því að það er ekki hægt að veita nein veruleg úrræði til þeirra býla, t. d. einstakra sveitabýla, sem verða utan raforkusvæðanna, fyrr en fyrst er búið að ákveða, hvaða byggðir komast undir samvirkjanirnar síðar. Það er í raun og veru það, sem einna mest liggur á að ákveða fyrst til þess að geta svo hjálpað hinum býlunum með öðrum ráðstöfunum eins og einkavatnsaflsstöðvum fyrir einn bæ eða fleiri bæi saman, þar sem svo hagar til, eða þá með mótorstöðvum eða öðru. En meðan þessari rannsókn er ekki lokið, má vitanlega ekki vænta mjög nákvæmra upplýsinga um þetta. Ég tel rétt og sjálfsagt að taka þetta fram og sérstaklega af því að raforkumálastjórinn, sem er mjög nákvæmur og varkár í sínum áætlunum, vill ekki láta annað frá sér fara en hann telur sig geta staðið við, en hann

hefur látið mig hafa nokkrar bráðabirgðaupplýsingar, sem hann telur að vissu leyti ekki nægilega vel undirbyggðar, til þess að hægt sé að gefa þær út, en ég tel þó rétt að skýra frá í þessu sambandi.

Ég gat þess áðan, að nú hefðu um 920 býli fengið raforku á samveitusvæðum, og það virðist svo, að innan þessara 250 millj. kr. áætlana væri ekki óvarlegt að áætla, að á næstu 10 árum væri hægt að veita eitthvað yfir 2000 býlum raforku á samveitusvæðum, t. d. 2300 býlum, þannig að þá væru komin inn á raforkusvæðin um 3200—3300 býli, eða nokkru meira en helmingur allra býla landsins, eins og þau eru nú. Ég gat þess einnig áðan, að um 880 eða fast að 900 býli hefðu nú vatnsaflsstöðvar eða dieselstöðvar, sem taldar væru sæmilegt framtíðarúrræði í þessum efnum. Ef við svo teljum, að í kringum 450 býli utan samvirkjanasvæðanna eða samorkusvæðanna fengju raforku í gegnum smærri vatnsaflsstöðvar eða dieselstöðvar á þessu tímabili, þá væri þar að ræða um 1330 býli, þar sem þá væri búið að leysa raforkuspursmálið nokkurn veginn utan samorkusvæðanna. Þetta eru þá alls um 4500—4600 býli, sem þá væru búin að fá raforku að 10 árum liðnum, og þar sem býlatalan er talin rétt við 6000, þá vantaði þá enn á 1400—1500 sveitabýli raforku.

Nú er málið alls ekki alveg svona einfalt, að það sé hægt að segja, að allt verði óbreytt að 10 árum liðnum, þegar við tölum um 10 ára áætlun eins og þessa. Á s. l. 8 árum hafa verið reist 400 nýbýli hér á landi. Þau nýbýli falla langflest inn á samorkusvæðin samkvæmt upplýsingum frá landnámsstjóra. Þótt þau séu að vísu ekki algerlega öll á samorkusvæðum, þá er þó víst, að meginhluti þeirra er það. Á sama tímabili hafa allmörg býli, eins og við vitum, farið í eyði víðs vegar um land, og þau munu hins vegar langflest vera utan samorkusvæðanna eða þar, sem hægt væri að leiða raforku frá stórum stöðvum. Nú er nokkurn veginn víst, að þessi þróun heldur áfram. Það verður haldið áfram að reisa nýbýli, og landnámsstjóri hefur áætlað og þó varlega, að á næstu 10 árum, einmitt það árabil, sem hér er um að ræða, mundu verða reist um 700 nýbýli, og er þá miðað við svipaðar framkvæmdir og verið hefur síðasta ár, en eiginlega ekki meira, og þau nýbýli falla áreiðanlega flestöll á þau svæði, þar sem leitt er rafmagn frá stórum raforkuverum, — það er ekki nokkur vafi á því, — og áreiðanlega styður það enn þá þróun, þegar vitað er, að ákveðin svæði eru fyrirhuguð í þessu skyni, að býlin komi þar meira, þannig að á þessum 10 árum hlýtur þarna að bætast við, — hvort sem við teljum þarna 700 býli eða eitthvað lægra, það skal ég ekkert segja um, — hlýtur að bætast við allmikill fjöldi býla, sem fá þá raforku smátt og smátt, um leið og þau rísa, frá samvirkjunum.

Ég vona það fastlega, að færri býli leggist í eyði á næstu árum heldur en verið hefur undanfarinn áratug hér, en þó hygg ég, að það hljóti eitthvað að fara í eyði af býlum, sem enn eru í byggð, og þau býli verða án efa einkum á þeim stöðum, þar sem ekki kemur til greina með, að veitt verði raforku frá stórum orkuverum, þannig að þetta hlutfall hlýtur að einhverju leyti að raskast og þá á þann hátt, að hlutfallslega fleiri býli verði á samvirkjunarsvæðunum, en færri á hinum stöðunum.

Ég nefni þetta án þess að fara frekar inn á það, af því að það er ekki hægt að ganga fram hjá þessu atriði, þegar við erum með 10 ára áætlun eins og hér er um að ræða. En ég skal geta þess strax, og það er bezt að gera það í þessu sambandi, að það var í stjórnarsamningnum gengið út frá því, að þeir, sem byggju utan samorkusvæðanna, ættu að fá, eftir því sem unnt væri, hlutfallslega jafna úrlausn í raforkumálunum eins og hinir með því að greiða fyrir því, að þeir gætu fengið rafmagn á annan hátt. Þetta er tekið greinilega fram í því frv., sem hér liggur fyrir, að á þennan hátt eigi að vinna að þessari áætlun. Ég tel rétt að nefna það atriði.

Þá gætum við reiknað með því, að eftir 10 ár, ef við byggjum á þessari áætlun, væru 1400—1500 býli enn rafmagnslaus í landinu, ef þá — og ég vil undirstrika það — nokkur maður fæst til þess að búa á býli, þar sem ekki er um raforku að ræða, en það tel ég mikið vafamál að verði. Ég vænti þess, að hv. alþm. hafi veitt því athygli, að það er reiknað með, að fyrstu árin af þessum tíu verði lagt miklu meira fjármagn í þetta en síðari árin. Það er reiknað með 35 millj. kr. framlagi árlega þrjú fyrstu árin og 25 millj. kr. framlagi í heild, bæði lán og framlag frá ríkinu, næstu þrjú árin, sem fer svo næstu 2 ár þar á eftir niður í 20 millj. og síðast niður í 15 millj. Mín trú og ég vil segja von er nú sú, að þegar við verðum komnir fram á mitt þetta tímabil, sem hér er um að ræða, þá verði efnahagsástæður og fjárhagsafkoma okkar sú, að þá verði hægt að bæta eitthvað við þær upphæðir, sem nú eru teknar upp í þetta frv. og ríkisstj. leggur til að Alþ. skuldbindi sig til þess að leggja til raforkuframkvæmda á þessu tímabili, þá verði eitthvað hægt að leggja fram meira til þess að hraða því, að síðasta átakið verði gert um að koma rafmagni til allra býla.

Ég vil í þessu sambandi aðeins geta þess, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa haft sameiginlega n. varðandi raforkumálin. Sú n. átti einkum að kynna sér möguleika um það, hve fljótt væri hægt að ná rafmagni til sveitanna hér á landi, og vera kröfuhafi fyrir hönd landbúnaðarins og bændanna um, að þessu yrði hrundið í verk sem allra fyrst. N. komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri viðhlítandi að una við minna en að á næstu 10—15 árum væri raforka komin á öll sveitabýli. Ég tel, og þá einnig samkvæmt því, sem ég hef hér nefnt, að hér hafi ekki verið um neinar of miklar kröfur að ræða og þessar tölur, sem ég nefndi í þessu sambandi, raunverulega sýni það, að það ætti að vera hægt að fullnægja þessum kröfum bændastéttarinnar, það sé í raun og veru ekki farið þar fram á annað en ætti að reynast framkvæmanlegt, a. m. k. ef við miðum við efra takmarkið, við 15 ár.

Þá langar mig til að minnast svolítið á kauptúnin, hvað hægt væri að gera fyrir þau í þessu sambandi. Ég gat þess áðan, að það væru talin 39 þorp og kauptún með rúma 16 þús. íbúa, sem hefðu ófullnægjandi raforku nú, auk þess væru svo nokkrir staðir, 7 staðir, með 5800 íbúa, sem

hefðu algerlega ófullnægjandi vatnsaflsstöðvar, sem yrði að reisa að nýju eða endurbæta til stórra muna. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem hægt hefur verið að fá, þótt þær kunni eitthvað að breytast aftur, þá er reiknað með, að af þessum 39 kauptúnum og þorpum, sem nú hafa dieselstöðvar og því ófullnægjandi raforku, muni 23 þeirra fá raforku frá þeim samveitum, sem fyrirhugaðar eru, og þessi 23 þorp og kauptún hafa yfir 14 þús. íbúa. Þá eru eftir 16 staðir með í kringum 2200 íbúa, sem ekki er hægt að búast við, eins og nú standa sakir, að fái raforku á þennan hátt. Hins vegar eru hinir 7 staðirnir með ófullnægjandi vatnsaflsstöðvar allir á væntanlegum samorkusvæðum, og mundi raforkuþörf þeirra leysast í gegnum það skipulag, sem nú er verið að undirbúa í þessum efnum og vænzt er að hægt verði að koma í framkvæmd.

Þetta er þá í eins stuttu máli og ég hef getað hnoðað því saman það, sem mig langaði til að taka hér fram almennt um þessi mál, hvers mætti vænta um framkvæmdir af því tiltölulega mikla fé, sem hér er verið að ákveða að verja til þessara hluta á næstu árum. Það liggur í augum uppi, að það er ekki endanleg lausn á málinu, eins og heldur engum hefur dottið í hug að væri. Allmikill hluti sveitabýla er enn eftir, og nokkur þéttbýl hverfi eru líka eftir, sem að vísu sjálfsagt fá sér raforku á einhvern hátt, og flest þessi hverfi hafa hana í einhverju formi, en ekki fullnægjandi, nema einhverju verulegu verði til þess kostað. En þetta er það, sem álitið er að geti falizt innan þeirra takmarka, sem þessar 250 millj. ættu að geta innt af höndum í þessu skyni, en að sjálfsögðu er það allt miðað við núverandi gengi. Ef stórar breytingar yrðu á því, þá getur það auðvitað raskað öllum þessum áætlunum, eins og gefur að skilja.

Þá vil ég fara örfáum orðum um, á hvern hátt tryggt hefur verið fjármagn til þessara framkvæmda. Það var svo frá gengið í stjórnarsamningnum s. l. haust, að 5—7 millj. kr. á ári til raforkusjóðs skyldu settar á fjárlög í þessu skyni og til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt b-lið 26. gr. raforkulaganna eigi undir 6 millj. kr. ár hvert. Upp í fjárl. yfirstandandi árs hafa samkvæmt þessu verið teknar 11 millj. kr., og lagt er til hér í þessu frv., að það verði lögfest, að í fjárl. áfram þetta 10 ára skeið verði ekki undir 11 millj. kr. ár hvert varið í þessu skyni á fjárl., eða m. ö. o. 110 millj. kr. á þessu 10 ára tímabili. Þá eru eftir 140 millj. kr., sem verður að afla með lánsfé. Svo vel hefur til tekizt, — það hefur að vísu tekið alllangan tíma, en er nú að fullu leyst, — að ríkisstj. hefur fyrir viðsýni hinna innlendu banka getað náð samkomulagi við þá um að tryggja þetta fé til raforkuframkvæmda fyrir allt þetta tímabil, og þess vegna er ástæðulaust að setja neitt í l. um þetta efni, þar sem það samkomulag hefur að áliti ríkisstj. sama gildi og það væri í l. Það er eftir að ganga frá ýmsum smærri atriðum í sambandi við þetta, en ég held, að mér sé óhætt að segja það, að lánstíminn verði 15—20 ár, vextina skal ég ekki segja um nú, það er ekki alveg búið að ganga frá því, svo að ég vil ekki nefna það á þessu stigi, en þeir verða hafðir eins hóflegir og unnt er að koma við.

Ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir erlendum lánum í þessu skyni, enda mun óframkvæmanlegt að framfylgja þessu plani vegna gjaldeyrisástæðna, þótt ekki væri af öðrum ástæðum, nema fá einhver lán erlendis í sambandi við kaup á erlendu efni. Það vita allir, að mjög mikið af þessum kostnaði er einmitt innflutt efni, bæði í orkuver og í veiturnar eða leiðslurnar, og það er nú maður úti — eða menn öllu heldur — af hálfu ríkisstjórnarinnar að vinna að þessum málum. Ríkisstj. hefur tekið það að sér í sambandi við þá samninga, sem gerðir hafa verið við bankana, að útvega eins mikið af erlendum lánum og hægt er og eins og rétt þykir hagfræðilega að taka í þessu skyni, þannig að það, sem hvílir á bönkunum hér, yrði þá þeim mun lægra að sjálfsögðu.

Þetta voru þau atriði, sem ég einkum taldi mér skylt að nefna hér, um leið og þetta frv. er lagt fram. Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að fara að ræða einstök atriði í frv. Það eru nokkuð glöggar aths., sem fylgja því, ýmsar tölulegar upplýsingar, einkum hvað varið hefur verið til þessara mála áður, en hins vegar ekki þær tölur, sem ég nefndi hér áðan, og vísa ég hér til þeirra upplýsinga, sem í þessu eru. En ég skal aðeins taka það fram, að eins og ég nefndi áðan, þá er ætlazt til, að það verði meiri hraði á þessum framkvæmdum en svari til þess, að jafnt framlag verði veitt á hverju ári, hraðinn verði mestur fyrst, til þess að hægt sé að koma þessu í framkvæmd sem allra fyrst, og í öðru lagi eru í frv. ákvæði um það, að reynt verði að haga þessu þannig að dreifa framkvæmdunum þannig um landið að veita sem flestum úrlausn, þannig að engin byggðarlög verði alveg sett hjá, en hins vegar allar framkvæmdir einskorðaðar við einstök svæði. Í frv. eru því ákvæði um það, að þeir, sem eru utan stærri orkusvæða, verði ekki settir hjá, heldur verði þeim veitt úrlausn eitthvað hlutfallslega við þá, er rafmagn fá á raforkusvæðunum.

Þá er einnig hér lagt til í frv., að nokkurri upphæð verði varið til þess að lækka raforkuverð í þeim stöðum, sem ekki er útlit fyrir að fái raforku frá samvirkjun næstu árin; þeir staðir, og er þá átt við þorp, smærri þorp og annað slíkt, sem yrðu að búa við dieselstöðvar og ófullkomið rafmagn um ófyrirsjáanlegan tíma, fengju þá einhverja linkind hvað þetta atriði snertir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða að öðru leyti einstök atriði frv. Þau eru í raun og veru tiltölulega mjög einföld, og hv. alþm. munu glöggt átta sig á þeim, að því er mér virðist, einkum af því að þetta er aðeins útfærsla á því samkomulagi, sem varð, þegar stjórnin var mynduð s. l. haust, útfærsla og nánari ákvörðun, sem ríkisstj. áleit að sjálfsagt væri að lögbinda nú strax á fyrsta þingi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég skal aðeins að lokum nefna það, að ég tel, að það sé í raun og veru fyrst nú, sem hægt sé að segja, að við séum komnir niður á jörðina um það að koma raforku um hinar dreifðustu byggðir landsins, sveitabyggðirnar. Það, sem gert hefur verið áður, er allt gott og blessað. En það hefur verið um svo lítið fjármagn að ræða, að ekkert sá út úr því, að um svo miklar fram-

kvæmdir gæti orðið að ræða í náinni framtíð, að það yrði nema hlutfallslega mjög lítill hluti af sveitabýlunum, sem fengi raforku. En með þeim fyrirætlunum, sem hér er verið með og mér virðist að ættu að geta staðizt eitthvað í líkingu við það, sem ég hef hér nefnt, þá eygir þó í það, að hægt sé að koma raforku til mikils meiri hluta sveitabýla í tiltölulega náinni framtíð, og hitt virðist ekki óralangt undan, að hægt verði að koma því til allra Íslendinga, hvar og hvernig sem þeir búa, enda mun áreiðanlega reynslan verða sú og hún kannske innan mjög fárra ára, að það fást engir til að búa annars staðar en þar, sem þeir hafa not raforku. Svo er þetta orðinn mikilvægur liður í öllu lífi mannanna, bæði hvað betri aðbúð snertir, hlunnindi alls konar og svo sem rekstrarafl til svo fjölmargra tækja.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað — ég held, herra forseti, að eðlilegast sé að vísa því til hv. fjhn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. frá hæstv. ríkisstj. skuli nú vera komið fram, og mig langaði í sambandi við þetta stóra mál að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj., eins og ekki er máske óeðlilegt, því að hér er nú farið inn á það mjög lofsverða fyrirtæki, ekki aðeins að ætla sér að leiða rafmagn til fjölmargra íbúa landsins, sem hingað til hefur skort það, heldur líka hitt, að gera fyrir fram áætlun til 10 ára um, hvernig þetta skuli gert, og það er efalaust aðferð, sem er heppileg bæði á þessu sviði og fleirum. En um leið og við hugsum til þess að búa til slíka áætlun um einn lið í okkar þjóðarbúskap, sem sé um raforkuveitur og dreifingu raforkunnar, þá er ekki óeðlilegt, að við spyrjum, í hvaða samræmi slíkar fyrirætlanir séu við aðrar áætlanir um eflingu annarra þátta í þjóðarbúskapnum og þá jafnvel þátta, sem að einhverju leyti kæmu til með að standa undir svona framkvæmdum. Ég vil þess vegna alveg sérstaklega leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh. í sambandi við þau raforkuver, sem nú eigi að koma upp á næstunni utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna. Ég veit, að hér í þinginu er alveg sérstaklega hugsað um tvö stærri orkuver í slíku sambandi, og liggja nú þegar fyrir frv. um þau og komin alllangt í gegnum þingið, þ. e. frv. um nokkuð stór orkuver bæði á Austurlandi og Vesturlandi. Ég hef bent á það áður í sambandi við fyrirhuguð orkuver á Austurlandi og Vesturlandi, að það, sem þyrfti að verða samferða slíkum orkuverum, ef þau eiga að vera eins vel úr garði gerð, eins stór og þarf fyrir vöxt þessara landsfjórðunga, sé að hugsa samtímis fyrir ákveðnum atvinnuframkvæmdum á þessum stöðum. Ég veit, að sú spurning, sem raforkumálastjórnin leggur fyrir Alþingi og ríkisstj. í hvert skipti, sem lagt er til — við skulum segja — að koma upp orkuveri, t. d. að fara að virkja Dynjanda á Vesturlandi eða Lagarfoss á Austurlandi, er þessi: Hvað er við svo mikla raforku að gera eins og mundi fást úr slíkum orkuverum með því að nota beztu og gjöfulustu auðlindirnar á þessum stöðum? Ef raforkumálastjórnin á að svara fyrir sig, þá reiknar hún einfaldlega út, hvað eru margir íbúar á Austurlandi eða Vesturlandi, hvað þeir hafa verið margir síðustu áratugina. Svo lítur hún máske á Sléttuhreppinn eða einhverja aðra slíka og segir: Já, kemur ekki til með að flytja eitthvað af fólki burt frá þessum stöðum?

Það er gefið, að einmitt þegar við ætlum að ráðast í raforkuver á Austurlandi og Vesturlandi m. a. og jafnvel þau stærstu þar, þá verðum við samtímis að hugsa fyrir því, hvaða stórum atvinnufyrirtækjum við ætlum að koma upp á þessum stöðvum, sem hagnýti rafmagnið. Við megum ekki hugsa raforkuveiturnar eingöngu út frá neyzlunni til almennings. Við verðum að hugsa þessar raforkuveitur samtímis út frá því, að þær eigi að vera undirstaðan, þær eigi að öðlast mikinn og góðan markað fyrir sitt rafmagn í stórum atvinnutækjum á þessum stöðum. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvað hefur hún hugsað sér, — jafnvel þó að hún hafi enn enga áætlun gert, — hvað hefur hún hugsað sér um iðju eða iðnað, fiskiðnað og aðrar atvinnuframkvæmdir á þessum stöðum á landinu? Ég heyrði, að hæstv. landbrh. talaði mikið um sveitabýlin. En ef rafmagnið á að verða ódýrt fyrir sveitabýlin á þessum stöðvum, þarf það að byggjast á, að notkunin í bæjunum, vaxandi bæjum, sé svo mikil, að það sé hægt að standa undir dreifingu orkunnar út til sveitanna. Ég veit, að það munu samtímis koma upp spurningar, við skulum segja eins og viðvíkjandi Austurlandi eða Vesturlandi: Á að virkja Lagarfoss, á að virkja Dynjanda, fossa, sem gefa svo og svo miklu meira en kannske brýn þörf væri fyrir í dag, en fossa, sem er tiltölulega langódýrast að virkja og gefa þess vegna ódýrast rafmagn? Ég álít alveg tvímælalaust, að á þessum stöðum á fyrst og fremst að leggja í svona virkjanir, sem þar mundu nú verða kallaðar stórvirkjanir. En það verður ekki lagt í þessar virkjanir á þann praktískasta hátt, nema ríkisstj. og Alþingi segi um leið: Það á að miða þessar virkjanir við, að þessir fjórðungar séu að vaxa, við, að atvinnufyrirtækin í þeim séu að blómgast og þeim sé að fjölga. — Þessu verður að slá föstu, því að svo framarlega sem við afgreiðum þessi mál þannig frá okkur, að það er eingöngu um raforkuveiturnar að ræða, þá er viðbúið, að það verði lagt í sem minnstar rafvirkjanir á þessum stöðum og þar með um leið líka sem dýrastar. Svo verður endað með því að ætla að finna út einhvern nýjan verðjöfnunarskatt til þess að verðjafna rafmagnið frá ópraktískum rafveitum yfir á þá, sem hafa praktískar rafveitur, og slíkt yrði óvinsælt. Við eigum að hugsa það skipulega og það stórt í sambandi við þessar virkjanir, að við leggjum í þá fossa, sem er praktískast að virkja á þessum stöðum. En það verður því aðeins gert, að samtímis því að hugsa í 10 ára „plani“ um raforkuna, þá hafi menn líka a. m. k. bak við eyrað 10 ára „plan“ um aðrar atvinnuframkvæmdir á Íslandi, um atvinnulífið á Íslandi, um það atvinnulíf, sem á að standa undir raforkuframkvæmdunum. Þessu vil ég í fyrsta lagi vekja eftirtekt á.

Í öðru lagi: Samtímis því, sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrir 10 ára áætlun viðvíkjandi raforkunni, vil ég leyfa mér að spyrja hana: Er hún

með í sínum huga, jafnvel þótt það væri ekki nema ákaflega frumstætt, nokkra 10 ára áætlun um aukningu sjávarútvegsins, stóriðjunnar, landbúnaðarins eða annarra atvinnugreina á Íslandi? Hver er hennar hugsun í þessum efnum? Það var ekki minnzt neitt á slíkt, og við vitum þó hins vegar, að það er sjávarútvegurinn og þá fyrst og fremst sjávarútvegurinn, — mér liggur við að segja sjávarútvegurinn einn, — sem á að standa undir því að koma upp þessum raforkuveitum. Það er rætt um 250 millj. kr. á næstu 10 árum, að meðaltali 25 millj. kr. á ári. Þar af er helmingurinn útlendur gjaldeyrir, eða um 12—13 millj., *og ég vil taka það fram, að það er enginn sérstakur vandi að sjá um framleiðslu á þeim útlenda gjaldeyri, sem til þessa þarf.* Einn einasti togari getur, ef réttilega er stjórnað af ríkisvaldinu, framleitt gjaldeyri með því að láta vinna úr hans afla hér heima fyrir 12 millj. kr. á ári. Það þarf ekki nema framleiðslu rúmlega eins togara til þess að standa undir þeim gjaldeyri, sem þarf til þessara raforkuvera og veitna, svo framarlega sem rétt er á haldið. En hins vegar er vitanlegt, að það þarf náttúrlega að gera fleira á þessu tímabili. Ég vil aðeins undirstrika þetta til þess að leggja áherzlu á, hver undirstaða sjávarútvegurinn er undir öflun þess gjaldeyris, sem þarf til raforkuveranna og raforkuveitnanna. En ég vil líka leggja áherzlu á, að því meira sem hægt er að tengja þá raforku, sem við hugsum til að framleiða, við vaxandi iðju í landinu, hvort heldur það er í sambandi við fiskiðnaðinn eða annan iðnað, því betra upp á það að fá rafmagnið ódýrara. Þess vegna væri mjög æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. léti okkur heyra, hvað hún hefur hugsað fyrir um aukninguna á öðrum þáttum þjóðarbúskaparins.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. og vitna þar til hennar eigin stjórnarsamnings. Utan við þetta frv., sem hér er til umr., er áframhaldandi virkjun Sogsins og Laxár. *Ég hef flutt ásamt öðrum tvö frv. á þessu þingi,* þar sem komið er inn á lánsútveganir til áframhaldandi virkjunar Sogsins. Það er vitanlegt, að þriðja virkjun Sogsins mun kosta milli 90 og 100 millj. kr., og það er nauðsynlegt, að það sé hafizt handa um hana nú þegar á þessu ári. Og í samningi ríkisstj., sem vitnað er í hér í grg. fyrir þessu lagafrv., stendur: „Auk þessa séu gerðar ráðstafanir til að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins.“ Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh.: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér viðvíkjandi áframhaldandi virkjun Sogsins? Það er ekkert frv. komið fram frá hæstv. ríkisstj. um neitt slíkt. Um sjálfa virkjunina eru að vísu lög til, en lánsheimild er engin til hennar. Ég vil um leið leyfa mér að minna þær nefndir, sem geyma vel þau frv., sem ég hef flutt um það efni, lánsútveganir til áframhaldandi virkjunar Sogsins, — minna þær á, að þær mættu gjarnan fara að hraða sínum störfum.

Þá vildi ég enn fremur minna á, að í frv., sem ég hef flutt hér í þessari hv. d. um rafmagnsmálin yfirleitt, er rætt um heimild til rannsókna og undirbúnings að virkjun Þjórsár. Það er engum efa bundið, að ef við hugsum um rafmagnsmálin fyrir næsta 10 ára tímabil, þá er ákaflega eðlilegt fyrir okkur að hugsa eitthvað um þann hlut, og er ég þó þar með ekki að meina, að það ætti að fara að taka neitt slíkt upp í þetta frv. Það yrði að vera alveg sjálfstætt auðvitað, eins og ég hef líka lagt til í því frv., sem ég hef flutt. Mér þætti þess vegna mjög vænt um, að það kæmi greinilega fram, annaðhvort nú við 1. umr. þessa máls eða þegar þetta mál kemur úr nefnd, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér viðvíkjandi áframhaldandi virkjun Sogsins.

Þá vil ég leyfa mér í þriðja lagi að beina fsp. til hæstv. ríkisstj., ekki sízt í sambandi við það, sem hún talar um fjáröflunina til þessara framkvæmda úti um land. *Ég vil leyfa mér að spyrja* hæstv. ríkisstj., þegar hún nú talar um, að hún þurfi að útvega 250 millj. kr., hvort hún ætli sér sjálf að taka af þessum 250 millj. kr. í ríkissjóð 25 millj. kr. í söluskatt. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún ætli að íþyngja öllum þeim virkjunum, sem eigi að gera úti um land, öllum þeim sveitabýlum, sem eigi að fá rafmagn, með því að taka af öllu því, sem kemur til raforkuveranna, söluskatt á sama hátt og hún hefur tekið nú af Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni. Það var vitanlegt, að þær tvær virkjanir borguðu aðeins af þessum nýju virkjunum, sem teknar voru í notkun á síðasta ári, um 25 millj. kr. í söluskatt og aðra tolla til ríkisstj. Ég álít, að það væri eðlilegt, á sama tíma sem ríkisstj. er að gera ráðstafanir til þess að afla fjár, jafnvel að taka fé með allmiklum vöxtum, að sleppa þessum raforkuverum og vélunum til þeirra við söluskatt og aðra tolla í ríkissjóð. Ég get ekki séð búskaparvísindin í því, að hæstv. fjmrh. taki að láni 25 millj. kr., borgi af því 5% eða 6% í vexti til þess að borga þessar 25 millj. kr. í ríkissjóðinn. Ég fæ ekki séð búvísindin í því. Ég held, að það sé nær að sleppa öllum þessum raforkuverum og vélunum til þeirra við söluskatt og aðra tolla í ríkissjóð. Og ég fæ ekki betur séð en að með slíku móti mætti annaðhvort útvega 10% *lægri upphæð en hér er talað um eða hins vegar* auka um 10% það, sem yrði unnið á þessu 10 ára tímabili. Og ég álít, að Alþ. eigi að láta hæstv. ríkisstj. vita það, að Alþ. líti á slíkt sem molbúahátt í aðferðum við að afla fjár.

Enn fremur vil ég benda á, að það er alveg óþarfi að láta bankana taka, á meðan þessar virkjanir eru að komast upp, aðra eins hrottavexti af lánunum til þeirra eins og gert var viðvíkjandi Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni. Sogsvirkjunin ein borgaði 9 millj. kr. í vexti þessi tvö ár, sem verið var að reisa hana. Og það nær ekki nokkurri átt, þegar ríkið er í öðrum eins vandræðum með fé eins og það er, að það *séu reiknaðir af sjálfum ríkisstofnununum* þessir hrottavextir af þeim lánum, sem veitt eru til þessara þörfu og nauðsynlegu framkvæmda.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., og það er það síðasta í þessu: Hvernig hefur hún hugsað sér rafvirkjanirnar framkvæmdar, þ. e. a. s., í hvaða röð? Á hvaða svæðum á að byrja? Þegar áætlun er gerð, þá er gerð áætlun um það, hvar byrja skuli og hvaða virkjanir skuli fyrst fullgera og annað slíkt. Ég kem með þessa fsp., þó að ég sem þm. Reykv. hafi engra sérstakra hagsmuna að gæta, vegna

þess að ég veit ósköp vel, að reipdráttur í sambandi við slíkt gæti leitt til ófarnaðar. Ég veit ósköp vel, að það eru ákaflega mörg byggðarlög á landinu, sem vilja gjarnan vera sem allra fyrst í því að fá raforkuna, eins og eðlilegt er. En þegar lagt er í fyrirtæki eins og raforkuver, þá verður að haga þessum fyrirtækjum með það fyrir augum, að það sé um leið sem praktískast tæknilega. Það dugir ekki að ætla svo að segja að hálfvirkja á einhverjum stað og láta það máske kosta ¾ af því, sem full virkjun mundi kosta, bara til þess að klípa af fjárveitingu viðkomandi árs eitthvert fé í smávirkjun á einhverjum öðrum stöðum. Það væri ákaflega illa farið, ef það ætti að fara að hafa eins konar skömmtunaraðferð viðvíkjandi því, hvernig unnið væri að raforkuverum úti um land. Ég vil bara minna í því sambandi á vitlausustu, asnalegustu framkvæmdina, sem til er við notkun á ríkissjóðsfé, þar sem eru um 120 vegarspottar á hverju ári, þannig að öll sú tækni, sem höfð er við að leggja vegi, nýtist þannig verst með því að vinna að hverjum einasta spotta á hverju ári. Ég vil aðeins minna á, að ef það ætti að fara að hafa eitthvað svipað vit eða óvit í sambandi við raforkuframkvæmdirnar, þá yrði þetta allt saman gert margfalt dýrara en ella væri. En ég veit, hvernig kröfurnar eru í sambandi við raforkumálin í þessum efnum. Og ég álít það vera nauðsynlegt, að varað sé við að láta of mikið undan því að dreifa allt of mikið til að byrja með a. m. k. þessum stærri orkuverum. Menn þurfa að þora að horfast í augu við það að fullgera eitt almennilegt orkuver t. d. á Austurlandi, eitt almennilegt orkuver á Vesturlandi. Menn mega til með að ganga þannig frá þessum hlutum, að þeir séu tæknilega nokkurn veginn fullkomnir. Og það dugir ekki að taka tillit til þess, þó að á sama tíma menn á öðrum stöðum kvarti yfir því, að ekki skuli vera byrjað hjá þeim.

Þess vegna held ég, að það væri ákaflega æskilegt, að hæstv. ríkisstj. gæfi upplýsingar um það, í hvaða röð hún hugsaði sér að taka einmitt þessi mál. Ég segi þetta m. a. vegna þess, að ég veit ósköp vel, hvers konar reipdráttur kemur til með að verða einmitt á sviðum, þar sem núverandi stjórnarflokkar hafa sína fulltrúa, og oft er deilt hart um, í hvaða röð fé skuli lagt í þessa hluti. En þegar lagt er í svona stórvirki, þá er nauðsynlegt, að hagur heildarinnar og það, sem er tæknilega praktískast, sé látið ráða. Þess vegna álít ég, að það væri mjög gott, að slíkar upplýsingar kæmu fram, annaðhvort nú þegar við þessa umr. eða þegar þetta mál kemur aftur frá n., og ég vil mega vona, ef við fáum ekki fullnægjandi upplýsingar um þessi mál, áður en frv. fer til nefndar, að hv. fjhn., sem lagt er til að það fari til, afli sér þá upplýsinga um þessi mál.

Það eru engar sérstakar athugasemdir, sem ég hafði annars að gera við þá skýrslu, sem hæstv. landbrh. gaf. Það er viðvíkjandi fjárhagsmálunum í þessu sambandi, samhenginu við atvinnulífið og því, sem mætti verða til þess að létta fjáröflunina, sem ég fyrst og fremst hef hér flutt fyrirspurnir um, sem gott væri að fá annaðhvort nú eða þegar málið kemur til 2. umr. betri upplýsingar um.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þessar umræður, enda tel ég ekki mikla ástæðu til þess. Ég vil taka það fram út af fsp. hv. 2. þm. Reykv. (EOl), að það mundi nú geta tognað úr þessum umr., ef ætti að fara að tala um 10 ára áætlanir í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og ég veit ekki hvað og hvað meira, sem hv. þm. taldi hér upp. Ég skoða þetta nú ekki sem beina alvöru hv. þm. auðvitað, þó að hann kastaði þessu fram, heldur er það nú hans venjulega málæði, sem þar kemur í ljós, að rugla öllu saman. Ég hef nú alltaf litið svo á, að raforkan skapaði einmitt undirstöðu undir fjölbreyttara atvinnulíf auk þeirra þæginda, sem hún veitir á heimilum, og margvíslegrar þjónustu. Þannig er það vitanlega eins með þær virkjanir, sem hér er verið með í undirbúningi.

Hv. þm. var að gera eitthvað lítið úr búvísindum ríkisstj. — heyrðist mér á hv. þm. — í sambandi við þetta og fleira, sem ríkisstj. hefði með höndum. En einhvern veginn er það nú svo, að hv. þm. hefur rekið sig á það, að Alþ. trúi heldur lítið á hans búvísindi, þó að þeim sé nú lýst hér bæði í tíma og ótíma, og þess vegna tek ég það ekki neitt nærri mér, þó að hann nefni hluti eins og þessa. En það kemur náttúrlega ekki til mála, að ég fari að ræða hér einhverjar sérstakar áætlanir fyrir atvinnuvegina í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, — ég vil taka það mjög skýrt fram. En það, sem kom mér til þess að standa upp, voru atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi og snerta þetta mál alveg beint og er því ástæða til þess að nefna.

Hann spurði, hv. þm., hvaða orkuver fyrirhugað væri að byrja á að reisa. Þetta er eðlileg og rétt spurning í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir. Ég hefði mjög gjarnan viljað geta skýrt frá þessu, um leið og ég flutti þetta frv., en því miður get ég það ekki fyllilega og það af þeirri ástæðu, að það liggja enn ekki fyrir þær upplýsingar og áætlanir frá raforkumálaskrifstofunni, að unnt sé fyrir ríkisstj. að taka fulla ákvörðun um það, á hverju verður byrjað. Ég get þó sagt það, að það er ákveðið, að á tveim orkuverum verði byrjað og það á þessu ári, eftir því sem mögulegt er, annað austanlands og hitt vestanlands, en meira get ég ekki sagt varðandi þetta nú, og það er af þeim ástæðum, sem ég skýrði frá.

Raforkumálaskrifstofan telur, að fullnægjandi upplýsingar um þetta, eins og hægt er að láta þær í té nú, liggi fyrir seint í þessum mánuði. Mundi þá fyrir aprílmánaðarlok vera hægt að taka fullnaðarákvörðun um þetta.

Hv. 2. þm. Reykv. hafði allstór orð um það, hve miklar vitleysur væru gerðar og mundu sjálfsagt verða gerðar um staðsetningu raforkuvera í sambandi við þetta „plan“. Ég vil ekki setja mig á eins háan hest og hann gerir, að hann telur sig hafa algerlega vit á því og fræðilega þekkingu að geta sagt um, hvað sé hið eina rétta í þessu efni. Ég er ekki að spila mig það stóran mann í þessum hlutum, að ég þori að segja það. Hitt veit ég og er mjög ljóst, að það er vandi að taka ákvarðanir í þessu efni og það er ekki alltaf eins einfalt og hv. 2. þm. Reykv. lét í veðri vaka að velja aðeins alltaf stærstu virkjunina. Ég tel það vafa-

mál, að stóra virkjunin sé ávallt sjálfsagðari en minni virkjunin. Það er svo margt fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi. Þetta er mikið vandamál, það skal ég fúslega viðurkenna, og ábyggilega verður reynt að ákveða þessa hluti eftir þeirri skynsemi, sem tæknilegir ráðunautar ríkisstj. hafa yfir að ráða og ríkisstj. sjálf treystir sér til að gera.

Það var sérstaklega þetta, sem ég vildi nefna.

Hv. þm. sagði, að ég hefði talað mikið um sveitabýlin og nauðsyn þeirra fyrir raforku. Það er rétt. Ég talaði töluvert um það, en ég talaði í sjálfu sér ekkert meira um það atriði heldur en um nauðsyn þéttbýlisins, þ. e. a. s. þorpa, kauptúna, fyrir það sama. Ég lýsti þörfum beggja. Sá er þó munurinn, að flestöll eða sennilega öll þorp svo að segja hafa einhverja raforku nú, meðan % sveitabæjanna hafa enga raforku og helmingurinn af hinum, þessum %, sem má segja að hafi raforku, hafa hana svo ófullkomna, að vafamál er, hvort það hafi verið nokkurn tíma rétt að leggja út í slíkar framkvæmdir, eins og var með vindrafstöðvar og annað slíkt, sem kostar mikla peninga, en gefur sáralítið í aðra hönd.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, því að mér er alveg ljóst, að þessi mál þarf að leysa algerlega jöfnum höndum fyrir sveitir og þéttbyggðari staði og þar á milli á ekki að vera um neina togstreitu að ræða að mínum dómi, og ég ætlaði a. m. k. alls ekki að vekja það upp að neinu leyti hér.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta. Ég tel mig hafa svarað því af fyrirspurnum hv. 2. þm. Reykv., sem snertir þetta mál beint, en hitt leiði ég algerlega hjá mér, að fara að ræða hér almennt um atvinnulíf og ýmsar greinar þess og einhverjar áætlanir um hvern þátt atvinnulífsins.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér þótti hæstv. landbrh. svara með alveg óviðeigandi þjósti þeim spurningum, sem ég beindi hér til hans á fullkomlega kurteisan hátt, og ég held, að það sé ekki til þess að bæta fyrir því, sem hæstv. ríkisstj. er að leggja til og tala við okkur þm. um í þessum efnum, að taka þannig fyrirspurnum frá okkur.

Hæstv. ráðh. svaraði ekki þeirri fsp., sem hann nú sérstaklega fann ástæðu til þess að fara að gera eitthvert grín að hér, þegar ég talaði um búvísindi ríkisstj. Ég ætla að segja honum það, að ég álít það ekki búvísindi að taka tolla sjálfur af því, sem flutt er inn til ríkisins, og standa svo uppi í vandræðum við að borga þessa tolla og jafnvel tefja virkjanirnar vegna þess. (Gripið fram í.) Ég skal lýsa því fyrir hæstv. ráðh., hvers konar asnaskapur það er, sem hæstv. ríkisstj. rekur í þessu sambandi. Ég er í stjórn Sogsvirkjunarinnar, og Sogsvirkjunarstjórnin hefur staðið uppi í vandræðum með að fá peninga, m. a. til þess að borga söluskattinn til ríkissjóðs, söluskatt, sem fer yfir 20 millj. kr. af Sogsvirkjuninni nýju. Það hefur verið farið í banka til þess að reyna að fá lán til þess að borga ríkisstj. svona skatta. Og svo þegar þessi virkjun loksins er komin upp, kostar hún 165 millj. kr. Ríkisstj. sjálf er ásamt Reykjavíkurbæ eigandinn þarna að. Þá er ástandið þetta: Ríkisstjórnin hefur fengið í sinn vasa um 25 milljónir króna í söluskatt og tolla. Hún hefur ekki lagt fram einn einasta eyri — ekki einn einasta eyri til þessa. Er þetta til þess að létta undir með landsbúum í því að koma sér upp raforkuverunum? Er þetta praktísk aðferð fyrir ríkisstj. sjálfa í því að koma upp raforkuverum, sem hún á að eiga? Ég skil það ósköp vel, að hæstv. ráðh. vilji koma sér hjá því að svara svona fyrirspurn. Það mundi ekki nokkur maður haga sér á þennan hátt, það mundi enginn bóndi búa á þennan hátt, leggja svona skatt á sjálfan sig. Ég álít þess vegna, að það sé fyllilega réttmætt og Alþingi eigi að athuga það fullkomlega hér, hvort það eigi ekki að undanþiggja í sambandi við raforkuverin allar vélarnar til þeirra söluskatti, og fyrst hæstv. ráðherra tekur þessum málum svona, þá mun ég sjá til þess, að það komi fram hér brtt. við þetta frv., þar sem það sé sérstaklega fyrirskipað, að allt það, sem raforkuverin úti um land eiga að fá til sinnar raforku, verði skattfrjálst. Ég kom hér fram með þessa fyrirspurn algerlega kurteislega til hæstv. ríkisstj., og ég býst satt að segja við, að hún hefði átt fyrir löngu að vera búin að athuga þennan hlut. Það er alveg óþarfi að vera að skattleggja ríkið sjálft á þennan máta, sem þarna er gert, og er aðeins til þess að auka kostnað og skapa fyrirhöfn. En fyrst það er tekið svona óstinnt upp, þó að bent sé á þetta, þá er líka bezt, að það komi alveg greinilega fram og hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar fái að taka afstöðu til þess, hvort það á sérstaklega að skattleggja allar raforkuframkvæmdirnar í landinu á næstu tíu árum til ríkissjóðs með um 10% af því verðmæti, sem það kostar að koma þeim upp.

Þá fór hæstv. ráðh., án þess að ég hefði gefið nokkurt tilefni til þess heldur, að ræða um mín búvísindi í þessu sambandi. Ég skal mæta hæstv. ráðh. og hans flokki alveg ósmeykur um, hvor sýnt hafi meiri búvísindi viðvíkjandi atvinnulífi okkar Íslendinga. Og ég skal minna þennan hæstv. ráðh. á, ekki sízt af því að hann átti nú sjálfur einu sinni sæti með mér í einni nefnd, sem vann allvel að þeim málum, að það mun standa sem óbrotgjarn minnisvarði á sinn neikvæða hátt, það sem hans samráðherra, hæstv. fjmrh., sagði um þá togara, sem Ísland núna byggir fyrst og fremst sína afkomu á, að þetta væri allt saman gums, sem menn vissu ekkert hvað ætti við að gera, og það mun standa til samanburðar við fyrirhyggju okkar sósíalista og annarra, sem með okkur störfuðu við að afla Íslandi þeirra framleiðslutækja, sem nú m. a. gera hæstv. ríkisstj. kleift að hugsa svo hátt sem að leggja það raforkuplan, sem hér liggur fyrir.

Þá kom hæstv. ráðh. inn á það að svara spurningu minni um röðina í sambandi við orkuverin og minntist á, eins og ég líka þóttist vita, að það mundi eiga að hefjast handa með tvö orkuver í ár, annað austanlands, hitt vestanlands. En svo vildi hann tala um, að ég væri að setja mig á einhvern háan hest og þættist hafa fræðilega þekkingu á þeim hlutum betur en sérfræðingarnir. Það er alveg öfugt. Það er einmitt vegna þess, að ég veit ósköp vel, að hverju sérfræðing-

arnir í rafmagnsmálunum spyrja stjórnmálamennina, þegar þeir fara að ákveða, í hvaða röð eigi að virkja, að ég vildi vekja eftirtekt á því, að við ættum að vera hér við því búnir á Alþingi að svara. Þegar raforkumálastjórnin, raforkumálastjóri og hans sérfræðingar, fara t. d. að ráðgast um það, hvort eigi að virkja Grímsá eða Fjarðará eða hins vegar Lagarfoss, sem mundi gefa sín 5300 hestöfl, eða hinar árnar, sem gefa sín 2—3 þús. hestöfl, — þegar þeir fara að hugsa um og taka ákvörðun um, hvort sé fræðilega praktískara og réttara að leggja í, þá spyrja þeir okkur stjórnmálamennina að því, hvort við höfum einhverjar áætlanir í gangi eða einhverjar fyrirætlanir, sem mundu verða til þess, t. d. hvað Austfirðina snerti, að efla þar atvinnulíf, sem þýðir að fjölga þar fólki, og þeir koma til með að taka upp töflu um leið og benda okkur á, að á síðustu 20 árum hafi ekki bætzt við mannfjöldann á Austurlandi. Þeir koma til með að spyrja stjórnmálamennina: Á þetta að vera svona næstu 20 ár líka, eða eigum við jafnvel að verða að ganga út frá því, að það fækki fólki þar á Austurlandi? Verðum við að sníða það raforkuver, sem við hugsum um, við það, að það fullnægi neyzlu þessa fólks, sem þarna býr, og ekkert fólk svo að segja bætist við, eða er hæstv. ríkisstj. með í undirbúningi fyrirætlanir um ýmsar atvinnuframkvæmdir í þessum byggðarlögum, sem mundu gera það að verkum, að þarna mundi koma upp t. d. vaxandi fiskiðnaður, vaxandi smáiðja, landbúnaður og annað slíkt og fólkinu þess vegna mundi fjölga á þessum stöðum? Þetta er það, sem sérfræðingarnir eðlilega spyrja okkur að. Þetta er spurningin, sem þeir alltaf koma til með að leggja fyrir okkur, áður en þeir koma til með að ákvarða, hvort lagt er í Lagarfoss sem stærstu virkjunina þarna og ódýrustu virkjunina — langsamlega ódýrustu — ég býst við, að Lagarfoss sé ekki nema 3 millj. kr. dýrari, orkuverið sjálft, heldur en virkjun, sem gefur helmingi minni kílówattatölu. Ég býst við, að þeir spyrji að þessu, vegna þess að ef þeir verða að hugsa sem svo: Það kemur ekki til með að verða aukin atvinnan á þessum stað, það þýðir þess vegna ekkert að fara að virkja Lagarfoss, það verður alveg nóg raforka úr minni virkjunum þar, — ja, þá leggja þeir í minni virkjanirnar, þó að þær séu hlutfallslega miklu dýrari, þó að þær séu miklu dýrari í raun og veru. Hins vegar ef ríkisstj. kæmi svo eftir eitt eða tvö ár með einhverjar till., sem þýddu að auka atvinnulífið á þessum stað, þá mundu sérfræðingarnir segja við ríkisstj. eftir á: Hví í ósköpunum sagðirðu okkur þetta ekki fyrir fram? Það er þetta, sem gerir það að verkum, að ég kom fram með þessar spurningar hérna. Ég hef komið fram með þessar spurningar áður, og það hefur ekki verið tekið tillit til þessara spurninga hér áður. Ég kom fram með slíkar spurningar einmitt í sambandi við fjárhagsráð, þegar það var sett á laggirnar og rætt var um áætlanir viðvíkjandi áburðarverksmiðju o. fl. Ég kom þá með spurningar viðvíkjandi raforkuverunum, sem ættu að veita orkuna til áburðarverksmiðjunnar. Það var ekki tekið tillit til þess, sem ég var að spyrja að þá og benda á, og þegar komið var fram með frv. um áburðarverksmiðju tveim árum seinna, þá var stærð áburðarverksmiðjunnar sniðin við það rafmagn, sem álitið var að yrði afgangs úr þeirri virkjun, sem var lagt í. Hins vegar var þetta tvennt ekki samræmt, að hugsa í senn um raforkuverin og um verksmiðjuna, sem átti að fá rafmagnið, og það er þetta, sem alltaf vantar. Þess vegna er það ákaflega eðlilegt, að ég spurði, og raforkumálastjóri og hans sérfræðingar mundu spyrja hæstv. ráðh. á nákvæmlega sama hátt. Þeir mundu vilja fá að vita, hvað hugsað væri viðvíkjandi orkuverum í þessu sambandi. Ég vil minna á, að ein ástæðan til þess, að sementsverksmiðjan er staðsett á Akranesi, er, að það er hægt að benda á það sem röksemd, að þar sé rafmagn afgangs frá því orkuveri. Það er óhjákvæmilegt samhengi á milli atvinnulífsins sjálfs og fyrirætlananna um að efla atvinnulífið annars vegar og fyrirætlananna í raforkumálunum hins vegar. Þess vegna er ég ekki að reyna að tala sem neinn rafmagnssérfræðingur, þegar ég er að benda á þessa staðreynd. Ég er aðeins að benda á það, hvaða samræmi þurfi að vera á milli þeirra áætlana, sem menn gera viðvíkjandi raforkumálum, og þess, hvað menn hugsa viðvíkjandi atvinnulífinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi verða ákveðið að öllum líkindum síðari hlutann í þessum mánuði, í hvaða fossa ætti að leggja vestanlands og austan. Alþ. mun eiga að fara heim 14. apríl. Hví að geyma þá ákvörðun endiiega þangað til Alþ. er farið? Hví má ekki leyfa Alþ. að hafa eitthvað um það að segja meira en að gefa heimildarlög, hvort það er Lagarfoss og Dynjandi, sem í er lagt, eða hvort það eru hafðar aðrar aðferðir?

Ég efast ekki um, að svo framarlega sem fjhn. þessarar hv. d. kallar raforkumálastjóra og hans sérfræðinga á sinn fund og spyr hann um það, hvað þeir leggi mikið upp úr, hvers konar atvinnuframkvæmdir séu planlagðar á þessum stöðum, þá munu þeir svara því alveg ótvírætt, að þeir mundu haga sínum ákvörðunum um staðsetningu raforkuveranna og hve stóra fossa yrði lagt í með tilliti til þess, hvað ríkisstj. hugsaði sér fyrir í þessum atvinnuframkvæmdum. Ef ríkisstj. hins vegar hugsar sér ekkert fyrir í þessum atvinnuframkvæmdum og gefur þeim ekkert undir fótinn með það að hugsa frekar stórt í þessum efnum, þá er ég hræddur um, að þeir, tilneyddir sumpart af því upplýsingaleysi, mundu leggja í minni fossa, en um leið ópraktískari, á þessum stöðum, heldur en þeir ella hefðu gert. — Þetta vil ég aðeins taka fram, sökum þess að hæstv. ráðh. virtist taka þetta, sem ég hafði sagt, svo óstinnt upp. Það var ekkert af því, sem ég sagði, mælt af neinu yfirlæti, heldur aðeins spurningar, og því alveg óþarfi að svara eins og hann gerði. En hins vegar þykir mér þessi ræða hans sýna, að það muni þurfa að ræða þessi mál þó nokkru nánar hér í þinginu heldur en ég hafði nú satt að segja haldið að nauðsyn væri á.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það er nú aldrei, að það hljóp í taugarnar á hv. 2. þm. Reykv. (EOl), að ég sagði það, að Alþ. tryði lítið á hans búvísindi. Þessi hv. þm., sem í hverri ræðu notar svívirðingar eins og

„lygi“ og „svik“ um sína andstæðinga hér í Alþ., þolir það ekki, að ég segi, að Alþ. trúi lítið á hans búvísindi. Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. sé búinn að sjá það, og hann finnur það, — ég sé líka, hvernig andlitið kippist til á honum núna og hann verður blóðrauður í framan, — að Alþ. er orðið svo dauðþreytt á þessu fleipri hans, að það loka allir eyrunum í hvert einasta skipti, sem hann fer að halda ræðu, af því að það er sama ræðan, sem hann er búinn að halda hér í mörg ár, ræða, sem hann sjálfur trúir ekki á, því að það eru álög á þessum hv. þm., að hann talar alltaf gegn betri vitund, þegar hann stendur upp hér í þinginu. Þessu vil ég þá bæta við það, sem ég sagði áðan. — Hann hótaði því, að það skyldi koma niður á þessu frv., ef honum væri svarað nokkuð gegn þeim brigzlyrðum, sem hann eys á okkur hér í sínum ræðum alltaf. En ég vil bara segja þessum hv. þm. það, að mér er svo nákvæmlega sama, hvorum megin hryggjar hann liggur. Hann getur engu komið fram hér, því betur.

**Einar Olgeirsson:** Ég sé nú, að það, sem hefur farið í taugarnar á hæstv. ráðh., eru ekki umr. um raforkumál. Það er dálítill annar hlutur, sem virðist hafa farið í taugarnar á honum, og það lái ég honum satt að segja ekki. Þessi hæstv. ráðh. minntist á, að ég hefði einhvern tíma notað orð eins og „lygi“ og „svik“. Ætli það hafi ekki verið önnur orð, sem ég notaði í gær, sem hann mundi eftir? Ég man ekki eftir, að ég hafi notað þessi orð nýlega, en ég var í gær að tala um þjófnað og notaði það í sambandi við áburðarverksmiðjuna, og ég gæti trúað, að það væri það, sem hefði farið í taugarnar á þessum hæstv. landbrh. Hann kann dálítið illa við það að standa hér í þinginu dag eftir dag í sambandi við umr. um áburðarverksmiðjumálið, vera borinn þeim sökum að vera þátttakandi í að reyna að ræna úr hendi ríkisins fyrirtæki, sem kostar 125 millj. kr., og gefa það einu hlutafélagi hérna. Og þessi hæstv. ráðh. hefur aldrei fengizt til þess að ræða þetta mál hér í þinginu. Ég býst við, að það sé þetta, sem fer í taugarnar á honum. Ég hins vegar kippi mér ekkert upp við það, þó að þessi hæstv. ráðh. og aðrir ráðh. með honum flýi út, þegar ég tala, því er ég svo vanur. Ég skil ósköp vel, hvernig rödd samvizkunnar hjá þeim, sem ég tala fyrir, slær þá þannig, að þeir geta ekki setið hérna. Það verður að hafa það. Ég held áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 694).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Það má telja, að með þessari öld hafi vaknað hugsjónin um að virkja aflið í fallvötnum landsins. Skáld og hugsjónamenn sáu þá í anda „aflið, sem vannst úr fossa þinna skrúða.“ Þeir gerðu sér grein fyrir því, „hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör“ með því að nota „máttinn rétt í hrapsins hæðum“. Og hugsjónamennina á árdegi aldarinnar langaði á þann hátt að „strá blómaskrauti yfir rústir grjótsins“, „að lyfta byrði, er þúsund gætu ei reist“ og láta „vatnaaga lýja skíran málm“. Eftir því sem á öldina líður, færist æ nær því marki, að þessar hugsjónir verði að veruleika. Ekki var langt liðið á öldina, þegar rafstöð var reist við Elliðaár og nokkrar smærri stöðvar hér á landi, og eftir því sem árin hafa liðið, þá hafa skrefin verið stigin í þessu efni eitt af öðru. Sogsvirkjunin var reist 1935—37 með 8800 kw., og sú virkjun var á árunum 1943—44 stækkuð um 5800 kw., og á árunum 1951—53 er enn gerð ný virkjun við Sogið, 31 þús. kw. Enn fremur hefur Laxá verið virkjuð og sú stöð stækkuð nú fyrir skömmu. Nefna má Andakílsárvirkjunina og fleiri stórvirki í þessum málum. S. l. 30 ár hafa enn fremur hér á landi verið reistar allmargar vatnsaflsstöðvar, einkastöðvar fyrir heimili. Þær framkvæmdir hófust um 1920 fyrir framtak sjálfmenntaðra hagleiksmanna í Skaftafellssýslu. En öll meiri háttar mannvirki af þessari gerð hafa verið reist samkvæmt l. frá Alþ. Alþ. hefur haft forustuna í þessu máli og lagt á ráð um öflun fjármagns til framkvæmdanna á hverjum tíma. Á þingi 1942 markaði Alþ. þá stefnu, að kostað yrði kapps um að leggja rafveitur um landið í því skyni að koma nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar — eins og það er orðað í till. — í allar byggðir landsins.

Þrátt fyrir það, sem unnizt hefur og ég hef nú drepið á, eru ástæður í raforkumálum landsins þannig, samkvæmt þeirri grg., sem hæstv. ráðh. gaf hér í d. við 1. umr. þessa máls, að rúmlega 4000 sveitabýli hafa ekki raforku eða þá mjög ófullnægjandi orku, að 39 þorp og kauptún hafa dieselstöðvar, sem eru ekki til frambúðar, og að 7 kauptún og þorp hafa ófullnægjandi orku frá gömlum vatnsaflsstöðvum, en í þessum kauptúnum og þorpum búa samtals 22 þús. manns.

Fjhn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, og mælir eindregið með því, að það verði samþ. Frv. miðar að því að lögfesta eitt veigamesta atriðið úr samningi, sem gerður var milli stjórnarflokkanna, áður en núverandi stjórn var mynduð, það atriði, að hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa rafmagn eða búa við ófullnægjandi orku, og unnið verði jafnframt að lækkun raforkuverðs, þar sem það er hæst. Tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn, sem samsvarar 25 millj. kr. á ári að meðaltali næstu ár. Í þessu frv. er 10 ára áætlun um miklar framkvæmdir á þessu sviði. Frv. miðar að því, að gert verði stórt átak til að framkvæma stefnuna frá 1942 um að koma nægilegri raforku til ljósa, suðu, hitunar og iðnrekstrar í allar byggðir landsins. Frv. er spor í þá átt að gera að veruleika þá hugsjón að bæta lands og lýðs vors kjör og ljósið tendra með afli frá landsins hjartarót.

Í 1. gr. þessa frv. er nánar ákveðið, hvaða verkefni skuli framkvæma fyrir það fjármagn, sem ráðgert er að aflað verði í þessu skyni. Það er

að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna, að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið, að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, bæði vatnsafls- og mótorstöðvum, þar sem raforkuþörf sveitanna verður ekki leyst á annan hátt, og að undirbúa virkjunarrannsóknir, eftir því sem þörf er á á hverjum stað. Enn fremur er gert ráð fyrir, að heimilt sé að verja nokkurri fjárhæð til þess að greiða niður raforkuverð, þar sem það er hæst.

Í skýringum, sem fylgja frv., er tekið fram, hve *miklu fjármagni hefur verið varið síðan* 1946 til framkvæmda, sem nefndar eru í 1.—4. tölul. 1. gr. Samkvæmt þeim skýringum hefur verið lagt fram til þeirra framkvæmda 61 millj. 772 þús. á átta árum, en það samsvarar 7.7 millj. kr. framlagi á ári hverju. Samkvæmt þessu frv. á að hækka þessi fjárframlög svo, að þau nemi að meðaltali 25 millj. á ári, en þó er gert ráð fyrir, að nokkru hærri fjárhæð verði lögð fram í þessu skyni fyrstu árin, eftir að frv. þetta verður að lögum, með það fyrir augum að hraða framkvæmdum meira en ella mundi hægt.

3. gr. frv. fjallar um fjáröflun til þeirra framkvæmda, sem gerðar verða samkvæmt þessu frv., ef að l. verður. Í *a- og b-liðum þeirrar gr. eru* ákvæði um það, að lögbundið skuli framlag úr ríkissjóði í þessu skyni árlega næstu 10 ár, en að öðru leyti kveður frv. sjálft ekki á um það, hvernig þessa fjár skuli afla, sem til framkvæmdanna þarf. En hæstv. ráðh., sem gerði grein fyrir þessu máli við 1. umr. þess, lýsti því þá yfir hér í d., að tekizt hefði að ná samningum við bankana um það, að þeir legðu fram sem lánsfé 140 millj. kr. á þessu tímabili. Fjhn. lítur þannig á, að þetta sé fullnægjandi trygging fyrir því, að framkvæmdir geti orðið í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er í frv.

Samkvæmt raforkulögunum er heimilt að veita úr raforkusjóði lán til einkarafstöðva, bæði vatnsaflsstöðva og mótorstöðva, sem reistar eru fyrir einstök heimili eða nokkra bæi saman. Í 35. gr. raforkulaganna er ákvæði um þetta á þessa leið:

„Úr raforkusjóði má veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán úr raforkusjóði, að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar, og úr raforkusjóði má enn fremur veita bændum, sem ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjana, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, allt að ⅔ stofnkostnaðar.“

Í framkvæmd hefur þetta verið svo, að það hefur ekki verið talið fært að veita bændum lán, sem nemur eins miklum hluta af heildarstofnkostnaði og raforkulögin heimila. Ég hygg, að lán til bænda samkvæmt þessari gr. raforkulaganna hafi að undanförnu ekki numið meiru en ⅓ hluta stofnkostnaðar. Það stafar að sjálfsögðu af því takmarkaða fjármagni, sem raforkusjóður hefur haft, og þeim mörgu og miklu verkefnum, sem þurft hefur að sinna með því takmarkaða fé. En fjhn. væntir þess, að um leið og fjárráð raforkusjóðs verða aukin og fjár aflað til framkvæmda á þessu sviði í samræmi við það frv., sem hér er til umr., þá verði framkvæmdinni um þetta atriði breytt á þann hátt, að bændum verði gefinn kostur á að fá hærri lán en hingað til vegna einkarafstöðva, helzt svo sem heimilt er að veita samkvæmt 35. gr. raforkulaganna, en það eru ⅔ hlutar stofnkostnaðar til vatnsaflsstöðva og ¾ hlutar stofnkostnaðar til mótorrafstöðva.

Ég endurtek það svo að lokum, að fjhn. mælir eindregið með því, að þetta frv. verði samþ., og væntir þess, að hv. þm. ljái því fylgi.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa *mér að leggja fram eina brtt. við 7. gr. þessa frv.*, þ. e., að á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

„Allar vélar og efni, sem flutt er inn til þeirra raforkuvera og raforkuframkvæmda, sem gerðar eru samkvæmt þessari áætlun, skulu undanþegnar söluskatti og öðrum tollum.“

Mér finnst rétt í þessu þýðingarmikla máli, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fyrir og fjhn. nú afgreitt, að vilji Alþ. komi alveg greinilega í ljós um, hvort Alþ. sér ástæðu til að taka af þessum 250 millj. kr., sem verja á til raforkuframkvæmdanna á þessum sviðum, sem hér er talað um, á næstu 10 árum yfir 30 millj. kr. í *söluskatt og tolla í ríkissjóð. Ég álít*, að það yrði beinlínis til þess að flýta fyrir og hjálpa til með þá áætlun, sem hér á að framkvæma, ef vélarnar til raforkuveranna og efni til annarra raforkuframkvæmda yrðu undanþegin söluskattinum og öðrum tollum. Ég hef annars lýst mig algerlega fylgjandi þessu frv., en álít, að samþykkt á svona brtt. mundi stórum bæta það. — Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till., þar sem hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 703) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 703 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ.

**nei:** EirÞ, EystJ, GislG, HÁ, BFB, IngJ, JPálm, JS, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, SB.

5 þm. (GTh, JóhH, JR, BÓ, EI) fjarstaddir.

8.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það hefur gengið svo fljótt með þetta frv., að eftir að brtl. mín við 2. umr. um að undanþiggja raforkuverin og raforkuframkvæmdirnar söluskatti var felld, hefur mér ekki unnizt tími til að útbúa brtt., sem ég hef hugsað mér að flytja við 3. umr. Hún

er á þá leið, að fyrst hv. deild hefur með sinni atkvgr. nú lýst því yfir, að hún vilji láta leggja um 30 millj. kr. skatt — söluskatt og tolla — á þessar raforkuframkvæmdir til ríkissjóðs, þá skuli svo fyrir mælt, að þessu fé sé varið á sérstakan hátt. Ég hef áður flutt um það till. hér á þinginu, sem er í allstóru frv., sem legið hefur í n. nokkuð lengi, og ég ætla að leyfa mér að taka upp þá till. mína og leggja til, að þeim greinum, sem ég þar er með, sé bætt aftan við 7. gr. þessa frv. Það mundi þá hljóða svo, að á eftir 7. gr. kæmu svo hljóðandi tvær greinar:

Fyrri greinin: „Ríkisstj. skal leggja andvirði þess, sem hún fær greitt í söluskatt og aðra tolla af vélum og efni til þeirra virkjana, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, í sérstakan raftækjasjóð. Skal það fé notað til þess að gera íslenzkum alþýðuheimilum til sjávar og sveita mögulegt að fá öll þau raftæki, sem heimili þarfnast, sem fyrst með góðum afborgunarskilmálum. Skal ríkisstj. semja við raftækjaverksmiðjuna Rafha um fjöldaframleiðslu þessara tækja og afgreiðslu þeirra jafnóðum beint til notenda.“

Önnur greinin: „Ákveðið skal í reglugerð um raftækjasjóð nánar um skilmála og miðað við að gera þeim, sem minnst efni og þyngst heimili hafa, auðveldast að fá öll þau tæki, er létt geta heimilisstörf. Skal þar mælt fyrir, hvert umsóknir skulu sendar og í hvaða röð þær skulu afgreiddar. Skulu þau fyrirmæli tryggja, að þau heimili, þar sem flest börn eru, gangi fyrir að fá tækin.“

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þegar ákvörðun er tekin um að ráðast í jafnstórar raforkuframkvæmdir, þá er það eitt þýðingarmesta atriðið fyrir raforkuverin fjárhagslega, að rafmagnsnotkunin verði undireins sem allra mest á öllu þessu svæði, þannig að allir þeir aðilar, sem rafmagnið er lagt til, geti undireins keypt þau tæki og notað þau, sem geta gert rafmagnsneyzluna sem allra mesta. Frá fjárhagslegu sjónarmiði raforkuveranna væri þess vegna ákaflega heppilegt, að jafnt sveitabýli sem kaupstaðabýli gætu fengið sem mest af þeim tækjum, sem nauðsynlegt er að hafa á heimilum, og gera þeim mögulegt að hagnýta raforkuna til fulls.

En þar fyrir utan, og það er auðvitað aðalatriðið, er nauðsynlegt að sjá til þess, að þau heimili í landinu, sem nú á að gera mögulegt að nota rafmagnið, hafi líka efni á því að nota þetta rafmagn til fulls. Það eru alldýr þau tæki, sem þarf að kaupa til eins heimilis, ef sérstaklega húsmóðirin á að hafa nægilegt gagn af þeim, og ég býst við, að þeim, sem sérstaklega í þessu sýna lofsverðan áhuga fyrir því að koma rafmagninu út um sveitirnar, sé sérstaklega ljóst, hvaða gerbreytingu rafmagnið getur haft á lífi sérstaklega húsmóðurinnar í sveitum og hvað það þýðir að gera henni mögulegt að geta frá upphafi keypt sér þau tæki, sem þarf, þau tæki, sem gerbreyta vinnu húsmóðurinnar og gerbreyta yfirleitt allri aðstöðu á heimilinu. Nú er það svo, að meginið af öllum þessum tækjum, hvort það eru eldavélar, þvottavélar eða jafnvel ísskápar eða annað slíkt, — að öll þessi tæki svo að segja eru nú framleidd hér innanlands, og það er auðvelt fyrir okkur að tryggja fjöldaframleiðslu á þessum hlutum. Ég veit, að Rafha, sem hefur verið ákaflega duglegt fyrirtæki í þessu og, eins og hv. þm. vita, ríkissjóður á í, hefur aukið mjög sína framleiðslu upp á síðkastið og getur þó aukið hana stórum meir, t. d. með algerlega tvöföldum vöktum hjá sér, þannig að ég efast ekki um, að raftækjaverksmiðjan Rafha væri fær um að framleiða mun meira en hún nú gerir og jafnvel ódýrar, ef samið er við hana um nógu mikið af þessum tækjum. Ég álít þess vegna, að ríkið eigi þarna beinlínis að hjálpa til þess annars vegar, að heimilin og þá ekki hvað sízt sveitaheimilin, og það eru raunar enn þá líka ákaflega mörg heimili í bæjunum, sem ekki hafa getað notað sér þessi tæki, — að þessi heimili geti fengið þessi tæki, og þau munu geta fengið sér þau, ef þau geta fengið á þeim væga afborgunarskilmála. Hins vegar er það svo, að mjög mikið af þessum tækjum, veit ég t. d., eru nú til á heimilum í Reykjavík, en ég er hræddur um, að ef rannsókn færi fram á, á hvaða heimilum þetta er, þá sé fyrst og fremst öll heildin af þessum rafmagnstækjum, ég meina öll þau tæki, sem hægt er að nota og yfirleitt eru til, á efnuðustu heimilunum. Fjölmennustu fjölskyldurnar, þær fjölskyldur, þar sem börnin eru flest, þar sem mest þarf að þvo, þar sem mest er yfirleitt að gera við þessi tæki, hafa venjulega sízt efni á að kaupa sér þau, og ég álít, að það þurfi að bæta úr þessu, ekki einungis í kaupstöðunum, heldur líka að gera það mögulegt í sveitunum að afla sér þessara tækja frá upphafi.

Ef nú hæstv. ríkisstj. er ákveðin í því, eins og auðséð er eftir atkvgr. við 2. umr. þessa máls, að halda söluskattinum á öllum þessum tækjum og taka þar með um 30 millj. kr. í söluskatt og aðra tolla við innflutninginn á vélum og efni í þessi raforkuver og línurnar, þá álít ég rétt að verja þessu fé, sem ríkið þannig fær í tekjur, fyrst og fremst til þess að gera alþýðuheimilunum mögulegt að fá sér þessi tæki. Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja fram þessa till. nú, og ég vil vonast til þess, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. hana. Ég verð hins vegar að biðja forseta, af því að hún er þetta seint fram komin, út af því, hvað fljótt málið er tekið fyrir, að biðja um afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 711) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 711 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GilsG, GJóh, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl.

nei: EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, SB.

EI greiddi ekki atkv.

7 þm. (GTh, GÞG, HV, BFB, JóhH, PO, BÓ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta frv. hér á þskj. 633, sem er viðauki við raforkulögin frá 2. apríl 1946, er stjórnarfrv., sem ríkisstj. öll stendur að.

Ég vil aðeins minna á það, að í þeim samningi, sem gerður var milli stjórnarflokkanna, þegar sú ríkisstj. var mynduð, sem nú situr, voru ákvæði um raforkumál, og hljóða þau á þann hátt, sem skýrt er frá hér í þeirri greinargerð, sem fylgir frv., en eru í meginatriðum á þá leið, að á næstu árum, eins og það er orðað þar, skuli að meðaltali vera varið sem svarar 25 millj. kr. á ári til þess að tryggja rafmagnsveitum ríkisins og raforkusjóði fé, sem svarar til 250 millj. kr. alls. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt til þess að leita staðfestingar Alþingis á þessu loforði ríkisstj.

Ég gaf í hv. Nd., þegar frv. var lagt þar fram, nokkrar upplýsingar varðandi þetta mál, eftir því sem fært var, um það, hvernig nú væri ástatt í þessum málum, hve mörg sveitabýli hefðu raforku nú og hvernig ástatt væri um raforkuna hjá þorpum, kauptúnum og kaupstöðum úti um land, hve margir slíkir staðir væru, sem hefðu algerlega ófullnægjandi raforku, eins og nú er. Út frá því reyndi ég svo að gera áætlun um það, hvað hægt væri að framkvæma með þeim 250 millj. kr., sem hér er um að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka þetta hér, vegna þess að þetta yfirlit hefur verið birt í dagblöðunum, og hv. dm. hafa þá, eftir því sem þeir hafa óskað eftir, getað kynnt sér það, og vil ég því ekki þreyta þá á því að endurtaka það hér. En niðurstaðan af þessu varð þó sú í meginatriðum, að á næstu 10 árum mætti með þessum 250 millj. og auk þess því fé, sem kemur inn fyrir heimtaugagjöld og skiptir tugum milljóna og rennur í þennan sama sjóð, gera mikið átak í þessu efni, þannig að sennilega yrðu ekki nema 1200—1500 sveitabýli eftir 10 ár, sem vantaði raforku, og þá væri og búið að koma raforku frá samvirkjunum til langsamlega flestra kauptúna og þorpa í landinu.

Þetta var nú í meginatriðum það, sem niðurstaðan varð af þessu. Það lítur því út fyrir, að með þessu fjármagni megi vinna mikið. Hitt skal viðurkennt, að það er vitanlega ekki nóg, því að ég býst við því, að einmitt á þessum næstu 10 árum verði ástandið þannig, að þeir, sem ekki hafa raforku, neiti algerlega að byggja þá staði, og þess vegna kunni svo að fara, að meiri flótti verði úr þeim byggðum, sem ekki hafa fengið raforku, þegar þetta tímabil er liðið, heldur en nokkurn órar fyrir.

Hins vegar skal ég geta þess, að samkvæmt áliti n., sem bændasamtökin hér í landi, bæði Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, hafa haft starfandi til þess að athuga um þessi mál og gera kröfur fyrir hönd sinnar stéttar um dreifingu raforku, hafa þau gefið út yfirlýsingu, þar sem þau álykta svo, að á næstu 10—15 árum verði að vera komið rafmagn á öll býli landsins. Ég verð að segja, að mér finnst þessi krafa ekki meiri en það, að líkur séu til, að hægt sé að fullnægja henni að mestu eða öllu leyti. Og einmitt þær tölur, sem ég nefndi í sambandi við þetta, bentu til þess.

Þegar þessi samningur var gerður milli þeirra flokka, sem standa að ríkisstj., í haust, þá var allt óvíst um það, á hvern hátt væri hægt að tryggja fé til þessara framkvæmda. Að vísu var tekin upp í núverandi fjárlög allmikil upphæð til þessara hluta, 11 millj. í fjárlögunum, og um leið var bundizt samtökum um það af hálfu þessara flokka, að framvegis yrði ekki lægri upphæð tekin inn í fjárlögin í þessu skyni. En miðað við 10 ár eru 11 millj. þó ekki nema 110 millj., og eru þá eftir 140 millj., ef miðað er við 250. Ríkisstj. hefur starfað að því í vetur, á hvern hátt hægt væri að tryggja þetta. Vildi hún í lengstu lög komast hjá því, að það þyrfti að setja löggjöf um fjáröflun til þess að þvinga t. d. innlenda banka til að leggja fram þetta fé, og hefur því lagt mikla áherzlu á að ná samkomulagi við bankana um þessar framkvæmdir. Hefur nú tekizt fyrir viðsýni og velvilja bankanna að ná slíku samkomulagi, svo að ríkisstj. lítur svo á, að það sé ástæðulaust eða óþarft að setja nokkra löggjöf um það atriði. En vegna þess, hve langan tíma þetta hefur tekið, hefur þetta frv. ekki verið lagt fram fyrr en séð var með vissu, að ekki þyrfti að setja löggjöf um fjáröflun. En með þeim samningum, sem nú er búið að gera við bankana um þetta, telur ríkisstj., að þetta sé tryggt til loka. Ég vil taka það fram um leið, að ríkisstj. hefur skuldbundið sig til þess gagnvart bönkunum að leita eftir erlendum lánum, eftir því sem hægt væri að fá þau, sérstaklega í sambandi við efniskaup, og eftir því sem hagkvæmt þætti að taka þau. Það er nú verið að vinna að slíku erlendis og útlit þannig, að eitthvað muni upp úr því hafast. Það dregst að sjálfsögðu frá þeim skuldbindingum, sem bankarnir hafa á sig tekið í þessu efni, og er sjálfsagt, að því sé lýst yfir þegar hér á Alþingi.

Þetta eru nú aðalatriðin, sem ég tel ástæðu til að nefna hér í sambandi við það, að þetta frv. kemur til meðferðar hér í þessari hv. d. Ég vildi vona og vona það, að það sé enginn meiningarmunur um það, að þetta frv. eigi að fara í gegn í þeim búningi, sem það nú hefur, eða því sem næst. Alltaf getur eitthvað verið, sem hægt er kannske að færa til bóta.

Ég vildi nú vona, að hæstv. forseti leyfði mér aðeins að nefna hérna, þó að það kannske sé ekki viðeigandi, annað frv. um leið. Það var lagt fram í Nd. frv. um viðbótarvirkjun Sogsins frá hálfu ríkisstj. í gær. Þessi frv. eiga að áliti ríkisstj. að fylgjast að í gegnum þingið, og ég mundi þá spara mér að þurfa að segja hér nokkuð um það, þegar það kemur væntanlega hér til hv. Ed. nú allra næstu daga. Þetta frv. er um að veita Sogsvirkjuninni ábyrgð fyrir allt að 100 millj. kr. láni til að geta fullvirkjað efsta hluta Sogsins. Telur ríkisstj. sjálfsagt að veita þessa heimild, svo að hægt sé smátt og smátt að fara að vinna að undirbúningi málsins.

Ég skal svo láta máli mínu lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 750).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Þetta mál hefur, eins og hv. þd. er kunnugt, verið rætt mjög ýtarlega, og n. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Það er það eina, sem ég þarf að segja í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 792).

---

## 34. Fuglaveiðar og fuglafriðun.

Á 23. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun** [124. mál] (stjfrv., A. 288).

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 268, n. 449).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Lagaákvæði þau, sem nú eru í gildi um fuglafriðun, eru orðin gömul. Lög um friðun fugla og eggja eru frá 1913, en önnur lagaákvæði, sem að þessu lúta, felast í tilskipun um veiði frá 1849 og eru því meira en 100 ára gömul. Það er nokkuð síðan vakin var athygli á því hér á hv. Alþingi, að ástæða væri til þess að endurskoða þessi lög. Á þingi 1947 var flutt till., þar sem skorað var á ríkisstj. að hefjast handa um að láta endurskoða lög um fuglaveiðar og fuglafriðun. En um sama leyti og þessu máli var hreyft hér á hv. Alþ., þá kom annað til, sem gerði það nauðsynlegt, að þessi lagaákvæði yrðu tekin til endurskoðunar.

Langt er síðan menn komu auga á það, að ekki væri nægilegt að setja ákvæði um friðun fugla í einu landi, ef heimilt væri að ganga á fuglastofninn í öðru landi, vegna þess að mjög margar fuglategundir eru farfuglar, sem fljúga milli landa og dvelja á sitt hverjum stað eftir árstíma. Það er því orðið langt síðan samvinna hófst á þessu sviði, alþjóðasamvinna um fuglaverndun. Fyrsta samþykkt í því efni var gerð 1902, en alþjóðafuglaverndunarsamband var stofnað 1922, og eru nú þátttakendur í því sambandi 38 riki. Þegar á stríðsárunum síðustu komu upp raddir um það, að þörf væri á því að endurskoða samþykktina fyrir alþjóðafuglaverndunarsambandið og taka þetta mál allt til nýrrar endurskoðunar, og af því leiddi það, að ný samþykkt var gerð, sem gekk í gildi í okt. 1950.

Snemma á þessari öld gerðist Danmörk aðili að þessum alþjóðasamtökum um fuglaverndun, og meðan Ísland var í sambandi við Danmörku, komu danskir aðilar fram fyrir Íslands hönd í þessum alþjóðasamtökum. En eftir að stofnað var lýðveldi á Íslandi og fullur skilnaður átti sér stað milli landanna, þá fannst dönsku ríkisstjórninni, að aðilar frá Danmörku gætu ekki lengur komið fram fyrir hönd Íslands á þessum alþjóðavettvangi. Af því leiddi það, að 1946 barst íslenzku ríkisstj. málaleitun frá Danmörku þess efnis, að Íslendingar gengju í alþjóðafuglaverndunarsambandið. Eftir að íslenzka ríkisstj. hafði kynnt sér þetta mál, ákvað hún á árinu 1948 að skipa nefnd fimm Íslendinga, sem kæmi fram fyrir hönd Íslands í þessum alþjóðasamtökum. Bæði af þessu tilefni og af því tilefni, sem ég gat um áðan, að málinu var hreyft hér á þingi 1947, fól ríkisstj. sömu nefndinni sem á að koma fram fyrir Íslands hönd í alþjóðasamtökunum að taka til rækilegrar endurskoðunar lögin um friðun fugla og eggja og önnur lagaákvæði, sem að því lúta. Árangurinn af því starfi var frv., sem lagt var fram á Alþ. 1951. Menntmn. þessarar hv. d. fékk það frv. til athugunar og kynnti sér það allýtarlega. Það var álit nefndarinnar, að eðlilegt væri, að leitað yrði umsagna sýslunefnda, áður en mál þetta yrði lögfest. Menntmn. lagði því til á þingi 1951, að málið yrði þá afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. sendi frv. þetta til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna og leggi það að nýju fyrir Alþingi að fengnum umsögnum þessara aðila, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi till. til rökstuddrar dagskrár kom ekki til atkv. á því þingi, en hæstv. ríkisstj. tók þessa ábendingu n. til greina, og menntmrn. hlutaðist til um það, að málið var sent til umsagnar til allra sýslunefnda í landinu. Á þeim tíma, sem síðan hefur liðið, hafa rn. borizt svör frá öllum sýslunefndum að undanskildum tveimur. Það eru sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu og sýslunefnd Strandasýslu, sem munu ekki hafa sent svör frá sér um þetta mál. Eftir að svör sýslunefndanna hafa borizt, hafa þau verið tekin til athugunar og frv. frá 1951 endurskoðað með tilliti til þeirra ábendinga, sem þar hafa komið fram. Árangurinn af þeirri endurskoðun er það frv., sem hér liggur fyrir og er í meginatriðum eins og frv., sem fjallað var um 1951, en þó hafa verið gerðar á því smávægilegar breytingar.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er ákveðið að lögfesta aðild Íslands að alþjóðafuglaverndunarsambandinu, en það er aðeins í samræmi við þá framkvæmd, sem orðin er eftir ákvörðun rík-

isstj., þar sem íslenzkir aðilar hafa komið fram í þessum alþjóðasamtökum fyrir hönd íslenzka ríkisins allt frá árinu 1948. Enn fremur er stefnt að því með því frv., sem hér er fjallað um, að samræma íslenzk lagaákvæði um þetta efni hinni alþjóðlegu samþykkt um fuglaverndun. Í þriðja lagi er svo stefnt að því að auka friðun fugla að nokkrum mun frá því, sem ákveðið er samkv. þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi. En sú stefna að auka friðun fugla er bæði í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar, í samræmi við sjónarmið þeirra manna, sem undirbúið hafa þetta frv. og kynnt sér málið í heild mjög vel, og enn fremur í samræmi við sjónarmið sýslunefndanna, eftir því sem fram kemur í umsögnum þeirra, sem borizt hafa. Þess ber þó að geta, að með þessu frv., ef að lögum verðum, er ætlazt til þess, að heimilt verði eftir sem áður að nytja fuglabjörg, þar sem skoða má slíka nytjun fugla sem hlunnindi jarða. Undantekningarákvæði, sem að þessu lúta, eru í 10. gr. frv., og munu þau ekki brjóta í bága við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar að þessu leyti.

Til sönnunar því, sem ég hef nú sagt um stefnu frv., skal ég á það benda, að samkv. frv. verða það aðeins þrjár fuglategundir, sem engrar friðunar njóta hér á landi, en samkv. gildandi lagaákvæðum eru það yfir tuttugu fuglategundir, sem svo er ástatt um. Með frv. er einnig lagt til, að 10 fuglategundir, sem njóta friðunar hluta úr ári, verði nú friðaðar lengri tíma á árinu en heimilt er samkv. gildandi lögum. Til enn fyllri skýringar á þessu vil ég benda hv. þm. á, að á bls. 15 í grg. frv. er skrá yfir 54 fuglategundir, sem eiga að verða alfriðaðar samkv. ákvæðum þessa frv. Ef þetta er borið saman við þau lagaákvæði, sem nú gilda, þá kemur í ljós, að af þessum 54 tegundum er nú alfriðuð 31. Hluta úr ári eru friðaðar 20 fuglategundir. Ein af þeim tegundum, sem nefndar eru hér, er ófriðuð nú, en á samkv. frv. að verða alfriðuð, og um 4 þeirra er þannig ástatt, að þær eru friðaðar samkv. sérstökum lögum um visst árabil. Þegar á þetta er litið, þá verður glöggt, að með frv. er stefnt að því í heild að auka að mun friðun fugla frá því, sem nú er ákveðið.

Mér þykir rétt að víkja sérstaklega að ákvæðum frv. um friðun rjúpu. Það hefur hér á undanförnum þingum verið til athugunar, hvort alfriða ætti rjúpuna um vissan tíma eða um langt árabil og á hinn bóginn að leyfa veiði rjúpunnar nokkrar vikur á hverju hausti.

Það er álit dr. Finns Guðmundssonar fuglafræðings, sem hann hefur kynnt þingmönnum mjög rækilega, að fækkun á rjúpnastofninum eða þær sveiflur, sem eiga sér stað á rjúpnastofninum, standi ekki í sambandi við aukna veiði, heldur sé þar um að ræða aðrar orsakir. Og fuglafræðingurinn hefur lagt til, að nú um skeið yrði heimilað að veiða rjúpu nokkrar vikur á hverju hausti, og lagt á það áherzlu, að því yrði ekki breytt að svo stöddu, meðan verið væri að ganga úr skugga um, hvort skoðun vísindamanna í þessu efni hefði við rök að styðjast eða ekki. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þeim ákvæðum um friðun rjúpu verði ekki breytt, heldur lögfest, að heimilt verði að veiða rjúpu frá 15. okt. til 31. des. ár hvert.

Menntmn. hefur athugað frv. eins og það liggur nú fyrir, og n. mælir með því, að frv. verði samþ., og hefur ekki lagt fram brtt. við það, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Þess skal getið, að einn nm. var fjarstaddur, þegar málið var að lokum afgreitt úr nefndinni, og hefur af þeim ástæðum ekki skrifað undir nefndarálit.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 288, n. 449, 461).

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Snemma á þessu yfirstandandi þingi flutti ég frv. til heimildarlaga um fugladráp, aðallega rjúpu. Nú hefur hv. n., sem hafði með þetta frv. að gera, ekki skilað neinu áliti, og má það vera vorkunn, úr því að þetta stóra frv. hér um allsherjar fuglafriðunarlög hefur verið lagt fyrir hv. nefnd. En ég vildi taka það fram varðandi þann kafla í þessu frv., sem fjallar um fuglaveiðasamþykktir og nær að nokkru leyti þeim sama tilgangi sem ég fór fram á í mínu litla frv., að í 14. gr. frv. er gert ráð fyrir aðferð til þess að koma á samþykkt, sem ég held að verði ákaflega örðugt að framkvæma og ég vildi biðja hv. menntmn. að taka til nánari athugunar.

Í mínu frv. lagði ég til, að þegar sýslunefnd hefði gert samþykkt og þyrfti að fá hana staðfesta af héraðsbúum, þá yrðu kallaðir á þann fund eingöngu hreppsnefndarmenn á svæðinu, hreppsnefndar- og bæjarstjórnarmenn, ef um kaupstað er að ræða á viðkomandi svæði, og ég held, að það sé alveg nægilegt. En að fara að kalla allan almenning á slíkan fund, það held ég að verði mjög örðugt í skiptum, og gæti farið svo, að það yrði nokkuð hendingakennt, hverjir þar mættu og hverjir ekki. Ég geri ráð fyrir því, ef farið er út í það á annað borð að setja fuglaveiðasamþykkt, hvort sem það yrði varðandi dráp á rjúpu eða um aðra fugla um leið, þá yrði slíkt mál rætt í hverju sveitarfélagi á svæðinu, og þá ætti það að vera miklu léttara og eðlilegra í vöfunum að kalla á samþykktarfundinn eingöngu þá, sem eru í hreppsnefndum og bæjarstjórnum á viðkomandi svæði. Ég hef nú ekki flutt um þetta brtt., en vildi biðja hv. n. að taka þetta til athugunar.

Annað atriði er það, sem ég vil víkja að hér í sambandi við aðalfriðunarákvæðin, að samkv. þessum lögum er hér gert ráð fyrir því, að það megi drepa allar andir á vissum tíma árs og allar tegundir af gæsum, og er hvort tveggja kannske nokkuð vafasamt. En það er sleppt þarna einum fugli, sem fullkomin ástæða er til þess að heimila að megi einnig veiða, og það er álftin. Og það er vegna þess, að í mörgum héruðum er álftin hálfgerður skaðræðisgripur, vegna þess að það eru fleiri hundruð fuglar, sem oft safnast í engjalönd á beztu engjasvæði landsins á vorinu. Er það eins og að fá stóðhópa í engjarnar, og eru mjög margir menn, sem þessu hafa kynnzt og

kunnugir eru þeim málum, sem vita, að það verður að setja upp hræður eða hafa einhverjar varnir til þess að varna því, að engjarnar séu eyðilagðar af þessum stóru hópum af álftum. Nú er álftin að vísu, eins og margir okkar fuglar, ágætur og fagur fugl, en ekkert þó frekar en sumir aðrir, og það mikið af henni, að það mundi ekki vera nein hætta á því að leyfa veiði á þessum fugli eins og mörgum öðrum tiltekinn tíma af árinu. Ég vildi nú einnig biðja hv. n. að taka þetta til athugunar, og ef hún fellst ekki á að gera það, þá kynni að vera, að ég flytti um þetta brtt. fyrir 3. umr. málsins.

Að öðru leyti en þessu tvennu skal ég ekki fara út í málið, enda þótt hér sé um mjög viðtækt mál að ræða og kannske nokkuð vafasamt að knýja það í gegn á fyrsta þingi, sem það er sýnt, vegna þess að enda þótt hér hafi verið leitað umsagnar ýmissa manna um þetta mál, þá eru skoðanir á *því allmikið skiptar víðs vegar um land.*

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við frv. um fuglafriðun, sem hér liggur fyrir til umr.

Þær till., sem ég geri til breytinga, eru í samræmi við erindi, sem félag bjargveiðimanna í Vestmannaeyjum hefur sent Alþ. og liggur fyrir á lestrarsal, og eru þar allnákvæmar grg. fyrir hverju um sig af þeim atriðum, sem hér er gerð brtt. við.

Ég vil láta þess getið, að ég vantreysti á engan hátt þeim ágætu mönnum, sem frv. hafa samið. Þeir eru margir hverjir ágætir vísdómsmenn í fuglafræði og vita góð skil á þeim hlutum, sem þeir hafa hér fjallað um. Ég tel þó, að vel fari á því að auka við þeirra tillögur því, sem hinir reyndustu menn hafa við að bæta og miðar að því að vernda stofn íslenzkra nytjafugla. Í félagi bjargveiðimanna í Vestmannaeyjum eru ýmsir af þeim mönnum, sem hafa hvað mesta og lengsta reynslu að baki í því efni, hvernig fugl getur orðið bezt til nytja, og hafa að sjálfsögðu sem slíkir fullan áhuga á því, að ekki sé gengið á fuglastofninn.

*Lagafrumvörp, sem samin eru út frá almennum* sjónarmiðum, taka í sumum tilfellum ekki nægilegt tillit til sérstöðu þeirrar, sem á hverjum stað kann að vera, og því hagar einmitt þannig til í sambandi við veiði lunda og annarra nytjafugla í fuglabjörgum úteyja, að frv. virðist öllu meira sniðið við nytjar af æðarfugli og öðrum þeim fugli, sem fremur sést til af alfaraslóðum.

En hér eru sem sé breytingar, sem gera ráð fyrir því, að nýting fugls í fuglabjörgum í eyjum við strendur landsins geti orðið sem fullkomnust, og vitna ég að öðru leyti til grg. þeirrar, sem Bjargveiðimannafélag Vestmannaeyja undir forustu þess fróða og ágæta manns, Árna Árnasonar símritara, hefur sent Alþ. og liggur fyrir á lestrarsal.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Menntmn., sem fjallað hefur um þetta frv., hefur ekki haft tækifæri til þess að taka til athugunar þær brtt., sem fram eru komnar, og ekki heldur þau atriði, sem hv. þm. A-Húnv. benti á í ræðu sinni. Ég vil samt sem áður leyfa mér að fara um þessi atriði örfáum orðum.

Hv. þm. A-Húnv. vék að því, að þau ákvæði frv., sem fjalla um fuglaveiðasamþykktir, kunni að vera óþarflega margbrotin og verða óþarflega þung í vöfum, þar sem gert sé ráð fyrir að kveðja til fundar, þegar samþykkt er gerð, þá sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þau atriði, sem um er fjallað. En þessi ákvæði í frv. eru í samræmi við það, sem nú er í gildandi lögum og verið hefur lengi. Það eru í gildi sérstök lög, heimildarlög, um fuglaveiðasamþykktir í Vestmannaeyjum. Þau eru frá 1894, og þar segir svo um þetta atriði:

„Þegar sýslunefndinni virðist nauðsyn til bera að gera fuglaveiðasamþykkt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sé með nægum fyrirvara. Atkvæðisrétt á fundinum eiga allir þeir sýslubúar, er jörð eða jarðarhluta hafa þar til ábúðarafnota."

Og í sérstökum lögum, sem fjalla um fuglaveiðasamþykktir fyrir Drangey og eru frá 1912, eða hafa verið í gildi í meira en 40 ár, er þessu hagað á mjög svipaðan hátt. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þá er sýslunefnd hefur gert frv. til samþykktar samkv. 1. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar á þeim stað, er sýslunefnd tiltekur, alla héraðsbúa, þá er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum."

Nefndin, sem undirbjó þetta frv., mun einnig hafa haft til hliðsjónar lagaákvæði um lax- og silungsveiði, en í þeim lagabálki er gert ráð fyrir, að setja megi samþykktir á svipaðan hátt og að er stefnt með þessu frv. En í þeim lögum, sem eru frá 1941, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vilja menn stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefur verið stunduð í því fiskihverfi."

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þegar fuglaveiðasamþykktum er komið á, séu kvaddir til fundar allir þeir héraðsbúar, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindin, sem um er að ræða, m. ö. o., að það séu kvaddir til fundar eigendur þeirra jarða, sem hlunnindin eiga eða umráð þeirra eiga að hafa. Það getur vitanlega komið til álita að færa þessi ákvæði í það horf, sem hv. þm. A-Húnv. vék að, en ég vil þó á það benda, að eins og frv. er sniðið nú að þessu leyti, þá er það í samræmi við það, sem ákveðið er í lögum nú og reynsla er fengin fyrir.

Brtt. þær, sem prentaðar eru á þskj. 461, eru að mínum dómi ekki um veigamikil atriði í frv. Þar er gert ráð fyrir því, að skot skuli bönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, en í frv. er þetta mark sett 2 km, og það er í samræmi við það, sem er í lögum nú og hefur verið um alllangt skeið. Það er vitanlega matsatriði hv. þingmanna, hvort þeir vilja, að í löggjöfinni verði endanlega ákveðnir 3 km eða 2 km í þessu falli. Þá er enn fremur sú orðalagsbreyting í till. frá því, sem er í frvgr. sjálfri, að í frvgr. er það beint tekið fram, að skot skuli bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, en í brtt. er þessu orðalagi breytt þannig, að skot skuli bönnuð nær frið-

lýstum varpstöðvum nytjafugla. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað í þessari orðalagsbreytingu felst, vegna þess að eins og frá þessu er gengið í frvgr., þá er það í beinu sambandi við 2. málsgr. greinarinnar, sem hljóðar svo:

„Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.“

Ja, hvaða nytjafuglar eru það aðrir en æðarfuglinn, sem slík friðlýsing getur náð til? Fuglabjörgin verða ekki friðlýst, því að það er ætlunin að leyfa að nytja þau, og nytjar af fuglum öðrum en æðarfugli eru við það miðaðar að taka eggin eða veiða fuglinn sjálfan. Ég kem í fljótu bragði ekki auga á, um hvaða fuglategundir væri að ræða, sem féllu undir þetta ákvæði, aðrar en æðarfuglinn, og sýnist mér því, að þessi orðalagsbreyting sé í sjálfu sér óþörf.

Í b-lið brtt. er gert ráð fyrir því, að þar sem talað er um sýslumenn, að sýslumenn skuli friðlýsa æðarvörp í lögsagnarumdæmi sínu, þá á að bæta við orðinu „bæjarfógetar“. Það er sjálfsagt ekkert á móti því, að það sé gert, ef það er staðreynd, að æðarvörp séu til innan lögsagnarumdæma kaupstaða. Ég geri ráð fyrir því, að n., sem undirbjó frv., hafi litið þannig á, að friðlýst æðarvörp mundu ekki vera innan lögsagnarumdæma kaupstaða og þess vegna væri óþarfi að fela þetta bæjarfógetum.

Um brtt. við 10. gr. frv. vil ég taka það fram, að frá mínu sjónarmiði finnst mér, að þau ákvæði ættu fremur heima í sérstakri fuglaveiðasamþykkt, sem sett yrði fyrir Vestmannaeyjar. Brtt. fjallar eingöngu um aðstöðu í Vestmannaeyjum, en með ákvæðum frv. um fuglaveiðasamþykktir er gert ráð fyrir því, að sýslunefndum og bæjarstjórnum veitist heimild til þess, hverri í sínu héraði, að gera samþykktir um nytjun hlunnindanna, þ. e. a. s. nytjun fuglabjarga, á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögunum. Nú er 10. gr. frv. þannig, að hún fjallar um ákvæði til undantekningar frá meginreglunni um friðun fugla. Og sé því þannig farið, að einhvert bæjarfélag vilji ganga skemmra í því að veita slíkar undantekningar heldur en fyrir er mælt í 10. gr. frv., þá sýnist mér það liggja í augum uppi, að slík ákvæði væri heimilt að setja í fuglaveiðasamþykkt, og þar ættu þau heima.

3. brtt., við 25. gr., felur í sér þá orðalagsbreytingu, að því er mér virðist, að við þau tæki, sem óheimilt á að vera að nota til fuglaveiða, er bætt „svartfuglasnörur“. Fuglaveiði mun nú vera með mjög misjöfnum hætti á ýmsum stöðum á landinu, en ég hygg, að svartfuglasnörur muni vera með tvennum hætti, annars vegar snörur, sem komið er fyrir, festar í fuglabjargi, og af því gæti leitt, að fuglinn sæti fastur í slíkri snöru um nokkurn tíma og að af því leiddi kvalir fyrir fuglinn. En það eru líka til eða voru a. m. k. notaðar fram eftir þessari öld svartfuglasnörur, sem menn höfðu á skafti. Það voru veiðitæki ekki ósvipuð því, sem háfar eru, en miklu óveiðisælli, þar sem brugðið var snöru fyrir fuglinn í stað þess, að í háf er hann látinn festast í net. Hvað sem segja mætti um snörur, sem festar væru í fuglabjarg, þá liggur í augum uppi, að engin ástæða er til þess að banna svartfuglasnörur, sem veiðimaður hefði í höndum á svipaðan hátt og háf, því að slíkt veiðitæki er engu hættulegra en háfur, en hefur aðeins minni áhrif, þannig að það er óveiðisælla en háfurinn sjálfur.

Ég vildi nú láta þessar athugasemdir koma fram. Mitt sjónarmið er það, að í sjálfu sér sé óþarft að samþykkja þær brtt., sem fyrir liggja á þskj. 461, þótt þær séu ekki um stórvægileg atriði og mundu ekki raska frv. eða tilgangi þess, þótt samþykktar yrðu.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Mér þykir ástæða til að víkja fáeinum orðum að þeim athugasemdum, sem fram komu hjá hv. frsm. varðandi fuglaveiðasamþykktir. Það mun vera alveg rétt, sem hann tók fram, að það eru heimilaðar fuglaveiðasamþykktir í Vestmannaeyjum og í Drangey, og það er á þeim stöðum ákaflega auðvelt að boða alla þá hlutaðeigendur, sem hagsmuna hafa að gæta í þessum eyjum, þar sem er um svo smátt svæði að ræða. Sama er að segja um þá tilvitnun, sem fram kom hjá hv. frsm. varðandi stofnun veiðifélaga og fiskiræktarfélaga, sem venjulega ná til einnar ár, og þarf ekki að boða á slíka fundi meira fjölmenni heldur en þá menn, sem meðfram ánum búa, og gengur það þó eða hefur gengið fullörðuglega sums staðar á landinu að koma slíkum samþykktum á með nokkurn veginn sæmilegum hætti. Allt öðru máli er að gegna í þessu sambandi, ef ætti að setja á fuglaveiðasamþykktir, t. d. um bann gegn rjúpnaveiðum yfir stórt svæði, því að það gefur auga leið, að það er víða svo ástatt á landinu, að það væri þýðingarlaust að ætla sér að setja slíka samþykkt, nema hún næði yfir stórt svæði og venjulega þá yfir fleiri sýslur en eina. Við skulum hugsa okkur t. d., að það væri þýðingarlítið fyrir Borgfirðinga að setja sér slíka samþykkt, ef hún væri ekki einnig gildandi fyrir Mýrasýslu, og svona er víða. Það hefði næsta litla þýðingu fyrir t. d. Austur-Húnvetninga að setja slíka samþykkt, ef hún næði ekki yfir Vestur-Húnavatnssýslu líka og jafnvel stærra svæði, og þá er það áreiðanlega nokkrum örðugleikum bundið að boða allan almenning á fund til þess að ganga frá slíkum samþykktum, sem sýslunefnd kynni að setja, og hitt miklu einfaldara og eðlilegra, sem ég hef stungið upp á í mínu frv., að á slíka fundi séu ekki, þegar þannig stendur á, boðaðir nema hreppsnefndarmenn á svæðinu, eða ef um er að ræða, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, bæjarstjórnir líka. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga, en ef hún fæst ekki til þess, þá mun ég freista þess við 3. umr. að flytja um þetta brtt. við frumvarpið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 461,1 samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KGuðj, MJ, SÁ, SG, BÓ, EggÞ, EI, EOl, EirÞ, GilsG, GJóh, HV, BFB, JPálm, JR, JörB, SB.

**nei:** KJJ, PÞ, BergS, EmJ, GilsG, GÞG.

JóhH greiddi ekki atkv.

11 þm. (LJós, ÓTh, PO, SkG, StgrSt, ÁB, EystJ, GTh, HÁ, IngJ, JS) fjarstaddir.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 461,2 samþ. með 14:4 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 461,3 samþ. með 14:4 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
26.—32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
33.—40. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 471, 477, 488, 500).

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég nokkrum athugasemdum, sem ég hefði við frv. að gera, og gat þess þá, að ef þær yrðu ekki að neinu leyti teknar til greina af hv. menntmn., þá mundi ég freista þess að flytja brtt. varðandi þau atriði, sem ég minntist á. Ég hef nú flutt þær, og er þær að finna á þskj. 488.

Það er þá í fyrsta lagi að breyta c-lið 8. gr. þannig, að við bætist orðið „álft". Í þessum lið, c-lið, segir, að það megi veiða þá fugla, sem þar eru taldir upp, frá 20. ágúst til 31. okt., og þar er talið upp grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi, urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd og hrafnsönd. Sem sagt er í þessu frv., eins og það liggur fyrir, gert ráð fyrir því, að það megi veiða allar andategundir og allar gæsategundir, en ekki álft. Nú vita þeir, sem eru kunnugir okkar fuglalífi, að það er miklu auðveldara að veiða í stórum stíl jafngæfa fugla eins og andir eru, og það er líka á vissum tíma árs áreiðanlega auðveldara að veiða t. d. heiðagæsina, sem er mjög bundin við ákveðna staði, heldur en jafnstyggan fugl eins og álftin er. Og orsökin til þess, að ég tel, að það sé rétt, að hún sé ekki alfriðuð allt árið, er það, að þetta er á vissum stöðum skemmdarvargur, enda þótt það sé fallegur fugl, eins og margir aðrir okkar fuglar eru.

Þá er hin brtt. mín, eða í raun og veru bæði 2. og 3. brtt. með undirliðum, bundin við það eitt, að það er gert ráð fyrir samkv. brtt., að það séu fleiri sýslufélög eða bæjarfélög en eitt, sem geta gert fuglaveiðasamþykktir, en samkv. frv., eins og það er, er ekki gert ráð fyrir, að það sé nema einn aðili, ein sýslunefnd, sem stendur að hverri samþykkt. Nú er það t. d. vitaður hlutur, að það er þýðingarlítið fyrir Borgfirðinga eða heldur óeðlilegt fyrir Borgfirðinga t. d. að gera fuglaveiðasamþykkt fyrir sitt hérað, ef ekki eru Mýramenn líka með eða ef ekki er bæjarfélagið Akranes líka með. Allir þessir aðilar yrðu að vera með í því, ef það ætti fyrir þetta stóra hérað að gera fuglaveiðasamþykkt. Eins er þetta t. d. með Skagafjörð. Það er heldur einkennilegt að fara að gera fuglaveiðasamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu, ef ekki væri tekið með bæði Sauðárkrókur og jafnvel Siglufjörður. Mínar brtt. eru miðaðar við það að gera framkvæmanlegt, þegar mönnum sýnist svo, að það séu fleiri sýslufélög eða bæjarfélög saman um hverja fuglaveiðasamþykkt. Þar að auki eru, eins og nú er gengið frá frv., engin ákvæði um það, hvenær fundur sé lögmætur, sem boðað er til sem samþykktarfundar. Það geta sem sagt, ef á að boða þangað allan almenning, örfáir menn, sem af tilviljun koma á slíkan fund, ákveðið samþykkt eða staðfest samþykkt, sem sýslunefnd hefur gert. Allar þessar till. eru bundnar við það eitt, að það geti verið fleiri sýslun. eða bæjarstjórnir en ein, sem séu aðili að fuglaveiðasamþykkt, og því er ekki að leyna, að í þessu sambandi hef ég fyrst og fremst haft þann fugl í huga, sem ég hef flutt frv. um áður, sem er rjúpan. Og það er gefinn hlutur, að það er þýðingarlaust að fara að gera samþykkt um sérstaka friðun á rjúpu og önnur þau atriði, sem þar koma til greina, nema því aðeins að það sé töluvert stórt svæði, sem tekið er með. — Að öðru leyti sé ég ekki, nema tilefni gefist síðar til, ástæðu til að segja um þessar brtt. fleiri orð.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja nokkrar brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir til 3. umr. Þessar brtt. eru á þskj. 477. Ég skal taka það fram, að þessar till. eru í öndverðu komnar frá sýslunefndunum í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og voru sendar rn. því, sem mál þetta hefur með höndum, á árinu sem leið. Ég hef tekið till. upp eins og sýslunefndirnar gengu frá þeim, að undanskilinni brtt. við a-lið 8. gr., en þar hef ég farið eftir bendingu í þessu erindi sýslunefndanna. Nú kunna hv. þingmenn að spyrja sem svo, hvort sérstök ástæða sé til þess að vera að flytja hér á hv. Alþ. tillögur frá tveimur sýslunefndum í þessu máli. En ég vil benda á það í þessu sambandi, að í þessum hluta landsins, í Þingeyjarsýslum báðum, er sérstaklega mikið fuglalíf og fjölbreytt, þannig að ég efast um, að nokkur landshluti sé sambærilegur að því leyti. Á sumum svæðum þar er t. d. meira um æðarvörp heldur en — að ég ætla — nokkurs staðar annars staðar á landinu að undanteknum Breiðafirði. Á öðrum svæðum í þessum héruðum er t. d. mikið um bjargfugl, einkum á Langanesi. Við Mývatn eru, eftir því sem mér er tjáð af fróðum mönnum, fleiri tegundir anda heldur en á nokkrum öðrum stað á landinu, og þar er mikið andavarp til nytja. Sama er að segja um fuglalíf annars staðar en við sjó og vötn, að það er í þessum héruðum ákaflega mikið og fjölbreytt, — og má segja, að það sé nú reyndar víðar. En því er ég að nefna þetta hér, að þegar þetta er athugað, þá má af líkum ráða, að það fólk, sem þessi héruð byggir, hefur a. m. k. ekki minni — og ég geri ráð fyrir meiri — áhuga en aðrir landsmenn fyrir þeim málum, er fuglalífið varða, þ. á m. löggjöf um nytjar af fuglum, því að það er einmitt hagsmunamál margra manna á þessum slóðum að hafa nytjar af ýmsum tegundum fugla. Þarna eru því ýmsir, sem hafa haft ástæðu til þess að hyggja vandlega að þessum málum, og það er auðsætt á því, sem frá þessum sýslunefndum

hefur komið, í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu, að þær hafa lagt í það allmikla vinnu, skilað rökstuddu áliti og tillögum um þetta mál. Ég hef því talið rétt og skylt að láta þessar till. koma fram hér fyrir auglit hv. þm., þannig að þeir gætu athugað þær og myndað sér skoðun um þær. Ég skal svo stuttlega gera grein fyrir þessum tillögum.

1. till. á þskj. 477 er við 3. gr. Hún er þess efnis, að ef landareign er í óskiptri sameign, þá skuli landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í landareigninni í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan, þ. e. a. s., að till. er í raun og veru um þetta, að veiðirétturinn skuli vera í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan, og skýrir þetta sig sjálft.

2. brtt. er við 5. gr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Afréttir og almenningar, er liggja utan lögbýla og enginn getur sannað eignarrétt sinn til, skulu friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Þó getur ráðh. veitt valinkunnum mönnum veiðileyfi þar um takmarkaðan tíma og takmarkað leyfi til eggjatöku, enda komi meðmæli fuglafriðunarnefndar til hverju sinni.“

Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að öllum íslenzkum ríkisborgurum séu heimilar fuglaveiðar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Hér er því lagt til, að algerlega sé breytt um og að fuglar í þessum almenningum séu yfirleitt friðaðir, nema með sérstökum undantekningum. Það er fært fram til rökstuðnings þessari till., að með þeirri miklu tækni, sem nú er orðin í samgöngum, þá geti það orðið mjög hættulegt fyrir fuglalíf í óbyggðum landsins, að menn geti farið þangað eftir vild og hvað margir sem vera skal og herjað þar, eftir því sem þeim sýnist. Í byggðum er þetta svo, að landeigendur geta takmarkað slíkt, ef þeim sýnist svo, jafnvel þó að á veiðitíma sé. Ég hef orðið var við þann misskilning í sambandi við þessa till., að af henni mundi leiða, að á ýmsum svæðum, t. d. í ýmsum afréttum nærri byggðum, mundu fuglaveiðar algerlega vera bannaðar samkvæmt þessu, t. d. rjúpnaveiði. En í því sambandi er þess að geta, að margar þessar afréttir nærri byggðum eru eign einhverra jarða, þannig að ákvæði þessarar brtt. tekur ekki til þeirra, heldur mundi það aðallega snerta þær óbyggðir, sem fjær eru, og miðbik landsins, sem þarna yrði alfriðað. Ég vil taka það sem dæmi, sem mörgum er sjálfsagt ókunnugt um, að t. d. Mývatnsöræfi, frá Mývatnssveit og allt austur að Jökulsá, það mikla flæmi, sú mikla óbyggð, eru að miklu leyti eign jarða í Mývatnssveit. Þannig er það víða um afréttir, að þessi ákvæði mundu ekki taka til þeirra.

3. brtt. er við 6. gr. og er nokkur takmörkun á því, að starfsmenn frá náttúrugripasafninu geti skotið fugla og tekið egg hvar sem er. Það er gert ráð fyrir því, að það þurfi þó samþykki hlutaðeigandi landráðenda til þess, og virðist það eðlilegt, að menn geti ekki, jafnvel þó að starfsmenn þessa safns séu, farið inn á landareignir manna til þess að skjóta fugla eða taka egg, nema landeiganda sé kunnugt um það eða umráðamanni lands.

Þá er 4. brtt. við 8. gr., en 8. gr. í frv., eins og það liggur fyrir, fjallar um friðunartíma og ófriðunartíma einstakra fuglategunda. Þessar till. minar eru við nokkra stafliði í 2. tölul. gr. og stefna í þá átt yfirleitt að lengja friðunartímann og fækka þeim fuglategundum, sem heimilt er að veiða. Þannig er hér lagt til, að þær tegundir, sem fjallað er um í c-lið, megi aðeins veiða frá 20. sept. til 31. okt. í stað 20. ágúst til 31. okt. En þær fuglategundir, sem þarna er um að ræða, eru gæsa- og andategundir. Kunnugir menn telja, sérstaklega varðandi endur, að það sé allt of snemmt að leyfa veiði þeirra 20. ágúst, því að margt af andarungum sé þá enn ófleygt, sérstaklega þegar seint sumrar. Ég ætla að þetta sé rétt.

Þá er lagt til, að f-liðurinn breytist þannig, að alfriðaður verði himbrimi, sefönd og stóra toppönd, en kunnugir menn telja, að sérstaklega tvær af þessum tegundum, stóra toppönd og himbrimi, séu orðnar mjög fáséðar og liggi við, að eyðing þeirra sé yfirvofandi, þess vegna sé fráleitt að leyfa að veiða þessar tegundir. Samkv. minni till. yrði eftir f-lið leyft að veiða lóm og litlu toppönd á tímabilinu frá 20. ágúst til 20. apríl.

Þá er lagt hér til, að veiðitími rjúpu sé aðeins frá 1. nóv. til 22. des., en í frv. er lagt til, að byrja megi að veiða rjúpu 15. okt. Er því um nokkra styttingu að ræða, nokkuð tekið framan af veiðitímanum. Auk þess ætti nú að þykja tilhlýðilegt, að rjúpan væri friðuð um jólin, og þess vegna er hér miðað við 22. des.

Þá er það 5. brtt., við 19. gr. Hún er um takmörkun á því að nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta og önnur vélknúin farartæki til fuglaveiða. Greinin er um þetta í frv., en hér er lagt til að takmarka nokkru meira en þar notkun þessara tækja til þess að vinna á fuglum.

6. brtt. er við 20. gr. Sú grein er í frv. í þremur liðum og er um notkun ýmissa tækja til fuglaveiða. Ég legg til, að 1. tölul. orðist þannig, að net megi ekki nota til fuglaveiða nema háfa og að 3. tölul. falli þá niður.

Eins og hv. þm. hafa heyrt, ganga þessar brtt. yfirleitt í þá átt að takmarka meira en frv. gerir heimild til þess að veiða fugla, og er þetta hér fram komið sem almenn stefna manna í héraði, sem miklar nytjar hefur af fuglum, þannig að gera má ráð fyrir, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, sjái sér einmitt hag í því að hafa friðunina meiri en frv. gerir ráð fyrir.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Menntmn. hefur tekið þetta mál til umræðu að nýju, eftir að 2. umr. málsins fór fram hér í d. N. hafði borizt eindregin ósk um það frá þingmönnum Skagf., að nokkuð yrði slakað til á ákvæðum frv. í 21. gr. um að banna veiði með flekum. Sú veiðiaðferð mun hvergi stunduð hér á landi nema við Drangey og ef til vill eitthvað við Grímsey. Þingmenn Skagf. telja, að með því að banna algerlega þessa veiðiaðferð, þá jafngildi það nánast því að banna fuglaveiði við Drangey. Hæstv. landbúnaðarráðherra kom á fund menntmn. til viðræðu um

þetta atriði, og dr. Finnur Guðmundsson, sem var form. þeirrar n., er samdi frv., mætti einnig þar til viðræðu á fundi n. Niðurstaðan af þessu varð sú, að menntmn. flytur brtt. á þskj. 500, sem felur í sér undantekningarákvæði að þessu leyti á þann hátt, að ef ákveðið er í fuglaveiðasamþykkt, sem sýslunefnd setur, að nota megi snörufleka til veiða á takmörkuðum svæðum, þá teljist það heimilt.

Það er stefnt að því með frv., sérstaklega með 10. gr. þess, að koma í veg fyrir, að þau hlunnindi, sem landeigendur hafa haft af nytjum fugla, þurfi að leggjast niður, þó að frv. þetta verði lögfest, og í samræmi við það þótti menntmn. rétt að verða við þeim tilmælum, sem henni bárust um þessa breytingu, og hefur því lagt þessa till. fram og vill að sjálfsögðu mæla með því, að hv. þd. fallist á hana.

Síðan 2. umr. um þetta mál fór fram hér í d., hafa komið fram þær brtt., sem hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. N-Þ. hafa nú gert grein fyrir. Í brtt. hv. þm. A-Húnv. er lagt til að leyfa veiði á álftum nokkurn hluta úr ári. Þess ber að gæta, að álftir eru nú alfriðaðar samkv. gildandi lögum og hafa verið a. m. k. síðan 1913, að þau lög voru sett. Og þar sem það er nú meginstefna þessa frv., sem hér liggur fyrir, að auka friðun fugla frá því, sem verið hefur, þá telur menntmn. ekki rétt að gera þá undantekningu með að leyfa veiði á álftum, sem þessi till. fjallar um.

Ég benti á það hér við 2. umr. málsins, að ákvæði þessa frv. um fuglaveiðasamþykktir eða hvernig til þeirra skyldi stofnað væru í fullu samræmi við þau lagaákvæði, sem nú eru í gildi um þessi efni og reynsla er fengin fyrir. Þessar fuglaveiðasamþykktir, sem frv. fjallar um, eru bundnar við nytjun þeirra hlunninda, sem um ræðir í 10. gr., og er það því á allan hátt eðlilegt, að þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þau hlunnindi, fjalli um þessar fuglaveiðasamþykktir, um leið og þær eru settar á stofn.

Í brtt. hv. þm. N-Þ., 1. lið þeirra, er lagt til, að bætt verði við fyrri málsgr. 3. gr. frv. því ákvæði, að fuglaveiðiréttur landeigenda í óskiptri sameign sé í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan. Í sjálfu sér virðist þetta ákvæði ekki óeðlilegt, en þess ber að gæta, að það mundi verða torvelt í framkvæmd; m. a. þegar landeigandi veitir veiðileyfi, en stundar ekki veiðina sjálfur, þá yrði næsta erfitt að fylgjast með því, að veiðin yrði í hvert sinn í réttu hlutfalli við afnotarétt landsins.

En veigamesta brtt., sem hv. þm. N-Þ. ber fram, er 2. brtt. hans, sem fjallar um það, að fuglaveiði verði algerlega bönnuð á almenningum, sem liggja utan lögbýla og enginn getur sannað eignarrétt sinn til. Þetta ákvæði er mjög gamalt. Hér er ekki neitt nýmæli á ferð, sem sett er inn í frv., eins og frvgr. er orðuð, því að í fuglaveiðasamþykkt frá 1849, sem enn er í gildi, en á að afnema með þessu frv., segir svo í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til, en á almenningum er öllum veiði jafnheimil."

Þannig er inn í frv., eins og það liggur fyrir, fellt þetta meira en hundrað ára gamla ákvæði, sem ekki er kunnugt um að sérstaklega hafi verið kvartað yfir, þótt í gildi væri. Þess ber líka að gæta, að hin almennu ákvæði frv. um friðun fuglategundanna ná jafnt til þeirra fugla, sem verpa eða hafa aðsetur á almenningum, eins og þó að þeir fuglar séu í byggð. Veiðin er aðeins leyfð innan þeirra takmarka, sem hin almennu friðunarákvæði frv. leyfa. Þessi till. er í raun og veru um það að takmarka rétt til fuglaveiða algerlega við landareign, þannig að öllum Íslendingum, sem búa í kaupstað, sé fuglaveiði óheimil nema fá til þess leyfi einhvers landeiganda. Orðalag till. er líka á þann hátt, að nokkrum erfiðleikum kynni að valda í framkvæmd. Í till. segir: „Þó getur ráðherra veitt valinkunnum mönnum veiðileyfi." Ráðherra yrði í hverju dæmi að meta það, hverjir væru valinkunnir menn og hverjir ekki. Ég álít, að þetta yrði ekki alls kostar vandalaust í framkvæmd.

3. brtt. er um nokkru meiri takmörkun á starfssviði þeirra manna, sem starfa við dýrafræðideild náttúrugripasafnsins, heldur en frv. gerir ráð fyrir. Till. hv. þm. N-Þ. er samhljóða till., sem sýslunefnd Þingeyjarsýslu gerði um þetta mál, en eins og frvgr. er núna í frv., þá er hún nákvæmlega samhljóða till., sem sýslunefndir beggja Húnavatnssýslna gerðu um þetta atriði málsins. Þetta er nú dæmi um, í hvaða vanda hv. þdm. mundu lenda, ef hver um sig ætlaði að fara að halda fram nákvæmlega því orðalagi, sem sýslunefnd úr kjördæmi því, sem hver einstakur þingmaður er, hefði lagt til. N., sem hefur samið frv., hefur lagt sig mjög fram um að þræða það orðalag, sem bezt hentaði, en gæta þess þó jafnframt að taka svo mikið tillit til þeirra sjónarmiða, sem fram hafa komið frá einstökum sýslunefndum, sem fært þykir. Það er því álit menntmn., að eðlilegast sé, að þessi frvgr. standi óbreytt.

4. brtt. hv. þm. N-Þ. fjallar um að breyta nokkuð ákvæðum frv. um friðun einstakra fuglategunda. Í a-lið till. er lagt til, að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að heimilt verði að veiða gæsir og ýmsar andategundir frá 20. ágúst, þá leggur hv. þm. N-Þ. til, að veiðitíminn megi ekki byrja fyrr en 20. sept., eða einum mánuði síðar. Tímamarkið 20. ágúst er miðað við það, að þá sé varptíma tegundanna lokið og ungar þeirra orðnir fleygir og sjálfbjarga. En það er kunnugt, að sumar þær tegundir, sem þarna er rætt um, t. d. gæsir, gera nokkur spjöll á garðlöndum manna og sáðreitum einmitt á þessum tíma, síðari hluta ágústmánaðar og september, þegar þær koma frá varpstöðunum og áður en þær fara til sjávar eða til annarra landa. Ég hygg því, að ýmsir bændur og þeir, sem rækta garðagróður hér á landi, yrðu ekki þakklátir fyrir það, ef gæsir yrðu friðaðar einmitt þennan mánuð, sem þær gera mest spjöll. — Þá er gert ráð fyrir í brtt. hv. þm. N-Þ. að leyfa veiði á lóm og litlu toppönd um tiltekinn tíma árs, en alfriða stóru toppönd og helsingja. Forstöðumaður náttúrugripasafnsins, sem mun nú hafa manna mesta þekkingu á fuglalífi landsins, telur, að hvorki helsingi né stóra toppönd séu svo sjaldgæfir fuglar, að nokkur hætta sé á, að þeir fuglastofnar gangi til þurrðar eða þeim verði gereytt, þótt

veiði þeirra verði leyfð þennan tiltekna tíma eins og frv. gerir ráð fyrir. — Þá vill hv. þm. N-Þ. stytta veiðitíma rjúpunnar frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., þannig að rjúpnaveiði megi ekki hefja fyrr en 1. nóv., í stað þess að frv. gerir ráð fyrir, að þá veiði megi hefja 15. okt. Þessi brtt. er ástæðulaus, en mun raunar hafa lítið gildi, því að rjúpnaveiðar hefjast ekki að jafnaði fyrr en komið er nokkuð fram á haustið. Þá vill hv. þm. enn fremur stytta veiðitímann þannig, að í stað þess að frv. gerir ráð fyrir að heimila veiði til áramóta ár hvert, þá sé veiðitímanum lokið 22. des., væntanlega til þess að rjúpan fái jólafrí. En ég hygg, að rjúpnaveiði sé nú ekki stunduð yfir jólahelgina sjálfa, og enda mun það nú vera bannað samkv. öðrum lögum, svo að þessi brtt. hefur þar af leiðandi mjög lítið gildi, og virðist eðlilegast að halda sig við þau ákvæði, sem frv. hefur að geyma um þetta efni.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þetta nánar í einstökum liðum, en ég vil að lokum benda á það, að við atkvgr. eftir 2. umr. í þessari hv. d. var samþ. að breyta orðalagi, sem við nánari athugun fær ekki staðizt og ég benti raunar á þegar við umr. Í frv., eins og það lá þá fyrir þessari hv. d., var talað um friðlýst æðarvörp, en þessu breytti d. í friðlýstar varpstöðvar nytjafugla. Slíka friðlýsingu nytjafugla, annarra en æðarfugls, er ekki um að ræða hér á landi, og þetta orðalag er þess vegna sízt til bóta eða nákvæmara heldur en það var upphaflega í frv. Og eins og kunnugt er, þá eru fuglar flokkaðir eftir líkamsbyggingu þeirra, og slíkri flokkun verður ekki breytt með ákvæðum í löggjöf. Nú er það svo, að ránfuglar hér á landi eru fáir og svo sjaldgæfir, að nauðsyn þykir bera til, að þeir verði alfriðaðir, enda hefur svo verið með sérstökum lögum nú um nokkurt árabil, að örn og fálki eru alfriðaðir, og smyrill á að verða það samkv. þessu frv., ef að lögum verður. En það eru aðeins þrjár fuglategundir, sem eiga að verða ófriðaðar, þ. e. kjói, hrafn og svartbakur, en í þessari hv. d. var samþ. eftir 2. umr., að það mætti ekki skjóta, nema brýna nauðsyn bæri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Veiðibjallan verður ekki ránfugl, hvað sem um þetta segir í lögum, og þess ber að gæta, að þetta frv., ef að lögum verður, á að þýða á erlend mál og senda til alþjóðafuglaverndunarsambandsins svo fljótt sem auðið verður, og er því ástæða til að gæta varúðar við að fella inn í það brtt. nema að nokkuð vel athuguðu máli. Þetta vildi ég láta koma fram hv. þdm. til athugunar og mæli með því f. h. menntmn., að brtt. sú, sem n. flytur á þskj. 500, verði samþ., en frv. að öðru leyti afgr. eins og það liggur nú fyrir eftir 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 477,1 samþ. með 18:3 atkv.
— 477,2 felld með 16:10 atkv.
— 477,3 samþ. með 19:1 atkv.
— 488,1 felld með 18:8 atkv.
— 477,4 felld með 16:9 atkv.
Brtt. 488,2 samþ. með 14:10 atkv.
— 488,3 samþ. með 15:12 atkv.
— 477,5 samþ. með 15:6 atkv.
— 477,6 samþ. með 20:6 atkv.
— 500 samþ. með 20:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 41. fundi í Sþ., 24. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 528).

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Mál þetta hefur verið í deiglunni nokkuð lengi. Var það fyrst undirbúið af nokkrum sérfræðingum og áhugamönnum og lagt fyrir þingið. Þá var óskað eftir frekari athugun. Sú athugun átti sér síðan stað, með því að leitað var til sýslunefnda í landinu og fengið þeirra álit um frv. Sérfræðingarnir athuguðu þær álitsgerðir og menntmrn. athugaði síðan rækilega allar þær till., sem fram voru komnar, og lagði frv. með nokkrum breytingum fyrir hv. Nd. í vetur. Má því segja, að málið sé nú búið að fá mjög rækilega meðferð. Á því hafa verið gerðar nokkrar smávægilegar breytingar í Nd. Fljótt á litið sýnast mér þær ekki skipta miklu máli, en ég vildi beina því til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún beri sig saman við þá sérfræðinga, sem hafa átt mestan þátt í samningu frv., um það, hvort þeir telji frá sínu sjónarmiði nokkuð við brtt. að athuga. Að svo mæltu vil ég mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn., sem það hefur, að því er ég hygg, verið í í Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 528, n. 655, 608).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Þetta mál er engan veginn nýtt hér á Alþingi, því að það kom fyrst fram 1951 í því formi, sem það var samið. Það var þó ekki tekið til efnislegrar afgreiðslu á Alþingi þá, heldur taldi menntmn. Nd., sem tók það til meðferðar, að réttast væri, áður en lengra væri farið, að leita umsagna sýslunefnda og bæjarstjórna, og tók nokkurn tíma að fá afgreiðslu frá þessum sýslunefndum og bæjarstjórnum, einkanlega bæjarstjórn Vestmannaeyja, því að það snertir Vestmannaeyjar allmikið. Síðan tók sama nefndin við þessu frv. aftur sem hafði samið það og vann úr þeim gögnum, sem hún hafði fengið frá sýslunefndum og öðrum, og eftir þá endurskoðun var frv. aftur tilbúið 1952, en hefur þó ekki komið fram á Alþingi fyrr en nú. Frv. hefur gengið í gegnum Nd. með nokkrum breytingum, en menntmn. Ed. hefur haft það til umr. og gert á því

nokkrar breytingar, sumar og reyndar flestar fara í þá átt að færa það í sama stíl og það var í upprunalega frv.

Það er 6. gr. frv., sem fyrst er gerð brtt. við, og hún er um að umorða greinina og koma henni í sama horf og hún var í upphaflega frv. Það er um, að starfsmönnum frá dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands skuli heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið. En í frv., sem kom frá Nd., var ákvæðið þannig, að þeir megi merkja fugla, skjóta fugla og taka egg í samráði við landeiganda, en í óbyggðum því aðeins, að þeir hafi leyfi ráðherra fyrir því. Þetta hefur verið fellt niður, og er þetta eins og frv. var í upphafi.

Um 9. gr. er það að segja, að þar var gerð breyting á og fært á sama hátt og hafði verið upphaflega í frv. Breytingin liggur aðallega í því, að í frv. frá Nd. stendur, að skot skuli bönnuð „nær friðlýstum varpstöðum nytjafugla en 3 km", en samkv. breytingunni: nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km. Svo eru smávegis orðalagsbreytingar í 9. gr., þar sem í stað „bæjarfógetar og sýslumenn" skuli koma: lögreglustjórar.

Við 10. gr. er sú breyting, að 3. málsgr. falli niður. Það kemur til af því, að það hljóðar eingöngu um Vestmannaeyjar. Í Vestmannaeyjum skulu svartfugl, langvía, stuttnefja, álka og lundi vera algerlega friðuð fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönnuð frá 15. apríl til 1. september. Þetta er talið rétt að falli niður, vegna þess að fuglaveiðasamþykktir geta alveg ráðið um þetta, og er því engin þörf á að hafa það í sjálfum lögunum.

19. gr. er breytt aftur. Hún fjallar um það, að eigi megi nota flugvélar, bifreiðar eða vélbáta eða önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum til fuglaveiða til að elta uppi fugla eða reka. Það hafði verið felld þarna úr upphaflega frv. setning, sem sett var inn af nefndinni: „Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað." Það er til að gera það skýrara, að það er ekki óleyfilegt að nota t. d. bifreiðar til að komast að veiðisvæði. En með frv. er átt við það um leið, að ekki má skjóta fugla úr bifreiðum eða úr flugvélum eða einhverjum öðrum ferðatækjum.

Á 20. gr. er gerð sú breyting, að eigi megi nota net til fuglaveiða á sjó eða vötnum. Það er eins og var upphaflega í greininni. Aftan við greinina bætist auk þess ný málsgr., sem sé þannig: „Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netjunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til bjargfuglaveiða."

Við 21. gr., sem er síðasta greinin, sem breyting er gerð á, er lagt til, að orðið „svartfuglasnörur" falli niður. Það er þannig, að það sé leyft að veiða í svartfuglasnörur, sem er nú víst mjög lítið tíðkað, af því að það sé um leið fljótasta og öruggasta aflífunaraðferðin. Í þessari grein er felldur niður síðari málsl., en hann hljóðar svo, eins og það kom frá Nd.: „Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum." Nefndin er andvíg þessu ákvæði og leggur til, að það sé fellt niður.

Fleiri breytingar voru ekki gerðar á frv., og vonast nefndin til, að það geti orðið samþykkt í þessu formi, sem það er.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja litla brtt. á þskj. 608 við fuglafriðunarfrv. Sú till. snertir eingöngu 8. gr. Hún er í þremur liðum.

A-liður brtt. er um það að leyfa ekki veiði andfugla þeirra, sem um ræðir í c- og d-liðum 8. gr., fyrr en 20. sept. í staðinn fyrir 20. ágúst, þ. e. að að lengja friðunartíma þeirra um einn mánuð. Till. er byggð á þeirri staðreynd, að 20. ágúst er margt unga þessara fugla enn ófleygt, einkum þegar seint sumrar, eins og oft vill verða í landi okkar. Það er í alla staði ómannúðlegt að leyfa dráp á ófleygum unga, sem þá er hægt að elta uppi. Einnig er margt anda 20. ágúst enn í sárum.

B-liður brtt. er um það að lengja friðunartíma þeirra fugla, er þar um ræðir, um 20 daga, þannig að veiðitíminn byrji 10 dögum seinna en frv. gerir ráð fyrir og endi 10 dögum fyrr. Þetta legg ég til vegna þess, að þessir fuglar eiga líka ófleyga unga og eru enn í sárum eins og fuglarnir, sem um ræðir í c- og d-liðum, á haustin, þegar 20. ágúst er kominn, en það bætir nokkuð úr að friða þá 10 dögum lengur. Enn fremur er það, að þessir fuglar eru farnir að búa sig undir varptímann seint í apríl, og þá er óviðeigandi að leyfa dráp á þeim. Einnig felst í till. sú breyting, að himbrimi sé alfriðaður. Ég legg til, að hann verði tekinn út úr liðnum. Himbriminn, sem stundum er kallaður brúsi, er mjög fallegur fugl, áberandi í ríki náttúrunnar, þar sem hann á annað borð fyrirfinnst, og mjög eftirsóttur. Hann er að verða fáséðari og fáséðari, og þess vegna er að mínu áliti nauðsynlegt að alfriða hann. Ef hann hyrfi úr hinu tiltölulega fábreytta fuglaríki Íslands, þá væri það mikill sjónarsviptir.

C-liður till. er um friðun rjúpunnar. Till. er um, að friðun hennar byrji 23. des., þ. e. rétt fyrir jólin. Óviðeigandi er það og alveg óþarft, að menn noti jólahelgina til þess að bana rjúpunni.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þessum till. verði vel tekið; ég tel, að þær séu allar áreiðanlega til bóta.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Út af þessari brtt., sem flutt er af hv. þm. S-Þ., þá var hún ekki komin fram, þegar við héldum nefndarfundinn, en á fundinum var mættur dr. Finnur Guðmundsson, og fór hann í gegnum frv. með okkur. Ég er ekki bær um að greiða atkv. um nú þegar, hvort þetta sé bót eða ekki á frv., — ég býst við, að a. m. k. sumt sé heppilegt í því, — og ég vildi gjarnan fá að athuga þetta til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 655,1 (ný 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 608 tekin aftur til 3. umr.
8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 655,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 655,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 655,4 (ný 18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 655,5 (ný 19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 655,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 655,7.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 655,7.b samþ. með 11 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
22.—25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
33.—40. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 685, 608).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lá fyrir brtt. frá hv. þm. S-Þ., og þá óskaði ég eftir, að hann drægi hana til baka til 3. umr., hvað hann og gerði, meðan ég aflaði mér upplýsinga hjá dr. Finni Guðmundssyni um, í hverju sú breyting væri og hvað mundi vera réttast í því efni. Nú hef ég átt samtal við dr. Finn um þetta, og benti hann mér á, að í a-liðnum, þ. e. breytingunni við 8. gr., þar sem farið er fram á, að tímatakmarkinu sé breytt og „20. september“ komi í stað „20. ágúst“, væri um að ræða farfugla, sem eru nokkuð skotnir hér á landi, en þó ekki mjög. En hann tjáði mér um einmitt þessa fugla, þegar þeir kæmu til annarra landa, t. d. Skotlands, Englands og víðar, þá væri mjög setið fyrir þeim og þeir drepnir í stórum stíl, og átti hann við það, að með því, að hér væri ekki sá skottími, sem tiltekinn er í frv., þá væri viðbúið, að flestir þessara fugla væru horfnir, og taldi hann ekki neina bót að þessari brtt. á þskj. 608 um þetta efni. Þar á meðal eru nú aðallega endur og heiðagæsir, en þær verða horfnar héðan að miklu leyti á þeim tíma, sem er endatakmark í þessu tilfelli, og gat hann þess í sambandi við þetta, að við merkingu heiðagæsanna, sem var gerð hér uppi í hálendinu, voru merktar um 10 þús. gæsir, og hafa verið skotnar fimm hér á landi með þessu merki, en 600 á Bretlandi, sýndi það, hvað lítið væri drepið af þessum fugli hérna, sem væri alinn upp handa þeim, sem við taka, þegar suður yfir hafið kemur, og ef menn vildu hafa gagn af því að skjóta þessa fugla, þá væri ekki heppilegt að breyta þessu tímatakmarki.

2. brtt. á þskj. 608 er við f-lið, þar sem veiði er heimiluð frá 20. ágúst til 30. apríl. Þar er talið upp lómur, himbrimi, sefönd, stóra toppönd og litla toppönd. En um friðunina er í brtt. talað frá 1. sept. til 20. apríl. Dr. Finnur telur, að þessar tegundir allar séu mjög skaðlegar silungs- og laxveiði, vegna þess að þær lifi mikið á seiðum og meira að segja sækjast eftir smáum silungum sumar hverjar, eins og lómur og himbrimi, sem eru mjög gráðugir, og hann telur ekki koma til nokkurra mála að taka himbrimann undan, því að hann sé mjög gráðugur fugl, og eftir því sem hann viti bezt, allt frá aldamótum, hafi ekki fækkað himbrima hér á landi, hann hafi máske flutt sig meira úr sveitunum og upp á hálendið, og það sé ekki að sjá, að honum fækki.

Þá er um 3. till. Það er um friðun rjúpu, að friðunartíminn endi 22. des. í stað 31. des., eins og nú er, en friðunin byrjar, eins og kunnugt er, 15. október. Um þetta sagði dr. Finnur, að því gætu menn ráðið eins og þeir vildu. Ég sagði honum frá, að þar sem ég vissi til, þá væri rjúpnaveiði ekki svo mikið stunduð frá jólum til nýárs, en það væri sá tími, sem um væri að ræða, en væri hætt þó aðeins fyrir jól, svo að menn væru ekki á veiðum beinlínis á aðfangadaginn.

Ég hef nú lýst þessum skoðunum dr. Finns um þetta mál, og þess vegna hafði ég fengið ósk mína uppfyllta um að láta bíða, að brtt. kæmi til atkv., þangað til nú. Ég býst við, að flm. geri einhverja frekari grein fyrir máli sínu.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að efast um, að hv. frsm. menntmn. hafi farið rétt með ummæli dr. Finns Guðmundssonar, og ekki vil ég heldur í neinu kasta rýrð á þann ágæta fræðimann, dr. Finn Guðmundsson. Þó er það svo, að ég get ekki fallið frá þessari till., sem ég hef lagt fram, því að ég fyrir mitt leyti lít svo á, að hún muni vera réttmæt. Að vísu skal ég játa, að ég er ekki sérstaklega vel að mér um þessa hluti, en á bak við till. mína stendur álit tveggja manna, sem ég vil leyfa mér að kalla náttúruskoðara, tveggja manna í Þingeyjarsýslum, sem voru til þess kjörnir af sýslunefndum þar ásamt oddvita sýslunefndarinnar að athuga frv., sem upphaflega var fram lagt og sent sýslunefndum til umsagnar. Þessir tveir náttúruskoðarar eru að vísu leikmenn, en komið hefur það fyrir, að leikmenn, sem lifa og hrærast með náttúrunni, hafa reynzt lærðum mönnum glöggskyggnari í einstökum efnum. Þessir menn, sem ég vitna til að því er tillögu mína snertir, eru Bjartmar hreppsstjóri Guðmundsson á Sandi, sem alinn var upp í garði föður síns, Guðmundar skálds á Sandi, við ást og glöggskyggni á dýra- og fuglalífi. Hinn maðurinn er Theodór Gunnlaugsson bóndi á Hafurstöðum í Axarfirði, annálaður náttúruunnandi, en jafnframt frægur skotmaður. Ég er viss um, að báðir þessir menn vita af eigin sjón og raun, hvað þeir eru að segja um þessi efni, að ungar andfuglanna, sem um ræðir í a- og b-lið till. minnar, eru oft og tíðum ófleygir 20. ágúst og himbriminn er nálega horfinn, a. m. k. af sínum fornu slóðum þar norður frá.

Eitt þykir mér dálítið óvandvirknislegt, ef ég hef skilið það rétt í umsögn doktorsins, en það er það, að þeir fuglar, sem ég legg til að lengur verði friðaðir, séu farfuglar, því að í grg. með frv. segir um d-flokkinn, að þær þrjár andategundir, sem þar eru taldar, séu staðfuglar hér á landi, a. m. k. að nokkru leyti, og að grg. þessari stendur einmitt doktorinn meðal annarra. (Gripið fram

í). Það er þá algerlega nefndarvilla, sem ræðir um í d-lið, undir a-lið till.

Meira hef ég svo eiginlega ekki um þetta að segja. Ég tel rétt, að hv. þdm. leiði athygli að því, að till. mín er ekki flutt án íhugunar og á bak við hana stendur álit manna, sem eru fróðir um þessa hluti, a. m. k. sem leikmenn.

ATKVGR.

Brtt. 608,a samþ. með 9:6 atkv.
— 608,b samþ. með 9:5 atkv.
— 608,c samþ. með 10:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 702).

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 702, 721, 724).

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Þetta mál, um fuglaveiðar og fuglafriðun, er búið að vera fyrir hinu háa Alþ. ekki einungis á því langa þingi, sem nú er að ljúka, heldur einnig á einum tveimur þingum undanfarið. En alltaf hefur eitthvað verið í vegi fyrir því, að Alþ. gæti afgreitt þetta frv., sem er í sjálfu sér mjög merkilegt, og skal ég ekki úr því draga. Það var nauðsynlegt að setja ný ákvæði um fuglafriðun og ýmis atriði varðandi það mál, og frv. hefur án efa verið undirbúið af samvizkusemi og af fróðum mönnum. En þó er það svo enn, að minni hyggju, að það eru mjög áberandi gallar á þessu frv., og þeir svo, að ég mun ekki fylgja frv. út úr þessari hv. d., nema einhverjar breyt. fáist á því.

Ég hef alltaf skilið það svo, að meiningin með l. um þessa hluti væri tvenns konar. Annað væri það að veita fuglalífi landsins hæfilega friðun, hindra það, að þessari djásn í náttúru landsins yrði útrýmt, en hins vegar væri séð um það, að landsins börn, þ. e. a. s. fólkið, sem landið byggir, gæti hagnýtt sér þessi gæði á skynsamlegan hátt, engu síður en við hagnýtum okkur fiskinn í djúpi hafsins við strendurnar og við hagnýtum okkur búféð til þess að lifa á því. Maðurinn er nú einu sinni rándýr og verður að lifa á öðrum skepnum, og ég tel ekki, að fuglarnir hafi nein forréttindi á neinn hátt hvað þetta atriði snertir. Ég tel alveg sjálfsagt að hagnýta sér fugl þann, sem hér er á landi, til matar eins langt og má ganga, án þess að hætta sé á, að of nærri sé gengið þessum skemmtilegu náttúruverum hér. Þetta tvennt hef ég talið að hlytu að vera aðalatriðin, sem l. eins og þessi ættu að tryggja.

Ég skal viðurkenna það, að ég hef ekki kynnt mér þetta frv. og þær breyt., sem á því hafa orðið, eins mikið og þm. eru í raun og veru skyldir að gera varðandi allmikilvæg mál, sem fyrir Alþ. liggja, og skal ég því að því leyti viðurkenna, að það væri nokkuð áfátt í því, að ég gæti borið fram að fullu gagnrýni á frv. En mér er ljóst, að þær breyt., sem hv. Ed. hefur gert á þessu frv., eru yfirleitt ekki til bóta og sumar þeirra beint til tjóns, og virðist þar hafa ráðið meir einhver einkennileg rómantík varðandi þetta mál heldur en glögg íhygli og athugun á því, hvað rétt væri. Tala ég þar um hluti eins og það að gefa rjúpunni eitthvert jólafrí endilega í sambandi við friðun. Vel gæti ég unnt þessum fallega gesti okkar, ef hún kynni að meta það, að það væru virkileg jól og einhver sérstök hátíð, að hún þá fengi það; en að vera að ákveða friðunarráðstafanir með tilliti til þess eins, að það sé sjálfsagt, að rjúpan hafi jólaleyfi eins og við mennirnir tökum okkur á þessari helgu hátíð, það þykir mér vægast sagt mjög barnalegt og eiga tæpast rétt á sér í löggjöf vor Íslendinga.

Ég vil þá og nefna annað atriði, sem Ed. hefur einnig breytt. Hér eiga viðdvöl, eins og við vitum, á landi okkar vissir gestir, sem ekki dvelja hér yfir sumarið eins og aðrir farfuglar og verpa því ekki hér á landi, heldur fara hér yfir land og hvíla sig stuttan tíma, eins og helsingjar, sem fara norður til Grænlands og verpa þar, en koma hér við á vori og hausti og dvelja hér nokkurn tíma. Í Ed. hefur verið gerð sú vísindalega og hárnákvæma breyt. á þessum ákvæðum, að það er ómögulegt, að landsmenn hér, án þess að brjóta l., geti hagnýtt sér þessa fugla, þegar þeir fara hér um, þótt það sé vitað, að þeir séu veiddir í stórum stíl í Skotlandi og annars staðar hér í nágrannalöndum okkar, þegar þeir fara um. Okkur á að vera bannað að hagnýta okkur þetta. Þetta eru þó fuglar, sem eru engir aufúsugestir. Ég veit, að þegar helsingjasveimar fara að vori til Grænlands, þá eru þeir vissir með að setjast að í Skagafirði um tíma. Þeir rótnaga heilar lendur af beztu engjum bændanna þar og gera þær þannig, að þær eru lítt hæfar a. m. k. næsta sumar til slægna. Hins vegar eru þetta fuglar, sem hafa ekki nema stutta viðdvöl hér í þessu landi. Það er svona eins og rekald, sem kemur hér að ströndum landsins, allverðmætt til átu, bezta kjöt af þeim. Hví má ekki veiða eitthvað af þessum fuglum, sem á þennan hátt koma hér, valda tjóni fyrir íbúa landsins, fara hér um haust og vor, en hafa ekki einu sinni svo mikið við að verpa eggjum sínum og ala upp unga sína hér í þessu landi? Með breyt., sem gerðar hafa verið í Ed., hefur þetta verið eyðilagt, þessi möguleiki, því að friðunartíminn er færður svo langt aftur, — ég held aftur til 20. sept. að haustinu, — að þá eru þeir allir farnir. Þá má fara að friða þá hér, þegar allir fuglarnir eru horfnir af landi burt.

Eitthvað fleira af slíku tagi hefur slæðzt inn í þetta ágæta frv., sem hefur verið undirbúið á vandlegan hátt, en hins vegar að mínum dómi er geysilega varhugavert, þegar fræðimenn, sem þekkja þetta út í yztu æsar, eru búnir að gera till., að vera að breyta einstökum ákvæðum eins og þessu. Ég álít, að það sé mjög varhugavert fyrir alþm. að vera af handahófi að koma með till., sem þeir sjálfir gera sér alls ekki grein fyrir, hvaða áhrif kunni að hafa. Það eru þessi atriði, sem gera það að verkum, að ég sagði áðan, að ég mundi ekki fylgja þessu frv. út af Alþ., nema einhverjar breyt. fengjust á þessu.

Nú hef ég ekki borið hér fram nema eina brtt., sem við þm. Skagf. flytjum hér á þskj. 724. Í

þessari hv. d. var sett inn í frv., eins og það þá var, heimild um það, að í fuglaveiðasamþykkt, sem gerð yrði vegna sérstakra staða, mætti nota fleka (eða snörufleka) til fuglaveiða. Ég flutti þetta mál fyrir hv. n., og tók hún því með miklum skilningi og varð ásátt um að bera fram þessa brtt., og það er gert vegna þess, að í Skagafirði við Drangey hefur lengi tíðkazt fuglaveiði á snöruflekum og eitthvað á einstökum stöðum víðar. Þessar veiðar hafa að vísu haft slæmt orð á sér fyrir það, að hér væri um pyntingu á fuglinum að ræða, og hefur það mikið stafað af því, að fyrr var það vani að fjötra á fleka þessa bandingja svo nefnda, þ. e. a. s. fugla af þeim stofni, sem átti að veiða, og átti bandinginn að ginna meðbræður sína til þess að koma upp á flekann og flækja sig þar í þeim snörum, sem þar eru. Ég játa það, að þessi aðferð er slæm og er ekki siðmenningu okkar samboðin, enda dettur engum í hug, að þessi aðferð verði leyfð. Það er löngu hætt, þó að flekaveiðar hafi verið við Drangey, að nota bandingja í þessu skyni. En ég verð að segja það, að ég trúi því ekki, að þetta sé neitt verri veiðiaðferð en ýmislegt annað, sem tíðkast, þótt snöruflekar séu notaðir. Þegar fuglar eru drepnir með byssu, a. m. k. þegar högl eru notuð, eins og er nú yfirleitt, særast alltaf fleiri eða færri, sem svo kveljast og veslast upp, og deyja margir eða þá lifa við hálfgerð örkuml. Þetta er náttúrlega ekki fagurt, en það hefur engum dottið í hug að banna skotvopn í sambandi við fuglaveiðar, eftir því sem þær eru leyfðar, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að þessar flekaveiðar, eins og þær nú tíðkast við Drangey, eru ekkert verri út af fyrir sig heldur en aðrar þær veiðiaðferðir, sem tíðkaðar eru, með þeim harmkvælum, sem veiðum hljóta alltaf að fylgja fyrir ákveðna fugla. Og það er af þessum ástæðum, sem við þm. Skagf. flytjum þessa brtt. og munum fylgja henni eftir. Vonumst við til, að þessi hv. d., sem sýndi þann skilning á þessu máli, þegar það var hér síðast til meðferðar, að samþ. brtt. um það, haldi við þann málstað, sem hún þá tók, og samþ. nú þá brtt., sem við hér berum fram.

Mér er vel ljóst, að það þarf að gera fleiri breyt. á frv., eins og það er nú orðið eftir meðferð í Ed., þó að ég hafi ekki haft tíma eða aðstöðu til að athuga það og bera fram till. um breyt., sem ég álít að þyrfti að gera á frv. En með því að útiloka algerlega flekaveiði við Drangey er verið að eyðileggja atvinnuveg vissra manna í Skagafirði. Það hafa alltaf nokkrir menn á Sauðárkróki og Hofsós stundað þessar veiðar. Einu sinni var Drangey að nokkru leyti kjötbúr Skagafjarðar, fuglalestirnar fóru fram um héruð á vissum tíma á vorin og söddu þá margan svangan maga, sem var aðframkominn. Því betur er ekki svo ástatt nú, að segja þurfi, að Skagfirðingar muni svelta, þó að þetta yrði frá þeim tekið, en hitt er annað mál, að þarna verða nokkrir menn fyrir tilfinnanlegu atvinnutjóni og að því er okkur flm. virðist algerlega að ástæðulausu, því að eins og ég tók fram í upphafi þessara fáu orða, þá tel ég, að annað meginatriði í l. eins og þessum um fuglaveiðar og fuglafriðun sé að sjá um, að hæfileg hagnýting þessara náttúrugæða landsins sé leyfð, nákvæmlega á sama hátt og við viljum leyfa fiskveiðar í sjó og í vötnum og yfirleitt nota gæði landsins til framdráttar fyrir fólkið án þess þó að eyðileggja verðmætin. Og það er á þeim grundvelli, sem ég vil fylgja þessu frv., en treysti mér ekki til þess, ef engar lagfæringar fást frá því, sem nú hefur hér verið sett inn í frv.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 6. gr. frv., og sú brtt. er á þskj. 721. Hún er þess efnis, að til eggjatöku og fuglaveiða þeirra, sem heimiladar eru í 6. gr., þurfi samþykki þess manns, sem fyrir landi ræður. Þegar málið var til 3. umr. í þessari hv. d., þá var samþ. brtt. frá mér um þetta efni, sem gekk nokkru lengra í takmörkunum á svona fuglaveiðum og eggjatöku heldur en þessi gerir. En þar var sá galli á, að eftir að sú brtt. hafði verið samþ. og frv. að öðru leyti fengið þá meðferð, sem það fékk í d., kom í ljós, að sum ákvæði í gr. komu ekki heim við önnur ákvæði frv. Hv. Ed. sá, að á þessu þurfti bót að ráða, og gerði það á þann hátt að fella ákvæðið alveg niður. Ég sé ekki ástæðu til þess að una því og geri varla ráð fyrir, að hv. d. geri það heldur, og þess vegna hef ég nú borið brtt. þessa fram á þskj. 721 í því formi, að hún er alveg í samræmi við frv. að öðru leyti, þannig að hún hefur ekki í för með sér neinn formgalla á l. Ég vil svo vænta þess, að afstaða d. sé hin sama og hún var við 3. umr. Það virðist engin ástæða til þess, að farið sé að skjóta fugla, þótt í vísindalegum tilgangi sé, ef landeigandi beinlínis af einhverjum ástæðum vill ekki leyfa það. Það eru nógir staðir og nógar jarðir á landinu, þar sem slíkt má gera, þótt það sé ekki endilega gert þar, sem umráðamaður lands af einhverjum ástæðum setur sig á móti því.

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Þegar þetta mál var til meðferðar hér í hv. d., þá fjallaði menntmn. d. um frv. Nú hefur frv. fengið athugun í Ed., og á því voru gerðar nokkrar breyt. þar í d. Það er skammt síðan frv. var afgr. frá hv. Ed., og menntmn. þessarar d. hefur ekki haft aðstöðu til þess að taka málið til athugunar að nýju. En þrátt fyrir það vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær breyt., sem frv. hefur tekið, og bera fram brtt., sem mér hefur því miður ekki unnizt tími til að koma á prent, en miða að því að leiðrétta nokkur atriði, sem samþ. voru í Ed. og ég mun síðar gera grein fyrir.

Hæstv. landbrh. vék að því í ræðu sinni, að hann teldi, að markmiðið með þeirri lagasetningu, sem hér er stefnt að, væri tvenns konar: annars vegar að veita fuglalífi landsins hæfilega vernd og hins vegar að gera mönnum kleift að nytja hlunnindi, sem nytjuð hafa verið frá ómunatíð. Þetta er rétt. En ég vil bæta við þriðju ástæðunni, sem liggur til grundvallar því, að þetta mál er hér á ferðinni. Það er þannig, að meðan við Íslendingar vorum í stjórnarfarslegu sambandi við Danmörku, fóru Danir með umboð fyrir okkar hönd í alþjóðafuglaverndunarsambandi, en eftir að fullur stjórnarfarslegur skilnaður varð milli landanna, töldu fulltrúar Dan-

merkur sig ekki lengur geta verið umboðsmenn fyrir Íslendinga á þessum alþjóðavettvangi. Af því leiddi, að ríkisstj. ákvað, að Ísland gerðist aðili að alþjóðafuglaverndunarsambandinu, en í sambandi við þá ákvörðun bar brýna nauðsyn til þess að endurskoða eldri lagaákvæði um þessi efni og samræma þau hinni alþjóðlegu fuglaverndunarsamþykkt, og að því er stefnt með þessu frv., sem hér er til umr., og það er þriðja ástæðan fyrir því, að þetta mál er nú til afgreiðslu hér á hv. Alþ.

Þær brtt., sem samþ. voru í Ed. og menntmn. þeirrar d. bar fram, eru að mínum dómi þannig vaxnar, að ekki sé ástæða til að gera breyt. á þeim eða amast við því, þó að þær væru samþ. inn í frv. En á síðasta stigi málsins í Ed. var samþ. till. frá hv. þm. S-Þ., þar sem breytt er nokkuð ákvæðinu í 8. gr. frv. um friðunarákvæði vissra fuglategunda. Í c-lið 8. gr. frv. er ákveðið, að á vissum tíma megi veiða gæsategundir og nokkrar andategundir, sem þar eru nefndar. Undanfarið hefur það verið svo, að tvær af þessum gæsategundum hafa verið alls kostar ófriðaðar, þ. e. margæs og helsingi, en um hinar tegundirnar hefur verið leyft að hefja veiði þeirra 1. ágúst á hverju sumri og veiða þær síðari hluta sumars og fram á haustið. Í frv., eins og það var lagt fram og fór héðan úr hv. Nd., var gert ráð fyrir því að lengja friðunartíma þessara tegunda þannig, að það mætti hefja veiði þeirra 20. ágúst í stað 1. ágúst, eins og nú er samkv. gildandi l. Þetta er byggt á því sjónarmiði, að ungar þessara tegunda séu ekki fleygir, — eða að það sé hæpið, að ungar þessara tegunda séu orðnir svo þroskaðir og fleygir 1. ágúst, að þeim sé ekki hætta búin, ef leyft er að veiða tegundirnar svo snemma, og til öryggis átti því að færa þetta ákvæði aftur til 20. ágúst. Nú hefur þessu verið breytt þannig í hv. Ed., — og þannig er það í frv. nú, — að í stað þess, að það eigi að leyfa að veiða þessar tegundir frá 20. ágúst, þá sé veiðin ekki leyfð fyrr en 20. sept. Þetta er alls kostar ástæðulaust og raunar alveg fráleitt, vegna þess að sumar þessar tegundir, eins og gæsirnar, gera nokkurt tjón bæði í engjalöndum og garðlöndum manna einmitt á þessum tíma, þegar þær koma af varpstöðvunum seint í ágúst og fram eftir september, þangað til uppskerunni er lokið, enda fara þessir fuglar af landinu um mánaðamótin september og október. Það er því álit manna í ýmsum héruðum, að það sé mjög varhugavert og bændum í óhag að banna mönnum að skjóta gæsir á þeim tíma, sem þær gera skaða í garðlöndum manna og engjum. Til málamiðlunar, úr því sem komið er, ætla ég að leyfa mér að leggja fram brtt. til þess að reyna að samræma þessi sjónarmið, og sú brtt., sem ég geri, er þannig, að í staðinn fyrir c-liðinn í 8. gr. frv. komi tveir tölul. C-liðurinn orðist þannig, að frá 20. ágúst til 31. okt. sé heimilt að veiða grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs og helsingja; m. ö. o., að því leyti sem tekur til gæsategundanna, þá sé þessu haldið óbreyttu frá því, sem upphaflega var í frv. og þeir fræðimenn, sem frv. sömdu, töldu eðlilegast. En til þess að taka nokkurt tillit til hins sjónarmiðsins, sem hefur komið fram, þá legg ég til, að á eftir c-lið komi nýr tölul., svo hljóðandi, að frá 1. sept. til 31. okt. verði heimilt að veiða urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd og hrafnsönd. Hér er um þá málamiðlun að ræða, að í stað þess að í frv. var þetta miðað við 20. ágúst, en Ed. miðar við 20. sept., þá legg ég til, að það komi 1. sept.

Þá hefur hv. Ed. breytt ákvæðum d-liðar á þann hátt, að í stað 20. ágúst, eins og upphaflega var í frv., komi 20. sept. Ég legg til, að í því efni sé gerð sams konar málamiðlun, að þar komi 1. sept., og það nær þá til andategundanna þriggja, stokkandar, rauðhöfðaandar og hávellu.

Loks hefur hv. Ed. breytt f-liðnum á þann hátt, að í stað 20. ágúst, eins og upphaflega stóð í frv., er nú 1. september. Ég leyfi mér að leggja til, að þetta sé fært í sama horf og áður var, að hér standi 20. ágúst. Þær tegundir, sem þar er um að ræða, eru lómur, himbrimi, sefönd, stóra toppönd og litla toppönd. Um þær er það að segja, að þeir fuglar eru yfirleitt ekki veiddir til nytja, þannig að þeir séu taldir til hlunninda, en þessir fuglar lifa að miklu leyti á hrognum vatnasilunga og laxa, og fiskiræktarmönnum fellur það mjög illa, ef ekki er leyfilegt að verja fiskivötn og skjóta þessar tegundir á þeim tíma, þegar fiskivötnin þurfa að njóta friðunar vegna silunga- og laxaræktar. Það er af þeim ástæðum, að talið er skynsamlegt að leyfa að veiða þessar tegundir síðari hluta sumars, og ég legg til, að tímamarkið verði fært aftur í það horf, sem frv. gerði ráð fyrir upphaflega.

Allmikill ágreiningur hefur orðið um eina tegund í þessum flokki, þ. e. himbrimann. Í frv. upphaflega var himbriminn látinn falla undir sömu ákvæði og lómur, sefönd, stóra toppönd og litla toppönd, en hv. þm. N-Þ. og hv. þm. S-Þ. hafa báðir, sinn í hvorri d., flutt um það brtt. og leggja á það mikið kapp, að himbriminn verði ekki þarna með, heldur alfriðaður, og hef ég nú til samkomulags ekki tekið það upp í þessa brtt., sem ég hef nú gert grein fyrir.

Brtt. þær, sem fram hafa komið frá öðrum hv. þm. nú við þessa umr., hefur n. af þeim ástæðum, sem ég áður greindi, ekki tekið til athugunar, og hef ég því ekkert umboð til þess að ræða þær f. h. nefndarinnar, en eins og fram hefur komið, bæði hjá hæstv. landbrh. og ég hef einnig vikið að, þá er að því stefnt með þessu frv., að mönnum verði kleift eftir sem áður að nytja þau hlunnindi, sem nytjuð hafa verið um langan aldur hér á landi, og finnst mér því till. frá hv. þm. Skagf. vera í samræmi við það sjónarmið, og mun ég fyrir mitt leyti greiða henni atkv.

Um brtt. frá hv. þm. N-Þ. gegnir nokkuð öðru máli. 6. gr. frv. fjallar um það, að fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild náttúrugripasafnsins skuli heimilt að veiða fugla og safna eggjum hvar sem er handa safninu. Hv. þm. N-Þ. leggur til að binda þetta við það, að leyfi landeiganda komi til hverju sinni. Þetta finnst mér of langt gengið. Á það ber að líta í þessu sambandi, að forstöðumaður náttúrugripasafnsins er formaður í fuglafriðunarnefndinni, en sú n. mun fara með framkvæmd þessara l. í umboði ráðherra. Það er því sízt ástæða til þess að ætla, að sá maður fari að beita sér fyrir óþörfu fugladrápi.

Í annan stað skal á það bent, að eins og frvgr.

er, þá er þessi heimild bundin við fastráðna starfsmenn dýrafræðideildar náttúrugripasafnsins, m. ö. o., eins og nú er háttað, eina tvo menn, forstöðumanninn og aðstoðarmann, sem þar er.

Í þriðja lagi má á það benda, að það getur komið fyrir um fuglategundir, sem eru sjaldgæfar eða gestir hér og nokkur fengur þykir að ná í í náttúrugripasafnið, að það sé alls ekki kleift og verði kannske jafnvel óbætanlegt, ef ekki má skjóta slíkan fugl innan landareignar lögbýlis, ef landeigandi bannaði. Og enn má á það benda, að þess eru dæmi, að landeigendur líta þannig á málin, að það sé kannske ekki fyrst og fremst athugavert, þótt einhver fugl sé skotinn, heldur sé ástæða til að taka fyrir það fjármuni, ef starfsmenn á vegum ríkisins, náttúrugripasafnsins, koma í þeim erindum. En ekki virðist nú ástæða til að binda það í löggjöfinni, að svo eigi að vera.

Ég legg þá þessar brtt. mínar fram skriflega og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þeim, svo að þær geti komið hér undir atkvæði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 757) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég hef veitt því athygli, sem fór fram hjá mér við meðferð málsins hér á dögunum, að í 20. gr. þessa frv. stendur ákvæði, sem við getum nú varla verið þekktir fyrir að láta sjást í lögum, því að það er nánast að segja hlægilegt. 2. liður þeirrar gr. er þannig: „Nú festast fuglar í netjum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netjunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netjanna er vitjað.“ Látum þetta vera, þetta er allt í lagi, en svo kemur: „En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netjum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.“ Mér finnst vera hlægilegt, að þetta skuli vera sett í lög, en auðvitað tekur þetta enginn alvarlega. Ég leyfi mér þess vegna að leggja hér fram skriflega brtt. um að fella þetta ákvæði niður.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég get alveg tekið undir það, sem hér hefur verið sagt varðandi helsingana, það er afar einkennilegt að vera að friða svo styggan fugl, sem hér er bara um stundarsakir. Ég flutti hér við 2. umr. um daginn brtt. um það að hafa álftina ófriðaða um nokkurn tíma, en það var fellt. En þannig er ástatt um báða þessa fugla, bæði álftina og helsingjann, að þetta eru hinir mestu skemmdarvargar í engjum manna og oft og einatt ekkert betra að fá mörg hundruð af þessum fuglum í engjarnar heldur en að fá stóðhópa, sem engum bændum mun nú þykja mjög eftirsóknarvert. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um það eða endurtaka það, sem ég sagði hér við fyrri umr. málsins, en vænti þess, að þessi litla brtt. geti komið til greina, og vil biðja hæstv. forseta að leita fyrir henni afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 758) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen:** Það er aðeins út af þeirri brtt., sem nú var síðast borin fram af hv. þm. A-Húnv. um að fella niður ákvæðið um það, að ekki mætti hirða dauðan fugl úr netjum. Náttúrlega er út af fyrir sig ákaflega óeðlilegt að láta slíkt vera í lögum, af því að yfirleitt er ekki eftir þessu farið. En þetta er ekkert nýtt núna, þetta er búið að vera í fuglafriðunarlögunum um áratugi. En við skulum bara athuga, hvaða afleiðingar það getur haft í sambandi við friðunina, að slíkt ákvæði sé fellt niður. Vitanlega opnar það leið fyrir mönnum um það, að þeir geti alltaf, þegar þeir eru með dauðan æðarfugl eða aðra fugla, sem bannað er að skjóta, borið það fyrir sig, að þessi fugl hafi verið dauður í neti, og þar af leiðandi komizt undan ákæru út af þessu efni. Svo hjákátlegt sem þetta virðist vera, þá skulum við bara athuga það, að þarna er verið að opna leið fyrir því að ganga á snið við ákvæði laganna og gera máske að litlu eða engu þá friðun, sem nú er ákveðin gagnvart vissum fuglategundum, eins og t. d. æðarfugli. Þessu vildi ég vekja ahygli á í sambandi við, að þessi till. er fram borin.

**Gísli Guðmundsson:** Ég skal ekki tefja þessar umr., enda þarf ég ekki miklu við að bæta. Ég varð því miður að fara á annan fund áðan, á meðan hv. frsm. menntmn. flutti sína ýtarlegu ræðu, og heyrði hana því ekki alla, en mér skildist, að hann hefði minnzt á brtt. mína á þskj. 721 og látið orð falla um það, að það væri óeðlilegt, að greiða þyrfti landeigendum gjald fyrir að veiða fugla í vísindalegum tilgangi. Ég bið afsökunar, ef þetta er misskilningur hjá mér, að hann hafi sagt þetta. En mér skildist, að hann hefði látið einhver orð falla í þessa átt, og skildi ég það á þá leið, að hann liti svo á, að þetta fælist í brtt. minni. Ég vildi aðeins leiðrétta það, ef hann hefur skilið það á þennan veg, og e. t. v. fleiri, að þetta væri í brtt. minni, því að þrátt fyrir það að brtt. mín á þskj. 721 væri samþ., þá stendur það þó óbreytt í 6. gr. frv., að þessi fuglaveiði sé heimil án þess, að endurgjald komi fyrir. Því er ekki breytt í minni brtt. Ég vildi aðeins leiðrétta þennan misskilning, ef um hann hefur verið að ræða.

Ég vil svo aðeins taka undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ákvæðið um það, að ekki megi hirða dauðan fugl úr netjum, er búið að vera mjög lengi í lögum og það er sett í lög fyrst og fremst vegna æðarfuglsins. Ef hv. þm. A-Húnv. væri kunnugur æðarvörpum, sem hann ef til vill er nú ekki, því að það mun vera frekar lítið um æðarvörp í Húnavatnssýslu, þá mundi hann gera sér það ljóst, að það getur verið þörf á slíku ákvæði í sambandi við æðarvarp. Löggjafinn hefur lengi talið þörf á því að vernda æðarvörpin, enda verður nú að segja, að það er ólíkt viðkunnanlegra að hafa not af æðarfuglinum á þann hátt að nytja þær afurðir, sem hann gefur af sér árlega, heldur en að leggjast á stofninn. Ég held, að þetta ákvæði, sem hefur verið tekið í lög hér á landi, sé á nokkuð miklum rökum byggt og reynslu, þó að segja megi, að það sé skrýtið. Hv. þm. A-Húnv. er ekki sá eini, sem hnotið hefur um þetta ákvæði. En það er nú samt ekki að ástæðulausu komið inn í löggjöfina. Ég

get þess vegna ekki greitt atkv. með brtt. hv. þm. A-Húnv.

Hv. þm. A-Sk. hefur af hálfu n. borið fram nokkrar brtt. við 8. gr. um friðunartíma nokkurra fuglategunda. Ég tel þær ekki til bóta, en mun að öðru leyti ekki ræða þær.

ATKVGR.

Brtt. 721 felld með 16:6 atkv.
— 757 samþ. með 22:1 atkv.
— 758 felld með 15:7 atkv.
— 724 samþ. með 16:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 759).

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 794).

---

## 35. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt** [179. mál] (stjfrv., A. 521).

Á 67. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í frv. þessu, sem hér liggur fyrir til 1. umr., sem er frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, er gert ráð fyrir stórfelldri lækkun á sköttum. Það má vafalaust teljast til nýrra tíðinda á hv. Alþ., að lagðar séu fram till. um stórfellda lækkun á beinum sköttum. Þó er það nú ekki alveg einsdæmi, og vitna ég þar til þess, að þetta er annað frv. á tæpum 4 árum, sem lagt er fram hér á hv. Alþ. til lækkunar á beinu sköttunum. Fyrra frv. var lagt hér fram 1950 og var um sérstaka lækkun á sköttum á lágum tekjum. Það var að visu veruleg lækkun á sköttum á lágum tekjum, en ekki stórfelld tekjuskattslækkun í heild sinni.

Núgildandi lög eða núgildandi skattstigar eru frá 1941 og til viðbótar skattstigi frá 1945 um tekjuskattsálag eða tekjuskattsviðauka. Síðan þessir skattstigar voru settir hefur orðið mikil breyting á fjárhagsmálum landsins. Verðbólgan hefur haft í för með sér mjög hækkaðar tölur, og þessar hækkuðu tölur, hið hækkaða verðlag og hið hækkaða kaupgjald og hinar hækkuðu tekjur að krónutölu, hafa haft í för með sér verulega hækkun á sköttunum umfram það, sem gert var ráð fyrir, þegar skattstigarnir voru settir. Reynt hefur verið að ráða bót á þessu að nokkru með sérstökum ákvæðum, og má þar nefna umreikningsákvæðið svo nefnda, sem var sett 1945 í skattalögin og er um það, að umreikna skuli tekjur að vissu marki til þess að koma í veg fyrir, að verðbólguþróunin hækkaði skattabyrðina á þessum tekjum. Þessi umreikningur, sem gerður var til þess að halda skattabyrðinni á lægri tekjunum sem líkastri því, sem gert var ráð fyrir, þegar lögin voru sett, gildir aðeins, eins og ég sagði áðan, að vissu marki. Nú er því svo komið, að skattar á *miðlungstekjum og þar fyrir ofan* eru miklu hærri en löggjafinn ætlaðist til, þegar skattstigarnir voru lögleiddir, eins og ég gat um áðan. Menn hafa séð missmíði á þessu, og ýmsar raddir hafa verið uppi um, að það þyrfti að endurskoða skattalöggjöfina, m. a. með þetta fyrir augum, sem ég nú hef fram tekið. En það hefur dregizt að gera þessar breytingar á skattalöggjöfinni, fyrst og fremst sjálfsagt vegna þess, að þær hlutu að valda verulegum tekjumissi fyrir ríkissjóð, því að endurskoðun hlaut að hafa í för með sér lækkun á beinu sköttunum, eins og þessum málum var komið. Ég efast ekkert um, að það hefur verið hugur í mörgum að fá þessu breytt og fá skattana lækkaða og tekinn af þann skakka, sem smátt og smátt var að koma á skattabyrðina. En um lækkun á sköttum var ekki hægt að tala í alvöru, á meðan *fjárhagur ríkisins leyfði* ekki slíkt vegna stöðugs hallarekstrar. En nú, eftir að heppnazt hefur að færa rekstur ríkissjóðs í heppilegra horf, hefur sá ásetningur feststað með mönnum að gera þessar breytingar. Í samningi þeim, sem núverandi stjórnarflokkar gerðu s. l. sumar og liggur til grundvallar stjórnarsamstarfinu, var það eitt af því, sem fram var tekið, að stj. ætlaði að beita sér fyrir setningu nýrra skattalaga á því þingi, sem nú situr. Stefnan var mörkuð þannig, að það átti að lækka beinu skattana, færa til leiðréttingar misræmi, sem orðið hefur vegna verðlagsbreytinga, og gera ráðstafanir til þess að auka sparnaðinn.

Fyrir tæpum tveimur árum var sett milliþn. til þess að endurskoða skattalöggjöfina, og henni var einnig ætlað að endurskoða löggjöf um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Þessi nefnd hefur ekki enn þá skilað fullnaðaráliti, en þær till., sem hér liggja fyrir og lagðar eru fram af stjórninni, eru í raun og veru þættir úr till. milliþn. N. hefur nú þegar unnið mjög mikið starf og að mínum dómi mjög gott starf á margan hátt. En hins vegar er verkefni hennar ekki tæmt, hún hefur ekki lokið störfum, og er það fullkomlega að vonum. Hafa heyrzt raddir um, að þessi n. sæti lengi á rökstólum og óeðlilegur dráttur hefði orðið á því, að hún skilaði áliti. Þetta er fávíslega talað, þegar þess er gætt, hvert verkefni n. hefur með höndum, þar sem henni er ætlað að endurskoða bæði skattalöggjöf ríkisins og skattstofna bæjar- og sveitarfélaga. Hér er um gífurlega flókið og örðugt verkefni að ræða, sem óhugsandi er að tæma af nokkurri vandvirkni á örfáum missirum, enda hefur það einnig sýnt sig, að þrátt fyrir mjög mikið og gott starf eru ýmsir þættir málanna ekki það langt á veg komnir, að hægt væri að byggja á þeim rannsóknum, sem fyrir lágu, till. um úrlausn þeirra. N. mun því halda áfram störfum, og meðal þess, sem hún á eftir að athuga nánar, er skattur félaga, útsvarslöggjöfin og í því sambandi tekjustofnar bæjar- og sveitarfélaga og ýmis sérstaklega stór og þýðingarmikil

atriði í sambandi við sjálfa útsvarsálagninguna, svo sem veltuútsvörin. Enn fremur mun n. athuga nánar en hún hefur þegar gert ýmislegt viðvíkjandi framkvæmd tekjuskattslöggjafarinnar og væntanlega gera till. um þau efni. N. mun sem sé halda áfram störfum. Það er hægt að segja mönnum það hér til fróðleiks, að Danir hafa haft milliþn. starfandi að endurskoðun skattalöggjafarinnar hjá sér, bæði þeirrar löggjafar, sem fjallar um skattgreiðslur til ríkissjóðs og eins bæjarfélaganna. N. er búin að starfa í tíu ár og er núna að skila fyrstu till. frá sér, en hefur þó ekki lokið störfum.

Því var lýst yfir fyrir jólin í sambandi við afgreiðslu fjárl., að ríkisstj. mundi beita sér fyrir breytingum á skattalöggjöfinni, sem lækkuðu skattabyrðina um 20%. Það er mat skattstofunnar, sem mestan kunnugleika hefur á þessum málum, að þegar til greina eru tekin öll ákvæði þessa frv., bæði breytingar þær á skattstigunum sjálfum, sem í því felast, og einnig mörg önnur ákvæði, sem fela í sér lækkun á sköttum, þá muni frv. valda um 29% lækkun að meðaltali á sköttum annarra en félaga, þ. e. a. s. á sköttum persónulegra skattgreiðenda, en í frv. eru ákvæði um rétta og slétta 20% lækkun á skattgreiðslum félaga. Hér er því um stórfellda skattalækkun að ræða, mun meiri en ríkisstj. gaf fyrirheit um fyrir jólin í sambandi við afgreiðslu fjárl. Efndir eru því hér nú rausnarlega úti látnar, ef svo mætti að orði kveða. Að hér er um stórfellda skattalækkun að ræða, sést m. a. á einu dæmi, sem mér kemur í hug. Það var nýlega lögleidd í Kanada, í því mikla gósenlandi, 11% lækkun á beinum sköttum og þóttu stórtíðindi þar í landi.

Ég mun þá rekja nokkuð efni frv.

Fyrst er að nefna þann höfuðþátt málsins, að settur er nýr skattstigi fyrir einstaklinga í staðinn fyrir þrjá, sem fyrir voru, og umreikningsákvæðin eru numin úr lögum. Þessi nýi skattstigi er miðaður við það m. a. að færa til leiðréttingar þær skekkjur, sem orðið hafa í skattabyrðinni vegna verðlagsbreytinganna. Skattstiginn verkar nokkuð líkt og að umreikningsreglan sé nú innleidd á allar tekjur, og er það að öllu leyti sanngjarnt og fullkomlega eðlilegt. Þessi nýi skattstigi tekur 40% af hæstu tekjum og er því allhár þrátt fyrir lækkunina. Það má hafa til samanburðar, að skattstiginn, sem hér var lögleiddur 1935, náði í 22%, þar sem hann gekk hæst, en svo var því að vísu öllu gerbreytt síðar, þegar viðauki og stríðsgróðaskattur kom til. Þessi nýi skattstigi er byggður þannig upp, að tekjuskattur einhleypra yfirleitt lækkar ekki verulega og sums staðar ekki neitt vegna sjálfra skattstiganna, en hins vegar lækkar tekjuskattur allra einstaklinga vegna þess, að í öðrum ákvæðum þessara nýju skattalaga er gert ráð fyrir mörgum nýjum frádráttarliðum.

Hér er í fyrsta skipti tekið upp það nýmæli í skattalög, að gerður er sérstakur skattstigi fyrir hjón, annar skattstigi fyrir hjón en einstaklinga. Áður hefur það verið þannig, að það hefur einvörðungu verið gerður sá munur á skattgreiðslum einstaklinga og kvæntra manna eða hjóna, sem persónufrádrátturinn hefur valdið. Hér er horfið frá þessari stefnu og tekin upp alveg ný stefna. Mun ég fara nokkrum orðum um þessa nýju tilhögun.

Því hefur verið haldið fram, að það væri mjög óréttlátt að láta hjón, sem hér um bil ævinlega vinna bæði saman fyrir tekjum heimilisins, og á það jafnt við, hvort sem konan vinnur heima hjá sér eða vinnur fyrir tekjum utan heimilis, greiða skatta eftir sömu reglu og einhleypa, sem ynnu einir fyrir sínum tekjum. Í þessu er nokkur sanngirni. Ýmislegt hefur mönum komið í hug til þess að koma til móts við þetta sjónarmið, t. d. hefur það komið til orða að skipta tekjum hjóna til skatts og reikna eins og um tekjur tveggja einstaklinga væri að ræða. Enn fremur hefur það komið til orða að skipta tekjum hjóna að vissu marki, t. d. miðað við eðlilegar vinnutekjur þeirra, og reikna skatt þeirra sitt í hvoru lagi af þeim tekjum, en reikna síðan af því, sem umfram væri, eins og um einstakling væri að ræða. Hvort tveggja þetta hefur komið til álita. Hvorugt hefur þó orðið ofan á í sambandi við þetta mál, og ég get sagt a. m. k. fyrir mitt leyti, að það fyrra, sem ég nefndi, kom ekki til af því, að það mundi lækka svo stórkostlega skatta á hærri tekjum, og auk þess er það ekki réttmætt, að hjón borgi af sínum tekjum eins og um tvo óskylda aðila væri að ræða, sem hefðu tekjurnar sitt í hvoru lagi. Hið síðara, að skipta tekjum hjóna að vissu marki til skatts, felst að nokkru leyti í þessum nýju till. um sérstakan tekjuskattsstiga fyrir hjón. Verður þetta til þess, að þegar hjón vinna saman fyrir tekjum sínum eða hafa tekjurnar sameiginlega, eins og maður og kona ævinlega hafa, þá borga þau minni skatt af tekjunum en einhleypur maður mundi gera, ef hann hefði jafnháar tekjur einsamall.

Ég vil nefna hv. alþm. aðeins örfá dæmi um það, hvernig þessi nýi skattstigi og ákvæðin um persónufrádráttinn breyta sköttum hjóna. Hjón, sem hafa 20 þús. kr. nettótekjur, borga í skatt eftir gildandi lögum 39 kr., ef þau hafa tvö börn á framfæri, en eftir þessu frv. ekki neitt. Hjón með 25 þús. kr. nettótekjur borga eftir núgildandi lögum 165 kr., en mundu borga aðeins 30 kr. eftir þessu frv. Hjón með 30 þús. kr. tekjur, sem eru þó nokkuð algengar tekjur, borga 330 kr. eftir gildandi lögum, en aðeins 160 kr. eftir hinum nýja stiga, og það er 51% skattalækkun. Hjón með 35 þús. kr. tekjur og tvö börn borga núna 550 kr., en 320 kr. eftir þessum nýja stiga, eða 42% skattalækkun. Hjón með 40 þús. kr. tekjur borga 826 kr. núna, en verður 520 kr., eða 37% skattalækkun. Þau, sem hafa 50 þús. kr. tekjur, borga núna 1523 kr., en mundu greiða 1050, þ. e. a. s. 31% skattalækkun hjá þeim. En við þetta er því að bæta, að þessar tölur gefa þó engan veginn fulla hugmynd um þá skattalækkun, sem í frv. felst. Hún er miklu meiri en þetta. Það er vegna þess, að ég nefni hér aðeins það, sem skattarnir lækka á hjónum með tvö börn vegna skattstiganna sjálfra og persónufrádráttar, en hef ekki, eins og gefur að skilja, í tölum það, sem skattarnir lækka vegna ýmiss konar frádráttarliða, sem nú eru heimilaðir, en áður voru ekki heimilaðir.

Hér er því um stórkostlega skattalækkun að ræða, einkum hjá hjónum og alveg sér í lagi hjá

hjónum, sem hafa ómaga á framfæri sínu. Hjá hjónum aftur á móti, sem hafa ekki neina ómaga, er þetta nokkuð öðruvísi, en þó mjög mikil lækkun. Ef þau hafa 35 þús. kr. tekjur, þá hafa þau áður borgað 908 kr., en borga nú 710 kr., eða 22% lækkun, og af 45 þús. kr. borga þau nú 1652 kr., en mundu borga eftir frv. 1320 kr., og er það 20% lækkun.

Ég vona, að þessu nýmæli í löggjöfinni, að gera mismun á skattstiga hjóna og einhleypra, verði vel tekið og með þessu þyki komið vel til móts við þær skoðanir, sem fram hafa komið um þetta atriði og að mínum dómi hafa verið að mörgu leyti réttmætar.

Þá vil ég víkja nokkuð að skatti fiskimanna sérstaklega. Það hefur allmikið verið rætt um *það undanfarið, að skattaálögur á fiskimenn hafi* ekki verið réttlátar. Það sé ekki tekið nægilega mikið tillit til þess, að þeir hafi sérstakan kostnað við að afla teknanna, sem aðrir hafa ekki. Einnig hefur verið á það minnzt, að það ætti að skattleggja hreinar tekjur fiskimanna nokkuð öðruvísi en annarra.

Í frv., sem hér liggur fyrir, eru nýmæli um þessi atriði. Hér er lagt til, að tekið verði tillit til þess sérstaka kostnaðar, sem fiskimenn óneitanlega hafa umfram aðra menn við að afla teknanna, og skal ég rekja þetta í stuttu máli. Það er gert ráð fyrir, að togarasjómenn fái að draga frá 300 kr. fyrir hvern mánuð, sem þeir stunda veiðar, vegna sérstaks sjófataslits og vinnufatakostnaðar umfram það, sem tíðkast hjá öðrum, og bátasjómenn 200 kr. á mánuði. Það er allra manna mál, sem til þekkja, að þó að fataslit sé mikið og kostnaður hjá bátamönnum í þessu tilliti, þá sé hann enn meiri hjá togaramönnum. Er þessi mismunur gerður eftir að ráðgazt hefur verið við menn, sem hér mega vel til þekkja, og þessar fjárhæðir ákveðnar í samráði við þá.

Einnig er hér nýmæli í þessu frv., að ef menn kosta fæði sitt um borð í skipi, eins og margir bátasjómenn þurfa að gera, þá megi telja það til frádráttar sem kostnað við að afla teknanna. Þetta hefur ekki áður verið og gildir ekki um neina aðra. Þetta er byggt á þeirri skoðun, að *það valdi miklum aukakostnaði fyrir menn*, sem hafa heimili, að þurfa að fæða sig sér í lagi utan heimilis.

Einnig er hér tekið inn það nýmæli, að ferða*kostnaður í langferðum til þess að afla sér at*vinnu skuli frádráttarbær, en það hefur ekki heldur áður verið. Er það líka réttmætt atriði.

Loks vil ég geta þess, að hér er staðfest og sett inn í sjálf skattal. lagaákvæði, sem áður hefur að vísu haft gildi, en hefur verið annars staðar en í sjálfum skattal., um það, að fái sjómenn ókeypis fæði, þá skuli það ekki reiknað þeim til tekna sem hlunnindi, en það var mjög lengi gert að reikna mönnum slíkt til tekna.

Ef við athugum aðstöðu togarasjómanna í sambandi við skattgreiðslur til ríkisins eins og þær eru núna og yrðu, ef frv. þetta verður að l., þá koma þar fram ýmsar fróðlegar tölur, sem ég ætla að leyfa mér að færa hér fram.

Ég tek þrjú dæmi um togaramenn, sem hafa 40 þús. kr. kaup, 45 þús. kr. kaup og 50 þús. kr. kaup, og síðan annars vegar af einhleypum manni og hins vegar af kvæntum manni, sem á tvö börn, sem er tæplega meðalfjölskylda. Er þá reiknað eftir nýja skattstiganum og persónufrádrættinum og einnig tekinn til greina þessi leyfði nýi frádráttur vegna sérstaks kostnaðar fiskimanna við að afla teknanna, sem ég gat um áðan. Verður niðurstaðan þessi: Sá, sem hefur í kaup 40 þús. kr., greiðir nú um 1487 kr., einhleypur maður, en mundi borga eftir þessu frv. 1191 kr., m. ö. o. lækkar hans skattur um 20%. Ef um 45 þús. kr. kaup er að ræða hjá einhleypum manni, borgar hann núna 1979 kr., en mundi borga 1665 kr., og *lækkunin hjá honum er rétt um 16%. En ef hann* hefði 50 þús. kr., sem eru víst háar tekjur hjá togaramönnum, en sumir segja, að tekjur hjá togarahásetum séu á milli 40 og 45 þús. kr. að *meðaltali, — ef um 50 þús. kr. tekjur er að ræða,* þá er tekjuskattur nú 2606 kr., en mundi verða 2165 kr. Hjá einhleypum manni á þessu tekjubili mundi frádrátturinn muna um 15% í sköttum.

Víkjum svo að kvæntum manni með tvö börn. Ef hann hefur 40 þús. kr. tekjur, lækkar skattur hans úr 729 kr. niður í 337 kr. og lækkar því um 54%, og er það mun meiri lækkun en almennt, vegna þess að það munar mikið um þennan frádrátt vegna kostnaðarins við að afla teknanna. Hann tekur toppinn af tekjunum. Ef maðurinn hefur 45 þús. kr. tekjur, lækkar hann úr 1044 kr. í 538 kr., eða um tæp 49%, nærri 50% af 45 þús. kr., sem sumir telja meðaltekjur togaramanna. Af 50 þús. kr. tekjum eru það 1413 kr., sem hjónin borga nú, en mundu borga 782 kr., og lækkunin hjá þeim er þá 45%.

Hér er aðeins tekið tillit til þeirrar lækkunar, sem felst í skattstiganum, persónufrádrættinum og vegna sérstaks frádráttar hjá fiskimönnum, en ef hér er um leigjendur að ræða og fólk, sem hefur einhvern af þeim öðrum frádráttarliðum, sem leyfðir eru í frv. nýja, og það mun nú vera um flest af þessu fólki, þá lækkar skatturinn enn meira en þetta.

*Nú hefur verið talað um það í sambandi við* ýmis vandkvæði, sem togaraútgerðin á við að búa, og mannakost á skipunum, að það mundi geta leyst þann vanda að einhverju verulegu leyti að *breyta skattal. Sannleikurinn er sá*, að skattgreiðslur á þessum tekjubilum til ríkisins hafa aldrei verið svo háar, að það hafi getað riðið baggamuninn í þessu sambandi. Það er a. m. k. *alveg óhætt að segja* það hiklaust, að eftir að þær breytingar eru á komnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá eru þessar skattgreiðslur orðnar svo smávægilegar, samanborið við tekjurnar, að breytingar á þeim úr því geta ekki valdið úrslitum, þegar um það er að ræða, hvort menn vilji manna togaraflotann eða ekki. Ríkisstj. og milliþn. hafa viljað leita að því sanngjarna í þessu máli og bæta úr því, sem áfátt hefur verið um löggjöfina í þessu tilliti, og sannleikurinn er sá, að það hefur ekki í löggjöfinni verið tekið tillit til þess sérstaka kostnaðar, sem fylgir þessum störfum, en nú verður það gert. Hitt er svo annað mál og kemur ekki þessu beinlínis við, að það eru útsvörin, sem eru miklu stærri gjaldaliður fyrir menn yfirleitt, fiskimenn og aðra, og ekki sízt menn á þessum tekjubilum, sem hér *hefur verið talað um, en tekjuskatturinn, og*

sennilega óhætt að segja margfalt stærri, eftir að þær breytingar, sem hér er stungið upp á, hafa verið lögfestar.

Þá vil ég næst minnast á húsaleigumat og húsaleigu og skattgreiðslur húseigenda og leigjenda.

Það hefur verið mikið kvartað yfir því, að það væri ósamræmi á milli skattgreiðslna húseigenda annars vegar og leigjenda hins vegar, og það má til sanns vegar færa, að hér hefur verið misrétti. Húsaleiga í eigin húsum hefur verið tiltölulega lágt metin til skatts, og á því hafa nú ekki verið gerðar verulegar breytingar upp á síðkastið. Það getur verið erfitt að skera úr um það, hvað sanngjarnt er í þessu tilliti, og skal ég ekki fara langt út í það, en okkur, sem stöndum að þessu frv., finnst vera ósamræmi hér, sem þarf að draga úr. Viljum við stíga skref til þess að bæta úr eða minnka það bil, sem hér er á milli, með því að lögleiða hér algert nýmæli, heimila leigjendum að draga frá hluta af þeirri leigu, sem þeir greiða, ef þeir sýna fram á, að þeir greiði hærri leigu en húseigandanum mundi vera metin leigan, ef hann notaði húsnæðið sjálfur. Það er aðalreglan. En þó má frádráttur ekki fara yfir 600 kr. á mann í fjölskyldunni. Það hefði í sjálfu sér verið sanngjarnt, að þessi leigufrádráttur hefði verið leyfður meiri, að óbreyttu mati á eigin húsaleigu, en við treystum okkur ekki til þess að stíga stærra skref en hér er gert vegna þess, hversu skattalækkunin var orðin mikil, þegar öll ákvæðin voru tekin saman, sem nauðsynlegt þótt að lögleiða. Þegar þetta var allt saman tekið, þá sýndi það sig, að skattalækkunin var orðin svo mikil, að við treystum okkur ekki til þess að ganga lengra í þessu.

Þá er hér í frv. allmerkur þáttur, sem ástæða er til þess að minnast á, og það er heimildin til þess að draga frá iðgjöld fyrir ólögboðnum lífeyristryggingum og líftryggingum, þ. e. þegar menn leggja til hliðar fé í því skyni að fá það aftur síðar á ævinni og þegar menn kaupa líftryggingu, sem allir kannast við. Það hefur verið mjög takmarkað, sem menn hafa mátt draga frá af iðgjöldum slíkra trygginga, en er nú mjög aukið eða upp í allt að 10% af tekjunum, þó ekki yfir 7000 kr. Þetta er gert til þess að hvetja menn með skattalöggjöfinni til að fara inn á þessa braut. Það er nú orðið talsvert tíðkað, að menn geri þetta. Ég vil nefna tvö dæmi, sem eru mjög merkileg. Annað er, að yfirmenn á togaraflotanum hafa gert samninga við togaraútgerðarfélögin um það, að hluti af kaupgjaldi þeirra skuli þeim greitt þannig, að það sé lagt inn á sjóði, og svo útborgað síðar á ævinni eftir vissum reglum. Flugmenn hafa nú alveg nýlega samið á svipaðan hátt. Þetta er mjög æskileg aðferð og æskileg þróun, bæði að því er snertir togaramennina og flugmennina. Hér er um menn að ræða, sem oft hafa allgóðar tekjur á vissu tímabili ævinnar, en vinna þannig vinnu, að þeir geta ekki búizt við því að halda henni eða hafa ekki aðstöðu til þess að hafa þá vinnu, eftir að þeir eru orðnir mjög fullorðnir, og þá lækka tekjur þeirra oft skyndilega. Þá er mjög gott fyrir þá og nauðsynlegt að hafa geymt hluta af tekjum sínum, meðan þær voru góðar, og geta notið þeirra síðar. En þetta geta þeir ekki, nema þeim sé sleppt við að borga skatta af því, sem lagt er í tryggingasjóðina af tekjunum, og einmitt við þetta eru þessi nýju ákvæði í frv. miðuð. Það er mín skoðun, að sérstök ástæða sé til þess að ýta undir þetta, bæði vegna þess, hversu hagfellt þetta er fyrir einstaklingana, og einnig vegna þess, að þetta er mjög heppileg og góð leið til þess að auka sparnað, til þess að auka sparifé og þar með það fé, sem handbært er til hvers konar framkvæmda. Hér er sem sé ein leið og það mjög heppileg leið til þess að ýta undir sparnað, en eins og menn muna, þá var það í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., stjórnarflokkanna, að þeir vildu við setningu skattalöggjafarinnar einmitt sérstaklega hafa það sjónarmið fyrir augum að ýta undir aukinn sparnað.

Ég kem þá að einu nýmæli enn, sem er stórmál út af fyrir sig, og það er ákvæði þessa nýja frv. um skattfrelsi sparifjár. Ég minnti á það í haust, þegar ég lagði fyrir fjárlagafrv., að stjórnin hefði á prjónunum miklar framkvæmdir, og ég minnti á þær miklu kröfur, sem ætíð væru uppi í landinu um meiri og meiri framkvæmdir. Ég minnti á, hversu erfitt væri að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem þjóðin vildi hafa og teldi nauðsyn að væri komið áleiðis. Ég benti á, að það væri ekki um annað fé að ræða í þessu skyni en það, sem þjóðin legði fyrir. Það er ekki hægt að nota sama féð til venjulegrar eyðslu og einnig til framkvæmda. Það yrði þess vegna að auka sparnaðinn, ef draumar manna um miklar framkvæmdir á næstu árum ættu að rætast. Það væri hægt að hugsa sér tvær aðferðir: annars vegar einhvers konar þvingunarleið, þvinga menn til þess að spara með einhverju móti; hins vegar með því að gera aðgengilegra að spara, gera ráðstafanir, sem gerðu aðgengilegra fyrir menn að eiga innstæður. Ég sagði þá, að ég hefði enga trú á þvingunarleiðunum, eins og allt væri í pottinn búið, og það yrði að reyna að fara hina frjálsu leið í þessu sambandi og gera ráðstafanir til þess að gera aðgengilegra fyrir menn að spara og eiga innstæður. Eitt af því, sem ég nefndi þá, var það ákvæði stjórnarsáttmálans að ýta undir sparnað með setningu nýrrar skattalöggjafar. Þetta hyggst stjórnin gera með því að lögleiða skattfrelsi sparifjár, og er ákvæði um það í þessu frv. Ákvæðið er þannig, að skattfrjálsar eru allar innstæður og allar tekjur af innstæðum, sem menn eiga umfram það, sem þeir skulda, þó með þeirri undantekningu, að til skulda þarf ekki að telja í því sambandi allt að 120 þús. kr. fasteignalán, sem menn kunna að skulda með veði í fasteign, enda sé lánið a. m. k. til tíu ára og tekið til þess að afla fasteignarinnar. Þetta ákvæði er byggt á þeirri meginhugsun, að einstaklingurinn spari ekki í raun og veru, nema hann leggi til nettósparifé í þjóðarbúið, þ. e. a. s. spari meira en hann tekur að láni. Enn fremur er nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði um, að skattfrelsið nái aðeins til þess sparifjár, sem menn eiga umfram skuldir, til þess að fyrirbyggja misnotkun á ákvæðinu um skattfrelsi sparifjár. Ef þetta ákvæði væri ekki, þá gæti hæglega svo farið, að menn gætu grætt á því að fá lán til þess að láta innstæðu standa á móti, en það væri misnotkun á ákvæðinu um skattfrelsi sparifjár. Fyrir

þetta er byggt með þessu ákvæði um, að skattfrelsið nái til þess sparifjár einungis, sem menn eiga umfram skuldir. En undantekningin, þessi sem ég gat um áðan, um fasteignaveðslán að vissu marki, er byggð á þeirri hugsun, að það sé alveg eðlilegt, að svo að segja hver maður þurfi að taka eitthvert slíkt lán til þess að eignast íbúð eða allra nauðsynlegustu fasteign til afnota fyrir sig, og megi því vel gera undantekningu um þetta frá aðalreglunni og vel verðlauna menn fyrir sparnað, þó að þeir skuldi slíka skuld á móti.

Þá hefur verið horfið að því ráði að ákveða, að það þurfi ekki að telja fram á framtölum það sparifé, sem skattfrjálst er á annað borð, en aftur á móti aðeins það sparifé, sem skattskylt er, þ. e. a. s. sparifé þeirra, sem skulda á móti. Þó er það tekið fram, að þeir, sem bókhaldsskyldir eru, verði að setja spariféð í reikninga sína, til þess að samræmið ekki raskist, þótt það sé skattfrjálst, ef þeir uppfylla skilyrði laganna.

Þetta þótti rétt að gera. Margir skynsamir menn halda því fram, að það sé mjög stórt atriði til þess að örva sparnaðinn, að menn þurfi ekki að telja fram innstæður, og muni notast miklu betur af skattfrelsisákvæðinu til þess að örva sparnaðinn með því að hafa þetta ákvæði í lögunum. Þess vegna hefur verið horfið að þessu ráði og skrefið stigið alveg hiklaust og heilt. Það hefur verið mjög gaumgæfilega athugað, hvort í þessu muni vera fólgin hætta fyrir framkvæmd skattalaganna, hvort það vegna þessa verði svo erfitt að fylgjast með eignahreyfingum, að verulega tapist aðhald og tækifæri til þess að gagnrýna framtöl manna og komast að því rétta, ef menn kynnu að vilja skýra rangt frá. Sú athugun hefur leitt til þess, að menn setja þetta ekki fyrir sig og telja, að það muni ekki vera nein veruleg hætta á þessu, a. m. k. ekki svo mikil, að þetta sé setjandi fyrir sig, og sé því réttara að stiga skrefið alveg heilt og gera sparifé skattfrjálst að því leyti, sem ég hef lýst, og undanþiggja það framtalsskyldunni líka. Ég vil taka það fram í leiðinni, að sparifé verður líka undanskilið útsvarsskyldunni. Eins og gefur að skilja, þá er þetta þýðingarlítið, nema það sé gert líka. Það væri ekkert skattfrelsi á sparifé, þó að ríkið félli frá skattinnheimtu á sparifé, ef bæjar- og sveitarfélög mættu svo hækka að sama skapi skattlagninguna á sparifé. Hér er sparifé gert skattfrjálst beinlínis til þess að gera aðgengilegra fyrir menn að leggja fyrir peninga, og þess vegna verður að stíga skrefið alveg heilt, og fé verður að vera útsvarsfrjálst líka. Sannleikurinn er einnig sá, að þjóðfélagsnauðsyn er svo brýn í þessu sambandi, að ég hygg, að flestir muni telja þetta alveg eðlilegt og sjálfsagt raunar, eins og nú er komið, til þess að reyna að örva sparnaðinn. Það hefur hallað stórkostlega á sparifjáreigendur undanfarið, og þó að við vonum, að það þurfi ekki að halla á þá eins í framtíðinni, þá held ég, að enginn þurfi að bera kvíðboga fyrir því, að það verði of vel að þeim búið. Svo þýðingarmikið er, að menn gerist til þess að leggja fyrir fé, einmitt eins og hér horfir um framkvæmdaráhuga og fjárskort.

Ég vil í þessu sambandi minnast á það, að vegna hinnar nýju stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. tók upp í fjárhagsmálum, þá hefur nú orðið hér alveg stöðvun á verðlagi í tvö ár, og það hefur orðið til þess, að viðhorf manna til peninga er mjög breytt. Menn þora þó a. m. k. nú að eiga peninga yfir nóttina, en það var tæpast hægt að segja, að menn þyrðu það, eins og ástandið var áður. Nú hefur verðlagið verið stöðugt hér í tvö ár. Viðhorf manna til peninga er talsvert breytt, enda sýnir þróunin í bankamálunum það greinilega, því að sparifé hefur aukizt óvenjulega mikið. Og þó að það sé að verulegu leyti af því, að tekjur manna hafa vaxið, þá er það einnig af hinu, að mönnum finnst ekki nauðsyn bera til að eyða öllu jafnóðum, eins og mönnum fannst á meðan verðbólguhjólið valt áfram með fullum hraða.

Þá er ákvæði í þessu frv. um það, að jarðræktarstyrkur teljist ekki til tekna. Þetta ákvæði er byggt á því, að jarðræktarframlagið er framlag ríkisins í stofnkostnað framkvæmda og er því alls ekki tekjur fyrir þann, sem á móti því tekur. Þetta er alveg hliðstætt við það, sem framkvæmt hefur verið um önnur slík framlög, því að engin slík framlög af hinu opinbera hafa verið talin til tekna.

Í gildandi l. er ákvæði um það, að eiginkonur, sem vinna utan heimilis og þurfa að kaupa sér aðstoð, megi draga frá kostnaðinn við þessa aðstoð að nokkru leyti, en mjög er þetta takmarkað. Í þessu nýja frv. er veitt mun rýflegri frádráttarheimild fyrir slíkum kostnaði en áður hefur verið, og þykir það eðlilegt.

Þá er í þessu frv. heimilað, að frumbýlingar, sem stofna heimili, megi draga frá tekjum sínum kostnaðinn við stofnun heimilisins að vissu marki það ár, sem þeir stofna til heimilis.

Loks er í frv. ákvæði um það, að hluti af björgunarlaunum sjómanna skuli skattfrjáls. Er þetta ákvæði komið til af því, að við höfum séð hvað eftir annað á undanförnum árum, að skipshöfn hefur bjargað skipi og áhöfnin hefur fengið nokkur björgunarlaun í eitt skipti, en þau mestmegnis farið í skatta. Þetta hefur máske komið fyrir menn í eitt skipti á ævinni. Þetta er ekki sanngjarnt, og því er nú lagt til, að þessu verði breytt.

Ég kem þá að félögum og skattlagningu félaga. Eins og ég gat um áðan, var störfum milliþn. ekki svo langt komið, að fullum tökum væri hægt að ná á þessu máli, skattlagningu félaga. Hér er um stórfellt vandamál að ræða. Það verður að segja eins og er, að ákvæði gildandi l. um skattlagningu félaga hafa ekki gefizt vel. Það var ákveðið á sínum tíma, að þau skyldu greiða skatt eftir sömu reglum og einstaklingar, og sá skattstigi er mjög hár, eins og menn vita. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að atvinnurekstri og rekstri yfirleitt hefur verið skipt niður í mörg félög, til þess að menn gætu komizt hjá hinum háu skattstigum á þann hátt. Efnahagsstarfsemi hefur verið bútuð niður, ef svo mætti segja, í mörg félög til þess að komast hjá hinum háu skattstigum. Þetta er mjög óheilbrigð þróun. Þetta verður til þess, að hinir háu skattstigar hafa enga þýðingu í þá átt, sem þeir áttu að verka, þ. e. a. s. til þess, að af háum félagatekjum væri greiddur hár skattur. Menn dreifa starfseminni og komast þannig hjá

hinum háu sköttum. Á hinn bóginn verður þetta til þess, að sú efnahagsstarfsemi, sem á að vera rekin í einu lagi, er rekin í mörgu lagi. Þetta er dauðans óheppileg atburðanna rás. Þetta hafa menn líka rekið sig á í öðrum löndum, og hafa þessi mál víða verið til meðferðar. Norðmenn og Svíar hafa tekið hér upp alveg nýja stefnu. Ég veit ekki með vissu, hvað langt er síðan þeir tóku alveg nýja stefnu í þessu, en hún er sú, að þeir láta félögin greiða jafna prósentu alveg án tillits til þess, hvað tekjurnar eru miklar. Hugsunin er sú, að í félögum komi til samskottunar eign og tekjur margra aðila. Enn fremur á þannig að koma í veg fyrir, að efnahagsstarfsemin sé klofin niður í eintóm smáfélög. Þeir hafa vafalaust rekið sig á það sama og við, að hinir háu „progressivu skalar" fyrir félögin hafa í reyndinni litla þýðingu aðra en þá, að efnahagsstarfsemin er bútuð niður í ótal félög. Hér er þetta allt í athugun enn þá.

Eitt af því, sem mjög þarf að skoða í þessu sambandi, eru hin svo kölluðu veltuútsvör og útsvarsálagning á félög yfir höfuð. Eins og menn vita, þá er hvorki tekjuskattur né útsvar núna frádráttarbært á skattaframtölum, og það er byggt á þeirri hugsun, að tekjuskatturinn og útsvörin séu skattar af hreinum tekjum, en ekki óbeinir skattar. En verulegur hluti af útsvarinu er ekki skattur á hreinar tekjur, heldur á veltu eða umsetningu. Þetta hefur stundum verkað þannig, að einstökum aðilum hefur verið gert að greiða í tekjuskatt og útsvar samanlagt eins hátt og jafnvel meira en tekjur þeirra hafa numið. Veltuútsvarið er eins konar umsetningargjald eða söluskattur, en þó að þessu leyti frábrugðið, að það er ekki frádráttarbært. Þetta verkar á þennan hátt, að stundum verða fyrirtæki að greiða jafnvel meira en allar tekjur sínar í skatta. Þetta er mikið vandamál, og eftir eðli sínu ætti veltuútsvarið að vera frádráttarbært, þó að tekjuskatturinn og það af útsvörunum, sem lagt er á eignir og tekjur, væri það ekki. En það er ómögulegt að lögbjóða það, að veltuútsvarið sé frádráttarbært, nema það séu þá um leið settar skorður við því, hvað veltuútsvarið má vera mikið. Séu engar reglur í l. um veltuútsvarið og það gert frádráttarbært, þá er niðurjöfnunarnefndum gefið alveg ótakmarkað vald til þess að leggja á nýjan söluskatt eða nýjan toll.

Það er hins vegar geysilega miklum vandkvæðum bundið að finna skynsamlegar og heppilegar reglur í lög um veltuútsvörin. Það er vegna þess, að fjárþörf bæjarfélaganna og sveitarfélaganna sýnist vera ákaflega misjöfn, a. m. k. samanborið við tekjur í byggðarlögunum, og þar af leiðandi sýnast veltuútsvörin vera mjög misjöfn nú og þörfin fyrir þau. Ákvæði um veltuútsvar, sem væru meira en nógu rúm fyrir eitt byggðarlagið, mundu koma öðru byggðarlagi á kaldan klaka. Það liggja samt ekki nógu glöggar upplýsingar fyrir um þetta efni, þetta stórkostlega vandamál, til þess að um þetta verði dæmt nú. Allt er þetta í nánu samhengi við félagaskattinn, bæði til ríkis og bæjar- og sveitarfélaga.

Niðurstaðan varð því sú að taka hér algera bráðabirgðalausn varðandi félögin, og til þess að leggja áherzlu á, að hér er um bráðabirgðalausn að ræða, er það ákveði sett í frv., að það skuli lækka skattgreiðslu félaga um 20% á þessu ári, og það gildir aðeins fyrir þetta ár.

Í sambandi við þetta mál vil ég gerast svo djarfur að minnast ofur lítið á frv. til l. um útsvör, sem hæstv. félmrh. mun leggja hér fyrir á eftir, en er þessu mjög nátengt. Ég gat um það áðan, að milliþn. í skattamálum hefði ekki lokið störfum, m. a. ekki lokið rannsóknum sínum á málefnum bæjar- og sveitarfélaga, og ég minntist á þetta nokkuð í sambandi við það, sem ég sagði nú rétt áðan um veltuútsvarið. Ýmsar raddir hafa verið uppi um, að það ætti að setja í lög útsvarsstiga fyrir bæjar- og sveitarfélögin, það væri ekkert vit í því að leyfa að leggja á útsvör ótakmarkað. Á þessu eru miklir erfiðleikar, og hvað sem um þetta verður í framtíðinni, þá lágu þessi mál ekki þannig fyrir nú, að þetta væri með nokkru móti fært. Hér kemur það enn upp úr dúrnum, að þarfir sveitar- og bæjarfélaganna virðast vera svo misjafnar, samanborið við tekjur og eignir a. m. k., þannig að útsvarsstigi, sem settur væri í l., yrði allt of rúmur fyrir suma og mundi hvetja þá beinlínis til frekari álaga, en allt of þröngur fyrir aðra og valda þar miklum vandkvæðum. Mál þetta lá því ekki þannig fyrir, að nokkrir menn væru reiðubúnir, að því er ég veit bezt, til þess að gera till. um að lögfesta fastar reglur fyrir útsvarsstiga fremur en reglur um veltuútsvörin. Niðurstaðan varð því sú að leggja til að sinni þá eina breytingu á útsvarslögunum, sem felst í frv., sem hér er á dagskrá í dag. Breytingin er sú, að skylda niðurjöfnunarnefndir til þess að birta þær reglur, sem þær jafna niður eftir útsvörunum, enn fremur að gera nefndunum skylt að gera hverjum einstökum grein fyrir því, hvernig útsvar hans er á lagt eftir reglunum, ef hann óskar þess.

Þetta sýnist vera skynsamlegt að lögleiða og eðlilegt, og manni finnst, að þetta lagaákvæði gæti m. a. orðið að nokkru til þess að skapa grundvöll undir fastari skipan þessara mála í framtíðinni. Með þessu mundu koma fram miklu meiri og betri upplýsingar en áður hefur verið hægt að fá fram um það, hvernig raunverulega er ástatt í þessu tilliti, hvernig útsvörunum er í raun og veru jafnað niður, t. d. að hve miklu leyti útsvörin eru nú beinn skattur og að hve miklu leyti þau eru veltuútsvar eða óbeinn skattur o. s. frv. Með þessu ætti því að vera hægt að vinna tvennt: innleiða meira öryggi fyrir borgarana en þeir hafa áður átt við að búa og fá betri og skýrari upplýsingar um hið raunverulega ástand þessara mála en áður hafa verið fyrir hendi.

Þá vil ég geta þess, að það mun verða lagt fram, væntanlega á morgun, frv. frá ríkisstj. um það, að bæjar- og sveitarfélögin fái fasteignaskattinn. Það er flutt til þess að leggja áherzlu á, að það sé rétt, að fasteignaskatturinn verði skattstofn bæjar- og sveitarfélaganna eingöngu, en ekki ríkissjóðs.

Ég orðlengi ekki meira um mál þetta.

Ég vil að lokum aðeins minna á það enn og aftur, sem ég hef drepið á, að í stjórnarsamningnum er fyrirheit um það að lækka beina skatta, færa til leiðréttingar misræmi í skattabyrðinni

vegna verðlagsbreytinga og stuðla að aukinni sparifjársöfnun. Það mun víst enginn í efa draga, að fyllilega er við þessi fyrirheit staðið með þessu frv.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir stjórnarfrv. því, sem hér liggur fyrir, og fórst það skilmerkilega eins og vænta mátti.

Ég vil leyfa mér að segja það í upphafi, að það er ástæða til þess að fagna því stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir til leiðréttingar í skattamálunum, enda þótt á sama tíma verði að geta hins, að það er mjög margt óunnið enn þá í þessum málum miðað við það, sem að hefur verið stefnt og stefna ber að.

Þó að hér séu mörg og merk og athyglisverð nýmæli til bóta í þessum málum, þá er ég ekki sammála hæstv. fjmrh. um það, að það sé fávíslegt tal, sem heyrzt hafi hjá sumum, að mþn. í skattamálum væri seinvirk. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar, að ef heilbrigður áhugi hefði verið fyrir hendi hjá þeim, sem forustu hafa haft þeirra mála, þá væri nú allverulega miklu lengra komið á þeirri braut, sem hér er gengin með þessu frv., heldur en raun ber vitni.

Hæstv. ráðh. vísaði til þess, að Danir hefðu haft til endurskoðunar skattal. sín víst í um 10 ára skeið, en sú mþn., sem nú hefur starfað, væri ekki nema tveggja ára gömul. Þess er nú að minnast, að hér var skipuð mþn. í skattamálunum á árunum 1947—48, og sat hún alllengi að verki og skilaði þá veigamiklu nál., sem að sjálfsögðu hefur síðar verið töluverður grundvöllur í þeim umr. til endurbóta skattal., sem fram hafa farið, og æ ofan í æ hafa þessi mál verið á dagskrá hjá okkur hér á Alþ. og á opinberum vettvangi hinn síðari áratug.

Ég vil svo leyfa mér aðeins að vísa nokkuð aftur í tímann í sambandi við þetta mál og byrja þá þar, að eftir að grundvallarstefnubreyting var mörkuð í fjármálastjórn ríkisins, þegar Sjálfstfl. fór einn með stjórn landsins eftir kosningarnar 1949, og á ég þar við þá stefnu, sem mörkuð var með viðreisnartill. Sjálfstfl. í efnahagsmálum, gengisbreytingu og fleira, þá töldum við sjálfstæðismenn að minnsta kosti, að það væri ekki öllu lengur hægt að verja það að fresta endurskoðun á skattal. Þá var létt ýmsum útgjaldaliðum af ríkissjóði með breyttri stefnu, svo sem greiðslum til útflutningsuppbóta og ýmsum kostnaði, er áður hafði verið vegna meira ríkiseftirlits heldur en nú var stefnt að. Þess vegna fluttum við hv. þm. Ak. þáltill., sem fól ríkisstj. að hefjast handa um heildarendurskoðun á skattamálunum, á Alþ. 1951, og sú till. var samþ. Á grundvelli hennar var skipuð sú mþn., sem starfað hefur að þessum málum, og það frv., sem hér liggur fyrir, er vissir þættir úr árangri þeirrar starfsemi, sem þar hefur verið innt af hendi. Við töldum hins vegar á síðasta þingi, að það miðaði of hægt áfram störfum mþn. Með vísun til þess fluttum við hv. 2. þm. Eyf. sérstakt skattalagafrv. Það hlaut nú ekki náð fyrir augum þingsins í fyrra, en ég get þó ekki varizt að þegar þetta frv., sem nú liggur fyrir, lítur dagsins ljós, þá blandast mönnum ekki hugur um það, að í verulegum og veigamiklum atriðum hafa verið troðnar sömu slóðir sem við vildum fara með flutningi okkar máls á s. l. þingi. Það er alveg sérstaklega áberandi, að það er tekinn sá þáttur málanna, sem við tókum sérstaklega út úr og töldum, að auðveldast væri að ná samkomulagi um og hefði átt að vera búið að ná samkomulagi um fyrr en nú, og það er skattlagning einstaklinganna eða á persónurnar. Í okkar frv. var hins vegar gert ráð fyrir að láta hinn flóknari þátt nýrra skattalaga, ákvæði um félögin, bíða, og það er eins gert hér í þessu frv., sem nú liggur fyrir, þó að engum blandist hugur um það, að ærin sé þörf og ekkert minni þörf endurskoðunar á því sviði.

Ég vil ekki, að menn misskilji það, að enda þótt ég telji, að mþn. í skattamálum hefði mátt hafa meiri hraða á, þá met ég þó til fulls það, sem áunnizt hefur, og þá veigamiklu nýbreytni til bóta, sem felst í þessu frv. Ég vil sérstaklega vekja athygli á nokkrum atriðum, sem hér skipta bersýnilega mestu máli. Það er lækkun skatta á fjölskyldufólki. Það er hinn stórhækkaði persónufrádráttur. Það eru skattfríðindin í sérstæðum tilfellum, annars vegar heimilisaðstoðarfrádráttur í sambandi við það, þegar kona vinnur utan heimilis eða aflar sérstakra skatttekna, og eins sérstakur frádráttur fyrir einstakar mæður og feður, og hins vegar er sérstakur frádráttur við stofnun heimilis. Það er í fjórða lagi einfaldari og réttlátari framkvæmd skattalaganna með því að fella niður hinn umfangsmikla umreikning á tekjum vegna verðlagsbreytinga að vissu marki og innheimta einn skatt í stað þriggja, þ. e. a. s. tekjuskattsins, viðaukaskattsins og stríðsgróðaskattsins. Og það eru í fimmta lagi ákvæði um, að við hækkun eða lækkun kaupgjaldsvísitölu skuli í samræmi við það breyta tölum skattstiga, sem hindra, að aukin dýrtíð valdi sjálfkrafa vaxandi skattþunga. Öll þessi veigamiklu atriði, sem ég nú hef drepið á og met öll mikils, voru meginþættirnir í því skattalagafrv., sem við fluttum á síðasta þingi, hv. 2. þm. Eyf. og ég, þó að ýmis einstök atriði þessa máls séu hér í nokkuð öðru formi og mér fyrir mitt leyti finnist á sumum sviðum sé gengið skemmra en skyldi.

Þá var annað skattamál, sem var til umr. hér á s. l. þingi og olli deilum. Það var frv. um skattfrelsi sparifjár, sem hv. þm. A-Húnv. var 1. flm. að og hafði flutt áður á þingi, og var þetta í annað skipti, sem það frv. var af honum flutt. Helzta fyrirstaðan gegn framgangi þess máls kom þá því miður úr herbúðum hæstv. fjmrh. og hv. form. mþn. í skattamálum, þ. e. a. s. þm. V-Húnv. En það er þeim mun meira gleðiefni nú, að meginstefna þess máls skuli vera viðurkennd í þessu frv., þó að nokkrar takmarkanir séu á ákvæðunum um skattfrelsi sparifjár í þessu frv. fram yfir það, sem var í frv. hv. þm. A-Húnv. En mín skoðun um þetta atriði er sú, að það hefði hæglega mátt taka það til meðferðar og lagfæringar strax á s. l. þingi, eins og þessum málum hefur nú verið skipað í þeim till., sem hér liggja fyrir.

Ég vil svo til viðbótar viðurkenna mörg önnur ákvæði í þessu frv., sem eru til stórkostlegra bóta, eins og hæstv. fjmrh. vék að. Það eru mjög mikið rýmkaðar heimildir til þess að draga frá tekjum

iðgjöld vegna ólögboðinna lífeyristrygginga, sem er ákaflega mikils virði og eins og hæstv. ráðh. benti á stuðlar að aukinni sparifjár- eða sjóðasöfnun í landinu, og einnig er heimilt að draga frá hærri iðgjöld af lífsábyrgð heldur en áður var. Í þessu frv. er mjög veigamikið atriði einnig þau skattfríðindi, sem veitt eru leigutökum, vegna hinnar háu húsaleigu, sem margur á við að stríða og er hjá mörgum hverjum eitt erfiðasta viðfangsefnið í efnahagsmálum einstaklinganna.

Það, sem við lögðum einna mesta áherzlu á á s. l. þingi um nauðsyn endurskoðunar skattalaganna á einstaklingunum, var sú gífurlega skattahækkun, sem hin ört vaxandi dýrtíð hafði valdið, og það er viðurkennt vissulega með þessu frv. í framhaldi af yfirlýstri stefnu hæstv. ríkisstj., þegar hún var mynduð að loknum alþingiskosningum á s. l. sumri. Það er gífurlega veigamikið, jafnframt því sem girt er fyrir, að þetta misræmi haldi nú áfram að skapast. Þegar verið er að lækka hér skatta um allverulega upphæð, 29%, sem vissulega er a. m. k. mikið hjá þjóð, sem hefur séð litið framan í skattalækkanir á umliðnum árum, þá er líka þess að minnast, að skattahækkunin hafði verið ákaflega mikil á undanförnum áratug bara vegna hinnar ört vaxandi dýrtíðar í landinu. Skal ég ekki á þessu stigi málsins eyða tíma hv. þm. í að gera nánar grein fyrir því. Það var sérstaklega rætt um það á þinginu í fyrra og er gerð grein fyrir því einnig í þessu frv. eða grg. þess.

Að öllu athuguðu finnst mér ástæða til þess að meta til fulls og fagna þeim umbótum fyrir fjölskyldufólk, einstaklingana og marga, sem við sérstakar aðstæður eiga að búa, — að meta það, sem hér hefur áunnizt til leiðréttingar í skattamálunum, þeirra vegna. Alveg eins og það var mín skoðun á s. l. þingi, að þá mundi verða umfangsmeira að ganga frá lagaákvæðunum um félögin, þó að þess væri full þörf, þá viðurkenni ég, að þau sömu sjónarmið eru fyrir hendi nú. Þeim mun fremur er hægt að treysta því, að það muni á vinnast verulega í þeim efnum á næsta þingi sem ákvæðin til úrbóta varðandi einstaklingana eru ákveðnari í því frv., sem nú þegar hefur verið lagt fyrir.

Ég vil svo aðeins að lokum leggja áherzlu á eitt, að þegar mþn. í skattamálunum var kosin á sínum tíma samkv. þáltill. okkar þm. Ak., þá var þar lögð megináherzla á þennan þátt endurskoðunarinnar, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Það er nú enn eftir sá þátturinn, sem veit að bæjar- og sveitarfélögunum, og vissulega er þörf þeirra orðin mjög brýn og aðkallandi. Hún var það þegar á árinu 1951, þegar við fluttum okkar þáltill. Þá sátu hér á rökstólum fulltrúar bæjarfélaga, eða bæjarstjórafundur svo kallaður. Þar voru bæjarstjórar úr kaupstöðum landsins og borgarstjórinn í Rvík, og hafði verið boðað til þessa fundar vegna þess, í hversu mikið ófremdarefni var komið um fjárhag sveitar- og bæjarfélaganna. Það hlýtur þess vegna að vera eitt meginatriðið í þessu máli, þegar nú er haldið áfram að endurskoða skattalöggjöfina, að sinna þessum þætti málanna, og vil ég í lok máls míns leggja sérstaka áherzlu á það, að farsællega verði fram úr þeim þætti málanna ráðið á næsta þingi, þegar framhaldstillögur hæstv. ríkisstj. koma fyrir þingið.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Björn Ólafsson:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir frv. þessu í gær í löngu og ýtarlegu máli, svo að ég ætla ekki að endurtaka neitt af því aftur, en langar til að minnast á eina hlið skattamálanna, sem tiltölulega hefur verið lítið rædd. Ég álít, að þær till., sem fyrir liggja um breytingar á skattalögunum, séu að mörgu leyti til mikilla bóta frá því, sem nú er. Hér eru sett inn í l. ýmis ákvæði, sem lengi hefur verið nauðsyn að fá. Má þar nefna hækkun á persónufrádrætti, hækkun á frádrætti vegna iðgjalda lífeyristrygginga og líftrygginga, sérstakan frádrátt fyrir hlífðarfatakostnaði fiskimanna, skattfrelsi sparifjár o. fl., auk þess sem skattstiginn hefur verið lækkaður um og yfir 20%, að ég hygg, og er talið, að öll lækkunin muni nema um 29%.

En þó að hér hafi talsverðar umbætur verið gerðar, þá þurfa hv. þm. að gera sér það ljóst, að frambúðarlagfæring hefur aðeins verið gerð hjá hinum persónulegu skattgreiðendum, og hefur því annar meginhluti skattalaganna, um álagningu félaga, enga leiðréttingu fengið nema rétt til bráðabirgða, og þó er þetta sá hluti skattþegnanna, sem alls enga leiðréttingu hefur fengið í skattalögunum síðan 1942 þrátt fyrir gífurlega verðrýrnun peninga á þeim tíma. Það, að ekki hefur tekizt nú að gera lagfæringu á þessum hluta l., stafar af því, að ekki hefur unnizt tími til að ganga frá þessu vandasama máli. Hinir persónulegu gjaldendur hafa allan tímann, sem verðbólgan hefur farið vaxandi, fengið leiðréttingu að ákveðnu marki, með því að tekjur þeirra til skatts hafa verið lækkaðar í hlutfalli við verðrýrnun peninganna og hækkun dýrtíðarinnar. En enga slíka leiðréttingu hafa hinir ópersónulegu gjaldendur fengið, eða félögin. Þessir gjaldendur greiða enn skatt eftir þeim skattstiga, sem í gildi var 1942, ásamt viðbótartekjuskatti og stríðsgróðaskatti. Þeir fá að halda eftir sömu krónutölu nú og þá var, þó að krónan sé nú ekki meira en 10 aura virði á við það, sem hún var þá. Þetta er óviturlegasta stefna í skattamálum, sem hægt er að reka, ekki sízt þegar þar við bætist, að bæjar- og sveitarfélög hafa tekið upp þá stefnu í útsvarsálagningu að leggja á öll fyrirtæki, sem einhvern rekstur hafa, þung veltuútsvör án nokkurs tillits til nettótekna gjaldendanna eða afkomu skattþegnsins, enda er nú svo komið, að mestallur rekstur í landinu er í slíkri hættu vegna skattheimtu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, að allt útlit er fyrir, að það hafi stórkostlega alvarlegar afleiðingar, ef ekki er farið inn á aðra braut, áður en langt um líður. Þjóðin lifir á atvinnuvegum sínum, en atvinnuvegirnir geta því aðeins lifað og haldið áfram að veita mönnum atvinnu, að þeir séu ekki tærðir upp af of þungri skattheimtu.

Þessi leiðrétting, sem nú er gerð á skattalögunum, er því gersamlega óviðunandi og ófullnægjandi, ef atvinnureksturinn í landinu fær ekki sanngjarna leiðréttingu til frambúðar og ef skorður eru ekki settar við því, að hægt sé að skattleggja hann úr hófi fram og án nokkurra takmarkana. Eins og kunnugt er, eru engir skattar frádráttarhæfir nema eignarskattur, síðan hin almenna frádráttarheimild var numin úr l. Skattþegnarnir hafa því enga vörn gegn ágangi þess opinbera valds, sem leggur á útsvör og skatta, nema löggjafinn veiti þeim vernd með því móti að setja einhver takmörk fyrir því, hvað þunga skatta má á þá leggja. Veltuútsvarið kemur þyngst niður á félögunum, vegna þess að það er lagt á án nokkurs tillits til tekna skattgreiðendanna. Þetta verður að telja óeðlilega og óviðeigandi skattheimtu, þó að bæjar- og sveitarfélög hafi farið inn á þessa braut af illri nauðsyn, en það verður ekki hjá því komizt, að einhverjar skorður verði settar við þessu, því að menn þola ekki slíkt til lengdar.

Til þess að finna orðum mínum stað um óhæfilega skattlagningu félaga í ýmsum greinum, skal ég lofa hv. þm. að heyra hér nokkur dæmi um það, sem ég kalla óverjandi álögur. Þess ber að gæta, að ríkisskattarnir eru reiknaðir út eftir föstum reglum, en útsvörin eru það ekki, og þess vegna koma þau harðast niður á mönnum. Ég skal taka það fram, að þessi dæmi, sem ég tek hérna, eru reiknuð áður en hlutaðeigandi fyrirtæki hafa lagt í varasjóð lögmætt tillag og áður en reiknað er 5% af hlutafé, sem einnig er heimilað.

Þá skal ég taka þann, sem ég kalla skattgreiðanda nr. 1. Það er fyrirtæki, sem er sameign fjögurra manna. Fyrirtækið er skattað sérstaklega. Það hafði nettótekjur 108 þús., hafði í skatta 38 þús., í útsvar 60 þús., samtals 98 þús., en eftir eru 10 þús. kr.

Skattgreiðandi nr. 2 er sameignarrekstur. Þar eru tveir eigendur, og þetta er framtal annars eigandans. Nettótekjur hans voru 246 þús. Skattar voru 124 þús., útsvar 130, samtals 254 þús. Lagt á umfram tekjur 8 þús. Maðurinn hefur því engar tekjur til að lifa á, því að hans persónulegu tekjur eru þarna innifaldar líka, og verður að bæta við 8 þús. kr. með sér yfir árið til þess að greiða ríki og bæ alla skatta.

Nr. 3 er hlutafélag með 295 þús. kr. nettótekjum, hefur í skatta 124 þús., í útsvar 210 þús., samtals 334 þúsund eða 39 þús. kr. umfram tekjurnar.

Hér er eitt merkilegt dæmi, sem ég nefni nr. 4. Þar er tap 76 þús. kr. Tekjuskattur er enginn. Útsvar í Reykjavík 376 þús., útsvör utan Reykjavíkur 267 þús. Lagt á umfram tekjur 720 þús. Menn geta nú hugsað sér, hvað lengi slíkt félag sé að þurrka út höfuðstól sinn og sjóði, því þó að menn vildu nú rengja framtal slíkra manna, þá er ekki gott að sjá, hvernig þeir ættu með óheiðarlegum aðferðum að greiða slíkan skatt í ríkissjóð, án þess að það kæmi nokkurs staðar fram.

Þá er það skattgreiðandi nr. 5. Hann hefur tekjur 392 þús., en skatta 186, útsvar 644, samtals 830 þús. Umframtekjur 438 þús.

Skattgreiðandi nr. 6 hefur 597 þús. Skattar 338, útsvar 250. Umframtekjur 9 þús.

Skattgreiðandi nr. 7, sem annast útflutning. Tekjur 95 þús. Skattar 21, útsvar 184 þús., samtals 205. Greitt umfram tekjur 110 þús.

Iðnfyrirtæki, nr. 8. Tekjur eru 159 þús. Skattar 31 þús., útsvar 120, samtals 151. Eftir eru 8 þús.

Iðnfyrirtæki, nr. 9. Tekjur 21 þús. Skattar 1300 kr., útsvar 55 þús., samtals 56 þús. Greitt umfram tekjur 35 þús.

Iðnfyrirtæki, nr. 10. Tekjur 43 þús. Skattar 6469, útsvar 36700, samtals 43169. Greitt umfram tekjur 169 kr.

Mönnum þykir nú að öllum líkindum þetta heldur ótrúlegt, en ég talaði við einn elzta endurskoðanda hér í bæ fyrir nokkrum dögum, og hann sagði, að það væri að verða almennt, að fyrirtæki væru sköttuð á þennan veg, og það hefði farið um þverbak nú 2—3 síðustu árin.

Að sjálfsögðu verða ekki öll félög jafnilla úti eins og þau, sem ég hef nú nefnt, en fjöldinn af félögunum verður að þola slíkar búsifjar af skattayfirvöldunum, sem þau standa gersamlega berskjölduð gegn. Þessi dæmi, sem ég hef tekið hérna, eru raunverulega álagðir skattar, en ekki útreikningur.

Slík skattheimta getur ekki blessazt til lengdar af þeirri einföldu ástæðu, að lindin, sem skattana gefur, hlýtur að renna til þurrðar, áður en langt um líður, og ef áframhald verður á sliku, er hér verið að slátra hænunni, sem verpir gulleggjunum. Það hlýtur að vera ófrávíkjanleg krafa þessara skattþegna, að veltuútsvarinu verði af þeim létt á þann hátt, að það verði gert frádráttarhæft, þannig að það sé dregið frá tekjum, áður en skattur og útsvar er á lagt. Í öðru lagi hlýtur sú krafa að verða gerð, að útsvarsstigi hinna ópersónulegu gjaldenda sé lækkaður að verulega leyti í samræmi við verðrýrnun krónunnar og með tilliti til þess, að þessir gjaldendur hafa enga leiðréttingu fengið í heilan áratug. En slíka leiðréttingu sem hér er farið fram á hafa hinir persónulegu gjaldendur fengið allan tímann.

Eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir í framsögu sinni, verður mþn. látin athuga málið og finna sanngjarna lausn á því fyrir næsta þing. Ég viðurkenni fúslega, að mál þetta er mjög vandasamt og ýmsir erfiðleikar eru á lausn þess, og þess vegna hefur orðið að fresta því að sinni, en málið verður að leysast eins og öll vandamál, sem miklu skipta fyrir þjóðfélagsþegnana. Ég vænti þess vegna, að hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn að lýsa því yfir f. h. ríkisstj., að till. verði lagðar fyrir næsta haustþing til leiðréttingar þeim kafla skattalaganna, sem ég hef nú gert að umræðuefni.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég er einn þeirra, sem varð fyrir miklum vonbrigðum, þegar ég sá skattafrv. hæstv. ríkisstj. Það er fyrst að segja, að undanfarin 2 ár rúm hefur starfað mþn. að endurskoðun skattalöggjafarinnar, og því hefur tvívegis verið heitið af hæstv. ríkisstj., fyrir tvö þing, að leggja fram frv. um heildarendurskoðun á skattakerfi landsmanna. Þessu loforði hefur hæstv. ríkisstj. tvívegis brugðizt. Stjórnin hafði skuldbundið sig til þess að leggja fram

nýtt frv., sem í fælist endurskoðun á öllu skattakerfinu, fyrir síðasta þing. Hún hafði aftur endurtekið það loforð fyrir þetta þing. Frv. átti því í síðasta lagi að liggja fyrir í upphafi þingsins, og það átti að vera um endurskoðun á öllu skattakerfinu. Hver er efnd þessa tviendurtekna loforðs? Hún er þetta frv., sem nú er lagt fram undir þinglok, og það er ekki um endurskoðun á heildarskattakerfi þjóðarinnar, heldur felst í því nokkur breyting, að vísu sem betur fer til lækkunar á persónusköttunum. Annað er ekki gert. Félagaskattarnir, allt skattakerfið, sem að þeim lýtur, er látið haldast algerlega óbreytt, en skattar félaga einvörðungu lækkaðir um 20%, án þess að gerð sé nokkur tilraun til þess að taka til endurskoðunar þann grundvöll, sem sú skattaálagning hvílir á. Það er mjög undarlegt, að skattar félaga skuli færðir niður að meðaltali og almennt um 20%, þegar skattstigum einstaklinganna er breytt þannig, að á mörgum tekjubilum einstaklinga lækkar skatturinn alls ekki neitt. Ég vil því segja þegar í upphafi máls míns, að mér hafa orðið mikil vonbrigði að þessu frv., þótt vissulega sé nokkuð gott um það að segja, eins og ég mun koma að hér rétt á eftir.

Hæstv. fjmrh. gumaði mjög af því í ræðu sinni í gær, að hér væri um stórkostlega skattalækkun að ræða, sem skattstofan hefði áætlað um 29% að meðaltali, og bar það saman við mjög umtalaða skattalækkun í Kanada, því gósenlandi, sem numið hefði 11% og þótt mikið. Bæri það því vott um, að ríkisstj. hér væri sannarlega Kanadastjórn, þótt vís væri, miklu fremri og frjálslyndari að þessu leyti. En hér eru blekkingar á ferð, og það miklar blekkingar. Skattakerfið í Kanada er allt öðruvísi en skattakerfið hér á Íslandi. Hlutdeild beinu skattanna er hér mjög lítil í heildarskattheimtunni. Ég hygg, að óhætt sé að segja, að hún sé lægri hér en nokkurs staðar annars staðar í nágrannalöndunum. Tölur varðandi Kanada veit ég ekki með vissu, en um nágrannalöndin gildir það, að íslenzka ríkið heimtar miklu minni hluta af sínum heildartekjum með beinum sköttum heldur en nokkurt þeirra. Þess vegna er tiltölulega mikil prósenttala lækkunar á beinu sköttunum mjög lítil lækkun á heildarskattabyrðinni á almenningi. Það skiptir mestu máli í þessu sambandi, en ekki háar prósenttölur á mjög litlar skattupphæðir. Geri ég ráð fyrir því, að sú skattalækkun, sem í kjölfar þessa frv. mundi sigla, geti varla verið meiri en einhvers staðar milli 10 og 15 millj. kr. Það er verið að létta 10—15 millj. kr. byrði af skattþegnunum, og það er þetta, sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. finnst sérstök ástæða til þess að guma af. Mér finnst ekki vera mikil ástæða til þess, þótt vissulega sé það svolítið spor í rétta átt.

Tekju- og eignarskatturinn er á fjárlfrv. fyrir yfirstandandi ár, nýsamþykktu, áætlaður um 60 millj. kr. Þegar það er haft í huga, að þjóðarframleiðslan hefur á s. l. ári verið áætluð um 2500 millj. kr., þá kemur í ljós, að allir beinu skattarnir, sem ríkið innheimtir af tekjum gjaldendanna, nema aðeins 2.4% af heildarþjóðartekjunum. Í raun og veru liggur það í augum uppi, að við slíkt tekjuskattakerfi, sem miðast við það að láta þegnana í heild greiða aðeins 2.4% af þjóðartekjunum til þarfa ríkisins, er eitthvað meira en lítið bogið, enda er sannleikurinn sá um skattakerfi okkar, eins og það er framkvæmt, að það er fyrst og fremst skattur á launamenn, fyrst og fremst skattur á fólk í stærstu kaupstöðunum og kauptúnunum, en félög og ýmsir atvinnurekendur í landbúnaði og sjávarútvegi sleppa margfalt léttar undan skattabyrðinni en launþegarnir í stærstu bæjunum. Ef tekið er tillit til þess, að sveitarfélögin innheimta mestan hluta tekna sinna sem beina skatta, má gera ráð fyrir því, að beinu skattarnir í heild verði um eða yfir 200 millj. kr. En jafnvel það er ekki nema 8% af öllum þjóðartekjunum. Allir beinir og óbeinir skattar munu á s. l. ári hafa reynzt um 550 millj. kr. og þar af beinu skattarnir aðeins um 200 millj., og það er þetta, sem er séreinkenni á skattakerfi okkar, hve beinu skattarnir eru orðnir tiltölulega lítill hluti af heildarskatttekjunum.

Um það er ekki að villast, að nú um langt undanfarið skeið hafa beinu skattarnir samt hvílt allt of þungt á því fólki, sem hefur orðið og talið sjálfsagt að telja fram allar tekjur sínar til skatts, beinlínis vegna þess, að þótt heildartekjuupphæðin hafi ekki verið mjög há, þá hefur skatteftirlitinu verið svo mjög ábótavant, að skattabyrðin hefur fyrst og fremst lent á tiltölulega fámennum hópi launþega og vissra félaga, sem hafa talið fram verulegar tekjur. En þó er það þannig, og það gerði ég að umtalsefni einu sinni á síðasta þingi, að mann rekur í rogastanz, þegar maður athugar skýrslur skattstofunnar um það, hvernig tekjuskatturinn skiptist á Reykjavík, kaupstaði, kauptún og á sveitir. Það kemur í ljós, að langmestur hluti tekjuskattsins er innheimtur í Reykjavík og talsverður hluti hans í hinum stærri kauptúnum, en mjög hverfandi hluti hans í sveitum. Ef athuguð er skipting tekjuskatts í heild milli einstaklinga og félaga, þá rekur mann einnig í rogastanz. Því miður fann ég ekki upplýsingar um þetta, áður en fundur byrjaði, svo að ég hef þær ekki alveg á reiðum höndum, en mig minnir, að ég hafi séð upplýsingar um, að af um 55 millj. tekjuskatti í heild séu aðeins 8 millj. greiddar af öllum félögum í landinu. Skýtur þetta nokkuð skökku við þær upplýsingar hv. 3. þm. Reykv. hér áðan, þar sem hann kvartaði mjög undan þeirri óhæfilegu skattabyrði, sem á félögunum hvíldi. Það er rétt, að skattstigarnir hafa á vissu bili verið óskynsamlega háir, beinlínis ranglátir, svo að skattabyrðin hefur hvílt mjög þungt á þeim félögum, sem hafa þurft að telja fram og talið fram tekjur, sem lent hafa á þessu bili. Nákvæmlega sama gildir um einstaklinga, sem hafa talið fram tekjur sínar. Ef ég man rétt, — en það vil ég leiðrétta síðar í umr., fari ég með ranga tölu, — hafa öll félög í landinu aðeins greitt á s. l. ári 8 millj. kr. í tekjuskatt. Má þá hverjum manni vera augljóst, að því fer fjarri, að félögin í heild geti kvartað undan því, að þeim hafi verið íþyngt af ríkisvaldinu með skattabyrði. Þau hafa þá, vegna ýmiss konar hlunninda, sem félögin njóta, skattfrjálsra varasjóðstillaga og þó sérstaklega vegna mjög ríflegra afskriftaheimilda, komið sér undan háu skattgjaldi þrátt fyrir hina óskynsamlega háu skattstiga, auk þess sem

skatteftirliti með félögunum hefur vafalaust verið mjög ábótavant.

Ef innihald þessa frv. er athugað, má gera það á tvennan hátt. Annars vegar má bera það saman við núgildandi skattstiga og skattkerfi, en hins vegar við þau skattalög, sem hér giltu um langan tíma og hæstv. núverandi fjmrh. átti mestan þátt í að fá lögleidd, þegar hann var nýorðinn fjmrh. fyrir 20 árum, eða 1934—35. Þá beitti hæstv. fjmrh. sér fyrir gagngerri endurskoðun skattalöggjafarinnar og setningu nýs skattstiga. Síðan eru liðin 20 ár. Þá var hæstv. fjmrh. í stjórnarsamvinnu við Alþfl.; nú er hann í stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. Og það er mjög fróðlegt að bera — þótt ekki sé nema lauslega — saman þá breytingu, sem hefur orðið á afstöðu og till. hæstv. fjmrh. á þessum 20 árum. Ég vil ekki þurfa að trúa því, að hæstv. fjmrh. hafi farið nokkuð aftur á þessum 20 árum, og heldur ekki að frjálslyndi hans hafi nokkuð minnkað. Ég er helzt reiðubúinn til þess að trúa því, að ef í ljós kæmi, að breyting hefði orðið á till. hans, þá væri það vegna þess, að hann sé nú í *öðrum og eitthvað verri félagsskap en hann var* fyrir 20 árum, þegar hann gerði sínar fyrstu tillögur í skattamálum. Helzt vildi ég mega trúa þessu og vona, að það sé rétt. En nú skulum við sjá, hver munurinn er á því, sem hæstv. fjmrh. lagði fram fyrir 20 árum, og því, sem hann leggur fram núna og gumar sérstaklega af.

Meðaltekjur verkamanna á þessum árum hér í Reykjavík voru samkvæmt rannsókn, sem fram fór, 2500 kr., en þá var *verulegt atvinnuleysi*. Sá verkamaður, sem unnið hefði 8 tíma á dag, hefði, miðað við þáverandi kaupgjaldstaxta, haft 3500 kr. í árstekjur. Nú hefur Dagsbrúnarmaður sem vinnur fullan vinnutíma, — og nú er sem betur fer ekki um atvinnuleysi að ræða, — 33—34 þús. kr. tekjur á ári. Tekjur fullvinnandi Dagsbrúnarmanns hafa um það bil tífaldazt á þessu tímabili þannig reiknað, svo að gera mætti ráð fyrir, að maður með 3500 kr. tekjur þá væri um það bil jafnvel settur og maður með 35 þús. kr. tekjur núna.

Samkvæmt skattal. frá 1935 voru raunverulegar meðaltekjur verkamanna, eins og þær voru þá, alveg skattfrjálsar, ef verkamaðurinn hafði þrjú börn á framfæri sínu, þ. e. a. s., maðurinn, sem hafði 2500 kr. tekjur og þrjú börn, var algerlega skattfrjáls. Verkamaður, sem hafði 3500 kr. árstekjur og þrjú börn á framfæri sínu, greiddi aðeins 0.1% af tekjum sínum í skatt. Maður, sem hafði 4500 kr. árstekjur og þrjú börn á framfæri sínu, greiddi samkvæmt þeim skattstiga, sem þá var lögtekinn, aðeins 0.37% í skatt, og þó að hann hefði 6000 kr. árstekjur, sem voru góðar tekjur á þeim árum, þá greiddi hann, ef hann hafði 3 börn á sínu framfæri, aðeins 1% af tekjum sínum í skatt.

Hvernig er þessu varið samkvæmt þeim till., sem hæstv. fjmrh. nú leggur fram fyrir hið háa Alþingi? Hjón með 3 börn, sem hafa 35 þús. kr. árstekjur, eiga nú að greiða 175 kr. í skatt, en þær tekjur voru í raun og veru skattfrjálsar árið 1935. Hjón með 3 börn með 40 þús. kr. tekjur eiga samkvæmt þessu frv. að greiða 340 kr. í skatt. Af 45 þús. kr. tekjum á að greiða 540 kr. í skatt, af 50 þús. kr. tekjum 785 kr., af 55 þús. kr. tekjum 1080 kr. og af 60 þús. kr. tekjum 1425 kr. Af 45 þús. kr. tekjum ætti nú að greiða kr. 166.50, miðað við sama hlutfall og gilti 1935, en nú leggur hæstv. fjmrh. til, að skatturinn verði 540 kr., eða meira en þrefaldur miðað við það, sem hann var þá. (**Fjmrh.**: En hvað borga hjón með 35 þús. kr. tekjur nú?) Núna, 175 kr. (**Fjmrh.**: Hvað eru það mörg prósent? ) Já, það er fljótlegt að reikna það, en það er hærra en 1935, því að þá varð það aðeins 0.1%. (**Fjmrh.**: Þetta er ½%.) Já, en ég hef hingað til haldið, að ½% væri hærra en 0.1%. Það er fimm sinnum meira. (**Fjmrh.**: En er þetta mikið?) Það, sem ég er að sýna fram á, er, að till. hæstv. ráðh. núna séu hærri en þær voru 1934. Það er það, sem ég er að sýna fram á. Ég er ekki að tala um, hvort skatturinn sé hár eða ekki, heldur sýna fram á, að skattalögurnar núna eru meiri en hann lagði til að þær væru þá. Af 60 þús. kr. tekjum ætti núna að greiða 600 kr., miðað við sama hlutfall og 1934, en nú leggur hæstv. ríkisstj. til, að skattgjaldið verði 1425 kr. eða meira en tvöfalt.

Þetta *nægir* til þess að sýna *fram á* það, að þeir skattstigar, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að nú verði lögteknir og gumar af að séu lágir, eru hærri en sá skattstigi, sem hæstv. ráðh. lagði fram fyrir 20 árum. Auðvitað er hér um að ræða framfaraspor miðað við það, sem verið hefur, en hæstv. ráðh. hefur ekki enn náð því stigi, sem hann var á fyrir 20 árum, svo að enn á honum eftir að fara talsvert mikið fram til þess að verða *jafnfrjálslyndur í þessum málum og hann* var 1935.

Þá er annað, sem ég vildi ræða, og það er munurinn á skattgreiðslu einstaklinga og hjóna. Að því var vikið í ræðu hæstv. ráðh. og einnig í ræðu hv. 5. þm. Reykv., að í frv. væri hjónum ívilnað verulega miðað við einstaklinga. Það er rétt, að nokkurt framfaraspor er stigið í frv. í þá átt að rétta hlut hjóna miðað við einstaklinga. *Ég hef gert á því lauslega athugun, hversu* miklu þetta nemur. Munur á skattgreiðslu einstaklinga og hjóna með 40 þús. kr. tekjur er 590 kr., munur á skattgreiðslu einstaklinga og hjóna með 50 þús. kr. tekjur eru 995 kr., og munur á skattgreiðslu einstaklinga og hjóna með 60 þús. kr. tekjur er 1520 kr. Þetta er nokkur bót frá því, sem verið hefur, en ég tel, að mikið skorti enn á, að hér sé nógu langt gengið til þess að létta skattabyrðina á hjónum miðað við einstaklinga. Það er óeðlilegt, að þegar einstaklingur greiðir 1580 kr. af 40 þús. kr. tekjum, þá skuli hjón þurfa að greiða 990 kr. Munurinn ætti að vera meiri. Það er líka eðlilegt, að munurinn sé meiri en tæpar 1000 kr. á skattgreiðslu einstaklings og hjóna, sem hafa 50 þús. kr. tekjur. Ég tel því, að talsvert skorti á, að hér hafi verið nógu langt gengið í leiðréttingu á því misræmi, sem ríkt hefur undanfarið.

Ég hef á nokkrum undanförnum þingum flutt frv. um allróttækar breytingar á skattalögunum til þess að leiðrétta það misræmi, sem er á skattgreiðslu einstaklinga og hjóna, og þó alveg sérstaklega til þess að leiðrétta það misræmi, sem verið hefur í gildandi skattalögum og á enn að haldast samkvæmt þessu frv. í skattgreiðslu konu,

sem vinnur utan heimilis, eftir því, hvort hún er ógift eða gift. Ég hef áður tekið dæmi til þess að sýna fram á ranglæti það, sem fylgir samsköttunarreglunni svo kölluðu, þ. e. þeirri reglu að leggja skatta á tekjur manns og konu saman. Mér hefur ekki unnizt tími til þess að gera athugun á því, hvernig tölur mundu verða eftir hinum nýja hjónastiga, sem hér er reiknað með, en þar sem hann breytir ekki neinu verulegu í þessu sambandi, þá vildi ég leyfa mér að hafa yfir í örstuttu máli, til þess að sýna fram á ranglæti samsköttunarreglunnar, dæmi, sem miðað er við skattstigana, eins og þeir eru núna.

Ef við gerum ráð fyrir því, að kvæntur maður hafi 30 þús. kr. árstekjur, þá nema skattar og útsvar af þeirri upphæð 3629 kr. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að kona hans vinni utan heimilis og afli sér 20 þús. kr. tekna. Þær tekjur leggjast við tekjur mannsins, og hækka þá skattar og útsvar hans upp í 9478 kr. eða um hvorki meira né minna en 5849 kr. Ef þessi kona hefði verið ógift, hefði hún þurft að greiða í skatta og útsvar af sínum 20 þús. kr. tekjum aðeins 2075 kr., en af tekjum giftu konunnar verður að greiða meira en tvöfalda þessa upphæð eða 5849 kr. Við getum hugsað okkur, að tvær konur sitji hvor sínum megin við skrifborð í skrifstofu og hafi báðar 20 þús. kr. laun; önnur er gift, en hin er ógift. Þær vinna nákvæmlega sama verk, hafa nákvæmlega sömu tekjur. Ógifta konan greiðir af sínum tekjum 2075 kr. í skatt, en af tekjum giftu konunnar þarf hún að greiða 5849 kr. í skatt, af því að þær eru lagðar við tekjur mannsins. Einnig má skýra þetta með því að gera sér grein fyrir því, hvað þetta fólk mundi spara við það að skilja að lögum og verða þannig hvort um sig sjálfstæður skattgreiðandi. Þetta fólk hefði átt að greiða 6278 kr. samtals, ef það hefði verið ógift, en þarf að greiða 9478 kr., af því að það er gift. Það þarf m. ö. o. að greiða um það bil 50% hærri skatt vegna þess, að það er gift, heldur en það hefði þurft að greiða, hefði það verið ógift, og mundi þurfa að greiða, ef þau skildu. Slíkt skattakerfi má ekki haldast til frambúðar, og mér eru það mikil vonbrigði eftir þær fregnir, sem ég hafði haft af störfum skattamálan., að þetta frv. ríkisstj. skuli hafa verið lagt fram þannig, að engin alvarleg tilraun sé gerð til þess að leiðrétta þetta hróplega ranglæti, sem í samsköttunarreglunni felst.

Þá er að víkja fáeinum orðum að þeim frádrætti, sem sjómönnum er ætlaður í frv. eins og það hefur verið lagt fram, en hann tel ég allsendis óviðunandi, enda langt frá því að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar hafa verið af sjómannasamtökunum um þetta efni. Það er enginn vafi á því, að þau skattfríðindi, sem hér er boðið upp á, munu ekki hafa nein veruleg áhrif til þess að leysa þann vanda, sem nú er á höndum í útgerðinni varðandi það að fá sjómenn á fiskiskipin.

Þá er ákvæði í 5. gr. frv., sem ég vildi gera að umtalsefni, en það hefur ekki borið á góma í umr. fram að þessu. Í 5. gr., 2. lið hennar, eru sett skynsamleg ákvæði um það, að sé eign seld hærra verði en hún hefur verið fyrnd niður í, þá skuli söluhagnaðurinn teljast skattskyldar tekjur, þ. e. að skattur skuli greiðast af fyrningu, ef eignin er seld. Er þetta sjálfsagt og nauðsynlegt, vegna þess að atvinnurekstur nýtur verulegra skattfríðinda í formi sérstaklega hárra fyrningarafskrifta. Það kann að vera réttlætanlegt að ívilna atvinnurekstri á þennan hátt, meðan atvinnutækin eru í eign fyrirtækjanna, en það er auðvitað sjálfsagt að láta þessa ívilnun falla niður, ef eigandinn selur eignina með hagnaði. Meiningin var að ívilna atvinnurekandanum með afskrift tækisins, meðan hann notaði það í þágu atvinnurekstrarins, en ástæðulaust að halda ívilnuninni áfram, ef hann selur eignina með hagnaði. Heildarákvæðin um þetta tel ég skynsamleg og mjög til bóta frá því, sem verið hefur áður í skattalöggjöfinni, en það er gerð undantekning frá hinum almennu reglum um þetta efni að því er snertir fasteignir og skip. Það er ekki óeðlilegt að gera undantekningar um fasteignirnar, vegna þess að fyrning á þeim skiptir yfirleitt mjög litlu máli, og ef fasteign er seld verulega hærra verði en hún hefur verið fyrnd niður í, má gera ráð fyrir, að þar sé um verðbreytingu að ræða, og samkv. almennri meginreglu skattalaganna er verðbreytingahagnaður ekki talinn skattskyldur, ef eignin hefur verið í eigu gjaldanda lengur en vissan tíma. En ég sé enga ástæðu til þess að undanþiggja frá hinni almennu reglu öll skip, einmitt vegna þess að skip njóta samkv. gildandi lögum verulegra skattfríðinda, þ. e. a. s. þeirrar reglu að mega afskrifa kaupverðið á fimm árum eða afskrifa 20% á fyrstu fjórum árunum, sem skip er í notkun. Með því að gera skip undanþegin hinni almennu reglu um, að söluhagnaður skuli vera skattskyldur, er í raun og veru verið að láta skattaívilnanir til handa eigenda skipa haldast, jafnvel þó að skipið hverfi úr eigu atvinnurekandans og til annars atvinnurekanda. Auk þess er ekkert ákvæði því til fyrirstöðu, að hinn nýi eigandi megi byrja að afskrifa skipið aftur og fái þannig aftur þau skattahlunnindi, sem fyrri eigandi hafði fengið og meira að segja fengið að hafa skattfrjáls. Þetta er ákvæði, sem ég tel ófært eins og það er og brýna nauðsyn bera til þess að laga.

Þá vil ég fara fáeinum orðum um reglurnar, sem hér eru um skattfrelsi sparifjár. Ég fellst algerlega á þá röksemdafærslu hæstv. fjmrh., að brýna nauðsyn beri til þess að efla sparnað í landinu með öllum skynsamlegum ráðum, sem tiltækileg þykja. Eitt af þeim ráðum, sem hér koma til greina, er að undanþiggja sparifé skattgreiðslu, og ef sérfróðir menn vænta verulegs árangurs af ákvæði í þá átt að undanþiggja sparifé skatti, þá tel ég það vel þess vert að gera tilraun í þá átt. En hitt finnst mér mjög varhugavert, að undanþiggja sparifé einnig framtalsskyldu, vegna þess að ég sé ekki annað en að það geti orðið til þess, að allt skattaeftirlit af hálfu skattstjóra og skattanefnda verði hinum mestu erfiðleikum bundið, og er þó sannarlega ekki aukandi á þá erfiðleika, sem skattstjórar og skattanefndir hafa átt við að stríða varðandi eftirlit með framtölum. En ég hygg, að á þá mundi verða stóraukið með þessu, svo að afleiðingin af þessu ákvæði yrði sú, að skattabyrðin á launþegum, sem hljóta að telja fram hvern eyri af tekjum sínum, muni enn aukast, en skatta-

byrðin á atvinnurekendum ýmsum, bæði einstaklingum og félögum, muni enn léttast frá því, sem verið hefur, og fer þá þróunin vissulega í öfuga átt við það, sem hún hefði átt að fara.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að mér hafa orðið vonbrigði að því, að þetta frv. skyldi ekki vera um heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni, og þó alveg sérstaklega, að enn skuli eiga að halda áfram með skattakerfi algerlega óbreytt og þ. á m. það kerfi, sem beitt hefur verið til eftirlits með skattaframtölum. En það hefur auðvitað verið höfuðmeinið í skattakerfi okkar, hvað tekjurnar hafa talizt illa fram, svo sem greinilega má sjá af því, eins og ég gat um í upphafi, að allir beinir skattar ríkisins skuli ekki vera nema 2.4% af verðmæti þjóðarframleiðslunnar og allir beinir skattar til ríkis og sveitarfélaga ekki nema 8% af öllu þessu verðmæti þjóðarframleiðslunnar. Höfuðundirrótin undir þessu er tvímælalaust sú, að upplýsingar um tekjurnar heimtast mjög illa. Ég ásaka engan í því sambandi, bendi aðeins á þá staðreynd, að skattakerfið skuli verka þannig, að það sé fyrst og fremst skattur á þá launþega, sem geta ekki komizt undan því að telja tekjur sínar fram. Það, sem einna helzt þurfti að gera, fyrir utan það að lækka hina óeðlilega háu skattstiga og leiðrétta misræmið á milli hjóna og einstaklinga, var einmitt að gera till. um ráðstafanir, sem væru haldgóðar í þessu efni. Mestu vonbrigðin í sambandi við þetta frv. eru einmitt þau, að það skuli látið undir höfuð leggjast og það skuli eiga að halda við því dýra bákni, sem tekjuskattsheimtan er, án þess að nokkur tilraun sé gerð til að tryggja það, að tekjurnar skili sér betur, þannig að skattheimtan verði réttlátari. Tekjuskalarnir eru nú lækkaðir, þannig að raunverulegu tekjurnar minnka, en báknið allt, sem í kringum skattheimtuna er, á að haldast óbreytt. Það minnsta, sem gera þurfti, var að setja einhver haldgóð ákvæði til þess að tryggja, að þeir, sem undanfarin ár hafa komið sér undan að greiða skatt, verði nú að greiða skatt, a. m. k. jafnmikinn og skattalækkun einstaklinga nemur, en ekki er nokkur minnsti vafi á því, að hægur vandi væri að gera ráðstafanir til þess, að skatttekjurnar ykjust stórum þrátt fyrir lækkun á skattstigunum. Slíku frv. hefði ég séð ástæðu til þess að fagna alls hugar. Kjarni frv. hefði átt að vera, að tekjuskattstigarnir hefðu verið lækkaðir verulega, persónufrádrátturinn aukinn, bilið á milli einstaklinga og hjóna gert stærra, ranglæti samsköttunarreglunnar afnumið, en jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að tekjurnar skiluðu sér betur, þannig að af þessu þyrfti ekki að leiða tekjuminnkun fyrir ríkissjóð, svo að nokkru næmi, þannig að hann gæti eftir sem áður staðið undir þeim skuldbindingum, sem hann hefur tekið sér á hendur.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur nú verið í höndum stjórnarflokkanna í alllangan tíma, og þar hefur frv. eflaust verið ýtarlega rætt og er búið að fá þá afgreiðslu hjá stjórnarflokkunum, sem það sennilega á síðan að fá hér á hv. Alþingi. En þm. utan stjórnarflokkanna hafa ekki haft nema mjög skamman tíma til þess að athuga efni frv., og hér við þessa 1. umr. verður ekki rætt um þær breytingar, sem frv. felur í sér, nema í stórum dráttum, en við síðari afgreiðslu málsins má þá frekar ræða einstök smærri atriði.

Ég vil sérstaklega gera hér að umtalsefni nokkur þau atriði, sem hafa mest vakið athygli mína í sambandi við þetta frv., og er þá fyrst það að telja, að sjómenn á fiskiskipum hafa mjög óskað eftir því að undanförnu að fá nokkur skattfríðindi af tekjum sínum, en stjórnarflokkarnir hafa ekki séð sér fært að verða við þessari beiðni og flytja nú breyt. á skattalögunum án þess, að þetta atriði sé tekið fyrir að nokkru leyti. Það liggur þó fyrir, að áskoranir um þetta efni hafa verið sendar til Alþingis frá mörgum hundruðum fiskimanna, og líklega skiptir það þúsundum, og ekki hefur verið annað hægt að sjá heldur en að blöð allra stjórnmálaflokkanna tækju í skrifum sínum um þetta mál að undanförnu þannig á málinu, að fyllilega hefði mátt búast við því, að ríkisstj. teldi sanngjarnt, eins og nú standa sakir, að verða við þessum skattfríðindaóskum sjómanna.

Á það hefur að vísu verið bent, að í þessu frv. til breytinga á skattalöggjöfinni er nú orðið við því í sambandi við óskir sjómanna að leyfa þeim nokkurn frádrátt, áður en skattur þeirra er útreiknaður, vegna sérstaks vinnufataslits hjá þeim fram yfir það, sem menn almennt hafa af að segja. En skattalækkun af þessum ástæðum er auðvitað mjög óveruleg, og hún á ekki skylt við þá meginkröfu, sem sjómenn hafa sett fram og felst í því, að verulegur hluti af tekjum þeirra fáist dreginn frá, áður en skattur er á lagður. Ástæður til þess, að ég og margir fleiri teljum, að það sé vissulega sanngjarnt að veita sjómönnum þessi fríðindi fram yfir marga aðra launþega, eru að vísu flestum nokkuð kunnar. Það hefur verið á það bent, að tekjur sjómanna, sem verða að starfa fjarri heimilum sínum svo að mánuðum skiptir, verða eðlilega miklum mun ódrýgri en tekjur þeirra manna, sem afla teknanna svo að segja heima hjá sér. Sjómaðurinn verður eðlilega að kaupa sér margs konar heimilisaðstoð vegna fjarveru sinnar, sem aðrir launþegar geta auðveldlega unnið án þess að þurfa að hafa af því nokkur útgjöld. Slík heimilisvinna manna er yfirleitt ekki skattlögð. Hún er ekki talin til tekna annarra launþega, og hún er ekki skattlögð. En sjómaðurinn, sem er fjarri heimili sínu, verður, eins og ég sagði, að kaupa sér aukahjálp, sem þyrfti að dragast frá kaupi hans, en hann fær frá hálfu hins opinbera engan slíkan frádrátt, áður en skattur hans eða útsvar er á hann lagt.

Þá hygg ég, að hinu verði ekki heldur neitað, að réttmætt hefði verið í þessu efni að setja sjómenn í nokkuð sérstakan flokk, vegna þess að störf þeirra eru miklum mun áhættumeiri en störf flestra annarra landsmanna, enda er það nú orðið alveg augljóst mál, að það er miklum mun örðugra að fá menn til sjómennsku en til annarra starfa. Þörfin er þó tvímælalaus fyrir landsmenn alla, að það fáist jafnan nægilega margir sjómenn til starfa á fiskiskipunum. En hins vegar hefur það líka komið í ljós, að það er mjög erfitt að ætla sjávarútveginum að standa undir hærri

launagreiðslum til sjómanna en launagreiðslur eru almennt hjá öðrum atvinnugreinum í landinu. Þetta hefur glögglega komið fram í því, að hið opinbera hefur neyðzt til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta afkomu t. d. bátaútvegsins að miklum mun, til þess að hann gæti haldið örugglega áfram, og þær ráðstafanir sýna mönnum, svo að ekki verður um villzt, að það eru ekki ýkjamiklir möguleikar fyrir þessa framleiðslu að hækka kaupið stórlega fram yfir það, sem almennt gerist í landinu. Af þessum ástæðum hefði einnig verið sjálfsagt, að hið opinbera hefði beitt áhrifum sínum í þá átt að gera launatekjur sjómanna nokkru drýgri en tekjur margra annarra með sérstökum fríðindum.

Ég tók eftir því, að í sambandi við þetta mál komst hæstv. fjmrh. að orði á þá leið, að raunverulega væri tekjuskatturinn af tekjum þeim, sem sjómenn almennast hefðu, 35—45 þús. kr. tekjum, ekki hærri en svo, að í rauninni mundi þetta ekki skipta menn ýkjamiklu máli. Það er að vísu rétt, að tekjuskatturinn er ekki tilfinnanlega hár, en þó munar vitanlega um það, ef hann fengist nokkuð lækkaður. En um leið og ríkið neitar um skattfríðindi sjómönnum til handa, þá leiðir beinlínis af því, að bæjar- og sveitarfélögin fara sömu leið og heimila ekki neinn hluta af tekjum sjómanna frjálsan af útsvarsálagningu. Skattfrelsisákvæðin, sem hér hefði að sjálfsögðu að mínum dómi átt að lögleiða, hefðu ekki aðeins þýtt hagsbætur fyrir sjómennina sem tekjuskattinum til lækkunar nam, heldur einnig og jafnvel miklu meira til lækkunar á útsvarsgjöldum þeirra.

En raunin hefur orðið sú, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt að verða við óskum mörg hundruð sjómanna, sem hingað hafa beint óskum sínum, og útvegsmanna um að lækka nokkuð tekjuskatt hjá fiskimönnum frá því, sem verið hefur. Það hefur ekki þótt tiltækilegt, og verður því svo að vera eflaust um skeið áfram, að bæði bæjarfélög og sveitarfélög og ríkissjóður innheimta skatta af sjómannatekjum til jafns við skatta af öðrum tekjum.

Það var snemma á þessu þingi, sem ég flutti hér frv. um þessi skattfríðindi sjómanna. Það frv. hefur legið í nefnd allan þann tíma og ekki fengizt afgreitt og því jafnan verið borið við, að endurskoðun skattalaganna stæði yfir og þar yrði þetta mál tekið til meðferðar, en afgreiðslan hefur þá orðið á þessa lund, sem ég nú hef lýst, að það er hér alger neitun eins og málin standa nú. Ég mun nú hins vegar freista þess að bera hér brtt. fram við þetta frv., þannig að ótvírætt fáist úr því skorið með beinni atkvgr., sem væntanlega allir hv. alþm. taka þátt í, hver afstaða þeirra er til þessa máls, þannig að þeir fái að svara því alveg beinum orðum, hvort þeir vilja í raun og veru neita íslenzkum sjómönnum um þessi litlu fríðindi, sem þeir þarna hafa óskað eftir.

Þetta atriði vakti alveg sérstaklega athygli mína í sambandi við þetta skattalagafrv. Þá er annað atriði, sem ég vildi lítillega minnast á.

Það er augljóst, að enn er haldið áfram þeim reglum að skattleggja tiltölulega mjög lágar tekjur manna. Það er alkunna, að þær reglur hafa verið í gildi, að fólk, sem hefur aðeins notið ellilauna og örorkubóta, fólk, sem hefur verið gersamlega óvinnufært og jafnvel legið í rúmi sínu allt árið og árum saman, hefur verið skattlagt. Það hefur að vísu ekki hlotið háan skatt, en allt hefur þetta fólk lent inn á skattskrám og hlotið nokkurn skatt, vegna þess að ellilaunatekjur þess voru þó það háar, að vísu ekki nema rúmlega 6 þús. kr., að þessir aðilar hlutu nokkurn skatt samkv. skattalögum okkar. Þetta hefur verið hvimleitt á allan hátt og óeðlilegt og enda ekki getað skipt ríkissjóð á nokkurn hátt nokkru máli. Þessu atriði er að vísu lítillega breytt í þessu frv., þannig að segja má, að nú a. m. k. á þessu ári ætti það fólk ekki að fá tekjuskatt, sem engar aðrar tekjur hefur en ellilaun sín. Fullar bætur ellilauna munu vera í kringum 6500 kr., en skattur mun ekki byrja fyrr en við í kringum 7500 kr. mark. En það er líka alveg augljóst mál, að allt það fólk, sem nýtur ellilauna eða örorkubóta, en hefur til viðbótar nokkrar aukatekjur, eins og fjöldi fólks hefur, 2—3—4 þús. kr. aukatekjur, verður skattlagt. Áfram á að halda því hvimleiða fyrirbrigði að ganga heim til þessa fólks og rukka það um 10 eða 15 kr. skatt til ríkisins, jafnlitla þýðingu og það hlýtur að hafa fyrir ríkissjóð.

Undanfarin ár hafa verið í gildi sérstök lög um lækkun skatta á lágtekjum, þannig að tekjur einstaklinga, sem hafa verið undir 20 þús. kr., hafa notið sérstakrar skattalækkunar Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi lagafyrirmæli falli nú niður, en afleiðing þess verður sú, að skattar á tekjur, sem eru innan við 20 þús. kr., hækka almennt frá því, sem verið hefur, t. d. á einstaklingum. Þetta þykir mér skjóta nokkuð skökku við, og ég sé ekki, hver hefur verið ástæðan til þess að gera ráð fyrir í þessu frv. nokkurri hækkun á sköttum á þessum lágu tekjum. Ég teldi betur fara á því að halda skattlækkunarákvæðinu, sem verið hefur, og láta nokkra lækkun á sköttum einnig ná til þessarar tekjuhæðar, en þó hefði ég talið æskilegast og eðlilegast, að ákvæði yrði sett í frv. um það, að tekjur undir ákveðnu hámarki, eins og t. d. 25 þús. kr., væru ekki skattlagðar. Ég hygg, að þetta skipti ríkissjóð litlu, nema það hefur í för með sér allmikinn innheimtukostnað að öllum jafnaði.

Þá sýnist mér, að tiltölulega mest skattalækkun samkv. þessu frv. verði á hæstu einstaklingstekjum. Tekjur, sem legið hafa yfir 68 þús. kr., hafa ekki verið umreiknaðar nema að litlu leyti, og skattur á þeim tekjum hefur verið æði hár, en samkv. frv., eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir því, að tekjur yfir þessari hæð nái raunverulega til umreiknings, því að þær falla inn í hið nýja fyrirkomulag, og afleiðing þessa verður sú, að skattalækkunin á tekjum, sem eru yfir 68 þús. kr., er tiltölulega langsamlega mest. Þar er um allmikla skattalækkun að ræða. Þá er einnig greinilegt, að gert er ráð fyrir að lækka skatta allra félaga, allra hlutafélaga og annarra félaga, sem skattlögð eru, um 20%, alveg án tillits til þess, hvers eðlis þessi félög eru.

Það er sem sagt augljóst samkv. því, sem ég hef nú bent á, að mesta skattalækkunin er á hæstu tekjunum og á rekstri alls konar félaga, en

á allra lægstu tekjunum, tekjum undir 20 þús. kr., er skattur jafnvel heldur hækkaður. Þessi atriði öll hafa vakið sérstaka athygli mína og miklu meiri athygli en sú skattalækkun, sem að vísu felst í frv. og er talsverð í nokkrum greinum. Ég hef nefnilega lengi litið þannig á, að lækkun á beinu sköttunum eða lækkun á tekjuskattinum skipti okkur ekki neinu verulegu máli. Það var alveg augljóst, að yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. um það, að ráðgert væri að lækka tekju- og eignarskattinn sem næmi um 20%, gátu ekki þýtt neina verulega skattalækkun hjá almenningi í landinu, þegar á alla skattana er litið, eins og þeir liggja fyrir.

Sem dæmi um þetta er rétt að rifja örlítið upp, hvernig skattabyrðin kemur í raun og sannleika fram á landsmenn alla. Tekju- og eignarskatturinn mun nema í kringum 60 millj. kr. á ári, þar með talinn stríðsgróðaskatturinn, eða sem sagt þeir skattar, sem nú er gert ráð fyrir samkv. þessu frv. að lækka um ca. 20%. En önnur skattlagning ríkisins, tollarnir, með söluskatti og öðrum þeim sköttum, sem hafa sama gildi og koma til manna á óbeinan hátt, án þess að þeir geri sér fulla grein fyrir þeim sköttum, nema ekki 60 millj. kr., þeir nema fullum 300 millj. kr. á ári. Ef maður athugar þessa skatta eins og þeir koma fram á meðaltekjum og þá með sérstöku tilliti til þessa frv., þá mundi útlitið vera eitthvað á þessa leið: Ef maður gerir ráð fyrir fullum árstekjum verkamanns, þar sem launin eru tiltölulega hæst, hér í Reykjavík eða Dagsbrúnarverkamanns, þá munu tekjur hans á ári, miðað við fulla vinnu, nema mjög nærri því að vera í kringum 36 þús. kr. Ég hef nú sett upp dæmi um verkamannsfjölskyldu, sem hefur þessar tekjur, 36 þús. kr. á ári, og valið hana þannig, að dæmið kæmi sem allra bezt út fyrir það frv., sem hér liggur fyrir. Ef þessi verkamannsfjölskylda væri þannig samansett, að þar væri um 3 börn í heimili að ræða eða það væri fimm manna fjölskylda, þá hefði tekjuskattur þessarar fjölskyldu numið samkv. enn gildandi lögum 442 kr., en samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, mundi skatturinn verða 163 kr. eða skattalækkunin mundi verða 279 kr. Þetta er einhver mesta skattalækkun, sem hægt er að finna samkv. þessu frv., og það byggist m. a. á því, að þarna er tekin það stór fjölskylda, með þremur börnum, en þar sem persónufrádrátturinn er hækkaður talsvert verulega, eins og er gert ráð fyrir í þessu frv., þá fæst með þessu tiltölulega veruleg lækkun, eða sem sagt að lækkunin mundi í þessu tilfelli vera 279 kr. En hvaða skattar aðrir, sem öllum er nú vel kunnugt um, hvíla á svona fjölskyldu? Í fastan skatt verður þessi fjölskylda að greiða á ári hverju til almannatrygginganna 714 kr., til sjúkrasamlagsins 648 kr., eða beinir nefskattar eru þarna 1362 kr. Til viðbótar þessu eru svo skattar á 5 manna fjölskyldu í gegnum tolla og söluskatt um 10 þús. kr. Þetta eru tölur, sem þannig liggja fyrir, að ekki er hægt um þær að deila. Ef maður bætti nú við þetta þeim skatti, sem allir landsmenn þó vita um að hefur verið lagður á, sem er sjálft bátagjaldevrisálagið, sem er aukaálag á vöruverðið í landinu, bara álagið sjálft, þá mundi sá skattur nema á 5 manna fjölskyldu 3500 kr. Þessir beinu skattar á þessa fimm manna fjölskyldu mundu þannig nema 14862 kr., eftir því sem næst verður komizt. Þessi 5 manna fjölskylda mundi þurfa að greiða í alla þessa skatta sem næst 15 þús. kr., en svo fær hún, á sama tíma og hún greiðir þessa skatta, skattalækkun samkvæmt þessu frv. upp á 279 kr., og þetta er stórkostleg lækkun. Það er auðvitað mjög auðvelt að reikna það út, að þessi 279 kr. skattalækkun á þessari fjölskyldu er mjög mikil lækkun prósentvís, líklega yfir 60% lækkun á tekjuskattinum. En þessar 279 kr. eru ekki ýkjahá prósenta af allri þeirri skattabyrði, sem á þessari fjölskyldu hvílir samkvæmt öðrum lagaákvæðum og á þann hátt, sem menn gera sér tiltölulega litla grein fyrir, að þeir eru að greiða frá degi til dags.

Við sósialistar höfum flutt hér á Alþ. æ ofan í æ till. um að afnema söluskattinn. Ef sú till. hefði verið samþ., þá hefði skattabyrðin á meðalfjölskyldu í landinu lækkað um 3500 kr. Við höfum einnig flutt till. um að lækka nokkuð tolla, m. a. tolla á nauðsynjavörum. Þó að tollalækkunin hefði ekki verið gerð nema að nokrum hluta af þeirri tollabyrði, sem á landsmönnum hvílir, þá hefði þar líka verið um raunverulega skattalækkun að ræða, sem sveiflazt hefði á þúsundum króna á hverja meðalfjölskyldu í landinu. Það er alveg nauðsynlegt, að minnt sé á þessar staðreyndir, þegar er verið að geipa um það í blöðum og ræðum, að nú sé verið að framkvæma gífurlega skattalækkun, þó að þessi skattalækkun sé fyrir almenning í landinu mjög óveruleg í sjálfu sér, borið saman við þá skatta, sem á eru lagðir bara í öðru formi.

Að mínum dómi hefði verið full ástæða til þess að þyngja beinu skattana í ýmsum tilfellum á þeim, sem hæstar hafa tekjur og bezta hafa afkomu. Það hefði að sjálfsögðu verið tiltölulega réttlátast að þyngja þá skatta á þann hátt að gera skattaeftirlitið öruggara og fastara í vinnubrögðum heldur en það er nú. Það hefði þá ekki þurft að hækka skattstigann til þess að ná þar inn hækkuðum sköttum. En skattalækkun í því formi, sem hér er lögð til, er fyrir allan almenning tiltölulega óveruleg og skiptir ekki máli, en það er hin skattalækkunin, sem mundi skipta höfuðmáli, þ. e. að fá lækkaða tolla og afnuminn söluskattinn.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, mun ég á síðara stigi málsins flytja hér brtt. og þá alveg sérstaklega um það, að orðið verði við þeirri sanngjörnu kröfu sjómanna, sem þeir hafa hér sent inn til Alþingis, að veita þeim veruleg skattfríðindi af þeirra beinu tekjum.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mál það, sem hér er til umræðu, frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, er eitt af þeim málum, sem ákveðið var í hinum svo kallaða stjórnarsamningi að skyldi fram ganga á þessu þingi og lofað hafði verið af hæstv. ríkisstj. að skyldi leyst nú á þessu þingi. Alþingi hefur því raunverulega beðið í nokkra mánuði eftir þessu máli, og þetta er eitt af þeim fyrstu málum, sem hæstv. ríkisstj. sýnir til þess að standa við hinn svo kallaða stjórnarsamning. Af þeim orsökum þykir mér hlýða að gera hér í mjög stuttu máli grein

fyrir afstöðu Þjóðvfl. Íslands til þessa frv. nú þegar við 1. umr. málsins.

Ég vil þegar í upphafi taka fram, að það, sem mér þykir athugaverðast við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það, að síðan á árinu 1947 eða 1948 hafa verið starfandi lengst af mþn. í skattamálum. Það var viðurkennt af öllum, að skattalögin væru þann veg úr garði gerð, eins og þau eru nú og hafa verið, að þeim þyrfti að breyta. Þess vegna hefur verið lögð í það mikil vinna, — og hæstv. fjmrh. undirstrikaði það hér í framsöguræðu sinni í gær, hversu mikil þessi vinna hefur verið, og ég skal ekkert efast um, að hún hafi verið mikil, — það hefur verið lögð í það mikil vinna að undirbúa breytingar á þessum skattalögum. Þess vegna þykir mér það athugavert og mjög alvarlegt, að árangurinn eftir alla þessa miklu vinnu skuli ekki vera annar en það, sem hér liggur fyrir. Hvað sem hæstv. ríkisstj., blöð hennar og málgögn og málflytjendur básúna út um það, að hér sé um stórmál og stórbreytingar að ræða, þá ætti að liggja í augum uppi hverjum þeim, sem athugar þetta mál, að hér er raunverulega um mjög lítið mál að ræða.

*Þær breytingar, sem eru helzt til bóta í skatta*frv. nú frá því, sem verið hefur, og er sjálfsagt og rétt að viðurkenna að séu til bóta, eru, eins og þegar hefur verið tekið fram, þær helztar, að ákveðinn er annar skattstigi fyrir hjón en einstaklinga, og er þó mjög lítill munur á þessum skattstigum. Í öðru lagi fá sjómenn nú nokkurn frádrátt fyrir fataslit, og ég skal ekki um það deila hér, hvort það er mikill eða lítill frádráttur, hvort hann er óeðlilega lágur eða sæmilegur eða ekki. Hitt er staðreynd, að þeir fá frádrátt nú, og sömuleiðis er fæði bátasjómanna frádráttarbært. Í þriðja lagi eru nú frádráttarbær frá skatti iðgjöld af keyptum lífeyri og líftryggingum. Þetta er líka til bóta. Og frádráttarliðirnir um heimilisaðstoð, ef kona vinnur utan heimilis, um kostnað við stofnun heimilis, um helming af björgunarlaunum, um smávegis frádrátt fyrir *greidda húsaleigu*, þ. e. okurhúsaleigu, o. s. frv., og hækkun persónufrádráttar, allt eru þetta spor í rétta átt, og það er sjálfsagt að viðurkenna þetta. En þegar þetta er talið upp og þegar menn athuga þetta, þá sjá þeir, að þetta eru litlar breytingar.

Ef ekkert hefði verið athugavert við íslenzka skattalöggjöf annað en þessi atriði, þá hefðu ekki þurft að vera starfandi nefndir árum saman *til að finna þessar leiðréttingar*. Þetta gátu meira að segja hæstv. ráðh. gert sjálfir án þess að hafa nokkra aðstoð við. Þetta eru engin stórmál.

En í framsöguræðu sinni hér í gær undirstrikaði hæstv. fjmrh. það hvað eftir annað, að hér væri um stórfellda skattalækkun að ræða. Því máli hefur nokkuð verið lýst hér af tveim hv. þm. á undan mér, og skal ég ekki fara mikið út í þá sálma. Hins vegar vil ég á það benda, að hæstv. fjmrh. sagði orðrétt í ræðu sinni í gær, að „skattalækkunin mundi verða 29% að meðaltali, þegar allir nýir frádráttarliðir væru meðtaldir". Ef hæstv. fjmrh. hefur ætlazt til þess, að þetta yrði skilið á þann veg, að skattur lækkaði að meðaltali um 29% hjá einstaklingum, þá er þetta ein sú herfilegasta blekking, sem ég hef heyrt fram haldið, því að það er sýnilegt og hlýtur öllum að vera ljóst, að þessir nýju frádráttarliðir, sem hér eru heimilaðir, koma ekki nema sárafáum mönnum að haldi. Hjón með tvö börn, sem hæstv. fjmrh. ræddi mikið um í gær og hafa 20—30 þús. kr. tekjur, hafa ekki efni á því að kaupa sér lífeyri fyrir 7 þús. kr. á ári. Þau hafa ekki heldur efni á því að kaupa sér líftryggingu og borga af henni 2 þús. kr. iðgjald á ári. Þau hafa ekki heldur efni á því að borga okurhúsaleigu og fá einhvern hluta hennar frádreginn til skatts, vegna þess að hjón með tvö börn og 20—30 þús. kr. tekjur á ári, eins og nú er, mundu sennilega neyðast til þess að búa í bragga eða einhverju öðru ámóta *heilsusamlegu húsnæði*. Hjón með 30—50 þús. kr. tekjur og tvö börn hafa ekki heldur möguleika á því að notfæra sér þessa frádráttarliði. Við útreikning á skatti þeirra kemur því lækkun, sem af þessum liðum stafar, ekki að neinu haldi. Það er hrein og bein blekking að halda því fram, að þessir frádráttarliðir lækki skatt slíkra aðila. Hjón með slíkar tekjur mundu ekki heldur njóta þeirra fríðinda, sem í því eru fólgin, að vextir *af sparifé eru skattfrjálsir, vegna þess að þau* hafa ekki efni á því að leggja fyrir neitt sparifé.

Þessir frádráttarliðir, sem ég vil þó viðurkenna í sjálfu sér að séu eðlilegir og spor í rétta átt, koma fyrst og fremst að haldi mönnum með mjög háar tekjur og mjög góða afkomu. Hjón með tvö börn, sem hefðu 100—120 þús. kr. tekjur, hefðu möguleika á því að kaupa sér líftryggingu og borga af henni 2 þús. kr. iðgjald. *Þau hefðu einnig möguleika á því að leggja fyrir* sparifé og njóta þess hagræðis, sem skattfrelsi sparifjárins hefði í för með sér. Og þannig er með þetta frv. allt, ef það er krufið til mergjar, að það kemur fyrst og fremst að haldi þeim, sem hafa góðar tekjur eða mjög háar tekjur. Þeir fá lækkaðan sinn skatt verulega, aðrir mjög óverulega.

Ég skal taka dæmi til að sýna þetta.

*Það er hér í landi eitt ágætt fyrirtæki, sem* allir kannast við. Það heitir Olíufélagið h/f. Það hafði svo miklar tekjur á s. l. ári, að það borgaði á aðra milljón króna í skatta. Samkvæmt þessu frv. mundi Olíufélagið, ef það á árinu sem leið hefur haft svipaðar eða meiri tekjur og hefði þurft að borga svipaðan eða meiri skatt en í fyrra, fá yfir 200 þús. kr. afslátt eftirgefinn af sköttunum, miðað við s. l. ár. En hjón með 20 þús. kr. tekjur og tvö börn á framfæri fá 39 kr. eftirgefnar.

Þetta er eðli frv., sem hér er til umræðu. Og það er annað og meira í þessu sambandi. Við getum hugsað okkur annað þjóðþrifafyrirtæki í þessu landi, annað þjóðþrifafyrirtæki en Olíufélagið h/f, og við skulum hugsa okkur, að það hefði ekki meiri tekjur en það, að það þyrfti að borga í skatta 100 þús. kr. á ári. Það mundi fá eftirgefið samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, 20%, þ. e. a. s. 20 þús. kr. í sköttum. Reglan verður þá sú, að þeim mun meiri gróða sem eitt fyrirtæki fær, þeim mun meiri eftirgjöf á skatti. Lögmálið, sem hér er farið eftir, er nákvæmlega þveröfugt við það lögmál, sem talið

hefur verið einkenni og undirstaða heilbrigðrar skattalöggjafar hingað til.

Það er líka auðséð af þeirri stefnu, sem markar þetta frv., að það er sama stefnan og markað hefur skattapólitik okkar undanfarinn áratug, þ. e. a. s. sú hreinasta íhaldsstefna, sem hugsazt getur. Stefnan í skattamálum okkar síðasta áratuginn hefur verið sú að auka óbeinu skattana, sem leggjast þyngst á fjölmennustu fjölskyldurnar. Það hefur verið lagður á söluskattur á annað hundrað milljónir og tollar látnir hækka að krónutölu með gengisfellingunni o. s. frv., sem sagt, það hafa alltaf verið hækkaðir nefskattar, óbeinir skattar sífellt verið hækkaðir, og nú kemur hér fram frv. um beinu skattana, tekjuskatt og eignarskatt, og þá er haldið sömu reglunni, þeim hlíft mest, sem mestar hafa tekjurnar, mestan gróðann. Það var líka eftirtektarvert, og það sló mig ákaflega mikið hér í gær, þegar hv. 5. þm. Reykv. sá ástæðu til að standa hér upp og undirstrika það alveg sérstaklega, að nú væri loksins verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í skattamálum. Betur var ekki hægt að játa það og viðurkenna, að hér er fram haldið þeirri íhaldsstefnu í skattamálum, sem ríkt hefur hér á landi síðasta áratuginn.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil þó ekki láta hjá líða að lokum að drepa hér á eitt þýðingarmikið atriði, sem ég hef ekki enn þá minnzt á, þ. e. skattfrelsi sparifjár. Og þar skal ég enn þá byrja á því að viðurkenna, að þetta er að ákveðnu marki einnig spor í rétta átt. Hins vegar er þannig á því haldið í þessu frv., að það er ómögulegt að greiða því atkvæði. Það er verjandi, og það má raunar heita sjálfsagt að veita smásparifjáreigendum einhver skattfríðindi til þess að örva sparifjármyndun í landinu, en að sleppa jafnalgerlega og á jafnfullkominn hátt öllu taumhaldi á þeim málum eins og hér er gert er fjarstæða. Og ég er satt að segja, þó að ég hafi nú ekki mikið álit á Framsfl., algerlega undrandi á því, að Framsfl. skuli vera aðili að svona tillögum. Til að rökstyðja þetta nokkru nánar skal ég nefna nokkur dæmi.

Það eru hér í bæ tveir menn, sem mörgum er kunnugt um. Ég mun ekki nafngreina þá að sinni og ekki nema ég verði krafinn um það. Þessir menn munu eiga nú og hafa átt s. l. 5 ár og meir fasteignir, sem mundu seljanlegar á um 30 millj. kr. Eftir að þetta frv. hefði verið samþykkt, gætu þessir menn selt fasteignirnar, fengið sínar 30 millj., lagt þær í sparisjóðsdeild Landsbankans, fengið 1.8 millj. kr. í vaxtatekjur á ári skattfrjálsar. En hjón með 30 þús. kr. vinnutekjur og 3 börn á framfæri verða að borga skatt. Aðili, sem hefði eignazt fyrir nokkrum árum að arfi fasteign hér í þessum bæ, sem hann gæti selt fyrir 1 milljón í dag, gæti lagt milljónina í sparisjóð og fengið 60 þús. kr. vaxtatekjur á ári skattfrjálsar. En hjón með sömu vinnutekjur og 5 börn á framfæri þyrftu að greiða skatt. Og ég bið hv. þm. að athuga það, að þessi tvö tilfelli, sem ég hef nefnt, mundu ekki þýða neina aukningu á sparifé í landinu, því að ef þessir aðilar, sem nú eiga þessar fasteignir, seldu þær, þá yrðu kaupendurnir að taka út fé, sparifé einhverra annarra, til að kaupa þær fyrir. Þannig hefði sparifé landsmanna ekki aukizt um krónu, en tveimur aðilum hefði verið gert kleift, öðrum að fá 60 þús. kr. vaxtatekjur á ári skattfrjálsar, hinum að fá 1.8 millj. kr. vaxtatekjur á ári skattfrjálsar.

Finnst svo hv. þm. það einkennilegt, þó að mér blöskri það, að Framsfl. skuli eiga aðild að annarri eins till.? Það var ekkert við því að segja, það var meira að segja hægt að mæla með því og finna rök fyrir því, að smásparifjáreigendur, menn, sem eiga 50—100 þús. kr. í sparisjóði, fengju skattfrelsi, slyppu við að greiða tekjuskatt af vöxtum, slyppu við að greiða eignarskatt af sparifé. Það var til að örva þá, sem gætu lagt inn smávegis sparifé. En þessi fjarstæða, sem hér liggur fyrir, er fyrir neðan allar hellur. Og ég skil ekki, að það séu menn með heilbrigða dómgreind og þjóðfélagslega hugsun, sem standa að svona till.

Það væri ástæða til að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál, svo alvarlegt sem það er, en ég mun ekki gera það að þessu sinni, ekki við þessa umr. Ég mun láta þetta nægja í bili. En við umr. um málið á síðari stigum mun ég e. t. v., ef ég tel ástæðu til og að það hafi nokkra þýðingu, flytja brtt. við þetta frv. Það er t. d. eitt atriði í þessu frv., sem væri ástæða til að breyta að mínum dómi, og þó hafa þeir aðilar, sem að þessu frv. standa, stigið þar spor í rétta átt, það er persónufrádrátturinn, hann hefur verið hækkaður frá því, sem er. En það er talin undirstaða allrar heilbrigðrar skattalöggjafar, að einstaklingurinn hafi brýnustu þurftartekjur skattfrjálsar. Það er ómögulegt að segja, að 6500 kr. nægi sem brýnustu þurftartekjur fyrir nokkurn einstakling í þessu landi. Þess vegna er það mín skoðun, að persónufrádrátturinn hefði átt að hækka þó nokkuð frá því, sem ákveðið er í frv.

Ég ætla þá ekki að ræða málið meira að sinni.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vildi segja hér fáein orð út af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið síðan ég hafði framsögu fyrir málinu. Ég verð ekki langorður.

Ég vil fyrst minnast á ræðu hv. 5. þm. Reykv. (JóhH). Hann taldi, að milliþn. í skattamálum hefði ekki unnið vel. Ég held, að hv. þm. haldi þessu fram af því, að hann er ekki nógu kunnugur skattamálum og gerir sér ekki nógu vel grein fyrir því, hversu margþætt þau eru og erfið viðfangs. Fer ég ekki lengra út í það. Mér virtist hv. þm. eiga það eitt erindi hér í ræðustólinn að gera tilraun til að koma þeirri skoðun inn hjá mönnum, að sú breyting á skattalögunum, sem hér liggur fyrir, eða þær lækkanir á sköttum, sem nú eru ráðgerðar, séu eingöngu verk Sjálfstfl. og eiginlega þó sérstaklega hans, þm. sjálfs. Færði hann fram í því sambandi tvennt aðallega. Annað var það, að hann hefði flutt ásamt fleirum þáltill. um skipun milliþn. í skattamálum. Hitt var það, að hann hefði ásamt fleirum flutt hér í fyrra frv. um breytingar á vissum þáttum skattalaganna.

Ég vil segja út af þessu í allri vinsemd við hv. þm., að hann má að mínum dómi vara sig á því að gera sig ekki broslegan með málflutningi eins

og þessum. Ef það ætti að hafa fyrir satt, að skattalækkanir þær, sem hér eru nú gerðar, væru að þakka þeim frv. eða till., sem á undanförnum árum hafa komið fram hér á þingi um breytingar á skattalögunum, þá hygg ég, að það yrðu fleiri en þessi hv. þm., sem ættu að geta þakkað sér þetta mál. Núverandi stjórnarandstæðingar hafa haugað hér á hverju einasta þingi inn till. um lækkanir á sköttum, um athuganir á skattalögunum, eins og þessi hv. þm. hefur raunar líka gert. Ætli stjórnarandstæðingar mundu þá ekki vilja eiga einhvern þátt í heiðrinum af því að standa að þeirri skattalækkun, sem nú er gerð, alveg eins og þessi hv. þm.? (Gripið fram í.) Já, ég er með þessu að sýna, hvað það er að marka, þó að menn hafi flutt hér till. á undanförnum þingum um skattalækkanir. Það er hægt að leggja að jöfnu þessar till. stjórnarandstæðinga á undanförnum árum og þær uppástungur og till., sem þessi hv. þm. hefur gert. Það er hægt að leggja það alveg að jöfnu. Það hefur engin áhrif haft á afgreiðslu þessa máls, hvorki þær till., sem hv. stjórnarandstæðingar hafa gert, né heldur þær till., sem þessi hv. þm. hefur gert, — ekki hin minnstu áhrif. Og varðandi mþn. er ástæða til að benda á það í þessu sambandi, að hv. þm. fylgist dálítið með og hann hefur fundið, að það var lagzt í loftið, að það átti að fara að endurskoða skattalöggjöfina. Þá var náttúrlega alveg prýðilegt tækifæri til þess að skjótast fram með till. um, að slík endurskoðun færi fram, og skrifa nafn sitt á auglýsingaspjaldið í því sambandi. Það var vitað mál, að endurskoðunin hlaut og átti að fara fram, og þá var hyggilegt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja láta á sér bera og hafa gott auga fyrir auglýsingastarfsemi, að leggja fram slíka till. Auðvitað hefði skattalöggjöfin verið endurskoðuð á nákvæmlega sama tíma og hún hefur verið endurskoðuð, þótt hv. þm. og aðrir félagar hans hefðu ekki lagt fram þáltill. Það hafði engin áhrif og markaði enga stefnu í málinu.

Annað má líka minna á í þessu sambandi, máske sumpart til gamans. Ef það er svo auðvelt að lækka skattana, að það þarf ekkert annað en að leggja fram þáltill. eða frv. um lækkun á sköttunum, alveg án tillits til þess, hvernig ástatt er, hvernig stóð þá á því, að fjmrh. Sjálfstfl. skyldu ekki beita sér fyrir skattalækkun, þegar þeir fóru með fjármálin?

Sannleikurinn er sá, að hér er hægt að leggja flest að jöfnu, sem fram hefur komið á undanförnum árum í auglýsingarskyni. Menn hafa minnt á málið, og það er ekkert við því að segja, bæði hv. stjórnarandstæðingar og aðrir, en allt má leggja það að jöfnu varðandi áhrif á úrslit málsins og gang þess. Og satt að segja finnst mér það dálítið óviðkunnanlegt að vera að reyna að læða þeirri skoðun inn hjá hv. þm. og öðrum, að það eigi að draga sérstakar ályktanir um þetta mál, sem hér liggur fyrir, af þessum till., sem undanfarið hafa verið á ferðinni.

Ef hv. þm. er þannig settur, að hann trúi því sjálfur, að hann sé eiginlega „primus motor“ í þessu máli, þá veit ég sannast að segja ekki, hvernig fer fyrir honum. Mér dettur þá í hug, að verði hann gamall maður, sem við allir vonum, þá fari þannig fyrir honum, að hann standi að lokum í þeirri meiningu, að hann hafi verið fjmrh. 1950—54 og staðið fyrir því að lækka stórkostlega skatta á þjóðinni, og segi barnabörnum sínum sögur af þessum afrekum. Manni getur dottið þetta í hug, ef hv. þm. er nú þegar á unga aldri þannig kominn, að hann trúi því sjálfur, að hann hafi verið „primus motor“ í þessum ráðstöfunum til skattalækkunar, sem nú er verið að gera.

Þá má minna á annað líka í þessu sambandi, og það er þetta einkennilega fyrirbrigði í fari Sjálfstfl., að þegar sjálfstæðismenn höfðu fjmrh. úr sínum hópi, þá héldu þeir því alltaf fram, að það væru eiginlega framsóknarmenn, sem stýrðu fjármálunum! Þá gekk allt á tréfótum, og það þótti ekki sómi að því að vera við fjármálin kenndur, og þá var lausnin einföld: Það var Framsókn, hún var ómöguleg, og því gekk allt á tréfótum hjá fjmrh. sjálfstæðismanna! En eftir að framsóknarmenn tóku við forustunni í fjármálunum, þá er því aftur á móti haldið fram af sjálfstæðismönnum, að það séu eiginlega þeir, sem stýri fjármálunum, þ. e. a. s. skattalækkunum og þess háttar, aftur á móti ráði framsóknarmenn því, að ríkisútgjöldin hækki. Í raun og veru má ég vel við þetta una. Það sýnir svona hér um bil, hvernig sjálfstæðismenn telja inn á sér að fjármálaforustan hafi tekizt fyrr og nú.

Hv. þm. minntist hér á skattfrelsi sparifjár og viðhafði sömu aðferðina í því sambandi, sagði, að það hefði verið flutt hér í fyrra af hv. þm. A-Húnv. frv. til laga um skattfrelsi sparifjár. Það er alveg rétt, svo langt sem það nær. Það var flutt hér í fyrra frv. af hv. þm. A-Húnv. og hv. 1. þm. Rang. um skattfrelsi sparifjár. En fyrst hv. þm. fór að minnast á sögu þessara mála, þá finnst mér, að hann hefði átt að geta um það, að á þinginu 1951 flutti þm. S-Þ. (KK) fyrstur manna á Alþingi frv. til laga um skattfrelsi sparifjár. Það má vera, að fleiri menn hafi flutt hér undanfarið frv. til l. um skattfrelsi sparifjár en ég hef talið, síðan þm. S-Þ. hreyfði fyrst málinu. Ég rek það ekki, en ég bendi á þetta til þess að sýna, að það, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði um frumvarpsflutning þm. A-Húnv., var broslegt og raupkennt.

Hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) spurði um það, hvort búast mætti við, að till. verði lagðar fyrir næsta þing um þá þætti skattamálanna, sem ekki eru till. um í þessu frv. Um þetta get ég það eitt sagt, að ég mun fara fram á það við mþn. í skattamálum, að hún vinni áfram að þeim þáttum einmitt nú í vor og sumar með það fyrir augum að prófa, hvort hægt væri að komast að samkomulagi um úrlausnir í þeim efnum.

Ég mun þá víkja fáeinum orðum að því, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa haldið fram.

Maður gæti dregið þá ályktun af undirtektum hv. stjórnarandstæðinga, að þessar till. í skattamálum muni vera allvel heppnaðar, því að gagnrýni þeirra er sannast að segja, finnst mér, gerð meira af vilja en getu. Það er sameiginlegt fyrir þá alla, að þeir segja, að þetta sé ekki stórt mál. Á undanförnum árum hafa þeir ekki átt nógu sterk orð til þess að lýsa því, hvað beinu skattarnir væru þungir. M. ö. o.: Á meðan ekki

liggja fyrir till. frá stjórninni og stjórnarflokkunum um að lækka skattana, þá eru þeir „stórir", en þegar fyrir liggja till. frá stjórninni um að lækka skattana mjög mikið, þá eru þeir allt í einu orðnir litlir. Nú er það allt í einu orðið lítið mál að lækka mikið hina „stóru" skatta. Heldur finnst mér þetta skjóta skökku við hjá hv. stjórnarandstæðingum. Annað er það, sem ég vildi vekja athygli á í sambandi við málflutning hv. stjórnarandstæðinga. Þeir hafa, ég held allir, vikið að því, að hér væru ekki nein stórtíðindi á ferðinni. Hv. stjórnarandstæðingar mættu gjarnan festa sér í huga, að engin skattalækkun hefði komið til mála, ef farið hefði verið eftir þeirra till. hér á Alþ. um afgreiðslu fjárhagsmála. Þetta mættu þeir muna.

Um einstök atriði málsins skal ég ekki vera fjölorður. Hv. 1. landsk. (GÞG) sagði, að ríkisstj. hefði lofað að leggja skattafrv. fyrir þingið í fyrra. Þetta er ekki rétt. Ríkisstj. lofaði engu um það. Í þáltill., sem Alþ. samþ., var það sett sem markmið, að fyrir það þing skyldu koma till., en ríkisstj. lofaði engu í því efni og hefur því ekki brugðizt í því atriði. Ríkisstj. lofaði því á hinn bóginn í sumar, þegar stjórnarsamningurinn var gerður, að leggja fyrir þetta þing till. um lækkun beinna skatta og um útsvarsmál, og því var heitið, að það skyldi vera um lækkun beinna skatta, um leiðréttingu á því ósamræmi, sem komizt hefði inn í skattalögin vegna verðbólgunnar, og um ráðstafanir til þess að auka sparnað. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni í gær, þá tel ég, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafi fullkomlega staðið við þetta fyrirheit og það sé ekkert upp á þá að klaga í því efni.

Þá sagðist hv. 1. landsk. vilja bera saman, hverjar væru mínar till. nú um skattlagningu á lágtekjumönnum og hverjar þær hefðu verið fyrir 20 árum. Hann tók dæmi af Dagsbrúnarverkamanni, sem hefði þá haft 3500 kr. tekjur og 3 börn á framfæri, og sagði, að eftir þeim skattalögum, sem ég beitti mér fyrir fyrir 20 árum, hefði þessi maður átt að greiða aðeins 0.1% í skatt. En svo sagði hv. þm., að nú mætti gera ráð fyrir, að þessi maður hefði 35 þús. kr. í tekjur, og ætti hann nú að greiða ½%, 5 sinnum meira, eða 175 kr. Af þessu vildi hann draga þær ályktanir, að ég hefði nú heldur en ekki færzt til hægri, þ. e. í þá átt að íþyngja þeim fátækari, frá því, sem var fyrir 20 árum. Það er við þennan samanburð hv. þm. að athuga, að hann stenzt engan veginn, þegar hann er skoðaður ofan í kjölinn. Fyrst er nú það, sem allir vita, að sá maður, sem nú hefur 35 þús. kr. tekjur, er talsvert betur settur en sá, sem hafði 3500 kr. tekjur fyrir 20 árum. Þetta er nú vafalaust staðreynd. Ef hv. þm. vill mæla í móti þessu, þá verður hann um leið að játa það, að öll barátta verkalýðsins til kauphækkunar á undanförnum árum hafi verið til einskis, en það er nú ekki rétt. Menn eru núna betur settir með 35 þús. kr. tekjur en þeir voru þá með 3500 kr. Þetta er eitt atriði, sem þarf að taka til greina. Annað atriði er það, að samkv. því lagafrv., sem hér liggur fyrir, er margs konar frádráttur heimilaður, sem var ekki heimilaður í þeirri löggjöf, sem ég lagði fram fyrir 20 árum, og þessi kvænti maður með 3 börn, sem hv. þm. talaði um og hefði núna 35 þús. kr. laun, en áður 3500 kr. laun, borgar alls ekki 175 kr. nú, vegna þess að skattskyldar tekjur hans verða mun lægri en hv. þm. reiknar með. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að það eru margir nýir frádráttarliðir í frv., sem voru ekki áður leyfðir. Þessi samanburður hv. þm. er því allur skakkur og hefur enga þýðingu.

En fyrst hv. 1. landsk. þm. er að minnast á þetta, vil ég benda honum á eitt í því sambandi. Við erum með þessu skattafrv. að leggja til að lækka skattana frá því, sem þeir eru núna, — um það er ekki deilt, — og alveg sérstaklega á fjölskyldufólki frá því, sem þeir eru núna. Hverjir ákváðu skattana eins og þeir eru núna? Það var gert árið 1941 aðallega og síðan 1945, og Alþfl. ákvað ásamt tveim öðrum flokkum, að þeir skyldu vera svona. M. ö. o. er ég með þessu frv. að leggja til stórkostlega lækkun á skatti fjölskyldufólks frá því, sem ákveðið var 1941 og 1945 með ráði Alþfl.-manna. Ég skil þess vegna alls ekki, hvað hv. þm. er að fara með samanburði sínum við árið 1935.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., og hv. 11. landsk. þm. (LJós) tók undir það, að lækkanir á sköttum fiskimanna væru of litlar að þeirra dómi eftir frv. og mundu ekki geta hjálpað til að leysa það vandamál, að fiskimenn fengjust á togaraflotann. Ég upplýsti það hér í gær, að togarasjómaður með 40 þús. kr. laun og tvö börn á framfæri, sem er tæplega meðalfjölskylda, mundi greiða 729 kr. eftir gildandi lögum, en 337 kr. eftir þessu frv., en væri þó eftir að taka til greina ýmsa frádráttarliði, sem hann mundi hafa umfram þá, sem sjómönnum eru í þessu frv. ætlaðir sérstaklega. M. ö. o.: Hann greiðir ekki 337 kr., heldur eitthvað þó nokkuð lægri tölu. Ég segi, að ef þessi breyting á skattakjörum eða sköttum fiskimanna verður ekki til þess að greiða fyrir því, að fiskimenn fáist á togaraflotann, þá hefur það heldur engin áhrif, þó að þessi maður t. d. yrði gerður skattfrjáls. Það er sönnu næst, að skattgreiðslur til ríkisins á þeim tekjubilum, sem hér koma til greina, eru það lágar, að það verður aldrei hægt að leysa vandamálið um það, hvort menn fást á fiskiskipin eða ekki, með breytingum á skattalögunum og hefur aldrei verið hægt. Þetta sér hver einasti skynsamur maður, sem íhugar þetta mál. Sannleikurinn er sá, að þegar menn ræða um skattgreiðslur fiskimanna, þá gera menn sér almennt ekki grein fyrir því, hversu skattstigi ríkisins er og einkum þó verður lágur á þeim tekjum, sem þarna koma til greina.

Ég vil að lokum minnast á þrjú atriði, sem hv. 8. landsk. kom inn á. Hann sagði, að það væri herfilegasta blekking — hann tekur nú oft nokkuð mikið upp í sig — að meta skattalækkun á einstaklingum 29% eftir frv. Ég veit ekki, hvaðan hv. 8. landsk. kemur vitneskja eða þekking til þess að viðhafa svo herfileg orð í þessu sambandi. Skattstofa Reykjavíkur hefur metið það, hve mikil lækkun á heildarskattinum mundi verða vegna þeirra hlunninda, ýmiss konar frádráttar, sem leyfður er í frv. Hv. 8. landsk. vildi slá því föstu, að þetta mat væri allt saman vit-

leysa hjá skattstofunni, og hún hlyti að hafa reiknað með því, að hver einasti maður fengi skattalækkun t. d. vegna húsaleigufrádráttarins og hver einasti maður fengi skattalækkun vegna lífeyristryggingarfrádráttarins o. s. frv. En hvaðan kemur honum vitneskja, eða grunur yfirleitt um, að þannig hafi verið að þessu unnið, og hvaðan þrek til þess að fullyrða slíka fjarstæðu? Auðvitað hefur skattstofan metið þessa liði með tilliti til reynslunnar. Hún hefur reynt að gera sér grein fyrir því, hversu margir mundu koma til greina í sambandi við húsaleigufrádrátt, og tekið það eitt til greina, sem hún hefur fengið út úr þeirri skoðun, og eins hvað margir mundu geta komið til greina í sambandi við sjófatafrádrátt o. s. frv. Skattstigarnir sjálfir og persónufrádrátturinn lækka skatt persónulegra gjaldenda um rúmlega 20%, og það er mat skattstofunnar á öllum hinum liðunum, að þeir muni lækka skattana um 8—9%. Mér finnst, að hv. 8. landsk. ætti yfirleitt að temja sér minni fullyrðingar en hann gerir. Það er óafsakanlegt að kalla niðurstöður opinberrar stofnunar, sem fengnar eru með mikilli samvizkusamlegri vinnu margra embættismanna, herfilega blekkingu, án þess að hafa kynnt sér nokkurn skapaðan hlut, hvernig að þessu máli hefur verið unnið. Það veit ég að hv. þm. hefur alls ekki gert, því þó að hv. þm. sé kaldrifjaður, þá er hann þó ekki svo, að hann hefði þorað að segja þetta, ef hann hefði kynnt sér það. Eina afsökun hans, þótt léleg sé, liggur í því, að hann hafi ekkert kynnt sér þetta. Skörin færist upp í bekkinn nú, ef þm. ætlar nú að fara að telja mönnum trú um, að hann hafi kynnt sér þetta, en fullyrðir þetta samt. Hann er þá ekki vandur að virðingu sinni, ef hann tekur þann kostinn.

Þá sagði hv. 8. landsk. þm., að með 20% skattalækkun á skattstiga hlutafélaga, eða félaga yfirleitt, væri farið öfugt að við allar sómasamlegar skattareglur. Hann virtist álíta, að það hefði átt að hafa þetta þannig að veita þeim félögum, sem borga lága skatta, meiri afslátt prósentvís, en þeim, sem borga meiri skatta, aftur lægri. Ég vænti, að hv. þm. hljóti að átta sig á því, að sé 20% lækkun veitt á sköttum allra félaga, þá helzt óbreytt sú stighækkun, sem er í gildandi lögum.

Þá kom hv. þm. að lokum að sparifénu, og þar sló hann út stóra trompinu eða spadilíunni. Hann tók dæmi um mann, sem mundi selja fasteign á Laugaveginum t. d. fyrir 30 millj. kr., fengi andvirðið greitt í peningum út í hönd — það varð að vera, til þess að dæmið gæti staðizt — og legði svo þessa aura inn í Landsbankann og hefði þar renturnar skattfrjálsar. Þetta dæmi er náttúrlega fullkomin fjarstæða þegar af þeirri ástæðu, að svona hlutir gerast alls ekki. Menn fá ekki 30 millj. borgaðar út í hönd í peningum, sem þeir geti lagt inn í sparisjóði. Slíkir hlutir gerast ekki. En nú skulum við segja, að þessi breyting verði til þess, að menn fari að selja fasteignir sínar og leggja fyrir innstæður, vilji síður eiga fasteignir, en heldur eiga innstæður. Gerist þetta, þá verkar lagaákvæðið rétt. Hvað væri þá að gerast? Versta vandamálið, lánsfjárskorturinn, mundi leysast og fé fást til framkvæmda, en eyðslan minnka. Vandræðin hér í landi eru nefnilega þau, að hér vilja allir eiga fasteignir og allir eiga fé sitt fast, en enginn vill eiga grænan eyri í sparisjóði, og þar af leiðandi er ekki lánsfé að fá handa þeim, sem þurfa sárlega á því að halda. Þetta kemur nú einmitt alveg stórkostlega illa niður á æskufólkinu í landinu, sem ævinlega þarf á lánsfé að halda til þess að stofna heimili, byggja sér íbúðir og koma fyrir sig fótum með margvíslegu móti. Við þekkjum þau gífurlegu okurkjör og þau vandræði, sem þeir eiga við að búa, sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Hvers vegna? Vegna þess, að menn vilja ekki eiga sparifé. Það safnast ekki fyrir sparifé. Menn vilja annaðhvort nota peningana strax eða koma þeim í fasteignir. Þessu þarf að breyta, og þetta ákvæði, sem hér er um skattfrelsi sparifjár, er hugsað einmitt til þess að breyta þessari þróun í aðra átt, — að menn keppist ekki eins um það, allir sem eiga peninga, að koma þeim í fasteignir, heldur vilji eiga þá í lánsstofnunum eða kaupa fyrir þá skuldabréf, til þess að hægt sé að fá lán handa þeim, sem þurfa á lánsfé að halda til þarflegra framkvæmda. Ef þetta ákvæði verkar nógu vel í rétta átt, þá stóreykst framboð á lánsfé, og það mun verða þeim til góða, sem nú standa einna höllustum fæti. Þeir, sem nú standa einna höllustum fæti í þjóðfélaginu, eru þeir, sem þurfa að stofna heimili, koma sér upp íbúðum, leggja í atvinnurekstur og geta hvergi fengið lán vegna þess, hvernig þróunin í peningamálunum hefur verið. Spekúlantarnir og þeir, sem hafa ætlað sér að græða undanfarið, hafa sannarlega haft peninga sína annars staðar en í sparisjóðunum.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Það er nú ekki margt, sem ég þarf við að bæta mína fyrri ræðu í þessu máli, en það vakti þó sérstaka athygli mína, hvað ég virtist hafa valdið hæstv. fjmrh. miklum sársauka og viðkvæmni, og held ég ekki, að hann hafi verið í annan tíma á þessu þingi viðkvæmari en í þeirri ræðu, sem hann flutti áðan. (Gripið fram í.) Já, látum það gott heita, en þó var það svo, að helzt fann hæstv. fjmrh. mér það til foráttu, að ég hefði reifað nokkra þætti þessara mála á undanförnum árum og þátt sjálfstæðismanna í þeim, og fannst það nú allt saman of grobbkennt. Svo datt honum í hug að bregða út í gamanið og segja sem svo, að þetta mundi líklega enda með því, að þegar ég yrði orðinn gamall, mundi ég segja barnabörnum mínum, að á þessu herrans ári hefði ég sem fjmrh. umbætt eða leiðrétt skattalöggjöfina. Mér varð nú að grípa fram í og sagði, að ég mundi sennilega hafa þetta öðruvísi, ef ég á annað borð ætlaði að fara að gorta af afrekum mínum, og segja, að mér hefði tekizt að hafa góð áhrif á leiðréttingu skattalaganna, þrátt fyrir það að Eysteinn Jónsson hefði verið fjmrh. á þessu herrans ári, og mundi ég telja það miklu meira afrek heldur en að breyta löggjöfinni verandi sjálfur fjmrh. (**Fjmrh.:** Þannig verður sagan um miðjan aldur, en á elliárunum verður hún hin.) Ég veit ekki, hvaða kunnugleika þessi hæstv. ráðh. hefur á því, hvernig sögurnar myndast í hugum manna. Hann er sjálfur á miðjum aldri,

svo að það má kannske taka mark á því, sem hann segir um það.

Hæstv. ráðh. vék annars nokkuð að forustu fjármálanna og eins og blað Framsfl. hefur gert, að hin örugga forusta hæstv. fjmrh. hafi verið og sé forsendan fyrir þeim leiðréttingum, sem nú er hægt að gera, og fannst mér þá kenna þess, að um leið og hann var sár yfir því, að aðrir vildu telja sér nokkuð eða sitt hvað til ágætis, vildi hann tileinka sér nokkuð mikinn hlut sumra mála og þar á meðal í fjármálunum. Það hefur oft heyrzt í blaði ráðherrans þetta sama, að fyrst þurfi að stjórna fjármálunum vel, áður en hægt sé að leiðrétta skattalöggjöfina. Í fjármálunum hefur verið tekin upp breytt stefna, eins og ég vék að í minni fyrri ræðu, stefna, sem mörkuð var af stj. Sjálfstfl., þegar hún lagði fram frv. sitt um gengisbreytingu og annað, sem síðan varð samið um á milli Framsfl. og Sjálfstfl. Og á það er nú að líta, að þó að fjárhagsafkoman hafi verið góð á ýmsum þessum árum hjá ríkissjóði, þá valda þar nú að nokkru um ýmsir aðrir þættir í stjórn landsins og þá ekki hvað síst kannske stefnan í viðskiptamálunum, sem var gerbreytt á sama tíma. Hefur það sannarlega orðið til þess, að aðstaðan til góðrar fjármálastjórnar var allmikið önnur en áður var, enda hefur það reynzt svo, að sum ár í fjármálaráðherratíð hæstv. fjmrh. hefur hann haft tekjuafgang um 100 millj. kr. og þar yfir, sem fyrst og fremst stafar af gerbreyttri stefnu í viðskiptamálunum, og þaðan komu þær tekjur, en ekki fyrir það, að þær væru skapaðar af fjmrh. út af fyrir sig, og önnur ár tugi millj. kr. í rekstrarafgang, sem rekja má til sömu kringumstæðna og ýmiss konar annarra þátta stjórnmálanna á þessum undangengnu árum en fjármálastjórnarinnar einnar. Hvað svo hinu viðvíkur, að ráðh. furðaði sig á því, að sjálfstæðismenn teldu sér til ágætis stjórn fjármálanna, þegar hann væri fjmrh., en kenndu framsóknarmönnum um illa fjármálastjórn, þegar þeir sjálfir hefðu fjármálaráðherrann, og átti erfitt með að átta sig á því, þá vil ég nú aðeins gefa litla skýringu með því að setja fram það dæmi, að Eysteinn Jónsson — og við höfum reynslu af því, sem starfað höfum með honum hér á þingi — fer nokkuð öðrum höndum og huga um fjárreiður ríkisins og fjármálastjórn, þegar hann er t. d. menntmrh., en ekki fjmrh. Og það er sannmæli, að það hefur reynzt sjálfstæðismönnum að mörgu leyti betra að koma fram góðum áhrifum á fjármálastjórn landsins, þegar framsóknarmenn hafa ekki komizt hjá því að taka ábyrga afstöðu til þeirra mála, eins og reynzt hefur þegar þeir hafa haft fjmrh. úr sínum hópi.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að þegar ég teldi, að skattamálanefndin hefði ekki unnið vel, — sem ég held að ég hafi nú ekki sagt, en ég sagði, að hún hefði getað unnið betur, — þá væri það vegna þess, að ég væri ekki nógu kunnugur skattamálum. Ég vil segja hæstv. fjmrh., að ég er nægjanlega kunnugur starfsemi og starfsaðferðum skattamálanefndarinnar til þess að segja þetta, sem ég sagði, og endurtaka það, að starfsemi skattamálanefndarinnar er með þeim hætti, að hún gat vissulega á löngum tímabilum sætt mjög þungri gagnrýni og varð bæði mér og öðrum sjálfstæðismönnum og öðrum, sem höfðu náin tengsli við starfsemi hennar í gegnum fulltrúa Sjálfstfl. í n., undrunarefni. Kann að vera, ef mönnum þykir ástæða til að ræða það betur, að sú saga yrði þá nánar rakin. En þó má segja það, að þingmenn í stjórnarflokkunum, bæði Sjálfstfl. og Framsfl., munu hafa verið orðnir nokkuð úrkula vonar um, að nokkuð kæmist fram í skattamálunum á þessu þingi, einmitt vegna þess að menn hefðu óskað eftir traustari og affarasælli forustu í starfsemi skattamálanefndarinnar heldur en reyndist. Og það vil ég fullyrða af kunnugleika mínum í þessu máli, að það má vissulega þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, sem nú hefur betur skipazt í þessu efni á þessu þingi heldur en á horfðist um tíma, og á hann þar ekki einn heiður skilið, heldur og kannske engu síður hæstv. forsrh., en þessir tveir ráðh. innan stjórnarinnar munu hafa beitt sér mest fyrir því innan stjórnarinnar, að það kæmi einhver árangur á þessu þingi frá þessari blessaðri nefnd. Ég tel mig sem sagt ekkert hafa ofmælt í því efni og er alveg reiðubúinn til þess að ræða það mál frekar, ef menn óska þess.

Þeir furðuðu sig svo á því hér tveir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, að í þessu skattalagafrv., sem hér er verið að ræða, skyldi vera horfið inn á þá leið að gera skattfrjálst sparifé með þeim hætti, sem þar er, og sérstaklega furðuðu þeir sig á því, að framtalsskylda skyldi vera afnumin í sambandi við sparifé, og töldu að verulegu leyti með því raskað grundvellinum undir eftirliti með framtölunum, bæði hv. 1. landsk. og hv. 8. landsk.

Þegar þetta mál var til umr. hér á þinginu í fyrra, þegar rætt var um frv. hv. þm. A-Húnv., þá var sýnt fram á það og stuðzt við upplýsingar frá Landsbankanum, að Finnar hefðu lögleitt skattfrelsi sparifjár hjá sér á árunum, held ég, 1943 og þar á eftir, og við þá löggjöf hafði stórkostlega aukizt sparifé landsmanna. Svo eftir að það var búið að vera skattfrjálst í ein 7—9 ár, þá var innleidd sú breyting á löggjöfinni, að framtalsskyldan var afnumin, til viðbótar við það skattfrelsi, sem verið hafði. Við þá einu breytingu þrefaldaðist sparifé miðað við það, sem það hafði verið árið áður. Var af þeirra hálfu talinn einmitt mjög nauðsynlegur þáttur í skattfrelsi sparifjár, að það væri ekki framtalsskylt. Það má líka benda á það, að einn af bankastjórunum, en mál þetta var í fyrra sent til umsagnar allra bankanna, bankastjóri Búnaðarbankans, benti á það, að menn þyrftu ekki að vera svo ósköp viðkvæmir fyrir því, hvort það væri beinlínis lögleitt að afnema framtalsskylduna, því að í stórum stíl teldu menn alls ekki sparifé fram, þó að það væri lögskylt eins og nú væri. Ég held þess vegna ekki, að hv. þm. þurfi að óttast neina röskun í þessu sambandi á framtölum og aðstöðu til þess að fylgjast með framtölum manna, þvert á móti sé þetta e. t. v. einn af merkilegustu þáttum þess frv., sem hér liggur fyrir, og hafi mest skilyrði til þess að skila beztum árangri fyrir landsmenn.

Að lokum vil ég svo aðeins minna á það, að hér hafa talað nokkrir hv. þm. stjórnarandstöð-

unnar og allir talið frv. þetta harla lítið og ómerkilegt. Furðuðu þeir sig á því sumir hverjir, að *ég skyldi viðhafa þau ummæli í gær*, að ég teldi frv. bæði merkilegt og til stórra bóta á mörgum sviðum. Hv. 8. landsk. taldi, að ummæli mín sönnuðu það, að verið væri að framkvæma íhaldssama stefnu, hina íhaldssömu stefnu síðari ára í skattamálunum. Nú benti ég á það í minni ræðu í gær, og ætla ég, að þurfi nú ekki að valda endurnýjuðum sársauka hjá neinum, að með frv. því, sem hér liggur fyrir, væru í veigamiklum atriðum farnar sömu slóðir og við höfðum lagt til, hv. 2. þm. Eyf. og ég, með frv. okkar í fyrra, og taldi ég fram ýmis dæmi þess, sem óþarfi er að endurtaka nú. Hv. 1. landsk. segir nú um þetta frv., sem vissulega gengur lengra í því að létta af sköttum og ívilna mönnum á mörgum sviðum, eins og ég benti á, þar sem eru nýmæli í því nú, sem voru ekki í okkar frv. í fyrra, — hann segir nú um þetta frv.: Þetta er einskis virði. Þetta er lítið og ómerkilegt frv. — En mig langar til að minna hv. þm. á það, sem hann sagði um okkar frv. í fyrra, en það var á þessa leið:

„Ég vil þegar við þessa 1. umr. málsins lýsa *yfir eindregnum stuðningi mínum* við *meginefni* þessa frv. og jafnframt taka það fram, að Alþfl. mun í þessari hv. d. greiða atkv. með frv. í öllum meginatriðum þess, bera fram brtt., ef það kemur til endanlegrar afgreiðslu, við einstök atriði, en að meginstefnu til fylgja því. Þetta er að því leyti síður en svo undarlegt, þar eð Alþýðuflokksmenn hafa þegar á þessu þingi flutt frumvörp, sem ganga í sömu átt og ýmis meginatriði þessa frv., og þarf því engan að undra, þó að við tökum þessu frv. hið bezta og teljum það vera mjög gott, í raun og veru eitt bezta frv., sem sézt hefur frá nokkrum þingmanni eða þingmönnum Sjálfstfl. í mörg ár."

Mér finnst, að þeir, sem viðhöfðu þessi ummæli um skattalagafrv. okkar hv. 2. þm. Eyf. í fyrra, geti sannarlega ekki talið þetta frv., sem hér liggur fyrir, lítið og ómerkilegt, því að það verður að viðurkennast, að þó að það gangi í mörgum atriðum skemmra í þeim sömu tilvikum, sem bæði frv. fjalla um, þá eru mörg nýmæli nú til viðbótar í þessu frv., sem ganga lengra í því að létta sköttum á almenningi. Og hv. 1. landsk. talaði nú eiginlega fyrir hönd Sósfl. líka í þessu máli á þinginu í fyrra, þar sem hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég geng út frá því sem vísu, með tilliti til fyrri umræðna og yfirlýsinga um þau mál, sem hér eru til umr., að hv. Sósfl. muni einnig vera fylgjandi öllum meginatriðum þessa frv."

Mér finnst eiginlega skjóta skökku við hjá ræðumönnum beggja flokkanna miðað við undirtektir þeirra varðandi þetta mál nú.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vil aðeins árétta fyrri ummæli mín um það, að ég tel, að hér sé í veigamiklum og verulegum atriðum stefnt í rétta átt til þess að létta sköttum af almenningi og lagfæra margt, sem miður hefur farið í þessari löggjöf á undanförnum árum.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mér þykir hálfbroslegt það kapphlaup, sem hér er á milli hv. stjórnarflokka um að eigna sér þetta frv. og stefnu þess eins og það liggur nú fyrir, eða — *eins og ég orðaði það áðan* — þá íhaldsstefnu í skattamálum, sem hér er verið að framkvæma. Þetta er þó í ákveðnu ljósi kannske ekki eins einkennilegt og virðast mætti, nefnilega ekki, ef höfð eru í huga ummæli hv. þm. A-Húnv. hér við eldhúsdagsumr. í vetur. Hann sagði þá, að nú væri svo komið, að ekkert væri því til fyrirstöðu lengur, að Framsfl. og Sjálfstfl. sameinuðust í einn flokk. Kapphlaup þessara flokka um að eigna sér þá íhaldsstefnu, sem hér er á ferðinni og hefur verið á ferðinni í skattalöggjöf okkar síðustu 10 árin, sannar þessi ummæli hv. þm. A-Húnv. fyllilega og kannske betur en flest annað, sem komið hefur fram hér á þinginu.

Ég ætla að öðru leyti aðeins að gera örfáar athugasemdir við ræðu hæstv. fjmrh. hér í d. áðan. Hann talaði m. a. mikið um, að það væri óviðurkvæmilegt hjá mér og mundi stafa af vanþekkingu, að ég hefði kallað það herfilega blekkingu að halda því fram, að þetta frv. fæli í sér 29% lækkun á skattgreiðslum einstaklinga að meðaltali. En ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er hæstv. fjmrh., sem fer með herfilega blekkingu í þessu máli, en ekki ég, vegna þess að eins og hann túlkar það, þá vill hann, að hinn almenni borgari í landinu skilji það svo, að hann fái, ef þetta frv. verður samþ., að meðaltali 29% lækkun á skatti sínum frá því, sem verið hefur. Þetta er ekki rétt. Það, sem er rétt í málinu hjá hæstv. fjmrh., er það, að *skattabyrðin í heild mun lækka samkvæmt* útreikningum skattstofunnar um 29%. En eins og ég sýndi fram á í fyrri ræðu minni hér áðan, kemur þessi lækkun fyrst og fremst hátekjumönnum og auðfélögum til góða. Sú heildarupphæð, sem greiddur skattur til ríkisins lækkar um samkvæmt þessu frv., kemur að langmestu leyti fram hjá mönnum með mjög háar tekjur og gróðafélögum, en hinn almenni skattborgari, lágtekjumaðurinn, launþeginn, verkamaðurinn og bóndinn, sem ekki hefur möguleika á því að notfæra sér hina nýju frádráttarliði, sem ekki hefur möguleika á því að kaupa sér lífeyrisfé fyrir 7 þús. kr. á ári eða líftryggingu fyrir 2 þús. kr. iðgjald á ári o. s. frv., mun ekki verða var við þá skattalækkun, sem hæstv. fjmrh. hefur hér kallað stórkostlega.

Þá taldi hæstv. fjmrh., að ummæli þau, sem ég hafði um skattfrelsi sparifjár, hefðu verið sögð eingöngu í þeim tilgangi að mála fjandann á vegginn og gera þetta sem grófast og tortryggilegast í augum hv. þm. Hann sagði m. a., að hann fagnaði því, ef þetta frv. og þá sérstaklega þetta ákvæði um skattfrelsi sparifjár yrði til þess, að menn seldu fasteignir og legðu fé í sparisjóði, þannig að þar safnaðist fyrir aukið sparifé, eins og hann orðaði það, sem hægt væri að grípa til til meiri háttar framkvæmda. Þau dæmi, sem ég nefndi, voru þess eðlis, að ef þau kæmu til framkvæmda, sem er vel hugsanlegt, þá mundi sparifé alls ekki aukast um eina krónu, og það *tók ég fram. Það eru núna í sparisjóðum og* slíkum innlánsdeildum um 900 millj. kr. Það er hugsanlegur möguleiki að taka út allt þetta

sparifé og kaupa fyrir það fasteignir, sem einhverjir aðrir aðilar þá selja um leið, fá þessar 900 millj. kr. aftur í hendurnar, leggja þær aftur inn í sömu lánsstofnanir, og sparifé hefur ekki aukizt um eina einustu krónu. Þannig er opinn möguleiki í þessu frv. fyrir því að gera ráðstafanir, sem alls ekki er ætlazt til af flm. þessa frv. að verði gerðar. Vitanlega leggja þeir sínar till. fram með þeim góða ásetningi að reyna að auka sparifé landsmanna, og að svo miklu leyti sem það tækist, er till. virðingarverð, en að svo miklu leyti sem hún verður notuð sem spekúlasjón, er hún fáránleg.

Hingað til hefur íslenzk skattalöggjöf aðeins boðið upp á einn möguleika til að losna við skattinn, skattsvikaleiðina, sem allir þekkja. Það er að reka einhvers konar fyrirtæki, þar sem ekkert eftirlit er til með framtölum, með það í huga, að sú starfsemi gefi möguleika til skattsvika, og öðlast á þann hátt skattfrelsi fyrir ákveðinn hluta af tekjum sínum. Með þessu frv. er verið að opna aðra leið til skattfrelsis, sem ekki mundi lengur heita skattsvikaleið. Það er því mönnum í sjálfsvald sett hér á eftir, ef þessi till. hæstv. *ríkisstj. verður samþ., að meta það og gera upp* við sjálfa sig, hvora leiðina þeir vilja fara. Hafi þeir möguleika, eins og mennirnir, sem ég nefndi í fyrri ræðu minni, til að selja fasteignir fyrir — við skulum segja 30 millj. kr. og leggja það inn sem sparifé, eignast þannig skattfrjálsar tekjur 1.8 millj. á ári, og telji þeir, að með þessu móti geti þeir þarna öðlazt tekjur með minni fyrirhöfn og með því að leggja minna á sig heldur en með því að fara hina leiðina og nota skattsvikamöguleikann, þá gera þeir þetta vitanlega. Og ég efast stórlega um það, eins og ástandið er í okkar þjóðfélagi í dag, að menn, sem hafa þennan möguleika, mundu láta hann ónotaðan. Ég efast um, að þeir hafi meiri möguleika á tekjuöflun í þessu þjóðfélagi heldur en þann, sem þetta frv. býður upp á. Ég efast um, að mennirnir með fasteignir, sem seljanlegar eru á 30 millj. kr. í dag, hafi meira upp úr þeim, þegar þeir eru búnir að borga lögboðin gjöld, viðhald og þá skatta, sem þeir neyðast til að borga, o. s. frv., þó að þeir noti skattsvikaleiðina, heldur en að selja þær og leggja féð á vexti og fá sínar tekjur löglega skattfrjálsar.

Í þessu sambandi vildi ég mega benda hæstv. fjmrh. á, að það eru tvær þjóðir, sem jafnvel *hann mun viðurkenna að hafi einhverja* fullkomnustu skattalöggjöf, sem nú er til í veröldinni. Þessar þjóðir eru Svíar og Bretar. Hjá þessum þjóðum eru til tvenns konar tekjuskattsstigar, annar fyrir vinnutekjur og tekjur af atvinnurekstri og hinn fyrir tekjur af sparifé. Og skattstiginn fyrir tekjur af sparifé er mun hærri en skattstiginn fyrir vinnutekjur og tekjur af atvinnurekstri. Þannig líta þessar þjóðir á málið.

En úr því að ég er farinn að minnast á aðrar þjóðir í sambandi við þetta mál, þá vildi ég aðeins drepa á það, sem er meginatriði að mínum dómi í sambandi við þetta skattalagafrv., sem hér liggur fyrir. Það er það, að þær n., sem hafa eytt öllu þessu óhemjustarfi, sem fjmrh. hefur fjálglega lýst hér, í það að undirbúa þetta frv., skyldu ekki einmitt taka skattalög þessara þjóða að einhverju leyti sér til fyrirmyndar, en það hefur alls ekki verið gert. Í því sambandi vildi ég geta þess, að það hefði mátt gera verulegar breytingar á þessum hlutum.

Það er fyrst að nefna, að hér innheimtum við alls konar tegundir af opinberum gjöldum, og það eru margar stofnanir í þessu þjóðfélagi, sem hafa með höndum það hlutverk að innheimta einhver ákveðin gjöld eða ákveðinn skatt. Við skulum t. d. taka ríkisútvarpið. Það innheimtir 200 kr. á ári af hverjum útvarpsnotanda í landinu, og þessi innheimta kostar hvorki meira né minna en 800 þús. kr. eða nær eina millj. kr. á ári samkvæmt þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir frá þeim mönnum, sem kunnugastir eru því máli. Og þetta er bara eitt dæmi. Ég gæti talið 10—20 hliðstæð. Með því nú að færa þetta saman, því að það er ekkert betra fyrir þjóðfélagsborgarana að greiða sín gjöld í tuttugu pörtum og til tuttugu aðila heldur en til eins, — með því að færa þetta saman í einn skatt, taka sem sagt öll þessi opinberu gjöld með einum skatti, þá hefði mátt spara stórlega kostnað við að innheimta skattana og þar að auki spara almenningi *mjög mikla fyrirhöfn og óþægindi* í sambandi við alla þessa skattheimtu. Þetta hvarflaði ekki að þessum mönnum. Nei, ekkert slíkt, ekkert, sem gat komið hinum almenna borgara, launþega, verkamanni og bónda, til góða, hvarflaði að þeim, vegna þess að hér er ekki verið að framkvæma neitt fyrir þetta fólk. Hér er verið að framkvæma hluti fyrir þá ríkustu. Hér er verið að framkvæma íhaldsstefnuna ómengaða.

Það er annað atriði mjög þýðingarmikið í þessu sambandi, sem bæði Svíar og Bretar hafa komið á hjá sér, og það er það, að þeir innheimta skattana af tekjunum, um leið og þær skapast. Ekkert slíkt er gert hér. Hér taka menn við sínum tekjum mismunandi háum ár eftir ár vegna alls konar sveiflna hér í okkar þjóðfélagi og halda, að þeir eigi þær, gæta þess alls ekki, að ríkið með allar sínar klær er eftir að hrifsa sinn hlut og kemur fyrst árið eftir. S. l. ár, sem var gott atvinnuár, veit ég dæmi til þess, að einn verkamaður — lagði að vísu mjög mikið á sig — hafði 70 þús. kr. tekjur. Næsta ár gæti svo farið, að þessi maður hefði ekki nema 30 þús. kr. tekjur eða 35 þús. kr. tekjur, en af þeim tekjum á hann þá að greiða skatt af 70 þús. kr. Það sjá allir, hvernig þetta muni ganga og hvernig þetta lítur út. Nú *gátu þessir hv. þm. og aðrir*, sem unnið hafa að þessu máli, kynnt sér, hvernig Bretar og Svíar haga framkvæmd á þessum hlutum. Ég veit, hvað þeir munu segja: Þetta er erfitt í sambandi við fyrirtæki. — Já, gott og vel, það er rétt, það er erfitt, en þó ekki ókleift. Það hefur verið framkvæmt. Og það er alls ekki erfitt í sambandi við skattheimtu hjá einstaklingum. Því hefði a. m. k. mátt fara þá leið að byrja á því að leggja skattana á tekjurnar, um leið og þær skapast, hjá einstaklingunum og sjá, hvernig það gæfist. Þó að sú leið kunni að reynast erfið við innheimtu hjá bændum og alls konar fyrirtækjum fyrst um sinn, þá mátti a. m. k. prófa sig áfram með þessa leið, því að þetta er ekkert erfið leið og hún hefur ekki valdið neinum erfiðleikum neins staðar, þar sem hún hefur

verið reynd. Hún hefur verið reynd í Þýzkalandi. Hún er núna framkvæmd í Bretlandi og Svíþjóð og e. t. v. víðar, þó að ég viti ekki um það, og þetta veldur engum erfiðleikum hvað einstaklingana snertir. En sem sagt, ekkert, sem máli skiptir fyrir hinn almenna borgara þessa lands, hefur verið gert — ekkert. Það eru auðmennirnir og fyrirtæki eins og Olíufélagið h/f, sem hafa rækilega verið höfð í huga, þegar þetta frv. var samið.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það, sem er nauðsynlegt að gera sér ljóst, þegar verið er að ræða, á hverju þetta frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, sé úrbætur og að hvaða leyti það sé gallað, er, að það eru tvenns konar kröfur, sem fyrir liggja til ríkisstj., þegar hún fer að endurskoða skattal. og leggja til að breyta þeim. Og þær tvenns konar kröfur, sem fyrir liggja hjá þjóðinni viðvíkjandi breytingum á skattal., eru svo gerólíkar, orsakir þeirra og aðstaða öll, að það er eins og það væri verið að semja raunverulega tvenns konar mismunandi lög.

Annars vegar hefur verið krafa frá launþegum, að tekjuskatturinn á lágum tekjum væri lækkaður, jafnvel afnuminn. Þetta hafa verið ákaflega eðlilegar kröfur, vegna þess að tekjuskattur á launþegum, sérstaklega með lágar tekjur, hefur hvílt mjög þungt á þeim, og tekjuskatturinn hefur lent á launþegunum hlutfallslega miklu þyngra en á fyrirtækjum, vegna þess að launþegar hafa orðið að telja fram allt sitt, en um fyrirtækin hefur gilt allt annað lögmál. Tekjuskatturinn hefur þess vegna komið hlutfallslega miklu þyngra niður á launþegum heldur en á fyrirtækjunum, og þess vegna skapast þessi sterka krafa frá hálfu launþega um, að sérstaklega á lágum tekjum verði tekjuskatturinn lækkaður.

En svo hafa verið uppi allt aðrar kröfur um endurskoðun á skattalöggjöfinni. Það hafa verið uppi þær raddir frá þeim, sem safna auð á Íslandi, að tekjuskattslöggjöfin sé gersamlega óviðunandi. Frá þeirra sjónarmiði hefur að vissu leyti mátt færa þetta til sanns vegar. Sannleikurinn er, að ef maður vill fara út í það svona stranglöglega, þá hefur kapítalisminn raunverulega verið bannaður á Íslandi, þ. e. auðsöfnun á Íslandi hefur aðeins verið möguleg með skattsvikum og gjaldeyrissvikum, og það hafa verið aðferðirnar, sem hafa verið hafðar til auðsöfnunar á Íslandi á undanförnum áratugum. Það er opinbert leyndarmál. Þessir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hafa krafizt þess, að þeirra starfsemi væri gerð lögleg, að gífurleg auðsöfnun yrði látin vera innan ramma laganna og þyrfti ekki að fara í felur. Og þessar kröfur eru náttúrlega allt annars eðlis en þær kröfur, sem liggja fyrir, sérstaklega frá launþegum með lágar tekjur, um að endurskoðaður verði skattstiginn með tilliti til þess að létta á þeim.

Þetta tvennt þurfum við þess vegna að athuga, þegar við lítum á, hvernig till. ríkisstj. um skattana nú eru.

Þegar talað hefur verið um, að skattarnir væru þungir, þá verður maður þess vegna að spyrja af hverju. Launþegunum, þeim, sem hafa haft sínar lágu tekjur og orðið að borga af þeim eins gífurlega mikið og hér hefur þegar verið reiknað upp í tollum og söluskatti og allt mögulegt annað slíkt, hvers konar iðgjöld til ríkisins og stofnana þess, — þeim hefur fundizt tekjuskatturinn eðlilega þungur líka. Þeim hafa fundizt allir skattarnir þungir, allir tollarnir þungir. Hins vegar hafa svo auðmennirnir kvartað, og hér las einn af fulltrúum auðmannanna í Reykjavík, hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), upp lýsinguna á því, hvernig skattarnir færu með auðmanninn, að það væri bókstaflega svoleiðis, að þeir yrðu að borga með sér til ríkisins, og það var mjög greinilegur lestur hjá honum. Náttúrlega er það alveg eins gefið, að það var ekki bara svona seinasta ár, — það var svona öll hin árin líka, — og það, að þessi blessuð fyrirtæki hafa öll saman haldið áfram ár eftir ár alltaf að borga til ríkisins, hefur náttúrlega ekki stafað af því, að þau áliti sig sem þjóðnýt fyrirtæki, sem yrðu að starfa fyrir Eystein einan, heldur hefur þarna verið um það að ræða, að skattframtölin hjá fyrirtækjunum eru ekki í neinu samræmi við tekjurnar yfirleitt. (Gripið fram í.) — Já, fyrir Gunnar líka náttúrlega.

Það er þess vegna alveg gefið, að þessi framtöl er yfirleitt ekki að marka. Það væri óhugsandi það þjóðfélag, sem hér hefur viðgengizt, ef það væri ekki gengið út frá því, að skattsvik, sérstaklega hjá fyrirtækjum, væru almennt fyrirbrigði, þ. e. ólögleg starfsemi kapítalismans á Íslandi, það væri séð í gegnum fingur með kapítalismanum, honum væri leyft þetta áfram. Þetta hefur verið praksísinn öll undanfarin ár, og það væri rétt að athuga einmitt út frá þessu sjónarmiði, hvernig þetta viðhorf er.

Raunverulega hafa öll þau ríkari hlutafélög hér á Íslandi skammtað sér skattinn sjálf á undanförnum árum. Það er opinbert leyndarmál, að þegar búið hefur verið að setja upp reikningana, þá hefur jafnan verið breytt á eftir, svo framarlega sem skattarnir yrðu of háir eins og lagt var fyrir, og skattanefndirnar hafa gengið út frá þessu, og veltuútsvörin hafa byggzt á þessu; svona hefur nú þetta verið. Allra ríkustu félögin hafa verið gerð skattfrjáls með lögum. Ríkustu og mestu gróðafélögin í landinu eru skattfrjáls með lögum. Svona hefur einokunarkerfið verið viðvíkjandi þessum hlutum, og það, sem við þess vegna verðum að athuga, er, hvernig er nú orðið við gagnvart þessum tveim aðilum, annars vegar launþegunum, sérstaklega þeim með lágu tekjurnar, og hins vegar auðsöfnunarfyrirtækjunum, sem hafa starfað í banni laganna.

Við skulum fyrst líta á einstaklingana. Þar er, eins og hv. 11. landsk. sýndi greinilega fram á, raunveruleg hækkun. Það eru felld burt lögin um lækkun skatts af lágtekjum. Það er ekki orðið við þeim kröfum, sem við sósíalistar höfum borið fram þing eftir þing, að hreinar tekjur undir 30 þúsundum séu skattfrjálsar. Það er bókstaflega þyngdur skatturinn á einstaklingum. Þarna eru algerlega svikin þau loforð, sem mönnum höfðu verið gefin m. a. almennt um 20% lækkun og jafnvel sérstaklega um það, að lágtekjumenn yrðu undanþegnir skatti. Það er alveg auðséð, á hverju þetta byggist fyrst og fremst.

Það byggist á því, að skattstiginn er látinn byrja allt of lágt. 1935, í þeim lögum, sem þegar hefur verið minnzt á hér, er tekið fram, að af þeim skattskyldum hluta teknanna, sem er undir þúsund krónum, greiðist 1%. Af 1—2 þús. kr. greiðist 10 kr. af þúsund krónum og 2% af afganginum. Og það, sem hér er 1000 kr., jafngildir 10 þús. kr. nú. En núna er byrjað að reikna skattinn hjá einstaklingunum af 1—2 þús. kr.; af 1—2 þús. kr. greiðist 1%; af 2 þús. kr. greiðast 10 kr. af 2 þúsundum og 2% af afganginum. Skattstiginn er látinn byrja allt of neðarlega. Í staðinn fyrir að byrja við 10 þús., eins og hefði samsvarað því, sem gert var 1935, þá er hann bókstaflega látinn byrja við eitt þúsund. Að vísu kemur frádráttur til í báðum tilfellunum. En það er þetta, sem er gefið, að ekki einu sinni þeir menn, sem mest eru búnir að tala um verðbólgu öll þessi ár, eru enn þá búnir að átta sig á því, að verðbólgan hefur átt sér stað, þegar þeir eru að leggja skatta á þjóðina.

Hvernig kemur þetta til með að líta út fyrir verkamenn? Það þýðir, að það er byrjað að skatta þá fyrr en gert var 1935. Hvað snertir hjón, þá er frá þeim núgildandi ákvæðum veruleg endurbót í sambandi við skattinn á hjónum og fjölskyldufólki, eins og hér hefur verið viðurkennt af þeim, sem það hafa rætt. En þetta gengur ekki eins langt og þó var 1935, miðað við svipaðar aðstæður þá Ef það er miðað við það hlutfallslega, sem hver einstaklingur nú ætti að geta fengið af þjóðartekjunum, ef það er miðað við, hvað Ísland og Íslendingar hafa miklu meiri tekjur nú hlutfallslega á hvern mann heldur en þeir höfðu þá, þá er skattað meira af lágtekjum heldur en þá var. Hæstv. fjmrh. kom hér nokkuð inn á útreikning, sem hv. 1. landsk. var með í sambandi við verkamannatekjurnar þá og hvernig þetta liti út, og hélt því fram, að svo framarlega sem það væri rétt, sem 1. landsk. hefði sagt, þá hefðu verkamenn raunverulega ekki skapað sér neinar endurbætur með síðustu 20 ára baráttu. Það er rétt fyrir okkur að athuga þetta alveg greinilega, þennan samanburð.

1935 var dagkaup Dagsbrúnarverkamanns, ef hann vann 10 tíma á dag, kr. 13.60, og ef maður reiknar með 10 tíma vinnu á dag 300 daga ársins, þá fær hann 4080 kr. yfir árið. Þá er framfærslukostnaður, sem reiknað er með, 4181 kr., m. ö. o.: Dagsbrúnarmaður, sem þá vann árið um kring hvern einasta dag ársins, gat ekki unnið fyrir því, sem hagstofan áleit nauðsynlegt fyrir 4—5 manna fjölskyldu til þess að draga fram lífið. Það var undir þeim framfærslukostnaði, sem var álitinn eðlilegur og var ákaflega lágur. Þetta slæm voru kjörin þá, og til þessa var tekið nokkurt tillit í skattinum.

Í janúar 1948, um það leyti sem fyrsta vísitölubindingin var gerð, var kaup Dagsbrúnarverkamanns, sem vann 8 tíma á dag — þá var búið að stytta vinnudaginn niður í 8 tíma — fyrir kr. 9.24 tímakaup 300 daga ársins, 22176 kr. Þá, í janúar 1948, er framfærslukostnaður meðalfjölskyldu reiknaður hjá hagstofunni 12304 kr. M. ö. o.: Verkamaðurinn, sem vinnur svona, hefur um 10 þús. kr., — það slagar hátt upp í helming af því, sem hann vinnur, sem hann hefur fram yfir brýnustu framfærslu. Þetta kemst hann, þegar verkamenn hafa náð því hæsta kaupi, sem þeir hafa náð hérna. Verkamenn skapa sér þá þetta góð lífskjör. Ég minni á þetta vegna þess, að um þetta leyti var Framsókn að koma til skjalanna í sambandi við lífskjör verkamanna á Íslandi, og er að rifja þetta upp fyrir hæstv. fjmrh., til þess að hann geti séð, hverju Framsókn hefur áorkað í því að þrýsta aftur niður verkamönnum, til þess að þeir komist sem næst því að lifa rétt við framfærslukostnaðinn opinbera.

Núna í janúar 1954 hefur Dagsbrúnarverkamaður á sama hátt með 8 tíma vinnudegi 300 daga ársins 35040 kr. Núna er framfærslukostnaður fyrir meðalfjölskylduna eftir hagstofuútreikningnum á ári 27964 kr., þ. e. tæpar 28 þús. kr. Hann hefur þannig núna ⅙ fram yfir það, sem er reiknað sem framfærslukostnaður yfir árið, en hafði upp undir helming fram yfir 1948, en náði því ekki 1935. Þetta er sú raunverulega breyting. Núna í 6 ár er þetta búið að ganga niður á við. Þetta er búið að þrýsta því niður, og það er ekki vegna þess að tekjur Íslendinga í heild hafi minnkað. Þær eru meiri. En það er vegna þess, að misskipting teknanna er meiri núna en hún var. Hluti 5 manna fjölskyldu á Íslandi úr þjóðartekjunum, ef jafnt er reiknað, er núna milli 70 og 80 þús. kr., eins og hæstv. fjmrh. sjálfur upplýsti, en Dagsbrúnarverkamaður hefur ekki nema 35 þús. kr. á ári, ef hann vinnur hvern einasta dag ársins.

Hins vegar er byrjað að skatta þessar tekjur fyrr nú en gert var 1935, og það er það, sem er höfuðgallinn á þessu frv. Skattstiginn er látinn byrja of lágt, og það er það, sem ég álít að hv. fjhn. ætti í fyrsta lagi að athuga í sambandi við allar þessar till. Við vitum, hvernig það er með tekjuskattsfrv. og tekjuskattslög. Það eru einhver erfiðustu lög að fá breytt, þegar einu sinni er búið að setja þau, og ég álít það ákaflega illa farið, að það skuli ekki hafa verið haft í huga af hálfu skattan., þegar þessi lög voru samin, að byrja skattstigann hærra, og af því stafi mikið einmitt af því óréttlæti, sem þarna kemur til með að verða, og þetta væri nauðsynlegt að fjhn. endurskoðaði.

Ég ætla nú ekki að fara nákvæmlega út í þetta, en það er ofur lítið, sem ég vildi benda á í 7. gr., þar sem frádrættirnir eru, að vísu ekki sérstaklega stór atriði, en þó þannig, að það er rétt að athuga þau. Það er í 4. undirgr., j-liðnum, þegar talað er um: „nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð". Ég vil undirstrika það, sem hér hefur komið fram áður. Það er ekki rétt að binda þessa undanþágu við það, að það sé keypt heimilisaðstoð. Ef gift kona vinnur úti, og við skulum hugsa okkur, að bæði hún og hennar maður vinni fyrir lágum launum og hafi ekki efni á því að kaupa heimilisaðstoð, af hverju á þá að svipta konuna þeim rétti, sem veittur er þeim giftum konum, sem hafa efni á því að kaupa heimilisaðstoð? Hér er margt fátækt fólk, þar sem bæði hjónin vinna úti, eiga samt ung börn, koma þeim t. d. fyrir á dagheimilum og sækja þau á kvöldin. Ef þau borga með barni á dagheimili, þá á ekki að draga það

frá. Það er þó eins konar sameiginleg heimilisaðstoð, sem verið er að veita og er borguð, og það er vitanlega þjóðfélaginu miklu praktiskara, ef við erum að reikna það út í vinnuafköstum, að börnunum sé komið fyrir á slíkum dagheimilum og borgað þar fyrir þau og sameiginleg heimilisaðstoð þannig hagnýtt, heldur en að hver einstök fjölskylda fái sér heimilisaðstoð, fái sér ráðskonu. Þetta er algert óréttlæti. Ef slík hjón hafa sitt barn á barnagörðum eða dagheimilum, eða sín börn, þá á alveg eins að leyfa þeim að draga það frá. Ef þau láta elzta barnið passa hin, sem er ekki óalgengt, þá ætti að skattleggja hlutfallslega meira tekjur hinnar giftu konu. Þetta er óréttlátt. Þetta álít ég að fjhn. eigi að athuga og eigi að breyta. Ég get ekki skilið, að það sé tilgangurinn hjá hæstv. ríkisstj. með þessu ákvæði, að bara t. d. fjölskyldur embættismanna, þegar bæði vinna úti, eða þeirra bezt efnuðu millistétta hér eigi að fá að verða þessa réttlætis aðnjótandi, en svo framarlega sem fátækasta fólkið reyni að bjarga sér með því, að bæði hjónin vinni úti, en hafi ekki efni á að kaupa sér heimilisaðstoð, þá eigi að skattleggja giftu konuna. Ég held, að það sé sjálfsagt réttlætismál að breyta þessu, og ég vil eindregið vonast til þess, að hv. fjhn. geri það, því að ég skil ekki í öðru en þetta sé fyrst og fremst yfirsjón.

Í síðari hluta þessa j-kafla hins vegar, þar sem rætt er um einstæðar mæður og ógifta menn, þá get ég nú ekki séð annað en það væri fullkomlega sanngjarnt, að það væri dregið frá alveg að fullu fyrir heimilisaðstoðina, — ekki takmarka það við það, sem þarna er. En þetta eru nú smærri ábendingar.

Þá er það viðvíkjandi spursmálinu um skattfrelsi og þeim umræðum, sem út af því hafa orðið. Ég býst við, að það viðurkenni allir, að það mætti gjarnan reyna að finna út aðferðir til þess að stuðla að aukinni sparifjársöfnun og að það mætti gjarnan gera þeim smásparifjáreigendum, sem er illa við, að það sé verið að hnýsast í þeirra sparifjárbækur, mögulegt að losna við óttann af því. En ég vil beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj. í sambandi við þessi mál: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að gera til þess að reyna að ná einhverjum sköttum af því fé, sem gefur af sér mestan gróða í Reykjavík sem stendur? Það fé, sem gefur af sér mestan gróða í Reykjavík sem stendur, er okurfé, sem lánað er út með okurvöxtum á svarta peningamarkaðinum í Reykjavík. Það er staðreynd, sem er viðurkennd af öllum, að þessi svarti markaður sé til. Ég býst við, að það muni ekki vera óalgengt, að t. d. víxlar séu keyptir með 20% afföllum, jafnvel þó að þeir séu bara til þriggja mánaða. Ég býst við, að það séu dæmi til um það, að það sé ávaxtað á þennan hátt fé með allt upp í 80% ársvöxtum. Og þetta er fé, sem aldrei nokkurn tíma kemur til skatts. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. hugsað sér að gera til þess að ná í eitthvað af þessu okurfé, sem er alveg vitanlegt að er það fé, sem gefur langsamlega mestar tekjur í Reykjavík núna sem stendur?

Nú vil ég benda hæstv. fjmrh. á, þegar hann talar um einmitt út frá þeim athugasemdum, sem hér hafa komið fram um skattfrelsi sparifjár, að ef það sýndi sig, að það væri á einhvern hátt hægt að misnota þessi ákvæði, sem hérna eru, þá væri bara að endurskoða þetta. En ég vil spyrja: Ef þetta er leitt í lög, sem hér er, á þann hátt, sem hérna er gert, þ. e. með því að undanþiggja framtalsskyldu og allt slíkt, hvernig er þá hægt að endurskoða þessi lög? Ef búið er að gera það löggilt, að svo og svo mikið af peningum, svo og svo margar millj. kr. fái að vera í frjálsri veltu í þjóðfélaginu, án þess að þær séu framtalsskyldar, og svo ætti allt í einu að skella því yfir þessa menn, sem ríkisstj. hefur verið að veita þessi sérréttindi, að þeir yrðu allt í einu að fara að telja fram, ef þessu er lýst yfir af hæstv. ráðh., um leið og þessi lög eru sett, að það verði kannske endurskoðað eftir nokkurn tíma, þá er ég hræddur um, að þau missi mikið af því gildi, sem ríkisstj. ætlast til að þau hafi núna. Mig misminnir það kannske, en ég er ákaflega hræddur um, að það hafi verið þannig einmitt í Finnlandi, þegar sparifé var gefið skattfrjálst á þennan hátt og það var farið að tala um það rétt á eftir að breyta þessu, að mönnum hafi þótt það ófært. Það var einu sinni búið að hleypa þessu inn, og það er ekki svo gott að breyta því á eftir. Þessu vildi ég nú aðeins skjóta fram.

En hitt aftur á móti, að ná skatti af okrinu, af því fé, sem gefur mestan gróða í Reykjavík, af því fé, þar sem skattsvikin eru ægilegust, hvað ætlar ríkisstj. að gera til þess? Ég sé ekki betur en að einmitt með því, sem verið er að smeygja inn í sambandi við að sleppa framtalsskyldunni um sparifé og annað slíkt, sé verið að ýta undir þennan svarta markað. (Gripið fram í.) Nei, það er hrein blekking hjá hæstv. fjmrh., sem stafar af því, að hann getur aldrei nokkurn tíma gert sér hugmynd um, hvaða lögmálum lánsfé fer eftir í þjóðfélaginu. Það er ekki að neinu leyti verið að stuðla að aukningu sparifjár með þessu. Það, sem afmarkar, hvernig lánsfjármarkaðurinn er, er sú pólitík, sem sjálfir bankarnir og fyrst og fremst seðlabankinn rekur um lánsfé. Svo framarlega sem seðlabankinn rekur þá pólitík að draga úr lánsfénu alveg kerfisbundið, þá þýðir það að skapa okurmarkað fyrir svartamarkaðsfé. Við skulum segja ef lánsfjárpólitík seðlabankans er þannig, að það er séð um að hafa lánsfjárveltuna sem minnsta og seðlaveltuna sem minnsta, þá þýðir það, að þeir, sem eiga peninga, geta leyst þá út með vöxtum, sem skipta mörgum tugum prósenta á ári. Það er alveg beint samband á milli núverandi svarta markaðs á peningum í Reykjavík og annars staðar á Íslandi og þeirrar lánsfjárpólitíkur, sem núverandi ríkisstj. rekur. Núverandi ríkisstj. ræður þessari lánsfjárpólitík. Það er hún, sem ræður okurmarkaðinum í Reykjavík. Hann stendur í beinu sambandi við hennar stjórn á fjármálum og lánsfjármálum landsins og bankanna. Þess vegna er sparifjárspursmálið í þessu sambandi aðeins hverfandi lítið spursmál. Það er bara spursmál um tilfæringu og um útreikning. Meginið af öllu því lánsfé, sem er í veltu, er skapað af ríkinu sjálfu, það er skapað með seðlunum, með 300 millj. kr. seðlaveltu, sem er í gangi og seðlabankinn hefur til umráða, en þetta er hlutur, sem hæstv. fjmrh. getur aldrei skilið. Þess vegna er það svo, að sú pólitík, sem hérna er

farið inn á, kemur ekki að neinu leyti til að breyta neinu um svarta markaðinn á fé í Reykjavík. Svo framarlega sem lánsfjárpólitík seðlabankans er ekki breytt og svo framarlega sem seðlabankinn, eins og hann hefur lýst yfir núna, ætlar að draga úr lánsfjárveltunni á næstunni einmitt í sambandi við m. a. greiðslur til Framkvæmdabankans, útborgun á mótvirðissjóðnum, þá þýðir það bara, að hvaða sparifjáraukning sem væri hefur ekkert að segja í slíku sambandi. Þarna er bara um tilfærslur að ræða og mismunandi „kontó“ á reikningum hjá sama aðila. Þess vegna er það raunverulega fyrst og fremst þetta mál, sem þyrfti að knýja hæstv. ríkisstj. til þess að gefa yfirlýsingar um, hvers konar pólitík hún ætli sér að reka viðvíkjandi lánsfénu. Hún stendur hér hvað eftir annað frammi fyrir okkur og kvartar og þykist ekki hafa lánsfé og veit ekki yfirleitt, hvernig hún á að skaffa þetta, og núna notar hún það ástand, sem hún skapar sjálf með tilbúnum lánsfjárskorti, sem yfirvarp til þess að auka svarta markaðinn á fé í Reykjavík, eins og þetta kemur til með að verða. Það er mjög slæmt, að hæstv. ríkisstj. skuli aldrei geta gert sér ljóst, í hvaða sambandi lánsfjárpólitík ríkisins og ríkisbankanna stendur við vextina í landinu og skortinn á fé til framkvæmda, en það er ekki neitt nýtt fyrirbrigði, að sérstaklega hæstv. fjmrh. eigi erfitt með að skilja þá hluti.

Ég verð þess vegna að segja viðvíkjandi þessum 3. kafla, þrátt fyrir það að ég þykist vita, að meint sé gott með honum, og að sumu leyti eru þar spor í rétta átt, þá kemur það hvað aðalatriðið snertir ekki til með að verða að neinu gagni, heldur þvert á móti. Þetta kemur til með að löggilda það okurfé, sem í umferð er, a. m. k. að einhverju leyti, en hins vegar ekkert gert til þess að ná í skatta af einhverju af þessu.

Í sambandi við hlutafélögin, eins og hér er áður búið að taka fram, er höfð þessi gullna regla: Því meira sem þau græði, því meira skuli þeim eftir gefið. Og það finnst nú hæstv. fjmrh. ágætt. Það er þveröfug regla við það, sem beitt er við þá einstaklinga, sem lægstar hafa tekjurnar, á þeim skal þyngja skattana. En því hærri tekjur sem hlutafélögunum þóknast að gefa upp, því meira skal gefa þeim eftir. Hér í Reykjavík borguðu félögin á síðasta ári um 10 millj. kr. í tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt eftir sinni eigin uppgjöf. Þessi 20% verða því um tveggja millj. kr. eftirgjöf á þeim, ef þeirra skattauppgjöf yrði eitthvað svipuð. Það er látið í veðri vaka, að þetta sé nú að vísu bara bráðabirgðaákvæði, sem eigi að gilda næsta ár. Í framsöguræðunni hjá hæstv. fjmrh. talaði hann um, að það hefði nú í öðru góðu landi tekið 10 ár fyrir skattanefnd að starfa og væri hún samt ekki búin enn þá, það fyrsta kæmi nú eftir 10 ár. Honum þótti það gott, að þessi skattanefnd kæmi með eitthvað eftir tvö ár. Ég skildi það nú sem svo, að við mættum kannske eiga von á því, að það yrði nú ekki farið að breyta þá mikið viðvíkjandi hlutafélögunum, a. m. k. ekki í þá áttina að reyna að ná hærri beinum sköttum af auðsöfnuninni fyrstu árin, jafnvel þótt talað væri um, að þetta væri bráðabirgðaákvæði nú. Ég man ekki eftir neinu bráðabirgðaákvæði í sambandi við fjármál, sem sett hefur verið á síðustu árum, sem hefur ekki verið framlengt ár eftir ár.

Þá virðist hins vegar, á sama tíma sem það virðist ganga tiltölulega glatt að fá samkomulag um að gefa hlutafélögunum því meira eftir, því meira sem þau græða, miðað við það, sem þau áður hafa greitt, ganga því erfiðar að fá fram það, sem hefði þó mesta þjóðfélagslega þýðingu núna fyrir okkur, og það er skattfrelsi að meira eða minna leyti til sjómanna. Það er engum efa bundið, að það frv., sem lagt var fram hér af hv. 11. landsk. í upphafi þings um að gefa sjómönnum eftir einn þriðjung af þeirra skatti, hefði mikla þýðingu fyrir togaraútgerðina og alla útgerð nú sem stendur, og ég verð að segja það, að það er hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum til skammar, það er hreinasta hneykslí, þegar þessir flokkar standa uppi eins og þvara í málum togaraútgerðarinnar, treysta sér ekki til þess að leggja nokkurn skapaðan hlut fyrir Alþ., sem gæti tryggt togaraútgerðina, og undirbúa nú þegar að láta alla togarana stöðvast í mailok. Það er til skammar, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki einu sinni geta gert svo mikið í sambandi við endurskoðun skattalöggjafarinnar að verða við þessum kröfum sjómanna. Það er ekki mikið, sem þeir fara fram á í þessu efni, og það hefði þess vegna verið alveg sjálfsagt að verða við þessu. Ég veit satt að segja ekki, hvaðan á að innheimta tekjur hér á Íslandi og taka tekjuskatt, svo að ég tali ekki um alla aðra skatta og tolla, svo framarlega sem togaraútgerðin á Íslandi stöðvast. Ég held þess vegna, að þessi nánasarskapur, sem þarna kemur fram og ég get alveg sérstaklega trúað að eigi rót sína að rekja til Framsóknar, eigi eftir að hefna sín. Ég held, að það væri alveg nauðsynlegt, að hv. fjhn. gerði þarna breytingu á, þegar nú þessi skattalög fara til hennar, og yrði við þeim kröfum, sem fram hafa komið frá öllum sjómönnum á togaraflotanum um að lækka þessa skatta, og ég vil enn fremur benda á, að það væri líka sanngirnismál, að verkamenn fengju skattfrjálsa sína næturvinnu og eftirvinnu. Það er í mörgum löndum, sem slíkt viðgengst, og það væri fullkomlega sanngjarnt.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist hér á það áðan í sinni ræðu, að við sósíalistar og Alþfl.-menn hefðum verið mjög hrifnir af hans frv. og þeirra sjálfstæðismanna, sem flutt var á síðasta þingi, og var nú hissa á, að við værum að „kritísera“ ýmislegt í núverandi frv. Ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. á, að það var eiginlega ekkert sérstaklega undarlegt, þó að við yrðum hrifnir af ýmsum atriðum í hans frv., og ég vil benda hæstv. ríkisstj. á um leið, hvaða munur er þarna á, af því að þeir eru nú farnir að deila, bræðurnir í ríkisstj., Framsókn og Sjálfstfl., um, hvorum sé að þakka allt það ágæta, sem þeir telja upp í þessu skattafrv. hér.

Till. hv. 5. Reykv. um persónufrádrátt var, að fyrir hjón væru það 11300 kr., fyrir hvert barn 6600 kr. Nú er það fyrir hvert barn 4500 kr. í þessu frv. Till. í frv. hv. 5. þm. Reykv. var, að fyrir einhleyping væri persónufrádrátturinn 8500 kr., í núverandi stjórnarfrv. er það 6500 kr.

Þá sagði enn fremur í frv. þeirra sjálfstæðismanna, í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Skattur

hjóna með tvö börn á framfæri og með hreinar tekjur samanlagt 30 þús. kr. eða lægri skal falla niður.“ Ég hafði flutt hér þing eftir þing till. um, að skattur slíkrar fjölskyldu, ef tekjur væru undir 30 þús. kr., félli niður, þessir góðu sjálfstæðismenn tóku þetta upp, og það var ekkert að undra, þó að bæði við sósíalistar og Alþfl.-menn værum hrifnir af þessu. En hvar er þetta í núverandi löggjöf stjórnarflokkanna? Stjórnarflokkarnir undanfarin ár hafa ár eftir ár samþ. löggjöf um það, að niður skyldi falla skattur af tekjum, sem væru undir 20 þús., en þau lög eru ekki framlengd nú. M. ö. o.: Það skásta, sem var í 3. og 4. gr. hjá þeim sjálfstæðismönnum, er miklu lakara í þessu núverandi stjórnarfrv.

Í 5. gr. hjá þeim sjálfstæðismönnum sagði um þetta, sem ég minntist á áðan, ef gift kona ynni utan heimilis, að þá var ekkert tekið fram um, að það þyrfti að koma heimilisaðstoð til. Menn fengju það alveg jafnt. Segjum t. d. fátæk hjón, sem ynnu bæði utan heimilis, þó að þau hefðu ekki heimilisaðstoð, fengju þennan frádrátt eftir till. Sjálfstfl. þá, einmitt það, sem ég var að benda hér á áðan. Nú er það sett inn í þetta stjórnarfrv., að það þurfi að kaupa heimilisaðstoð, til þess að þetta komi til greina. M. ö. o.: Þarna hefur þetta verið rýrt líka frá því, sem Sjálfstfl. þá lagði til.

Hvernig var enn fremur í því frv. skattstiginn, sem ég var að gagnrýna hér áðan? Í 7. gr. í frv. þeirra sjálfstæðismanna segir: „Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 4500 kr., greiðist af honum 1%.“ Hvað stendur í núverandi skattafrv. ríkisstj.? Ef það er 1—2 þús. kr., þá greiðist 1%. M. ö. o.: Þarna var byrjað á 4500 kr., núna er byrjað á 2000 kr.

Með öðrum orðum hefur verið að öllu leyti gert mun verra þetta frv., sem Sjálfstfl. var með þarna, miðað við þetta stjórnarfrv., sem nú er. Fyrir kosningar leggur Sjálfstfl. fram anzi laglegt frv. á ýmsan hátt, og Alþfl. og Sósfl. segja, að það sé margt alveg ágætt í þessu frv., sem þeir vilji styðja. Svo komu ótætis kosningarnar, og svo mynda þeir stjórn eftir kosningarnar. Þá leggja þeir fram annað frv., og þá er kippt burt ýmsu af því skásta, sem var í þessu gamla frv., eða það er rýrt, þar sem það er látið halda sér. En svo eru settir inn nýir hlutir í stjfrv., sem núna er. Það er ekkert minnzt á skattfrelsi sparifjár eins og hérna í frv., sem Sjálfstfl. flutti fyrir kosningar. Það er ekki minnzt á neitt viðvíkjandi hlutafélögunum, að minnka skattinn á hlutafélögunum um 20%, þau eru, ef ég man rétt, alls ekki til í hinu gamla frv. Ég held það hafi ekki verið neitt um hlutafélögin. Og þannig er það með öðrum orðum: Fyrir kosningarnar vildi Sjálfstfl. mjög gjarnan ganga til móts við þær eðlilegu kröfur launþega um, að það væru léttir dálítið skattarnir á þeim. Þá var ekkert minnzt á kröfurnar frá auðsöfnurunum. Eftir kosningarnar hefur verið dregið úr þessum fríðindum, sem launþegarnir fengu fyrirheit um að fá fyrir kosningarnar. Hins vegar hefur verið bætt inn í stjfrv. fyrirheitum til auðsafnaranna um, að þeirra starfsemi skyldi nú fara að verða löglegri en verið hefur og þeir fái ýmis skattfríðindi.

Hvað hefur nú gerzt í þessu sambandi? Eru það bara kosningarnar, eða hefur Framsfl. svona slæm áhrif á Sjálfstfl.? Áðan var verið að geta þess til hérna og verið með sálgreiningu á hæstv. fjmrh. um, að mikið hefði hann versnað frá því 1935, þegar hann var í samfélagi við Alþfl., og þangað til hann núna lagði fram þetta stjfrv. í samfélagi við Sjálfstfl. En nú sjáum við hins vegar, að Sjálfstfl. fyrir kosningar var skrambans miklu betri en Framsfl. og Sjálfstfl. eru samanlagðir nú. Meðan maður fær ekki neinar aðrar upplýsingar, þá hlýtur maður að álykta svo, að Framsfl. hafi versnað svo hrottalega frá því 1935, að nú meira að segja spilli hann Sjálfstfl. á þessu eina einasta ári, sem liðið er síðan þetta frv. kom fram, svo að úr því verði þetta stjfrv., sem núna liggur fyrir. Ég sé ekki nema eitt ráð í sambandi við þetta, og það er, að nú reyni Alþfl., af því að hann á nú fulltrúa í fjhn., að ná samkomulagi við Sjálfstfl. um það, að Sjálfstfl. og hv. 5. þm. Reykv., sem á sæti í fjhn., reyni nú að laga þetta stjfrv., svo að það verði ofur lítið í áttina við frv. Sjálfstfl. fyrir kosningar. Þetta vil ég nú vona að hv. fjhn. takist að gera, því að annars færi menn kannske að gruna, að það væri allt annað, sem Sjálfstfl. segði fyrir kosningar, heldur en það, sem hann gerði eftir kosningar, og það var víst ekki meiningin að fara að sanna það í sambandi við þetta.

Að síðustu vil ég svo aðeins taka það fram, eins og hér hefur verið mjög greinilega undirstrikað, að þeim þunga, sem hvílir á alþýðuheimilunum, er ekki verið að létta nema að hverfandi litlu leyti sem stendur. Hv. 11. landsk. reiknaði það út hér áðan, og ég þarf ekki að endurtaka það. Af þeim 15 þús. kr., sem alþýðuheimili, fimm manna fjölskylda, greiðir í tolla, í söluskatt, í bátagjaldeyri, í nefskatta til ríkisins og ríkisstofnana, er engu létt með þessu. Það er aðeins tekjuskatturinn. Og það er ákaflega illa farið, að ástandið skuli vera orðið þannig á Íslandi, að beinu skattarnir, vegna þess, hvernig þeir hafa verið misnotaðir, hvernig auðmönnunum hefur verið hlíft við þeim á undanförnum árum, skuli vera orðnir illræmdastir, en nefskattarnir og tollarnir skuli svo að segja vera látnir óáreittir. Þetta er orðin alger ranghverfa við allt, sem er eðlilegt og skynsamlegt. Það, sem alþýða manna í landinu fyrst og fremst ætti að hata, eru tollarnir, það eru nefskattarnir og annað slíkt. Það væri eðlileg krafa, eins og Sósfl. hvað eftir annað hefur flutt hér á þingi, að t. d. ríkið borgaði iðgjöldin til almannatrygginganna fyrir fólkið, iðgjöld, sem eru fyrir almenna alþýðufjölskyldu nú um 1400 kr. Það væri eðlilegt, að ríkið létti einhverju af tollunum á nauðsynjavörum og gerði þannig fólkinu léttara að lifa. En af því að þessir gífurlegu tollar eru innheimtir í hvert skipti, sem menn borga einhverjar vörur í búðunum, og af því að það hanga ekki uppi töflur í búðunum, sem sýna mönnum, að í hvert einasta skipti, sem þeir ganga inn í búð, þá borga þeir þriðjunginn af verðinu, sem þeir borga, beint til ríkisins, þá átta menn sig ekki á þessu. Ef ástandið væri þannig, að fjmrh. hefði sérstaka einkennisklædda tollheimtumenn í hverri einustu búð í Reykjavík, þannig að kaupmaðurinn eða kaupfélagið tæki aðeins greiðsluna fyrir það, sem varan raunverulega

kostaði, og svo þegar maður færi út, þá yrði maður að borga tollana, söluskattinn, bátagjaldeyrinn og allt, sem á vörunni er, þá vissu menn, hvað óbeinu skattarnir eru á Íslandi. Þá yrðu menn í hvert skipti, sem þeir gengju inn í búð, að borga meira í ríkiskassann en menn borga fyrir vöruna. En menn vita þetta ekki, og það er alltaf reynt að blekkja menn um þetta, og þess vegna er hægt að fara að reyna að blekkja fólk núna um það, að þegar fjölskyldu, eins og hv. 11. landsk. reiknaði hér út áðan, eru gefnar eftir 279 kr., þá sé verið að létta á henni skatti. En við megum vera nokkurn veginn vissir um það, að það verður ekki langt þangað til það kemur söluskattur eða bátagjaldeyrir eða togaragjaldeyrir í viðbót, sem tekur þetta margfalt aftur, en þá er búið að koma í gegn því, sem Sjálfstfl. sýndi ekki í sínu frv. fyrir kosningar, en er núna, þ. e. skattfríðindunum handa auðsöfnurunum. Þá er það það, sem stendur eftir.

Ég vil svo leyfa mér að vona, þó að maður geti ekki gert sér vonir um, að höfuðstefnu ríkisstj. fáist breytt í þessum efnum, að a. m. k. þær smærri lagfæringar, sem hér hefur verið bent á, ætti þó hv. fjhn. að geta tekið til greina.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Eftir þeim loforðum, sem hæstv. ríkisstj. gaf um stórfelldar skattalækkanir, sköpuðust miklar vonir hjá mörgum um það, að nú mundi létta á pyngjunni hjá öllum almenningi í landinu, þegar hið marglofaða skattafrv. kæmi. Ég skal játa það fyrir mitt leyti, að þegar ég sá þetta skattafrv., þá gat ég ekki komizt hjá því að minnast sögunnar um það, þegar fjöllin tóku léttasótt. Þá bjuggust allir við, að það mundi fæðast eitthvert stóreflis fjall, en það var mús sem fæddist, það fæddist mús. Og nú hafa fjöllin tekið léttasótt, þ. e. a. s. ríkisstj. hefur nú getað ungað út skattafrv., og það er einmitt mús, sem hefur fæðzt — enginn stórgripur. Eitt af því, sem glæddi mjög vonirnar um það, að niðurskurðarhnífnum á skattana yrði beitt af mikilli fimi og snilli og krafti, var það, að Sjálfstfl. setti einn af sínum sterkustu mönnum í milliþn. í skattamálum, hv. þm. Barð., en hann hafði margsinnis hér á Alþ. áður flutt frv. um það, að það ætti ekkert annað að gera við tekju- og eignarskattinn heldur en að leggja hann algerlega 100% niður, það ætti að hætta að innheimta hann. Menn vonuðust eftir því, að þessi hv. þm. Sjálfstfl., sem er mjög í áliti í sínum flokki og er nú forseti hv. Ed., mundi standa við þessa margyfirlýstu stefnu sína, sem hann hefur „presenterað“ hér í frv., og mundi annaðhvort koma þessu í gegn, að tekjuskatturinn yrði skorinn niður við trog og ekkert af honum innheimt, ellegar þá að hann mundi kljúfa n. og standa þannig við sín stóru orð, en hvorugt hefur gerzt.

En þegar skattafrv. nú var komið, þá létu hv. stjórnarflokkar svo sem þeir væru geysilega hrifnir af afkvæminu. Það voru viðhafðar í Morgunblaðinu miklu stærri fyrirsagnir yfir þvera forsíðu blaðsins heldur en þegar vetnissprengjan sprakk núna þann 1. marz, og var það þó heimsviðburður, sem allur heimurinn veitti athygli. Nú var skattalækkunarfrv. stj. komið, og þá var stærsta fyrirsagnaletrið tekið fram hjá Morgunblaðinu. Og hvað hafði gerzt? Jú, frv. þessi, sem nú eru fram komin, eru árangur langrar og sleitulausrar baráttu Sjálfstfl. Ávöxturinn af margra ára stríði og striti og baráttu Sjálfstfl. var kominn þarna í þessu „mikla“ frv. Nú hefur hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) haldið þessu sama hér fram í þingsalnum. Þá hefur hæstv. fjmrh., sem hér gengur nú fram hjá, sagt: Þetta er ekkert nema mont. Þetta er ekkert ykkur að þakka, þessi stóru og miklu og efnisríku skattalækkunarfrv. Þau eru alls ekkert að þakka hv. 5. þm. Reykv. og Sjálfstfl. að mjög litlu leyti. — En þá kemur annað sannleiksvitni og hefur líka ráð yfir enn þá stærra fyrirsagnaletri, og það er málgagn fjmrh. sjálfs, það er Tíminn, og hann hefur að miklu leyti sömu söguna að segja, að hér hafi gerzt mikið undur, það hafi orðið geysilega stór viðburður í íslenzku stjórnmálalífi, skattalækkanirnar nemi, að því er gildi persónuskattana, hvorki meira né minna en 29%, allt að þriðjungi, og skattgreiðslur fiskimanna lækki stórkostlega og fiskimenn fái frádrátt vegna hlífðarfata, sparifé sé undanþegið skatti og útsvari og félagaskattur lækki um 20%. Svo finnst hæstv. fjmrh. eða málgagni hans ástæða til að spyrja: Hvernig var hægt að gera þetta allt saman? Hvernig gátu þessi ósköp skeð? Svarið er á reiðum höndum, bæði í fyrirsögn og í meginmáli. Þessi skattalækkun er möguleg aðeins vegna góðrar fjármálastj. síðustu ár. En það var ekki nógu skýrt, það komst ekki fyrir í fyrirsögninni, og þess vegna er þessi opinberun á, hvernig þetta var mögulegt, sögð skýrar í meginmálsletrinu. Og þar stendur: „Sú skattalækkun, sem nú er gert ráð fyrir, er að sjálfsögðu aðeins möguleg vegna góðrar fjármálastj. ríkisins síðustu árin af hendi Eysteins Jónssonar fjmrh.“ Þá erum við búnir að fá að vita það, hvernig undrið hafði gerzt. Ég tek auðvitað ekkert mark á því, þó að hv. 5. þm. Reykv. hafi verið að malda í móinn við þessu og segja, að þetta væri alls ekki Eysteini Jónssyni að þakka, heldur væri það sér að þakka. Ég trúi málgagni fjármálaráðherrans í þessu, að þessi undur séu fjmrh. að þakka að öllu leyti og hans góðu fjármálastjórn.

En þá er komið að hinu: Er það, sem þetta skattalækkunarfrv. flytur okkur, flytur þjóðinni, eins stórkostlegt og ætla mætti, þegar okkur er sagt frá, að þetta sé ávöxtur og árangur af langri og sleitulausri margra ára baráttu stærsta stjórnmálaflokksins í landinu og að það sé líka árangur af snilli í fjármálastjórn Eysteins Jónssonar? Því miður held ég, að það sé nú það rétta, sem komið hefur hér fram í umr. í dag, að það eru engin stórundur, sem hafa gerzt. Það eru engar stórbreytingar á grundvelli skattakerfisins á Íslandi, sem nú blasa við, og frv. hv. þm. Barð. um að leggja tekjuskattinn niður hafa ekki orðið að veruleika. Það hefur ekki verið staðið við þau orð. Sú barátta hefur ekki borið sýnilegan árangur í þessu frv. Sannleikurinn er sá, að í staðinn fyrir að lofað var heildarendurskoðun á öllu skattakerfi ríkisins, bæði að því er snertir persónuskatta og félagaskatta og skatta til ríkissjóðs og til sveitarfélaga, hefur ekki verið staðið við neitt af þessum loforðum nema það að

„krukka“ svolítið í persónuskattana. Það er búið að gera.

Þegar hæstv. fjmrh. lagði frv. fyrir og hélt sína framsöguræðu, þá tóku menn eftir því, að hann nefndi ekki nein ákveðin dæmi um það, hvernig útsvör manna lækkuðu um stórar upphæðir, en það er ég alveg viss um að hæstv. ráðh. hefði gert, ef hann hefði getað fundið það sjálfur út úr frv., að við skulum segja hærri meðaltekjur almennings í landinu yrðu nú losaðar undan stórum skattgreiðslum. Nei, hann tók dæmi um, að skattar lækkuðu um 29 og upp í 40%. En hvaða upphæðir var hann þá að fjalla um? Hann var að tala um það, að 39 kr. skattaupphæð, sem var samkv. gömlu skattalöggjöfinni, hefði lækkað um ein 40 eða 50%, hún hefði lækkað allt að því um helming. Ég hygg það hafi verið séra Guðmundur Guðmundsson frá Gufudal, sem sagði, að það væri fyrir þá menn, sem kynnu að fara með tölur, allra auðveldast að ljúga með tölum. Og það hefur hæstv. fjmrh. sýnt að hann kann, einmitt með því að reyna að skýra fyrir áheyrendum sínum þessar gífurlegu skattalækkanir eingöngu með prósenttölum, háum prósenttölum af þýðingarlausum lágum raunverulegum skattaupphæðum. **(Fjmrh.:** Hafa þá skattarnir verið lágir eftir allt saman?) Það hafa vissulega verið til lágar skattaupphæðir af lágtekjum manna, — að krónutölu hafa verið lágar skattaupphæðir til, og það voru einmitt þessar lægstu skattaupphæðir að krónutölu, sem hæstv. ráðh. var að tala um í háum prósenttölum. Þegar það var 0.1% lagt á upphæð innan við 4 þús. kr., þá varð náttúrlega skattaupphæðin lág að krónutölu. En það var hægt að finna háa prósenttölu af þeirri tölu, og það var sannleikurinn, sem við fengum að vita í ræðu hæstv. ráðh.

Það hefur ekki verið dregin dul á það af þeim, sem hér hafa talað af hendi stjórnarandstöðunnar, að það er ýmislegt smávegis til bóta með þessu frv. Það er t. d. til bóta, að einn skattur kemur í staðinn fyrir tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt. Það er hreinlegra. Persónufrádrátturinn hækkar úr 4 þús. kr. rúmum í 6500 kr. Það er smálagfæring. En það er vitanlega neðan við allt opinbert siðgæði í skattamálum að ætla sér að fara að taka í ríkissjóð skatthluta af 6500 kr. tekjum. Þegar við vorum að reyna að leysa verkfallið mikla í desember í fyrrahaust, mættum við þó í samninganefndinni þeirri sanngirni, að sáttanefnd ríkisins, skipuð hinum mætustu mönnum, og sáttasemjari ríkisins, Torfi Hjartarson, niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík, bæjarstjórn Reykjavíkur og hæstv. ríkisstj. Íslands þáverandi féllust á, að það væri ekki forsvaranlegt að innheimta útsvar af lægri tekjum hjá einstaklingi heldur en 15 þús. kr. Og nú segi ég: Ef þessir mætu menn hafa haft rétt fyrir sér, að 15 þús. kr. tekjur núna megi ekki við því að skerðast af skattgreiðslu til sveitarfélagsins, sem maðurinn býr í, er það þá frekar forsvaranlegt að skerða slíka upphæð, 15 þús. kr., með skattgreiðslu til ríkissjóðs? Ég held, að þar sem það er viðurkennt af hinum ábyrgustu aðilum, að 15 þús. kr. tekjuupphæð megi ekki skerða með útsvarsálagningu í bæjarsjóð Reykjavíkur eða í sjóð sveitarfélags, þá sé það jafnfjarstætt að skerða slíka upphæð með skattgreiðslum í ríkissjóðinn. Ríkissjóðurinn er ekki meira þurfandi en sveitarsjóðirnir, og engum skattþegni stendur nær að sinna skattgreiðslu til annarra en síns eigin sveitarfélags. Ég mundi því vilja slá því föstu, að það hefði verið viðurkennd stefna hæstv. ríkisstj., að 15 þús. kr. lágmarkstekjur einstaklings skyldu ekki skerðast af neinni skattgreiðslu, hvorki til sveitarsjóðs né til ríkissjóðs, og hefði vænzt þess, að persónufrádrátturinn hefði verið miðaður við 15 þús. kr. tekjuupphæð á einstakling, en það er 6500 kr. í þessu dæmalausa frv., sem hefur verið gumað svo mjög af af stjórnarflokkunum og báðir þykjast nú vilja endilega eiga.

Á sama hátt tel ég, að í samræmi við niðurstöðuna í fyrrahaust hefði ekki átt að koma til mála að hugsa sér að leggja tekjuskatt á lægri upphæð hjá 5 manna fjölskyldu heldur en a. m. k. 35 þús. kr. tekjur. Það er alveg vitað öllum mönnum, að það er ekki hægt fyrir 5 manna fjölskyldu að lifa fyrir lægri upphæð en 35 þús. kr., en það eru tekjur verkamanns nú. Og það nær ekki nokkurri átt að ætla sér að skerða það með beinum skattgreiðslum til ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Það er nóg að vera búinn að skattleggja slíkar upphæðir með allri tollaálagningu á allar nauðsynjar þessa fólks, og þar með greiðir þetta fólk sannarlega skattgjald af ekki hærri tekjum í ríkissjóð.

Ég skal ekki heldur draga dul á það, að þeir frádráttarliðir, sem eru í frv., t. d. um, að það megi draga frá lífeyristryggingu og lífsábyrgðartryggingu, eru til bóta. En hversu mörgum kemur þetta til góða? Nokkrum tugum manna í þjóðfélaginu og öðrum ekki. Það er sagt, að undir þetta komi nokkrir hátekjumenn, þ. e. a. s. togaraskipstjórar og flugmenn. Það má vel vera, að þetta sé þeim til mikils hagræðis og að það sé sanngjarnt að koma til móts við þá vegna þess, hvernig störfum þeirra er háttað og að þeir geta sjaldan verið fram á efri ár í þessum störfum. Ég skal ekki deila á þetta, en þetta kemur sárafáum til góða, aðeins nokkrum tugum í þjóðfélaginu.

Þá er það nokkuð, sem er nú í skattafrv., að togarasjómenn megi draga frá fæði. En það eru fleiri, sem hefðu þurft að fá fæði dregið frá skatti, t. d. þeir verkamenn, sem verða að flýja sitt byggðarlag og sinn landshluta ár eftir ár til þess að sækja atvinnu með ærnum tilkostnaði í aðra landshluta eða byggðarlög og þurfa þar að lúta oft mjög óhagstæðum kjörum við fæðiskaup og húsnæðiskaup í sambandi við öflun vinnutekna. Ég hefði haldið, að það hefðu ekki dottið neinir gullhringar af hv. stjórnarflokkum, þó að þeir hefðu haft opin augu fyrir því, að þessi frádráttarheimild hefði þurft að vera viðtækari en hún er, en til bóta er hún, það skal játað.

Ef það hefði verið ætlunin að leysa í sambandi við skattafrv. það mikla vandamál, að sjómenn fást ekki á togaraflotann, þá hefði áreiðanlega þurft að gera þar annað en ákveða 300 kr. á mánuði til frádráttar fyrir háseta á togurum og 200 kr. á mánuði fyrir háseta á öðrum fiskiskipum, því að það er áreiðanlegt, að þetta, hvernig sem það hefur verið meint, leysir ekki þennan vanda. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði í dag, að það væri mesti barnaskapur að halda, að

það væri hægt að leysa þetta þjóðfélagsvandamál með breyt. á skattalögunum, og það má vel vera, að hann hafi rétt fyrir sér í því. En þessu hefur verið hampað. Og það er alveg áreiðanlegt, að sjómennirnir og útgerðarmennirnir, sem hafa verið að gera kröfur fyrir þeirra hönd til þess að reyna að tryggja togaraútgerðina að því er snertir að fá vinnukraft, hafa gert sér mjög miklar vonir um, að stjórnarflokkarnir kynnu að leysa þetta mál á einhvern sómasamlegan hátt, en hafa áreiðanlega orðið fyrir vonbrigðum.

Það hafa allir stjórnarandstæðingar, sem hafa talað hér í dag, viðurkennt, að skattfrelsi sparifjár sé ágætt, ef það leiði til aukins sparnaðar. Samkvæmt þessu frv. á að undanþiggja framtalsskyldu og eignarskatti innstæður í bönkum og sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga eftir vissum reglum. Það má vel vera, að þetta glæði eitthvað sparifjársöfnun, en þó er nú eignarskattur af sparifé ekki hár, og það munu ekki vera stórfúlgur hjá almenningi, sem sleppa við skattlagningu, þó að vaxtatekjurnar af sparifé verði líka skattfrjálsar, ekki skattlagðar sem tekjur. En víst er þetta til bóta, og sérstaklega skal játað, að þetta tekur sig vel út með stóru letri á hvítum pappír, það er kannske höfuðkosturinn við það, og það hefur líka sézt á báðum forsíðum stjórnarblaðanna.

Hér hefur verið játað allt, sem hægt er að viðurkenna til kosta við þetta frv. En það er allt smælki, það er ekkert stórkostlegt, engar stórar skattalækkanir, sem þetta frv. færir öllum meginþorra íslenzku þjóðarinnar. Líklegast eru það stærstu skattalækkanirnar, sem er fyrirheitið til handa félögum, hlutafélögum og öðrum félögum, að það skuli verða reiknaður út á þau skatturinn eftir sömu reglum og gilda í núverandi skattalöggjöf, en með 20% afslætti.

Það er líka komið svo, að það hafa ekki eingöngu verið stjórnarandstæðingar, sem hafa látið í ljós, að þetta skattalækkunarfrv. væri ekki nein endanleg og viðunandi lausn á málinu. Ég man ekki betur en að hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) stæði hér í dag og segði, að þetta væri gersamlega óviðunandi og ófullnægjandi, ef ekki kæmu frekari aðgerðir síðar. Stjórnarflokkarnir virðast því ekki vera allir jafnhrifnir niður í tær yfir þeim ósköpum, sem hér hafi gerzt, og það er alveg áreiðanlegt, að um það leyti, sem menn verða búnir að fá skattseðilinn sinn í ár og búnir að greiða skattinn í fyrsta sinn eftir hinni nýju löggjöf, þá verða stóru risafyrirsagnirnar í Tímanum og Morgunblaðinu búnar að verða sér nokkuð rækilega til skammar og menn búnir að horfast í augu við sín eigin vonbrigði. Loforðin, sem hafa verið gefin, verða þá búin að standa fyrir dómi raunveruleikans, og menn búnir að sjá, að það hefur ekki verið létt af þeim neinu stórkostlega skattafargi með þessari nýju löggjöf.

Hæstv. fjmrh. og hv. 1. landsk. þm. ræddust við í dag um það, hvort nú væri gengið nær tekjum verkamanna með skattaálagningu en gert hefði verið fyrir 20 árum. Þá var upplýst, að tekjur verkamanna hefðu verið 3500 kr., nú væru tekjur Dagsbrúnarverkamanns 34 þús. kr., tæplega tífaldar. Hæstv. ráðh. vildi halda, að það væri farið betur með verkamennina núna en þá, en þessu er ekki þannig farið. Það sannaðist með tölum, að það væri gengið nú allt að því fimmfalt nær verkamanninum í skattlagningu heldur en fyrir 20 árum, eftir að búið er að taka tillit til þeirra breyt., sem hér liggja fyrir. En hæstv. ráðh. sagði, að það væri ólíkt, hvað lífskjör verkamanna væru nú betri en þau voru þá, og því skal ég ekki neita, þau eru betri. En það eru betri lífskjör hjá allri íslenzku þjóðinni nú en var fyrir 20 árum. Það verður hins vegar að segjast, að það er mjög vafasamt, að hlutfallið hafi neitt batnað verkamannastéttinni í vil. Fyrir því hafa þeir séð, sem hafa staðið í baráttunni sýknt og heilagt á móti verkalýðssamtökunum í landinu.

Það er talið, að þær skattalækkanir, sem hið nýja skattalækkunarfrv. feli í sér, geti ekki numið meiri lækkun en 12—15 millj. kr., og ég hygg, að það sé hátt reiknað, ég efa, að raunveruleikinn staðfesti það, að lækkunin í heild nái 12—15 millj. kr. Nú held ég, að það hefði verið miklu fróðlegra fyrir þm. að fá að heyra það af vörum hæstv. fjmrh., hversu margar millj. kr. komi sem lækkun á persónusköttum, t. d. á persónusköttum almennings með lægri tekjur en 40 þús. kr. Ég efa það ekki, að hv. mþn.-menn í skattamálum hafa flokkað þetta niður, þeir hafa áreiðanlega yfirlit yfir þetta, og ég er nokkuð viss um, að það verða ekki margar millj., sem þeir geta tíundað sem skattalækkun af persónusköttum almennings með lægri tekjur en 40 þús. kr. Skyldi það verða meira en 2—3 millj.? Það væri fróðlegt að heyra þetta í staðinn fyrir háu prósenttölurnar af lágu upphæðunum, því að þær gerðu ekkert annað en að blekkja og síður en svo að upplýsa neitt. Svo hefði ég viljað fá að vita frá hæstv. ráðh. líka, hve margar millj. kæmu í lækkun á hlutafélögin í landinu og önnur auðug fyrirtæki, og ég er viss um, að meginhluti lækkunarinnar kemur á þau og þar með á þá aðilana, sem sízt skyldi. Þetta hefði ég viljað fá í staðinn fyrir háu prósenttölurnar af lágu skattalækkununum. Ég þykist nú vita, að hæstv. ráðh. eigi eftir að tala í þessu máli, og ég legg áherzlu á það, að hann gangi ekki fram hjá þessu atriði, ef hann vill láta okkur að lokinni þessari umr. vita sem gerst um það, hverjir eigi að njóta hinna miklu ávaxta af þessu hálofaða skattalækkunarfrv., sem hér er nú til umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 521, n. 576 og 611, 577, 585, 586, 587, 588, 589, 591, 612).

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., eins og fyrir hana var lagt, og meiri hl. n. hefur skilað áliti á þskj. 576. Eins og þar kemur fram, gerði minni hl., hv. 1. landsk. þm. (GÞG), ráð fyrir

því að skila séráliti, og hefur hann því ekki undirritað álit með öðrum nm.

Í nál. meiri hl. er að því vikið, að við athugun málsins hafi komið í ljós, að hentugt væri að gera nokkrar formsbreytingar á frv. vegna þeirra breytinga á l. um tekju- og eignarskatt, sem gerðar hafa verið síðan lagasafnið var gefið út árið 1945, en við undirbúning málsins hafði verið miðað við l. eins og þau eru prentuð þar. Verður þá um leið hægt að fella niður nokkuð af þessum l., sem síðan hafa verið sett um breytingar á skattalögunum.

Í samræmi við þetta, sem fram er tekið í nál., flytur n. í heild nokkrar brtt. á þskj. 577, og vil ég gera grein fyrir þeim.

1. brtt. á því þskj., við 5. gr., er í 3 liðum, og er þar aðeins um orðalagsbreytingar að ræða á frvgr.

2. brtt. er við 6. gr. frv. Í 6. gr. frv. er lagt til að bæta aftan við 9. gr. skattalaganna tveim nýjum stafliðum. N. leggur til, að inn í þessa gr. verði tekin ákvæði l. frá 1949 um aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota, og er þá einnig lagt til í síðustu brtt., að l. um þetta efni, nr. 16 frá 1949, verði felld úr gildi. Hér er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða á gildandi lögum, heldur aðeins þessa formsbreytingu.

3. brtt. n. er við 7. gr. frv. Í 7. gr., 2. tölul., er lagt til, að niður falli síðari málsl. e-liðar í 10. gr. skattalaganna, en við athugun þótti gleggra að setja inn í þetta frv. e-liðinn eins og n. ætlast til að hann verði, eftir að þessi breyting hefur verið gerð, að fella niður síðari hluta hans, og eru því hér tekin upp þau ákvæði: „Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.“ En þannig er þessi e-liður 10. gr. nú eða fyrri hluti hans. Hér er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða fremur en í fyrra tilfellinu, heldur aðeins breyting á formi.

4. brtt. er við 9. gr., og er raunar það sama um hana að segja. Í frv. var gert ráð fyrir því að umorða 1. málsgr. 12. gr. l., þar sem eru ákvæði um persónufrádrátt, vegna þess að hann er mjög hækkaður samkvæmt þeim till., sem felast í frv. Í öðru lagi er lagt til í frv., að niður falli síðasti málsl. 2. málsgr. þessarar 12. gr. l. En í stað þess er nú lagt til í brtt., að 9. gr. frv. umorðist eins og þar hermir, og verður niðurstaðan efnislega nákvæmlega sú sama, hvor aðferðin sem höfð er, en þetta er í samræmi við aðrar brtt. nefndarinnar.

Í 5. till., við 12. gr., er um leiðréttingu að ræða. Þar hafði verið sett í frv. 2. málsgr. 32. gr. í staðinn fyrir 3. málsgr., og stafar þessi villa af ónákvæmni í prentun í lagasafninu.

Þá er 6. brtt. n., og hún er um það að bæta nýrri gr. inn í frv. á eftir 15. gr. þess og þessi nýja gr. verði umorðun á 45. gr. l. eins og hún er í l. frá 1935. Hér er ekki heldur um efnisbreytingu að ræða, því að þessa breytingu var búið að gera með sérstökum l. árið 1949. Samkvæmt l. nr. 60/1949 var 45. gr. l. breytt á þann hátt, sem hún er prentuð hér í brtt. n. Hér er því aðeins um það að ræða að færa þessi l. saman og fella niður l. nr. 60/1949.

Þá er 7. brtt., sem er aðeins breyting á formi. Það er um, að upphaf gr. orðist þannig: Á eftir 55. gr. l. komi 5 nýjar gr., svo hljóðandi, og síðan framhaldið eins og það er í frv., fyrst 63. gr. og svo áfram, samtals 5 gr., síðast 67. Þetta kann að líta einkennilega út, að þarna í brtt. er lagt til, að á eftir 55. gr. laganna komi 63. gr., en það stafar af því, að með breytingum á skattalögunum 1942 var bætt inn í þennan bráðabirgðakafla l. nokkrum nýjum gr., og eru þær þarna á milli, frá 55 til 62.

Loks er svo 8. brtt., sem er um viðbót við síðustu gr. frv., sem er um gildistöku l., og er þarna lagt til samkvæmt því, sem ég hef áður skýrt frá, að nokkur eldri lagaákvæði um breytingar á skattalögunum verði felld úr gildi, um leið og frv. verður að l., vegna þess að ákvæði þeirra l. hafa verið tekin hér inn í frv. eða verða tekin inn í það, ef brtt. fjhn. verða samþykktar.

Hér er, eins og ég hef þegar tekið fram, ekki um neinar efnisbreytingar að ræða á frv. eða skattalögunum, en meiri hl. mun taka til athugunar fyrir 3. umr. málsins, hvort hann telur ástæðu til að flytja þá einhverjar fleiri brtt.

Um einstakar gr. frv. sé ég ekki ástæðu til að ræða. Það mundi verða aðeins endurtekning á því, sem fylgir í athugasemdum um frv. í heild og einstakar gr. Vænti ég þess, að þær skýringar, sem þar fylgja frv., séu þannig, að með því að lesa þær geti hv. þdm. gert sér ljósa grein fyrir því, hvað um er að ræða í hverri einstakri frvgr. til breytinga á gildandi lögum.

Hér er búið að útbýta allmörgum brtt. við frv. á nokkrum þskj., en þar sem flm. hafa ekki enn gert grein fyrir þessum till., þá mun ég ekki gera þær að umtalsefni að svo stöddu, en áskilja mér rétt til að ræða um þær síðar, eftir að þeir hafa talað fyrir þeim, og ef til vill gera þá einhverjar athugasemdir einnig um einstök atriði, sem fram komu í ræðum manna hér við 1. umr. málsins.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég nokkuð afstöðu Þjóðvfl. Íslands til frv. í heild og einstakra liða. Ég lét þess þá getið, að ég mundi eiga aðild að því að flytja brtt. við þetta frv.

Nú hef ég ásamt hv. 8. þm. Reykv. (GilsG) flutt nokkrar brtt. á þskj. 591 við þau atriði frv., sem ég tel að skipti mestu máli. Hins vegar vil ég taka það fram skilmerkilega, að í frv. eru nokkur önnur atriði, sem ég teldi ástæðu til að breyta, en þau eru öll minni í sniðum, og þess vegna höfum við flm. þessara brtt. á þskj. 591 haldið okkur við meginatriðin, en áskiljum okkur þá að sjálfsögðu jafnframt rétt til þess að fylgja brtt., sem aðrir hv. þm. ýmist hafa nú þegar borið fram eða kynnu að eiga eftir að bera fram við önnur atriði en þau, sem við höfum lagt til að breytt verði.

Við þessa umr. mun ég að sinni að minnsta kosti halda mér eingöngu við það að mæla nokkrum orðum með þeim brtt., sem við hv. 8. þm. Reykv. berum fram á þskj. 591.

Við leggjum það í fyrsta lagi til, að skattstig-

anum verði breytt. Breyting okkar er í því fólgin í fyrsta lagi, að fellt verði framan af skattstiganum, það verði ekki haldið áfram á þeirri braut, sem gengin hefur verið að undanförnu og sýnilegt er að hæstv. fjmrh., sem er manna smámunalegastur í öllu eðli, vill að áfram verði gengin, — að það verði sem sagt ekki haldið áfram á þeirri braut að innheimta litlar upphæðir hjá hverjum skattborgara.

Í frv. ríkisstj. er lagt til að byrja á því að innheimta upphæðir, sem eru innan við 10 kr. hjá hverjum skattgreiðanda. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þessi nánasarlega skattheimta svarar engan veginn kostnaði og er aðeins til þess að ergja menn og valda leiðindum og fyrirhöfn. Og af því að hæstv. forsrh. er við hér á þessum fundi, þá vildi ég mæla til hans þeim orðum, að hann athugaði nú gaumgæfilega þessar till. okkar þjóðvarnarmanna á þskj. 591, með tilliti til þess, að ég veit, að hann er ekki jafnsmásálarlegur í sér og hæstv. fjmrh. og mundi því ef til vill vera fáanlegur til þess að leggja það til í sínum flokki, að hann fylgdi þessum till. eftir, — léði máls á því að hætta að elta lágtekjufólk til að innheimta af því 20—30 kr. og reyta úr þess vasa engum til góðs, en mjög mörgum til óþurftar.

Till. okkar er sem sagt sú, að það verði þá fyrst innheimtur skattur af einstaklingum, þegar hann samkvæmt skattstiga þeim, sem felst í frv. ríkisstj., nemur 150 kr. á einstakling, þ. e. a. s. af 8 þús. kr., en það, sem hingað til hefur verið kallað skattskyldar tekjur undir 8 þús. kr., verði framvegis skattfrjálst.

Það má að vísu segja sem svo, að þarna komi það, sem er kallað brot í skattstigann. Það er alveg rétt. Mönnum er ofur lítið mismunað. En miðað við peningagildi í okkar landi í dag er þessi mismunur sáralítill, því þó að sá munur sé gerður á milli manna á svipuðu tekjubili, að annar þeirra borgi engan tekjuskatt, en hinn 150 kr., þá er það hlutur, sem enginn verður var við, og sérstaklega ekki, ef tekið er tillit til allrar þeirrar fyrirhafnar, þeirra óþæginda, sem mörg hundruð, kannske mörg þúsund mönnum sparast með þessu móti.

Ég verð að segja það eins og það er, að fyrst og fremst til þess að hæstv. fjmrh. skuli ekki koma með þá mótbáru hér, að með þessu lækkuðu skattarnir og skattgreiðsla til ríkisins, þá leggjum við til, að á hæstu tekjum verði skatturinn hækkaður upp í 41% í stað 40% eins og er í frv. hæstv. ríkisstj. Mundu þá með þessu móti og öðrum till. okkar vinnast upp í skatti nokkurn veginn þær smáupphæðir, sem töpuðust með því að sleppa þeim, sem hafa innan við 8 þús. kr. nettótekjur, við að greiða skatt, og verð ég að telja, að það sé fyllilega sanngjarnt, að þeir baggar séu teknir af bökum hinna fátæku og settir á bök hinna ríkustu, þ. e. a. s. þeirra, sem hafa yfir 130 þús. kr. skattskyldar tekjur.

Þetta, sem ég hef nú sagt, er um skattgjöld einstaklinga. Um skattgjöld hjóna gegnir alveg sama máli, nema þar leggjum við til, að skattstiginn byrji við 10 þús. kr., þannig að tekjur hjóna séu skattfrjálsar, ef þær eru innan við 10 þús. kr., og að hjón, sem hafa 10 þús. kr. nettótekjur, borgi 210 kr. í skatt af 10 þús. kr. og svo 3% af afgangi. Er þetta í fullu samræmi við skattstigann eins og hann er í frv. hæstv. ríkisstj.

2. brtt. okkar á þskj. 591 fjallar svo um það að hækka persónufrádráttinn nokkru meir en gert er í frv. ríkisstj. Leggjum við til, að persónufrádráttur fyrir einstakling verði 9000 kr. í stað 6500 kr. eins og er í frv. hæstv. ríkisstj., fyrir hjón 17000 kr. í stað 12000 kr. og fyrir hvert barn 6500 kr. í staðinn fyrir 4500 kr.

Ég viðurkenni það fúslega, að þessi hækkun okkar er ekki í samræmi við það, sem ætti að vera í heilbrigðri skattalöggjöf um persónufrádrátt, þar sem ætlazt er til og gera verður kröfur til, að hver einstaklingur hafi það, sem telja má þurftartekjur, brýnustu þurftartekjur, skattfrjálst, en ef fyrri till. okkar, sem ég ræddi um, þ. e. a. s. að hætt verði að innheimta skatt af allra lægstu tekjum, yrði samþykkt, þá mætti svo að orði komast, að frv. fæli í sér í heild það, að skattfrjálsar tekjur væru orðnar eitthvað í námunda við það, sem telja mætti brýnustu þurftartekjur.

3. brtt. okkar er í því fólgin, að þar er lagt til, að breytt verði um aðferð við innheimtu skatta. Hingað til hafa skattarnir verið innheimtir árið eftir að tekjurnar mynduðust, og hefur þetta valdið mörgum mönnum miklum óþægindum. Launþegar yfirleitt og ýmis félagssamtök þeirra eru nú þegar að komast á þá skoðun, að þetta sé ófært framkvæmdaratriði, og hafa þegar nokkur a. m. k. gert samþykktir um, að þessu verði breytt í það horf, sem við leggjum hér til, þ. e. a. s., að skattarnir verði framvegis innheimtir af tekjunum, um leið og þær myndast. Okkur er fyllilega ljóst, flm. þessarar till., að það þarf nokkurn undirbúning, áður en hægt er að koma henni í framkvæmd, og að það verður í sjálfu sér ekki gert, svo að vel sé, nema byrjað sé við áramót; þá séu mönnum í einu lagi gefnir eftir allir skattar af tekjum ársins, sem var að líða, og hafizt þegar handa um að leggja skatta á tekjur ársins, sem er að byrja, um leið og þær myndast. Okkur er líka ljóst, að þessi breyting á innheimtuforminu þarf nokkurn undirbúning, og þess vegna leggjum við til hér í okkar brtt., að þessi aðferð verði upp tekin í fyrsta skipti í janúarlok 1955. Það, að við berum till. fram nú, er fyrst og fremst gert til þess að sjálfsögðu að fá um hana atkvgr. hér á hv. Alþ. og eins til þess, ef hv. þm. sýndist, að þetta væri sanngjarnt, eðlilegt og heppilegt, að þá gæfist viðkomandi aðilum tími og tækifæri til að undirbúa sig undir það að breyta um aðferð í þessu efni.

4. brtt. okkar skiptir í sjálfu sér e. t. v. langmestu máli í sambandi við þessar brtt., sem við flytjum. Hún fjallar um skattfrelsi sparifjár. Eins og mönnum er kunnugt, felst í frv. hæstv. ríkisstj. það, að sparifé sé algerlega skattfrjálst, þ. e. a. s. eignarskattfrjálst og vaxtatekjur af sparifé séu undanþegnar öllum sköttum og ekki aðeins það, heldur og framtalsskyldu. Ég benti á það með nokkrum dæmum við 1. umr. þessa máls, hvert þetta gæti leitt, og ég vil láta það í ljós nú sem mína skoðun og sannfæringu, að

verði till. hæstv. ríkisstj. samþykktar í þessu efni, þá er það fyrsta skrefið og öruggasta skrefið í áttina til þess að afnema beina skatta á Íslandi og breyta öllum sköttum á þjóðfélagið, líka útsvörum, í óbeina skatta, og þegar svo væri komið, þá væri íslenzk þjóð eina þjóð veraldar, sem hefði eingöngu óbeina skatta, a. m. k. eina þjóðin, sem kallar sig siðmenntaða þjóð. Ég rökstyð þetta með því, að verði algert skattfrelsi og framtalsskylda sparifjár innleidd, þá verður ekkert eftirlit hægt að hafa með neinum framtölum annarra en launþega einna og þó e. t. v. ekki allra launþega. Þegar svo er komið, þá munu menn mjög fljótlega sannfærast um það, að slíku aðhaldi sé ekki hægt að beita við launþegana eina, þegar allar aðrar stéttir þjóðfélagsins hafi losnað við það, og þá munu þeir, sem þessa till. flytja nú, samþykkja till. þá, sem hv. þm. Barð. hefur flutt hér á þingi um að afnema alla beina skatta.

Við hv. 8. þm. Reykv. leggjum til, að till. hæstv. ríkisstj. verði breytt, ekki þannig, að það skuli alls ekki farið inn á þessa braut, heldur að sparifjárinnstæður allt að 100 þús. kr. hjá hverjum skattgreiðanda verði skattfrjálsar svo og vaxtatekjur af þeim, en framtalsskyldunni verði haldið. Með þessu móti tel ég mögulegt að ná allri þeirri aukningu á sparifjármyndun, sem slík ákvæði geta haft í för með sér, en okkar till. losar hins vegar þjóðfélagið við það algera öngþveiti, sem skapast mundi, ef till. hæstv. ríkisstj. yrðu samþ. Um þetta mál ræddi ég að öðru leyti allýtarlega við 1. umr. málsins og skal því ekki fara nánar út í það að þessu sinni.

5. brtt. okkar er á þá leið, að fyrirtækjum verði ekki gefin eftir 20% af tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti á árinu 1954 af tekjum ársins 1953, eins og lagt er til í till. hæstv. ríkisstj., heldur verði þessi eftirgjöf lækkuð um helming, þ. e. a. s., að þeim verði gefin eftir 10%, og virðist það allrifleg eftirgjöf, sérstaklega ef höfð er í huga sú breyting, sem vitað er að kæmi fram hjá þeim lægst launuðu, ef þetta frv. hæstv. ríkisstj. yrði samþ., því að það má mönnum ljóst vera, að langflestir verkamenn og launþegar og fleiri láglaunastéttir þessa þjóðfélags fá ekki 10% lækkun á sköttum sínum frá því í fyrra, þó að frv. ríkisstj. yrði samþykkt. Sýnist mér því ástæðulaust að veita þeim, sem betri aðstöðu hafa, þ. e. a. s. helztu gróðafyrirtækjum landsins, meiri ívilnun í þessu efni en hinum bágstöddustu.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri með þessum brtt. okkar, en endurtek það, að ég vænti þess fastlega, að hæstv. forsrh. leggi það á sig að lesa þessar brtt. og vita svo, hvort hann telur ekki ástæðu til þess að sleppa þeirri nánasarlegu smámunasemi, sem einkennir frv. hæstv. ríkisstj. eins og það er nú.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Það hefur mjög farið í vöxt ár frá ári undanfarinn áratug, að fólk heimilisfast á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi hefur mikið gert vart við sig, hefur tekið sig upp frá heimilum sínum og leitað sér atvinnu fjarri heimilum sínum, þar sem eftirspurn eftir vinnuafli hefur verið meiri. Þannig hafa hundruð manna, ef ekki þúsundir, aðallega daglaunamenn, frá hinum ýmsu byggðarlögum á landinu og í öllum landsfjórðungum farið á vetri hverjum í atvinnuleit til Keflavíkurflugvallar, Vestmannaeyja og ýmissa verstöðva við Faxaflóa. Fólk þetta hefur svo dvalið langdvölum á þeim stöðum, sem það hefur fengið atvinnu á, en hefur oftast orðið að sæta hörðum kjörum í sambandi við öflun fæðis og húsnæðis og annarra nauðsynja fyrir sig, meðan það dvaldi á þeim stöðum. Hef ég að vísu ekki getað aflað mér nákvæmra upplýsinga um dvalarkostnað slíks fólks í krónutölu, enda mun hann vera allmisjafnlega hár eftir því, hvar það dvelur á landinu, en ég hef þó öruggar heimildir fyrir því, að það hefur þráfaldlega komið fyrir, að þetta fólk hefur þurft að greiða helming launa sinna eða jafnvel meira fyrir fæði og húsnæði á þeim stöðum, sem það hefur komizt í atvinnu á. Þótt hlutur þessa fólks hafi jafnan verið slæmur, hefur það ekki fram að þessu getað fengið leiðréttingu á hinum erfiðu kjörum sínum, vegna þess að lagaheimild hefur skort fyrir því, að dvalarkostnaður þess væri frádráttarhæfur við álagningu skatts, og það er einmitt í þeim tilgangi að reyna að fá hlut þessa fólks að einhverju leyti bættan, sem við hv. 2. þm. Rang. (BFB), hv. 2. þm. Eyf. (MJ), hv. 4. landsk. (GJóh) og hv. 7. landsk. þm. (EggÞ) berum fram brtt., sem prentuð er á þskj. 585. Eins og brtt. þessi er orðuð, er hún felld inn í h-lið 4. tölul. 7. gr. frv. Er það á valdi skattayfirvalda að dæma um, að hve miklu leyti dvalarkostnaður fólks, sem þannig stendur á fyrir, kemur til frádráttar við álagningu skatts. Okkur flm. er mjög vel ljóst, að aðstæður þeirra manna, sem kunna að njóta góðs af þessu heimildarákvæði — eða frádráttarákvæði, sem í brtt. felst, — geta verið mjög ólíkar. Aðstaða þeirra manna, sem þurfa að leita sér atvinnu fjarri heimilum sínum og hafa fyrir heimili að sjá og fjölskyldu heima fyrir, er vitanlega ekki sambærileg við aðstöðu þeirra manna, sem eru einhleypir og fyrir engum hafa að sjá. En slíkur aðstöðumunur yrði að sjálfsögðu veginn og metinn af skattayfirvöldum, þ. e. a. s. skattanefndum, yfirskattanefndum og ríkisskattanefnd, ef því væri að skipta, í hverju einstöku tilfelli.

Við flm. þessarar brtt. teljum ósanngjarnt, að fólk, sem neyðzt hefur til þess að leita sér atvinnu langt frá heimilum sínum, sé látið gjalda þess og hlutur þess gerður miklum mun lakari en hlutur þess fólks, sem getur dvalið heima hjá sér við störf. Væntum við þess því, að hv. alþm. líti með sanngirni á þessa brtt. okkar og ljái henni lið. Sérstaklega viljum við vænta þess af hv. fjhn., að hún líti sanngjörnum augum á till., og í trausti þess, að hún sjái sér fært að gera þessa brtt. okkar að sinni till., þá munum við flm. hennar taka hana aftur til 3. umr.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja nokkrar brtt. við þetta frv., sem ég vildi gera hér grein fyrir.

Á þskj. 589 flyt ég ásamt hv. 4. landsk. og 9. landsk. þm. fjórar till. Sú fyrsta gerir ráð fyrir því, að skattur á lægstu tekjum verði afnuminn að fullu og sú regla verði tekin upp hvað

einstaklingum viðkemur, að aðeins skattskyldar tekjur yfir 20 þús. kr. verði teknar til skatts — eða tekjur, sem eru undir 20 þús. kr. miðað við skattskyldan útreikning, séu skattfrjálsar. Á sama hátt er gert ráð fyrir því, að breytt verði skattainnheimtu í sambandi við skattaútreikning hjóna. Þessar till. miða sem sagt að því að eltast ekki við hina smærri skattainnheimtu af lægstu tekjum og innheimta yfirleitt ekki lægri skatta af neinum einstaklingi en sem svaraði í kringum 600 kr. skatti. Það er skoðun okkar flm., að það geti ekki skipt ríkissjóð neinu verulegu máli, þótt að þessu ráði yrði horfið, en hins vegar teljum við, að þetta sé mjög réttlátt gagnvart þeim, sem hafa ekki hærri tekjur en þarna er gert ráð fyrir.

2. brtt. okkar, a-liður, gerir ráð fyrir því, að sömu fríðindi verði veitt verkafólki og gert er ráð fyrir í frv. að veita sjómönnum í sambandi við fæðiskostnað þess, þegar það vinnur utan heimilissveitar sinnar um lengri tíma og verður þar að greiða fyrir fæði. Það hefur að vísu komið hér fram önnur brtt. um sama efni, sem fer að nokkru leyti lengra en þessi brtt. okkar gerir ráð fyrir, og munum við að sjálfsögðu styðja þá till., en þá mætti skoða okkar till. sem nokkurs konar varatillögu við hana. En við höfum miðað okkar till. við það aðeins, að verkafólk, sem svona er ástatt fyrir, fái að njóta nákvæmlega sams konar fríðinda og gert er ráð fyrir í frv. að sjómenn njóti.

Þá er í 2. brtt. á þessu þskj., b- og c-lið, gert ráð fyrir því, að til þess að njóta þeirra sérstöku hlunninda, sem frv. gerir ráð fyrir að veita hjónum, þar sem svo stendur á, að eiginkonan vinnur fyrir allverulegum tekjum, þurfi ekki að uppfylla það skilyrði að kaupa sérstaka heimilisaðstoð. Við teljum, að þar sem svo stendur á, að eiginmaðurinn aflar atvinnutekna og eiginkonan líka, og þar sem verður um allháar tekjur að ræða og skattstiginn kemur heldur óþægilega við, sé réttmætt að veita þau fríðindi, sem frv. gerir ráð fyrir, jafnvel þó að ekki sé um aðkeypta heimilisaðstoð að ræða, en einmitt ýmis hin fátækari heimili munu í svona tilfellum berjast við að spara sér hina aðkeyptu heimilishjálp, þó að hins vegar báðir aðilar vinni úti og tekjur þeirra leggist saman eftir núverandi reglum um útreikning á skatti.

Þá er 3. brtt. okkar á þessu þskj. Hún felur það í sér að hækka nokkuð persónufrádrátt frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Gert er ráð fyrir því, að persónufrádráttur einstaklinga hækki úr 6500 kr. í 7500 kr., persónufrádráttur hjóna úr 12000 kr. í 15000 kr. og persónufrádráttur ómaga á framfæri hækki úr 4500 kr. í 5000 kr. Við teljum, að þó að gert sé nú ráð fyrir því í þessu frv. að hækka persónufrádráttinn talsvert, þá sé það enn of takmarkað, og vildum freista þess að fá þó þessa hækkun, sem till. okkar gerir ráð fyrir, samþ. hér við afgreiðslu málsins, þótt við hins vegar séum á þeirri skoðun, að persónufrádrátturinn hefði í raun og sannleika þurft að vera allmiklu hærri en við höfum treyst okkur að flytja hér till. um.

Þá er 4. brtt. okkar á þessu sama þskj. Hún gerir ráð fyrir því, að felldir séu niður í 16. gr. frv. stafliðirnir b og c, en þar er gert ráð fyrir í frv., að tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur hjá félögum öllum verði lækkaður um 20% frá því, sem verið hefur fram að þessu. Við leggjum til með okkar brtt., að þetta ákvæði verði fellt niður, sem sagt, að félagaskatturinn verði sá sami og hann hefur verið, og sjáum ekki ástæðu til þess að létta þessa beinu skatta — tekjuskattinn — á félagarekstri, því að það er okkar álit, að félögin yfirleitt greiði tiltölulega mjög lítinn hluta af tekjuskattinum til ríkissjóðs.

Þá flytjum við hér, sömu menn, brtt. við frv. á þskj. 588, en efni þeirrar brtt. er algerlega samhljóða meginefni þess frv., sem ég hafði flutt hér snemma á þessu þingi, þar sem gert var ráð fyrir að veita íslenzkum sjómönnum allveruleg skattfríðindi eða að heimila þeim að draga frá hreinum tekjum sínum ⅓ hluta sem skattfrjálsan kauphluta. Í sambandi við þessa brtt. vildi ég segja það, að því hefur verið haldið hér fram í þessum umræðum, að það væri ekki ástæða til þess að verða við óskum sjómanna um að veita þeim þessi skattfríðindi, m. a. vegna þess, að þetta skipti sjómennina tiltölulega litlu máli og að þetta gæti ekki orðið að liði í þeirri baráttu að fá fleiri sjómenn til starfa á íslenzku fiskiskipunum. Ég tel, að þessi fullyrðing sé ekki á rökum reist, og við nánari athugun á málinu hygg ég, að flestir muni komast að raun um, að samþykkt þeirrar brtt., sem við hér flytjum, mundi beinlínis stuðla allverulega að því að bæta kjör sjómanna í þessu efni og vinna þar nokkuð að því að leysa þann vanda, sem bíður nú úrlausnar í þeim efnum. Ég skal taka hér eitt dæmi, sem ég hygg að geti verið dæmi um nokkuð almennt tilfelli í þessu efni. Ég vildi hugsa mér einstakling á íslenzkum togara, sem hefði haft heildarkaup 50 þús. kr. Það mun að vísu vera heldur í hærra lagi, miðað við það, sem var núna á árinu, sem var að líða. Þó munu vera einhver skip, sem hafa skaffað lægst launuðu hásetunum þetta kaup, en á allmörgum skipum öðrum hefur kauphlutinn legið heldur lægra, en oft og tíðum hefur kaup hinna lægst launuðu togarasjómanna þó numið í kringum 50 þús. kr. Þar að auki er svo þess að gæta, að á skipunum eru líka sjómenn, sem eru ekki í lægsta launaflokki. Þar eru allmargir menn, sem hafa nokkra aukaþóknun fyrir sérstök störf, og er þá kaup þeirra líka þó nokkru hærra en 50 þús. nú í ýmsum greinum. Ef þau skattfríðindi hefðu verið samþykkt, sem till. okkar gerir ráð fyrir, þá mundi skattur þessa einstaklings verða mjög nærri því að vera um 780 kr., en skattur þessa sama einstaklings mundi verða samkvæmt þessu frv. eins og það liggur fyrir um 2200 kr., eða hein skattalækkun í þessu tilfelli mundi vera um 1440 kr. Hér skiptir vitanlega talsverðu máli fyrir þennan einstakling að njóta þessarar skattalækkunar. En það er ekki aðeins þessi skattalækkun, sem mundi gera hér gagn, heldur er einnig vitað mál, að þetta skattfrelsi í sambandi við tekjuskattinn er frumskilyrði þess, að takast megi að fá hlíðstætt skattfrelsi fyrir sjómannatekjurnar í sambandi við útsvarsálagningu. Ef maður lítur svo einnig á útsvar þessa einstakl-

ings, þá hefði útsvar þessa einstaklings, miðað við útsvarsstigann, sem gilti í Reykjavík á s. l. ári, numið 5930 kr. En ef þau sérstöku fríðindi, sem till. okkar stefnir að, hefðu gilt fyrir þennan einstakling, þá hefði útsvar hans verið 1530 kr. Lækkun á útsvari hefði þá orðið 4400 kr. eða lækkun samtals á útsvari og skatti í þessu tilfelli numið 5840 kr., en það jafngildir í þessu tilfelli rétt tæpum 12% í beinni launahækkun. Ég veit það, að þar sem um heimilisfeður er að ræða, sem hafa allmarga menn á framfæri og fá að njóta hins hækkaða persónufrádráttar fyrir sína ómaga, hefði vitanlega skattalækkunin í þeim tilfellum numið heldur minni upphæð, og sömuleiðis hefði útsvarslækkunin þar numið lægri upphæð, en því er nú svo farið t. d. á togaraflotanum, að þar munu vera að meiri hluta til einhleypir menn, og ég er alveg fullviss um það, að ef þessi skattfríðindi hefðu verið veitt, þá hefðu fjöldamargir menn fremur kosið að starfa á skipunum heldur en miðað við þær skattareglur, sem nú eru í gildi.

Það er því með öllu rangt að mínum dómi að halda því fram, að veiting þessara skattfríðinda, sem sjómenn hafa nú mjög almennt óskað eftir, hefði ekki haft neitt að segja í þessu efni, enda er það líka sannast mála, eins og kom fram hjá einum þeirra hv. þm., sem að samningu þessa skattafrv. ríkisstj. stóðu, að þegar hann var að gera sínum flokki grein fyrir þessu nýja skattafrv. á flokksfundi hér í bænum, þá komst hann þannig að orði, eftir því sem blað hans skýrði frá hans orðum í þessu efni, að fyrsta ástæða til þess, að ekki hefði þótt fært að verða við óskum sjómanna um þessi skattfríðindi, hefði verið sú, að innan þeirrar lækkunar, sem gert hefði verið ráð fyrir frá hæstv. ríkisstj., þ. e. 20% almennrar lækkunar á skattinum, þá hefðu þessi skattfríðindi ekki getað rúmazt, því að þau hefðu numið of mikum afslætti í sambandi við tekjur ríkissjóðs, til þess að það hefði mátt gera þessa ráðstöfun. Það er sem sagt ekki hægt að segja þetta hvort tveggja í einu, að þessi skattfríðindi hefðu kostað ríkissjóð í tekjum of mikið, og jafnframt halda því svo fram hér á Alþ., að í rauninni hefðu nú þessi skattfríðindi ekki skipt sjómenn neinu máli og ekki getað leyst neinn þann vanda, sem þar er við að eiga.

Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. athugi þetta mál betur nú við afgreiðslu þessa máls og hugleiði það betur en þeir hafa gert fram að þessu, hvort ekki er rétt að verða við þessum almennu óskum sjómanna um að veita þeim þessi sérstöku fríðindi, og samþ. þá till., sem ég hef nú gert grein fyrir og er flutt hér á þskj. 588.

Ég hef þá í aðaldráttum gert grein fyrir þeim till., sem ég stend að, og sé ekki ástæðu til þess að lengja umr. um þetta mál lengur að sinni.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt 6. þm. Reykv. (SG) og 4. landsk. þm. (GJóh) eina brtt. á þskj. 586, en hún fer í þá átt, að meðal þess, sem skuli undanþegið tekjuskatti, sé kaup verkafólks fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu, að svo miklu leyti sem þessi vinna er greidd með hærra kaupi en dagvinna.

Þessi vinna, sem framkvæmd er ýmist á kvöldin eða nóttunni að liðnum vinnudegi eða þá á helgum dögum, er þjónusta, sem verkafólk innir af hendi umfram það, sem þjóðfélagið yfirleitt krefst af mönnum. Það er ákaflega þýðingarmikið fyrir okkar þjóðfélagshætti, að hægt sé að fá fólk til vinnu utan hins venjulega vinnutíma. En hins ber að gæta, að allar menningarþjóðir hafa nokkurn hemil á slíkri vinnu, en sumar munu banna hana með öllu, og er það gert til verndar verkafólki, að það fyrirgeri ekki heilsu sinni um aldur fram vegna ofþrælkunar. Íslenzka ríkisvaldið og löggjafinn virðast líta að verulegu leyti á þessa vinnu sem nokkurs konar skyldu-þjónustu við þjóðfélagið, og það má segja, að nokkuð sé til í að líta þannig á. Þetta álit ríkisvaldsins kemur ekki sízt fram í l. um orlof, þar sem ákveðið er, að einmitt þessi vinna, sem hér um ræðir, eftirvinna, næturvinna og helgidagavinna, sé ekki orlofsskyld nema til jafns við það, sem hún hefði verið, ef um dagvinnu hefði verið að ræða. Ég tel þess vegna liggja í augum uppi, að rökrétt afleiðing af því, að löggjafarvaldið lítur þannig á, sé það, að þessi sérstaka þjónusta við þjóðfélagið, sem menn leysa af hendi umfram það, sem almennt er krafizt af fólki, verði undanþegin skatti til ríkisins, og í trausti þess, að hv. alþm. sjái samræmið á milli þessa, vildi ég mega vænta þess, að slíkri till. verði tekið með skilningi.

Þá flyt ég á þskj. 587 aðra brtt. við frv. um tekjuskatt, en sú till. fer í þá átt, að inn í 7. gr. frv. verði felldur nýr tölul., sem orðist þannig:

„Nú óskar gift kona, sem hefur sjálfstæðar atvinnutekjur, að telja fram sem sérstakur skattþegn, og skal það þá leyft og skattur hjónanna reiknaður sem tveggja einstaklinga. Persónufrádráttur skylduómaga slíkra hjóna skiptist að jöfnu."

Ég varð var við það í ræðu frsm. meiri hl. fjhn. þessarar hv. d., er hann ræddi þetta frv., að hann tók fram, að það hefði öllum aðilum, sem að samningu þess stóðu, þótt vera of mikil fríðindi til handa hjónum, að þau fengju sinn skatt reiknaðan í tvennu lagi, og alveg sérstaklega þætti þetta ósanngjarnt gagnvart þeim konum, sem ynnu heimilisstörf, en tækju ekki þátt í því út í frá að afla heimilinu tekna. Ég get viðurkennt, að það er mjög mikið til í þessu sjónarmiði, en það þýðir hins vegar ekki að ganga fram hjá því, að sérsköttunarréttinn, sem ég legg til að hjón fái að lögum, geta þau fengið sér með því að fara dálítið öðruvísi að. Hjón geta fengið þennan rétt með því að slíta sinu hjónabandi og telja fram sem tveir einstaklingar, og væntanleg hjón geta líka komið sér hjá því að lenda í samsköttunarskyldu með því að smeygja fram af sér þeirri hefðbundnu venju að gifta sig. Ég tel að sjálfsögðu, að þjóðfélagið sé ekkert betur komið fyrir það, þótt menn hættu að gifta sig og giftir menn tækju að skilja við konur sínar, en að því stefnir alveg greinilega bæði með núgildandi skattreglum og einnig eftir frumvarpinu.

Enda þótt hjón fái nokkra leiðréttingu sinna skattamála í frv. eins og það liggur fyrir, þá er

það alls ekki fullnægjandi, og sú þróun í þessum málum, sem þegar er farin að gera nokkuð vart við sig, sem sé, að löggjöfin hindri hjónabönd, hlýtur að halda áfram, og fyrr eða síðar verður löggjafarvaldið að gera það algerlega upp við sig, hvort það vill stuðla að slíkri þróun eða ekki, því að augljóst er, að haldi svo fram sem horfir í skattalöggjöfinni, að menn njóti þess að vera ógiftir, gjaldi þess hins vegar að hafa stofnað til hjónabands eftir erfðavenju sinnar þjóðar, þá leysist hjónabandið fyrr eða síðar upp.

Ég vænti þess, að þeir, sem um þessi mál fjalla, geti að athuguðu máli fallizt á það, að till. mín um það, að hjón skuli eiga rétt á því að fá skatt sinn reiknaðan sem tveir einstaklingar, sé till., sem er óhjákvæmilegt að samþ. fyrr eða síðar, og því fyrr því betra.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég verð að hefja mál mitt á því að láta í ljós óánægju mína yfir þeirri meðferð, sem þetta mál hefur sætt eftir 1. umr. Í hv. fjhn., þar sem ég á sæti, hafa verið haldnir tveir fundir um málið. N. afgreiddi málið frá sér s. l. sunnudag og klofnaði. Meiri hl. skilaði stuttu áliti þegar í stað, en ég lýsti því yfir, að ég mundi skila áliti mínu svo fljótt sem unnt væri. Hér er um að ræða eitt yfirgripsmesta mál, sem lagt hefur verið fyrir þetta þing, og allir, sem skattamálum eru kunnugir, vita, að fá mál eru erfiðari viðfangs en einmitt skattamálin. Það er torveldara að semja brtt., ef þær eiga að vera vandaðar og rökstuddar, við skattalögin en við nokkur önnur frv., sem þingið fær til meðferðar. Það gat því ekki verið við öðru að búast en að ég mundi skila minni hl. í n. þurfa nokkra daga til þess að semja nál. mitt og gera till., en frv. var tiltölulega nýútbýtt, þegar fjhn. afgreiddi það, mun hafa verið útbýtt um eða eftir miðja síðustu viku. Engu að síður tókst mér að ljúka till. mínum í gærkvöld og nál. minu og afhenti það til prentunar þegar í morgun. Nál. er að vísu alllangt og brtt. nokkrar, en mér kom það samt mjög á óvart, að málinu skyldi þurfa að hraða svo, að taka þyrfti það fyrir til umr. og keyra það áfram, meðan beðið er eftir því, að prentsmiðja Alþ. ljúki prentun þessara þskj., m. ö. o., að ekki skuli vera hægt að bíða með þessa 2. umr. eftir því, að starfsmenn þingsins skili af sér störfum sínum, sem ómögulegt er að ætlast til að þeir vinni hraðar en þeir gera.

Till. og nál. hefur því miður ekki verið útbýtt enn, en það er von á því á næsta hálftimanum, að því er mér er sagt. Ég ætla engu að síður að leyfa mér að ræða till. og mun í þessu máli mínu skýra efni þeirra.

Vonbrigði mín yfir frv. hæstv. ríkisstj. hafa vaxið, eftir því sem ég hef haft af því nánari kynni. Hvað var nauðsynlegt að gera í skattamálum þjóðarinnar nú? Í fyrsta lagi var nauðsynlegt að stórbæta skattheimtuna til þess að tryggja ríkissjóði stóraukna tekjur, jafnvel að óbreyttum öllum skattstigum. Í öðru lagi var nauðsynlegt að jafna metin milli launþega og atvinnurekstrar, en eins og skattheimta tekjuskatta hefur verið undanfarin ár, hefur tekjuskatturinn fyrst og fremst verið skattur á launafólki og þá fyrst og fremst launafólki í Reykjavík og hinum stærri kaupstöðum og kauptúnum. Nær allur atvinnurekstur hefur borið tiltölulega miklu léttari byrðar en launafólkið vegna þeirra reglna, sem gilda í skattal. sjálfum um margs konar fríðindi atvinnurekstrinum til handa, og vegna slælegrar skattheimtu af atvinnurekstrartekjum. Í sambandi við þetta var einmitt nauðsynlegt að draga stórkostlega úr hlunnindum, sem ýmis stórgróðaatvinnurekstur nýtur nú í gildandi lögum. Og svo í fjórða og síðasta lagi var nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að skattleggja verðhækkunargróða, sem í gildandi reglum er undanþeginn nær allri skattlagningu. Allur hinn gífurlegi gróði, sem hefur hlotizt af hækkun fasteignaverðs og lóðaverðs á undanförnum hálfum öðrum áratug, hefur verið gersamlega undanþeginn tekjuskatti. Við þessum meginverkefnum, sem fyrir hendi eru í skattalöggjöf þjóðarinnar, er ekkert snert í því frv., sem hér er um að ræða.

Því er þó ekki að leyna, að í frv. felast nokkur framfaraspor. Frv. felur í sér dálitla skattalækkun, þ. e. a. s. lækkun á tekjuskattinum. Tekjuskatturinn mun nú nema um 60 millj. kr., en þegar það er haft í huga, að tekjuskatturinn er ekki nema um 15% af þeim heildargjöldum, sem ríkið leggur á borgarana, þá verður augljóst, að lækkun á honum er mjög óveruleg í krónum, þótt hún kunni að vera há í hlutfallstölum. Þessi tekjuskattur er aðeins um 2—3% af öllum þjóðartekjunum, eins og ég benti á við 1. umr. málsins, og vil ég endurtaka það núna, að eitthvað meira en lítið hlýtur að vera bogið við það skattakerfi, sem þrátt fyrir gífurlega háa skattstiga skilar ekki í ríkissjóð nema um 2—3% af öllum þjóðartekjunum.

Ég geri ráð fyrir því, að sú lækkun, sem við samþykkt þessa frv. yrði á tekjuskattinum, mundi nema um það bil eða liðlega 10 millj. kr. En þegar það er haft í huga, að ríkið innheimtir milli 450 og 500 millj. kr. af borgurunum, þá er augljóst, að þessi skattalækkun er ekki verulega tilfinnanleg sem gjaldaléttir fyrir borgarana og þá auðvitað ekki heldur fyrir ríkissjóð. Í raun og veru hefur lengi verið svo hér hjá okkur, að það fer að verða mikil spurning, hvort ekki sé allt eins gott að hætta við innheimtu tekjuskatts eins og að innheimta tekjuskatt á þann hátt, sem gert hefur verið hér á landi undanfarið. Kostnaðurinn við skattheimtuna er gífurlegur, að því er mér hefur skilizt allt að 9 eða 10 millj. kr., en innheimta féð er þó ekki nema um 60 millj. kr., og ranglætið í skattheimtunni er svo gífurlegt — misréttið milli launþega og atvinnurekstrar svo gífurlegt, að það er mikil spurning, hvort það mundi ekki vera hægt að finna upp önnur skattaform eða óbeina skatta, sem væru réttlátari, miklu réttlátari fyrir lágtekjumenn og raunar launamenn alla heldur en beinir skattar í því formi, sem tekjuskatturinn hefur verið innheimtur í undanfarið. En það er mál, sem ég skal ekki ræða nánar að þessu sinni.

Í frv. eru því miður stigin nokkur spor aftur á bak frá gildandi skipun, — beinlínis aftur á bak, — og vil ég þar fyrst nefna það, að möguleikum til skatteftirlits er stórspillt með frv., ef að lög-

um verður. Skerðingin á skilyrðum til skatteftirlits felst í ákvæðum frv. um það, að ekki skuli telja sparifé fram til skatts, en það tjá mér ýmsir menn, sem eru sérfróðir um innheimtu skatta, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, að sé þetta ákvæði fellt úr skattal., þá muni eftirlit með skattframtölum verða stórkostlega torveldað í framtíðinni; það muni verða mjög miklir og vaxandi erfiðleikar á því að fylgjast með tekjuframtölum manna, þannig að búast megi við því, að undanskot undan skatti verði enn þá auðveldari en núna; af þeim sökum muni ríkið tapa verulegum fjárhæðum — kannske meiri fjárhæðum en það missi í tekjum vegna þeirrar skattalækkunar, sem felst í frv. að öðru leyti.

Í öðru lagi er í ákvæðum frv. um ráðskonufrádrátt nokkurt spor aftur á bak frá því, sem verið hefur samkvæmt gildandi reglum, a. m. k. eins og þær hafa verið framkvæmdar. Ákvæði gildandi laga um ráðskonufrádrátt hafa verið framkvæmd þannig, að sá skattgreiðandi, sem hefur ráðskonu og er talinn hafa rétt á því að hafa ráðskonu, hefur fengið dreginn frá persónufrádrátt hennar vegna. Í frv. ríkisstj. er hins vegar gert ráð fyrir því, að það sé skilyrði fyrir ráðskonufrádrætti, að eiginkonan vinni utan heimilisins, en ráðskonufrádráttur hefur verið heimilaður í mörgum tilfellum, þar sem eiginkonan vinnur ekki utan heimilisins, ef aðstæður hafa verið þannig, að nauðsyn hefur verið talin á ráðskonu til heimilisstarfanna. Hér er því um spor aftur á bak að ræða, hvort sem það er viljandi eða óviljandi.

Þá vil ég í þessu sambandi einnig nefna ákvæðin, sem eru í frv. hæstv. ríkisstj. um breytingu á útsvarslögunum, sem eru náskyld þessu frv. Þar er takmörkuð heimild skattan. til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum á þann hátt, að skylt sé að birta þann stiga, sem lagt sé á eftir, og gera hverjum einstökum gjaldanda grein fyrir þeim reglum, sem útsvar hans hefur verið ákveðið eftir. Nú er það á allra manna vitorði hér, að skattframtölum er svo ábótavant og siðferði á þessu sviði því miður svo lélegt, að menn leyfa sér að sýna skattyfirvöldum framtöl, sem þeir geta varla ætlazt til að þau eða nokkur annar taki trúanleg. Eina úrræðið gagnvart slíkum skattgreiðendum hefur verið að beita heimildinni til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum og taka beinlínis í útsvarsálagningunni tillit til þess, að framtalið sé auðsjáanlega gallað. Það getur oft verið erfitt fyrir niðurjöfnunarnefndir að sýna fram á það, að framtalið sé gallað, með óyggjandi rökum, þannig að standast muni fyrir dómi, og þess vegna er það mjög oft, að þessi heimild til að leggja á eftir efnum og ástæðum er notuð til þess að láta menn, sem skila ófullkomnu skattframtali og auðsjáanlega svíkja undan skatti, greiða sama skatt og heiðarlegir framteljendur gera. Þessi réttur niðurjöfnunarnefndarinnar mundi verða af henni tekinn, ef umrætt útsvarsfrv. næði fram að ganga. Afleiðing þess yrði vafalaust sú, að eftir því sem fleiri skattgreiðendur skjóta sér undan að greiða réttmætan skatt af tekjum sínum, þeim mun meira verður að hækka skattana á hinum, sem telja samvizkusamlega fram. Hér er því um stórt spor aftur á bak að ræða, mjög stórt, og það kann að vera, að afleiðing af þessari lagasetningu yrði sú, að útsvar á lágtekjum, miðlungstekjum og launamönnum yfirleitt hækkaði jafnmikið vegna þessa nýja útsvarsfrv. eins og ríkisskatturinn lækkar vegna tekjuskattsfrv. ríkisstj., og þá er sannarlega það tekið með annarri hendinni, sem gefið er með hinni.

Ég játa það hins vegar, að það er viðtæk heimild, sem niðurjöfnunarnefndum er veitt, að leggja á útsvar eftir efnum og ástæðum, og að vissu leyti má segja, að öryggi skattborgaranna í þessum efnum sé býsna lítið, þegar þannig er hægt að fara að. En hér verður að líta á ástandið eins og það raunverulega er. Ef við hefðum gott siðferði í þessum málum, ef við hefðum stranga skattheimtu og ef við hefðum ströng viðurlög, sem hefði verið beitt á undanförnum árum eða áratugum gegn röngum framtölum, þá væri ekki nema sjálfsagt að gera slíkar ráðstafanir, jafnvel þær, sem hér er gert ráð fyrir, og þær mundu þá verka sem vernd fyrir borgarana. En eins og saga þessara mála er hjá okkur og ástand þessara mála nú, þá mundi slíkt ákvæði ekki verka sem vernd fyrir hinn almenna skattgreiðanda, ekki fyrir launamanninn, ekki fyrir lágtekjumanninn eða miðlungstekjumanninn, heldur þvert á móti vernd fyrir hátekjumanninn og atvinnurekandann, sem hefur skilyrði til þess að skjóta tekjum sínum undan skatti á þann hátt, að erfitt er að sannreyna, að svo hafi verið gert.

Ég hef þá nefnt þrjú atriði, sem ég tel vera beinlínis spor aftur á bak í þessum skattatill. hæstv. ríkisstj. En ef ég ætti að segja, í hverju ég teldi megingalla frv. almennt vera fólgna, þá mundi ég segja þetta:

Í fyrsta lagi: Ég tel skatt vera innheimtan af allt of lágum tekjum. Það er fráleitt að láta mann, sem hefur 7500 kr. tekjur, greiða tekjuskatt af því, sem þar er umfram, þótt lágur sé. Það er sömuleiðis fráleitt að láta hjón, sem hafa 14 þús. kr. tekjur, byrja að greiða tekjuskatt fyrir ofan það mark, jafnvel þótt lágur sé. Með þessu móti er jafnvel ellilífeyrir skattlagður; af honum þarf að greiða nokkrar krónur í tekjuskatt. Þess skal að vísu getið, að skatturinn verður mjög lágur. En sannleikurinn er sá, að það er fjarstæða að vera að innheimta nokkrar krónur eða nokkra tugi króna í skatt. Það er enginn vandi að gera skattstigana þannig úr garði, að til slíks komi ekki. Ég efast um, að það svari kostnaði að innheimta skatt, sem er mikið undir 100 kr. Kostnaður við skattheimtuna fer þá vafalaust að slaga hátt upp í skattinn sjálfan, sem innheimtur er, þannig að með slíkri skattheimtu er ríkissjóður raunverulega að leggja á sjálfan sig byrðar, og getur það þó vissulega ekki verið meiningin með ákvæðum í skattalögum.

Í öðru lagi tel ég enn allt of lítinn mun gerðan á einhleypingum og hjónum í frv. ríkisstj. Munur á skattgreiðslu þeirra hefur verið allt of lítill; hann er minnkaður dálítið í frv., en er enn of lítill.

Í þriðja lagi er allt of lítill munur á skattgreiðslu einstaklinga og hjóna annars vegar og

barnafjölskyldna hins vegar. M. ö. o.: Það er allt of lítið tillit tekið til barnafjölskyldna við ákvörðun skattgjaldsins.

Í fjórða lagi er í frv. engin lagfæring á skattamálum þeirra hjóna, þar sem konan aflar sér sérstakra atvinnutekna.

Í fimmta lagi eru þau hlunnindi, sem sjómönnum eru veitt í frv., ákveðin of lág.

*Úr þessum fimm megingöllum frv. hef ég* leitazt við að bæta með þeim till., sem ég flyt, og skal ég nú gera grein fyrir aðalefni brtt. minna.

Í fyrsta lagi legg ég til, að tekjuskattur sé ekki lagður á lægri tekjur hjá einstaklingi en 15 þús. kr. og ekki lægri tekjur hjá barnlausum hjónum en 28 þús. kr. Jafngildir þetta í raun og veru því, að persónufrádráttur einstaklings skuli vera 15 þús. kr. og persónufrádráttur barnlausra hjóna 28 þús. kr. En þá hefst skattgreiðslan á 100 kr. skattgjaldi. M. ö. o.: Lægri skattur en 100 kr. er aldrei innheimtur. Ef um svo háan persónufrádrátt fyrir einstaklinga og hjón er að ræða, verður auðvitað að semja alveg nýja skattstiga til þess að koma í veg fyrir, að svo mikil hækkun persónufrádráttarins valdi tiltölulega meiri lækkun á háum tekjum en lágum. Það er sá galli almennt á persónufrádráttaraðferðinni, hver svo sem persónufrádrátturinn er, að hann er alltaf tekinn ofan af tekjukúfnum, hann lækkar alltaf hæstu tekjurnar, og veldur það því, að tekjuháir menn græða alltaf tiltölulega meira á persónufrádrættinum, hver svo sem hann er ákveðinn, heldur en tekjulágir menn. Það hefur aldrei verið meiningin með hugmyndinni um persónufrádrátt, að svo skyldi vera. Mér er ekki alveg ljóst, hvenær hugmyndin um persónufrádrátt kemst fyrst inn í skattalöggjöf almennt. Hún hefur verið í skattalöggjöf okkar frá því hér voru fyrst sett lög um tekjuskatt, en mér segir svo hugur um, að persónufrádráttur muni fyrst hafa verið ákveðinn í tekjuskattslögum, þegar skattstigar voru afar lítið stighækkandi, jafnvel algerlega hlutfallslegir. Þá var persónufrádráttur eðlilegur til þess að vernda lægstu tekjurnar. En eftir að stighækkandi skattstigar komu til skjalanna, er sú aðferð til þess að vernda lágtekjur að draga frá öllum tekjum sama persónufrádrátt í raun og veru algerlega óeðlileg, vegna þess að hún gefur tekjuháum mönnum tiltölulega miklu meiri lækkun í skatti en tekjulágum mönnum, og er það í raun og veru algerlega andstætt þeirri grundvallarhugsun, sem liggur á bak við persónufrádráttarhugmyndina. Þess vegna er sú leið miklu æskilegri að skera neðan af skattstiganum, ef svo mætti segja, þ. e. a. s. að byrja ekki skattheimtuna fyrr en við það mark, sem maður vill hafa skattfrjálst, en breyta síðan tekjuskattsstiganum þannig, að svara mundi til þess persónufrádráttar, sem maður hefur annars hugsað sér eftir hinni aðferðinni, þó með þeirri breytingu, að persónufrádrátturinn valdi ekki hlutfallslega meiri lækkun á háum tekjum en lágum.

Til þess að sýna fram á galla þessa fyrirkomulags um háan persónufrádrátt að óbreyttum skattstigum skal ég nefna nokkrar tölur, sem byggðar eru á grundvelli frv. eins og það er nú. Af 30 þús. kr. tekjum lækkar einstaklingur í skatti vegna persónufrádráttar síns um 390 kr., þ. e. a. s. hinn lögheimilaði persónufrádráttur, 6500 kr., lækkar tekjuskatt manns með 30 þús. kr. tekjur um 390 kr. En persónufrádrátturinn lækkar tekjuskatt manns, sem hefur 50 þús. kr. tekjur, um 975 kr. Hann lækkar tekjuskatt manns með 70 þús. kr. tekjur um 1625 kr. Hann lækkar tekjuskatt manns, sem hefur 70 þús. kr. tekjur fjórum sinnum meira og líðlega það heldur en tekjuskatt manns, sem hefur 30 þús. kr. tekjur.

Varðandi barnlaus hjón er dæmið þannig: Barnlaus hjón með 30 þús. kr. tekjur fá 630 kr. lækkun á tekjuskatti sínum vegna ákvæða frv. um persónufrádrátt. Hafi þau 50 þús. kr. tekjur, þá lækkar skatturinn um 1540 kr., meira en helmingi meira. Og hafi þau 70 þús. kr. tekjur, þá lækkar skatturinn um 2900 kr. M. ö. o.: Hjón, sem hafa líðlega tvisvar sinnum hærri tekjur, fá næstum fimm sinnum meiri lækkun á skatti vegna ákvæðanna um persónufrádráttinn, miðað við þá skattstiga, sem í frv. eru. Og þessi lækkun verður náttúrlega þeim mun meiri, sem persónufrádrátturinn er hærri að óbreyttum skattstigum. Það er ekki hægt að segja, að tillit sé tekið til þess arna í stighækkun skattstiganna, alls ekki ef skattstiginn er einn og raunar heldur ekki, þótt skattstigarnir séu tveir, fyrir einstaklinga og hjón, vegna þess að hjón með börn greiða líka skatt eftir sama skattstiga og hjón. Þess vegna er hin aðferðin miklu eðlilegri, að skera neðan af skattstiganum og umreikna skattstigann, sem þessu nemur. Sú aðferð hefur auk þess þann mjög svo mikilvæga kost, að það auðveldar öllum almenningi stórlega að reikna út tekjuskatt sinn, vegna þess að þá er alltaf hægt að fara beint í skattstigann og nota tölurnar, sem þar eru — burt séð þó frá öðrum lögheimiluðum frádrætti og barnafrádrætti, til þess að gera sér grein fyrir því skattgjaldi, sem á einstaklinginn fellur. En samkvæmt núgildandi kerfi, sem á að halda í öllum aðalatriðum, þarf ávallt að draga persónufrádráttinn frá nettótekjunum, áður en skattskyldu tekjurnar eru ákveðnar, því að tölur skattstiganna eru nú miðaðar við skattskyldar tekjur, en ekki við nettótekjur.

Afleiðing þess, hversu ég hef lagt til, að mikið yrði skorið neðan af skattstiganum, er einnig sú, eins og ég gat um áðan, að ekki er innheimtur lægri skattur en 100 kr., en fyrir því færði ég nokkur rök áðan, þ. e., að vafasamt væri, að það svaraði kostnaði að innheimta lægra skattgjald en þetta. Er það í raun og veru sönnun fyrir því, að þessar till. um raunverulegan persónufrádrátt, 15 þús. á einstakling og 28 þús. kr. á hjón, eru engar skýjaborgir, eru engan veginn óframkvæmanlegar eða óeðlilegar till., því að skattgjald þar fyrir neðan mundi gefa skatt undir 100 kr.

Þá vil ég í öðru lagi fara nokkrum orðum um skattamál hjóna. Í frv. felst nokkur bót hvað þau mál snertir frá því, sem verið hefur í gildandi skattalögum, en ég tel, að of skammt sé gengið í því að leiðrétta hlut hjóna miðað við einstaklinga í frv. Ef það eitt væri þó tilgangurinn að létta skattabyrði á hjónum miðað við einstakl-

inga, mætti auðvitað gera till. um að halda svolítið lengra á braut hæstv. ríkisstj., þeirri, sem hún hefur farið inn á með frv., þ. e. að lækka hjónaskattstigann dálitið umfram það, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt til. En slíkt teldi ég ekki nægilegt. Það, sem ég tel að þurfi að gera, er að gera allar giftar konur að sjálfstæðum skattborgurum, fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir, að atvinnutekjur giftrar konu valdi stighækkun á tekjuskatti eiginmanns hennar. Hvers vegna er slíkt eðlilegt? Eftir gildandi reglum, sem lagt er til í þessu frv. að haldið verði, þ. e. eftir samsköttunarreglunni, getur svo farið, eins og ég gat um við 1. umr., að gift kona, sem vinnur fyrir atvinnutekjum utan heimilis, greiði hærri skatt en ógift kona, sem stundar nákvæmlega sömu vinnu og aflar sér nákvæmlega sömu tekna. Þær sitja ef til vill sitt hvorum megin við borð í sömu skrifstofu eða vinna hlið við hlið á sama vinnustað, önnur er gift, hin er ógift. Hin ógifta greiðir lægri skatt af sínum tekjum heldur en hin gifta. Hér er því venjulega svarað til, að þetta sé eðlilegt, vegna þess að gifta konan hafi félagsbú við mann sinn og ef maðurinn ynni fyrir jafnmiklum viðbótartekjum og konan færir í búið, þá mundu tekjur hans lenda í stighækkun, svo að heimilið mundi greiða stighækkandi skatt, og sömu stighækkun eigi heimilið að greiða, þó að tekjurnar komi frá konunni. En hér er mjög mikill munur á. Húsbóndinn er einstaklingur, sem auðvitað getur ekki vænzt þess, meðan við á annað borð höfum stighækkandi skattstiga, að viðbótartekjur komist nokkurn tíma undan stighækkuninni. Hann getur ekki bent á nokkurn annan skattgreiðanda, sem greiði lægri skatt af viðbótartekjunum en hann verður sjálfur að gera. Hann getur aldrei bent á nokkurn annan þjóðfélagsborgara, sem vinni við hliðina á sér eða fyrir jafnmiklum tekjum, en greiði ekki nákvæmlega sama skatt af sömu tekjum og hann greiðir sjálfur. Þess vegna hefur hann yfir engu að kvarta, nema kannske því, að stighækkunin sé of mikil, en ef látið væri að þeim kröfum, þá mundi það gilda fyrir alla aðila jafnt. M. ö. o.: Það er um að ræða fullt jafnrétti við alla aðra skattborgara, sem stunda sömu vinnu og hafa sömu tekjur. Það er einmitt þetta, sem á skortir að því er snertir skatt giftu konunnar, sem aflar sér tekna í félagsbúið utan heimilisins. Hliðstæð henni getur verið önnur kona, annar einstaklingur, kona eða karlmaður, sem einmitt stundar sömu vinnu og vinnur sér inn sömu tekjur, en greiðir annan skatt. Þetta mál er algerlega óskylt því, hversu mikils virði félagsbúið sé hjónunum báðum. Til þess má taka tillit við ákvörðun skattstigans, sem eiginmaðurinn greiðir skatt eftir. Það er um að ræða þá spurningu, hvort nokkurn tíma eigi það ástand að geta skapazt, að tveir einstaklingar, tveir þjóðfélagsborgarar, sem stunda sömu vinnu og vinna inn sömu tekjur, þurfi að greiða misjafnan skatt í ríkissjóð. Hin ólíka aðstaða kemur og greinilega fram í því efni, að eiginmaðurinn gæti aldrei komið sér undan stighækkun skattsins af viðbótartekjum sínum. Hann getur ekki skipt sér í tvo hluta. Það er útilokað að víkja sér nokkurn tíma undan þeirri stighækkun skattstigans, sem lendir á tekjuaukanum. En hjón, þar sem konan vinnur fyrir atvinnutekjum utan heimilis, geta, ef þau vilja, skotið sér undan því að verða fyrir stighækkuninni með því hreinlega að skilja samvistum, og maður og kona, sem bæði vinna og mundu lenda í stighækkuninni, ef þau stofnuðu félagsbú, geta komizt undan henni með því að stofna þetta félagsbú ekki, a. m. k. ekki lögformlega, þ. e. a. s. láta ekki vígja sig. Þetta eru enn fremur rök fyrir því, að ríkjandi sköttunarregla er mjög óskynsamleg og ranglát.

En ef sá kostur er tekinn að gera giftar konur, sem afla sér tekna utan heimilis, að sjálfstæðum skattborgurum, þá er einnig nauðsynlegt samræmisins vegna að reikna konu, sem vinnur á heimili, sérstakar tekjur, því að annars mundi þeirri konu, sem hefur atvinnutekjur utan heimilis, eða því heimili vera ívilnað miðað við hjón, þar sem konan vinnur á heimilinu. Þetta er mikill galli á öllum till., sem eru miðaðar við það eitt, að gera skuli atvinnutekjur kvenna skattskyldar sérstaklega. Til þess að halda hér samræmi er nauðsynlegt að reikna eiginkonunni á heimilinu einnig tekjur, og hef ég þess vegna lagt til í till. mínum, að það verði gert. Ég hef lagt til, að eiginkonu verði reiknaðar 20 þús. kr. tekjur af tekjum mannsins, ef tekjur hans eru hærri en 40 þús. kr., og hef ég þar miðað við helming af lágum miðlungstekjum, en nái tekjur mannsins ekki 40 þús. kr., geri ég ráð fyrir, að tekjunum sé skipt til helminga. Þessi regla, að taka ávallt 20 þús. kr. ofan af tekjum eiginmannsins, ylli því auðvitað að óbreyttum skattstigum, að lækkun á tekjum hátekjumanna yrði tiltölulega miklu meiri en lækkun á tekjum lágtekjumanna. Slíkt er auðvitað ekki tilætlunin með ákvæðinu, og til þess að koma í veg fyrir þetta hef ég umreiknað hjónaskattstigann, sem ég geri ráð fyrir að gildi fyrir kvæntan mann, þannig að hátekjumenn græði ekki á þessari tekjuskiptingu hjónanna miðað við frv. hæstv. ríkisstj. Þau rök verður því að þessu sinni ekki hægt að flytja fram gegn þessum till. mínum um sérsköttun, að þær muni verða hátekjufólki fremur til hagsbóta en lágtekjufólki. En að þeim gagnrökum kvað talsvert síðast, þegar ég flutti till. um slíka skiptingu á tekjum hjóna. Nú er lækkunin svo að segja jöfn upp úr eða ekki meiri en ég hef óskað eftir af öðrum ástæðum að hún sé á skattgreiðslu hjóna miðað við einstaklinga.

Það á og að gilda einu hvað snertir skattgreiðslu, hvort eiginkona vinnur heima eða úti og notar tekjur sínar til þess að greiða ráðskonu kaup. Það er mjög óeðlilegt, að skattar heimilis þurfi að vaxa verulega við það, að kona vegna menntunar sinnar eða vegna áhugamála sinna kýs frekar að stunda starf utan heimilis, en notar tekjur sínar til þess að sjá jafnvel fyrir heimilinu og gert hefði verið, ef hún hefði sjálf verið heima. En samkvæmt gildandi reglum, sem lagt er til að haldist í aðalatriðum óbreyttar í skattafrv., kostar þessi verkaskipting slík hjón talsvert í skatti. Það er í raun og veru að láta skattalögin setja atvinnufrelsi kvenna takmörk, það er í raun og veru að láta skattalögin hindra konu, sem hefur gifzt, í því að stunda það starf,

sem hugur hennar stendur helzt til. Henni er refsað fyrir að stunda það starf, sem hún helzt vill stunda, þótt hún sjái nákvæmlega jafnvel fyrir heimilinu eftir sem áður, á þann hátt, að skattgjald heimilisins er látið vaxa. Þetta lagast út af fyrir sig ekki, þó að allar konur séu gerðar að sjálfstæðum skattborgurum og konum séu reiknaðar ákveðnar tekjur af tekjum mannsins. Til þess að laga þetta verður jafnframt að hækka ráðskonufrádráttinn talsvert, og hef ég lagt til, að hann verði hækkaður upp í allt að 20 þús. kr., þ. e. upp í sömu upphæð og reikna má giftri konu af tekjum mannsins, þannig að ef kona, sem ynni sér inn 20 þús. kr. utan heimilis, réði ráðskonu og borgaði henni sitt kaup, þá greiddi heimilið sama skatt, hvort sem konan væri heima eða ynni úti, ef hún sér heimilinu fyrir ráðskonu fyrir kaup sitt.

Þá kem ég að barnafrádrættinum. Eins og ég gat um áðan, þá tel ég, að hann sé of lágur í frv., þ. e. a. s., að of lítill munur sé gerður á einhleypingum og barnlausum hjónum annars vegar og barnafjölskyldum hins vegar. En um barnafrádrátt eftir þeim reglum, sem fylgt hefur verið hingað til, gildir í raun og veru hið sama og um persónufrádráttinn. Ef dregin er frá föst tala fyrir hvert barn, — hún á í frv. að vera 4500 kr., — þannig að þessar 4500 kr. takast alltaf ofan af tekjukúfnum, þá er afleiðingin augljóslega sú, að menn græða meira í skatti vegna barna sinna, þeim mun hærri tekjur sem þeir hafa. Það getur ekki verið meiningin og er auðvitað ekki meiningin með þessum barnafrádráttarreglum. Hjón með 3 börn og 40 þús. kr. tekjur fá 650 kr. skattalækkun vegna barna sinna samkvæmt reglum frv., en ef þau hafa 60 þús. kr. tekjur, þá fá þau 1485 kr. skattalækkun vegna þriggja barna. M. ö. o.: Hjón, sem hafa 20 þús. kr. meiri tekjur, fá meira en helmingi meiri skattalækkun vegna barnanna heldur en hjón með 20 þús. kr. lægri tekjur. Nú hlýtur framfærslukostnaður barnanna auðvitað að vera hinn sami, hvort sem hjónin hafa 40 eða 60 þús. kr. í tekjur, og sízt ætti hann að vera meiri hjá hjónunum, sem hafa hærri tekjur. Ef um 80 þús. kr. tekjur er að ræða, þá er skattalækkunin vegna þriggja barna komin upp í hvorki meira né minna en 3100 kr., og ef um 100 þús. kr. tekjur er að ræða, þá græða hjón með þrjú börn 4050 kr. vegna barnafrádráttarins. Á þessari tilhögun eru augljósir gallar. Þess vegna datt mér í hug að gera till. um breytta tilhögun í þessum efnum, þannig að í stað barnafrádráttar, sem væri ákveðin krónutala af hreinum tekjum, skyldi koma ákveðin skattalækkun, ákveðin krónutala í lækkuðum skatti vegna hvers barns, þannig að lágtekjumaðurinn fengi jafnmikla skattalækkun eða jafnmikla tekjuaukningu og hátekjumaðurinn vegna hvers barns. Það er eðlilegt, því að framfærslukostnaður þeirra vegna barnanna er náttúrlega sá sami. Þetta er aðferðin, sem t. d. Danir hafa í þessum efnum, og hjá þeim er tilhögunin meira að segja þannig, að ef það kemur í ljós, að skattalækkunin ætti að verða meiri en álögðum skatti nemur, þá greiðir ríkissjóður barnafjölskyldunum mismuninn, og er þar um að ræða eins konar barnalífeyri í sambandi við tekjuskattskerfið. Ýmsar niðurjöfnunarnefndir hafa beitt þessari aðferð við það að taka tillit til barnafjölda, t. d. niðurjöfnunarnefndin hér í Reykjavík, þó að skattalækkun vegna hvers barns hjá henni hafi að vísu verið allt of lítil og í raun og veru hneykslanlega lág. En ástæðan til þess, að ég lagði ekki fram till. um þetta, er sú, að ef barnafrádrátturinn á að vera eins hár og ég gjarnan vil að hann sé, þá verður hagræði af hinni aðferðinni við of lágar tekjur, að því er ég tel. Miðað við 6 þús. kr. barnafrádrátt og þá skattstiga, sem gert er ráð fyrir í mínum till., þá hefðu menn með liðlega 50 þús. kr. tekjur byrjað að græða á því, að aðferð núgildandi laga væri beitt. Þetta þótti mér of lágt tekjumark, svo að þess vegna hvarf ég frá þessari hugmynd og hef í staðinn gert till. um, að barnafrádrátturinn sé hækkaður upp í 6 þús. kr. og tekið tillit til þess í skattstiganum, sem gilda á fyrir hjón. En jafnframt flyt ég till. um það, að skattalækkun vegna barnafrádráttar skuli þó aldrei verða meiri en hún er komin upp í við 60 þús. kr. tekjur. Þeir, sem hafa yfir 60 þús. kr. tekjur, eiga aldrei að geta fengið meiri skattalækkun en þar er orðin vegna reglnanna um barnafrádráttinn.

Þá er eðlilegt, að þeirri spurningu sé varpað fram, hvaða áhrif þeir skattstigar, sem ég legg til í mínum till. að teknir séu upp, hafi. Skal ég nú stuttlega gera grein fyrir því og ræði þá fyrst einstaklingsskattstigann eða tekjuskatt einstaklings.

Samkvæmt frv. á einstaklingur með 15 þús. kr. tekjur að greiða 175 kr. skatt. Samkvæmt mínum till. 100 kr. skatt. Skattalækkunin er m. ö. o. 75 kr. Nú nefni ég aðeins skattalækkunina, það er nægilegt. Skattalækkun á 20 þús. kr. tekjum einstaklings er 20 kr., á 30 þús. kr. tekjum 40 kr., á 40 þús. kr. tekjum 80 kr., á 50 þús. kr. tekjum 55 kr., á 60 þús. kr. tekjum 30 kr., á 70 þús. kr. tekjum 5 kr., á 80 þús. kr. tekjum er um hækkun að ræða um 20 kr., og helzt sú hækkun upp úr. Ég geri enga stórfellda breytingu á tekjuskattstiga einstaklinganna, en breyti þó skattstiganum heldur til lækkunar. Samkv. frv. stjórnarinnar er tiltölulega mjög lítil lækkun á skattgreiðslum einstaklinga og meira að segja hækkun á þeim á sumum bilum, en skattalækkunin hérna hjá mér er mest á algengustu lágtekjunum, svo að það er ekkert óeðlilegt við það, sem hæstv. ráðh. var að vekja athygli á í framiskoti sínu. (**Gripið fram í:** Engan á nú að meiða, sagði ég.) Nú, ég bið ráðh. afsökunar, ég heyrði þá rangt, það sem hann sagði, og tek þessi ummæli mín aftur. En það er alveg rétt, það er sjálfsagt að meiða engan með skattálagningu, og ég trúi því heldur ekki, að það hafi verið tilgangur ráðh. nokkurn tíma að meiða nokkurn í skattgreiðslum.

Skattstigar mínir verka þannig á barnlaus hjón, að skattur af 15 og 20 þús. kr. er felldur niður, skattalækkun á hjónum með 30 þús. kr. tekjur er 380 kr., á 40 þús. kr. tekjur 190 kr., á 50 þús. kr. tekjur 110 kr., og helzt sú skattalækkun upp úr, þ. e. a. s., ég legg til að lækka skattinn allmikið, um 380 kr., á 30 þús. kr. tekjum fyrir barnlaus hjón, enda hljóta þær tekjur að teljast algerar þurftartekjur og meira að segja spurn-

ing, hvort leggja ætti nokkurn skatt á þær, en ég geri ráð fyrir, að þau hjón greiði 100 kr. skatt. Síðan lækkar skatturinn nokkru minna á hærri tekjum og lækkar síðan aldrei meir en um 110 kr. Skattalækkunin á hjónum með eitt barn er sem hér segir, að af 30 þús. kr. tekjum er skatturinn felldur niður, af 40 þús. kr. tekjum lækkar skatturinn um 735 kr., af 50 þús. kr. tekjum 125 kr., af 60 þús. kr. tekjum 110 kr. Á hjónum með 2 börn verður skattalækkunin þannig: Af 30 þús. kr. tekjum 160 kr., af 40 þús. kr. tekjum 420 kr., af 50 þús. kr. tekjum 280 kr. og af 60 þús. kr. tekjum 160 kr. Á hjónum með 3 börn yrði skattalækkunin miðuð við frv. þannig: Skattur er felldur niður af 30 þús. kr. tekjum og 40 þús. kr. tekjum, þ. e. a. s., ég geri ráð fyrir því, að hjón með 3 börn og 40 þús. kr. nettótekjur verði skattlaus. Fimm manna fjölskylda með 40 þús. kr. tekjur hefur ekkert afgangs umfram brýnustu nauðsynjar, og því á ekki að skattleggja neinar tekjur hjá henni. Skattalækkun á 50 þús. kr. tekjum er 255 kr., en á 60 þús. kr. tekjum aðeins 25 kr. Að síðustu hjón með 4 börn: Þar er skattalækkunin á 40 þús. kr. tekjum 190 kr., á 50 þús. kr. tekjum 230 kr., en á 60 þús. kr. tekjum aðeins 10 kr.

Með þessu tel ég mig hafa gert nokkra grein fyrir, hvernig hinir nýju skattstigar, sem ég legg til að teknir verði upp, verki í framkvæmd á skattgreiðslu einstaklinga, barnlausra hjóna og barnafjölskyldna, og af þessu er augljóst, að heildarniðurstaðan er sú, að skattur einstaklinga lækkar örlitið miðað við frv., skattur barnlausra hjóna lækkar allmiklu meira, en skattur barnafjölskyldna lækkar tiltölulega langmest, og þá stefnu tel ég tvímælalaust vera heilbrigða.

Þá er í till. mínum eitt algert nýmæli í skattalöggjöfinni. Ég legg til, að fjölskyldumönnum, þ. e. kvæntum mönnum, sem eiga ekki íbúð eða eiga íbúð, sem er minni en 90 m², verði leyft að mynda eigin byggingarsjóð til þess að koma sér upp íbúð eða stærri íbúð en þeir eiga, ef hún er undir 90 m², og að framlög í þennan byggingarsjóð, þennan eigin byggingarsjóð, skuli vera undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, en þó þannig, að framlögin í byggingarsjóðinn megi aldrei vera hærri en ¼ af tekjum mannsins og heldur aldrei hærri en 20 þús. kr. á ári og ekki hærri alls en 200 þús. kr., sem má telja kostnaðarverð sómasamlegrar íbúðar. Hér er um að ræða algert nýmæli að því er varðar skattgreiðslu einstaklinga, en hugsunin, sem að baki liggur, er síður en svo ný í skattalöggjöfinni.

Svo sem kunnugt er, njóta fyrirtæki margs konar skatthlunninda vegna kaupa og endurnýjunar á atvinnutækjum sínum, þ. e. vegna þeirrar fjárfestingar, sem þau leggja í. Öll hlutafélög og samvinnufélög njóta verulegra skattfríðinda á þann hátt, að þau mega leggja hluta af tekjum sínum í varasjóð skattfrjálst. Enn fremur njóta flest meiri háttar atvinnufyrirtæki gífurlegra skattahlunninda á þann hátt, að þau fá að draga mjög háar fyrningar frá nettótekjum sínum og sömuleiðis mjög mikinn viðhaldskostnað á eignum sínum og geta á þann hátt safnað gífurlegum ósýnilegum varasjóðum skattfrjálsum. Þetta er réttlætt með því, að það sé eðlilegt að styðja fyrirtæki til sparnaðar á tekjum sínum, þ. e. a. s. létta skattabyrðina á þeim fyrirtækjum, sem nota hluta af tekjum sínum til fjárfestingar í eigin þágu; ef fyrirtækin leggi til hliðar hluta af tekjum sínum til þess að endurbyggja framleiðslutæki sín, þá sé eðlilegt að létta skattabyrðina á þeim.

En þá er spurningin: Á ekki nákvæmlega hið sama að gilda um einstaklinga? Á ekki nákvæmlega hið sama að gilda um einstakling, sem vill nota hluta af tekjum sínum til þess að leggja í fjárfestingu, sem honum er persónulega bráð nauðsyn á að leggja í? Ég þarf ekki í þessu sambandi að fjölyrða um þann gífurlega húsnæðisskort, sem nú er hér við að etja. Ég þarf ekki heldur að fjölyrða um það, hversu sparnaðurinn hér er ófullnægjandi og hversu brýna nauðsyn ber til þess að hvetja alla skattgreiðendur til aukins sparnaðar. En ég er sannfærður um, að fátt mundi verða árangursríkara til þess að hvetja menn til þess að eignast eigin húsnæði og fátt mundi bæta meir skilyrði manna til þess að eignast eigin húsnæði heldur en einmitt það að gera þann hluta af tekjum, sem menn vilja leggja til hliðar upp í væntanleg húsnæðiskaup eða húsnæðisbyggingu, undanþeginn tekjuskatti. Það mundi stórauka tilhneigingu manna til þess að ráðast af fullri alvöru í að leysa þetta persónulega vandamál, húsnæðisskortinn, sem jafnframt er þjóðfélagsvandamál. Þess vegna tel ég, að einmitt þetta nýmæli sé mjög mikilvægt. Það hefur tvær hliðar: annars vegar að stuðla að stórauknum byggingum og hins vegar að stuðla að stórauknum sparnaði, en þjóðfélagslega séð verður þetta tvennt að fara saman. Þetta mundi verða til þess, að fjöldi fólks legði harðara að sér en ella, neitaði sér um ýmsa neyzlu til þess að geta myndað þennan skattfrjálsa eigin byggingarsjóð, og jafnframt mundi þá um leið vera stigið stórt spor til lausnar þess alvarlega þjóðfélagsvandamáls, sem húsnæðisleysið er. Ég vil því undirstrika þessa till. alveg sérstaklega og mælast til þess við þingheim, að hann hugleiði efni hennar, í þeirri von, að sú hugmynd, sem þar liggur til grundvallar, megi þá hljóta fylgi. Að sjálfsögðu er í till. mínum ákvæði um það, að ef þessi byggingarsjóður sé notaður til annars en byggingar, þá skuli falla á hann tekjuskattur, sami tekjuskattur og hefði fallið á tekjurnar, þegar þeirra var aflað.

Þá hef ég og lagt til í brtt. mínum, að breytt verði um innheimtuaðferð á tekjuskattinum, þ. e., að tekjuskatturinn sé innheimtur jafnóðum og teknanna er aflað. Á ríkjandi skipulagi í þessum efnum eru mjög miklir annmarkar. Það er mjög slæmt, að menn skuli fá tekjur handa á milli, sem þeir í raun og veru hafa ekki fullan ráðstöfunarrétt yfir, af því að menn eiga eftir að greiða skatt af þeim. Á næsta ári, þegar skatturinn fellur í gjalddaga, hafa tekjurnar kannske minnkað, þannig að menn eiga mun erfiðara með að greiða skattinn heldur en menn hefðu átt, ef tillit hefði verið tekið til skattgreiðslunnar jafnóðum og tekjurnar féllu til. Ég hef þess vegna lagt til, að sú skipan verði tekin upp, að launþegar greiði skatt af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað, og skuli nánari ákvæði um

þetta sett í reglugerð, enda heyra þau ekki til í lögum.

Þá hef ég og lagt til í samræmi við óskir Landssambands ísl. útvegsmanna, að **skatthlunnindi** *sjómanna verði aukin mjög verulega frá því, sem* lagt er til í frv., þannig að ⅓ af tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum verði gerður skattfrjáls, en þó ekki hærri upphæð en 20 þús. kr., þannig að menn með hærri tekjur en 60 þús. kr. mundu ekki njóta þessara skattfríðinda.

Í sambandi við reglurnar um hlunnindi sjómanna, þar sem gert er ráð fyrir því, að þeir *megi draga fæðiskostnað frá tekjum sínum, ef* þeir þurfa að sjá sér sjálfir fyrir fæði við vinnu sína, hef ég flutt till. um, að þessi heimild verði einnig látin ná til verkamanna og iðnaðarmanna, sem stunda vinnu fjarri vinnustöðvum sínum og þurfa að sjá sér fyrir fæði.

Í 5. gr. frv. eru nokkur ákvæði, sem ég tel vera mjög gölluð. Í fyrri málsl. 2. tölul. 5. gr. er gert ráð fyrir því, að skattþegn, sem selur fasteign, er hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, verði skattlaus af söluhagnaðinum, ef hann kaupir aðra innan árs eða byggir hús áður en tvö ár eru liðin frá söludegi. Segja má, að þetta ákvæði sé eðlilegt í ýmsum tilfellum, ástæðulaust sé að skattleggja söluhagnað af eign, ef maðurinn er í raun og veru aðeins að skipta um hús eða íbúð, en eins og gengið er frá ákvæðinu í frv., þá er augljóst, að í kjölfar þess gæti siglt margs konar misnotkun á því. Það getur orðið skálkaskjól fyrir fasteignabraskara og íbúðabraskara, sem mundu leika sér að því að kaupa íbúðir og selja til skiptis með verulegum hagnaði, og það yrði gersamlega ómögulegt að ná til þeirra manna, sem vildu hagnast á því að kaupa og selja íbúðir. Að vísu er gert ráð fyrir því, að söluhagnaðurinn sé ekki skattfrjáls, ef um atvinnurekstur er að ræða, en sú takmörkun er engan veginn nægileg. Það er nauðsynlegt að taka fram, að viðskiptin séu ekki gerð í hagnaðarskyni, því að þau geta verið gerð í hagnaðar- eða spákaupmennskuskyni, þótt ekki sé um atvinnurekstur að ræða. Og enn fremur ber brýna nauðsyn til þess að banna, að skattgreiðendur megi gera slíkt oftar en einu sinni t. d. á 10 árum. Það er algerlega ástæðulaust að veita manni skattfrelsi á söluhagnaði íbúðar eða heimila mönnum að skipta um íbúð skattfrjálst oftar en t. d. einu sinni á 10 árum. Með slíkum breytingum mundi þetta ákvæði koma þeim að gagni og þeim einum, sem meiningin er að aðstoða, en ekki geta orðið skálkaskjól fyrir braskara, eins og greinin er núna.

Í seinni málsl. gr. er og gert ráð fyrir því, að söluhagnaður umfram niðurfyrnt verð á eignum, öðrum en fasteignum og skipum, verði skattskyldur, þó aldrei hærri upphæð en fyrningarafskriftunum nemur. Hér er í raun og veru rétt hugsun og eðlileg á ferðinni. Þó að atvinnurekendum hafi verið ívilnað með of háum fyrningarafskriftum, *meðan þeir áttu tækin, þá er það sök* sér, ef skatturinn kemur á þessar tekjur, þegar eignin hverfur úr eigu eigandans og er seld. En hér þyrfti í raun og veru að bæta við ákvæði um, að skattur skyldi einnig koma á áður leyfðan viðhaldsfrádrátt nokkur ár aftur í tímann, t. d. þrjú ár, því að það eru viðtæk skatthlunnindi í ákvæðum gildandi laga um viðhaldsfrádrátt. Þá er það og mjög óeðlilegt að láta skip ekki koma undir þessa reglu, þ. e. a. s. að ætla *að hælda hinum gífurlega háu lögleyfðu afskrift*um af skipum skattfrjálsum, þó að eigendur selji skipin. Hér er verið að lögheimila áfram stórkostleg hlunnindi til allra þeirra, sem eiga og reka skip. Skipseigandi getur afskrifað skipið niður í ⅕ af kaupverði á fjórum árum. Hann getur selt eignina, skipið, fyrir miklu hærra verð en það er niðurfyrnt í og haft allan þann söluhagnað skattfrjálsan, og það sem er þó allra andkannalegast: hinn nýi eigandi, kaupandi skipsins, getur byrjað að fyrna skipið aftur, að fyrna hið háa kaupverð aftur á fjórum árum niður í ⅕ af kaupverðinu, selt skipið aftur með sinn söluhagnað skattfrjálsan, þriðji aðilinn getur fyrnt það í þriðja skiptið og síðan áfram. Þetta eru auðvitað algerlega fráleit ákvæði. Þessum ákvæðum verður að breyta. Ég hef þó ekki við þessa umr. lagt fram brtt. við þessa grein, en mun gera það við 3. umr., ef ekki koma brtt. við hana úr annarri átt.

Þá hef ég gert grein fyrir aðalefni brtt. minna, sem eins og af þessu má sjá eru allviðtækar. Ég vona, að við meðferð málsins muni þær hugmyndir, sem þar koma fram, fá sem rækilegasta athugun, og þeim mun rækilegri sem athugunin verður, þeim mun meiri líkur tel ég á því, að þessar hugmyndir hljóti fylgi og nái fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 612, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ég hef sem einn af nm. skattamálanefndar átt þátt í undirbúningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, og mér þykir því rétt að segja hér nokkur orð út af ýmsu því, sem fram hefur komið hér í ræðum manna um málið, og einnig út af nokkrum atriðum í þeim brtt., sem fyrir liggja.

Hv. 1. landsk. þm. hefur nú skilað áliti minni hl. fjhn., og var verið að útbýta því nú á þessari stundu. Sömuleiðis hefur hann lagt fram brtt. á þskj. 612 og mælt fyrir þeim.

Við 1. umr. frv. lét hv. 1. landsk. þess getið, að beinu skattarnir væru orðnir tiltölulega lítill hluti af ríkistekjunum, en þó finnur hann það að stjfrv., sem hér liggur fyrir, að lækkun beinu skattanna samkv. því sé of lítil, og hann sagðist vilja frv., sem hefði veitt stórum meiri lækkun á sköttum. Ekki get ég neitað því, að mér finnst nokkurt ósamræmi í þessu.

Í framsöguræðu sinni nú við þessa umr. var hv. 1. landsk. þm. að tala um meðferð málsins hér í þingi, og skildist mér hann telja, að hann og aðrir dm. hefðu mjög takmarkaðan tíma til þess að *átta sig á málinu og bera fram brtt.* við frv. Nefndi hann réttilega, að málið er margþætt og mjög vandasamt viðfangs. Ég vil benda á, að það mun nú vera vikutími síðan frv. var útbýtt hér í hv. deild, og hann og aðrir hafa því haft þann tíma til athugunar á málinu.

Ýmislegt kom fram í ræðu hv. þm., og mun ég ekki gera að umtalsefni nema sumt af því. Hann ræddi m. a. um ákvæði frv. um skattfrelsi sparifjár og undanþágu frá framtalsskyldu að því er það snertir, og var á honum að heyra, að hann teldi, að möguleikum til eftirlits með skattaframtölum væri stórspillt, ef þessi ákvæði yrðu gerð að lögum. Ég held, að hv. þm. hafi gert of mikið úr þessu. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að nú á undanförnum árum hafi tekjuframtöl manna t. d. yfirleitt alls ekki verið prófuð af skattayfirvöldum með því að athuga um sparisjóðs- eða bankainnstæður þeirra, heldur hafi verið reynt að komast að hinu rétta um tekjur manna eftir allt öðrum leiðum. Ég vil líka benda á það, að í stjfrv. er, í kaflanum um skattfrelsi sparifjár, ákvæði um það, að ef í ljós kemur ósamræmi í framtölum milli ára, sem rekja mætti til þess, að sparifé hefur ekki verið fram talið vegna þessara nýja ákvæða, þá hafa skattayfirvöld rétt til þess að krefja bæði framteljendur og eins peningastofnanir um upplýsingar um innstæður þar hjá viðkomandi aðilum. Ég held því, að hv. þm. hafi gert of mikið úr þessu atriði.

Þá ræddi hann í þessu sambandi nokkuð um ákvæði í öðru frv., sem hér er á dagskránni, frv. um útsvör, og komst að þeirri niðurstöðu, að þar væri mjög takmörkuð heimild niðurjöfnunarnefnda í sambandi við útsvarsálagningu. Hann sagði, að það hefði verið úrræði þeirra að leggja á samkv. ákvæði útsvarslaganna um heimild til að leggja á eftir efnum og ástæðum að einhverju leyti, en þessi réttur væri tekinn af þeim, ef þetta útsvarsfrv. yrði samþykkt. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Það er ekkert hreyft við þessu ákvæði í útsvarslögunum. Hitt er annað mál, að niðurjöfnunarnefndum er gert að skyldu, ef eftir er leitað, að gefa gjaldendum upplýsingar um það, hvernig útsvarið hefur verið á þá lagt, og það sýnist nú satt að segja ekki til mikils mælzt, að það sé gert. Það er víst óhætt að fullyrða, að það eru hvergi á byggðu bóli slík ákvæði um álögur á menn sem hér eru í útsvarslögunum og hafa verið lengi um það, að leggja megi á eftir efnum og ástæðum, sem sagt bara eftir geðþótta niðurjöfnunarnefnda og hreppsnefnda. Þetta mun ekki þekkjast í einu einasta landi nema Íslandi. Og ég held, að þetta hljóti áður en langt líður að hverfa úr sögunni, því að menn hljóta að komast að raun um, að þetta er mjög óviðfelldin og óviðeigandi aðferð, þó að hún hafi verið notuð hér. Ég held satt að segja, að það sé kominn tími til fyrir alla aðila að fara að venja sig við þann hugsunarhátt, að frá þessu verði horfið. Ég held líka, að það væri spor í rétta átt, ef niðurjöfnunarnefndir t. d. fengju nokkurn áhuga fyrir því, að skattaframtöl manna væru réttari en þau eru núna víða, og reyndu þá að eiga hlut að því að fá fram réttari framtöl á tekjum og eignum manna.

Hv. þm. segir, að samkv. frv. sé of lítill munur á skatti einhleypra manna og hjóna. Um þetta má náttúrlega deila fram og aftur, en eins og fram hefur verið tekið áður af öðrum í sambandi við þetta frv., er hér gerður miklu meiri þessi munur en hann er nú. Lækkunin á sköttum hjá persónulegum greiðendum fellur öll svo að segja í hlut hjóna og þeim mun meira sem þau hafa fleiri börn á framfæri, en kemur lítið til góða einhleypingum, þannig að þessi munur er gerður miklu meiri en hann nú er.

Hv. þm. er með till. um það, að það verði sleppt við skatt hærri upphæðum, bæði hjá einhleypingum og hjónum, heldur en gert er ráð fyrir í frv., þ. e. a. s., að skattlagningin byrji ekki á eins lágum tekjum og nú er gert ráð fyrir í frv., og fleiri hv. þm., einnig frá Sósfl. og Þjóðvfl., sem eru hér með brtt., eru einnig með till. um þetta atriði. Þessar till. eru svo nýlega fram komnar, að mér hefur ekki unnizt tími til að athuga það, hvað þetta mundi valda mikilli lækkun á sköttunum. Það er hægt að fá áætlanir um þetta með útreikningum, en það tekur dálítinn tíma. En ég þori að fullyrða, að þessar till. þeirra mundu valda mjög mikilli lækkun í heild á sköttunum, vegna þess að þær snerta alla skattgreiðendur, sem eru fyrir neðan þetta tekjumark, sem þeir eru með till. um, og þeir eru ákaflega margir. Það er nefnilega allur fjöldinn af skattgreiðendunum, sem þetta snertir, eða það mikill fjöldi, að það mundi gera stóra upphæð í heildinni.

Þá vill hv. 1. landsk. þm. gera allar giftar konur að sjálfstæðum framteljendum eða sjálfstæðum skattborgurum, eins og ég held að hann hafi orðað það, og flytur till. um það efni. Þessi till. sýnist mér þannig, að það gæti orðið nokkur vafi á því, hvernig ætti að framkvæma hana í ýmsum tilfellum, og hefur verið þannig um till., sem hv. þm. hefur flutt áður hér á þinginu um þetta efni, að á þeim hafa verið ýmsir vankantar, og ég held, að það sé bezt að komast hjá þessu eins og reynt hefur verið við samningu þessa frv., sem hér liggur fyrir, með því að taka inn í lögin það nýmæli, að það verði sérstakur skattstigi gildandi fyrir hjón, nokkru lægri en fyrir einhleypinga. Þetta mundi náttúrlega fjölga framteljendum um tugi þúsunda og mundi þar af leiðandi verða miklu meiri vinna við útreikninga á skatti og auka kostnað við skattálagninguna, sem mér skildist þó hv. 1. landsk. telja nú þegar nógu mikinn.

Hv. þm. sagði í sambandi við þetta eitthvað á þá leið, að ef húsbóndinn vinnur einn fyrir öllum tekjum heimilisins, þá hefur hann undan engu að kvarta, þó að hann borgi stighækkandi skatt eins og aðrir með sömu tekjur, annað mál sé með giftu konuna, sem vinni ef til vill við hliðina á annarri ógiftri. Um þetta má nú ýmislegt segja. Þetta mál hefur verið til athugunar víðar en hér hjá okkur, þetta um samsköttun eða sérsköttun hjóna. Danska skattamálanefndin, sem hefur starfað um mörg ár, hefur haft þetta til meðferðar t. d., og það er töluvert um þetta rætt í áliti þeirrar nefndar. Niðurstaða nefndarinnar er sú, að það eigi ekki að hverfa frá samsköttuninni og fara að skattleggja hjón sitt í hvoru lagi. Danska nefndin bendir t. d. á það á einum stað í sínu áliti, að ef þannig sé ástatt á einu heimili, að húsbóndinn geti aukið tekjur heimilisins með því að taka að sér eftirvinnu eða yfirvinnu og geri það, þá mundi hann eða það heimili borga hærri skatt en annað, ef þessu

væri hagað þannig á því heimili, að í stað þess að eiginmaðurinn aflaði þessara viðbótartekna, gerði kona hans það og teldi þær tekjur fram sérstaklega til skatts. Þetta telja þeir Danirnir að muni leiða til ósamræmis og misréttis, og niðurstaða þeirra er því sú, að þeir vilja halda við samsköttunarreglunni, sem þar hefur gilt til þessa.

Um persónufrádráttinn ræddi hv. þm. nokkuð, og það er rétt hjá honum, að með því fyrirkomulagi, sem þar er, má segja, að persónufrádrátturinn valdi meiri lækkun á skatti hjá þeim, sem hefur háar tekjur heldur en lágar. En það á að vera tekið tillit til þessa við samningu skattstiganna að sjálfsögðu. Og ég vil benda á það, að hv. þm. hefur á undanförnum þingum flutt hér frv. um hækkun á persónufrádrætti og þá gert ráð fyrir því alltaf að hafa hann í sama horfi og nú er, með þessum ágalla. Það er fyrst nú, sem hann mun vera með einhverja breytingu í sínum till., sem hér var útbýtt í dag.

Þá ræddi hv. 1. landsk. þm. nokkuð um eitt atriði í brtt., sem hann hefur lagt fram, sem er nýmæli, eins og hann sagði, en það er það, að einstaklingum verði leyft að mynda byggingarsjóði á þann hátt, að þeir megi draga frá tekjum allt að ¼ hluta þeirra og leggja í slíkan sjóð, þennan hluta megi þeir fá skattfrjálsan, þó ekki meira en 20 þús. kr. á ári og 200 þús. kr. samtals. Hv. þm. sagði, að þetta nýmæli hefði tvær hliðar, annars vegar stuðlaði það að auknum byggingum, sem þörf væri fyrir, og einnig stuðlaði það að auknum sparnaði, þetta væri hvort tveggja gott, og það er rétt. Ég hef nú ekki haft mikinn tíma til að athuga þessa till., en mér sýnist þó, að það muni vera fleiri kantar á henni heldur en þessar tvær hliðar og sumir þannig, að þeir kynnu að vera dálitið athugunarverðir eins og þetta er hér fram sett. Það stendur í till.: „Fjölskyldumenn, sem ekki eiga 90 m² íbúð eða stærri, skulu undanþegnir tekju- og eignarskatti af framlögum í eigin byggingarsjóð samkvæmt eftirfarandi reglum“ o. s. frv. Ekkert er um það fram tekið í till., að þetta eigi að gilda aðeins fyrir þá, sem hafa sérstaka þörf fyrir slíka skattaívilnun. Mér skilst, að þetta gildi fyrir alla, jafnvel þó að menn eigi í hlut, sem séu það efnum búnir, að þeir geti hvenær sem er án þess að fá nokkur skattfríðindi keypt íbúð eða byggt hús handa sér. Þá sýnist mér, að menn gætu, ef þetta yrði að lögum, haft hagnað af þessu, þó að þeir nú ættu íbúð, sem væri stærri en 90 fermetrar, með því bara að selja hana. Eftir að þeir eru búnir að selja sína íbúð, eiga þeir hana ekki og gætu þá held ég, eins og till. er orðuð, farið að safna í byggingarsjóð og fengið þannig skattfrjálsan fjórðung tekna sinna, allt að 20 þús. kr. á ári, alveg án tillits til þess, hvað efnahag þeirra líður, og þó að þeir ættu inni á banka eða einhvers staðar annars staðar andvirði íbúðarinnar, sem þeir áttu, en hefðu nú selt. Ég held þess vegna, að þetta þyrfti að athuga miklu nánar, áður en það yrði samþykkt, og ég held það séu þarna ef til vill möguleikar til þess fyrir menn, sem vildu það viðhafa, að misnota þetta ákvæði eins og það er fram sett.

Þá ræddi hv. 1. landsk. að síðustu um það, að tekjuskattinn ætti að innheimta jafnóðum og teknanna er aflað, og hv. þm. Þjóðvfl. eru með till. um þetta efni einnig. Mér er nú reyndar ekki alveg ljóst af till. hv. 1. landsk., hvernig hann hugsar sér þessa framkvæmd. Mér skilst þó á síðustu brtt. hans, að hann ætlist til þess, að það verði sett reglugerð um það að innheimta tekjuskatt þannig, að launþegar greiði skatt af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað, og heimilt sé að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna svo miklum hluta af kaupi þeirra, að nægi fyrir skattgreiðslunni. Það eru nú í lögum ákvæði, í 45. gr. l., um heimild til þess að skylda kaupgreiðendur til þess að aðstoða við innheimtuna á þennan hátt. En út af hinu atriðinu, að innheimta tekjuskatt jafnóðum og teknanna er aflað, vil ég segja það, að um þetta hefur verið þó nokkuð rætt í skattamálanefnd og þetta mun hafa verið tekið upp fyrir nokkru í Sviþjóð. Nokkuð eru mismunandi fregnir af því, hvernig þeim þykir þetta þar gefast. Ég held nú, eftir að hafa athugað þetta mál töluvert, að það eigi ekki við hér hjá okkur að taka þetta upp. Þetta er að vísu hægt að gera, að innheimta skatt með þessu móti hjá launafólki. En það er bara ekki hægt hjá miklum fjölda af skattgreiðendum hér á landi, eins og okkar atvinnuvegum er háttað. Það er svo um ýmsa iðnaðarmenn t. d., sem vinna sem kallað er fyrir eigin reikning, að það er ekki hægt að gera upp tekjur þeirra mánaðarlega, og það er þannig um alla bændur landsins og sveitafólk yfirleitt, að þetta væri ekki hægt að gera þar. Þar er ekki hægt að reikna skattana út fyrr en eftir árið, þegar reikningar þess eru uppgerðir. Og ef það væri tekin upp þessi regla að því er launafólk snertir, þá yrði afleiðingin sú, að hér yrðum við með tvenns konar skattakerfi samtímis, og það mundi áreiðanlega verða þyngra í vöfum og kostnaðarsamara heldur en þetta, sem við búum við nú. Ég vil líka benda á, að það ætti að vera hægt að ná að nokkru leyti því sama sem vakir fyrir þessum hv. þm., að því er snertir launafólkið, með því að nota heimild laganna til þess að innheimta hjá því jafnóðum og það fær sínar tekjur, mánaðarlega, upp í skatt. Þar hreyfist þetta ekki svo mjög frá ári til árs, hjá fólki, sem hefur sín fastákveðnu laun. Og það væri vitanlega vel til athugunar að taka upp þá innheimtuaðferð hjá þeim, sem hafa þannig tekjur eða stunda þannig störf, að þetta getur átt við.

Hv. 8. landsk. þm. sagði hér við 1. umr. frv., að í því væri ekkert gert fyrir hinn almenna borgara. Hér eru þó í þessu frv. ákvæði um mikla lækkun á tekjuskatti fjölskyldufólks, fríðindi til fiskimanna, leigufrádráttur hjá þeim, sem búa við hæsta húsaleigu, frádráttur vegna heimilisstofnunar og ýmislegt fleira. En hv. þm. virðist halda því fram, að þetta komi almenningi ekki að neinu gagni, heldur sé þetta eingöngu gert allt fyrir auðmenn og auðfélög. Hv. þm. hefur borið hér fram brtt. ásamt hv. 8. þm. Reykv., og eru þær á þskj. 591. Ræddi hann nokkuð um þessar till. sínar hér á fundi í dag. Hann beindi því í upphafi ræðu sinnar til hæstv. forsrh., að hann ætti nú að athuga till. þeirra

þjóðvarnarmanna, því að hann væri ekki eins smásmuglegur í þessum efnum og hæstv. fjmrh.

Hv. þingmenn Þjóðvfl. flytja hér till. um það, að hjá hverjum einstaklingi skuli ekki skattlagðar tekjur, ef þær eru undir 8 þús. kr., þ. e. a. s. skattskyldu tekjurnar, og ef skattskyldar tekjur hjóna eru undir 10 þús. kr., þá greiðist enginn skattur af þeim. Hins vegar leggja þeir til, að sá, sem hefur 8 þús. kr. skattskyldar tekjur, þ. e. a. s. einhleypur maður, skuli borga 150 kr. Það er nokkuð svipað ákvæði í till. frá hv. þingmönnum Sósfl. á þskj. 589. Þeir leggja þar til, að ef skattskyldar tekjur einstaklings eru undir 20 þús. kr., þá greiðist enginn skattur, en af 20 þús. kr. greiðist 630 kr. Og ef skattskyldar tekjur hjóna eru undir 20 þús. kr., greiðist enginn skattur, en af 20 þúsundum greiðist 560 krónur. Samkv. till. hv. þingmanna Þjóðvfl. yrði það þannig, að maður, sem hefur 7999 kr. í skattskyldar tekjur, á ekki að borga neitt, en sá, sem hefur 8000 kr., á að borga 150 kr., og samkv. till. þingmanna Sósfl. á sá einstaklingur, sem hefur 19999 kr. ekki að borga neitt, en hafi hann 20 þús. kr., þá á hann að borga 630 kr. Ja, hún er geysidýr þessi eina króna samkv. þessum till., og ekki finnst mér ósennilega til getið, að menn mundu nú í lengstu lög reyna að hnika til sínum framtölum þannig, ef tekjurnar væru eitthvað nálægt þessu marki, að heldur yrði nú krónunni minna en meira talið fram. Hugsanlegt er það. Mér finnst því, hvað sem annars má um þetta segja, að byrja skattlagninguna ofar en lagt er til í stjfrv., að þá þyrfti þetta nú einhverrar nánari athugunar við. Annars er það athyglisvert við till. þeirra hv. þingmanna Þjóðvfl. og Sósfl. viðkomandi skattstiganum eða skattstigunum, að þeim virðist hann nokkuð góður, skattstiginn, eins og hann er í stjfrv., því að þeir gera ekki tillögur um breyt. á honum nema þarna neðst, eins og ég hef nú lýst, og á þann hátt, sem ég hef lýst. Að vísu er það svo um till. þeirra þjóðvarnarmanna, að þeir leggja til, í staðinn fyrir að í stjfrv. er gert ráð fyrir, að sá, sem hefur yfir 130 þús. kr. skattskyldar tekjur, borgi 40% af afganginum, þá komi 41%. Munar það náttúrlega litlu. En þetta segja þeir að sé til að vega á móti lækkun á skattinum af lágtekjum. Ég held, að þetta hrykki nú skammt til að vega upp lækkunina, sem þeir leggja til, — mjög skammt. En hv. 8. landsk. segir, að með þessu sé verið að taka bagga af bökum hinna fátæku og færa þá yfir á bök þeirra, sem hafa yfir 130 þús. kr. skattskyldar tekjur, og þetta muni jafnast. Þetta mundi nú áreiðanlega ekki jafnast. Og ég var að reyna að gera mér ljóst, hvernig þetta mundi koma út, ef þeirra till. yrðu samþykktar. Það er rétt, eins og tekið er fram, að t. d. einstaklingur, sem hefur minna en 8 þús. kr. skattskyldar tekjur, mundi vera skattfrjáls eftir þeirra tillögum, en greiða dálítið eftir stjfrv. Ekki er það nú há upphæð að vísu. En ég athugaði það, að einstaklingur, sem hefði 150 þús. kr. nettótekjur, mundi borga eftir till. þjóðvarnarmanna 890 kr. minni skatt heldur en eftir stjfrv., svo að ekki mundi nú færast neinn baggi yfir á hans bak, þó að þeirra till. yrðu samþykktar. Ég athugaði líka ómagalaus hjón með jafnmiklar nettótekjur, 150 þús. kr., og þau mundu greiða eftir till. þeirra 1970 kr. minna en þau eiga að borga eftir frv.

Hv. 8. landsk. þm. var líka að tala um að innheimta skattana af tekjunum, um leið og teknanna væri aflað, og vill láta það gilda frá ársbyrjun 1955. Ég hef þegar rætt um þessa till. í sambandi við aðra svipaða frá hv. 1. landsk.

Hv. 8. landsk. þm. endaði ræðu sína á endurtekinni áskorun til hæstv. forsrh. um að kveða nú niður nánasarskapinn í þessum skattamálum. Þjóðvfl. virðist setja mest traust á hann, hæstv. forsrh., þegar um lagfæringar á skattalögunum er að ræða. Ef til vill hafa þeir ætlað sér að mýkja hann svolítið líka með því að bera fram till., sem mundu lækka hans skatt persónulega um dálitla fjárhæð, en hann mundi fá nokkra skattalækkun, sennilega skiptir það hundruðum, kannske nær það þúsundi, ja, ég skal ekki segja um það, en það skiptir nokkurri fjárhæð, sem hann mundi borga minna í tekjuskatt eftir þeirra till. en ef stjórnarfrv. verður samþ. eins og það nú er.

Hv. þm. Siglf. ræddi hér um till., sem hann og nokkrir fleiri hafa flutt, en hafa nú tekið aftur til 3. umr., og get ég því frestað að tala um hana nú.

Ég hef þegar gert nokkuð að umtalsefni till. þm. Sósfl., sem hv. 11. landsk. þm. mælti fyrir um breytingar á skattstiganum, og get látið það nægja.

Hv. 9. landsk. þm. talaði hér um till., sem hann og tveir flokksbræður hans flytja á þskj. 586 og er um það, að kaup verkafólks fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu skuli ekki reiknast til skatts, nema eins og greitt hefði verið fyrir dagvinnu, þ. e. a. s. kauphækkunin ætti að vera skattfrjáls, skilst mér, vegna eftir-, nætur- og helgidagavinnu.

Út af þessu vil ég segja það, að ég held, að það yrði töluverð aukavinna við að reikna þetta út, en látum það vera. Annað kemur hér líka til athugunar í sambandi við þetta, að ég tel, að það mundi valda misrétti, ef þetta næði eingöngu til verkafólks. Hvað er þá að segja t. d. um sjómenn á fiskibátum, sem oft vinna vitanlega mjög mikið í næturvinnu og eftirvinnu? Hvers vegna ætti þá ekki að gilda sama reglan um þá? En í sambandi við það má auðvitað viðurkenna, að það væri mjög erfitt að koma þessu við þar, því að það er ekki gott að greina þar á milli, hvað mikið af þeim tekjum, sem þeir fá eftir vertíðina, er fyrir dagvinnu og hvað fyrir næturvinnu og eftirvinnu. Það er sennilega óleysanlegt dæmi. Svipað má segja um aðrar stéttir, eins og t. d. bændur og annað sveitafólk. Þar er mjög mikið unnið í eftirvinnu og stundum í næturvinnu, og það er enginn möguleiki að greina það í sundur, þegar fundnar eru út tekjur bóndans eftir árið, hvað mikinn hluta þeirra hann hefur fengið fyrir næturvinnu og hvað fyrir dagvinnu. Ég held því, að það verði ýmsir annmarkar á því að taka upp þessa reglu, en fráleitt tel ég að láta þetta gilda aðeins um ákveðinn hóp manna, en ekki aðra, sem líka verða oft að leggja á sig mikla næturvinnu og eftirvinnu.

Þá ræddi hv. 9. landsk. þm. einnig um aðra till., sem hann flytur einn á þskj. 587 og er um sérsköttun á tekjum konu. Hann talar um það, að til þess að komast af með að greiða minni skatta en nú er, skilst mér, þá geti hjón skilið og fólk geti líka búið saman ógift í stað þess að giftast. Þetta hefur maður heyrt áður. En ég vil benda á það, að í frv., sem nú liggur fyrir, er einmitt hlutur hjóna gerður miklu betri á margan hátt en áður var í samanburði við einhleypinga. Þannig er nú, eins og þegar hefur verið lýst, till. um það í frv., að það verði sérstakur skattstigi fyrir hjón, lægri en fyrir einhleypinga. Þá er einnig aukin heimild til að *draga frá keypta heimilisaðstoð*. Þá er það nýmæli í frv., að þar er gert ráð fyrir verulegum frádrætti vegna kostnaðar við heimilisstofnun á því ári, sem karl og kona ganga í hjónaband, og þetta fái þau vitanlega ekki, ef þau láta það vera að *giftast*, en búa saman ógift. Þá er enn eitt, sem hefur allmikla þýðingu, að minnsta kosti hér í Reykjavík, og það er húsaleigufrádrátturinn, sem eingöngu á að gilda fyrir fjölskyldufólk.

Við 1. umr. frv. *flutti* hv. 5. þm. Reykv. ræðu og gerði þar einkum að umtalsefni frv. um skattamál, er hann ásamt hv. 2. þm. Eyf. bar fram á síðasta þingi.

Þetta frv. þeirra, sem þeir fluttu þá, bar það með sér, að efni þess var fengið frá öðrum fulltrúa Sjálfstfl. í skattamálanefndinni, Sigurbirni Þorbjörnssyni, og sennilega að mestu samið af honum. Þar var till. um að skipta skattskyldum tekjum hjóna í tvo jafna hluta og að skattur reiknaðist í tvennu lagi, af hvorum helmingi fyrir sig. Þessi till. var lögð fram af Sigurbirni Þorbjörnssyni í skattamálanefndinni 9. júlí 1952 til athugunar. Hinn sjálfstæðismaðurinn í n. stóð ekki að till., og honum voru ljósir annmarkar á þessu eins og fleiri mönnum í n. Þessi regla mundi valda óeðlilega mikilli lækkun á tekjuskatti og tekjuútsvari hjá hátekjuhjónum, en þessa till. lét þessi nm. í frv., sem þeir tveir flokksbræður hans báru fram hér á þinginu í fyrra. Hann lagði einnig til í það till. um skattstiga og persónufrádrátt, sem hann lagði fram í skattamálanefnd til athugunar nokkru áður, eða 10. sept. 1952, gerði þó smávægilegar breytingar á stiganum til lækkunar, áður en hann lét hann í frv., sennilega vegna breytingar á svo nefndri umreikningsvísitölu.

Í skattamálanefndinni hafði verið rætt um að auka tekjufrádrátt vegna keyptrar heimilisaðstoðar og till. lagðar þar fram um það. Þessi nm. lét því till. um það efni í þetta frv. Þá hafði einnig verið rætt um það í n. að veita hjónum tekjufrádrátt vegna kostnaðar við stofnun heimilis á því ári, sem þau ganga í hjónaband. Höfðu *framsóknarmenn í n. lagt þar fram till.* um þetta til athugunar. Þetta atriði lét þessi nm. einnig koma fram í frv. Á þann hátt, sem ég hef hér lýst, var það frv. til komið, sem þeir hv. 5. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Eyf. fluttu á þinginu í fyrra. Og þegar þetta er athugað, er það í meira lagi skrýtið, þegar hv. 5. þm. Reykv. er að gefa í skyn, að frv., sem hér liggur fyrir og undirbúið er af skattamálanefndinni, sé að einhverju leyti byggt á þeirra frv. eða þar sé farið inn á þeirra slóðir, eins og hann orðaði það í ræðu sinni.

Frv. þeirra hv. 5. þm. Reykv. og félaga hans var þannig úr garði gert, eins og ég hef hér gert grein fyrir, að efni þess var sótt í till., sem einstakir nm. í skattamálanefnd höfðu lagt þar fram og voru til athugunar hjá n. Frv. þeirra gat því vitanlega ekki orðið og varð ekki til neinna nota við störf skattamálanefndarinnar.

Þá var hv. 5. þm. Reykv. einnig að tala um það í sinni ræðu, að miklu lengra mundi komið endurskoðun skattalaganna, ef heilbrigður áhugi hefði verið hjá skattamálanefndinni. Ég tel ummæli hans um það, að nm. í þeirri n. hafi skort *áhuga á því að leysa það mál, sem þeim var falið* að vinna að, órökstudd og ómakleg. Ég mun ekki fara að ræða meira um það að sinni, þar sem þessi hv. þm. er hér ekki viðstaddur nú á fundinum. En benda má á það, að þetta mál allt, skattamálið, er margþætt og vandasamt á ýmsan hátt, og það er því ekkert óeðlilegt, að lausn þess taki nokkurn tíma. Nm. þurfa margt að athuga og margs að gæta. Þeir þurfa að afla sér upplýsinga víðs vegar að viðkomandi verkefninu og hafa samráð um margt við aðra, bæði einstaka embættismenn og marga aðra, sem málið snertir. Og ég vil endurtaka það, að ég tel aðdróttanir hv. 5. þm. Reykv. um áhugaleysi hjá n. við að vinna að þessu máli ekki á rökum reistar.

En það er svo um þetta frv., sem þeir tveir hv. þm. Sjálfstfl. fluttu hér á þinginu í fyrra, að auk þeirra tveggja er þó a. m. k. einn maður hér á þingi, sem hefur töluvert álit á því frv.; það kom á daginn við 1. umr. þessa máls. Það er hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Mér þykir leitt, ef hann er ekki hér viðstaddur nú, en við því fæ ég ekki gert. Hann hældi því frv. mjög við 1. umr. þessa máls og sagði m. a., að það væri ekkert undarlegt, þó að þeir sósíalistar hefðu orðið hrifnir af frv. hv. 5. þm. Reykv. Hann lét þess getið um leið, að í það frv. hefði verið tekin einhver till. frá sósialistum. Hann sagði, að frv. þeirra sjálfstæðismanna hefði verið „bara anzi laglegt“ og miklu betra en stjórnarfrv., sem nú er hér til umr. Og hv. 2. þm. Reykv. sagði, að nú væri það helzta ráðið, að Alþfl.- og Sjálfstfl.-menn í fjhn. d. tækju höndum saman og reyndu að færa málið í svipað horf og það var hjá sjálfstæðismönnum í fyrra fyrir kosningar.

Samkvæmt frv. þeirra sjálfstæðismanna áttu hjón með tvö börn á framfæri og 30 þús. kr. nettótekjur eða lægri að sleppa við tekjuskatt. Þau *eiga hins vegar að borga samkvæmt þessu* frv. 0.53% af tekjunum í skatt. Það er nú allt og sumt. En samkvæmt frv. þeirra sjálfstæðismanna hefði einhleypingur með 30 þús. kr. hreinar tekjur borgað 25% hærri tekjuskatt en *samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, og hjón* ómagalaus með 40 þús. kr. hreinar tekjur hefðu borgað 3% hærri skatt samkvæmt frv. þeirra sjálfstæðismanna en eftir þessu frv. En aðaláhrifin, sem orðið hefðu af því, ef frv. þeirra sjálfstæðismanna frá í fyrra hefði verið samþ., hefðu orðið mjög mikil lækkun á sköttum hjóna, sem hafa háar tekjur, enda sjáanlega aðaltilgangur flm. Þetta hlaut að verða afleiðingin af því

að skipta tekjum allra hjóna í tvennt, hversu háar sem þær eru. Það hefði því orsakað mjög miklu lægri tekjuskatt hjá kvæntum mönnum með háar tekjur en hann mun verða, ef stjfrv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. En þetta segir hv. 2. þm. Reykv. að sé harla gott og lætur í ljós sérstaka hrifningu sína yfir því. Þó var þessi hv. þm. í ræðu sinni að tala um háa nefskatta og að aflétta þyrfti tollum, söluskatti og bátagjaldeyrisálagi. Ef til vill dettur honum í hug, að það verði auðveldara að lækka tolla og þess háttar gjöld, ef beinir skattar á hátekjufólki verða lækkaðir miklu meira en lagt er til í því frv., sem hér liggur fyrir. En ýmsir aðrir munu líta öðruvísi á það mál.

Í frv., sem hér liggur fyrir, eru m. a. ákvæði um mjög aukna heimild til að draga frá tekjum iðgjöld vegna lífeyristrygginga, einnig um frádrátt á fæðiskostnaði og hlífðarfatakostnaði fiskimanna og ferðakostnaði manna vegna atvinnusóknar. Þá eru ákvæði í frv., eins og ég hef áður getið um, þess efnis, að leigjendur húsnæðis, sem búa við mjög óhagstæð leigukjör, en svo er um mikinn fjölda fólks, sérstaklega hér í Reykjavík, megi draga frá tekjum nokkurn hluta húsaleigunnar. Þetta er nýmæli eins og fleira í frv. Enn eru ákvæði um frádrátt á hluta af björgunarlaunum, sem greidd eru áhöfnum skipa, og enn fremur ákvæði um skattfrelsi sparifjár. Ekkert af þessu, sem ég nú hef talið, var í frv. þeirra sjálfstæðismanna á síðasta þingi, en þrátt fyrir það telur hv. 2. þm. Reykv., að það frv. hafi verið miklu, miklu betra en stjórnarfrv., sem hér er á ferð. Ég geri ráð fyrir því, að allur fjöldinn muni nú líta nokkuð öðruvísi á það mál, ef hann gerir samanburð á þessu tvennu.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera örfáar athugasemdir við ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG), að svo miklu leyti sem í henni fólst svar við ræðu minni í dag.

Hv. þm. sagði, að það væri nokkurt ósamræmi hjá mér í því að telja beinu skattana of lítinn hluta ríkisteknanna, en vilja samt lækka þessa beinu skatta enn frekar en hæstv. ríkisstj. hefði gert till. um í sínu frv.

Sannleikurinn er sá, að ég hef fyrst og fremst fundið að því, að beinu skattarnir skuli vera jafnlítill hluti ríkisteknanna og þeir eru í raun og veru þrátt fyrir það, hvað skattstigarnir eru háir og beinu skattarnir þá um leið hvíla þungt á vissum stéttum, sérstaklega launastéttunum í hinum stærri kaupstöðum. Þetta er fyrst og fremst afleiðing af því, að skattakerfið sjálft er óheilbrigt, og þess vegna hef ég lagt megináherzlu á, að ráðstafanir í skattamálum ættu að beinast í þá átt að lækna þetta óheilbrigði skattakerfisins. Það, sem gera þarf, er fyrst og fremst að flytja skattbyrði beinu skattanna, eins og þeir eru núna, af herðum launþeganna í allríkum mæli og yfir á herðar atvinnurekstrar og gróðamanna. Ég tel þess vegna ekkert ósamræmi í því að gera till. um lækkun á þeim beinu sköttum, sem hvíla á herðum launamanna, því að ég tel hægt að ná þeirri lækkun aftur inn af tekjum atvinnurekstrar og ýmiss konar gróðastarfsemi, sem skattabyrðin hvílir nú of létt á. Hitt er svo annað mál, hversu háir beinu skattarnir yfirleitt eiga að vera í hlutfalli við heildarríkistekjurnar. Ég er á þeirri skoðun, að ef miðað er við heilbrigt tekjuskattskerfi, þá ætti hlutdeild beinu skattanna í ríkistekjunum að verða miklu hærri en hún er núna. En svo óheilbrigt, svo sjúkt getur tekjuskattskerfið verið, að beinu skattarnir séu ranglátari gagnvart lágtekjum og miðlungstekjum og launamönnum yfirleitt heldur en vissar tegundir óbeinna skatta. Skattakerfi okkar þjáist einmitt af slíkum sjúkdómi, og það er þess vegna, sem ekki er hægt að komast hjá því að bera fram till., sem verða til þess að lækka beinu skattana enn, vegna þess að þeir hvíla of þungt á launastéttunum.

Hins vegar er nokkurt ósamræmi hjá hv. þm. og fleiri forsvarsmönnum hæstv. ríkisstj. að býsnast sérstaklega yfir till. um lækkun á beinum sköttum einstaklinga, þegar þagað er algerlega um þau gífurlegu skattfríðindi, sem ýmiss konar atvinnurekstur, mikill gróðarekstur, nú nýtur, því að þau skattfríðindi eru sannarlega ekki lítil, sem atvinnurekstur nýtur vegna skattfrelsis varasjóðstillaga, fyrningarafskrifta og heimilda til skattfrjáls viðhalds á mörgum eignum, enda mun það vera svo um ýmsar atvinnugreinar, svo sem ég lét getið lítillega við 1. umr., að reglur gildandi skattalaga um þær greinar eru þannig, að það er varla hugsanlegt, að fyrirtæki í þeim græði svo stórkostlega, að þau geti lent í tekjuskatti að nokkru ráði. Meðan tekjuskattslöggjöfin er þannig að því er snertir ýmsan atvinnurekstur, ýmsan gróðarekstur, þá tel ég sjálfsagt að haga skattlagningu á launþega ekki þannig, að hún sé þeim til verulegrar byrði.

Ég tel ekki heldur hægt að býsnast sérlega yfir till. til lækkunar á tekjuskattgjaldi einstaklinga, þegar af hálfu hæstv. ríkisstj. eru lagðar fram nokkrar till., sem verða mundu til þess að ýta undir ýmiss konar brask, t. d. með fasteignir, sem meiningin er að geti orðið skattfrjálst, ef frv. nær fram að ganga algerlega óbreytt, og á ég þar við ákvæði í 5. gr. frv., svo sem ég vék lítillega að í dag.

Hv. þm. taldi, að ég hefði kveðið of fast að orði, þegar ég sagði, að undanþága frv. undan framtalsskyldu á sparifé mundi verða til þess að torvelda skatteftirlit verulega, því að skatteftirliti hefði ekki verið beitt þannig að nota breytingar á sparifé frá ári til árs sem mælikvarða á það, hvort framtölin væru rétt eða ekki. Það kann að vera, að hingað til hafi sparifé ekki mikið verið notað sem mælikvarði á slíkt, en ef það verður ekki lengur framtalsskylt, þá er hætt við því, að breytingar á sparifé verði notaðar sem afsökun eða sem skýring á ýmsum óeðlilegum breytingum, sem verða á framtöldum tekjum skattgreiðenda frá ári til árs og að skattanefndir muni þá oft og einatt ekki geta fundið þær skýringar, sem hnekkt geti staðhæfingu skattgreiðenda um það efni, að hin óeðlilegu framtöl eigi rót sína að rekja til breytinga á óframtalsskyldu sparifé. Ég vil geta þess, að ýmsir sérfróðir menn um skattheimtu, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, hafa sagt við mig, að þeir teldu þetta

ákvæði vera stórt spor aftur á bak og mundi torvelda skatteftirlit talsvert frá því, sem nú er.

Hv. þm. taldi, að ég hefði sagt í ummælum mínum um útsvarsfrv., að með því væri afnuminn réttur skattanefnda til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum. Þetta vildi ég a. m. k. ekki sagt hafa, heldur það eitt, að með þessum ákvæðum væri lagaréttur þeirra skertur til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum. Það liggur alveg í augum uppi, að ef leggja á á eftir auglýstum skattstiga og gera hverjum einstökum skattgreiðanda grein fyrir því, hvernig útsvar hans hefur verið á lagt, þá er svigrúmið til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum miklu minna en áður var. Sérfróður maður um útsvarsálagningu ræddi þessi mál einmitt við mig nú í matartímanum áðan og sagði mér ýmis dæmi um það, hversu framtölum manna væri ábótavant og jafnframt hversu torvelt gæti oft og einatt verið að staðhæfa, hvað þá sanna, að um galla á framtalinu væri að ræða. Ef niðurjöfnunarnefndarmenn væru nokkurn veginn á einu máli um það, að framtal væri augljóslega gallað, þótt sönnunum yrði ekki við komið, þá væri lagt á samkvæmt efnum og ástæðum, að því er þeir teldu, og í mörgum tilfellum gæti það leitt til þess, að útsvar yrði margfalt réttlátara en það yrði, ef þeir væru nauðbeygðir til þess að taka hið augljóslega ranga skattaframtal til greina, án þess að geta gert ráðstafanir í því sambandi. Hann vildi fullyrða, að ef þetta frv. næði fram að ganga, þá mundi það hafa í för með sér, að álagt útsvar hér í Reykjavík mundi minnka um milljónir. En nú er útsvarsupphæðin hér fastákveðin, verkefni niðurjöfnunarnefndar er það að jafna niður ákveðinni upphæð. Ef þessi skerðing á beitingu reglunnar um að leggja á eftir efnum og ástæðum hefur í för með sér lækkun á árlegum útsvörum á vissa gjaldendur um milljónir, þá er enginn annar úrkostur en að hækka útsvör á öðrum gjaldendum, þ. e. þeim, sem telja samvizkusamlega fram, um sömu tölu. Ég fékk það alveg staðfest, sem ég sagði í dag, að svo gæti farið, að sú allt að 10 millj. kr. lækkun á landinu öllu á tekjuskattgreiðslum til ríkisins, sem þetta frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, mundi hverfa aftur hjá launþegum, vegna þess að ýmsir aðilar fengju aukið tækifæri til þess að skjóta tekjum undan skatti vegna þess arna. Ég hef styrkzt í trú minni á það, að ákvæði þessa útsvarsfrv. séu mjög vafasöm. Ég viðurkenni það hins vegar fúslega, að sú regla að heimila 5 manna niðurjöfnunarnefnd hvar sem er að leggja á algerlega frjálst sé vissulega vafasöm. Ef við byggjum við eðlilegt ástand í þessum efnum, þá væri það vissulega langæskilegast og langsómasamlegast, að um útsvarsálagningu giltu algerlega fastir skattstigar, eins og um ríkisskattlagninguna. En við verðum að hafa í huga, að í þessum efnum er hér alls ekki eðlilegt ástand. Skattaframtölum er hér áreiðanlega meira ábótavant en í nágrannalöndunum. Hv. þm. V-Húnv. sagði, að heimild til að leggja á eftir efnum og ástæðum þekktist hvergi á byggðu bóli nema hér á Íslandi. Ég vil þessu til svars segja, að ég efast um, að önnur eins skattaframtöl og niðurjöfnunarnefndum hér er boðið upp á þekkist annars staðar á byggðu bóli. Í öðrum löndum mundu ýmsir braskarar og skattsvikarar vera undir lás og slá, sem hér leika lausum hala og eru jafnvel taldir merkismenn. Það er þetta óeðlilega ástand í skattamálum okkar, sem gerir það að verkum, að nauðsynlegt er að halda að vissu leyti óeðlilegri reglu. Gangur málsins á að vera sá, að fyrst sé skapað heilbrigt siðferði í skattamálum að því er varðar framtöl manna og stórhert eftirlitið með skattaframtölunum. Þegar þessi tvöfalda viðleitni hefur borið réttan árangur, þá er kominn tími til þess að gera ráðstafanir eins og þær að binda útsvarsálagningu við fasta skattstiga eins og álagningu tekjuskatts.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um sérsköttunarregluna, sem ég legg til að verði tekin upp hér. Ef ég man rétt, þá beindist gagnrýni hv. þm. á frv. mitt um þetta efni á síðasta þingi fyrst og fremst að því, að sérsköttunarreglan, eins og ég lagði þá til að hún yrði framkvæmd, mundi valda tiltölulega miklu meiri lækkun á skattgreiðslu hjóna með háar tekjur heldur en hjóna með lágar tekjur. Nú hef ég í till. mínum ráðið bót á þessum vankanti till. frá því í fyrra með því að umreikna skattstigann, sem greiða ætti skattinn eftir, þannig að 20 þús. kr. tekjuhluti konunnar veldur ekki mismunandi skattalækkun hjá hjónunum eftir tekjuhæðinni. Þessi gagnrýni á því ekki lengur rétt á sér. Hv. þm. sagði, að af þessu mundi leiða mikla fjölgun á framteljendum. Það er rétt. Það mundi verða mikil fjölgun á þeim, sem skattur er á lagður, en hins vegar ekki á skattgreiðendum, eins og ég hef nú lagt til að þessu verði hagað, því að það er skýrt tekið fram í till., að einungis skuli reikna skattinn á hvort hjóna um sig, en hins vegar skuli hann skráður á sama skattseðilinn og innheimtur hjá því hjónanna, sem hefur hærri tekjur, þannig að skattgreiðendunum mundi ekki fjölga, en að því fyrst og fremst mundi verða aukinn kostnaður. Hitt er smávægilegt, hvernig skatturinn er reiknaður út. Með þeim vélakosti, sem skattanefndir og niðurjöfnunarnefndir nú hafa yfir að ráða, er það ekki nema andartaksverk að reikna út skattinn á hvorn aðilann um sig.

Hv. þm. gat þess, að í Sviþjóð hefði starfað skattamálanefnd, sem hefði athugað samsköttunarregluna gaumgæfilega og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki bæri að taka hana upp þar í landi. Þetta var mér kunnugt um og þekki álit þeirrar nefndar um þetta efni og þau rök, sem þar eru tilgreind bæði með og móti þessari reglu. En dæmið, sem hann nefndi, var nákvæmlega sama dæmið sem ég tók í dag einmitt til sönnunar því, að samsköttunarreglan væri eðlileg. Dæmið var um mann, sem hefði ákveðnar tekjur og aflaði sér síðan viðbótartekna með viðbótarvinnu og lenti þar af leiðandi í stighækkun skattstigans. Þess vegna taldi hann rétt að láta heimilið lenda í alveg sams konar stighækkun, þótt konan aflaði sér umframteknanna. Hér er um það að ræða að líta á bæði hjónin sem félagsbú og láta það einu gilda, hvort aflar teknanna. Í báðum tilfellunum eigi stighækkun skattsins að vera sú sama. Þetta eru rökin, sem venjulega eru fram færð gegn því, að samsköttunar-

reglan sé eðlileg, og um þessi rök gat ég í ræðu minni í dag. En mín gagnrök í málinu eru þessi í sem allra fæstum orðum sagt: Ég tel heimili eða hjón ekki eiga að lenda í stighækkun skattstigans vegna þess í fyrsta lagi, að þau gætu komizt hjá því að lenda í henni með því að breyta þjóðfélagslegri aðstöðu, þ. e. með því að vera ekki gift. Og svo í öðru lagi, að ef þau lenda í stighækkun skattstigans vegna viðbótartekna konunnar, þá greiðir hún hærri skatt en annar einstaklingur með nákvæmlega sömu tekjur, en slíkt er aldrei hægt að segja um eiginmanninn, þótt hann lendi í hækkun skattstigans vegna viðbótarvinnu sinnar. Það er enginn einstaklingur til í þjóðfélaginu, sem greiðir annan skatt af tekjum hans heldur en hann sjálfur. Þótt að vissu leyti megi til sanns vegar færa, að fyrir bæði hjónin skipti ekki máli, frá hvoru þeirra tekjuaukinn kemur, þá er ekki hægt að ganga fram hjá hinu, að sé tekjum konunnar bætt við tekjur mannsins, þá skapast misrétti milli tveggja skattborgara — milli tveggja þjóðfélagsþegna, sem aldrei er um að ræða, ef maðurinn vinnur sér inn viðbótartekjurnar, og þetta er mergurinn málsins frá mínu sjónarmiði. Spurningin er hér blátt áfram um það, á hvort atriðið menn vilji leggja meiri áherzlu, það, að af hjónabandinu leiði félagsbú í þessum skilningi, eða hitt, að láta löggjöfina tryggja, að aldrei sé greiddur misjafn skattur af sömu tekjum hjá tveimur þjóðfélagsþegnum — hjá tveim skattborgurum. Hér verða menn að velja á milli, hvort sjónarmiðið menn telja þyngra á metaskálunum. Ég hef fyrir löngu gert það upp við mig, að ég tel síðara sjónarmiðið þyngra á metaskálunum, að tryggja það, að aldrei sé greiddur ólíkur skattur af sömu tekjum fyrir sömu vinnu. Ég skil vel þá röksemdafærslu, sem liggur hinni afstöðunni til grundvallar, þótt ég treysti mér ekki til þess að taka undir hana. Ég legg minna upp úr henni en þeim staðreyndum, sem ég var að lýsa áðan. Lengra mál og rækilegri rökstuðning mætti fyrir þessu flytja, þótt ég muni ekki gera það að þessu sinni — ekki í þessum umr.

Hv. þm. viðurkenndi, að það hefði verið rétt, sem ég fór með í dag varðandi áhrif persónufrádráttarins, en sagði, að tillit til áhrifa persónufrádráttarins sé tekið við samningu skattstigans. Það er varla hægt að taka fullkomlega tillit til áhrifa persónufrádráttar í því formi, sem hann er í gildandi lögum, við samningu skattstigans. Það er alls ekki hægt, ef einn skattstigi gildir fyrir einstaklinga, hjón og atvinnurekstur. Það er hægt að taka nokkurt tillit til þessa, ef tveir skattstigar eru látnir gilda, eins og í frv. hæstv. ríkisstj., skattstigi fyrir einstaklinga og hjón, en það er ekki hægt að taka fullt tillit til hans í stighækkuninni, ef sami skattstigi er látinn gilda fyrir ómagalaus hjón og fyrir hjón með börn. Strangt tekið ætti þá að vera sérstakur skattstigi fyrir einstakling, ómagalaus hjón, hjón með eitt barn, hjón með tvö börn og áfram, ef fullkomið tillit ætti að vera hægt að taka til fasts barnafrádráttar í stighækkun skattstigans, og svo auðvitað enn sérstakur stigi fyrir atvinnurekstur. En það er engin skynsemi í því að fjölga skattstigum upp á þennan máta, og þess vegna tel ég skynsamlegra að hafa þann hátt á, sem ég hef lagt til í till. minum, að persónufrádráttur á einstaklinga sé beinlínis hafður þannig, að skattstiginn sé byrjaður á hærra bili en venjan er að gera.

Hv. þm. sagði, að ýmsir vankantar kynnu að vera á till. um skattfrjáls framlög í byggingarsjóði einstaklinga. Hann nefndi sem dæmi, að ákvæði vantaði um eignahámark, til þess að þessara skattfríðinda væri hægt að njóta. Þetta var atriði, sem ég gleymdi ekki, heldur fannst að athuguðu máli að óþarfi mundi vera að hafa í frv., þar eð gera mætti ráð fyrir því, að þeir menn, sem hefðu háar tekjur eða ættu miklar eignir, ættu þegar íbúð, a. m. k. stærri íbúð en það lágmark, sem hér er um að ræða. 90 m² íbúðarstærð er það lítil, að til fullkominna undantekninga mundi heyra, ef efnamaður eða mjög tekjuhár maður byggi í slíkri íbúð. Hitt er annað mál, að ég hef ekkert á móti því að setja slíkt varúðarákvæði inn í frv., ef það gæti orðið til þess að vinna fylgi jafnáhrifamikils manns í skattamálum og hv. þm. V-Húnv. er. Hitt var rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að í till. vantar í raun og veru ákvæði til þess að tryggja, að menn geti ekki selt íbúðir sínar og orðið þannig ekki íbúðareigendur til þess eins að njóta þessara skatthlunninda. Ég hugsaði till. þannig, að þetta gilti um þá fjölskyldumenn, sem ekki ættu íbúð eða ekki stærri íbúð en 90 m², þegar ákvæðin tækju gildi. En það er rétt hjá hv. þm., að um þetta er ástæða til að setja nokkru gleggri ákvæði, og það er ákaflega vandalítið. Þetta má lagfæra með einni setningu. Það mundi vera til bóta.

Þá ræddi hv. þm. að síðustu nokkuð um innheimtu tekjuskattsins og taldi, að það mundi henta okkur illa að taka upp það kerfi, sem ég og hv. 8. landsk. þm. höfum lagt til að tekið yrði hér upp, þ. e., að skattur yrði greiddur jafnóðum og teknanna yrði aflað, og vísaði í því sambandi til reynslunnar í Svíþjóð. Um reynsluna í Svíþjóð er það að segja, að það er rétt, að fyrst eftir að hið nýja skattheimtukerfi var tekið upp þar, þá gaf það ekki góða raun. Það reyndust nokkrir erfiðleikar á að framkvæma hugmyndina eins og Svíar höfðu hugsað sér að hún yrði framkvæmd. En þeirra ákvæði um þetta voru mjög víðtæk og talsvert víðtækari en mundi verða afleiðing af samþykkt t. d. minnar till. um þetta efni. En hins vegar herma nýjustu fregnir af þessu máli í Svíþjóð, að Svíum hafi tekizt með því að breyta framkvæmdinni að ráða bót á mjög mörgum ef ekki flestum þeirra agnúa, sem fyrst komu í ljós, og ætti það einmitt að vera okkur Íslendingum og öðrum, sem þetta kerfi kynnu að vilja taka upp, til mikilla hagsbóta, að ein nágrannaþjóð okkar hefur öðlazt mikla reynslu á þessu sviði og tekizt að yfirvinna ýmsa framkvæmdarörðugleika, sem óneitanlega komu í ljós í fyrstu, svo að það ætti að vera auðveldara fyrir okkur nú að taka upp slíkt kerfi heldur en hefði verið fyrir tveimur eða þremur árum, einmitt vegna þess, að við ættum að geta hagnýtt okkur reynslu Svía í þessum efnum. Víst er um það, að Svíar hafa ekki látið byrjunarerfiðleika í

þessu efni fæla sig frá því að halda fast við kerfið. Þeir munu vera staðráðnir í að halda kerfinu áfram, og að því er mér hefur skilizt í grein, sem ég las fyrir ekki alllöngu um þetta, telja þeir þá byrjunarerfiðleika, sem fram komu, hafa verið yfirstigna að mestu.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ræða hv. þm. V-Húnv. (SkG) hér áðan fannst mér staðfesta mjög rækilega það almenna álit manna, að þessi hv. þm. sé einn allra íhaldssamasti maður á þingi. Af ummælum hans um till. stjórnarandstæðinganna, þ. e. a. s. brtt. við frv., var helzt á honum að skilja, að skattamálanefnd hefði fengið frv. það, sem hér er til umr., frá guði sjálfum, eins og sagan segir að Móses hafi feng ð boðorðin forðum á steintöflunum. Að minnsta kosti var það niðurstaða hans ótvíræð, að svo vel hefði skattamálanefnd til tekizt, að útilokað væri, að stjórnarandstæðingar hefðu nokkurn möguleika á því að leggja fram betri, hagkvæmari eða skynsamlegri till. en þar er gert, hvað þá að þeir hefðu gert það nú þegar.

Það fór svo sem mig grunaði og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hér í dag, að hv. forsvarsmaður hæstv. ríkisstj., hv. þm. V-Húnv., sagði, að till. okkar stjórnarandstæðinga um að skera framan af skattstiganum, eins og það er kallað, þ. e. hækka skattfrjálsar tekjur, mundu lækka tekjur ríkissjóðs af hinum beinu sköttum mjög verulega. Þannig komst hann að orði: „Þessar till. mundu lækka tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum mjög verulega.“ Þá veit maður það. Þá veit maður, af hverju ríkissjóður hefur „mjög verulegar“ tekjur. Það er af því að leggja beina skatta á einstaklinga, sem hafa minna en 8 þús. kr. skattskyldar tekjur, og á hjón, sem hafa minna en 10 þús. kr. skattskyldar tekjur, því að við hv. 8. þm. Reykv. lögðum ekki til í till. okkar, að meira yrði nú skorið framan af skattstiganum en það, að þeim, sem hefðu innan við þessi tekjumörk, yrði sleppt við að greiða skatt. Af þessum einstaklingum hefur ríkissjóður sem sagt mjög verulegar tekjur af beinum sköttum.

Það var nokkuð fleira í þessu sambandi, sem hv. þm. V-Húnv. ræddi um, og brá þá eins og hans er venja, þegar hann kemst í vandræði með að rökstyðja sitt mál, inn á þá leið að snúa út úr málflutningi andstæðings síns. Hann sagði t. d., að tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum mundu lækka samkvæmt okkar till. vegna hækkunar á persónufrádrætti og breytinga á skattstigunum. Í því sambandi ræddi hann eingöngu um skattstigann, þ. e. a. s. það, sem við skerum framan af honum, en hann sennilega vildi ekki — a. m. k. minntist hann ekki á það, hvaða afleiðingu það mundi hafa í för með sér, að við leggjum til í fyrsta lagi, að það verði gerð veruleg takmörkun á skattfrelsi sparifjár, þannig að ríkissjóður mundi hafa skatttekjur af sparifjárvöxtum þeirra, sem eiga yfir 100 þús. kr., og alveg sérstaklega virtist hann gleyma viljandi að minnast á það, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum, ef sú till. okkar yrði samþ., að skattaeftirgjöf gróðafyrirtækja yrði lækkuð ofan í 10%, eins og við leggjum til, en yrði ekki 20%, eins og hæstv. ríkisstj. leggur til.

Í málflutningi sínum var hv. þm. V-Húnv. nefnilega ekki heiðarlegri en það, að hann vildi ekki taka tillit til þess, að till. þær, sem við þm. Þjóðvfl. höfum borið fram, eru að sjálfsögðu heildartill. Þær miðast við það, að þær yrðu allar samþ., og ég skora á hv. þm. V-Húnv. að halda því fram hér, að tekjur ríkissjóðs vegna beinna skatta yrðu minni á næsta ári, ef okkar till. yrðu samþ. í heild, heldur en ef það frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram, yrði samþ.

Þá fór hv. þm. V-Húnv. nokkrum gamansömum orðum um það, hvernig menn mundu reyna að hnika til skattinum sínum um eina kr. til að losna við að greiða skatt. Ég var búinn að minnast á það hér í dag, að það kæmi þarna brot á skattstigann, og ég viðurkenni það, enda þýðir ekki annað. Það er augljóst mál, og til þess er ætlazt. Till. beinlínis bera það með sér, að til þess er ætlazt, að það komi brot á skattstigann. Og hvort einn einstaklingur, sem er á þessu tekjumarki, 8 þús. kr. fyrir einstakling og 10 þús. kr. fyrir hjón, borgar 150 kr. eða borgar þær ekki, skiptir engu meginmáli, þegar tekið er tillit til verðgildis íslenzkrar krónu eins og það er í dag.

Einnig sagði hv. þm. V-Húnv. í gamansömum tón, að till. okkar þjóðvarnarmanna fælu í sér, að forsrh. mundi fá lægri skatt samkv. þeim heldur en eftir frv. ríkisstj. En hann gleymdi líka alveg í því sambandi að minnast á það, hvort skatturinn hjá fyrirtækjum hæstv. forsrh. yrði minni eða meiri eftir okkar till. heldur en frv. ríkisstj.

Loks lagði svo hv. þm. V-Húnv. gegn því að breyta skattheimtunni á þann veg, að skatturinn yrði innheimtur um leið og tekjurnar myndast, eins og við þm. Þjóðvfl. höfum lagt til. Sagði hann, að þetta mundi reynast erfitt í framkvæmd og jafnvel óframkvæmanlegt. Nú hefur hv. 1. landsk. gert nokkra grein fyrir þessu, og get ég tekið undir það, sem hann þar sagði. Ég vil benda hv. þm. V-Húnv. á það, að þessi aðferð við skattinnheimtu hefur verið framkvæmd um langt skeið í Bretlandi, í Bandaríkjunum, í Þýzkalandi, í Svíþjóð nú í nokkur ár og hafði þá verið í gildi áður í Svíþjóð. Og aðalröksemdin fyrir því að fara inn á þessa braut, taka upp þessa aðferð, er sú, sem Svíar orðuðu þannig, þegar þeir breyttu sinni skattalöggjöf, að það yrði að sjálfsögðu að ausa sköttunum úr tekjulindinni, um leið og hún streymdi fram, en ekki löngu eftir að hún væri þornuð. Þannig orðuðu Svíar kjarnann í sínum röksemdafærslum fyrir þessari breytingu.

Ég gat um það við 1. umr. þessa máls, að eins og þessum málum háttar hjá okkur núna, þá getur það hæglega komið fyrir, sérstaklega vegna þess, að tíðar sveiflur eru hér í okkar efnahagslífi, að maður, sem hafði 70 þús. kr. í tekjur í fyrra og á að borga af þeim skatt í ár, hefur ekki nema 35 eða 30 þús. kr. tekjur, og þá á hann að greiða af þeim tekjum skattinn af 70 þús. kr. Í sjálfu sér er ekki hægt að mála þetta mjög gróft í sambandi við beina skatta, vegna þess að þeir nema ekki svo miklum upphæðum,

en í sambandi við útsvörin ætti öllum að vera ljóst, hvernig þetta gengi, hvernig — við skulum segja — hjón með eitt barn, sem hefðu haft 70 þús. kr. tekjur í fyrra, ættu að fara að því að borga nú skatta og útsvar af t. d. 30 þús. kr. tekjum. Og hugmynd okkar þjóðvarnarmanna með því að flytja þessar till. nú um breytt form á innheimtu tekjuskatta er að sjálfsögðu sú, að ef ríkissjóður tæki upp þessa aðferð, þá leiddi það til þess, að bæjar- og sveitarfélög neyddust til að taka hana upp líka varðandi innheimtu útsvara. Þess vegna er það mjög þýðingarmikið atriði, að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu og verði ekki jafnihaldssamir í hugsun og anda og hv. þm. V-Húnv. hvað þetta mál snertir.

Ég gat þess í dag, að það væri þegar farið að bera á því, að stéttarfélög væru farin að gera samþykktir um það og senda áskoranir til Alþ. um það að breyta skattinnheimtunni í þetta horf, og virðast þau og þar með hinn almenni skattborgari vera í hugsun nokkuð á undan hv. þm. V-Húnv. í þessu efni a. m. k.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um ræðu hv. þm. V-Húnv. að þessu sinni.

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. ræddi enn um ákvæði frv. um sparifé og undanþágu frá framtalsskyldu að því er það snertir og var enn að tala um það, að þetta mundi torvelda ákaflega allt eftirlit með skattaframtölum. Ég tel enn sem fyrr, að hann geri allt of mikið úr þessu atriði. Ég vil benda á það, að þetta snertir ekki félög, ekki eitt einasta félag; þetta snertir ekki heldur neinn einstakling, sem hefur nokkurn meiri háttar atvinnurekstur, vegna þess að öll félög og allir einstaklingar, sem hafa nokkurn atvinnurekstur, sem nokkuð kveður að, eru bókhaldsskyldir, og samkvæmt frv. ber öllum bókhaldsskyldum aðilum að færa innstæður sínar í bönkum og sparisjóðum eftir sem áður á sína ársreikninga og í sínar bækur, og þess vegna opnast engir nýir möguleikar fyrir þau fyrirtæki, sem bókhaldsskyld eru, til þess að koma tekjum undan sköttum, þó að þetta ákvæði verði í lög leitt. Þá verða aðeins eftir launamenn og smærri atvinnurekendur. Um launafólkið er það að segja, að það er athugað eftir allt öðrum leiðum en með því að rýna í sparisjóðsbækur, hvað tekjur þess eru miklar yfir árið. Um það fást nokkurn veginn fullkomnar upplýsingar, og mun verða svo einnig eftirleiðis. Þá eru aðeins hinir smærri atvinnurekendur, sem ekki eru bókhaldsskyldir, og ég hygg, að það séu möguleikar til yfirleitt að komast að hinu sanna nokkurn veginn um tekjur þeirra, ef vel er eftir gengið, þrátt fyrir það að þessi ákvæði verði gerð að lögum, og ekki verði yfirleitt farið að leita að tekjum þeirra ár hvert í sparisjóðsbók. Ég hef líka áður bent á þá heimild, sem er til að afla upplýsinga um innstæður, ef ósamræmi þykir vera í framtölum manna.

Þá er það um till. hv. 1. landsk. um byggingarsjóði. Hann viðurkenndi, að eins og þetta er orðað nú, þá gætu menn haft hagnað af því að selja íbúð, sem þeir ættu, og öðlast með því réttindi til þess að stofna byggingarsjóð með þessum hætti, með því að draga frá fjórða hluta af sínum tekjum, allt að 20 þús. kr. á ári, en sagðist nú hafa hugsað sér, að þetta ætti aðeins að gilda um þá, sem ættu ekki stærri íbúð, þegar lögin gengu í gildi. Þetta kom nú ekki fram í hans till., eins og hún er orðuð.

Þá er það hv. 8. landsk. þm. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að ríkissjóður hefði verulegar skattatekjur af tekjum, sem væru undir því marki, sem þeir vilja gera skattfrjálsar. Þetta er alveg rétt, vegna þess að þeir skattgreiðendur eru svo margir. Hitt er annað mál, að það er svo lítill skattur á hverjum einum af þessum lágu tekjum, að hann munar ákaflega lítið um það, — en safnast, þegar saman kemur, og þetta gerir verulega upphæð að sjálfsögðu, þegar það kemur allt saman. Ég held, að ég muni það rétt t. d., að samkv. frv., sem hér liggur fyrir, þá borgar einhleypur maður, sem hefur 15 þús. kr. í tekjur, ekki nema eitthvað á annað hundrað krónur eða um það bil 1% af tekjunum, sem er náttúrlega hverfandi lítið, og hann munar lítið um það, þó að þetta geri nokkuð, þegar margir eru, sem borga þessa fjárhæð hver um sig.

Hv. þm. sagði, að ég hefði snúið út úr orðum hans, en þetta er alls ekki rétt. Hann sagði í sinni fyrri ræðu, að þessi hækkun á skattstiganum, eftir að kemur yfir 130 þús. kr., um aðeins einn af hundraði, mundi nægja til að vega á móti þeirri lækkun, sem stafar af niðurfellingu neðan af skattstiganum. Þessu hélt hann fram í sinni fyrri ræðu, en ég sýndi fram á, að þetta er fjarri öllum sanni.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um till. þeirra félaga um það, að skattur félaga, reiknaður samkvæmt núgildandi ákvæðum laga, skuli aðeins lækka um 10% í ár, en ekki 20%, og um þetta hefur hv. 1. landsk. þm. einnig nokkuð talað í sínum ræðum. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að félög borga nú skatt og hafa gert eftir skattstiga, sem var lögleiddur árið 1941 eða 1942 og átti þá að gilda fyrir alla, bæði persónulega gjaldendur og einnig fyrir félög. En sá munur var á gerður, að þá um leið var leidd í lög svo kölluð umreikningsregla, en hún náði aðeins til einstaklinga, en ekki til félaga, og sú verðgildisröskun, sem orðið hefur á þessum árum, sem síðan eru liðin, veldur því, að skattar félaga eru orðnir og hafa verið um nokkur ár alveg óeðlilega háir, miklu hærri en sanngjarnt er, borið saman við einstaklinga, sem hafa borgað eftir sama skattstiga, en fengið tekjurnar lækkaðar, áður en skattur var á lagður samkvæmt umreikningsreglunni. Það er því áreiðanlegt, að það er ósanngjarnt að lækka þennan afslátt á skatti félaganna nú í bili, meðan ekki er búið að setja nýjar reglur um skattgreiðslur þeirra framvegis. Það er vissa fyrir því, að það er ósanngjarnt að minnka þennan afslátt frá því, sem lagt er til í frv., samanborið við það, sem gert er til lækkunar á sköttum persónulegra gjaldenda.

Um það atriði að skattleggja tekjurnar, um leið og þær verða til, hef ég áður rætt. Ég tel, eins og ég sagði þá, að það eigi ekki við hér hjá okkur, það gæti aldrei gilt nema um takmarkaðan hóp gjaldenda, skatta hjá hinum yrði að leggja á eftir árið eftir sömu reglum og áður

og við værum þannig með tvöfalt skattakerfi, sem mundi gera framkvæmdina miklu fyrirhafnarsamari, flóknari og dýrari en með því að láta sömu reglu gilda fyrir alla eins og nú er. En ég hef áður bent á, að það væri ef til vill skynsamlegt að nota heimild laganna til þess að innheimta skatta, við skulum segja mánaðarlega, af kaupi þeirra gjaldenda, sem vinna fyrir föstum launum, sem ekki breytast neitt verulega frá ári til árs. Þá væri þar með tekin upp regla, sem gerði það að verkum, að þeir menn, sem hafa stöðugar tekjur, borguðu skatta af tekjunum nokkuð jafnóðum og þær falla til, en síðan mætti jafna eftir árið, ef um einhvern lítilfjörlegan mismun væri að ræða, þegar búið væri að reikna út þeirra heildarskatt.

Fleira held ég að sé ekki ástæða til fyrir mig að taka fram út af síðustu ræðum, sem hér hafa verið fluttar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 589,1 felld með 17:5 atkv.
— 612,1 felld með 18:12 atkv.
— 591,1 felld með 18:11 atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 577,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 586 felld með 20:9 atkv.
— 577,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 577,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 585 tekin aftur til 3. umr.
— 612,2.a felld með 20:11 atkv.
— 589,2.a felld með 19:11 atkv.
— 612,2.b felld með 19:8 atkv.
— 612,2.c felld með 19:7 atkv.
— 589,2.b—d felld með 20:10 atkv.
— 587 felld með 18:8 atkv.
— 588 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV.
**nei:** JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EystJ, GíslG, BFB, IngJ, HÁ.
4 þm. (JörB, SB, EirÞ, GTh) fjarstaddir.
Brtt. 612,2.d—e felldar með 20:9 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 612,3 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV.
**nei:** KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, EystJ, GíslG, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, HÁ.
4 þm. (JörB, SB, EirÞ, GTh) fjarstaddir.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 612,4.a—b og d teknar aftur.
— 612,4.c felld með 18:10 atkv.
— 591,2 felld með 20:9 atkv.
— 589,3 felld með 20:11 atkv.
Brtt. 577,4 (ný 9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 591,3 felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl.
**nei:** EystJ, GíslG, GTh, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, EI, HÁ.
3 þm. (EirÞ, JörB, SB) fjarstaddir.
Brtt. 591,4 felld með 19:8 atkv.
— 612,5.a felld með 18:10 atkv.
— 612,5.b felld með 17:9 atkv.
— 612,5.c tekin aftur.
— 612,5.d. felld með 17:10 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 577,5 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, og 13.—15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 577,6 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 22:1 atkv.
— 612,6 felld með 19:11 atkv.
— 577,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 589,4 felld með 18:10 atkv.
— 591,5 felld með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** EOl, GilsG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ.
**nei:** EI, EmJ, EystJ, GíslG, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, HÁ.
5 þm. (EirÞ, GTh, JörB, PO, SB) fjarstaddir.
16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 18:4 atkv.
Brtt. 577,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 624, 585, 637).

**Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Meiri hl. fjhn. flytur hér brtt. við 3 greinar frv., sem ég vildi gera grein fyrir með nokkrum orðum. Það er nú verið að útbýta þessum till., en þær eru á þskj. 637. Það er um smávægilegar breytingar eða lagfæringar á þremur greinum frv.

Samkvæmt núgildandi skattalögum telst ágóði af sölu á fasteign með skattskyldum tekjum, ef eignin hefur verið í eigu seljanda skemur en 5 ár. Á það hefur verið bent, að þetta lagaákvæði gæti í vissum tilfellum komið illa og ósanngjarnlega við menn, t. d. ef þeir teldu sér af einhverjum ástæðum þörf á því að selja íbúð, sem þeir hefðu átt og notað skemur en 5 ár, en kaupa aðra í staðinn til eigin nota. Sama má segja um það, ef bóndi, sem hefur átt jörð skemur en 5 ár, telur sér nauðsynlegt eða hagkvæmt að flytja búferlum og selur jörð sína, en kaupir aðra í staðinn.

Í 5. gr. frv., 2. tölul., er lagt til, að frá því lagaákvæði, sem ég hef hér nefnt, sé veitt sú undanþága, að sölugróði sé ekki skattskyldur, þó að fasteignin hafi verið skemur en 5 ár í eigu selj-

anda, ef hann kaupir aðra innan árs eða byggir hús áður en 2 ár eru liðin frá söludegi, enda sé hin keypta eign eða hið nýreista hús að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati skal sölugróðinn skattskyldur hlutfallslega. Síðan segir í frvgr., að undanþága þessi nái þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða, og í a-lið 1. brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 637 er lagt til, að hér við bætist orðin: eða eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði.

Eins og ég hef áður tekið fram, er tilgangurinn með ákvæði frvgr. að gera mönnum mögulegt að hafa skipti á fasteignum, t. d. að selja íbúðarhús sitt og kaupa annað í staðinn, án þess að þurfa að borga tekjuskatt í sambandi við slík skipti, ef það, sem þeir kaupa, er jafnverðmætt hinu selda. En brtt. er aðeins flutt til þess að gera það fullgreinilegt í frv., að undanþágan nái ekki til annarra viðskipta með fasteignir, t. d. ekki til þeirra, sem hafa húsabyggingar og húsasölu eða fasteignasölu að atvinnu, og ekki heldur til annarra, sem stofna til slíkra viðskipta í þeim tilgangi að hagnast á þeim fjárhagslega. Slíkur hagnaður á auðvitað að teljast með öðrum skattskyldum tekjum manna.

Þá er hér í brtt. í b-lið 1. till. lagt til, að flugvélar verði taldar þarna í sama flokki og skip í 2. málsgr. 2. tölul. Þykir eðlilegt, að sömu reglur gildi um þau farartæki eins og skipin.

2. brtt. á þskj. 637 er við 7. gr., og er þar fyrst brtt. við j-liðinn í 4. tölul., sem er um heimild til frádráttar vegna keyptrar heimilisaðstoðar í vissum tilfellum og með ákveðnum takmörkunum. Lagt er til í brtt., að á eftir 2. málsl. í þessum stafl. komi nýr málsl., sem orðist þannig: „Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum.“ Er þessi till. flutt til skýringar á því, við hvað sé átt með orðunum „keypt heimilisaðstoð“. Þykir eðlilegt, að ef gift kona, sem hefur börn á heimili sínu og vinnur fyrir skattskyldum tekjum, kemur börnum sínum fyrir á svo nefndum dagheimilum í stað þess að taka aðstoðarstúlku á heimilið til að gæta þeirra, meðan hún er við störf til að afla heimilinu tekna, teljist þær greiðslur með keyptri heimilisaðstoð.

Þá er b-liður í sömu brtt., og hann er við stafl. f. í sama tölul., þ. e. 4. tölul. 7. gr. Sá stafl. er um björgunarlaun. Er þar lagt til, að helmingur af björgunarlaunum, er skipverjar hljóta, sé undanþeginn skattlagningu. Þessi liður er orðaður um í brtt. og bætt þar við heimild til þess að láta þetta ákvæði gilda um björgunarlaun, er greidd voru árið 1951 og 1952, og endurgreiða skatt samkvæmt því. Árið 1953 þarf ekki að nefna, því að samkv. ákvæðum frv. á að leggja skatt á tekjur þess árs eftir þeim nýju lögum, sem nú verða afgreidd.

Þá er loks 3. brtt. meiri hl., við 9. gr. frv. Síðast í 9. gr. frv. er rætt um frádrátt, sem framfærendur fá fyrir skylduómaga aðra en börn, og á sá frádráttur að nema sömu upphæð og veitt er fyrir börn. En hér er lagt til, að við þennan málslið bætist eins og segir í brtt.: „en hafi þeir tekjur“, þ. e. skylduómagarnir, „lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur löglegum ómagafrádrætti eða meiru.“

Hér er ekkert nýmæli á ferð. Þetta er aðeins tekið upp úr gildandi skattalögum og látið fylgja þarna með. En þannig hefur þetta verið framkvæmt að undanförnu.

Þá hef ég gert grein fyrir brtt. á þskj. 637, sem nú var verið að útbýta.

Þá er hér eitt smáatriði enn. Á það hefur verið bent, að það mætti betur fara að hafa upphafið á 10. gr. í frv. nokkuð öðruvísi orðað. Það er hér þannig í frv., upphaf 10. gr., að á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, svo hljóðandi: „III. kafli — um skattfrelsi sparifjár — 22. gr.“ o. s. frv.

Ég hef hér till., sem ég leyfi mér að leggja fram skriflega, aðeins um að breyta þessu upphafi 10. gr., þ. e. orðalaginu, og að það verði þannig: Á eftir II. kafla laganna (21. gr.) kemur ný gr. (verður 22. gr.) í nýjum kafla, er verður III. kafli, með fyrirsögninni: Um skattfrelsi sparifjár. — Þetta er, eins og mönnum er ljóst, eingöngu orðalagsbreyting á upphafi 10. gr., og leyfi ég mér að leggja fram um þetta skrifl. brtt. frá fjhn., þó að ég hafi að vísu ekki getað ráðgazt um þetta við alla nm., síðan till. var samin. En það var búið að ræða um þetta í n., og mér er víst óhætt að fullyrða, að n. stendur að þessari till. Hér er, eins og ég hef sagt, aðeins um orðalagsbreytingar að ræða á upphafi 10. gr., og þykir þetta betur fara í frv. með þessu nýja orðalagi. Ég vil leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða um þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 646) og brtt. 637, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að flytja nú við 3. umr. tvær brtt. við frv., eins og það er orðið eftir 2. umr. Fyrri till. er um efnisatriði, sem ég gerði að umtalsefni í þeim tveimur ræðum, sem ég flutti um málið við 2. umr., en sú brtt., sem er í fjórum liðum, er við 5. gr. frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þessar tillögur nema mjög stuttlega, vegna þess að ég gerði þær að umtalsefni við 2. umr.

1. brtt. er um það, að undanþágan um skattfrjálsan söluhagnað á eignum nái aðeins til fasteigna, en ekki til skipa, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég sé, að nú hefur hv. meiri hl. fjhn. lagt til, að flugvélum verði bætt við skip, þ. e. a. s. bætt í tölu þeirra eigna, sem selja má með gífurlegum skattfrjálsum hagnaði, jafnvel þó að þær hafi verið afskrifaðar með mjög háum lögleyfðum afskriftum. Þessi breyting er ekki til bóta, heldur þvert á móti mjög til hins verra. Það er verið að bæta við einum eignaflokkinum enn, sem hægt á að vera að selja með gífurlegum skattfrjálsum hagnaði. Það er spor aftur á bak frá því, sem var við 2. umr., ef þessi till. verður samþykkt.

Þá legg ég enn fremur til, að hert verði nokkuð eftirlitsákvæðin í 5. gr. til þess að koma í veg fyrir, að sú undanþága, sem þar er veitt varðandi skattfrjálsa sölu fasteigna, verði til þess að ýta undir brask með fasteignir. Ég sé nú, að hv. fjhn.

hefur flutt brtt. um þetta atriði, sem er nokkuð til bóta, en ég tel æskilegt að herða enn meira á tryggingarákvæðum til þess að koma í veg fyrir brask með fasteignir með því að leggja til, að sú grein, sem um er að ræða, verði orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða, eða ætla má, að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði.“ — Þetta er í samræmi við brtt. meiri hl. fjhn., en ég legg til, að bætt verði enn fremur við: „Enginn skattgreiðandi skal þó njóta þessarar undanþágu oftar en einu sinni á tíu árum.“

Það er engin ástæða til að ætla, að nokkur íbúðareigandi þurfi að skipta oftar um fasteign af eðlilegum ástæðum en einu sinni á tíu ára fresti. Ef hann gerir það, er um eðlileg eignaskipti að ræða, og þá á hann að geta haft söluhagnaðinn skattfrjálsan. En ef það kemur í ljós, að hann fer að gera þetta aftur og aftur og oftar en á tíu ára bili, þá er ástæðulaust að sleppa honum við skatt af söluhagnaðinum, því að þá má gera ráð fyrir, að um eignaskipti í hagnaðarskyni hafi verið að ræða.

Þá flyt ég enn fremur brtt. um, að við hinn skattskylda sölugróða, sem gert er ráð fyrir í frv., verði bætt viðhaldi þriggja síðustu ára, en samkvæmt núgildandi reglum er mjög ríflegur frádráttur heimilaður fyrir viðhaldi á eignum, þannig að fyrirtæki geta eignazt mjög verulega eignaaukningu skattfrjálsa vegna löglegs viðhalds. Þetta má segja að sé eðlilegt, meðan eignin er í eigu og notkun skattgreiðandans, en ef hann selur hana, þá er ástæðulaust að láta þennan viðhaldsfrádrátt verða skattfrjálsan áfram. Þá er eðlilegt, að eigandinn greiði af honum skatt.

Þá flyt ég og aðra brtt., við 6. gr., um, að aftan við gr. bætist nýr stafliður um, að alþjóðleg heiðurslaun fyrir afrek í listum og vísindum skuli vera skattfrjáls. Það er — ég held mér sé óhætt að segja alþjóðleg regla, að alþjóðleg heiðurslaun, svo sem Nóbelsverðlaun og önnur slík alþjóðleg verðlaun fyrir afrek í listum og vísindum, séu ekki skattlögð í heimalandinu hjá móttakanda slíkra verðlauna. Að minnsta kosti gildir sú regla á Norðurlöndum, í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og sé ég ekki ástæðu til annars en að hliðstæð lagaákvæði gildi um þetta efni hér.

Að svo mæltu leyfi ég mér að afhenda forseta þessar skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 647) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru bornar fram allmargar brtt., og það kom mjög greinilega í ljós, hver vilji stjórnarmeirihlutans hér í hv. d. er í afstöðunni til breytinga á l. um tekju- og eignarskatt. Ég býst ekki við, að það þýði að fara að endurtaka neitt af þeim brtt. í smábreyttu formi, og ætla mér ekki að gera það. En ég vildi aðeins leggja áherzlu á, hvers konar mynd það er, sem þetta frv. er að taka á sig í meðferð þingsins og hefur tekið á sig áður í meðferð skattan. og ríkisstj. eftir kosningar. Það er svo eftirtektarvert atriði, hvernig sá stjórnarflokkur, sem nú hefur forustuna, lagði þessi mál fyrir fyrir kosningarnar, þegar þetta þing var kosið, og hvernig nú á að afgreiða þetta mál, að ég álít, að það sé nauðsynlegt, að þm. geri sér það alveg ljóst. Ég skal aðeins minna á tvö atriði.

Tveir þm. Sjálfstfl. fluttu frv. á síðasta þingi, fyrir kosningar, sem hét frv. til l. um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtekjum, skattfríðindi o. fl. Það voru hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem fluttu það. Í því frv. var ákveðið, að skattur hjóna með tvö börn á framfæri og með hreinar tekjur samanlagt 30 þús. kr. eða lægri skuli falla niður. Það var eitt af höfuðákvæðunum í því frv. Nú hafa þrír flokkar flutt till., sem ganga varla eins langt og þessi till. Sjálfstfl. fyrir kosningar, og hvað hefur gerzt? Sjálfstfl. hefur við allar þessar atkvgr. drepið allar þessar till.; sömu till. sem hv. þm. Sjálfstfl. hér í d. flytja fyrir kosningar um endurbætur á skattalöggjöfinni eru drepnar eftir kosningarnar, þegar þrír aðrir flokkar þingsins flytja þær.

Í öðru lagi var allur persónufrádrátturinn hærri í því frv., sem þm. Sjálfstfl. fluttu fyrir kosningarnar, heldur en hann er nú ákveðinn í þessu frv., sem nú er að verða að l. Hér voru fluttar þrennar till. um að hækka persónufrádráttinn við 2. umr. málsins. Allar þessar till. voru drepnar.

Ég beindi þeirri spurningu við 1. umr. þessa máls til stjórnarfl., hvernig viðhorfið væri í þessum efnum, hvort Sjálfstfl. hefði barizt fyrir því í skattamálan. að fá fram þessar till., sem hann flutti fyrir kosningarnar, og ég var svo ósvífinn að drótta því að Framsfl., að fyrst árangurinn af allri þeirri baráttu, sem Sjálfstfl. hefði háð og hlotið kosningasigur út á, væri ekki betri en þetta frv., sem núna liggur fyrir, þá hlyti það að hafa verið vegna þess, að fjmrh. eða Framsfl. hefði beitt Sjálfstfl. svona í viðskiptunum, þegar var verið að undirbúa þetta skattalagafrv. En í öllu falli væri gaman að fá upplýsingar um þetta eða hvort Sjálfstfl. hefur ekkert gert til þess að berjast fyrir því, sem hann flutti hér fram fyrir kosningar.

Ég vil svo vekja eftirtekt á hinu, sem talar raunverulega enn þá meira en þær till., sem Sjálfstfl. flutti hér í þessari hv. d. fyrir kosningar, og það eru þau atriði, sem hann þagði um fyrir kosningar.

Í frv. Sjálfstfl. fyrir kosningarnar, sem hét frv. til l. um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtekjum, skattfríðindi o. fl., var ekki minnzt á nokkur skattfríðindi fyrir auðmenn landsins. Í því frv. frá þm. Sjálfstfl. var ekki eitt orð um að lækka skatta á hlutafélögunum, sízt af öllu að lækka skatta á milljónafélögum um 20%, á sama tíma sem skattarnir haldast þeir sömu og áður á einstaklingum. Það er ekki eitt orð í frv. Sjálfstfl. um skattfrelsi sparifjár, um skattfrelsi fyrir okrarana, um allt það skattfrelsi fyrir auðsöfnun, sem nú er orðið að aðalatriðinu í þessu frv., sem hér er verið að setja í gegn. Allt, sem Sjálfstfl. þagði um fyrir kosningarnar, lagfæra nú Sjálfstfl. og Framsfl. eftir kosningarnar. Ég vil aðeins vekja eftirtekt á þessu vegna þess, að

það frv., sem nú er sett hér í gegn, hafa Sjálfstfl. og Framsfl. aldrei beðið um neina heimild hjá þjóðinni til þess að samþykkja. Hann hefur logið að þjóðinni og þeir báðir saman fyrir kosningar. Þeir hafa flutt hér frv. um mjög mikil fríðindi fyrir almenning, sem þeir svíkja, þegar kosningarnar eru hjá liðnar. En í staðinn koma aftur á móti frv. um stórkostleg skattfríðindi fyrir alla þá, sem geta safnað auði, og fyrir alla þá, sem meira eða minna svíkja undan skatti, þannig að það kemur fram umsnúið frv., sem fyrst og fremst kemur til með að hvíla þungt á launþegunum, þó að stjórnarflokkarnir hafi ekki séð sér annað fært en að framkvæma nokkra endurbót viðvíkjandi fjölskyldufólki til þess að dylja á bak við þá endurbót margfalt meiri skattfríðindi til handa auðsöfnurum landsins. Þetta er orðið eðli þessa frv. eins og það er nú, og þetta verður sú raunverulega framkvæmd á því alveg auðsjáanlega.

Ég veit, að það muni ekki þýða sérstaklega mikið að reyna að fá fram lagfæringar á þessum málum núna. Það er auðsjáanlega haldið á þessum málum með slíkum járngreipum, að það á engu að hnika þar til, hvað sanngjarnt eða sjálfsagt sem það væri. Þeir, sem nú fyrirskipa, hvernig skattafrv. á Íslandi skuli afgreidd og hvernig þau lög skuli verða, eru þeir menn, sem Sjálfstfl. minntist ekki á að ættu að fá nein skattfríðindi fyrir kosningar, þeir menn, sem Framsfl. hefur þótzt vera að berjast á móti við hverjar einustu kosningar. Ég segi þetta aðeins til þess að vekja eftirtekt á því, hvert stefnt er. Það er lengi búið að lofa launþegum því, að þeir ættu að fá verulegar endurbætur. Þær eru ekki nema svipur hjá sjón, þó að þær séu nokkrar. En hins vegar eru framkvæmd þarna stórkostleg skattfríðindi fyrir auðsafnara landsins og öll skattamál okkar auðsjáanlega héðan í frá miðuð við að ýta undir auðsöfnun einstakra manna og reyna að mestu leyti að sjá um, að hún geti farið fram hjá skattyfirvöldunum, og hefur þó þótt hingað til nóg um það fyrirbrigði á Íslandi. — Ég vildi aðeins minna á þetta, um leið og þetta frv. fer út úr d., til þess að mönnum sé alveg ljóst, hvert nú er stefnt.

ATKVGR.

Brtt. 647,1.a felld með 16:11 atkv.
— 637,1.a samþ. með 27 shlj. atkv.
— 647,1.b felld með 17:10 atkv.
— 637,1.b. samþ. með 18:8 atkv.
— 647,1.c—d felldar með 17:8 atkv.
— 647,2 felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, GÞG, HV, LJós, SG, BergS, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG.

nei: BFB, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StgrSt, EirÞ, EystJ, GíslG.

HÁ, MJ, PÞ, ÁB, EI, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (GTh, IngJ, JóhH, KGuðj, BÓ) fjarstaddir.

Brtt. 585 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GilsG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, BFB, JR, LJós, MJ, SG, BergS, EggÞ, EI, EOl.

nei: EystJ, GíslG, JPálm, JS, JörB, KJJ, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, EirÞ, SB.

5 þm. (GTh, IngJ, JóhH, KGuðj, BÓ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Þetta atriði hefur mjög verið til athugunar í hv. fjhn., og játa nm., að það sé réttmætt að taka tillit til þess að einhverju leyti, en þar sem þessi till. er allt of víðtæk, getur n. ekki mælt með henni, og þess vegna segi ég nei.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Það er vitað mál, að í því samkomulagi, sem gert hefur verið um samþykkt þeirrar löggjafar, sem hér er verið að ræða um, eru ýmis atriði, sem sumir þeirra, sem að samkomulaginu standa, hefðu kosið öðruvísi. Það er ekki hægt að gera um slíkt samkomulag, nema því aðeins að það sé slakað til á báða bóga. Ég tel þessa till. algert brigðmæli við það samkomulag, sem hefur verið gert í þessum efnum, og segi eindregið nei.

**Skúli Guðmundsson:** Ég vil benda á það, að þessi till., eins og hún er orðuð, mundi jafnt ná til einhleypinga eins og heimilisfeðra, og það tel ég að ætti ekki að vera, ef einhver slík ákvæði væru sett í lög sem þarna er till. um í þessari brtt. Ég vil enn fremur benda á það, að í frv., sem nú er hér verið að afgreiða, eru viss fríðindi til handa fiskimönnum, vegna þess að það hefur verið erfiðara að fá menn á fiskiskip en til margra annarra starfa. Ef þessi till. væri samþykkt, hefðu þeir engin fríðindi umfram aðra verkamenn, sem gegna störfum, sem auðvelt er að fá menn til, og af þessum ástæðum tveimur segi ég nei.

**Sigurður Bjarnason:** Ég segi nei, með tilvísun til grg. hæstv. forsrh.

Brtt. 637,2.a samþ. með 21 shlj. atkv.
— 637,2.b samþ. með 21 shlj. atkv.
— 637,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 646 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 648).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. um breytingar á skattalögunum er nú orðið svo kunnugt af miklum umr., sem orðið hafa um það nú þegar, að ég get sparað mér ýtarlega framsögu um málið í hv. d., enda er greinargerðin fyrir frv. mjög ýtarleg.

Ég vil fyrst minna á það, að núgildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt, eða réttara skattstigarnir, eru aðallega frá 1941, en viðaukar miklir þó settir 1945. Síðan þessir skattstigar voru lögfestir hefur orðið stórfelld breyting á öllum fjárhagsástæðum vegna verðbólgunnar. Tölur allar hafa hækkað stórkostlega. Skattstigarnir, sem settir voru þá, hafa því í raun og veru hækkað stórkostlega frá því, sem þeir voru, þegar þeir voru lögleiddir. Að vísu hefur verið dregið úr

þessu með því að innleiða svo kallaðan umreikning á tekjur að vissu marki, og sérstök löggjöf hefur verið sett um lækkun skatts á lágtekjum. Þessar ráðstafanir hafa komið í veg fyrir, að skattur hafi hækkað á lægstu tekjum frá því, sem ætlazt var til í löggjöfinni frá 1941 og 1945, en á hinn bóginn hafa skattar á miðlungstekjum og þar fyrir ofan, af þessum ástæðum, sem ég hef greint, hækkað stórlega frá því, sem löggjöfin ætlaðist til, þegar núgildandi skattstigar voru settir í lög. Það hefur verið ljóst um hríð af þessum ástæðum, sem ég nú hef tekið fram, að brýn nauðsyn var að endurskoða skattalögin. Þó hefur það dregizt úr hömlu. En með batnandi afkomu ríkissjóðs hafa menn eygt möguleika til þess að láta verða af þessari endurskoðun og þeirri lækkun á beinu sköttunum, sem hlaut að verða afleiðing hennar eins og komið var.

Þegar núverandi stjórn var mynduð s. l. sumar, var ákveðið í stjórnarsamningnum að láta verða af því að setja ný skattalög á þessu þingi og lækka beinu skattana. Var þeirri stefnu yfir lýst, að með nýrri löggjöf skyldi draga úr því ósamræmi, sem orðið væri á skattalöggjöfinni vegna verðbólgunnar, lækka beinu skattana og gera einnig ráðstafanir til þess að ýta undir sparifjársöfnun. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er miðað við þessa stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Er með þessu frv. uppfyllt það fyrirheit, sem gefið var í sjálfum stjórnarsáttmálanum um endurskoðun og lækkun á beinum sköttum. Þó er málinu ekki lokið með því frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki hægt að segja, að í þessu felist breytingar til frambúðar nema á þeim kafla skattalaganna, sem fjallar um skattlagningu einstaklinga. Aftur á móti reyndist ekki svigrúm til þess að komast að niðurstöðu um þann kafla skattalaganna, sem fjallar um skattlagningu félaga, en sá kafli þarfnast einnig endurskoðunar, ekkert síður en hinn í sjálfu sér, þótt ekki væri hægt að ljúka því nú að endurskoða hann. Mun milliþn. í skattamálum, sem hefur þegar starfað í tæplega tvö ár og unnið mikið og gott verk og undirbúið þetta frv., sem hér liggur fyrir, því halda áfram störfum og m. a. vinna að því að endurskoða þann kafla tekjuskattslaganna, sem fjallar um skattlagningu félaga. Enn fremur mun n. íhuga þann kafla skattalaganna, sem fjallar um framkvæmd þeirra, og vinna áfram að því verkefni, sem hún hefur líka haft með höndum, að athuga um útsvarslögin, eða réttara sagt um tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga. Að þessum þáttum mun n. vinna enn áfram með það fyrir augum að geta skilað fleiri till. en enn þá eru frá henni komnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög út í einstök atriði frv. Ég vil þó minna á stærstu atriðin. Fyrst er það, að lögleiddur er nýr skattstigi í stað þriggja, sem nú gilda fyrir einstaklinga, og verður allt einfaldara og betra í framkvæmd en áður hefur verið. Umreikningurinn er að sjálfsögðu felldur niður. Það verða lögleiddir nú tveir skattstigar, annar fyrir hjón, og er það algert nýmæli í íslenzkri skattalöggjöf. Það hafa verið uppi raddir um, að það væri ekki réttmætt að skattleggja hjón saman, eins og gert hefur verið fram að þessu, og þeir, sem halda því fram, hafa talsvert til síns máls. Á hinn bóginn sýnast ekki vera rök fyrir því að skattleggja hjón eins og óviðkomandi aðila hvort í sínu lagi. Að þessu sinni er sú millileið farin að gera sérstakan skattstiga fyrir hjón, sem gerir það að verkum, að tekjur hjóna eru skattlagðar lægra en jafnháar tekjur einstaklinga og gerður meiri munur á skattlagningu þessara tekna en sá einn, sem leiðir af mismunandi persónufrádrætti fyrir hjón og einstaklinga. Það eru sem sé nú í fyrsta skipti settir í lög tveir skattstigar, annar fyrir einstaklinga og hinn fyrir hjón. Með þessu er komið til móts við þær óskir, sem fram hafa komið um endurskoðun á reglunum fyrir skattlagningu hjóna. Það hefði getað komið til mála að ganga lengra í þessa átt og gera meiri mun á skattlagningu á tekjum hjóna og einstaklinga en gert er í þessu frv., en það var ekki talið fært að ganga lengra, a. m. k. ekki nú í þetta sinn, vegna þess að af því hefði leitt stórfellda tekjuskattslækkun. Það hefði þá þurft að fara að hækka verulega skatta á einhleypum mönnum til þess að vega upp hina miklu skattalækkun á tekjum hjóna, ef út í slíkt hefði verið farið, því að það var ekki mögulegt að gera ráð fyrir, að ríkissjóður mætti missa meiri tekjur en þær, sem hann tapar vegna ákvæða þessa frv., eins og þau eru nú. Það var þess vegna ekki talið fært að ganga lengra í þessu atriði en frv. gerir ráð fyrir. Skattstiginn sjálfur er í raun og veru miðaður við það að taka af mestan þann skakka, sem orðið hefur á skattabyrðinni vegna vaxandi verðbólgu. Þannig er uppfyllt það atriði í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar.

Mörg önnur þýðingarmikil atriði eru í frv. Nú er gert ráð fyrir, að fiskimenn geti dregið frá ýmislegan kostnað, sem þeir hafa sérstaklega við öflun teknanna, svo sem sjófatakostnað, en það hefur ekki áður verið heimilað. Mun þetta draga talsvert í skattgreiðslum fiskimanna, sem hafa allgóðar tekjur. Það mun láta nærri, að skattur togarasjómanns, sem hefur 45 þús. kr. tekjur, er kvæntur og hefur tvö börn á framfæri, muni lækka um rúmlega 50% samkvæmt þessu frv. og verður skattur þess manns mjög lágur eftir frv.

Þá er í frv. mjög aukin heimild fyrir menn til þess að draga frá það fé, sem þeir verja til þess að kaupa sér líftryggingu, sem nú er nokkuð tíðkað, og ætti það að geta verkað á tvennan hátt, bæði til þess að auka sparnaðinn í landinu og líka til þess að ýta undir menn að kaupa sér slíka tryggingu, meðan þeir hafa dágóðar tekjur, til stuðnings sér síðar á ævinni, þegar menn geta ekki unnið sér fyrir nema litlum tekjum eða máske engum. Og ætti þetta ákvæði að geta orðið talsvert þýðingarmikið fyrir marga.

Þá er í fyrsta skipti í skattalögunum nú með þessu frv. farið inn á þá braut að leyfa mönnum að draga frá húsaleigu. Er gert ráð fyrir því, að menn fái nú heimild til þess að draga frá nokkurn hluta þeirrar húsaleigu, sem þeir greiða, og er það sérstaklega gert vegna þess, að það er orðið verulegt ósamræmi, eins og nú standa sakir, í skattgreiðslum húseigenda annars vegar og leigjenda hins vegar, vegna þess að eigin húsaleiga er yfirleitt lágt metin til tekna á skattframtölum. Til þess að draga úr þessu ósamræmi

er nú það ráð upp tekið að heimila leigjendum að draga frá nokkuð af þeirri leigu, sem þeir kunna að borga, eftir reglum, sem nánar eru tilgreindar í frv. Hér á að vera á ferðinni réttarbót fyrir leigjendur.

Það er rétt að taka fram, að gert er ráð fyrir, að lækkun á sköttum einstaklinga, persónulegra gjaldenda, muni verða að meðaltali um 29% samkvæmt þessu frv. Hér er því um stórfellda skattalækkun að ræða. Sjálfur skattstiginn og aukinn persónufrádráttur mun gera rúmlega 20% lækkun út af fyrir sig. En það er mat skattstofunnar, að þau margvíslegu frádráttarhlunnindi, sem nú er bætt inn í lögin, muni gefa 8—9% lækkun á skattinum í heild sinni, skatti einstaklinga eða persónulegra skattgjaldenda. Það er húsaleigufrádrátturinn, það er frádráttur sá, sem fiskimönnum er ætlaður vegna kostnaðar við atvinnu sína, það er lífeyrissjóðsfrádrátturinn og fleiri atriði smærri, sem ég hef ekki sérstaklega drepið á, en eru þó sum allmerkileg.

Þá kem ég að sparifénu. Það hefur mikið verið rætt undanfarið um nauðsyn þess að auka sparnaðinn í sambandi við lánsfjárskortinn, sem Íslendingar eiga sífellt við að stríða, og þær miklu framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á næstu árum. Menn hafa talað um, að í því skyni væri hægt að fara tvær leiðir, annars vegar væri einhvers konar þvingunarleið til þess að ná af mönnum meira fé og leggja til hliðar, hin leiðin væri sú að reyna að gera aðgengilegra að spara, eiga sparifé. Ég fyrir mitt leyti hef ekki talið fyrri leiðina færa eins og nú stendur og hef viljað leita að leið til þess að gera aðgengilegra fyrir menn að spara og eiga sparifé. Hefur nú stjórnin tekið upp þá stefnu, sem mörkuð er í frv., að gera sparifé skattfrjálst og útsvarsfrjálst og setja ákvæði í lög um, að ekki þurfi að telja sparifé fram, að því leyti sem menn eiga það umfram skuldir. Þetta er mjög stórfellt nýmæli, og það er einlæg von þeirra, sem að þessu standa, að þessi ráðstöfun geti orðið til þess að ýta undir sparnaðarvilja manna, geti orðið til þess, að sparifjárinnlög vaxi verulega frá því, sem verið hefur. Sparifjárinnlög hafa vaxið nú síðustu missirin. Til þess liggja sjálfsagt tvær ástæður. Önnur er sú, að menn hafa haft meiri tekjur en oft áður einmitt á þessum missirum og því lagt meira til hliðar af þeim ástæðum. Hin ástæðan er vafalaust sú, að verðlag í landinu hefur verið óbreytt í tvö ár í fyrsta skipti um marga áratugi. Hefur það haft þau áhrif, að mönnum finnst miklu aðgengilegra að eiga reiðufé, að eiga innstæður, heldur en áður hefur verið, og er það eðlilegt. Áður þorðu menn tæpast að eiga innstæðu yfir nóttina af ótta við það, að hún yrði verðminni næsta dag, en sá ótti hefur horfið nú um skeið, og það hefur orðið til þess að ýta undir þá heppilegu þróun í þessum málum, sem nú hefur bólað á. Nú vill ríkisstj. ýta undir þessa þróun með því að lögleiða skattfrelsi sparifjár.

Ég gat um áðan, að það hefði ekki verið lokið við að endurskoða þann kafla tekjuskattslaganna, sem fjallar um skatt félaga, en það væri mikil nauðsyn á að breyta þeim kafla laganna. Ég skal ekki ræða það mál hér almennt, en aðeins benda á, að þetta mál er leyst til bráðabirgða í frv. með þeirri till., að lögleidd verði 20% lækkun á tekjuskatti félaga. En það er tekið fram í frv., að það ákvæði á að gilda aðeins til eins árs, og er það miðað við, að verið er að vinna að málinu áfram.

Ég held, að ég hafi nú minnzt á höfuðatriði málsins og aðdraganda þess og læt við þetta sitja að sinni, en leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d. að lokinni þessari umr., og ég efast ekkert um, að n. muni afgreiða málið fljótt og skörulega frá sér, enda er þess nú mikil þörf, þar sem ætlunin er að sjálfsögðu, að þetta frv. verði að lögum fyrir páska. Ætlazt er til, að lagaákvæðin nýju gildi um skattaálagninguna fyrir árið 1953, og þess vegna bíða skattanefndir og skattstofur víðs vegar um landið blátt áfram eftir nýju lögunum. Ég vona, að nefndinni veitist tiltölulega létt að afgreiða málið fljótt, vegna þess m. a., að í nefndinni eiga sæti tveir þingmenn, sem hafa unnið í *milliþn. í skattamálum og þekkja hvern stafkrók* frumvarpsins.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Menn hafa nú beðið eftir framkomu þessa frv. með mikilli eftirvæntingu. Við það voru miklar vonir tengdar. Stjórnarflokkarnir höfðu lofað, að það skyldi fela í sér miklar kjarabætur fyrir almenning. Nú er frv. komið, og ég held, að það sé óhætt að segja, að það hafi valdið miklum vonbrigðum.

Það skal játað, að frv. þetta felur í sér nokkrar ívilnanir fyrir hina almennu skattþegna. Tekjuskattur fjölskyldumanna er lækkaður nokkuð, og auk þess eru ýmsar minni háttar lagfæringar. En það, sem fyrst og fremst vekur athygli, er það, hvað þetta er allt smátt og munar litlu. Þetta sést strax á því, hvað lækkunin nemur örlítilli upphæð borið saman við heildartekjur hins opinbera, sem lagðar eru á skattþegnana. Skattalækkunin mun varla nema miklu hærri upphæð en 10 millj. kr. Allir opinberir skattar hins vegar nema nú varla minni upphæð en 800 millj. kr., þegar allt er talið: tollar og óbein gjöld, tekjuskattur, útsvör, tekjur af einkasölum, tryggingagjöld og bátagjaldeyrisskattur. *Af þessu eru 10 millj.* hlægilega lítil upphæð, einkum þegar þess er gætt, að bróðurparturinn af lækkuninni fellur í hlut auðfélaga og hátekjumanna. Enn skýrara verður þetta, ef tekið er dæmi af lágtekjumanni, sem nýtur mestrar lækkunar samkvæmt þessu frv. Tollar og óbeinir skattar að meðtöldum bátagjaldeyri verða varla minna en um 13 þús. kr. að meðaltali á hvert 5 manna heimili á landinu á þessu ári og nálægt 16 þús. kr., ef tekjur af einkasölum eru taldar með. Við þetta bætast svo iðgjöld til almannatrygginga og sjúkrasamlagsiðgjöld, sem samtals nema 1362 kr. á ári, eins og upphæðin er nú fyrir hjón í Reykjavík, og loks útsvar og tekjuskattur. Það er að vísu ekki hægt að gera neina nákvæma áætlun um það, hvað 5 manna heimili með venjulegar verkamannatekjur verður raunverulega að greiða samtals í alla opinbera skatta. En af þessum meðaltalstölum, sem ég nú hef nefnt, má sjá, að það eru gífurlegar upphæðir. Tekjuskattslækkun slíks heimilis mundi samkvæmt frv. verða 200—300 kr., t. d. 279 kr., ef maður reiknar með 36 þús. kr. árs-

tekjum, og er þó þetta heimili í flokki þeirra, sem langmestrar lækkunar mundu njóta, reiknað í hundraðshlutum samkvæmt frv. Af þessu má sjá, hversu hlægilega smásmugleg fríðindi það eru, sem létt hefur verið af slíkum heimilum, borið saman við þær gífurlegu skattabyrðar, sem á þau eru lagðar.

Ég bar fram fyrr á þessu þingi frv. um afnám persónuiðgjalda til almannatrygginga og til sjúkrasamlaga. Það mundi hafa orðið verulegur léttir á almenningi, því að hér er um gjöld að ræða, sem hvíla með tvöfalt og þrefalt meiri þunga á fátækum alþýðuheimilum en tekjuskatturinn. En einmitt þess vegna, vegna þess að till. minar hefðu fyrst og fremst komið fátækum almenningi til góða, var þeim vísað frá með rökstuddri dagskrá og hafa alls ekki komið til athugunar við undirbúning þessa máls.

Þeir ágallar á þessu frv., sem maður sérstaklega rekur augun í, eru að mínum dómi þessir:

Tekjuskattslækkunin, sem frv. gerir ráð fyrir, kemur fyrst og fremst hátekjumönnum og auðfélögum til góða, því að að því er þá varðar er um verulega háar upphæðir að ræða, sem þessi lækkun nemur. 20% skattlækkun á félögum munar t. d. engu smáræði fyrir auðug hlutafélög, sem greiða háan skatt.

Í frv. er ekki gerð minnsta tilraun til þess að leysa það vandamál, sem brýnast er og mest aðkallandi að því er varðar innheimtu tekju- og eignarskatts, en það er að tryggja rétt framtöl. Þess vegna mun tekjuskatturinn hvíla með öllum sínum þunga fyrst og fremst á launamönnum eftir sem áður. Af um 800 millj., sem ríki og bæir innheimta á ári af þegnunum, er aðeins um 60 millj. tekjuskattur. Af þeim gjöldum, sem ríki og ríkisstofnanir innheimta, er hinn stighækkandi skattur ekki meira en um 10%. Og þessi hundraðshluti lækkar enn með þessu frv. Það miðar því í þá átt að afnema hinn stighækkandi beina skatt, en það er, eins og kunnugt er, opinbert stefnumál sumra hv. þm., en virðist þó vera óopinbert stefnumál miklu fleiri, sem ekki eru eins hreinskilnir í málflutningi sínum. Markmið þessara manna er að afla allra tekna með nefsköttum og óbeinum sköttum.

Skattar einstaklinga með lágum tekjum og miðlungstekjum lækka alls ekki samkvæmt þessu frv., en aftur á móti lækkar verulega skattur ókvæntra hátekjumanna. Þetta tel ég hróplegt ranglæti. Á þessu landi er mjög dýrt að lifa fyrir einhleypa menn, oft og tíðum engu ódýrara en fyrir barnlaus hjón, og ég leyfi mér að vona, að þetta hróplega ranglæti verði að einhverju leyti leiðrétt hér í þessari hv. d. Samkvæmt frv. þessu er skattur lagður á alveg óhæfilegar lágar tekjur, langt fyrir neðan þurftartekjur. Ég get ekki skilið annað en að öllum hv. þm. sé ljóst, að þetta er blátt áfram fjarstæða. Það nær engri átt að leggja skatt á hreinar tekjur, sem t. d. nema ekki 20 þús. kr. á ári. En í þessu frv. helzt sú sama ósvinna og fjarstæða, sem tíðkazt hefur hingað til, að skattur er lagður á tekjur, sem menn geta með engu móti lifað af. T. d. er tekinn skattur af elli- og örorkulaunum. Ég vona nú, að samkomulag geti orðið í þessari hv. d. um að afnema þessa fásinnu.

Vandamálinu um skattlagningu hjóna eru engan veginn gerð nein fullnægjandi skil í þessu frv. Enn sem fyrr er það beint tjón fyrir karl og konu, sem hvort um sig vinna fyrir sjálfstæðum tekjum, að ganga í hjónaband. Þetta þarf einnig að leiðrétta og leyfa að hjón, sem bæði vinna úti, megi telja fram hvort í sínu lagi og vera skattlögð sem einstaklingar.

Það hafa verið uppi mjög almennar kröfur um það, að sjómönnum á íslenzkum fiskiskipum væri leyft að draga ríflegan hluta frá tekjum sínum, áður en skattur er á þær lagður. Mikill meiri hluti sjómanna hefur krafizt þess af Alþingi, að þetta væri leyft. Samtök útgerðarmanna hafa tekið mjög eindregið undir þessa kröfu. Ég veit líka, að þessi krafa nýtur stuðnings alls almennings, af því að hún er sanngjörn. Sjómenn vinna svo erfitt, áhættusamt og mikilvægt starf, sem þeir verða auk þess að stunda langt frá heimilum sínum, að það verður að teljast í alla staði eðlilegt að veita þeim slík fríðindi. Nú vita allir, hvílíkur vandi steðjar að togaraútgerðinni vegna þess, að ekki er hægt að fá vana menn á skipin sökum þess, hvað kjör togarasjómanna eru bágborin. Og eitthvert bezta og sjálfsagðasta framlag ríkisins til þess að leysa þennan vanda, sem verður að leysa, ef þjóðfélag okkar á að geta staðizt, er að lækka verulega skattinn á sjómannastéttinni. Í frv. er gert ráð fyrir, að fæðiskostnaður sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að sjá sér fyrir fæði, komi til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Þetta er sjálfsagt ákvæði, en jafnsjálfsagt tel ég líka hitt, að landverkamenn, sem eins er ástatt um og vinna fjarri heimilum sínum og þurfa að sjá sér fyrir fæði, njóti sömu fríðinda. Þetta er réttlætismál, sem Alþingi getur með engu móti skellt skolleyrunum við. Í hv. Nd. var till. um þetta efni lögð fram af nokkrum þm. úr öllum flokkum, og hún var felld með jöfnum atkvæðum. Þetta er enn eitt, sem þessi hv. d. verður að leiðrétta. Og það eru enn mörg atriði í þessu frv., sem þyrftu athugunar við, en ég hef hér aðeins stiklað á því allra stærsta og ætla að láta þetta nægja að sinni.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég ætla, að það hafi verið á Alþingi þann 16. jan. 1952, að afgr. var svolátandi till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt. Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstj. leggi frv. til l. um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þessi þáltill. var samþykkt í Sþ. fyrir tveim

árum og tveim og hálfum mánuði. Nefnd til þess að vinna að þessu verki mun hafa verið skipuð rétt eftir að ályktunin var samþykkt, svo að hún hefur því haft full tvö ár til starfa, og það frv., sem nú liggur hér fyrir til umræðu, er árangurinn af starfi nefndarinnar.

Ég vil fullyrða það, að þegar litið er til þess verkefnis, sem n. var ætlað, og þeirra ávaxta, sem nú eru komnir hér í ljós eftir meira en 2 ár, þá hefur starf n. valdið almenningi í landinu og þeim þm., sem eitthvað hafa um þessi mál hugsað, verulegum vonbrigðum. Engin minnsta viðleitni kemur fram í þessu frv. til þess að sinna höfuðverkefni n., því að rannsaka skattakerfið í heild og samræma það, ekki aðeins skattakerfi ríkisins, heldur ríkisins og sveitar- og bæjarfélaga. Hér er aðeins tekinn einn þáttur út úr löggjöfinni um tekju- og eignarskatt til ríkisins og hann ekki sá veigamesti. Allt annað er ógert enn, eftir þessi rúm tvö ár.

Hæstv. ráðh. lét þess getið í upphafi máls síns, að með þessu frv. væri sýnd viðleitni til að efna það loforð, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið um skattalækkun. Ekki verður því neitað, að í þá áttina er þetta, en því verður heldur ekki neitað, að málflutningur hæstv. ríkisstj. og stuðningsblaða hennar hefur verið ákaflega einhliða og einkennilegur í sambandi við þetta mál. Það er látið í veðri vaka, og það er beinlínis auglýst í blöðunum, ef svo mætti segja, að hér sé um stórfellda skattalækkun að ræða, allt upp í 50% skattalækkun á almenningi, og langmest skattalækkunin sé á lágu tekjunum. Í heild gerir hæstv. ráðh. ráð fyrir að þessi lækkun á tekjuskattinum muni nema um 10 millj. kr. á ári. Það hefur verið bent hér á áður, hversu hverfandi dropi í skattahafinu þessar 10 millj. eru. Ég hygg, að það sé rétt, að opinber gjöld til sveita og ríkis muni nú vera milli 700 og 800 millj. kr. á ári, eða eitthvað á milli fjórði og þriðji hver peningur, sem landsmenn hafa í tekjur, ef allt er talið með. Verkefni n. átti að vera að rannsaka þetta heildarkerfi, samræma það og benda á eðlilegri leiðir til þess að jafna þessum sköttum á landsfólkið eða því af þeim, sem nauðsynlegt væri að jafna á það. Hér er aðeins tekinn þessi litli þáttur út úr, og auðséð er hverjum manni, sem á það lítur, að í raun og veru munar sáralítið um þær hækkanir, sem hér er um að ræða, og ekkert fyrir allan almenning í landinu.

Sé miðað við ríkistekjurnar einar, þá eru þær áætlaðar um 440 millj. kr. á næsta ári, og tekju- og eignarskatturinn yrði þá samkvæmt því að frv. samþykktu rétt innan við 15% af þessum tekjum ríkisins eins.

Í grg., sem fylgir frv., segir: „Þeir, sem þessarar lækkunar njóta, eru fyrst og fremst fjölskyldufólk, og því meiri lækkunar sem ómagarnir eru fleiri, hjón, sem stofna heimili“ o. s. frv., o. s. frv. Þetta er svo upplýst nánar í grg. með umsögnum um einstakar greinar frv. Þar segir, að skattur af 20 þús. kr. nettótekjum hjá hjónum, ómagalausum, lækki um hvorki meira né minna en 39%. Þetta segir hæstv. ráðherra að sé stórkostleg lækkun, og prósentan virðist kannske í sumra augum stór. En sé nú flett upp í gildandi skattalögum og athugað, hvaða skatt þessi hjón hafa haft og hafa nú, þá telst mér til, að þau ættu að greiða eftir gildandi lögum um 200 kr. 39% skattalækkun þýðir því 78 kr. lækkun á ári. Það er allt og sumt. Það er hægt að nota tölur margvíslega, en eigi að fara að telja landsfólkinu trú um það, að 78 kr. skattalækkun hjá hjónum sé stórkostleg breyting á þeirra kjörum, þá eru tölurnar notaðar ranglega; það vil ég fullyrða. En það eru ýmsir aðrir, sem samkvæmt þessu frv. fá mjög verulega lækkun. Það eru félögin, hlutafélög og önnur félög, sem hafa atvinnurekstur með höndum og eiga ekki að lækka nema bara um 20% eftir því, sem í frv. segir. Ég hef lítið lauslega á skattskrár ársins 1953, og þar sé ég, að 24 félög hér í bænum eiga að greiða rétt í kringum 5 millj. kr. í tekju- og eignarskatt, stríðsgróðaskatt og viðaukaskatt á árinu 1953. Skattarnir á þessum 24 félögum lækka, ef frv. verður samþykkt, um rösklega 1 millj. kr. Þetta er eitthvað, sem vissulega munar dálitið um; ég skal játa það. Hina upphæðina, 78 kr. fyrir barnlaus hjón, munar ekkert um, Af þessum 24 félögum eru 5, sem samtals hafa nokkuð yfir 2 millj. kr. í tekju- og eignarskatt á árinu 1953. Þessi 5 félög fá lækkun, sem nemur nokkuð yfir 400 þús. kr., vegna þessa frv., eða milli 80 og 100 þús. kr. hvert. Það eru þessir aðilar, sem verða varir við þá stórkostlegu lækkun skattanna, sem svo mjög hefur verið gumað af af stjórnarflokkunum og blöðum þeirra undanfarið. En allur almenningur í landinu, sem hefur 30—40—50 þús. kr. tekjur, veit nær ekki af þeim hreinu skattalækkunum, sem fram koma, þó að það sé kannske dálítið drýgt með ýmsum sérákvæðum eins og húsaleigu í einstöku tilfellum.

Þetta er heildarsvipurinn á þessu frv., sem hér liggur fyrir og svo mjög hefur verið boðað almenningi sem stórkostleg lækkun á sköttum hjá honum. Sannleikurinn er sá, að svo rangsnúin sem tekjuskattalöggjöfin nú er, þá eru samt þeir skattar, sem almenningur greiðir samkvæmt henni, ekki nema örlítið brot af þeim sköttum, sem það opinbera tekur, og það brotið, sem tiltölulega minnst munar um.

Öllum ber saman um það, að eins og skattalöggjöfin nú er og eins og hún er framkvæmd, þá vanti ákaflega mikið á það, að rétt og áreiðanleg framtöl fáist, þannig að réttmætur skattur verði lagður á þá gjaldendur, sem hafa fjölþættan atvinnurekstur með höndum. Meginþungi tekjuskattsins hvílir þess vegna á launamönnum, sem geta ekki á nokkurn hátt, hvað sem þeirra tilhneigingum kynni að líða, komizt hjá því að gera grein fyrir tekjum sínum. Það hefur löngum verið talið eitt mest aðkallandi verkefnið í sambandi við endurskoðun skattalöggjafarinnar að bæta úr þessu, að gera ráðstafanir til þess að tryggja sem réttust framtöl og sem allra fyllst og áhrifaríkast eftirlit og endurskoðun á framtölunum. Í þessu frv., sem búið er að vera í smíðum væntanlega í rösklega tvö ár, er ekki einn stafur eða stafkrókur, sem bendir í þá átt, að nefndinni eða hæstv. ríkisstj. hafi orðið ljós þörfin í þessu efni. Það er ekkert gert í þessu frv. til þess að auka skattaeftirlitið, herða á því, að framtölin séu rétt, eða setja hæfilega endurskoðun á skattaframtölin, að ég ekki tali nú um,

að sérstakur dómstóll verði settur á fót til þess að dæma í þessum málum. Þvert á móti. Ég fæ ekki betur séð en að ef þetta frv. verður að lögum, þá verði skattprettir og undandráttur undan skatti stórum mun auðveldari eftir en áður.

Eitt af nýmælum þessa frv. er það, að sparifé skuli vera skattfrjálst, og enn fremur, að skyldan til að telja fram eignir sínar í sparisjóðum sé felld niður, þannig að skattanefndir fái engar upplýsingar um þessar eignir manna. Mér virðist alveg augljóst, hvað sem um skattfrelsi er sagt, sem ýmislegt má segja til stuðnings, að með því að aflétta framtalsskyldu á innstæðufé séu beinlínis skapaðir margbættir og auknir möguleikar fyrir menn til að fela fé sitt, tekjur sínar og eignir, og koma þeim undan skatti. Ég sé ekki annað en að það sé beinlínis stórkostleg ívilnun og hægðarauki gerður þeim, sem vilja svíkja skatt, með því að aflétta framtalsskyldu sparifjár. Ég skal játa, að það mælir ákaflega margt með því að fella sparifé almennings undan skattgreiðslu. Þó hygg ég, að sannleikurinn í því efni sé sá, að allan þorra manna, sem hafa ekki nema litlar innstæður, kannske tugi þúsunda, munar sáralítið um skattinn, sem af því er greiddur. En mætti þetta verða til þess að örva sparihvöt manna, þá væri rétt spor stigið með því að gefa skattfrelsi á þessu uppsafnaða sparifé. Hins vegar fæ ég ekki neitað því, að mér virðist nokkurt ósamræmi í því, að ég sé hvergi í þessu frv., að gert sé ráð fyrir því, að nokkur verðbréf skuli vera skattfrjáls. Nú er það vitað, að bæði ríkissjóður og ýmis fyrirtæki nákomin honum og hinu opinbera leita mjög eftir sparifé almennings á þann hátt að bjóða til sölu vaxtabréf, verðbréf, og í ýmsum tilfellum hefur lánazt að safna nokkru fé til gagnlegra hluta einmitt á þennan hátt, með verðbréfasölu til almennings. Það er augljóst mál, að ef það sparifé, sem er geymt í bönkum og sparisjóðum og kaupfélögum, verður skattfrjálst, þá fer enginn maður að verja sparifé sínu til þess að kaupa slík verðbréf sem þessi og greiða svo af þeim fullan skatt og eiga að telja þau fram á sinni framtalsskýrslu. Mér finnst, að ef samræmi á í þessu að vera, og það er nauðsynlegt, þá verði að athuga þetta jafnframt skattfrelsi innstæðufjár.

En í sambandi við hugleiðingar hæstv. ráðh. um nauðsynina á því að efla sparifjársöfnun og viðleitni stjórnarinnar í þá átt að auka sparnaðarhvötina vildi ég segja það, að þó að nokkurs árangurs megi ef til vill vænta af þessum skattfríðindum fyrir sparifé, þá er annað atriði, sem er miklu, miklu þyngra á metunum í því sambandi heldur en hvort féð er skattfrjálst eða ekki skattfrjálst, og það er það, hvort menn hafa trú á því, að peningarnir haldi gildi sínu, ef þeir eru geymdir einhvern ákveðinn eða óákveðinn tíma. Og sannleikurinn er sá í þessu efni, að það er engan veginn vegna lágra vaxta af sparifé né heldur framtalsskyldu né heldur af því, að skattur er greiddur af vöxtum, að sparifjársöfnunin hefur orðið svo lítil sem raun ber vitni um. Meginástæðan til þess er sú, að menn hafa vitað, að mönnum hefur verið sannað í hverjum mánuði, á hverju ári, að með því að geyma fé þannig hefur minnkað verðgildi þess, þeir misst stórkostlegan hluta af fénu vegna gengisfalls, verðbólgu og vaxandi dýrtíðar. Það er þessi ótrú á peningana, viðleitni manna til þess að eignast föst verðmæti eða laus eða ánægjustundir í stað peninga, sem verða verðlitlir eftir skamman tíma, sem veldur því, að sparnaðarhvötin er svo rýr sem hún er. Eigi því að meta það, hvers árangurs sé að vænta af þessari viðleitni ríkisstj. til þess að efla sparnaðarhvötina, þá verður einnig að líta til þess, hvort stefna hæstv. ríkisstj. í fjárhags- og efnahagsmálum sé líkleg til þess að styrkja gjaldmiðilinn, gera hann traustan, skapa þá trú hjá fólkinu, að peningarnir séu óhagganleg verðmæti. Því miður verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég hygg, að ákaflega mikið skorti á, að aðgerðir hæstv. ríkisstj. í fjárhags- og atvinnumálum verði til þess að styrkja trú fólksins á stöðugt verðgildi peninganna.

Ég skal viðurkenna það, að að nokkru leyti að því er lægri tekjurnar snertir er stigið rétt spor með þessu frv. og ýmislegt af þeim nýmælum, sem þar eru tekin upp um ívilnanir í sköttum í sérstökum tilfellum, beinist einnig í rétta átt. Hitt getur mér ekki dulizt, að meginhagnaðinn af þessu frv. fá stóreigna- og hátekjumennirnir í landinu, af þessum 10 millj., sem gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um. Aðeins hverfandi lítill hluti kemur í hlut almennings vegna þess, hversu skammt er gengið í því að létta sköttunum þar af.

Eftir frv. á einstaklingur að byrja að greiða skatt, ef hann hefur 2 þús. kr. umfram persónufrádráttinn, sem er 6500 kr. samkvæmt frv. Eftir að tekjur einhleyps manns eru komnar yfir 8 þús. kr., þarf hann að greiða skatt. Nú er það öllum vitað og augljóst, að það er fullkominn ógerningur fyrir einhleypan mann, hversu spart sem hann vill lifa, að halda saman sál og líkama, ef hann þarf allt að kaupa fyrir 8000—8500 kr. Það er því alveg andstætt heilbrigðri skynsemi að ætla honum að fara að greiða skatt af tekjum, þegar þessu marki er náð. Alveg á sama hátt er það augljóst mál hverjum einum, að hjón, þótt barnlaus séu, geta ekki, hvar sem er á landinu og allra sízt hér í Reykjavík og hinum stærri bæjum, með nokkru lifandi móti lifað á 12—14 þús. kr. Skattmarkið er þar einnig langt fyrir neðan það, sem skynsamlegt er eða sanngjarnt. Ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að ganga nokkru lengra í þessu efni og ekki sízt þegar þess er gætt, að fólk á þessu tekjumarki og undir því verður að greiða stórkostleg gjöld til hins opinbera í hvert skipti sem það fær bita eða sopa eða spjör utan á sig. Þetta fólk er skattlagt í gegnum tolla og aðra óbeina skatta svo freklega sem hér hefur verið lýst, og er það náttúrlega fullkomin endileysa að ætla svo að fara að leggja beinan skatt, tekjuskatt, ofan á það í viðbót.

Þær ívilnanir, sem viðleitni er sýnd í frv. til þess að veita sjómönnum vegna sérstaks kostnaðar og erfiðs og áhættusams starfs, eru ekkert annað en sýndarplagg, því að sannleikurinn er sá, að þetta munar þá ekki neitt, 200 kr. á mánuði; það eru 2 þús. kr., ef um 10 mánaða úthald er að ræða á ári. Sá munur, sem fram kemur í sköttum við það, að þessi upphæð er felld undan, nemur engu og hefur engin áhrif á það, hvort

menn vilja ráðast til þessa starfs eða ekki. Það veit hæstv. ríkisstj. fullkomlega vel. Eigi að fara að gera fiskveiðarnar og sjómennskuna álitlegri í augum þeirra manna, sem vilja stunda þær, heldur en nú er, þá þarf vissulega meira til en að lækka skattskyldu tekjurnar á ári um 2—3 þús. kr., því að skattur af þeirri upphhæð í þeim tekjuflokkum, sem þessir menn almennt eru í, er það lágur, að það munar ekkert um hann, — það hefur engin áhrif í þá átt að hvetja menn til þess að stunda þessi störf, þó að hann sé felldur niður. 10% af 2 þús. kr. eru 200 kr. á ári. Komist frádrátturinn upp í 13%, sem stundum getur verið, þá munar það 260 kr. á ári, og það getur hver maður hugsað sér, hvort slík skattalækkun hjá sjómanni mundi auðvelda t. d. togurum að fá menn á skipin.

Ég skal ekki hafa um þetta mjög langt mál. Það gefst tækifæri til í n. að athuga þetta og ræða hér síðar, en mér þykir rétt að gera grein fyrir því við þessa 1. umr., um hvað ég tel í aðalatriðum frv. vera áfátt. Ég tel, að það hefði átt að miða skattfrjálsar tekjur einstaklings, sem honum væru ætlaðar til lífsframfæris, áður en skattur væri á lagður, við ekki lægri upphæð en 15 þús. kr. Ég tel, að fyrir hjón með t. d. 3 börn ættu tekjur upp í 35—37 þús. kr. að vera með öllu skattfrjálsar. Þetta er ekki annað en brauðfæði, sem fyrir slíkar tekjur er hægt að afla sér. Ég tel, að það eigi að taka upp sérsköttun hjóna, eins og gerð hefur verið grein fyrir í till. okkar Alþfl.-manna hér áður á Alþ. Ég tel enn fremur, að við endurskoðun laganna hefði átt að taka upp það nýmæli að veita sérstök skattfríðindi fyrir það fé, sem einstaklingar leggja til hliðar af tekjum sínum til þess að eignast þak yfir höfuðið, þeir sem ekki eru svo lánsamir að vera komnir það langt. Það fé ætti að leggjast til hliðar nokkurn veginn með svipuðum reglum og kjörum og félög og fyrirtæki mega leggja til hliðar varasjóði, nýbyggingarsjóði eða afskrifa fasteignir, en um það allt eru mjög frjálsleg ákvæði í núverandi löggjöf og einnig í þessu frv. Að sumu leyti hafa þau kannske verið of frjálsleg, eins og t. d. afskriftarákvæðin og annað slíkt. En einmitt vegna þessara ákvæða um fríðindi fyrir fyrirtæki og félög virðist alveg sjálfsagt og eðlilegt, að einstaklingar, sem vilja leggja til hliðar af tekjum sínum og neita sér um marga hluti þess vegna, fái þá undanþegið skatti það fé, sem þeir binda í þeim tilgangi einum að koma sér þaki yfir höfuðið fyrir sig og fjölskyldu sína. Þá tel ég einnig, að eins og okkar atvinnu er háttað nú, þá sé alveg óhjákvæmilegt að setja sérákvæði um, hve mikill hluti sé skattskyldur af tekjum fiskimanna og annarra sjómanna og verkamanna, sem hverfa um langtíma burt frá heimilum sínum til þess að afla sér tekna. Þessir menn hafa alveg sérstaka aðstöðu í þjóðfélaginu, sem skylda er til af ríkisvaldinu að taka tillit til. Loks er svo það nýmæli, sem ég tel sjálfsagt að taka upp og að vísu virðist vera heimild til í lögunum og sennilega ekki fullnægjandi þó, þ. e. að taka skattana jafnóðum og tekjurnar falla til, þannig að ekki safnist hjá mönnum tímum saman og verði því erfiðara að greiða það. Þetta eru þeir meginágallar, sem á frv. eru, burt séð frá því, sem ég fyrr sagði hér, að sá léttir, sem hér er gerður á lágtekjunum, er hverfandi lítill, þó að það spor sé í rétta átt, og meginhlutinn af skattalækkuninni kemur að sjálfsögðu, eins og ég hef gert grein fyrir, til góða þeim, sem mestar eiga eignirnar og hæstar hafa tekjurnar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru fáein orð út af því, sem hv. frsm. stjórnarandstöðuflokkanna hafa sagt um málið.

Þetta frv. gerir ráð fyrir, að skattar á persónulegum tekjum lækki um 29%. Frsm. stjórnarflokkanna koma hér samt og segja, að þetta sé ákaflega lítilfjörlegt mál, skattalækkunin sé allt of lítil og fólk muni ekkert um þetta. Talsmenn þessara flokka hafa þó á undanförnum árum haldið því fram, að tekjuskatturinn væri orðinn svo hár á launafólki, að hann væri alveg óbærilegur. Flokkar þessir hafa haft uppi þindarlausan áróður um þetta á undanförnum árum. Þeir hafa sagt, að tekjuskatturinn væri fyrst og fremst skattur á launafólk og hann væri orðinn óbærilega óréttlátur. Nú heyrum við það allt í einu á hinn bóginn, þegar á að lækka þessa skatta um nærfellt þriðjung, að fólk hafi ekkert munað um þetta, það muni ekkert um lækkunina og þá auðvitað ekki heldur um skattinn sjálfan eins og hann var eða verður. Hvernig á að koma þessu heim og saman?

Satt að segja er ekki ástæða til að halda langar ræður út af svona málflutningi. En ég vil þó út af þessu nefna nokkur dæmi. Tekjuskattur er ekki hár á öllum tekjum. Á lægstu tekjum hefur hann verið lækkaður með sérstökum lögum, en nú er gengið lengra. Við skulum taka hjón með tvö börn á framfæri og 35 þús. kr. tekjur. Skattur þeirra lækkar úr 550 kr. niður í 320 kr., um 42%. Ef þau munar ekki nokkurn skapaðan hlut um þessar á þriðja hundrað kr., sem skatturinn lækkar, þá eru væntanlega ekki þessar 320 kr., sem eftir eru, skelfileg byrði. Það er a. m. k. ekki hægt að koma slíku heim og saman. Ef við tökum hjón t. d. með 45 þús. kr. tekjur og tvö börn, þá er lækkunin úr 1156 kr. og í 760 kr., eða 34%. Þó er lækkunin í frv. miklu meiri en þessar tölur sýna, því að þetta er aðeins sú lækkun, sem kemur af skattstiganum einum og persónufrádrætti. Ef við tækjum t. d. dæmið þannig, að hér væri um að ræða fiskimann og hans konu, sem væru leigjendur, þá mundi skattalækkun eftir frv. vera miklu meiri en þessi, sem ég nefndi. Skatturinn mundi þá nær hverfa.

Á þessu sjáum við, hvað þessi málflutningur allur er mikil reginfjarstæða. Svo er sagt í sambandi við skattabreytingar á tekjum fiskimanna: Þetta hefur engin áhrif og getur ekki orðið til þess, að menn fáist frekar á togarana en áður. — En hver hefur sagt, að hægt væri að fá menn unnvörpum á togarana með því að breyta skattalögum? Ekki þeir, sem hafa kynnt sér málið. Tekjuskatturinn er ekki það hár á tekjum togaramanna, að það megi búast við því, að ein eða önnur breyting á honum hafi úrslitaþýðingu um það, hvort menn fara á togara eða ekki. Það mundi ekki hafa neina úrslitaþýðingu í þessu sambandi, þótt skatturinn væri alveg felldur niður. Það er alveg óhætt að halda því atriði

utan við þetta mál. Hitt er svo allt annað, að fiskimannafjölskyldu munar um þá skattalækkun, sem gert er ráð fyrir í frv., sumpart af almennum ákvæðum frv. og sumpart vegna þess, að fiskimenn fá sérstaka frádráttarliði, sem eru alls ekki hégómi, eins og hv. 4. þm. Reykv. vildi vera láta, heldur hafa verulega þýðingu. Ef við tökum dæmi af fiskimanni og þeim breytingum, sem hann á í vændum eftir frv., tökum t. d. 45 þús. kr. tekjur, sem mér er sagt að sé nærri meðaltekjum togaramanna, og tökum dæmi af kvæntum manni, sem hefur tvö börn á framfæri, þá lækkar skattur hans samkvæmt skattstiganum og vegna þessa fiskimannafrádráttar, sem er sérstakur, um 49% eða nálega 50%, eða nánar tiltekið um rúmar 500 kr. En ef þessi maður er þar að auki leigjandi og kemur til greina hjá honum fleira til frádráttar af hinum nýju hlunnindum í frv., þá lækkar skattur hans um meira en þetta. Hann verður nær skattlaus. Ef hann hefði þrjú börn á framfæri, þá mundi lækkunin verða enn meiri en að ofan greinir, því að lækkunin er þeim mun meiri tiltölulega sem fjölskyldan er stærri.

Það er því örugglega víst, að þetta frv. gerir ráð fyrir stórfelldri lækkun á sköttum fjölskyldumanna frá því, sem verið hefur. Hitt er svo annað mál, hvort mönnum finnst nú allt í einu, að þessir skattar hafi eftir allt saman verið svo lágir, að það muni ekkert um þetta. Það geta þó a. m. k. ekki þeir sagt, sem á undanförnum árum hafa aldrei átt nægilega sterk orð til að lýsa því, hvað skattarnir væru þungbærir, en þó óbærilegastir fyrir launafólkið, og launamenn yrðu að knýja fram endurskoðun skattalaganna. Slagorðið hefur verið, að tekjuskatturinn væri að mestu leyti skattur á launatekjur einar.

Finnist mönnum skattur hvers einstaks lækka lítið í krónutölu, þá er það bara fyrir það, að tekjuskatturinn hefur ekki verið jafnhár fyrir og menn vildu vera láta. Í öðrum löndum þykja það tíðindi, þegar beinir skattar eru lækkaðir um 10—11%, hvað þá um 20—30%, eins og hér er gert ráð fyrir.

Stjórnarandstæðingar geta hins vegar huggað sig við það, að ef farið hefði verið eftir þeirra till., þá hefði aldrei nein skattalækkun getað komið til mála. Ef þeir eru eitthvað sérstaklega hnuggnir út af því, að hér sé ekki nógu langt gengið, þá geta þeir huggað sig við, að þeir og aðrir eru nú komnir í hreina skattaparadís hjá því, sem vera hlyti, ef eftir þeirra ráðum væri farið. Ég held, að það hefði kveðið við annan tón hjá hv. talsmönnum stjórnarandstæðinga, ef þeirra flokkar hefðu staðið að breytingu á skattalögum eins og þessari, sem hér er á ferð; og það má svo sem nærri geta, við hvern tón þá hefði kveðið, enda er það nú ekki nema mannlegt, að svo sé.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Þó að þetta sé 1. umr. og eigi aðeins að tala um málið almennt, þá vil ég benda á einstök atriði, sem ég tel að þurfi að breyta í lögunum, og ég geri það í því trausti, að sú n., sem fær málið til meðferðar, athugi það gaumgæfilega.

Um frv. sem heild vil ég nú segja þetta fyrst og fremst: Ég er viss um það — alveg viss um það, að sú skattalækkun, sem fram kemur eftir frv., er miklu meiri en hefur verið reiknað með. Ég er alveg viss um það, að með sama skattstofni fást a. m. k. helmingi minni tekjur fyrir ríkissjóð eftir frv., eins og það er núna, heldur en eftir skattalögunum, eins og þau eru í dag. En nánar skal ég ekki út í það fara. Ég er líka alveg viss um það, að það líða ekki fimm ár, þangað til við förum að hækka þessa skatta aftur og það verulega. Nánar skal ég ekki fara út í það heldur, og ég tel ófyrirsynju þessa lækkun á sköttunum núna, þó að ég hins vegar muni ekki leggja mig á móti þeim. En það, sem ég vil benda á, er það, að í svona lögum þurfum við að hafa ákvæði, sem menn geta farið eftir og skilið, en ekki ákvæði, sem hægt er að toga á ótal enda og kanta. Ein skattanefndin af þeim nokkuð á þriðja hundrað, sem eru í landinu, getur skilið það á þennan veg og önnur á hinn o. s. frv., og það eru slík atriði í þessum lögum, sem ég vil benda á.

Ég vil þá fyrst benda á og biðja n. að athuga viðvíkjandi 5. gr. frv., sem er breyting á 7. gr. skattalaganna, og þar vil ég biðja menn að athuga 2. tölulið. Þar segir: „Nú selur skattþegn fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal þá sölugróði“ o. s. frv. Nú er það svo, að svo að segja hver einasti maður, sem byggir hús hér í Reykjavík, er mörg ár að byggja húsið. Ég man eftir manni, sem hefur verið í 7 ár alltaf í húsbyggingu, alltaf verið að smáhækka byggingarkostnaðinn hjá sér á hverju ári, þangað til hann loks var búinn. Þess vegna er ómögulegt fyrir nokkra skattanefnd að gera þetta upp hjá manninum, sem byggir, eftir tvö ár. Það er ekki hægt. Þegar ég spyr skattstjórann, hvernig hann ætli sér að gera þetta, þá segir hann: Ja, hann verður að vera búinn að byggja húsið sitt. — Það stendur ekkert um það. Það stendur hérna um, að hann byggi sér hús. Ef það stæði, að hann hefði lokið við að byggja hús eftir tvö ár, þá væri enginn vandi að framkvæma það. Ég hef leyft mér að gera við þetta brtt., sem er í prentun, og ég bið n. að athuga hana vel.

Þá er það síðari málsl. sömu gr., sem ég hef þó ekki gert um brtt., en ég vil benda n. og öllum hv. þm. á, og það er það, að það eru allt önnur ákvæði, sem gilda alls staðar og alltaf um fasteign eða skip eða flugvél. Það er alveg sitt hvað. Fasteignin afskrifast eftir föstum reglum af fasteignarmati, og hún færist ekki niður í verði. Skipið og flugvélin afskrifast af kostnaðarverði og færast niður í verði árlega. Svo á sama að gilda um þetta tvennt eða þetta þrennt, þegar það er selt. Þetta finnst mér bara hugsunarvilla, sem sé að setja fasteignina þarna í sama flokk og skipið eða flugvélina og gera það tvennt að fasteign og láta fara með það eins og fasteign. Langsamlega mesti gróðinn, sem er hér á landi, er einmitt í sölu þessara hluta. Hann er einmitt í sölu skipanna. Hann er fólginn í því að fá að afskrifa skipin með 20% í tvö eða þrjú ár og selja þau svo á kostnaðarverði og hafa skattfrjálst allt, sem er búið að afskrifa. Þetta bendi ég á. En ég veit ekki, hvort það þýðir nokkuð að gera það, og það er hægt að framkvæma það

svona; það er ekki neitt í veginum með það. En það er algert ranglæti og opnaður möguleiki fyrir þá menn, sem mest græða einmitt á sölu skipa og þessara hluta, til að stórgræða þarna, sem er alveg óþarfi að gera og íþyngja atvinnuveginum.

Þá vil ég enn benda n. á það til athugunar, að eftir i-lið 4. tölul. í 7. gr. á að veita — eins og hefur verið veitt — frádrátt í ferðakostnaði þeim, sem hafa farið að leita sér atvinnu. Það er talað um „fara langferðir vegna atvinnu sinnar". Ja, það er náttúrlega ekki gott að segja, hvað n. á við með þessu eða hvað meint er með þessu að fara langferðir. En ég get sagt það alveg hiklaust, að þeir, sem eyða mestu í tilkostnað við atvinnu núna, langmestu, eru menn, sem búa hérna í kringum Reykjavík, það eru menn í Hafnarfirði, sem eyða 6 kr. á dag allt árið til að koma hingað til Reykjavíkur til að sækja atvinnu. Það eru menn, sem búa uppi í Elliðahæð og eyða 5 kr. á hverjum degi allt árið til að komast til Reykjavíkur til að sækja atvinnu. Þetta er ekki löng leið. Það er miklu lengri leið austan af Seyðisfirði og í Vestmannaeyjar til að fara á vertíð. En það kostar bara miklu minna að fara austan af Seyðisfirði og í Vestmannaeyjar á vertíð heldur en að sækja atvinnu hérna af mönnum, sem búa í úthverfum bæjarins. Þess vegna veit ég ekki, hvernig á að framkvæma þetta. Þegar er farið að lögbjóða að veita mönnum þennan frádrátt svona, þá veit ég ekki, hvernig á að framkvæma það, og væri ákaflega æskilegt, að þetta „langferðir vegna atvinnu" yrði skýrt eitthvað nánar. Við þetta hef ég nú ekki gert breytingar, en bendi n. á þetta.

Þá kem ég að k-lið í sömu grein, sem ég bið n. líka að athuga. Það er settur nýr frádráttur, þ. e. kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkv. 12. gr. Nú er þetta þannig í dag, að maðurinn og konan telja fram sitt í hvoru lagi. Svo giftast þau einhvern mánaðardag á árinu. Nú telur konan sjálfstætt fram að þeim degi, sem hún giftir sig, en maðurinn telur úr því framtal fyrir sjálfan sig og konuna. Svona er þetta núna. Nú eiga hjónin að fá þennan frádrátt á því ári, sem þau gifta sig. Ef t. d. Ásta ríkisféhirðir gifti sig, giftist einhverjum fátækum verkamanni í Reykjavík, — ég nefni það sem dæmi, — þá er það kona í hárri stöðu, sem giftist manni, sem hefur lítil laun, — ja, ef þau gifta sig í desember, þá fær Ásta ekki nokkurt gagn af sínum frádrætti, ekki vott. Það dregst frá því, eftir að hjónin telja fram sameiginlega, og það eru hér um bil engar tekjur á framtali mannsins. Yfirleitt ef þetta á að koma að gagni, þá er ekki hægt að hafa þetta svona. Þá þarf það að vera á fyrsta sameiginlega framtalinu, sem kemur frá hjónunum. Þá geta þau ráðið því, hvort þau telja sameiginlega fram árið, sem þau gifta sig. Þau mega það. Það er ekkert, sem bannar þeim það í lögum. Það er bara hæstaréttardómur til, sem kveður á um það, að þau geti talið fram sitt í hvoru lagi. En það er ekkert, sem bannar þeim það í lögum. Þá geta þau talið fram saman það árið, sem þau gifta sig, ef þeim þykir það haganlegra, — eða þá að frádrátturinn kemur allur á framtal mannsins og tekjur konunnar, eftir að hann giftir sig. Um þetta hef ég lagt fram brtt., sem ég vona að n. athugi.

Þá tel ég alveg óforsvaranlegt að gera við þetta frv. breytingar á skattalögunum miðaðar við lögin 1935 og við allar þær breytingar, sem síðar hafa komið inn í, — semja þetta sem breytingar og ætla á þriðja hundrað nefndum að fara eftir þeim. Hér stendur t. d.: „3. málsl. 32. gr. laganna falli niður." Það eru á þriðja hundrað skattanefndir, sem eiga að muna, hver þessi 3. málsl. er, eða fletta upp í gömlu lagasafni til að finna það, þegar verið er að vinna eftir skattalögunum. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að fella breyt. inn í lögin og prenta öll lögin upp. Þetta er ekki nokkur kostnaður. Þetta eru svo sem 8 bls., sem þarf að prenta. Það kostar innan við 1000 kr. pappírinn í það. Þess vegna er alveg sjálfsagt að bæta aftan við lögin gr. um það, að lögin skuli færð inn í frumtextann ásamt áorðnum breytingum í öðrum lögum, sem eru í gildi, og prentuð upp, og um þetta hef ég líka gert brtt.

Ég hef lagt þrjár brtt. inn, sem ég bið n. vel að athuga. Það er þarna fleira, sem ég bendi á. Ég skal líka benda henni á það, að það er enn óleystur hér hnútur, — það gerir nú ekki neitt mikið til, því að það eru fá tilfelli. Í 11. gr. stendur: „Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkvæmt allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. des. á viðkomandi skattári." Og þetta er það, sem hefur nú verið í raun og veru, en það á líka að skattleggja hjón saman. Einn af kennurum menntaskólans á Akureyri á þar lögheimili, er þar kennari, skipaður af ríkisstj., og kemur ekki til með að vera annars staðar en þar, sem honum er skipað að kenna. Kona hans er kaupsýslukona og rekur verzlun í Reykjavík. Hvar eiga þau að telja saman? Þau eiga að skattleggjast þar, sem þau eiga lögheimili, og þá annað í Reykjavík, hitt á Akureyri. Þetta kemur nú ekki að sök, því að þetta hefur verið framkvæmt þannig, þar sem svona stendur á, að það hefur verið skattlagt þar, sem maðurinn á heima. Þar hefur skatturinn verið á lagður, en útsvarinu aftur skipt, þau látin sitt í hvoru lagi fá útsvar. Þó að það sé nú vafasamt, þá hefur það verið gert. En þetta fer í vöxt, að hjónin eiga heima sitt í hvoru lögsagnarumdæmi. Það eru núna s. l. ár milli 10 og 20 tilfelli slík, sem ekki var neitt hér áður fyrr. Þetta er atriði, sem menn verða að athuga svolítið nánar í sambandi við útsvarslögin. En það, sem ég sérstaklega bið n. að athuga af þessu, sem ég hef núna sagt, er þetta tveggja ára ákvæði þarna, sem þarf að breyta eins og gr. er orðuð núna og ég hef gert till. um. Það er kostnaður við stofnun heimilis, sem þarf líka að breyta. Ég hef talað um það við þrjá menn, sem eru í skattanefndum, hvernig hægt sé að framkvæma það, og það eru engir þeirra sammála um, hvernig á að framkvæma lögin eins og þau hljóða núna. Svo í þriðja lagi að láta færa lögin inn í frumtextann og gefa lögin út í einu lagi. Það er alveg óumflýjanlegt.

**Haraldur Guðmundsson:** Hæstv. ráðh. taldi, að stjórnarandstæðingar væru heldur vanþakklátt fólk, skildist mér, þeir hefðu sífellt verið að klifa á því, að tekjuskatturinn hvíldi langþyngst á launþegum, en þætti svo lítið til þess koma, sem þetta frv. gerði ráð fyrir að lækkunin á skattinum næmi. Ég hygg nú, að þetta sé ekki rétt, a. m. k. að því er mig snertir. Ég hef viðurkennt, að það væri spor í rétta átt, sú lækkun, sem er á skatti á lágtekjum, en hins vegar hvergi nærri nóg, og reynt að sýna fram á með tölum, að um þær lækkanir, sem þarna er um að ræða, muni í raun og veru ekkert í heimilishaldi þess fólks, sem þar er um að ræða. Og hæstv. ráðh bætti þar við nokkrum dæmum, að því er mér finnst, mínu máli til sönnunar.

Ég benti á það í minni fyrri ræðu, að hjón með 20 þús. kr. og tvö börn eiga samkvæmt gildandi l. að greiða 200 kr. í tekjuskatt, en þau lækka um 39% eða 78 kr. Það er alveg augljóst mál, — ég segi það hreint eins og það er, — að hjón með 20 þús. kr. munar ekki neitt um 78 kr. á ári í lækkun á skatti. Skatturinn ætti enginn að vera, eins og ég gerði grein fyrir áðan, á þessu tekjubili.

Hæstv. ráðh. tók sem dæmi um stórfellda skattalækkun, að sjómaður með 35 þús. kr. tekjur, giftur með 2 börn, mundi lækka um 500 kr. á ári, ef frv. yrði samþ., hann greiddi nú í kringum 1000 kr., en kæmist niður í hér um bil 500 kr. Við skulum bera þessar 500 kr. saman við tekjur sjómannsins. Ef hann hefur 45 þús. kr., þá verður það 1% af tekjum hans, sem lækkunin nemur. Það er allt og sumt. Og ég stend við það, sem ég áðan sagði, að þetta munar, þegar lítið er til annarra gjalda, sem á sjómenn eru lögð, svo að segja engu fyrir afkomu hans á árinu, og er þó þarna tekin langhæsta trappan.

Rökrétt afleiðing af þessum hugleiðingum mínum er sú, að á þessum lágu tekjum, þar sem skattur nú þegar er orðinn nokkuð lágur, — það er ekki hægt að segja, að þetta sé hár skattur, — þá sé einlægast og eðlilegast að fella skattinn með öllu niður upp að vissu marki, upp að t. d. 15 þús. kr. fyrir einstaklinginn og upp að t. d. 35—37 þús. kr. fyrir meðalheimili. Ég vil ekkert um það fullyrða, að það gerði stórkostlegan mun. Það fer eftir því, á hvaða skattstiga það er. En þá er viðurkennt það sem rétt er í þessu, að á þessar tekjur á ekki að leggja beinan skatt.

Ég skal minna hæstv. ráðh. á það, að þegar skattalögin voru sett 1935, þá var samkomulag um það okkar á milli, að meðalfjölskylda með 3500 kr. tekjur skyldi ekki greiða tekjuskatt, og við það var skattstiginn miðaður. Ég hygg, að 35 þús. kr. nú séu sízt hærri tekjur raunverulega en 3500 kr. voru þá. Í sumum tilfellum, ef menn búa við dýra húsaleigu, álít ég það sé lægri upphæð núna að notagildi, 35 þús. kr. Sé hins vegar um það að ræða, að maðurinn eigi ráð á húsnæði með gömlu verði, þá notast honum kannske 35 þús. kr. betur nú en 3500 kr. áður. En það væri alveg í samræmi við það, sem gert var 1935, ef tekjur á þessu bili, kringum 35 þús. kr. á meðalfjölskyldu, væru gerðar skattfrjálsar með öllu. Það var það, sem löggjöfin 1935 var miðuð við, svo að þetta er spor aftur á bak, sem nú er stigið.

Hæstv. ráðh. talar enn um stórkostlega lækkun á skatti á lágtekjunum. Hann ætlar sér að sanna tvennt, sem ekki fer saman: annars vegar, að skattarnir séu nú þegar orðnir lágir, og í öðru lagi, að lækkunin sé stórkostleg. En það getur hver maður séð, að 70—300 kr. skattalækkun getur ekki undir neinum kringumstæðum talizt stórkostleg, þó að prósenttalan verði þetta há með útreikningi hæstv. ráðh., enda skildist mér líka á hv. stuðningsmanni hæstv. ríkisstj., þm. N-M. (PZ), að honum fyndist nú þessar lækkanir í raun og veru alveg ófyrirsynju. Með því hlýtur hann að hafa átt við það, að þær væru þýðingarlausar eða þýðingarlitlar fyrir þá, sem ættu að njóta þeirra, úr því að ekki væri lengra farið en hér er gert. Það er einlægast, og það, sem við munum leggja til, Alþýðuflokksmennirnir, er það, að það sé felldur niður skattur af tekjum upp að vissu marki, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að einmitt fólk á þessu bili er skattlagt svo freklega gegnum óbeina skatta og önnur slík gjöld, að það er meinloka ein að vera að leggja á það beinan tekjuskatt á þær tekjur, sem sýnt er að ekki nægja til þess að lifa á. Hitt er svo rétt, sem ráðh. ekki sagði, að félögin sérstaklega og þá einstaklinga, sem hafa geysiháar tekjur, einkum atvinnu- og verzlunarfyrirtæki, munar vissulega um það. Eitt fyrirtæki, sem hefur milli fimm og sex hundruð þús. kr. í tekjuskatt á s. l. ári, fær a. m. k. lækkun eitthvað á annað hundrað þús. kr., og þessa aðila munar vissulega um það.

Þá gerði hæstv. ráðh. annan samanburð og sagði, að t. d. 10% lækkun á tekjuskatti þætti í öðrum löndum hér í nánd við okkur stórkostleg lækkun og því væri það sízt ofmælt hjá honum að tala um, að 20% væru mikil lækkun. En ég vildi benda hæstv. ráðh. á það, að í þeim löndum, sem hann mun hafa í huga í þessu efni, er tekjuskatturinn miklu stærri hluti af ríkistekjunum en hér. Ég ætla, að t. d. í Kanada hafi tekjuskatturinn verið um 60% af ríkistekjunum, þegar hann var lækkaður um 10%, og það er augljóst mál, að þá munar meira um það. Hér aftur á móti er tekjuskatturinn ekki eftir frv. meira en í mesta lagi 15% af ríkistekjunum, og er því augljóst mál, að svipuð prósentulækkun á honum hjá okkur hefur engan veginn sömu þjóðfélagsþýðingu og í þeim löndum, þar sem tekjuskatturinn er aðaltekjustofninn og er stærsti tekjustofn hlutaðeigandi ríkisheildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 648, n. 689 og 691, 665, 677, 690).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur athugað það frv., sem hér um ræðir, á einum fundi og borið það saman við gildandi skattalöggjöf, enda eiga sæti í n. tveir af þeim hv. þm., sem einnig eiga sæti í mþn., sem undirbúið hefur málið og gengið hefur frá till., og voru þeir

því að sjálfsögðu mjög kunnugir málinu. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Fjórir nm. vildu láta samþ. frv. óbreytt til 3. umr., en hafa þó þann fyrirvara, að þeir vilja taka til athugunar á milli umræðna þær brtt., sem fram hafa komið í sambandi við formsbreytingar á hinum ýmsu gr. frv., og munu þeir þá skila munnlegu áliti sínu um þau atriði, áður en 3. umr. fer fram. Hv. minni hl. vildi hins vegar ekki samþ. frv. óbreytt og hefur því klofið n. og gefið út sérstakt nál., og gerir hann grein fyrir afstöðu sinni þar.

Eins og kemur fram í grg. frv., þá er hér um að ræða breyt. á skattalöggjöfinni til þess að standa við það fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. gaf um lækkun skatta á yfirstandandi ári, þær brtt., sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að samþ. yrðu á þessu þingi. Með tilvísun til þessa var ekki ástæða til þess fyrir hv. fjhn. að verja löngum tíma í að athuga frv. og þá m. a. vegna þess, eins og ég tók fram hér áðan, að tveir af nm. voru þaulkunnugir málinu og höfðu m. a. unnið að undirbúningi þess í mþn. Meiri hl. n. leggur því til, eins og ég sagði áðan, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr.

Þótt fram hafi komið í grg. frv. mjög glögg lýsing á innihaldi frv. og þótt hins vegar hæstv. fjmrh. gerði hér ýtarlega grein fyrir frv. við 1. umr., þá þykir mér þó rétt að ræða nokkuð þetta stóra mál við þessa umr. og lýsa þá nokkuð þeim undirbúningi, sem fram hefur farið í sambandi við þessar breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á skattalöggjöfinni.

Snemma á þinginu 1951 bar ég fram, eins og kunnugt er, till. um að afnema l. um tekju- og eignarskatt. Þessi till. þótti þá bera nokkuð keim af skemmtilegri fjarstæðu, en alla tíð síðan hafa skattamálin verið einna efst á baugi allra mála hjá þjóðinni, bæði utan þings og innan, og enn í dag er það þetta mál, sem allur almenningur hugsar um og krefst róttækra umbóta á. Þeir, sem um þessi mál hafa hugsað af alvöru, hafa meira og meira hallazt að minni skoðun á málinu, og þessi hópur er orðinn stærri með degi hverjum. Annars skal ég ekki verja tíma minum hér til þess að ræða um þá till., hún bíður síns tíma. En till. sjálf og allar þær umr., sem fóru fram um hana, urðu beinlínis til þess, að þann 16. jan. 1952 var á Alþingi samþ. þál., sem fyrirskipaði heildarendurskoðun skattalaganna. Fjmrh. skipaði síðan hinn 12. febr. á sama ári 5 manna mþn. til þess að vinna þetta verk á grundvelli þál., og var hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson, skipaður formaður þeirrar nefndar. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hér upp innihald till., hún var m. a. lesin hér í gær, svo að hv. þm. er kunnugt um innihald hennar. Ég vil þó benda á eftirfarandi:

Það er ljóst af till., að Alþingi lagði beinlínis þá skyldu á herðar milliþinganefndarmannanna að undirbúa löggjöf, sem fæli í sér eftirfarandi ákvæði:

1) að beinu skattarnir til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, þ. e. það, sem almennt er kallað skattar og útsvör, verði sameinaðir í einn allsherjarskatt, er skiptist síðan á milli þessara aðila;

2) að ekki sé einasta skipting teknanna ákveðin í lögunum, heldur og skipting þeirra verkefna og þeirrar þjónustu, sem hver aðili fyrir sig skyldi annast fyrir það fé, sem honum yrði skipt út úr þeim sameiginlega skatti;

3) að hið sameiginlega gjald, sem þannig yrði á lagt, ofþyngdi ekki skattþegnunum; og

4) að tryggt verði með lögunum samræmi og réttlæti í álagningu gjaldanna.

Þetta er það verkefni, sem mþn. í skattamálum er falið að inna af hendi. Þetta er undirstaðan undir þeirri löggjöf, sem ætlazt var til að mþn. í skattamálum undirbyggi. Ég skal ekki ræða það hér, hvort það er yfirleitt mögulegt að fá samkomulag um slíka löggjöf, þar sem hún mundi á margan hátt brjóta niður aldagamlar venjur og réttindi og verða að byggjast upp frá grunni á nýjum viðhorfum. En hitt er ljóst, að það hlaut að taka langan tíma að koma henni á og þá alveg sérstaklega þeim þætti, sem snýr að bæjar- og sveitarfélögum, því að hvert það ákvæði, sem miðaði að linun skattþungans almennt, hlaut engu að síður að snerta bæjar- og sveitarsjóðina en ríkissjóðinn, og var þá nauðsynlegt að gera á móti einhverjar ráðstafanir, svo sem með yfirfærslu verkefna, sem þá þurfti að afla tekna fyrir á einhvern hátt, en allt hlaut þetta að verða svo flókið mál, að það var ekki þess að vænta, að því lyki á einu Alþingi.

Á fyrsta fundi mþn., sem haldinn var 12. febr. 1952, er bókaður mjög langur og ýtarlegur listi yfir þau verkefni, sem n. er sammála um að rannsaka þurfi, áður en unnt sé að undirbúa þá löggjöf, sem hér um ræðir. Fyrsta atriðið á þeim lista er sameining skatta og útsvars í einn skatt. Í beinu framhaldi af þessari samþykkt er leitað margvíslegra upplýsinga og ýmsar till. bornar fram og ræddar í n. Þegar núverandi ríkisstj. tekur við völdum og gerir það að stjórnarsamningsatriði, að ný skattalög skuli afgreidd á þessu þingi og það á þann hátt, að fært verði til leiðréttingar það misræmi, sem orðið hefði vegna verðbreytinga, og lögin skyldu enn fremur stuðla að aukningu sparifjár meira en verið hefur, þá gerbreytist viðhorf og verkefni nefndarinnar, því að nú er henni markaður allt annar og þrengri bás en gert er í þál. Þegar ríkisstj. við afgreiðslu fjárlaga í des. s. l. gaf þá yfirlýsingu, að ákvæði hinna nýju skattalaga skyldu miðast við það, að gefið yrði eftir sem svaraði 20% af beinum sköttum til ríkissjóðs, miðað við gildandi skattalöggjöf, þá breytist enn verulega viðhorf og verkefni nefndarinnar. Nú hlaut það að verða aðalverkefni hennar að ná samkomulagi um það, hvaða skattþegnar skyldu njóta þess afsláttar, í hvað ríkum mæli hver fyrir sig og á hvaða hátt. Auðveldast var að nota gildandi skattstiga og draga síðan 20% frá skattaupphæðinni. En slík aðferð var engin leiðrétting á skattalögunum og gat því ekki komið til mála nema að því leyti, sem ekki gæti orðið samkomulag um annað.

Í þessu sambandi þykir rétt að upplýsa, að eftir því sem næst varð komizt, nam álagður skattur árið 1953 á öllu landinu 64.3 millj. kr., og skiptist það sem hér segir: tekjuskattur lagður á persónugjaldendur er 47.1 millj. kr., tekjuskattur lagður á félög 10.1 millj. kr. og eignarskattur persónugjaldenda og félaga er aðeins 7.1 millj.

kr. Af þessu var eignarskattur félaga ekki talinn vera yfir 1.5 millj. kr. Það er mjög athyglisvert, hversu bæði tekju- og eignarskattur félaganna er lítill hluti skattanna, sem kemur til af tvennu: að fjársterkustu félögin, svo sem Eimskipafélagið og samvinnufélögin, eru annaðhvort skattfrjáls eða njóta víðtækra skattfríðinda, og af hinu, að svo er nærri gengið fjárhag annarra félaga, að þeim er beinlínis fyrirmunað að safna fé. Gefa þessar niðurstöður sannarlega tilefni til að íhuga það í alvöru að gera öll félög, sem starfa að framleiðslu, iðnaði og öðrum þjóðnýtum störfum, algerlega skattfrjáls og ljúka þannig langri og erfiðri deilu um mismunandi skattfríðindi til félaga, sem starfa að sams konar verkefnum, en undir mismunandi félagsformi. Ég fyrir mína parta er í engum vafa um það, að ríkissjóður mundi að öðrum leiðum fá upp úr því miklu hærri tekjur en hann fær eftir frv., sem hér liggur fyrir, 8 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að þessir gjaldendur greiði á næsta ári. Þetta mundi hleypa miklu meira lífi í öll viðskipti, og tekjur ríkissjóðs af ýmsum aukatekjum mundu að sjálfsögðu verða miklu meiri, ef sú leið yrði farin. Ef valin yrði sú leiðin að skipta nokkurn veginn jafnt 20% afslættinum á fyrrnefnda þrjá tekju- og eignaflokka, koma til frádráttar hjá persónutekjuskattþegnunum 9.4 millj. kr., hjá félagsskattþegnum 2 millj. kr. og hjá eignarskattþegnum 1.4 millj., eða alls 12.8 millj. kr. Ríkisstj. hafði í yfirlýsingu sinni engin loforð gefið um það, hvernig afslættinum skyldi skipt á milli þessara aðila, og jafnvel ekki einu sinni ákveðið, að enginn skattþegn skyldi hækka í skatti samkv. hinum nýju skattalögum. En kröfur skattþegnanna til mþn. voru sem hér segir, þegar tekin eru upp meginatriði úr erindum og samtölum, sem á milli hafa farið, og mér þykir alveg sérstök ástæða til að lýsa einmitt þessum kröfum og hvernig mþn. í skattamálum og hæstv. ríkisstj. hafa gert sér far um að mæta þeim vegna þeirra ummæla, sem féllu hér frá hv. stjórnarandstöðu í gær í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, þar sem þeir gagnrýndu mjög þau fyrirmæli, sem gefin eru hér í þessum lagabreytingum.

Fyrsta krafan var, að persónufrádráttur yrði hækkaður mjög verulega frá því, sem nú er, en hann er nú samkvæmt gildandi lögum 4131 kr. fyrir einhleyping og 8262 kr. fyrir hjón, hvar sem er á landinu. Persónufrádráttur fyrir barn er 3213 kr. í Reykjavík, en 2754 kr. annars staðar á landinu. Þessari kröfu er mætt á þann veg, að persónufrádráttur einstaklinga er hækkaður upp í 6500 kr., persónufrádráttur hjóna upp í 12 þús. og barna upp í 4500 kr. og jafnhátt um allt land.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, og alveg sérstaklega út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. (HG), að till. þær, sem komu frá fulltrúa Alþfl. í mþn. um persónufrádráttinn, voru að hækka persónufrádráttinn upp í 7500 kr. fyrir einhleypinga, fyrir hjón upp í 15 þús. kr. og ómaga upp í 6500 kr. Ég geri ráð fyrir, að þetta hafi verið þær ýtrustu till., sem þeir hafi búizt við að yrðu samþ. í n., og ég vil einnig benda á í sambandi við þetta, að það komu frá öðrum mönnum í n. till. um miklu hærri persónufrádrátt, sem fulltrúi Alþfl. þá var andvígur að yrðu samþ., svo að það skýtur nokkuð skökku við þær fullyrðingar hjá hv. 4. þm. Reykv., þegar hann nú gerir kröfu um það, að persónufrádrátturinn sé hækkaður miklu hærra en er í frv. og miklu hærra en gögn liggja fyrir um að gerðar voru till. um á sínum tíma frá þeirra eigin flokksfulltrúa í nefndinni.

Önnur krafan til n. var að láta alla skattþegna njóta umreiknings á tekjum vegna verðbreytinganna, en hætta honum ekki við 68 þús. kr. tekjuupphæð, eins og nú er gert. Þessari kröfu er mætt hvað snertir alla persónuþegna. Með hinum nýja skattstiga fellur niður allur umreikningur teknanna, þ. e. a. s., það er nú aðeins lagður einn skattur á, einn skattstigi, sem gildir fyrir alla þegnana, og verðbreytingarnar hafa þar ekki áhrif á, og hjá sumum aðilum fellur einnig niður allur stríðsgróðaskattur og skattaviðauki, svo að tekjuskatturinn til ríkisins verður aðeins einn. Þó gildir þetta ekki um félagaskattinn.

Það er því ekkert að undra, þó að þeir aðilar, sem beittir hafa verið stórkostlegu ranglæti í sambandi við skattálagningu undanfarinna ára, nytu meiri hlunninda í sambandi við skattfríðindi á þessu ári, úr því að kröfur voru um það. Og um það var enginn ágreiningur í n., ekki heldur af hálfu fulltrúa Alþfl., að það væri sjálfsagður hlutur — alveg sjálfsagður hlutur — að leiðrétta þetta misræmi. Þess vegna er það, að þeir einstaklingar og hjón, sem hafa hærri tekjur en 68 þús. kr., fá miklu meiri fríðindi í sambandi við hina nýju skattstiga en þau höfðu áður, af því að misréttið er hér með leiðrétt. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram hér í sambandi við umr.

Þriðja krafan var, að tekjum hjóna yrði skipt til helminga og þau skattlögð hvort í sínu lagi eins og einstaklingar væru. Þessari kröfu hefur ekki verið mætt, og kom í ljós, að á því voru fjöldamargir erfiðleikar, jafnvel þótt ekkert takmark hefði verið sett um afslátt á tekjum, eins og ég skal skýra nú nokkru nánar frá með einföldu dæmi.

Einstaklingur, sem hefur 40 þús. kr. tekjur eftir hinum nýja skattstiga, greiðir 1580 kr. í tekjuskatt. Ef sömu tekjum hjóna yrði skipt til helminga og þau síðan skattlögð hvort í sínu lagi sem einstaklingar, þá yrði skattur þeirra beggja 740 kr., eða 840 krónum lægri en skattur einhleypingsins. Hafi einhleypingur 60 þús. kr. tekjur, yrði skattur hans 4430 kr., en skattur hjóna af sömu tekjum aðeins 1680, eða 2750 kr. lægri en skattur einhleypings af sömu tekjum. Færi nú svo, að annað hjónanna félli frá og hitt héldi fullum launum, sem vel gæti verið, jafnvel þó að um konu væri að ræða, ef um væri að ræða lífeyrisgreiðslur eða tekjur af eignum, þá kæmi það hjónanna, sem á lífi er, til þess að greiða af þeim tekjum sem einstaklingur væri eða nærri þrefalt á við það, sem áður var, á meðan hjónin voru bæði á lífi. Má geta nærri, hversu vel slíkt ákvæði yrði liðið. Mér heyrðist það líka á hv. 4. þm. Reykv. og einnig á hv. 2. landsk., þegar þeir voru að ræða skatta einhleypinganna, að þeim þótti í fyrri hluta ræðu sinnar, að það væri gengið mjög á rétt einstaklinganna í skattstiganum, þar sem þeim væri gert að greiða miklu hærra en hjón-

unum, en í seinni ræðunni voru það hjónin, sem allt ranglætið var beitt gegn, miðað við annaðhvort eitthvað annað en einstaklingana eða þá við einstaklingana, þar sem þeir höfðu þá gleymt að minnast þeirra orða, sem þeir létu falla um þeirra skatt.

Það er hins vegar reynt að mæta þessu að nokkru leyti, þar sem litið var svo á, að sanngjarnt væri, að hjón greiddu sameiginlega lægri skatta af sömu tekjum en einstaklingarnir. Var því horfið að því ráði að byggja upp sérstakan skattstiga fyrir hjón. Samkvæmt þeim stiga greiða þau 990 kr. af 40 þús., eða 390 kr. minna en einstaklingur af sömu tekjum, og af 60 þús. greiða þau 2910 á móti 4430 á einstaklingi, eða 1655 kr. minna en einstaklingar af sömu tekjum. Hér er reynt að mæta með réttsýni þeim kröfum og óskum, sem komu frá þessum aðilum til n., og ég tel, að n. hafi síður en svo tekizt illa að mæta þeim óskum. Ég hygg, að það verði jafnvel miklu erfiðara að verja það gagnvart einstaklingunum, hvað bilið er þó mikið á milli hjóna og einstaklinga samkvæmt nýja skattstiganum, heldur en að verja það gagnvart hjónum, sem fá miklu meiri fríðindi í skattaálagningu en einstaklingarnir, ef þetta frv. verður óbreytt að lögum.

Fjórða krafan var, að laun ráðskonu yrðu gerð frádráttarbær, ef kona vinnur úti eða ef ógiftur maður eða ekkill heldur ráðskonu á heimilinu. Þessum kröfum er mætt að nokkru leyti. Vinni konan úti, er heimilað að draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem greidd er fyrir heimilisaðstoð, allt að því sem persónufrádrætti konunnar nemur að viðbættum ⅓ af persónufrádrætti fyrir hvert barn eða annan ómaga á framfæri í heimilinu, þó aldrei meira en sem nemur ⅔ *af tekjum konunnar. Sama gildir um einstæðar* mæður, er vinna úti, ekkla og ógifta menn, ef þessir aðilar hafa ómaga á framfæri sínu í heimilinu.

Fimmta krafan var, að kostnaður við heimilisstofnun verði frádráttarbær á því ári, sem heimilið er stofnað. Þessari kröfu er mætt. Upphæðin er þó takmörkuð við persónufrádrátt hjónanna, þ. e. 12 þús. kr.

Sjötta krafan var, að iðgjöld af lífeyristryggingum og lífsábyrgðum verði gerð frádráttarbær. Þessari kröfu er mætt að verulegu leyti. Til frádráttar kemur hjá skattgreiðanda eða þeim, er iðgjald greiðir, allt að 10% af launum launtaka eða tekjum viðkomanda, þó ekki yfir 7 þús. kr. á ári. Er þetta miðað við hátekjur embættismanna. Eins og kunnugt er, þá greiða embættismenn nú 4% í lífeyrissjóð af sínum launum, á meðan þeir eru starfsmenn hjá því opinbera, en það opinbera *greiðir á móti 6% og* það er hvorugt skattskylt hjá embættismanni. Með þeim sömu rökum féllust nm. á, að það væri sjálfsagður hlutur að innleiða þetta einnig hjá þeim aðilum, sem hafa ekki keypt sér lífeyri hjá lífeyrissjóði áður, að þeir mættu láta allt að 10% af sínum launum, án þess að það væri skattskylt, og hér er um svo mikilsverð réttindi að ræða, að það eitt út af fyrir sig er stórkostleg réttarbót í sambandi við tekjuskattsálagningu. Heimilt er þó að veita hærri frádrátt undir sérstökum kringumstæðum, t. d. ef áður hefur verið samið um það í sambandi við launagreiðslur, enda haldi slíkir samningar gildi sínu. Frádráttarbær iðgjöld fyrir líftryggingarnar voru hækkuð úr 1000 í 2000 kr. Mþn. gerði mjög mikinn greinarmun á því, hvort væri um að ræða iðgjöld til líftrygginga, þar sem líftryggingarupphæðin sjálf er ekki skattskyld, þegar hún er greidd út eftir ákveðinn tíma, eða iðgjöld til lífeyrissjóða, þar sem lífeyrisbæturnar, sem greiddar eru árlega, eru skattskyldar samkvæmt lögum, þegar þær eru greiddar út á hverjum tíma. Þess vegna vildi hún einmitt taka upp skattfrelsi fyrir miklu hærri upphæð fyrir lífeyrisiðgjöld heldur en fyrir líftryggingariðgjöld.

Sjöunda krafan var um, að frádráttarbær verði fæðiskostnaður sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að fæða sig sjálfir, og þessari kröfu er mætt að fullu.

Áttunda krafan var, að fiskimenn fái hlífðarfatakostnað frádráttarbæran. Þessari kröfu var mætt með þeim takmörkunum, að upphæðin takmarkast við 200 kr. á mánuði fyrir fiskimenn á bátum og 300 kr. fyrir háseta, bátsmenn og 2. stýrimann á togurum, en þessi fríðindi eru ekki veitt 1. stýrimanni, og kemur það til af því, að hann hefur fengið í sérstökum samningi miklu meiri skattfríðindi að öðrum leiðum, sem 2. stýrimaður hefur ekki fengið. Þótti því ekki réttlátt að láta það einnig gilda fyrir þá aðila.

Níunda krafan var, að fiskimenn fái ⅓ launa sinna skattfrjálsan. Þessari kröfu er ekki mætt, og liggja til þess tvær ástæður. Hin fyrri, að ákvæðið gat á engan hátt rúmazt innan þeirra takmarka, sem sett voru um upphæð afsláttarins, nema þá því aðeins að láta sama ranglæti ríkja og hefði verið, gera ekki neina tilraun til þess að leiðrétta það, og það þótti nm. ekki rétt. Hin síðari, að þótt svo hefði verið, var engan veginn unnt að ná því marki sem stefnt var að, þ. e. að tryggja veiðiflotanum nægilegt vinnuafl, þó að þetta ákvæði væri tekið í lög, eins og nú skal sýnt fram á. Meðaltekjur háseta á fiskiskipum fara tæplega mikið fram úr 40 þús. kr. á ári. Ef um kvæntan mann er að ræða, en barnlausan, greiðir hann 990 kr. tekjuskatt, en aðeins 520 kr., ef hann hefur 2 börn á framfæri sínu. Þótt þessar upphæðir yrðu felldar að fullu niður, mundi það að engu eða mjög litlu leyti breyta um aðstöðu hans til atvinnuleitar á fiskiskipi. Hins vegar munar þetta allmiklu meira fyrir yfirmenn og því meira sem þeir eru í hærri stöðum. En það eru ekki þeir menn, sem sérstakleg vöntun er á til starfa á fiskiskipin. Hér verður því að leita einhverra annarra úrræða til þess að bæta úr manneklu fiskiskipanna, ef það á að koma að haldi. Hæstv. ráðh. minntist einnig á þetta atriði í ræðu sinni í gær og komst eðlilega að sömu niðurstöðu. Og hv. 4. þm. Reykv. fullyrti raunverulega hér í gær, að þó að þessir menn væru gerðir skattfrjálsir, þá mundi það engu bæta um afstöðu þeirra til að leita sér atvinnu á fiskiskipunum, enda mun hver maður sjá það, sem vill athuga þessi mál, að það þarf eitthvað annað að gera, til þess að þeir menn verði þar við störf, heldur en að gefa þeim eftir sem svarar allt að 1 þús. kr. á ári.

Tíunda krafan var, að hluti björgunarlauna

verði ekki skattlagður að fullu eða að þeim verði þá dreift á fleiri ár. Þessari kröfu er mætt. Er helmingur launanna undanþeginn tekjuskatti.

Ellefta krafan var, að mismunur á keyptri húsaleigu hjá leigjendum og mati á sams konar leigu í eigin íbúð til skattlagningar verði frádráttarbær. Þessari kröfu er mætt með þeim takmörkunum, að helmingur þessa mismunar er frádráttarbær, þótt það nemi 600 kr. á hvern heimilismann á ári, en aðeins þegar um fjölskyldu er að ræða.

Tólfta krafan var, að sparifé verði undanþegið framtalsskyldu, tekjuskatti, eignarskatti og útsvari. Þessari kröfu er mætt með eftirfarandi takmörkunum: Innstæður skattgreiðenda, sem ekkert skulda, eru allar skattfrjálsar og arður af þeim, og þær eru ekki framtalsskyldar. Innstæður skattgreiðenda, sem skulda ekki meira en 120 þús. kr. í 10 ára fasteignalánum, eru það einnig; þetta á þó aðeins við persónuskattgreiðendur. Og innstæður skattgreiðenda, sem eru umfram allar skuldir, eru einnig skattfrjálsar og tekjur af þeim skattfrjálsar. Vextir af eignarskattsfrjálsum innstæðum eru undanþegnar skatti og framtalsskyldu. Hér er mætt að mjög verulegu leyti þeim óskum og kröfum, sem komu til n. í sambandi við þetta atriði.

Það kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að hann teldi, að það hefði verið rangt að hafa ekki framtalsskyldu á sparifé, og það kom einnig fram í n. hjá fulltrúa Alþfl., sem hélt mjög fast fram þeirri skoðun, að það ætti að vera skylda að telja féð fram. En n. var alveg ljóst, að ef það ákvæði væri sett inn í lögin, þá mundi skattfrelsi sparifjár ekki ná nema að mjög litlu leyti því takmarki, sem ætlazt er til að það nái. Hæstv. fjmrh. minntist einmitt á það hér í sambandi við sína ræðu í gær, að hann teldi svo mikilvægt atriði að fá fólkið til þess að spara meira fé, að það væri ekki horfandi í að fórna þeim hluta af tekjum ríkissjóðs, sem hér um ræðir, til þess að fá fólkið til þess að spara meira en gert hefur verið. Í því sambandi minntist hv. 4. þm. Reykv. á, að það væri miklu meira virði, eins og hann komst að orði, að tryggja verðmæti gjaldeyrisins, fella ekki krónuna, stöðva verðbólguna og fara þannig með fjármál þjóðarinnar, að fólk gæti treyst gjaldmiðlinum að fullu, þetta væri miklu meira virði en að gefa sparifé skattfrjálst, þar sem menn svo ekki vissu, hvort krónan væri krónuvirði í dag og svo 10 aura virði á morgun o. s. frv. En í sambandi við þetta vildi ég leyfa mér að benda á, að Alþfl. hélt því ávallt fram, þegar gengið var fellt, að það ætti að fara allt aðra leið, það ætti að taka með sérstökum álögum á þegnana og þá sérstökum sköttum og ekki hvað sízt á þá fáu menn, sem áttu eitthvað meira en rétt frá hendinni til munnsins, og hvar hefði þá hið uppsparaða sparisjóðsfé lent í öðru en að greiða það beint til ríkissjóðs til að standa undir þeim útgjöldum? Við sáum, hvernig var farið að tilhlutun og með aðstoð Alþfl. að við stóreignaskattinn. Það gekk mjög í augu þess flokks, að mönnum hafði tekizt að safna nokkru fé, sem síðar gat orðið til þess að byggja upp öruggan rekstur og öruggt fjármálalíf hjá þjóðinni. Það sparaðist á þeim tímum, þegar hægt var að þéna einhverja peninga og safna í sjóði, eins og kunnugt er. En þá kom Alþfl. og ekki hvað sízt hv. 4. þm. Reykv. og bar hér fram ár eftir ár tillögur um það á þingi að taka þetta fé, sem og endaði með því, að sett voru lög um stóreignaskatt, sem hafa gert meiri bölvun í fjármálalífi þjóðarinnar og atvinnulífi en nokkur önnur lög, sem út hafa verið gefin á Íslandi á s. l. árum. Sú leið, sem hv. 4. þm. Reykv. benti á í gær í sambandi við þetta, var því sannarlega engin trygging fyrir því, að sparisjóðsfé fengi að vera óhreyft af ríkissjóði, nema síður sé. Hann hefði skjótt étið það upp í taprekstur, sem hann hefur orðið að styðja að öðrum leiðum, eins og kunnugt er.

Þrettánda krafan var það, að skattstiginn breytist í hlutfalli við verðlagsvísitölu á hverjum tíma, svo að skattahlutföllin raskist ekki við verðlagsbreytingar, eins og átt hefur sér stað áður, og þessari kröfu er mætt að fullu.

Fjórtánda krafan var, að sölugróði fasteignar verði ekki skattskyldur, þó að eignin hafi verið skemur en fimm ár í eigu seljanda, ef innan eins árs væru gerð kaup á annarri eign eða byggt sé hús innan tveggja ára frá söludegi, enda yrði sú eign ekki minni að fasteignamati, og þessari kröfu er einnig mætt að fullu.

Fimmtánda krafan var það, að jarðræktarframlag ríkisins skuli undanþegið skatti. Þessari kröfu var mætt að fullu.

Sextánda krafan var, að fæði sjómanna sé ekki skattskylt. Þessari kröfu var einnig mætt að fullu.

Seytjánda krafan var, að ferðakostnaður vegna atvinnu eða atvinnuleitar verði frádráttarbær. Þessari kröfu er mætt, en skattayfirvöldin skulu þó jafnan meta slíkan kostnað.

Átjánda krafan var það, að börn megi teljast sérstakir skattgreiðendur, ef tekjur þeirra eru hærri en persónufrádráttur þeirra. Þessari kröfu er mætt og hefur mjög mikil áhrif á framtöl heimilisfeðra, sem hafa kannske í heimili sínu fjögur eða fimm börn innan sextán ára aldurs, sem hafa, a. m. k. hér í Reykjavík, ef til vill allmiklar tekjur, sem verður að bæta eftir gildandi skattalöggjöf við tekjur heimilisföðurins.

Nítjánda krafan var, að kostnaður vegna sjúkdóma verði frádráttarbær. Þessari kröfu er mætt að nokkru leyti, þar sem gefin er heimild til þess, ef ástæða þykir til að mati skattayfirvaldanna, að draga þann kostnað frá.

Allir þeir liðir, sem ég hef rætt um að framan, snerta að langmestu leyti einungis persónulega skattgreiðendur, en ekki félög. Mér þykir þó rétt að gera hér nokkurn samanburð á tekjuskattinum eins og hann verður eftir hinum nýju skattstigum og eins og hann er eftir gildandi skattalögum.

Af 10 þús. kr. nettótekjum greiða einhleypingar nú 45 kr., en 40 kr. eftir hinum nýja skattstiga. Ég vil geta þess í sambandi við þetta, að till. Alþýðuflokksmannsins í n. var sú, að einhleypingar skyldu greiða 50 kr. af 10 þús. kr. tekjum. Það getur vel verið, að hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki vitað um þessar till., en þær eru nú hér og eru undirskrifaðar af honum sjálfum, lagðar fram 21.—10.—1953. Af þessum tekjum greiða barnlaus hjón nú engan skatt og koma

ekki heldur til þess að greiða skatt eftir nýja skattstiganum.

Af 20 þús. kr. tekjum greiðir einhleypingur nú 358 kr., en verður 370 kr. og hækkar hér ofur lítið í skatti, en af þessum 20 þús. kr. ætlaðist þó Alþýðuflokksmaðurinn til að greiddar yrðu 350 kr., sem er svo að segja nákvæmlega sama. Hér greiða nú hjón 213 kr. af þessum tekjum, en þeirra skattur verður ekki nema 130 kr. eftir frv., og greiða þó ekkert, ef þau hafa tvö börn.

Af 25 þús. kr. greiðir einhleypingur nú 573 kr., verður 570 kr., en till. Alþfl. í n. voru 575 kr. Hjón greiða nú 385 kr., en greiða ekki eftir frv. nema 280 kr., og ef þau hafa tvö börn, þá greiða þau aðeins 30 kr. í staðinn fyrir 165 nú.

Af 40 þús. kr. tekjum, sem má segja að séu kannske almennt verkamannatekjur hér í þessum bæ, sjómanna og verkamanna, greiða einhleypingarnir nú 1578 kr., en greiða eftir frv. 1580, aðeins tveimur kr. meira, en þeir áttu samkvæmt till. Alþýðuflokksmannsins í n. að greiða 1755 kr., sem er þó allmiklu hærra en gert er hér í sambandi við hið nýja frv.

Af 60 þús. kr. tekjum, sem munu vera svona almennt tekjur hærra launaðra embættismanna eða jafnvel fjölda embættismanna, greiðir nú einhleypingur 4444 kr., en greiðir eftir frv. 4430 kr., en Alþýðuflokksmaðurinn lagði til, að greiddar yrðu 4950 kr. Hjón greiða nú 3746 kr., en koma til þess að greiða 2910 kr.; en ef þau hafa tvö börn, þá greiða þau ekki nema 1860 kr., en greiða annars nú 2700 kr.

Ef teknar eru 70 þús. kr. tekjurnar, þá greiðir nú einhleypingurinn 7546 kr., en eftir frv. 6605 kr., og það kemur til af því, að hér er farið að réttlæta það ranglæti, sem framið var öll undanfarin ár með því að hætta að reikna skattinn um, þegar komið var upp í þessar tekjur. Hér voru till. Alþýðuflokksmannsins um það, að einhleypingurinn greiddi 7050 kr., rúmum 400 kr. hærra en gert er ráð fyrir í frv. Hjón greiða nú 6693 kr., ef þau eru barnlaus, en fara niður í 4810 kr. og niður í 3060 kr., ef þau hafa tvö börn.

Af 80 þús. kr. tekjum greiðir einstaklingur nú 11710 kr., en eftir frv. 9280 kr. Af þessum tekjum lagði fulltrúi Alþfl. fram, að skatturinn yrði 9450 kr., sem er nokkru hærra en ákveðið er í frv. Hjón barnlaus greiða nú af þessum tekjum 10821 kr., en greiða þó ekki nema 7210 eftir frv., og hjón með tvö börn 5010 kr.

Af 100 þús. kr. tekjum greiðir nú einhleypingur 20510 kr., en fer niður í 15280 kr. eftir frv. Þar voru till. Alþfl. 15 þús. kr., svo að það er nú ekki hér nema 280 kr. hærra en till. Alþfl. voru í n. Hjón greiða nú 19621 kr. eftir lögunum, en fara niður í 13110 kr. eftir frv., en hjón með tvö börn fara niður í 10510 kr.

Af 125 þús. kr. greiða einhleypingar nú 33438 kr., en fara samkvæmt frv. niður í 23705 kr., en þar voru till. Alþfl. 23500 kr., svo að till. Alþfl. eru þar aðeins 205 kr. lægri en nú er í frv. á þessum hátekjum. Barnlaus hjón greiða nú 32477 kr., en verða 21260 kr., en ekki nema 18110 kr., ef þau eru með tvö börn.

Síðasta talan, sem ég skal taka hér, er 150 þús. kr. tekjur. Þar greiðir einhleypingur nú 48125 kr., fer niður í 33230 kr., en till. Alþfl. voru 32550 kr., sem er hér um bil sama og n. leggur til. Hér greiða hjón barnlaus nú 47101 kr., en þau koma til þess að greiða í staðinn 30410 kr., sem er allmikil lækkun, og hjón með tvö börn aðeins 26860 kr.

Ég skal gjarnan upplýsa hér, að till. Alþfl. í sambandi við hjónagreiðslurnar eru nokkru lægri; þær eru ekki mjög miklu lægri, en þær eru nokkru lægri en gert er ráð fyrir hér í frv., en engan veginn til þess að gefa ástæðu til neinnar sérstakrar gagnrýni í sambandi við frv.

Af þessum samanburði er alveg ljóst, að skattur einstaklinga, sem hafa tekjur upp í hið fyrra umreikningsbil, þ. e. um 68 þús. kr., lækkar ekkert eða sáralítið, hækkar jafnvel um nokkrar krónur á vissum skattabilum. En af hærri tekjum fer skatturinn að lækka mjög verulega, þar sem umreikningurinn hefur ekki áhrif á skattinn. Nemur skattalækkunin á 15. þús. kr. á 150 þús. kr. Þá ber þess einnig að gæta, að þó að þessi samanburður komi þannig út, þá kemur þó fram allmikil skattalækkun einnig á öllum tekjubilunum hjá einhleypingunum, þar sem draga má frá nettótekjum, áður en skattur er á lagður, ýmsa þá liði, sem áður er getið um og ekki eru frádráttarbærir nú, og nemur það allmikilli upphæð hjá ýmsum aðilum. Ég vil í sambandi við það benda einmitt á, að þeir aðilar, sem notfæra sér lífeyriskaup, lækka náttúrlega mjög verulega í skatti við þau fríðindi, og sama má segja um þá menn, sem starfa í sambandi við fiskveiðar o. fl., o. fl., sem kemur hér til greina eins og ég þegar hef lýst. Barnlaus hjón lækka verulega á öllum tekjubilum, en þó kemur lækkunin enn meira fram hjá hjónum, sem börn hafa á framfæri, eins og fyrrnefndar tölur sýna.

Þá þykir mér rétt að skýra frá því, að það hefur verið reiknað út, eftir því sem unnt hefur verið, hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á tekjur ríkissjóðs, enda var það alveg nauðsynlegt til þess að halda sér innan þess takmarks, sem ákveðið var af ríkisstj. og ég hef getið hér áður. En það er sem hér segir: Fyrsta breytingin, þ. e. breyting skattstigans ásamt hækkun á persónufrádrætti, nemur 20% eða alls 9.4 millj. kr. Þetta er miðað við hinn álagða skatt á árinu 1953. Frádráttur vegna heimilisaðstoðar er talinn að nemi 1.5% eða 705 þús. Frádráttur vegna stofnunar heimilisins er talið að nemi ¼% eða 117 þús., frádráttur vegna lífeyrisgjalda 1% eða 470 þús. Annars er ákaflega erfitt að reikna út, hvaða breytingu það hefur, vegna þess að það er ekki vitað, hvað mikið það verður notað. Verði það notað mjög mikið af hátekjumönnum, þá getur þessi tekjurýrnun orðið miklu meiri. Verði hún hins vegar notuð aðeins af lágtekjumönnunum, þá kann hún að verða minni en þetta. En ég er þeirrar skoðunar, að þessi rýrnun á skattinum verði miklu meiri en hér er gert ráð fyrir. Beinn frádráttur vegna hlífðarfata sjómanna nemur 3% eða 1310 þús. Við vorum nú undrandi yfir því, þegar þessi skattaútreikningur kom, en það voru lögð fyrir okkur í mþn. alveg óyggjandi gögn í sambandi við þennan útreikning, sem enginn í mþn. treysti sér til þess að mótmæla. Frádráttur vegna björgunarlauna nemur 0.1%, þ. e. 47 þús., vegna ferðalaga 0.2% eða 94 þús. og vegna annarra

liða um 3% eða 1 millj. 413 þús. Alls var hér um 29% að ræða eða 13 millj. 876 þús. kr. og þá komið nokkuð yfir þá upphæð, sem mþn. var gefið leyfi til að miða við í sambandi við skattalagabreytingarnar.

Ég tel víst, að mörgum þyki enn of langt farið ofan í vasa skattþegnanna með því að ætla ríkissjóði einum 40% af tekjum yfir 130 þús. kr., og vissulega er það rétt ályktað, því að eins og kemur fram hér í frv., þá á að greiða af 130 þús. kr. 40 þús. kr. í ríkissjóð.

Ég verð nú að segja, að þegar litið er á allar þessar kröfur, sem ég hér hef lýst, og þetta voru raunverulega einu kröfurnar, sem komu fram í n. frá persónulegum skattgreiðendum, þá verð ég að líta svoleiðis á, að það hafi ekki tekizt illa að mæta þeim kröfum með þeirri fjárupphæð, sem n. var ætlað að vinna með og ég hef hér minnzt á. Ég held, að það sé ekki af sanngirni mælt, að hér hafi verið kastað höndunum til þessara verka af n. eða að það hafi verið illa varið því fé, sem hún hafði yfir að ráða til þess að skipta á milli þessara skattþegna. Hennar höfuðsjónarmið var að leiðrétta ranglæti og láta skattaafsláttinn koma að mestu leyti niður á hjónum og því meira, því stærri sem fjölskyldan var, og ég hygg, að þetta hafi verið alveg rétt leið.

Með því að færa tekjuskattinn upp í 40% er sýnt, að annaðhvort verða bæjar- og sveitarfélög að draga úr sínum hluta álagningarinnar eða hún kæmi til þess að verða minnst 20% meiri en sjálfar tekjurnar, og þarf ekki að ræða afleiðingar af slíkri skattastefnu. En þetta mæli ég vegna þess, að það var upplýst í n., að þeir sveitar- eða bæjarsjóðir, sem höfðu meðalálagningu, lögðu a. m. k. útsvar í einhverri mynd á tvöfalt við það, sem greitt var til ríkissjóðs. Ef því ríkissjóður ætlar sér að taka 40% af tekjunum, eins og hér er gert ráð fyrir, því sem er yfir 130 þús. kr., og síðan bæjarsjóðirnir að taka tvöfalda þá upphæð, þá er búið að taka 120% eða 20% meira en maðurinn þénar, nema einhver gefi eftir. Það var því æskilegt að fara ekki með álagningu fyrir ríkissjóðinn yfir 25%, þannig að viðkomandi aðili hefði þó fengið að halda 25%, ef sveitarsjóður hefði tekið tvöfalt á móti. En ekkert af þessu rúmaðist innan þeirra takmarka, sem samið var um við afgreiðslu fjárlaganna. Þegar þess er hins vegar gætt, að eftir gildandi lagaákvæðum tekur ríkissjóður í tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt 90% af öllum tekjum yfir 200 þús. kr. og að 56% af því renna beint í ríkissjóðinn, en aðeins 34% í bæjar- og sveitarsjóð, þá er þó sýnilegt, að hinn nýi skattstigi er þrátt fyrir allt nokkru mildari og að bæjar- og sveitarsjóðum er ekki brýn nauðsyn vegna þessara breytinga að gera sinn hlut betri en hann var. Að þessari niðurstöðu komst mþn., þegar hún ræddi þessi mál efnislega.

Eins og frv. ber með sér, þá eru höfuðbreytingarnar aðeins gerðar hér á tekjum einstaklinga eða tekjum persónugjaldenda. Það vannst ekki tími til þess að ljúka till. um greiðslu félaganna. Þar ber raunverulega ákaflega mikið á milli, eins og kunnugt er, og þess var kannske ekki að vænta, að það ynnist á þeim tíma, sem var frá því að yfirlýsing stjórnarinnar var gefin og þar til skila þurfti till. Það varð því að samkomulagi, að félögin skyldu fá 20% afslátt af álögðum tekjuskatti, en hann skyldi lagður á eftir gildandi lögum, þ. e. tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur. Hér er, eins og ég gat um áðan, aðeins um einar 10 millj. kr. að ræða, svo að þessi skattfríðindi fyrir þessi félög öll eru 2 millj. kr., ef frv. verður samþ. óbreytt. Hér er aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða, en þess vænzt, að samkomulag náist einnig um þetta fyrir næsta Alþ., þar sem mþn. mun eiga að starfa áfram.

Það kom mjög til umr. í n., að félög yrðu ekki látin greiða stighækkandi skatt. Ég var fyrir mína parta þeirrar skoðunar, að það væri sjálfsagður hlutur, að félögunum yrði ekki gert að greiða nema ákveðna prósenttölu af sínum tekjum, hvort sem þær eru miklar eða litlar. Þegar það mál var rannsakað, þá kom í ljós, að ef ríkissjóður ætti ekki að tapa í tekjum við það, þá yrði með hliðsjón af þeim tekjum, sem hafa verið taldar fram undanfarin ár, að hækka þessa tölu upp í 24%, og það segir sig sjálft, að slíkt er vitanlega alveg ógerningur, því að ef á að vera hægt að taka 24% skatt í ríkissjóðinn af þeim ágóða, sem félög hafa almennt, hvort sem hann er mikill eða lítill, og síðan tvöfalt það í bæjar- eða sveitarsjóði, þá mun ekkert félag hafa starfsgrundvöll undir slíkum lagafyrirmælum. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að það var minnzt á þetta í n.

Af því, sem ég þegar hef greint frá, þá er það ljóst, að endurskoðun skattalaganna í heild er engan veginn lokið með því frv., sem hér er lagt fram, heldur er hér aðeins um einn þáttinn að ræða, sem vel getur aðeins gilt til bráðabirgða. T. d. ef samkomulag næðist um það síðar að koma á einum sameiginlegum skatti fyrir ríkissjóðinn, bæjar- og sveitarfélögin, eins og ætlazt var til í upphafi með þáltill., þá kann hér að vera aðeins tjaldað til einnar nætur í sambandi við það frv., sem hér er verið að samþ. Hvort um það næst samkomulag fyrir næsta Alþ., get ég að sjálfsögðu ekkert sagt um, en fyrr er ekki að fullu lokið endurskoðun þeirri, sem fram á að fara í sambandi við þessi mál, en tekizt hefur raunverulega að fá úr því skorið, hvort það sé unnt að sameina þetta í einn skatt, og síðan að skipta hlutverkunum á milli bæjar- og sveitarsjóðanna annars vegar og ríkissjóðs hins vegar.

Ég hef orðið var við það og varð mjög var við það, eftir að ég tók sæti í n., að fjöldi manna leit svo á, að í yfirlýsingu ríkisstj. um 20% skattalækkun gilti það atriði, að þetta ætti ekki einungis að vera í sambandi við ríkisskattinn, heldur og útsvörin. Þessi misskilningur verður vitanlega hér með að leiðréttast. Hvorki ríkisstj. né Alþ. mundi láta sér koma til hugar að gefa út einhliða lagaboð um tekjurýrnuu bæjar- og sveitarfélaga. Hitt er svo annað mál, að það mundi valda miklum vonbrigðum, ef bæjar- og sveitarstjórnir treystu sér ekki til að lina nokkuð einnig á sínum álögum, eða a. m. k. að herða ekki á þeim sem því nemur, er ríkisstj. gefur eftir í hinum nýju till., sem settar eru fram til breytinga á skattalögunum. Þá þykir mér einnig rétt að geta þess, sem nú er orðið kunnugt raunveru-

lega hér á þingi, að n. lagði til, að sveitarstjórnir fengju fasteignaskattinn sem nokkurs konar viðurkenningu fyrir því, að þau ein ættu að hafa heimild til þess að leggja skatt á fasteignir og ríkissjóður þyrfti ekki að taka þann tekjustofn síðar til sín.

Mér hefur þótt rétt að láta þetta koma fram í sambandi við störf n., enda hefur þetta skýrt allmikið sjálft frv. og uppbyggingu þess og hvers vegna það er lagt fram í þessu formi, sem hér um ræðir.

Ég skal þá aðeins koma nokkuð að því, sem hv. stjórnarandstaða hefur rætt um þetta mál við 1. umr. Því hefur verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að þessi tilslökun á skattinum væri einskis eða lítils virði. Ég þykist nú hafa fært fyrir því allsterk rök, að kröfum skattþegnanna hafi verið mætt að verulegu leyti, og enginn býst við að fá allar sínar kröfur uppfylltar, hvorki hér á Alþ. né utan Alþ. En ég vil benda á, að til þess virkilega að geta dregið úr skattabyrði á þjóðinni í einni eða annarri mynd, eins og mér fannst nú m. a. að hv. 2. landsk. héldi sig mjög fast við, að hann vildi ekki ræða eingöngu um beina skatta, heldur og einnig óbeina skatta, söluskatt og vörutoll og annað því um líkt, og að þetta væri svo og svo margar milljónir, — en til þess að geta dregið úr slíkri skattabyrði, þá verður að sjálfsögðu að fylgja því að draga úr kröfunum til ríkisins, því að það hlýtur alltaf að fara saman. Ef menn vilja sí og æ gera meiri kröfur til ríkisins um fjárhagslega aðstoð í sambandi við eitt eða annað mál, þá getur ríkið ekki snúið sér til annarra aðila en þegnanna í landinu. Vilji hins vegar þegnarnir draga úr þessari þjónustu, minnka þessa þjónustu, m. a. á þeim sviðum, þar sem þjónusta annarra hefur sýnt sig að vera miklu betri og ódýrari fyrir þjóðina heldur en að láta hið opinbera gera það, þá er hægt að draga úr álögunum. En í þessu sambandi vil ég einmitt benda á, að Alþfl., Sósfl., Þjóðvfl. og Framsfl. stóðu allir eins og einn maður með því að víkja frá þeirri einustu till. hér á þessu yfirstandandi þingi, þar sem hugsanlegt var að draga a. m. k. 8—10 millj. kr. úr ríkisrekstrinum og fá þó betri þjónustu fyrir þjóðina heldur en hægt er að gera með því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim málum. Og þeir voru svo sammála um þetta, að þeir vildu ekki einu sinni leyfa, að þessi till. færi til n. til þess að athugast þar. Svo gráðugir voru þeir í að halda áfram kröfum um útgjöld úr ríkissjóði, sem hlutu að gera kröfu um meiri peninga frá skattþegnunum inn í ríkissjóðinn. Nú voru þó a. m. k. Alþýðuflokksmennirnir búnir að reyna, að ríkissjóður létti af sér stórkostlegri byrði í sambandi við skipulagningu sérleyfisbifreiðanna, sem var undir stjórn Alþýðuflokksmanns, og var þá ekki hægt að segja, að ekki hefði verið þar stjórnað eins og þeir vildu að minnsta kosti. Nú hefur það sýnt sig, að síðan þeirri byrði var létt af ríkissjóði, hefur hann sparað þar hundruð þúsunda, því að sú byrði var komin upp á 6. millj. kr., þegar loksins Alþ. vaknaði til þess að víkja þessum manni frá, sem var búinn að hirða nærri 3 millj. kr. úr póstsjóði og sérleyfissjóði og orlofssjóði, sem var undir stjórn hans. Það var búið að hirða þetta fé til þess að standa undir töpunum af þessum rekstri. Hefðu þeir sjóðir tapað því fé, ef Alþ. hefði ekki hlaupið undir bagga og fundið skyldu hjá sér til þess að endurgreiða það, þó að búið væri að eyða því í sukk á þann hátt, sem vitað var. Þeir voru því búnir að fá reynslu fyrir því, að það var svo sem ekki talað alveg út í bláinn að gera tilraun til þess að spara nokkrar millj. á öðrum sviðum. En svo lengi sem hugsunarháttur manna er slíkur sem ég hér hef lýst, þá verður aldrei hægt að vænta annars en að það verður að fara djúpt ofan í vasa þegnanna til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af slíkum kröfum leiðir.

Hv. stjórnarandstaða hefur gagnrýnt mjög, m. a. í sambandi við skattamálin almennt, þá stefnu, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur farið inn á, að taka svo og svo mikinn hluta af tekjum ríkissjóðs í söluskatti. Ég vil í sambandi við það — og þykir rétt, að það komi hér fram — benda á, að reynslan af söluskatti undanfarin ár hefur orðið slík, að þrátt fyrir það þótt prósentuupphæðin hafi ekki verið hækkuð á þeim skatti nú um langan tíma, þá hefur skatturinn samt sem áður farið sívaxandi alveg gagnstætt því, sem er um hina beinu skatta. Því hærri sem prósentutalan er á beinu sköttunum, því minna hefur ríkissjóður fengið í tekjuskatt frá þegnunum, alveg gagnstætt því, sem hefur verið í sambandi við söluskattinn. Þessi staðreynd er sjálf dómari á gagnsemi söluskattsins og vinsældir söluskattsins, hvað sem reynt er að þyrla upp óvinsældum í sambandi við hann. Og mér þykir þá einnig rétt í sambandi við þetta og einmitt í sambandi við þau átök, sem hafa orðið m. a. milli mín og annarra hv. þm. í sambandi við mínar till. um að afnema að fullu og öllu tekjuskattinn í landinu, að benda á, að við erum sannarlega ekki eina þjóðin, sem komin er að slíkri niðurstöðu. Það hefur stundum verið vísað til ýmissa ummæla annarra þjóða í sambandi við skattamál. Það hefur verið vísað til þess, sem Kanadamenn gerðu, þegar þeir léttu mjög mikið á sínum tekjuskatti nýlega og fengu miklu meiri tekjur inn í ríkissjóðinn fyrir að fara þá leið. Það hefur hvað eftir annað verið minnzt á stefnu Norðurlandaþjóðanna í sambandi við tekju- og eignarskattslöggjöf þeirra þjóða, m. a. að þeir taka nú, t. d. í Danmörku, hvorki meira né minna en 50% eða vel 50% af öllum ríkistekjunum í beinum sköttum. Þetta hefur verið fært fram sem rök gegn því, að við ættum ekki einir allra þjóða og fyrstir allra þjóða að afnema slíkan skatt. Því hefur verið haldið fram hér, að söluskatturinn væri miklu ranglátari en aðrir skattar og að hann þekktist ekki meðal annarra þjóða í neitt svipuðum mæli og hjá okkur. Það er að vísu ekki rétt, hann er í miklu stærri mæli m. a. í Englandi.

Þykir mér rétt í sambandi við þetta að benda á mjög ákveðnar og merkar till., sem komið hafa fram m. a. í Danmörku í sambandi við þessi mál, og vænti, að hæstv. forseti vilji leyfa mér að lesa hér upp þær till. einmitt vegna þess, hversu merkar þær eru. Vinstri flokkurinn hefur þar verið eitthvað líkt og Framsfl. hér á Íslandi, einhvers konar umbótaflokkur eða milliflokkur, sem alltaf er að gera rétt. Þar er sagt m. a. í mjög

merku blaði, að þekktur stjórnmálamaður úr Vinstri flokknum hafi skorað á fjmrh. að láta nefnd, sem hraði störfum sínum, rannsaka þá spurningu gagngert og án allra fordóma, að almennur söluskattur komi í stað tekjuskatts til ríkisins. Ég held, að það sé alveg ágætt bæði fyrir mþn. í skattamálum, fyrir hv. Alþ. og fyrir ríkisstj. að kynna sér þessar till., þegar hvað eftir annað hefur einmitt verið vísað í löggjöf Norðurlandaþjóðanna. „Tekjuskatturinn í sinni núverandi mynd er hróplega óréttlátur og blátt áfram bjánalegur frá þjóðhagslegu sjónarmiði," segir neðri deildar þingmaðurinn. Þetta er nú hans skoðun. Neðri deildar þingmaður þessi er bóndi, svona rétt eins og sumir hv. framsóknarþingmenn. Hann var formaður þingflokks Vinstri flokksins. Á fundi flokks síns í fyrrahaust beindi hann áskorun til Viggo Kampmanns fjmrh., að hann í sambandi við væntanlegar umr. um endurskoðun skattalaganna skipaði n., sem ætti að skila áliti hið fyrsta og skyldi rannsaka gagngert og án allra fordóma, hvort ekki beri að láta almennan söluskatt koma að nokkru eða öllu leyti í stað núverandi tekjuskatts til ríkisins, n. mætti ekki byggja niðurstöður sínar á fyrir fram ákveðnum skoðunum, heldur framkvæma algerlega hlutlausa rannsókn á þjóðfélagslegum áhrifum slíkrar breytingar. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að hæstv. núverandi fjmrh. lofaði því raunverulega í fyrra hér úr þessum stól, sem ég stend hér í nú, að láta slíka athugun fara fram hér. Ég hef nú ekki séð árangurinn af því enn þá. „Ég er þeirrar skoðunar," segir hann, „að það væri algerlega skakkt að láta þetta vandamál eiga sig og ganga fram hjá því, einkum nú, þegar allt skattakerfi okkar er í deiglunni. Og þess vegna vil ég segja við fjmrh.: Látið nú ekki þetta mál verða eintóma ráðagerð. Tekjuskatturinn dregur úr sparnaði og er skaðlegur þjóðfélaginu." Þetta er hans skoðun. „Þá þykir rétt að upplýsa, að í byrjun voru það sósíaldemókratar, sem hófu máls á hugmyndinni um söluskattinn árið 1951, og að fjármálamenn og stjórnmálamenn, sem stóðu framarlega, t. d. prófessor Karl Iversen og neðri deildar þingmaðurinn Edvard Sörensen, hafa léð hugmyndinni fylgi. En menn hafa bara ekki almennilega þorað að taka málið föstum tökum," sagði ræðumaður. Hann sagði enn fremur: „Sköttun tekna keyrir úr öllu hófi hér á landi. Það er staðreynd, að hún dregur úr löngun til sparnaðar og eykur eyðslu. Hún er skaðleg fyrir þjóðfélagið, vegna þess að hún dregur úr löngun fólks til að auka afköst sín, til þess að stofna til framkvæmda og leggja að sér til þess að fá hærri tekjur, af því að skatturinn, sem er stighækkandi, tekur mestan hluta tekjuaukningarinnar. Skatturinn tekur allt of stóran hluta af þeim launum, sem borgararnir fá fyrir erfiði sitt við að auka tekjur sínar." Og þó mun Ísland ganga þar miklu lengra heldur en t. d. Danmörk. „Gagnvart ungu fólki, sem sjálft hefur byrjað atvinnu, er tekjuskatturinn hróplega óréttlátur og fullkomin heimska þjóðfélagslega séð." Þetta er nú ekki neitt mildilega tekið á þessum málum hjá þeim mönnum, sem við höfum þó undanfarið og ekki hvað síst Alþfl. sótt alla sína skattaspeki til. Hann segir svo um almennan söluskatt: „Við þetta bætist, að allt kerfi okkar til eftirlits með tekjum er sífellt að hlaða utan á sig, nú síðast með uppástungunni um nýja bókhaldsskyldu og bókhaldsskyldu landbúnaðarins með þar af leiðandi störfum fyrir heilan her nýrra starfsmanna í þjónustu hins opinbera. Þ. e. a. s.: Borgarar eru teknir frá framleiðslustörfum og settir til óarðbærrar vinnu, sem verður byrði á atvinnuvegunum. Ef tekjuskatturinn helzt eins hár og hann er nú, verður opinber stjórn að hreinustu skriðu. Af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, og mörgum öðrum, álít ég, að nú, er ákafar umr. fara fram í landinu um skattana, sé réttur tími til að spyrja, hvort ekki væri skynsamlegt að innleiða almennan söluskatt í stað tekjuskattsins til ríkisins, a. m. k. að mestu leyti." Svo heldur hann áfram: „Ég þekki nokkrar af þeim mótbárum, sem koma fram," sagði þm. enn fremur, „en ég vil biðja menn að minnast þeirra staðreynda, að hið gildandi tekjusköttunarkerfi er gersamlega ómögulegt og við getum ekki haldið áfram með það. Við höldum sífellt lengra og lengra áfram á þeirri braut, að ríkið skiptir sér af og hefur eftirlit með algerum einkamálum fólks og á afar nærgöngulan hátt." — Ætli að við getum ekki sagt það sama hér á Íslandi? — „Þetta er ekki neitt, sem er upphugsað, engin kennisetning að því er mig snertir, 20 ára revnsla mín á þessu kerfi sem þjóðkjörins manns. Öll þessi þróun er mér algerlega á móti skapi, og ég vil eiga rétt á því að gera uppreisn gegn henni og gera raunhæfar tilraunir til þess að stöðva skriðuna. Ég er fús til þess að fórna miklu til þess, að við getum losnað úr hinum ísköldu greipum tekjusköttunarinnar." Það er bóndi, sem mælir þetta. „Málið hefur aldrei verið gagngert rannsakað. Um það er að ræða, hvort ekki sé hægt að bæta úr þeim göllum, sem að sjálfsögðu munu fylgja í kjölfar söluskatts, bæði stjórnmálalega, þjóðfélagslega og að því er snertir stjórn sjálfrar framkvæmdarinnar, og spyrja má, hvort kostirnir við söluskatt séu ekki svo miklir, borið saman við tekjuskattsfyrirkomulagið, að vert sé að íhuga málið. Söluskatturinn mundi gefa hinum sparsama sín laun og láta hinn eyðslusama borga fyrir eyðslu sína. Sá, sem vinnur mikið, fær háar tekjur og fengi að halda þeim, ef hann sjálfur vildi. Þessi rök og mörg önnur má færa fyrir söluskatti gegn okkar núverandi tekjuskattssköttunarfyrirkomulagi." Þm. lagði áherzlu á, að slík hugsanleg breyting á sköttuninni megi ekki verða þess valdandi, að byrðunum sé ýtt yfir á herðar þeim, sem eru fjárhagslega minni máttar í þjóðfélaginu, og breytingin leiðir af sér aragrúa viðfangsefna, sem verður að þaulhugsa, æfa, reikna út og gera sér ljós. Á grundvelli þeirra staðreynda skoraði hann á fjmrh. að skipa umræddа n., því að „öll þau viðfangsefni, sem koma í ljós við slíka breytingu, hafa ekki, að því er ég bezt veit, verið rannsökuð gagngert hér í landi og reynsla annarra landa hefur heldur ekki verið rannsökuð til hlítar." Ég vildi gjarnan mega benda hæstv. fjmrh. á, að það væri sannarlega ástæða fyrir hann að láta fara fram í sambandi við þetta mál þá athugun, sem hann lýsti hér yfir að hann skyldi láta fara fram, svo að það kæmi nú í ljós,

hvort ekki væri einmitt rétt að fara algerlega frá tekjuskattsleiðunum.

Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég tala þessi orð hér á mína ábyrgð, en mér þótti rétt að láta þetta koma fram, en sjálfsagt er meiri hl. fjhn. óbundinn af þeim ummælum.

Ég hef þá sýnt hér fram á, hvernig n. hefur hagað störfum sínum. Ég álít, að sú gagnrýni, sem fram hefur komið hjá stjórnarandstöðunni, sé ekki byggð á rökum, og alveg sérstaklega vil ég taka það fram, undirstrika það, að gagnrýni frá hv. 4. þm. Reykv. á því frv., sem hér er til umr., fer í alveg öfuga átt við till. þær, sem fulltrúi Alþfl. gerði í n. og ræddi um. Það var að vísu svo, að þegar gengið var að síðustu til atkv. um það í n., hvort hann væri samþykkur þessum till., þá greiddi hann atkv. á móti till., en áttaði sig raunar síðar á því, þegar honum var bent á það, að hann ætti hér að velja um þær till., sem hér um ræðir, eða þau skattalög, sem nú eru gildandi, því að vitanlega yrði þjóðin að búa við þá skattalöggjöf, ef ekki kæmi neitt annað í staðinn. Þá áttaði hann sig nú á því, að það væri miklu sanngjarnara að láta þessa skattalöggjöf, sem hér um ræðir, ná fram að ganga, þó að allir fengju ekki sínar kröfur, heldur en að búa við það, sem nú gildir í þessum málum. Hins vegar var sýnilegt, að þær kröfur, sem komu fram hjá honum á síðasta fundi, voru í aðra átt en hann hafði áður hugsað og rætt og mun hafa verið fyrir áhrif ef til vill frá hv. 4. þm. Reykv.

Ég sé svo ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist, að ræða þetta mál nánar.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. frsm. meiri hl. hefur nú flutt hér langa og efnismikla ræðu. En ég verð að játa, að mér er eftir þessa löngu ræðu ekki alls kostar ljóst, hvort hann er að tala sem alþm. Gísli Jónsson í sinni eigin persónu, eins og það hefur verið orðað stundum, hvort hann er að tala sem frsm. fjhn. þessarar hv. d. eða hvort hann er að tala sem starfandi nefndarmaður í mþn. í skattamálum. Síðasti kafli ræðu hans virtist mér að mestu leyti vera hans eigin hugleiðingar sem alþm. og borgara í landinu. Hann veik þar að till., sem hann bar hér fram á þingi fyrir nokkru, þess efnis, að tekjuskattur og eignarskattur til ríkissjóðs væru með öllu felldir niður. Sú till. var rædd hér allmikið og fékk ekki neina formlega afgreiðslu. Hann las nú upp ýmis ummæli eftir þm. Vinstri flokksins í Danmörku, sem er sagður vera mjög frjálslyndur, um álit hans á tekju- og eignarskatti annars vegar og söluskatti hins vegar. Og niðurstaðan var sú, að það væri fullkomin heimska, ranglæti og siðleysi og þjóðfélagslega hættulegt að halda áfram að innheimta tekju- og eignarskatt til almenningsþarfa, söluskatturinn væri miklu eðlilegri og betri og í raun og veru alveg sjálfsagður. Að sömu niðurstöðum komst hv. þm. í ræðu sinni áðan að því er Ísland snerti. Hann benti á það t. d., að söluskatturinn hér hefði farið hækkandi ár frá ári, án þess að hundraðsgjaldið hefði verið hækkað. Það hefur nú reyndar tekjuskatturinn gert líka. Hann hefur hækkað að óbreyttum skattstigum, eins og hv. þm. veit, og gert er ráð fyrir, að hann hækki nú mikið til upp í það, sem skattalækkuninni nemur, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefur tilkynnt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Meginkostir söluskattsins voru þeir í augum hv. þm., að með honum voru þeir, sem spöruðu fé sitt, verðlaunaðir, en skatturinn lenti á eyðslunni, sagði hv. þm. Það er vissulega rétt, að skatturinn lendir á eyðslunni, ef hann er tekinn sem söluskattur. En eyðsla er orð, sem innibindur margt. Sumar tegundir eyðslu er sjálfsagt að skattleggja, enda gert mjög hátt hér hjá okkur. Aðrar ætti alls ekki að skattleggja nokkurn skapaðan hlut. Ég held, að söluskatturinn t. d. á almenna matvöru eins og brauð sé milli 11 og 13% auk álagningarinnar, sem milliliðirnir taka ofan á skattinn sjálfan. Er það þessi eyðsla, sem hv. þm. vill skattleggja? Það er ákaflega auðvelt að tala um eyðslu sem einhvern fordæmanlegan hlut eða verknað. En eyðsla er sjálfsögð og nauðsynleg, eyðsla til kaupa á gagnlegum varningi er sjálfsögð og nauðsynleg, til þess að mennirnir geti lifað eins og menn. Og fram hjá eyðslu er ómögulegt að komast fyrir nokkra lifandi veru, eins og hv. þm. að sjálfsögðu vel veit.

Ég skal annars ekki taka upp almennar umræður um það, hvort rétt sé að afnema tekjuskattinn eða ekki. Það kemur sjálfsagt á dagskrá hér, áður en langt um líður. En mér virðist eftir þeim skoðunum, sem hv. þm. lætur í ljós um þetta efni hér, alveg vafasamt, að hann geti réttlætt það fyrir samvizku sinni að gerast flm. og styðjandi þess frv., sem hér er um að ræða og er siðlaust, ranglátt og heimskulegt að dómi þessa ágæta þingmanns Vinstri flokksins í Danmörku, sem hann las hér upp áðan og gerði að sínum. Ég var að leita í huga mínum, hvernig á því standi, að maður, sem hefur unnið að því að semja þetta frv., skuli hafa slík ummæli hér, um leið og frv. er til umræðu, og mín niðurstaða er sú, að þetta frv. eigi að vera skref í þá átt að afnema beina skatta til ríkissjóðs og þá væntanlega að sjálfsögðu líka til sveitarsjóðanna, því að annars er það meiningarlaust. Ef það er það, sem vakir fyrir hv. þm., þá er líka ýmislegt skiljanlegt í því frv., sem hér liggur fyrir, sem ella er torskilið mér. Samkvæmt frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir að leggja á brýnustu þurftartekjur manna beinan tekjuskatt. Allir viðurkenna, að þetta er fásinna, ranglæti og heimska. Hv. þm. hefur sagt miklu meira en það, en hann hefur viðurkennt þetta. Fyrir ríkissjóðinn munar það engu — vil ég segja — að vera að innheimta í skatt smáupphæðir innan við 100 kr. Og jafnvel mætti setja markið hærra. En ranglæti við álagningu þessara tiltölulega lágu upphæða beina skattsins er svo áberandi, að það er tilvalið tilefni til þess að gera tekjuskattslögin í heild sinni óvinsæl og illa þokkuð í augum landsmanna. Og það er sú eina skýring, sem ég get fundið á því, hvers vegna mþn. eftir sínar miklu athuganir og rannsóknir heldur sig við þá fráleitu stefnu að leggja skatt á svo lágar tekjur, að bersýnilegt er hverjum manni, að ómögulegt er að lifa á því, en það er gert í frv., eins og hv. þm. sjálfur játar. Eina skýringin á þessu undarlega fyrirbæri er sú, sem hv. þm. gaf, að það

eigi að vinna að því að afnema tekjuskattinn, gera hann svo óvinsælan hjá þorra manna, sem þó borgar tiltölulega lítinn hluta af honum, að hinir, sem borga mestan hluta af honum og bera hann að mestu, í skjóli þessara óvinsælda eða vegna þeirra geti losnað við að greiða skattinn af sínum háu tekjum.

Hv. þm. sagði, og þá hygg ég að hann hafi nú talað sem frsm. n., að sú lækkun, sem hér væri um að ræða, væri ekki ýkja mikil, það væri ekki heldur nema bráðabirgðaþáttur af stærra verkefni, sem lægi fyrir n. að leysa. Þetta er fullkomlega rétt. Sú lækkun, sem hér er um að ræða, er um 10 millj. kr., eftir því sem upplýst er, en það er líka upplýst, að skattar til hins opinbera, ríkis og bæjar- og sveitarsjóða, nema milli 700 og 800 millj. kr. á ári. Þannig er auðséð, að þessi lækkun er ákaflega lítils virði út af fyrir sig, enda á engan veg séð, að úr þessu verði lækkun, því að það getur orðið unnið upp af öðru, eins og t. d. aukatekjum til ríkissjóðs, sem munu nú vera hækkaðar um 4 millj. kr.

Ef litið er því á heildina í þessu efni, þá er það fullkomlega rétt og ekki hægt að mótmæla því, að lækkunin, sem um er að ræða, er tiltölulega mjög lítilvæg. Sé litið til einstaklinganna, sem skatturinn er nú lagður á, þá verður sama upp á teningnum, ef litið er til alls almennings í landinu, sem hefur lágar tekjur eða miðlungstekjur, að ég ekki tali um þá, sem hafa mjög lágar tekjur, um eða fyrir neðan þurftartekjur. Hv. þm. upplýsti þetta prýðilega í sinni ræðu áðan. Ég gat nú því miður ekki náð öllum þeim tölum, sem hann notaði þar. Hann sýndi fram á það, að hjón með 20 þús. kr. tekjur fá skattalækkun, sem nemur 80 kr. Þau eiga að halda áfram að borga skatta af þessum 20 þús. kr. Þau fá lækkun um hvorki meira né minna en 80 kr., en eiga samt að borga 130 kr. Ríkissjóð munar ekkert um þennan skatt. Hann er tekinn af tekjum, sem nægja ekki til að lifa á þeim. Hann er því ranglátur. Hann er að vísu lækkaður um 80 kr., eins og ég áðan sagði, en samt eru eftir 130, sem hægt er að taka. Ef tekjurnar eru 25 þús. kr., þá nemur lækkunin eftir upplýsingum hv. þm. 95 kr. Það er sama um þetta að segja. Svo illa sem þessi hjón eru stödd efnalega, þá eru þau jafnilla stödd, hvort þessi lækkun kemur eða ekki. Hjón með 25 þús. kr. eiga áfram að borga 280 kr. samkvæmt nýja frv. Þetta er ekkert annað en kattarklór, að reyna að sýna í prósentum, að það sé verið að lækka skatt, sem sjálfsagt var að fella með öllu niður, því að slíkan skatt eins og tekjuskattinn á ekki að leggja á þær tekjur, sem hrökkva ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. Við skulum fara í hinn endann. Einhleypingur með 150 þús. kr. tekjur á að lækka um 16 þús. kr. eftir upplýsingum hv. þm. Hann munar um þetta. En við skulum taka annað dæmi hér. Við skulum taka 60 þús. kr. tekjur. Þar lækkar skatturinn á hjónum eftir upplýsingum þm. úr 3776 í 2910 kr. eða um tæpar 800 kr. Ég skal játa, að það munar dálítið um þetta, en veruleg áhrif hefur það nú ekki á afkomu þessa manns. Þó álít ég eðlilegt, að á þennan mann sé lagður tekjuskattur, og ég er út af fyrir sig ekkert á móti því, sem á hann er lagt þarna. En á allar þær mörgu þúsundir manna, sem eru á tekjubilinu fyrir fjölskyldufólk undir 35—40 og fyrir einhleypinga kringum 15—16 þús. kr., sem haldið er áfram að leggja á skatt, þótt lágur sé, verkar þetta sem hreint ranglæti, sem það líka er, og það skapar og eykur og viðheldur óvinsældum skattsins í landinu, og að því er stefnt hjá hv. þingmanni að nota þessar óvinsældir til þess að létta sköttunum af hinum, sem alveg réttilega bera háa skatta. Ef þessi skýring væri ekki til, þá væri engin skýring til á háttsemi þessa hv. þm.

Hv. þm. sagði og það réttilega, að ef ekki væru lækkaðar þarfir eða lækkuð úgjöld hins opinbera, þá væri í raun og veru hver lækkun á skatti sem væri ekki annað en tilfærsla á milli skatttegunda, og í því sambandi fór hann svo að tala um söluskattinn annars vegar og tekjuskattinn hins vegar. Hann benti einnig á, að innheimtukostnaður á tekju- og eignarskatti væri gífurlega mikill, og skal því ekki neitað, að hann er nokkuð mikill, álagningar- og innheimtukostnaður, en þess er að gæta, að um leið og hann er lagður á, er líka unnin öll undirbúningsvinna við álagningu útsvara í landinu, sem nema tvöfalt hærri upphæð en tekjuskatturinn einn, eins og hv. þm. veit. En heldur hann, að óbeinu skattarnir, tollarnir og söluskatturinn, séu innheimtir kostnaðarlaust fyrir þá, sem borga þá? Ég held, að það sé nú eitthvað annað. Ég veit ekki annað en að álagningin nemi hjá þeim mönnum, sem fara höndum um vörurnar, sem lagt er á, svona eitthvað á milli 25 og allt upp í 75% af verðmætinu, sem þær þurfa að kosta að tollum meðtöldum. Og ég vil fullyrða það, að svo dýr sem vinnan við álagningu beinu skattanna er, þá er það þó ekki nema örlítið brot af því, sem innheimta óbeinu skattanna kostar þá menn, sem vörurnar kaupa.

Hv. þm. benti alveg réttilega á það, að meginverkefni mþn. í skattamálum væri enn óleyst. Ég leyfði mér að benda á þetta hér við 1. umr., og mér þykir vænt um, að hann tekur undir það þann veg, sem hann gerði. Þetta, sem hér er lagt fram fyrir þetta þing, er ekki nema örlítill þáttur í einu atriði í þessu veigamikla máli. Það, sem þarf að gera, er að rannsaka í fyrsta lagi, hvern veg skattarnir allir til hins opinbera nú eru teknir, að hverjum leiðum, og hvernig verkaskipting á að vera milli ríkisins í heild og einstakra héraða og skipting skattanna í hlutfalli við það. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, og mér urðu það mikil vonbrigði, að eftir tveggja ára starf n. skyldi ekki örla á neinum ábendingum í þessu efni, öðrum en þeim hugleiðingum hv. þm., sem ég taldi vera frá honum sjálfum komnar, um ágæti söluskattsins annars vegar og hinar dökku hliðar tekjuskattsins hins vegar.

Ég skal þá víkja að frv., sem hér liggur fyrir, og einstökum atriðum þess, nál. og brtt.

Hv. frsm. mælti svo, að ég, sem er í minni hl., hefði ekki viljað samþ. frv. Þetta er ekki rétt orðað. Ég sagði ekkert um það á nefndarfundinum. Ég sagði, eins og stendur í nál. meiri hl. n., að ég hyggi á ýmsar mikilvægar efnisbreytingar í frv. og geti ekki fallizt á að mæla með því, án þess að þær komi fram. Þessar brtt. minar eru svo fluttar á þskj. 690 og grg. fyrir þeim á þskj. 689. Eins og þar er fram tekið, þá tel ég, að

megingalli frv. sé sá, að skattar séu enn áframhaldandi lagðir á fólk, sem í raun og veru á enga skatta að leggja á, því beri nauðsyn til þess að hækka skattmarkið mjög frá því, sem gert er í frv., ekki á þann hátt að hækka út af fyrir sig persónufrádráttinn, vegna þess að mjög hækkaður persónufrádráttur kemur til með að verka til mjög mikillar lækkunar á skattinum af háum tekjum. Er skattprósentan er komin upp í 30—40%, þá þýðir sú lækkun, sem persónufrádrátturinn gefur, margfalda upphæð á við það, sem hún gefur á lægri tekjunum, og slíkt væri ekki réttlátt. Því tel ég, að eðlilegast sé að því er snertir hjón og einstaklinga að hækka aðeins það skattfrjálsa mark og byrja þá skattstigann þeim mun hærra en gert er í frv. ríkisstj. Samkvæmt þessu legg ég til, að ekki sé tekinn neinn skattur af tekjum einstaklinga undir 15 þús. kr., eða réttara sagt: lægsta trappa, sem tekið er af, séu 15 þús. kr. og þá skuli skatturinn vera 100 kr. Lægri skatt er ekkert annað en fyrirhöfn að vera að leggja á og innheimta. Í stað þess að byrja þá með 1%, eins og gert er í frv. ríkisstj., þá legg ég til, að úr því verði skattstiginn lægst 5% og fari svo stighækkandi. Með þessu er hreinlega skorinn neðan af tekjunum ákveðinn hluti, sem hverjum manni er ætlað að hafa skattfrjálsan, hvernig sem að öðru leyti er ástatt um hans hag. Þetta mark, sem hér er miðað við, er 15 þús. kr. og miðað við nokkurn veginn það, sem svarar til 100 kr. skatts í frv. ríkisstj. Tilsvarandi er ætlað fyrir hjón, að ef skattskyldar tekjur þeirra beggja samanlagt nemi 28 þús. kr., 14 þús. kr. hvors um sig, þá greiðist enginn skattur af þeirri upphæð. Ég held þetta sé tvímælalaust eðlilegri og réttari aðferð en sú að hækka persónufrádráttinn á þann sama veg sem gert hefur verið. Það hefur sömu verkun, það gefur meiri lækkun fyrir lágtekjumennina án þess að draga nokkuð úr skatti hjá hinum, sem eru í háum tekjum. Til þess svo að gera þann greinarmun, sem eðlilegur er að sjálfsögðu á hjónum annars vegar og einstaklingum hins vegar, þá skal taka upp sérsköttun hvors hjónanna um sig upp að ákveðnu marki. Ef hvort um sig er tekjuaflandi, þá virðist sjálfsagt og eðlilegt, að tekjur hvors hjónanna um sig skattleggist sérstaklega eins og hjá öðrum einstaklingum; sé hins vegar um það að ræða, að t. d. maðurinn einn sé sá, sem aflar teknanna fyrir þau bæði sameiginlega, þá sé ákveðinn hluti teknanna talinn sem tekjur konunnar, sem annast heimilisstörfin og sér um, að maðurinn geti stundað sína vinnu. Það mark, sem hér er miðað við að megi ætla konunni af slíkum sameiginlegum tekjum, er 20 þús. kr. Ef þessar till. næðu fram að ganga út af fyrir sig, þá mundi það svara til þess, að venjuleg meðalfjölskylda með 34—40 þús. kr. mundi ekki greiða neinn tekjuskatt og að einstaklingur með 15 þús. kr. mundi ekki heldur greiða neinn tekjuskatt. Ég held ég muni það rétt, að þegar gengið var frá skattalögunum 1935 með þeim frádráttarreglum, sem samkv. þeim giltu, þá hafi verið gert ráð fyrir því, að hjón með þrjú börn og 3500 kr. tekjur slyppu við tekjuskattinn. Ég ætla, að það láti nærri, að 3500 kr. tekjur þá mundu svara til 35—40 þús. kr. tekna nú. Þess vegna eru okkar till. við það miðaðar, að slíkar tekjur verði ekki skattlagðar með tekjuskatti. Hins vegar eru þær nú þegar, eins og allir vita, skattlagðar mjög freklega í gegnum tolla, söluskatt og aðra óbeina skatta, að ég ekki nefni tryggingagjöld og annað slíkt, sem borgað er í sérstaka sjóði. Í brtt. er lagt til, að teknar séu 20 þús. kr. af sameiginlegum tekjum hjóna og ætlaðar konunni. Þá er eðlilegt, um leið og það yrði gert, að þá yrði gerður sérstakur skattstigi fyrir manninn, sem nýtur þessara fríðinda í skattfrádrætti, og við það eru till. um skattstiga í b-lið miðaðar. Það er ekki eðlilegt, eftir að giftur maður hefur fengið þá ívilnun í skattlagningu sameiginlegra tekna, sem felst í till. mínum að öðru leyti, að þá verði hann látinn vera undir sama tekjuskatti og einstaklingur, heldur gildi um hann sérstakur skattstigi. Hins vegar falla tekjur konunnar, ef þær fara ekki fram úr því marki, sem sett er, undir hinn almenna skattstiga fyrir einstaklinga. En niðurstaðan af þessu verður sú, eins og tillögurnar bera með sér, að meðalfjölskylda með 35—40 þús. kr. mundi vera skattfrjáls með öllu og einstaklingur, sem ekki fer fram úr 15 þús. kr. Það mark er miðað við það, að brýnustu tekjur, sem aðeins hrökkva fyrir allra brýnustu nauðsynjum, séu ekki skattlagðar. Aðrar þær breyt., sem gerðar eru á skattstiganum, eru sumpart afleiðingar af þessu og þurfa ekki verulegra skýringa við. Það er nokkuð létt sköttum á giftum konum á bilinu upp í 70—80 þús. kr., svipað úr því.

Ég get látið þetta nægja um till. 1, a. og b og vísa að öðru leyti til ýtarlegs nál. minni hl. í Nd. um þetta atriði.

2. brtt. er við 7. gr. frv. Hún er þess efnis, að á eftir orðunum „sjá sér fyrir fæði“ í h-lið 4. tölul. bætist: svo og verkamanna og iðnaðarmanna, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimili sínu.

Ég er sammála því, að rétt sé það nýmæli, sem tekið er upp í frv. ríkisstj., að fæði sjómanna á fiskiskipum, sem þeir sjálfir sjá sér fyrir, verði ekki talið til skattskyldra tekna frekar en fæði er nú á togurum, þar sem útgerðin sér fyrir fæðinu. En þá finnst mér nokkurn veginn sjálfsagt, að sama gildi einnig um iðnaðarmenn og verkamenn, sem þurfa að sækja atvinnu til fjarlægra staða og kaupa sér þar fæði, jafnframt því sem þeir hafa fullan heimiliskostnað annars staðar. Það er alveg hliðstæða við sjómennina í þessu sambandi og því sjálfsagt og eðlilegt, að hið sama gildi um þá.

Þá er lagt til, að inn komi nýr liður á eftir h-lið, að ⅓ af kaupi sjómanna fyrir vinnu á íslenzku fiskiskipi, þó ekki hærri upphæð alls en 20 þús. kr., dragist frá tekjunum, áður en skattskyldar tekjur verða ákveðnar. Þessi till. er borin fram í samráði við samtök sjómanna og ég ætla samtök útgerðarmanna einnig, sem hafa talið, að með þessu móti mætti gera eftirsóknarverðari störf á fiskiskipum en nú er. Hæstv. ríkisstj. virðist í frv. hafa viðurkennt nauðsyn á því að gera eitthvað, sýna einhverja viðleitni í þessa átt, og því er í frv. lagt til, að þessi upphæð, sem þannig má draga frá tekjunum og ætluð er til hlífðarfata og þess háttar, verði ákveðin 200 og 300 kr. á mánuði. Að því er skattupphæð varðar er alveg

augljóst, að slíkur frádráttur, 200 eða 300 kr. á mánuði, skiptir ákaflega litlu máli. Hins vegar mundi það án efa hafa nokkur áhrif í þessu, ef sú till. yrði samþykkt, sem hér er fram borin. Setjum svo, að tekjur sjómanna á togurum séu 45 og allt upp í 60 þús. kr. á ári, það væri þriðjungurinn, sem ekki kæmi til skatts, 15—20 þús. kr., og með þeim skattstiga, sem þeir þá mundu lenda í, er þetta upphæð, sem verulega munar um frá því, sem nú er, og gæti þá kannske haft einhver áhrif í þá átt, sem eftir er sótzt af samtökum útgerðarmanna og sjómanna, en vonlaust er um, að till. ríkisstj. geti nokkur áhrif haft á það, vegna þess, hversu skammt er gengið til móts við þessar óskir í þeim till.

Þá er lagt til í d-lið brtt., að í 5. tölul. sömu greinar á eftir orðunum „til atvinnurekstrar sé“ bætist: eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu). Þetta er augljóst mál, að ef húsmóðirin vinnur úti og aflar sér tekna, án þess að sá kostnaður, sem hlýtur að falla á heimilið fyrir það, að hún rækir þessa starfsemi, sé dreginn frá, þá er beinum óréttí beitt við þessa aðila.

Í frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að ráðskonufrádrátturinn megi vera sem svarar persónufrádrætti og hálfum barnafrádrætti, sem um er að ræða. En það er um það mál frá upphafi að segja, að sé um nokkrar tekjur af þessu að ræða hjá konunni sjálfri, þá hlýtur það að koma fram sem alveg óeðlileg skattahækkun á þau hjónin sameiginlega. Í sambandi við þetta er svo till. um það, að tekjur mannsins, þótt konan vinni ekki úti, skuli allt að 20 þús. kr., þó ekki fram yfir helming teknanna, teljast tekjur konunnar. Eins og kunnugt er, þá er mjög að því unnið af mörgum að fá leiðrétt það ranglæti skattalaganna, að hjón, sem bæði vinna úti, séu skattlögð miklu hærra en tveir einstaklingar, sem vinna sambærileg störf hvor í sínu lagi. Það er augljóst, hvað af þessu leiðir, menn reyna að koma sér hjá slíkri hækkun á sköttum. Þegar um slík hjón er að ræða, sem hafa háar miðlungstekjur, þá er það beinlínis hvöt til þess að slíta hjúskapnum, og þess munu dæmi, að það hafi verið gert. Við skulum taka sem dæmi, að tveir barnakennarar, karl og kona, bæði með jöfn laun, hefðu hug á að ganga í hjónaband, þá er þeim refsað fyrir það með því að leggja á þau margfaldan tekjuskatt, bæði eftir gildandi lögum og líka eftir frv., sem hér liggur fyrir frá ríkisstj. Það er því alveg óeðlilegt og ekki í samræmi við almennt mat fólks á, hvað rétt sé í þessu efni, að gerður er sá munur á tveim manneskjum, sem eru giftar og afla sér sömu tekna, og tveim ógiftum manneskjum, sem gerður er í gildandi skattalögum og í frv. hæstv. ríkisstj. Það má yfirleitt segja um þetta frv., að í því liggi viss viðurkenning á ranglæti í einstökum atriðum skattalaganna og sýnd nokkur viðleitni til að ganga til móts við óskir manna, eins og hv. frsm. orðaði það. En gallinn á frv. er sá, að það er svo skammt gengið í því efni, að áhrifin eru nauðalítil og í sumum tilfellum því nær engin. Óvinsældirnar haldast og tilfinningin um ranglætið situr eftir hjá mönnum, vegna þess að það er ekki gengið hæfilega til móts við óskir manna í þessum efnum, móts við það, er réttmætt verður að teljast.

Ég hef áður vikið hér að 3. brtt., við 8. gr., að hvort hjónanna verði sjálfstæður skattþegn, og með hverjum hætti það skuli ákveðið.

Þar á ofan er lagt til í 4. brtt., að persónulegur frádráttur bæði fyrir einstaklinga og hjón verði felldur niður, en skattmark á þeim sett eins og greint er frá í 1. brtt., 15 þús. kr. fyrir einstakling og 14 þús. kr. fyrir hvort hjóna. Hins vegar er lagt til, að barnafrádrátturinn verði hækkaður úr 4500 kr. eftir frv. og upp í 6 þús. kr. Í því sambandi má benda á, að samkvæmt síðustu breytingum á almannatryggingalögunum nemur nú barnalífeyrir og mæðralaun vegna hvers einstaks barns umfram fjögur um 5800 kr., þannig að sú upphæð yrði skattskyld hjá þeim, sem njóta hennar, ef haldið yrði við till. ríkisstj. í frv. með aðeins 4500 kr.

Þá er lagt til í 5. brtt., að þó að haldið sé ákvæðunum um skattfrelsi sparifjár, sem nú eru í frv., þá verði fellt niður úr frv. ákvæðið um, að slíkt fé skuli undanþegið framtalsskyldu. Ég benti á það við 1. umr., að þó að ég væri með þessu ákvæði um að skattleggja ekki sparifé og vexti af því, þá teldi ég, að hæstv. ríkisstj. væri allt of bjartsýn um áhrif þessa til þess að auka sparnað í landinu, ef ekki fylgdu aðrar aðgerðir með. Ég beindi því einnig til hv. n. og ríkisstj. að athuga, hvort væri gerlegt yfirleitt að afnema skattinn — að gera sparifé, sem geymt er í bönkum og sparisjóðum, skattfrjálst, en láta verðbréf, sem menn kaupa fyrir sparifé sitt, vera áfram framtalsskylt og skattskylt. Ég hef ekki fengið nein svör við því frá neinum, hvort þeir sjái ekkert við þetta að athuga, en mér virðist augljóst, að ef þetta ákvæði verður samþ. eins og í frv. er, þá hlýtur það að draga úr kaupum almennings á verðbréfum, sem nauðsynlegt er á margan hátt fyrir fyrirtæki og hið opinbera að geta selt.

Um hugleiðingar hv. frsm. í sambandi við gengislækkunina og stóreignaskattinn gæti ég í raun og veru sagt margt, en tímans vegna skal ég ekki fara langt út í það. Hv. þm. viðurkenndi það, enda ekki hægt að hafa á móti því af neinum skynbærum manni, að það væri ekki eðlilegt, meðan ekki væri nokkurn veginn treyst af almenningi, að peningarnir héldu gildi sínu, að menn legðu mikið á sig til að spara. Þetta eru staðreyndir, sem ekki er til neins að loka augunum fyrir, og meginástæðan til þess og aðalástæðan, að ekki hefur aukizt sparnaður í landinu, heldur kannske þvert á móti, er einmitt sú ótrú, sem almenningur hefur á gildi peninganna og hefur fengið af biturri reynslu undanfarinna ára. Hv. þm. sagði, að ef ekki hefði verið fellt verð peninganna með gengislækkun, þá hefðu allar sparisjóðsinnstæður verið étnar upp til þess að borga niður vörur og varning og í uppbótagreiðslur og annað slíkt. Þetta eru nú fullyrðingar hans, sem eru ekki svaraverðar, allra sízt þegar þess er gætt, að í viðbót við gengislækkunina er varið tugum millj. meira en var fyrir gengislækkunina til niðurgreiðslu á vörum og uppbótagreiðslu á vörum, eins og hv. þm. veit. Hv. þm. sagði, að lögin um stóreignaskatt hefðu gert meiri bölvun í fjármálalífi þjóðarinnar en nokkuð annað núna síðasta mannsaldurinn a. m. k. Ja, hamingjunni sé lof, að ég var ekki riðinn

við þennan meinvætt. Ég held það hafi verið hann og stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., sem samþykktu þessi lög. Ég var á móti þeim, svo að hann á þar við sig og sína menn að sakast, en ekki við mig. Ég get sagt það sem mína skoðun, að hugmyndin um stóreignaskatt var að vissu leyti réttlætanleg, þ. e. a. s., ég hefði heldur viljað kalla það eignaraukaskatt, eins og ég flutti frv. um á sínum tíma, sem var samþ. þá, en kom aldrei til framkvæmda, og var fellt úr gildi, þegar stóreignaskatturinn var lögleiddur, en sú löggjöf, sem um hann var sett, var sennilega eitthvert mesta hrákasmíði, sem nokkurn tíma hefur verið samið hér á Alþingi, og er þá langt jafnað. En það er ekki við mig að sakast um það, hann má sakast við sjálfan sig, hv. þm., og sína samflokksmenn og samstarfsmenn. Ég hef alltaf bent á aðrar leiðir í þessu efni, sem hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar hafa lítið sinnt. Og það er skattstofn, sem liggur við nefið á hverjum manni. Það er sú gífurlega verðhækkun, sem hefur orðið á fasteignum í landinu vegna gengislækkunarinnar og vegna hinnar miklu verðhjöðnunar peninga, sem hefur orðið núna á seinni árum. Ég sé ekki, að milliþn. hafi enn þá komið auga á þennan skattstofn. Ég vænti, að einhverjir menn í henni komi þó auga á hann, áður en n. lýkur sínum störfum.

Þá vík ég að 5. brtt. á þskj. 690. Þó að ég sé sammála því, að rétt sé eftir atvikum að fella niður skatt á sparifé, eins og í frv. er lagt til, þá er ég alveg andvígur því, að framtalsskyldunni sé sleppt. Ég sé ekki annað en með því móti sé beinlínis verið að gera þeim mönnum og þeim fyrirtækjum, þeim aðilum, sem hægast hafa átt með og sjálfsagt mest hafa komið sér undan því að greiða réttmætan skatt, skattprettina auðveldari, gera þeim hægara um að komast hjá réttmætum sköttum. Það er augljóst mál, að ef menn geta falið fé í innstæðum í sparisjóðum og bönkum og öðrum innstæðureikningum án nokkurs eftirlits eða framtalsskyldu, þá verður það notað til hins ýtrasta til þess að leyna eignum og koma tekjum undan, og það er enginn vafi á því, að þetta er einhver mesti greiðinn, sem þeim aðilum, sem hafa getað og munu ástunda að koma sér undan réttmætum sköttum, er gerður. Ég álít þvert á móti, að jafnvel þótt ekki sé lengra farið í breytingum á skattalöggjöfinni heldur en hér er gert, þá hefði verið alveg sjálfsagt strax á þessu stigi að taka upp ákvæði til þess að skerpa eftirlitið með skattaframtölum, rannsókn skattaframtala og jafnvel setja dómara í skattamálum, sem að minni hyggju er alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að gera.

Þá vík ég að 5. brtt., d-lið. Þar er gert ráð fyrir fullkomnu nýmæli í skattalöggjöfinni, þ. e., að einstaklingum, sem hafa fjölskyldu, en eiga ekki nægilega íbúð yfir sig og sína fjölskyldu, sé heimilað að draga ákveðinn hluta af tekjum sínum frá, áður en skattskyldar tekjur eru ákveðnar, — ákveðinn hluta, sem sé bundinn því augnamiði að eignast þak yfir höfuðið, kaupa íbúð yfir sig og sína fjölskyldu. Þessi hluti er gert ráð fyrir að megi vera allt að 20%, þó ekki yfir 20 þús. kr. á ári, og aldrei lengur en samtals 10 ár. Það er miðað við, að meðalfjölskylda geti á þennan hátt safnað sér fyrir sómasamlegu húsnæði. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að ef fé er ekki notað til þessa, heldur gengur til einhvers annars, sem að dómi löggjafans er minna nauðsynlegt, verður almennur eyðslueyrir, þá skuli það koma til skatts, um leið og það er tekið úr þessum reikningi. Það er talið sjálfsagt, að varasjóðir félaga og fyrirtækja njóti sérstakra skattfríðinda. Það er talið alveg sjálfsagt í skattalögum, gengið mjög langt í því efni, í frv. lengra en í flestum öðrum, að leyfa mönnum fyrningarafskriftir af eignum sínum, sem er eins konar söfnun til að afla sér nýrra, en það eru engin ákvæði um það, að einstaklingar, sem vilja safna sér fé til að koma upp jafnnauðsynlegu og húsnæði yfir sjálfa sig, megi njóta slíks. En mér finnst eðlilegt og réttmætt, að hliðstæð aðstaða og fyrirtæki og félagssamtök og einstaklingar undir vissum kringumstæðum hafa til að leggja til hliðar í ákveðnu augnamiði vissan hluta af tekjunum sé veitt einstaklingunum og bundin þá við þetta ákveðna verkefni, sem hér er lagt til í tillögum mínum.

Loks er svo lagt til í 6. till., að fjmrh. skuli með reglugerð setja ákvæði um innheimtu skattsins, þannig að launþegarnir greiði skattinn af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að taka þessa reglu upp og taka hana strax upp, menn greiði skattinn um leið og teknanna er aflað, en safni honum ekki saman, þannig að hann falli til greiðslu þegar tekjurnar lækka og örðugra er um útborgun af þeirra hálfu.

Ég mun láta þetta nægja að sinni.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Ég hef borið hér fram nokkrar brtt. og þarf nú ekki að hafa um þær langt mál. Ég þarf ekki heldur að svara miklu af því, sem hv. frsm. sagði hér í dag. Í raun og veru staðfesti hann allt það, sem ég sagði í ræðu minni í gær. Munurinn var aðeins sá, að hann taldi það réttlæti, sem ég tel ranglæti, sem líka eðlilegt er, þar sem hann er fulltrúi annarrar stéttar, fulltrúi þeirrar stéttar, sem hefur hag af því, að þetta frv. nái fram að ganga. Frá hans sjónarmiði, sem vill afnema alla stighækkandi skatta og í stað þess láta afla allra tekna með tollum og nefsköttum, þ. e., að sköttum sé létt af hátekjumönnum og í stað þess lagðir á almenning, einnig þá, sem hafa miklu lægri tekjur en nægir til framfærslu, — frá hans sjónarmiði stefnir frv. þetta í þá átt að gera þessa hugsjón hans að veruleika, enda skortir nú ekki mikið á, að svo sé. T. d. lagði hann áherzlu á það í ræðu sinni, sem ég gerði líka, að skattur á einstaklingum með lágar tekjur lækkar ekki samkv. frv., heldur hækkar nokkuð í sumum tilfellum. Hins vegar lækkar mjög verulega skattur á einhleypum hátekjumönnum. Þetta taldi hann hið mesta réttlæti, alveg sérstakt réttlæti að skattleggja t. d. mann með 13—14 þús. kr. hreinum tekjum, á meðan skatturinn er lækkaður á hinum, sem hefur t. d. 200 þús. kr. í tekjur. Því næst lagði hann ríka áherzlu á það, hversu mikilvægt það ákvæði væri, sem leyfir að láta koma til frádráttar skattskyldum tekjum allt að 7 þús. kr. vegna iðgjalda af lífeyristryggingu. Þetta er

náttúrlega ágætt fyrir mann með 70—80 þús. kr. tekjur og meira. Hann hefur ráð á að kaupa sér þessa tryggingu, en fjölskyldumaður með 36 þús. kr. tekjur, þ. e. venjulegur verkamaður, hefur ekki ráð á að greiða 7 þús. kr. á ári í iðgjöld vegna líftrygginga. Hér er því blátt áfram um sérréttindi fyrir hátekjumenn að ræða. Mönnum er skipt í tvo réttindaflokka. Hér er um að ræða sérréttindi um skattafrádrátt, sem menn beinlínis njóta af því, að þeir eru ríkir, og menn eru sviptir af því, að þeir eru fátækir. Af þessu ákvæði var hv. frsm. ákaflega hrifinn. Er nú hægt að hugsa sér öllu skýrari sönnun fyrir því, hvaða stétt hv. þm. er fulltrúi fyrir?

Ég sagði, að ég hefði borið hér fram nokkrar brtt., sem snerta aðeins þau atriði, sem mestu máli skipta. Ég þarf ekki að fara um þær mörgum orðum, því að ég gerði í rauninni nógsamlega grein fyrir þeim með þeim fáu orðum, sem ég sagði hér við 1. umr.

1. till. mín er þess efnis, að skattur verði ekki lagður á minni tekjur en 15 þús. kr., en þessi breyting er samkv. till. mínum ekki látin hafa nein áhrif á skattaupphæðina, þegar komið er upp í 30 þús. kr. í skattskyldum tekjum. Þetta þýðir, að einstaklingur með 21500 kr. í hreinar tekjur og barnlaus hjón með 27 þús. kr. hreinar tekjur þurfa ekki að greiða skatt. Ég skal játa, að mér finnst þetta tekjumark allt of lágt, sem ég set hér í þessari tillögu. Ég hefði kosið, að það væri ekki lægra en 20 þús. kr. í skattskyldum tekjum, eins og lagt var til í hv. Nd., en sú till. var felld þar, og nú vildi ég freista þess að bera fram till. um 15 þús. kr. sem lágmark skattskyldra tekna. Af sömu ástæðum læt ég skattstigann ekki breytast frá því, sem hann er í frv., af tekjum, sem talið er að séu nálægt því að nægja til framfærslu, svo að þetta hefur sáralítil áhrif á heildarupphæð skattsins, þó að þessi breyting yrði samþ. Hins vegar losar það okkur í öllu falli við þau leiðindi og þá fásinnu að innheimta skatt af ellilaunum og örorkubótum.

2. till. mín er svipuð till., sem flutt var af þm. úr öllum flokkum í hv. Nd., þ. e. um leyfi manna, sem dveljast fjarri heimilum sínum, til að draga fæðis- og dvalarkostnað frá tekjum sínum, áður en skattur er á þær lagður. Þó er gerð hér sú breyting á, að rétturinn til þess að draga fæðis- og dvalarkostnað frá skattskyldum tekjum, þegar um aðra en fiskimenn er að ræða, nær aðeins til fjölskyldumanna samkv. þessari till., en náði til allra samkv. þeirri till., sem flutt var í hv. Nd. Þar var till. felld með jöfnum atkvæðum, en ýmsir hv. þm., sem greiddu atkvæði gegn henni, sögðust mundu hafa greitt atkvæði með henni, ef þessi réttur hefði aðeins verið takmarkaður við fjölskyldumenn. Ég hef því nokkra ástæðu til þess að ætla, að í þessu formi, sem ég flyt till. nú í, ætti hún að hafa meiri hl. á Alþingi.

3. till. er um sérstök skattfríðindi fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem líka hefur verið flutt í hv. Nd. Það hafa áður verið færð ýtarleg rök fyrir nauðsyn þessarar ráðstöfunar, og ég gerði það síðast í gær, og ég get látið það nægja. En hv. frsm. mælti hér áðan á móti þessari till. út frá því sjónarmiði, að þetta leysti ekki vanda togaraútgerðarinnar að fá vana menn á skipin. Hann tók dæmi af manni með 40 þús. kr. árstekjur. Ég veit nú, að togarasjómenn eru illa launaðir, en þó hygg ég, að þeir séu æði margir, sem hafa meira en 40 þús. kr. í árstekjur. Ef tekjurnar eru t. d. 50 þús., þá munar strax talsvert um frádrátt á ⅓ hluta launanna, a. m. k. hefur það oft kostað langvinnt stríð að fá árslaunin hækkuð um þótt ekki væri nema svona 2 þús. kr. Það er að vísu rétt, að þetta nægir ekki til þess að leysa vandann, það þarf að bæta kjör togarasjómanna mjög verulega til þess, en hækkun á tekjunum kemur sjómönnum þá fyrst verulega að gagni, ef þeir þurfa ekki að borga bróðurpartinn af hækkuninni í skatt. Það er því enginn vafi á því, að veigamesta framlagið, sem Alþingi getur nú lagt fram til þess að bæta kjör togarasjómanna, er að veita þessi skattfríðindi, enda eru bæði sjómenn og útgerðarmenn sammála um það.

Þá er till. þess efnis, að hjónum, sem hvort um sig hafa sjálfstæðar tekjur, sé heimilt að telja fram hvort í sínu lagi, og skulu þau þá skattlögð sem einstaklingar. Hv. frsm. ruglaði algerlega saman í ræðu sinni spurningunni um sérsköttun eða samsköttun hjóna almennt og sérsköttun hjóna, sem bæði vinna fyrir sjálfstæðum tekjum. Það er talsvert flókið mál að koma fyrir sérsköttun hjóna, þar sem aðeins annað hjónanna hefur sjálfstæðar tekjur, þannig að það valdi ekki misræmi, en sérsköttun hjóna, sem bæði vinna úti, er einfalt mál. Það er í alla staði eðlilegt, að þau séu skattlögð sem einstaklingar, en samsköttun óeðlileg og ranglát, eins og bezt sést á því, að það er beinlínis tjón fyrir karl og konu, sem bæði vinna fyrir tekjum, að ganga í hjónaband, eins og fyrirkomulagið er nú. Og þetta fyrirkomulag, sem nú ríkir, miðar að því að torvelda hjónabönd. Það var aðeins krafan um sérsköttun hjóna, sem svo er ástatt um, sem ég gerði að umræðuefni í gær og ég geri nú að till. minni að fullnægt verði. Þessi krafa hefur verið borin fram um margra ára skeið af öllum kvennasamtökum landsins og nú síðast í bréfi, sem Kvenréttindafélag Íslands hefur skrifað öllum alþm., með leyfi hæstv. forseta:

„Kvenréttindafélag Íslands leyfir sér að krefjast þess, að felld séu úr gildi svo fljótt sem framast er unnt öll þau lagaákvæði, sem torvelda stofnun hjónabanda og draga þar með úr þeirri virðingu, sem enn er fyrir slíkri heimilisstofnun til verndar og uppeldis barnanna. Til bráðabirgða mætti lagfæra skattskyldu hjóna, sem bæði afla skattskyldra tekna, með því að heimila þeim að greiða sérskatt, og væntir félagið þess, að sú leið verði farin, ef ekki verða gerðar svo gagngerar breytingar á frv., að hægt verði að taka upp sérsköttun allra giftra kvenna."

Ég held, að það sé ekki stætt á því öllu lengur fyrir Alþingi að standa gegn þessari kröfu.

Loks er lagt til, að þegar hjón telja fram sameiginlega, þá skuli þau bæði skrifa undir framtalsskýrsluna. Þetta hefur líka lengi verið krafa kvennasamtakanna og er nú ítrekuð í þessu sama bréfi Kvenréttindafélags Íslands, sem ég gat um. Um þetta atriði segir svo þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum vill félagið mælast til þess, að því ákvæði verði bætt í frv., að hjón, sem samkv. lögunum bera bæði ábyrgð á skattgreiðslu heimilisins, séu einnig bæði skyldug til þess að bera ábyrgð á skattaframtalinu með eiginhandarundirskrift sinni.“

Það ætti að vera útlátalaust fyrir Alþingi að samþykkja svona sjálfsagða sanngirniskröfu, að í sameignarfélagi tveggja aðila hafi báðir aðilar jafnan rétt til þess að fylgjast með sameiginlegum fjármálum.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Ég mun nú ekki þurfa mjög langan tíma til þess að svara því, sem fram hefur komið hér hjá hv. stjórnarandstöðu, en skal þó fara nokkrum orðum um þær athugasemdir, sem fram hafa komið, svo og um þær till., sem fyrir liggja á þskj. 690 og 677, og með því að sumar till. eru alveg um sama efni, þó að orðalagið sé nokkuð annað, þá geri ég ráð fyrir, að ég geti rætt þær sameiginlega.

En áður en ég tala um till., vildi ég þó mega leiða hv. 4. þm. Reykv. í sannleika um það, fyrir hvers hönd ég talaði hér við umr., því að það sagðist hann nú ekki hafa fundið út úr minni ræðu, því að ég hefði sumpart talað sem frsm. meiri hl. n., en sumpart sem þm. og sumpart sem einstaklingurinn Gísli Jónsson. Ég hélt, að það hefði komið skýrt fram í minni ræðu, að ég talaði fyrir hönd n. um öll þau atriði, sem snerta frv., tók svo alveg sérstaklega fram, að ég talaði ekki fyrir hönd n. um þau atriði, sem snertu niðurfellingu á skattalöggjöfinni. En mér þótti rétt að láta koma fram þau sjónarmið um það sérstaka atriði, sem einnig hafa komið upp hjá öðrum þjóðum en hjá okkur Íslendingum og það einmitt hjá þeim þjóðum, sem við höfðum leitazt við í fjöldamörg ár að samræma okkar skattalöggjöf við þá skattalöggjöf, sem þar er ríkjandi. Ég veit, að jafnglöggur maður og hv. 4. þm. Reykv. gat vel gert greinarmun á því, svo að honum ætti ekki að finnast það neitt óeðlilegt, þó að ég hefði skipt minni ræðu í tvo sérstaka kafla, og alveg sérstaklega þegar ég tók það fram, hvað ég talaði fyrir hönd meiri hl. n. og hvað ég talaði sem mína sjálfstæðu skoðun í þessu máli, og ég skal ekki ræða frekar um það.

Hv. þm. kvaðst vera undrandi yfir því, að ég fylgdi frv. þessu, eftir að ég hafði þó lesið upp ummæli hins danska þm. Í sambandi við það vildi ég leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hefur hann ekki enn þá komizt að raun um, að þetta frv., sem hér er til umr., er mjög mikið til lækkunar á sköttum almennt í landinu? Hvers vegna ætti ég þá að vera á móti slíku frv., þótt það nái ekki að fullu því takmarki, sem ég tel skynsamlegast í þessu máli? Ég held, að þetta sé bein afleiðing einmitt af því, sem ég hef barizt fyrir áður. Og ekki ætti ég einasta að fylgja þessu frv., heldur og að hafa tilhneigingu til að fylgja ýmsum þeim till., sem fram hafa komið, bæði frá þessum hv. þm. og öðrum, sem ganga enn lengra í áttina til þess að mæta mínum óskum í sambandi við málið og ég veit að ef samþ. yrðu mundu einmitt verða til þess að afnema tekjuskattslögin alveg, þar sem ljóst er, að ef mætt væri öllum þeim till., sem hér hafa komið fram, og þeim kröfum, sem hafa komið fram um þessi mál, þá væri ekkert eftir yfirleitt af tekjuskattinum nema það, sem í hæsta lagi gæti staðið undir þeim kostnaði, sem hlytist af því að leggja hann á og innheimta hann. Þetta er svo auðskilið mál, að það þarf ekki að deila lengi um það atriði. Það er því ekki verið að lýsa neinu yfir af hv. meiri hl. n. um niðurfellingu skattalaganna, þó að það sé samkomulag um að lækka tekjuskattinn svo sem lagt er til í frv., því að það hefur verið skýrt, af hvaða ástæðu það er. Það er vegna þess, að tekjuskatturinn er orðinn slík byrði á bæði einstaklingum og félögum, og ríkissjóðurinn er farinn að hafa óhag af því að hafa slíka skattalöggjöf sem hér er í landi voru. Það er ekki fyrir neitt annað, að meiri hl. Alþ. hefur fallizt á að endurskoða skattalögin, en þann sannleika, að skattalögin eins og þau eru í dag lama framkvæmdir í landinu, lama löngun manna til þess að framkvæma eitthvað í landinu til þess að afla tekna og skapa atvinnu einnig fyrir þá, sem hafa ekki nema þurftartekjur. Það er höfuðatriði í þessu máli, að þjóðin búi við slíka skattalöggjöf, að þeir menn, sem hafa möguleika fjárhagslega til þess að halda uppi atvinnulífi í landinu, gefist ekki upp, vilji halda áfram einnig því mikilvæga hlutverki að hafa næga atvinnu handa þeim mönnum, sem hafa ekki getað fengið annað en það, sem kallað er þurftartekjur, til lífsframfæris. Þetta hefur ekki hv. 4. þm. Reykv. viljað skilja eða ekki viljað látast skilja, og það er þess vegna, sem ágreiningurinn milli okkar er um þetta mál.

Það er því síður en svo, að verið sé að gera tekjuskattinn óvinsælan hjá þjóðinni með því að samþ. það frv., sem hér er. Hvernig ætti líka tekjuskattur, sem er miklu mildari, að vera óvinsælli hjá þjóðinni, eftir að hann verður lögfestur, heldur en sá tekjuskattur, sem nú er og er miklu þyngri? Það væri einkennilegt og ég veit ekki, hvaða flokkur manna það væri, sem bæri meiri óvild til tekjuskattslaganna, eftir að búið væri að koma þeim í mildara horf, eins og gert er ráð fyrir hér í frv.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., hv. 4. þm. Reykv., að ríkissjóðinn munaði ekkert um 100 kr., sem teknar væru af þúsundum manna í landinu. Er ég hv. þm. sammála um það, að það væri mjög æskilegt, og það hef ég einnig lagt til, að ekki væri verið að innheimta 100 kr. eða minni upphæð. Voru mínar till. um enn hærri upphæð, sem ætti að sleppa, en þær till. fengu ekki fylgi meiri hl. í n., sem ekki var von á, á meðan meiri hl. skilst ekki, að það sé bezt að afnema tekjuskattinn yfirleitt. Þessar smáupphæðir eru þó greiddar af svo mörgum þúsundum manna í landinu, að ef þær væru felldar niður, mundi tekjuskatturinn verulega rýrna. Það hefði að sjálfsögðu verið ein leið til þess að bæta úr því ranglæti, sem hefur verið framið, að láta svo og svo mikið af þeirri tekjurýrnun, sem samkomulag var um, renna til þess að fella niður þessar lægstu upphæðir, en þá var gersamlega ómögulegt að ætla sér að leiðrétta það misræmi, sem hefur verið á skattalögunum að öðru leyti. En

ætti einnig að leiðrétta það samtímis, varð niðurstaðan sú, að tekjuskatturinn gaf engar tekjur í ríkissjóð, og þá hefði átt að afnema lögin. Auk þess er það og alveg áreiðanlegt, að hvaða tekjuskattstigi sem hefði verið tekinn, þá hefðu alltaf verið einhverjir skattþegnar í landinu, sem borguðu lágan skatt, og hefði þá þurft að innheimta hann einnig, þó að það væri af hátekjumönnum. Hv. þm. sagði einnig, að allur skattur á lágtekjum væri ranglátur og aðeins notaður til þess að fá skattinn af hátekjunum afnuminn. Ég veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessu. Ef hann er kominn á þá skoðun, að allur skattur af lágtekjum, þ. e. af 30—35 þús. kr. tekjum, sé ranglátur, hvers vegna stígur hann þá ekki sporið til fulls og er sammála mér um að vinna að því, að skattalögin verði alveg afnumin? Það væri eðlilegasta afleiðingin af þessari yfirlýsingu hans. Hann hefur að vísu alltaf haldið því fram, að það ætti enn að vera skattur á hátekjumönnum, en ef hann vildi kynna sér, hvað það væru margir menn í landinu, sem kæmu til með að greiða það, sem hann nú kallar hátekjuskatt, þá mundi hann komast að þeirri niðurstöðu, engu síður en n., að sú tala er svo lág, að ef aðeins ætti að taka skatt af þeim mönnum, þá er ekki einasta, að tekjuskatturinn gæfi lítið meira en upp í kostnaðinn við að leggja hann á, og þá hefðu þessir menn enn minni löngun en þeir hafa í dag til þess að vera að vinna fyrir ríkið og bæina, þegar enn þá lengra yrði farið út á braut ranglætis og misræmis en gert hefur verið, svo að þá yrði komið að því, sem e. t. v. stefnir að síðar meir, að tekjuskattslögin yrði að afnema.

Þá sagði hv. 4. þm. Reykv., að lágtekjur væru nú tollaðar, þ. e. a. s., að af lágtekjumönnum væru nú tollar teknir með ýmsu móti, söluskattur og ýmsir aðrir óbeinir skattar. Eðlismunurinn á þessu er þó sá, að þegar um er að ræða tolla, söluskatt og vörugjald, sem lagt er á vöruna, þá gefa þeir tollar, sem allir koma fram í vöruverðinu, fullkomið tilefni til þess að reikna út verðlagsvísitöluna í landinu, svo að menn geti vitað, hver framfærslukostnaðurinn er á hverjum tíma. Þetta er hins vegar ekki gert í sambandi við beinu skattana. Síðan er, eins og við vitum, vísitalan höfð sem grundvöllur fyrir launagreiðslu almennt. Það er því síður en svo, að tollar á lágtekjum manna, hvort sem það er nú á brauðum eða öðru, komi eingöngu á þá aðila, sem greiða þá tolla í vörukaupunum, heldur má segja, að þeir komi engu síður á þá aðila, sem veita þeim mönnum lífsframfæri, sem kostnaður eða rekstrargjöld við framleiðsluna. Ljóst er, að vegna þessarar reglu hefur orðið að taka upp alveg sérstakar ráðstafanir í sambandi við launþegana í landinu, til þess að þeim væri ekki ofþyngt með vöruverðinu, beinlínis vegna þess að lagt er svo og svo mikið af tollum og sköttum til ríkisins á vöruna, sem þeir verða að kaupa. Þetta veit hv. þm. eins vel og hver annar. Áróður sá, er hann rekur hér, er því algerlega rangur.

Skal ég þá ræða nokkuð þá till. á þskj. 690 sem hv. þm. ber fram, þar sem hann vill, að gerð sé sú breyting, að aðeins 100 kr. séu greiddar af 15 þús. og 5% af því, sem afgangs er, upp í 25 þús. Er fróðlegt að bera þetta saman við þær till., sem komu frá Alþfl. í mþn. Þar leggur fulltrúi Alþfl. til, að tekið sé 2% af fyrstu 5 þúsundunum og síðan sé byrjað með 3% af því, sem er fyrir ofan 5 þús. kr. Hér eru allt önnur sjónarmið en þau, sem komu fram í till. í a-lið hjá hv. 4. þm. Reykv., og mér verður nú á að spyrja: Er svona slæm samvinna á milli hv. 4. þm. Reykv. og flokks hans, eða er svona lítil samvinna milli flokksins og þess fulltrúa, sem hann hefur haft í n.? Eða eru þessar till. komnar fram nú beinlínis sem sýndartill. til þess að reyna að gera sig meira gildandi hjá þjóðinni, eftir að mþn. hefur skilað sínum till.? Ég vil ekki trúa því fyrra. Ég vil ekki trúa því, að það sé svo léleg samvinna á milli þessara manna, að þeirra fulltrúi í n. hafi borið þessar till. fram á eigin ábyrgð án þess að hafa um það samráð einnig við hv. 4. þm. Reykv., og þá er ekki hægt að skilja þessar till. öðruvísi en að hér sé um sýndartill. að ræða, áróðurstill. í sambandi við þetta mál, til þess að reyna að veiða á þær atkv. Nákvæmlega sama má segja um b-till. Hún er allt önnur en þær till., sem fulltrúi Alþfl. lagði fram í skattanefndinni. Ég get skilið till. á þskj. 677 frá hv. 2. landsk. (BrB) og flokki hans, sem ekki átti neinn fulltrúa í n. Þeir hafa frjálsar hendur um það að bera fram áróðurstill., en það hefur sannarlega ekki Alþfl., eftir að hann er búinn að senda inn í n. til þess að starfa að þessum málum fullábyrgan mann, sem hefur aldrei látið sér detta í hug að koma með þær till., sem hér eru bornar fram. Það sýnir fullkomleg óheilindi hjá flokknum og eiginlega miklu meiri fávísi en ég hefði getað vænzt af jafnprýðilegum manni og hv. 4. þm. Reykv. er, en hér er hann að sjálfsögðu kúgaður af verri helming flokksins, sem reið á vaðið í hv. Nd. til þess að koma fram með slíkar till. í fullkomnu ábyrgðarleysi, að séð verður, og þykir mér það leitt með jafnprýðilegan og ágætan mann og hv. 4. þm. Reykv., að hann skuli einnig láta ýta sér til þess að gera þá óeðlilegu hluti hér í þessari hv. deild.

Um 2. brtt. á þskj. 690 sé ég ekki ástæðu til þess að ræða mikið, það hefur verið rætt um það atriði annars staðar, en vildi aðeins segja nokkur orð um b-liðinn og þá einnig svara sams konar hliðstæðri till. á þskj. 677. Eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, þá er þetta ekki til þess að bjarga því máli, sem þarf að bjarga, þ. e. að fá menn til þess að sækja frekar atvinnu sína á fiskiskipum en við landvinnu eða á öðrum skipum. Þó að þessar till., sem hér um ræðir, yrðu samþ. og ⅛ af kaupi sjómanna fyrir vinnu á fiskiskipi, þó ekki hærra en 20 þús. kr., yrði gert skattfrjálst, þá mundi ekki sá ávinningur, sem við það fengist hjá viðkomandi aðila, verða til þess, að hann frekar veldi sér erfiða vinnu á togara eða á mótorbátum heldur en að vera við vinnu í landi. Það er ljóst mál, og það er kjarni málsins. Þessi tillaga, ef samþykkt yrði, yrði beinlínis til þess að lækka allverulega skatta þeirra manna, sem eru yfirmenn um borð í skipunum, og alveg sérstaklega togaraskipstjóranna.

Það eru menn, sem hafa nú jafnvel kannske 250 þús. kr. í tekjur, ef vel gengur, og þá mundi sannarlega muna um það, að ⅓ af þeirra tekjum yrði skattfrjáls. En mér finnst það nú skjóta nokkuð skökku við, að einmitt þeir mennirnir, sem bera fram slíka till., skuli vera að vernda þessa hátekjumenn, þegar þeir á sama tíma nota hvert tækifæri til þess að reyna að koma þeirri skoðun inn hjá þjóðinni, að einmitt hátekjumenn, sem þessir menn eru, eigi að hækka alveg sérstaklega í skatti, en alls ekki að lækka. Ja, ég verð að segja, að það er engin betri sönnun fyrir því hundavaði, sem þessir báðir hv. þm. eru á hér í þessum málum, en að þeir skuli bera fram svona gersamlega óhugsaða till. Það er engin betri sönnun fyrir því, að hér er aðeins um löngun til gagnrýni að ræða, en ekki rök, að einmitt þessar till. eru fram bornar. Þeir eru ekki með þessu að bjarga hag fátækustu mannanna um borð í skipunum, því að þá munar ekkert um þetta, þegar búið er að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, heldur eru þeir að reyna að bjarga tekjum hátekjumannanna, sem þeir þó að öðru leyti vilja að beri miklu þyngri skatt en frv. gerir ráð fyrir.

Ég get ósköp vel upplýst hér, ef þessir hv. þm. vita það ekki, hver er meginorsökin fyrir því, að ekki fást undirmenn á togarana sem stendur. Ég get vel upplýst þá um það, að á meðan stríðið stóð, var tekin upp sú regla að láta ekki sigla nema 13 menn á hverju skipi á milli landa til þess að vernda líf skipshafnarinnar. Það þótti þá rétt að láta þá menn, sem í landi voru, halda launum sínum, á meðan skipin voru í ferðunum, og það alveg eins, þótt þeir færu einhvers staðar annars staðar í atvinnu á meðan skipið var í utanlandsferð. Þetta varð til þess að koma á þeirri reglu, að þeir, sem voru í landi, fengu laun fyrir 14 daga minnst, stundum 16 og 18 daga, sem þeir þurftu ekki að láta neina vinnu koma á móti, gátu verið við aðra vinnu, voru sumir hverjir af þeim strax komnir á önnur skip, sumir unnu í landi, en hinir, sem sigldu, fengu fyrst og fremst sín venjulegu laun og þess utan áhættuþóknun. Þegar stríðinu var lokið, þótti ekki gerlegt að breyta þessari reglu, sem komin var á. Þá kröfðust sjómennirnir þess, að þeir héldu áfram að fá full laun, þó að þeir yrðu að vera í landi, meðan skipið sigldi til útlanda. Þeir gátu þá unnið annars staðar áfram fyrir aukalaun. Hinir, sem fylgdu skipi, fengu að vísu ekki neina áhættuþóknun, en þeir fengu annað, þeim var mögulegt að nota sín laun til þess að gera betri kaup á ýmsum hlutum á sínu erlenda ferðalagi og bæta sér þannig upp launin. Þegar svo skipin nú hættu að sigla til útlanda, þá breyttist þetta þannig, að mennirnir urðu að starfa í 30 daga fyrir launin á heimamiðum, og það er það, sem þeir vilja ekki sætta sig við. Það væri hægt að fá nóga menn á togara fyrir laun samkv. gildandi samningum, ef þessi skip sigldu enn til útlanda. Það er aðeins þetta, sem hefur orsakað það, að ekki hefur verið hægt að fá nægilegt fólk, og till. hv. þm. mundu ekki greiða úr þessu máli, sem hér um ræðir. Ég er ekki með þessu að ásaka neitt sjómennina, nema síður sé, en þetta eru raunverulega þeir erfiðleikar, sem útgerðin á við að stríða í dag út af fólksfæðinni á togurunum.

Á þskj. 690 leggur hv. þm. til, að j-liðurinn í 4. tölul. falli niður. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það. Ég skýrði það hér í minni framsöguræðu, svo að það yrði bara endurtekning. Meiri hl. n. mun ekki fallast á það, að það sé eðlilegt. Það hefur verið mætt hér, eins og ég tók þá fram, kröfum frá viðkomandi aðilum að mjög verulegu leyti. Ég veit, að báðir þessir hv. þm. eru svo kunnugir þingstörfum yfir allan sinn langa þingferil, að þeim er ljóst, að það fá ekki allir aðilar ávallt allar sínar óskir eða kröfur í sambandi við löggjöf eða þingmál uppfyllta, en ég tel, að hér hafi verið gengið svo mjög á móti óskum þessara aðila, að það sé ekki sérstaklega ástæða til að breyta hér nokkru um.

Ég skal þá koma nokkuð að 5. brtt., þar sem ekki er ástæða til þess að ræða 4. brtt., því að það hef ég þegar gert í sambandi við persónufrádráttinn, svo að það er ekki ástæða til þess að dvelja neitt við hana.

Ég vil taka það fram í sambandi við d-lið þeirrar till., að ég teldi það mjög koma til athugunar, þegar endurskoðun yrði gerð að fullu á skattalöggjöfinni, að eitthvert slíkt ákvæði yrði sett inn í lögin, og ég mæli það persónulega frá mínu sjónarmiði. Ég taldi, að það hefði t. d. ekki verið óeðlilegt, að einhvern hluta af sparisjóðsfé, sem þjóðinni væri lagt til, mætti einnig draga frá skattskyldum tekjum, og það voru fleiri en ég, sem vildu hallast að þeirri skoðun. En á þessu er allmikill vandi, og ekkert af þessu rúmaðist, eins og ég tók fram áður, innan þeirra takmarka, sem mþn. voru sett í sambandi við afgreiðslu þessara mála á þessu þingi. En það er sannarlega til athugunar, hvort ekki sé rétt að taka upp, að ákveðinn hluti sparifjár, sem menn safna sér saman, hvort heldur væri til þess að nota hann til húsbygginga eða til einhvers annars, verði undanþeginn skatti. Er það ekkert óeðlilegt, að ég sé þeirrar skoðunar, sem hef barizt fyrir og hef ekki látið af þeirri baráttu, að skattalögin verði alveg felld niður, og mér finnst, að þeir menn, sem einmitt nú eru að koma með slíka till. eins og þessa, ættu raunverulega að skipa sér í flokk með mér í framtíðinni um þessi mál. Þá yrði allt þetta skattfrjálst, allar þessar 20 þús. kr., sem hér um ræðir í þessari gr., — þá yrði það skattfrjálst til ríkisins ásamt öllum öðrum tekjum. Það er ákaflega mikið rétt í því, sem hv. þm. segir, að einstaka aðilar í landinu fá skattfrelsi til þess að inna af hendi ákveðin verk fyrir þjóðfélagið, og þetta verk, sem hér um ræðir, er síður en svo minna um vert en margt annað. Er ég alveg á þessari skoðun, og mér fyndist það vera mjög til athugunar fyrir mþn. síðar, þó að ekki sé fært að gera þá breytingu nú vegna þess, hversu hefur verið gengið frá þessum málum, enda mundi það ekki rúmast innan þeirra takmarka, sem ríkisstj. hefur samið um í sambandi við rýrnun á tekjum til ríkissjóðs. Mér hefði t. d. líka fundizt það alveg sjálfsagður hlutur, þegar börn, sem ekki eru

sérstakir skattþegnar, vinna sér inn fé og það fé er látið á sparisjóð, að það þyrfti ekki að telja það fram til skatts, heldur væri skattfrjálst. Með því móti gætu þau byggt upp nokkuð fyrir sjálf sig, annaðhvort þegar þau þyrftu að fara frá heimilunum til þess að stofna eigin heimili eða til þess að kosta nám sitt, eftir að þau væru orðin 16 ára gömul. En allt slíkt hlaut að rýra tekjur ríkissjóðs, og allar slíkar till. gátu því ekki rúmazt innan þess ramma, sem n. hafði verið ákveðinn.

Út af 6. brtt. vil ég aðeins segja hv. þm. það, að sá kafli laganna, framkvæmdarkaflinn, er allur óendurskoðaður. Það þótti ekki rétt að ljúka endurskoðun á framkvæmdarkaflanum í þetta skipti, þar sem ekki var búið að ljúka endurskoðun á tekjukafla l. og breytingar á þeim hluta tekjukaflans, sem eftir er, hlutu að hafa breytingar í för með sér einnig á framkvæmdarkaflanum; að ég nú ekki tali um, ef farið yrði í að setja hér einn skatt bæði fyrir ríki og sveitarfélög, þá hlaut framkvæmdarkaflinn að taka stórkostlegum breytingum. Það þótti því rétt að láta allar breytingar í sambandi við framkvæmdarkaflann bíða, nema þær örfáu formsbreytingar, sem gerðar eru á l. Ég get því ekki fallizt á, að það sé rétt að taka út einhverjar einstakar greinar úr framkvæmdarkaflanum til þess að breyta þeim sérstaklega á þessu þingi. Ég get m. a. bent á, að það kemur sannarlega til athugunar, hvort ekki á að leggja niður allar þær 160 skattanefndir, sem eru í landinu. Það er sannarlega ekkert lítill kostnaður fyrir ríkissjóð að halda slíkum n. að mínu áliti — ég segi, að mínu áliti — gersamlega að óþörfu, þar sem hægt væri að koma því fyrir á miklu auðveldari og betri hátt en gert er nú í sambandi við álagningu og innheimtu skattanna. En þessi kafli er alveg óendurskoðaður eins og annað það í skattalöggjöfinni, sem ekki eru gerðar tillögur um að breyta hér.

Þá sagði hv. þm., að hjónum væri refsað fyrir að vera saman, ef frv. næði fram að ganga óbreytt. Ég held einmitt, þegar þetta frv. er orðið að l., að þá verði hópar karla og kvenna, sem búa nú saman ógift, viljugri að fara í hjónaband til þess að njóta þeirra fríðinda, sem l. gefa hjónum á móts við einstaklinga, og það verður alls ekki það, að menn fari að skilja, nema síður sé. Ég gæti trúað, að nú yrðu skattalögin ný tekjulind fyrir prestastéttina í landinu, ef þau yrðu samþykkt, því að mér er alveg ljóst, að fólk, sem býr saman ógift, mundi hugsa sig um tvisvar, hvort það eigi nú ekki að fara að hlaupa til og gifta sig til þess að njóta þeirra skattfríðinda, sem eru ekki svo lítil hér fyrir hjón. — Nú verð ég að segja það, að Tryggingastofnun ríkisins og tryggingalöggjöfin hefur gert of mikið að því að gera jafnt undir höfði ógiftu fólki, sem býr saman eins og gift væri, og hinu, sem gift er. Ég er ekki að ásaka hv. 4. þm. Reykv. um það, en ég tel, að þessi stefna sé ekki rétt. Þess vegna er það alveg rangt að segja, að það sé verið að gera tilraun til þess að skilja hjón að með því frv., sem hér um ræðir. Það er miklu frekar verið að gera tilraun til þess, að fólk, sem býr saman, gangi í hjónaband.

Þá sagði hv. þm. einnig, að það væri að vísu gengið á móts við menn, en þó ekki hæfilega, því að enn væri í þessu ýmislegt ranglæti. Hvenær er gengið svo á móts við nokkrar kröfur manna, að einhverjir aðilar geti ekki komið og sagt: Hér er ranglæti? Ég hef ekki orðið var við það enn. Ég held, að það megi segja um hverja þá löggjöf, sem samþykkt hefur verið á Alþ. fyrr og síðar, og svo mun enn verða um langan tíma. Það finnast ávallt einhverjir menn í þinginu og einhverjir menn utan þingsins, sem segja: Hér er ranglæti framið. — Met ég því ekki mikils þessa fullyrðingu hv. þm. Hann hefur viðurkennt, og það er alveg rétt, að það sé gengið mjög á móts við óskir manna í frv., og er það aðalatriðið. Þessu hef ég einnig skýrt frá, og það verður ekki hrakið. Hitt var ekki hægt og verður aldrei hægt, að uppfylla allar kröfur allra manna í þessu landi.

Þá sagðist hv. þm. ekki hafa fengið svar við því, hvers vegna verið er að skattfrelsa sparifé, en skattfrelsa ekki verðbréf, sem m. a. væru tryggð með ríkisábyrgð á sama hátt, og það er mjög eðlilegt, að hv. þm. spyrji um það, og hann á heimtingu á að fá svar við þessari spurningu. Kom þetta mjög til umræðu í n. En það var alveg ljóst, að með því einmitt að fara þessa leið, sem hér er farin, hlýtur ríkisstjórn og bankar ávallt að hafa meira yfirlit yfir það, til hvers sparifé þjóðarinnar er almennt notað, ef samfara þessu er lögð sú kvöð á banka og sparisjóði, að ákveðnum hluta þess fjár, sem sparisjóðsaukningin verður á hverjum tíma af þessum ástæðum, skuli varið til þess að kaupa ríkistryggð bréf eða önnur trygg bréf og andvirði þeirra varið til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegastar þykja á hverjum tíma. En með þessu var ekki unnt að fylgjast, ef ákveðið hefði verið, að öll ríkistryggð bréf skyldu jafnrétthá í sambandi við skattfrelsi, auk þess sem slíkt ákvæði hefði hlotið að skapa enn meiri kröfur frá sveitarfélögunum og bæjarfélögunum, hafnarbótasjóðum og öðrum slíkum aðilum til Alþ. um ríkisábyrgðir, og það er sannarlega komið nóg á þann reikning, að okkur finnst sumum hverjum, þótt það sé ekki gerð alveg sérstök tilraun til þess með nýrri löggjöf að auka á þær kröfur.

Þá sagði hv. þm., að meginástæðan fyrir því, að sparisjóðsfé hefði ekki aukizt, væri ótrú manna á verðgildi peninganna, alveg sérstaklega eftir að hæstv. núverandi ríkisstj. og tvær fyrrv. hæstv. ríkisstj. hefðu tekið við fjármálunum hér í landinu. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur fylgzt með, hvað hefur skeð í sambandi við sparifjárinnstæður þjóðarinnar á þessum tíma. Ég veit ekki betur en að á síðasta ári hafi aukning sparifjár í landinu verið meiri en nokkru sinni fyrr, og það svo, að það dreymdi engan mann um það, að á einu ári gæti sparifjárinnstæða þjóðarinnar aukizt eins og hún gerði á s. l. ári. Og það er mikið því að þakka, að fólkið hefur fengið trú á verðgildi peninganna undir stjórn núverandi hæstv. ríkisstj.; því verður á engan hátt neitað.

Ég skal ekki eyða tíma hæstv. forseta og hv. d. til þess að ræða um stóreignaskattinn, því að það er svo stórt mál, en vel veit nú hv. þm. það, að hann bar fram í fjöldamörg ár sams konar löggjöf, að vísu undir allt öðru nafni, eins og hann tók fram hér áðan, en sannarlega var hugurinn sá sami og till. efnislega nákvæmlega eins.

Þá sagði hv. þm., að það að undanskilja innstæðurnar framtalsskyldu væri að gefa þeim einstaklingum og félögum, eins og hann sagði, tækifæri til enn frekari skattsvika, og að rétt væri að koma upp skattdómi eða skattdómara. Nú vil ég út af þessu mega benda á, að ef frv. verður samþ. óbreytt, munu félög almennt engan veginn njóta hvorki skattfrelsis á sparifé né réttar til þess að telja það ekki fram, því að ákaflega fá félög munu vera svo stödd að eiga sparifé almennt. En þó að þau ættu það, þá eru það enn færri félög, sem hafa ekki miklu meira en 120 þús. kr. skuld á fasteignum, en það er frumskilyrðið fyrir því, að engar skuldir séu hjá þeim á móti, auk þess sem bókhaldsskyldir aðilar verða að telja fram í reikningum sínum allar eignir og skuldir. Þetta er ófrávíkjanlegt skilyrði. Þess vegna koma ekki þessi ákvæði félögunum neitt að haldi, þó að þau ættu sparisjóðsfé, sem þau raunverulega eiga ekki undir flestum kringumstæðum. Það var hins vegar ljóst, að skattfrelsi sparisjóðsfjár ásamt vöxtum af því var sáralítils virði, ef halda skyldi framtalsskyldunni. Það eru bundnar sterkar vonir við það, að með þessum ákvæðum, eins og þau eru nú, aukist enn verulega sparisjóðsfé landsmanna og að með því fé verði hægt að koma í framkvæmd þeim verkefnum, sem þjóðin bíður eftir að framkvæmd verði og henni er lífsskilyrði að verði framkvæmd. Þó að hægt verði að finna einhvern mann, — sem ég álít nú að sé ákaflega erfitt, — sem kynni að geta notfært sér að einhverju leyti að fela einhverjar tekjur, þá er sá ágalli miklu minni og gerir þjóðinni miklu minna tjón heldur en það gagn, sem hitt gerir, að menn fái í friði að safna sparisjóðsfé og nota það til nytsamlegra hluta. Ég hef ekki trú á því, að bankarnir verði til þess, sem menn hafa gizkað á í sambandi við þessi mál, að hjálpa aðilum til að stofna til víxilskulda, aðeins til þess að þeir geti talið fram skuldir, en láta svo sömu upphæðina liggja inni á bankanum, og þannig gerast meðsekir þeim í skattsvikum. Ég hef ekki trú á því, síður en svo. En það væri þá eina leiðin í sambandi við þetta atriði, og ef það yrði rekið þannig nú eftir að lögin eru samþykkt, mundi það fljótt komast upp. Hver getur svo fullyrt, að ekki mætti þá einnig hafa þennan hátt á undir gildandi lagaákvæðum? Ég held því, að hræðsla hv. þm. um þetta atriði sé alveg ástæðulaus.

*Út af athugasemdum* hv. 2. landsk., þá sagðist hann nú heyra það á ræðu minni annars vegar og þeim till., sem ég stæði að hér í n., hins vegar, hverrar stéttar fulltrúi ég væri hér á Alþ., það bæri nú frv. með sér, ef það yrði að lögum, að ég væri hér fulltrúi ákveðinnar stéttar. En ég vil nú benda hv. þm. á það, að ég hef út af fyrir sig aldrei farið neitt leynt með það, hverrar stéttar fulltrúi ég er á Alþ., og ég þykist ekki heldur hafa sýnt það með mínum till. hér eða öðrum mínum till. á Alþ., að ég hafi borið minni umhyggju fyrir þeim mönnum, sem hann þykist vera fulltrúi fyrir, heldur en einmitt hann sjálfur, og gæti þar vísað í mörg mál og margar ræður, sem ég hef haldið, hvort ég hafi ekki styrkt þá menn, sem hafa verið lágtekjumenn í landinu, engu síður en hann. En ég vil benda hv. þm. á, að það er beinlínis fyrirskipað í þál. af meiri hl. Alþ., að leiðrétta skuli það ósamræmi í skattalöggjöfinni, sem skapaðist við það, að ekki var hafður sami umreikningur á öllum tekjum manna. Þetta er beinlínis fyrirskipað, og ef mþn. í skattamálum hefði ekki gert till. um það, þá var hún að svíkja það hlutverk, sem meiri hl. Alþ. fal henni að gera. Það má segja, að ég hafi verið einn af þeim mönnum, sem stóðu að þeirri fyrirskipun, — það er svo allt annars eðlis, — en það er a. m. k. meiri hl. Alþ., sem hefur fallizt á, að það væri rétt að leiðrétta það ranglæti, sem þar hefur verið framið. Það eru þá fleiri menn heldur en ég, sem skipast í þann flokk manna, sem hv. þm. talaði um áðan.

Þá sagði hv. þm., að hátekjumennirnir einir hefðu ráð á því að greiða lífeyristryggingu, en þetta munaði hins vegar lágtekjumennina ekkert um. Ég veit nú ekki betur en þúsundir manna og það *lágtekjumanna séu á einn eða annan veg* launatakar hjá því opinbera, ýmist hjá ríkinu eða bæjunum, hjá bönkum eða hingað og þangað, og það menn með ekkert hærri laun en hv. þm. talaði um. Er ég alveg viss um, ef sá réttur væri tekinn af þessum mönnum, sem þeir hafa í dag, að þurfa ekki að telja fram til skatts 4% af tekjum sínum, sem fara í iðgjaldagreiðslur, og að bætt yrði við laun þeirra 6%, sem atvinnurekendur greiða, svo að tekjur þeirra til skatts hækkuðu um 1%, þá kæmu háværar raddir einnig frá þessum ágætu þm., að hér væri verið að fremja ranglæti. Ef væri með því verið að fremja ranglæti, þá er verið að koma á réttlæti gagnvart þeim mönnum, sem hér um ræðir og hafa ekki haft þessi fríðindi áður. Því verður ekki móti mælt.

Þá sagði hv. þm. síðast, að með hans till. væru fyrirbyggð þau leiðindi að heimta skatta af ellistyrkjum og örorkubótum. Það er nú eftir því, hvaða skilningur er lagður í það, að það sé verið að heimta skatta af ellilaunum og örorkubótum í dag, að ég nú ekki tali um, þegar búið væri að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir. Ef viðkomandi aðili hefur ekkert til þess að lifa af annað en ellistyrk og örorkubætur, þá hygg ég nú, að það verði ekki mikill skattur á honum. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Á þeim tekjum einum? Ég segi nú bara nei. Hv. þm. getur þá reiknað það út. Það er nú fyrst og fremst örorkubæturnar, sem í dag eru ekki nema um 9 þús. kr. á fyrsta verðlagssvæði. Þegar svo er búið að draga frá því 6500 kr. persónufrádrátt og svo ýmislegt annað, sem dregið er frá samkvæmt þessari löggjöf hér, hvað ætli það sé þá mikið af ellilífeyri eftir til skatts? Hv. þm. veit, að hann er hér að túlka málið ranglega. Hitt er svo allt annað atriði, að ef viðkomandi aðili hefur aðrar tekjur, þá er að sjálfsögðu greitt af örorkubótum eða ellilífeyri, þegar þar bætast við þær tekjur viðkomandi aðila. En er það þá nokkuð ranglátara en þegar viðkomandi aðili eða viðkomandi aðilar verða sjálfir

að vinna fyrir sínum tekjum á annan hátt? Ég sé ekki, að það væri nokkur sanngirni í því að skipta þar á milli, svo að þessi túlkun hv. þm. á þessu atriði er algerlega röng.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessi mál nánar og mun láta mínu máli hér með lokið og ekki taka til máls aftur, nema sérstakt tilefni gefist til.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Ég skal nú ekki eyða miklum tíma í það að ræða um réttmæti tekjuskatts eða annarra skattaálaga, svo sem tolla, eða gera samanburð á því, en í þessu sambandi rangfærði nú eða misskildi hv. frsm. meiri hl. ummæli mín. Ég sagði ekki, að með þeirri breytingu, sem samkvæmt frv. yrði á núgildandi skattalöggjöf, væri verið að níðast á lágtekjumönnum umfram það, sem gert er í gildandi skattalöggjöf. Ég viðurkenni, að það er örlítið gengið til móts við óskir manna í þessum efnum, eins og ég orðaði það þá, en hvergi nærri svo, að viðhlítandi sé, vegna þess að enn þá eru brýnustu þurftartekjur skattlagðar, tekjur, sem fyrirsjáanlegt er, að annaðhvort alls ekki nægja til framfæris eða rétt aðeins nægja til framfæris. Og það er ranglátt, hvernig sem á það er litið, hvort sem litið er til eldri skattalaga eða til þessa frv., að hafa þessa skattaaðferð, þegar þessir beinu skattar koma í viðbót við alla þá óbeinu skatta, sem lagðir eru á sömu aðila.

Ég leitaði mér að skýringu í fyrri ræðu minni hér á því, hvers vegna hv. þm., sem ég veit að hefur vel athugað skattalögin og kynnt sér ýmislegt í þessu sambandi og hefur góða dómgreind á þessu efni, styddi svona till., og ég fann ekki aðra skýringu en þá, að þessi mörgu þúsund manna, sem þersýnilega eftir réttarvitund almennings í landinu verða ranglega skattlögð á þennan hátt, mundu fá svo mikinn óþokka á tekjuskattslöggjöfinni, að þau yrðu liðsmenn hinna, sem réttilega greiða háa skatta, við að afnema þessa löggjöf, og ég er enn eftir síðari ræðu hv. þm. á sömu skoðun, að þetta séu hans klókindi, að halda sköttunum á lágtekjufólkinu, sem hann sjálfur viðurkennir að séu ranglátir og heimskulegir, í von um það, að til þess að afnema þá verði það unnið að létta líka sköttunum af hátekjumönnunum.

Ég skal með örfáum dæmum sýna hv. þm. fram á, hvað þessi tilliðkun eða létting skatta á lágtekjumönnum gengur skammt. Maður, sem hefur 2—5 þús. kr. umfram 6500 kr., þ. e. 8500—12500 kr., á að greiða af fyrstu tveimur þúsundunum 10 kr. Ég veit, að það eru margir menn, sem falla undir þessa einstaklinga, en það vil ég fullyrða, að það munar ríkissjóðinn engu. Ég hef aldrei sagt, að þetta væri skattpíning á þennan mann, þessi 10 kr. álagning, en hún er meiningarlaus og heimskuleg, og það er ranglátt að leggja skatt á þessar tekjur á þennan hátt. Sama má segja um mann, sem hefur 5—9 þús. kr. skattskyldar tekjur. Honum er ætlað að borga af 5 þús. kr. um 70 kr. Ríkissjóðinn munar sáralitið um þetta. Ég efast um, að það séu þúsund menn, sem eru á þessu tekjubili, en þó að það væru 2 þúsund menn, þá væru það ekki nema eitthvað í kringum 100 þús. kr. Svona má lengi telja. Höfuðatriði okkar till. er að fella neðan af tekjustiganum allt að ákveðinni upphæð, 15 þús. kr. fyrir einstaklinga og 35—40 þús. kr. fyrir meðalfjölskyldu, sem enginn skattur sé greiddur af, og viðurkenna þar með, að þessar tekjur séu ekki það háar, að á þær beri að leggja beinan tekjuskatt, þegar þetta fólk er tolllagt gegnum tolla og óbeina skatta, eins og áður er sagt. Þessu getur hv. þm. ekki neitað. Hann veit, að þær upphæðir, sem þarna ræðir um fyrir ríkissjóðinn, eru tiltölulega smáar. Þær eru það líka fyrir einstaklingana, en þetta er réttlætismál fyrir þá. Því er það, að þessi prósentureikningur, sem sýnir svona og svona mikla lækkun á skatti á lágtekjum, er mjög villandi, þegar verið er að tala um 39 og 50% lækkun á upphæðum, sem nema kannske innan við 200 kr. Það er bara í blekkingarskyni gert. 20% lækkun á félögunum aftur á móti gefur bara 5 félögum hér í Reykjavík 440 þús. kr. lækkun á skattinum á einu ári. Þetta munar um.

Hv. þm. hélt, að ég hefði verið kúgaður til að flytja þessa brtt., því að í mþn. hefði verið ágætur Alþýðuflokksmaður og hann hefði borið fram aðrar till., sem gengju ekki eins langt og till. á þskj. 690. Þetta byggist mjög á misskilningi hjá hv. þm., en það gefur jafnframt tilefni til þess að segja nokkuð frá vinnubrögðum í mþn., sem ég hafði nú ekki hugsað mér annars að gera hér að umtalsefni. Mér er um það kunnugt, að frá því að þinghléið var tekið í desember og fram í febrúarmánuð — ég ætla nokkuð seint — var Alþýðuflokksmaðurinn í mþn. ekki kvaddur á einn einasta nefndarfund. Hitt þykir mér ákaflega sennilegt, að einmitt á þessu tímabili hafi verið afráðið milli stjórnarflokkanna, hvaða till. skyldu fram bornar, og þá fyrst þegar smíði þeirra var lokið að fullu, var Alþýðuflokksmaður kallaður til. Hv. þm. leiðréttir, ef hér er ekki rétt frá sagt, en ég verð að segja, að þetta eru mjög óvenjuleg vinnubrögð í mþn. og ekki til fyrirmyndar. Að því er svo snertir till. fulltrúa Alþfl. í n., þá mun það rétt, að hann hefur lagt til á einhverju stigi málsins, að persónufrádráttarinn yrði 7500 kr. fyrir einstakling, en þá var enn óákveðið, hve mikil upphæð umfram þær 1000 kr., sem nú eru í frv. ríkisstj. í viðbót við frádráttinn, skyldu teljast skattfrjálsar. Og það er það, sem skipti mestu máli. Ég veit það, að till. fulltrúa Alþfl. í n. gáfu nokkurn veginn svipaða skattútkomu í heild á einstaklingum eins og gert er ráð fyrir í þeim skattstiga, sem ég legg hér fram, þegar tekið er tillit til þeirra till., sem hann hafði, hvort sem hann hefur borið þær formlega fram eða ekki, um að auk persónufrádráttarins skyldi ákveðinn hluti teknanna ekki skattskyldur. Í frv. stjórnarinnar er það eins og áður segir, og er það nú út af fyrir sig heldur smíðagalli á frv., finnst mér, að fyrst er tekinn ákveðinn persónufrádráttur, 6500 kr., og svo segir, að í viðbót við þessa upphæð skuli ekki heldur leggja á næstu 1000 kr. Það var ekki gengið til atkv., þegar hann var í n., um neina upphæð í þessu sambandi, og mér er kunnugt um, að hann vildi hafa þessa upphæð hærri, ef þessi aðferð væri höfð við samningu frv., og það skiptir máli.

Till. á þskj. 690 eru, eins og ég margsinnis hef gert hér grein fyrir, við það miðaðar, að þurftartekjur einstaklinga og meðalfjölskyldu séu alls ekki skattlagðar. Þess vegna er fallið frá ákvæði um persónufrádrátt fyrir einstaklinga eða hjón, heldur bara ákveðið skattfrelsismarkið af tekjunum hjá hverjum um sig. Ég skal svo láta þetta nægja um þetta atriði í ræðu hv. þm.

Þá sagði hv. þm., að till. mín nr. 2, b-liður, um að ⅓ hluti af kaupi fiskimanna skuli vera skattfrjáls, mundi engin áhrif hafa í þá átt að auðvelda að fá menn á skipin. Ég vil nú halda, að þetta sé ofmælt. Án þess að ég skuli hafa nokkrar fullyrðingar um áhrif þessarar till. í því efni, þá hygg ég þó, að þetta muni vera ofmælt. Hitt hef ég sagt hér, og það fullyrði ég að er rétt, að þær ívilnanir, sem fiskimönnum eru ætlaðar í frv. stjórnarinnar í þessu efni, eru gersamlega þýðingarlausar. 200—300 kr. á mánuði, við skulum segja í 10 mánuði, eru 2 þús. kr. á bátum og í hæsta lagi 3 þús. kr. á togurum á ári, og skattmunurinn á þeirri upphæð getur ekki orðið það mikill, hvar í tekjuflokki sem menn eru, að það hafi nokkur áhrif um ráðningu mannanna. Samkvæmt till. minni er gert ráð fyrir, að þriðjungur skuli verða skattfrjáls. Sé því um 45 þús. kr. tekjur að ræða, eru þetta 15 þús. kr. Þessi upphæð mundi nema um 2050 kr. Taki maður hins vegar mismuninn á 45 og 60 þús. í skattstiganum í frv. ríkisstj., þá er munurinn 3400 kr. Það mundi sem sé muna 200—300 kr. á mánuði, sem skattarnir lækkuðu hjá hverjum þeim manni, sem undir þetta félli, samkv. minni till. Ég tel, að það séu líkur til þess, að þetta mundi hafa nokkur áhrif í sambandi við ráðningu manna á skipin, ef þetta yrði samþykkt, bæði fjárhæðarinnar vegna og í öðru lagi vegna þeirrar viðurkenningar, sem í því felst, að sérreglur eigi að gilda um þessi áhættusömu og erfiðu störf og nauðsynlegu. Ég hygg, að hv. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað um er að ræða í þessu, þegar hann felldi þennan lið.

Ég sagði ekki heldur, að frv. ríkisstj. mundi knýja hjón til að skilja eða aftra hjónaleysum frá því að ganga í hjónaband. Hitt vita allir, að núgildandi ákvæði í lögunum eru beinlínis hömlur á, að hjónaleysi með sjálfstæðar tekjur gifti sig, og hvöt til þess, og ég þekki þess dæmi og fleiri en eitt, að hjón hafi skilið samvistum. Úr þessu ólagi er ekki bætt með frv. ríkisstj., þó að þetta alvarlega ástand sé viðurkennt og sýnd örlítil, en allt of lítil viðleitni til þess að mæta þessu, — svo lítil viðleitni, að engin ástæða er til að ætla, að hún hafi nokkur áhrif. Ég held, að það sé allt of mikil bjartsýni hjá hv. þm. að halda, að hópar hjónaleysa gangi nú í hjónaband, ef þetta frv. verði samþ., og prestarnir komist kannske í stríðsgróðaskatt vegna aukinna tekna í því sambandi eða samsvarandi skattstiga. Sannleikurinn er sá, að frv. verkar ákaflega lítið í þessum efnum, því að eins og skattstiginn ber með sér, þá er ekki gerður nema 500 kr. munur á sömu skattskyldum tekjum hjá hjónum og einstaklingum. Ég hef hér skattstigann fyrir framan mig, og skattstiginn fyrir einstakling með 60 þús. kr. skattskyldum tekjum er 5730 kr. Af sömu upphæð, 60 þús. kr., hjá hjónum er skatturinn 5210 kr. Mismunurinn er 520 kr. Rétt er að geta þess, að hjónin hafa hærri persónufrádrátt, samanlagt 12 þús. kr., en einstaklinginn ekki nema 6500 kr., en þessar 12 þús. kr., sem hjónin fá í frádrátt, eru þó 1000 kr. lægri en tveir einstaklingar fá, hvor með 6500 kr. Á þessu er augljóst, að sá munur, sem gerður er á hjónum og hjónaleysum í þessu efni, er hverfandi lítill. Það munar ekki nema 500 kr. í skatti, eftir að komið er upp í 60 þús. kr. tekjur, og helzt óbreytt úr því, og niður, að ég ætla, í 40 þús. kr. tekjur. Þetta finnst mér ekki nægilegur munur til þess að valda þeirri byltingu, að prestarnir verði yfirhlaðnir af aukavinnu o. s. frv., o. s. frv., eins og þm. lýsti. Og ég er sannfærður um það, að því miður verður það nú ekki til þess. Sá munur, sem hér er gerður, er ekki nægilega mikill. Hann er aðeins viðurkenning á, að þetta sé rangt eins og nú er, en ekki bætt úr því, svo að viðhlítandi sé.

Mér þykir vænt um að heyra undirtektir hv. þm. undir 5. brtt., um skattfrelsi fyrir sérstaka byggingarsjóði, sem menn stofni, þó að mér hefði nú þótt betra, að atkvæðið hefði verið látið fylgja yfirlýsingunni, en ekki látið bíða til athugunar í mþn.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í sambandi við brtt. mínar, sem þm. sagði og ástæða er til að svara. En í sambandi við ummæli hans um, hvers vegna mþn. og ríkisstj. hefðu talið ógerlegt að undanþiggja verðbréf og vexti af verðbréfum framtalsskyldu og skatti, þá þykir mér rétt að benda á það, að þó að ríkisstj. kunni að hafa í huga að taka ákveðinn hundraðshluta af sparifjáraukningunni, eins og hann sagði, og skuldbinda bankana til verðbréfakaupa fyrir þetta, þá er engin trygging fengin fyrir því, að þetta verði gert. Maður veit, hvernig samkomulagið hefur stundum verið milli hæstv. ríkisstj. og sparisjóðanna, og í öðru lagi er það talsvert vafasamt, að þó að þetta yrði gert, væri nokkur vinningur að því. Við skulum segja, að sveitar- og bæjarfélög vildu bjóða út lán og gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð, eins og hann sagði, og eitthvað af því yrði keypt á staðnum heima, þá væri það óþarfakrókur að fara gegnum bankana með það, taka þann kostnað, sem því fylgir, og hækka þar með verðið á bréfunum. Hv. þm. hélt því fram, að ef aðrir kaupendur yrðu að verðbréfum slíkum sem þessum með ríkisábyrgð heldur en bankarnir, þá mætti það verða til þess, að kröfurnar um aukna ríkisábyrgð mundu aukast. Mér er það í rauninni alveg óskiljanlegt, hvað hv. þm. meinar með þessu. Ég geri ráð fyrir, að þau verðbréf, sem gert er ráð fyrir að bankarnir kaupi, verði einnig með ríkisábyrgð á sama hátt og tíðkazt hefur til þessa, hafnarlán, vatnsveitulán og önnur slík, sem heimildir eru fyrir til að ábyrgjast, rafvirkjunarlán og annað þess háttar.

Um sparifjáraukninguna sagði hv. þm., að það sýndi nú traust almennings á gildi peninganna og ágæti ríkisstj., að sparifjáraukningin hefði nú slegið öll met á síðasta ári. Já, ég veit það, að það hafa aukizt nokkuð, sem betur fer, sparifjárinnlög á síðasta ári. Ekki er það nú jafnstórkostlegt og hv. þm. vill láta í veðri vaka, því að hann

má minnast þess, hversu lítið verðgildi peninganna nú er orðið, og að sjálfsögðu verður að hafa það í huga við allan slíkan samanburð. En ástæðan til þess er nú ekki, að ég hygg, sú, að traustið sé meira í þessum efnum — því miður — heldur einfaldlega hitt, að á þessu ári hefur atvinna verið meiri og tekjur almennings meiri en nokkru sinni fyrr vegna þeirra alveg sérstöku framkvæmda í sambandi við varnarliðið og dvöl þess á Keflavíkurflugvelli. Og það, að þar kemur nýtt fé inn í framkvæmdalífið á landinu, fyrst beint til verkamanna þar, síðan út í atvinnulífið og framkvæmdir hér í Reykjavík og annars staðar á landinu, er ástæðan til þessa, en ekki sú, sem hv. þm. sagði, enda er mér fullkunnugt um það, að þessi aukning er engan veginn bundin á föstum reikningum, heldur yfirleitt öll undantekningarlaust á lausum reikningum, sem menn taka út á hverjum degi. Það hygg ég að hv. þm. viti líka.

Þá taldi hv. þm., að ekki væri þörf á að tala um skattfrelsi sparifjár í sambandi við skattlagningu félaga, því að þau hefðu ekki skattfrelsi fyrir sitt sparifé. Rétt er það, að í orði kveðnu er það svo þarna. En ég vil benda á, að með því að undanskilja sparifé framtalsskyldu almennt hjá einstaklingum, þá er náttúrlega alveg gersamlega útilokað, að nokkurt minnsta eftirlit sé hægt að hafa með því, hvernig félögin inna af hendi sína framtalsskyldu í þessu efni. Það er hægt að fela það á nafnlausum bókum, þegar engin skylda er á að telja það fram.

Í öðru lagi er svo það, að mér finnst ákaflega örðugt að ganga úr skugga um það, eins og gert er ráð fyrir að þetta verði framkvæmt samkvæmt lögunum, hvort menn eiga fyrir skuldum eða eiga ekki fyrir skuldum, einstaklingar og félög, því þegar hægt er að fela sparifé á löglegan hátt, eins og hér er gert ráð fyrir, hver á þá að gera upp, hverjir eru skuldlausir og hverjir ekki, hverjir eiga fyrir skuldum og hverjir ekki? Þegar allur sá hluti eignanna, sem er á leyndum sparisjóðsbókum og innstæðum, hverfur og kemur ekki fram, þá er slíkt uppgjör næsta miklum erfiðleikum bundið.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira hjá hv. þm., sem ég sé ástæðu til að ræða um að þessu sinni, en meginágreiningur milli meiri hl. og minni hl. er sá, að meiri hl. vill samþ. þetta frv. eins og það nú er óbreytt, en ég tel, að nauðsynlegt sé að gera á því allmiklar breytingar og sérstaklega að fella alveg undan skatti ákveðið lágmark tekna og auka svo þau skattfríðindi, sem gert er ráð fyrir, eins og till. mínar bera með sér.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ekki get ég a. m. k. enn þakkað n. fyrir að hafa athugað þau atriði í frv., sem ég reyndi að benda henni á í gær. Það á kannske eftir að koma fram hér eftir, en enn hefur hún ekki minnzt á þær brtt., sem ég flyt á þskj. 665, og ekki einu orði á neitt af þeim atriðum, sem ég benti henni á að mundi þurfa að laga í lögunum, ekki til að gera neina stefnubreytingu eða neitt þess háttar, heldur bara til þess að það væri hægt að framkvæma þau eins yfir landsheildina. — Ég benti henni á það og flutti brtt. við 5. gr. frv., þar sem talað er um, að maður byggi hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi. Núna t. d. er verið að auglýsa í blöðunum tvö hús í byggingu hér í bænum, annað þeirra er byrjað að byggja af manni, sem er nýlega búinn að selja hús, búinn að fá byggingarleyfi og lóð, byrjaður að byggja þetta hús. Nú er hann búinn að fá aðra lóð og annað byggingarleyfi og ætlar að selja þetta hálfgert. Hvenær á að skattleggja þennan mann? Hvað á að bíða lengi eftir því, að hann selji og haldi áfram að selja hálfgerð hús og byggja, og hvenær á að gera upp ágóðann, sem hann hefur haft af þessu? Það er gersamlega ómögulegt eftir greininni. Þess vegna geri ég þá brtt., að þarna komi inn í, eins og skattstjórinn í Rvík segist hafa hugsað sér greinina, og legg til, að fram komi, að hann hafi lokið við bygginguna húss innan tveggja ára. Þá hefur maður ákveðið í höndunum, þá hefur maður gert það upp, og þá liggur allt hreint fyrir.

Í öðru lagi vil ég benda hv. n. á það, þó að ég hafi nú ekki tekið það upp í mína brtt., að hún miðar þarna við fasteignamatið. Nú sagði ég hérna í öðru máli um daginn, að bæjarstjórn Rvíkur hefði ekki treyst eiðsvörnum mönnum til að gera brunabótamatið, svo að það væri nothæft fyrir vátryggingu húsanna, heldur hefði hún orðið að láta nýja menn fara í það, af því að það hefði verið svo mikið ósamræmi í því, og hún hefði meira að segja fengið stjórnarráðið til þess að viðurkenna það með því að samþ., að nýtt mat skyldi fara fram á brunabótamatinu. Nú fullyrði ég alveg hreint, að þótt það kunni að hafa verið munur á brunabótamatinu, — og við skulum segja, að það hafi verið, — bæjarstjórnin ákvað, að hann væri, og stjórnarráðið samþ. að það væri, — þá er miklu meiri munur á fasteignamatinu hjá ríkinu eftir því, á hvaða tímum það er gert, svo að það er ákaflega ótryggur samanburður að miða þarna við fasteignamatið, og væri miklu betra að miða við brunabótamatið eða kostnaðarverðið, sem menn yfirleitt gefa upp á húsunum, heldur en fasteignamatið. Við þetta hef ég nú ekki gert brtt., en á þetta bendi ég. En mig langar til að fá alveg ákveðið upp frá mönnunum, sem í n. hafa starfað, — tveir af þeim eru í þessari þd. hér og geta þess vegna upplýst það, — hvernig á að framkvæma ákvæðið eins og það er núna um tvö árin hjá mönnunum, sem byggja. Ef þeir gefa mér þær upplýsingar og þær liggja fyrir í þingtíðindum, þá mun verða reynt að fara eftir því af skattayfirvöldunum, a. m. k. þegar það kemur til þeirra skattayfirvalda, sem ég á hlut að og úrskurða stundum, en eins og ákvæðið er þarna, sé ég enga leið til þess að fara eftir því, og þess vegna er mín aths. fram komin.

Þá langar mig til að fá að vita hjá þeim tveim mönnum, sem hafa verið í mþn. og þess vegna um málið fjallað, annar alltaf og hinn um tíma, viðvíkjandi langferðunum vegna atvinnu sinnar. Það er 4. tölul. i. í brtt. við 10. gr. Þar stendur svo, með leyfi forseta, að ferðakostnaður þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skatt-

yfirvalda, eigi að vera frádreginn skatti. Þetta hefur nú alltaf verið, svo að það er engin breyting frá því, sem hefur alltaf verið. Nánari ákvæði skulu sett með reglugerð um þennan frádrátt. Nú skal ég taka dæmi, sem hafa verið bara svona síðasta mánuðinn fyrir mér til úrskurðar. Það er barnakennari, sem býr 15 km veg frá skólanum, sem hann á að kenna í. Hann telur sig þurfa að eiga bíl til að fara á milli, og hann upplýsir, að hann brúki bílinn ekki til annars. Kostnaðurinn við hann var 6800 kr. Eru þetta langferðir vegna atvinnu, svo að hann eigi að fá bílkostnaðinn frádreginn, eða ekki? Þessi kennari er hérna á Suðurlandsundirlendinu. Ég skal taka annað dæmi. Það er maður hérna uppi í sumarbústað, sem stundar atvinnu í Rvík og fer á milli í strætisvagni. Hann eyddi í fyrrasumar nærri 2 þús. kr. í strætisvagnagjald á milli síns heimilis og síns atvinnurekstrarstaðar. Eru þetta langferðir vegna atvinnu? Maður austan úr Seyðisfirði fór til Vestmannaeyja og stundaði sjó; ferðin fram og til baka kostaði hann á sjöunda hundrað krónur, hann fékk það frádregið. Ein af þeim kröfum, sem almenningur gerir til skattalaga, er sú, að þau séu réttlát og mismuni ekki þegnunum, en hér verður þegnunum mismunað með þessu ákvæði. Það verða ekki kallaðar langleiðir ýmsar þær ferðir, sem eru allra dýrastar fyrir þá menn, sem stunda atvinnu frá heimili sínu og þurfa að sækja hana daglega. Hér á hv. Alþingi situr t. d. vitamálastjórinn, sem býr í Hafnarfirði. Hverju hann kostar til að fara á milli skrifstofu sinnar og heimilis síns, veit ég ekki, en veit það þó, því að Alþingi hefur reyndar sjálft ákveðið, hvað ferðakostnaður er á mánuði, með því, sem þfkn. lætur hann hafa í ferðakostnað. Alþingi hefur sjálft ákveðið það. Og það er bara geysimikið, sem ferðakostnaðurinn verður á milli Hafnarfjarðar og Rvíkur eftir því. Mig langar til að fá þetta útskýrt nánar, því þótt reglugerð komi og segi þarna eitthvað um, þá verður það aldrei nema óljóst og aldrei nema svo óljóst, að það er ekki hægt eftir því að fara.

Þá hef ég flutt brtt. við k-liðinn í þessum sama 4. lið. Þar er gert ráð fyrir því, að kostnaður við stofnun heimilis skuli dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og sá frádráttur nemur persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkv. 12. gr. Ég er ekki á móti þessu út af fyrir sig, en ég spurði, hvernig ætti að framkvæma þetta. Þið vitið allir saman, að hjónin telja fram sitt í hvoru lagi, þangað til þau giftast. Þá telur maðurinn fram fyrir sjálfan sig allt árið og konuna frá giftingardegi. Afleiðingin af þessu verður sú, að það fer alveg eftir því, hvenær á árinu hjónin gifta sig, hvernig þessi frádráttur kemur til með að verka á þeirra framtal. Ef það er láglaunakarlmaður, sem giftist hálaunakvenmanni, og þau gifta sig seinast á árinu, þá getur vel farið svo, að þau séu ekki í neinum skatti og hafi því ekkert gagn af frádrættinum. Ef það væri aftur hálaunamaður, sem giftist seinast á árinu, þá geta hjónin notið gagns af þessu. Ef þau gifta sig snemma á árinu, þá náttúrlega hafa þau gagn af því og því meira, því fyrr sem þau gifta sig. Ég hef talað um það við marga menn, hvernig eigi að framkvæma þetta. Sumir segja: Það er langeðlilegast að framkvæma það þannig að segja: Ja, þetta er nú ákveðin upphæð, við skulum segja 12 þús. kr., sem þau eiga að fá fyrir það, — ég nefni þetta dæmi, af því að það er góð tala. Þau hafa gift sig, þegar sex mánuðir eru liðnir, þar af leiðandi á konan að fá ¼ af frádrættinum á sínu framtali þá sex mánuði, sem hún er ein um sitt framtal, en hitt að koma saman á þau bæði. — Þetta finnst sumum eðlilegast. Aðrir segja: Það er langeðlilegast að telja bara allt fram í lokin frá karlmanninum. — Enn aðrir segja: Það á bara að skipta því í tvennt og telja helminginn af því hjá konunni og hinn helminginn hjá karlmanninum. — Það er ekkert sagt um það í greininni, hvernig á að framkvæma þetta. Þess vegna hef ég leyft mér að koma með brtt. um það og segja, að þau skuli fá frádráttinn það árið, sem þau telja fyrst sameiginlega fram. Ef þau gifta sig seint á árinu, þá er það í þeirra sjálfsvaldi, þá skiptir sér enginn af því, þó að þau séu sitt í hvoru framtali til áramótanna; þá eru þau saman allt árið á eftir, og þá fá þau hann allan. Ég held, að það sé skárra, og er það þó ekki gott, úr því að það á að gefa þennan frádrátt. Mér hafði einu sinni dottið í hug að lofa þeim að fá þennan frádrátt annaðhvort það árið, sem þau gengju í hjónaband, eða árið á eftir og lofa þeim að velja um. Árið eftir eru þau alltaf komin saman í framtal og hafa fullt gagn af frádrættinum öllum, en eins og greinin er þarna, þá má skilja hana á marga vegu, og getur vel farið svo, að hjónin hafi ekkert gagn af frádrættinum. Þess vegna óska ég upplýsinga um það, hvernig hugsað er að framkvæma þetta. — Nú eru hér nokkur fleiri atriði, sem eru óljós, en þó er það nú samt svo, að ég mun ekki fara út í þau fleiri.

En svo flyt ég 3. brtt. um það, að aftan við lögin bætist ný grein um það, að texti þessara laga skuli færast inn í meginmál skattalaganna og þau prentast í einu lagi. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að það eru yfir hálft þriðja hundrað skattanefndir í landinu, sem þurfa að nota þessi lög, og það eru ákaflega mikil óþægindi fyrir alla og þó alveg sérstaklega fyrir þá, sem eru ekki því vanari að fletta upp í lögum og leita í lagasöfnum og annars staðar, að þurfa að nota öll þau lög, sem til eru um breytingar á skattalögunum, til að finna, hvað við á og hvað er rétt. Þess vegna eru það geysileg þægindi, sem af því mundu hljótast að prenta þau saman. Í öðru lagi vil ég benda á það, að sumir segja, að það kosti peninga, og það er rétt. Það er tiltölulega ósköp lítið, sem það kostar. Það lengist eitthvað svolítið þetta þskj., sem þarf að prenta hvort sem er, hvort það kunna að vera nokkur hundruð krónur, kannske 1000 kr., sem þarf að auka pappír í það; ég skal ekki segja um það, en það er algert aukaatriði, og það margsparast í vinnu fyrir skattanefndirnar, sem þurfa að nota það. Enn segja sumir, að það sé ekki hægt að vera að þessu núna, því að í haust verði þetta allt saman tekið upp á ný, þá verði tekinn upp félagaskatturinn, þá muni

nefndin hafa komizt að niðurstöðu um, hvernig bezt sé að hafa hann, og þá muni Alþingi, enda þótt það gleypi ekki við þeim breytingum, þó að minnsta kosti samþ. einhverjar breytingar, og því komi þá aftur breyt. á þessum lögum. Það er bara allt annað mál, þó að þá komi ný breyting um breytingu á einu atriði, félagaskatti, heldur en að þurfa núna að leita í öllum lögunum viðvíkjandi ótal atriðum í þeim. Þó að það eina atriði, félagaskatturinn, væri í sérstökum lögum, þá er það út af fyrir sig. Maður hefur þá félagaskalann í þeim lögum; að öðru þarf ekki að leita þar. Þess vegna legg ég mjög mikla áherzlu á það fyrir skattanefndirnar úti um land, bæði undirskattanefndir og yfirskattanefndir, allar skattanefndir, sem þurfa að nota lögin, og líka fyrir almenning, sem vill nota sér þau, lesa þau og kynna sér þau, að þau séu staðfest og færð öll inn í einn samhljóða bálk, og eins og frv. þetta er núna, þá veit ég ekki annað en það sé flutt þannig lagað, að það sé óskaplega auðgert. Eins og brtt. komu frá mþn., þá voru þær ekki fluttar þannig. Það var talið, að þá væri ómögulegt að færa það inn í lögin og gera það allt að einu. En eins og það breyttist í n. í Nd., strax á milli 1. og 2. umr., þá var það flutt sem brtt. við áður gerð lög og lagabreytingar, svo að það er vandalaust núna að færa það allt saman inn í einn bálk.

Ég legg ákaflega mikið upp úr þessu, því að það er til óumræðilegs hagræðis fyrir menn. Satt að segja er ekki forsvaranlegt að láta nefndir, sem búnar eru að bíða eftir að geta starfað núna á annan mánuð, — þær, sem fyrst ætluðu að byrja, voru komnar saman og byrjaðar og stöðvaðar af stjórnarráðinu, þangað til þessi lög kæmu, — það er ekki forsvaranlegt, þegar vorannirnar fara að koma, að fleygja þá í þær þessu frv. og segja þeim að vinna eftir því og leita svo í öllum gömlu lögunum að því, hvað nú sé í gildi í viðbót við þetta, sem nú er samþ., því þó að þeir séu langminnugir og vitrir margir, þá er ég alveg óviss um, að þeir muni svo hverja einstaka grein í eldri lögum, sumum frá 1942, sumum frá 1947, sumum frá 1935 o. s. frv., sem er breytt með þessum lögum. Hér stendur: „3. mgr. 32. gr. laganna falli niður.“ Hvað er í henni? Hver man það? Það er ákvæði um, að þeir, sem hafi atvinnurekstur á tveim stöðum, megi telja seinna fram en aðrir, og er vafasamt, hvort það á að samþykkja hana. En hvað sem því líður; menn sjá hér ekki, hverju er breytt. Svona eru lögin, og þau eru þannig löguð, að það er bókstaflega ekki hægt fyrir margar nefndir að vinna eftir þeim nema með mikilli fyrirhöfn, nema þau séu staðfest í einni heild og gefin út.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Í hvert skipti sem hv. frsm. meiri hl. talar hér, þá staðfestir hann enn betur allt það, sem ég hef haldið fram í þessum umr. Hv. þm. sagði, að ekki hefði verið hægt að afnema skatt af lágum tekjum, t. d. undir 15 þús. kr., vegna þess að þá hefði ekki verið hægt að leiðrétta misræmið í skattalögunum; það mundi hafa kostað það mikla upphæð, að þá hefði ekki verið mögulegt með þeim takmörkunum, sem mþn. hefðu verið settar, að leiðrétta þetta misræmi, sem hann nefndi svo. M. ö. o.: Það þarf að skattleggja menn, sem hafa 10 þús. kr. í árstekjur, til þess að hægt sé að lækka skatt á þeim, sem hafa t. d. 200 þús. kr. árstekjur, til þess að fullnægja öllu réttlæti. Er nú hægt að sanna það öllu betur, sem ég sagði hér áðan, að þessi hv. þm. kemur hér fram sem fulltrúi hinna tekjuhæstu, sem fulltrúi efnastéttarinnar? Raunar hygg ég, að þessi lækkun, þ. e. sú ráðstöfun að innheimta ekki skatt af tekjum, sem eru undir 15 þús. kr., mundi muna sáralitlli upphæð, og það virðist alls ekki hafa verið rannsakað af mþn., a. m. k. hefur ekki komið neitt fram um það.

Það skal enn einu sinni viðurkennt, að till. mín um skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum leysir ekki að fullu vandamál togaraútgerðarinnar. En hitt er rangt, að þessi skattfríðindi muni litlu og stuðli ekki að því að leysa vandann. Sjómaður, sem hefur t. d. 50 þús. kr. í skattskyldum tekjum, mundi lækka í skatti um nokkuð á 3. þús. kr., og einkum mundi þetta hafa þá þýðingu, að kauphækkanir, sem sjómenn fengju, mundu koma þeim sjálfum miklu fremur til góða heldur en nú, í stað þess að nú rennur bróðurparturinn til ríkisins. Þess vegna er enginn efi á því, að samþykkt þessara skattfríðinda mundi auðvelda mjög samninga milli sjómanna og útgerðarmanna. Hv. þm. sagði, að þetta mundi muna mestu fyrir yfirmennina á skipunum. Þetta er alveg rétt. Ég væri líka fús til þess að gera það samkomulag við hv. þm., að þessi skattfríðindi féllu niður við ákveðið tekjumark, ef á því stendur og ef hann setur það fyrir sig, að þetta séu of mikil fríðindi fyrir yfirmennina á skipunum. En ég vil aðeins segja það, að yfirmenn á togurum er einmitt sú stétt manna, sem þarf að vera hálaunuð, og eins og ástandið er núna í togaraútgerðinni, þá finnst mér það hlálegt, að ríkið skuli hirða mikið af þeim háu launum, sem útgerðin neyðist til þess að borga yfirmönnunum á skipunum.

Þá sagði hv. þm., að ákvæðið um, að leyft skuli að draga 7 þús. kr. frá, áður en tekjuskattur er á lagður, vegna iðgjalda til líftryggginga, kæmi einnig lágtekjumönnum til góða. Má ég nú spyrja hv. þm.: Heldur hann, að Dagsbrúnarmaður með 36 þús. kr. tekjur, sem hefur t. d. 3 börn á framfæri, geti notað þennan rétt og keypt sér líftryggingu, sem hann verður að borga 7 þús. kr. í iðgjald til? Og er það þá ekki rétt, að hér er um sérréttindi fyrir efnaða menn að ræða, sem hinn fátæki er sviptur?

Þá sagði hv. þm., að ekki þyrfti að greiða skatt af ellilaunum og örorkubótum samkvæmt frv. Þetta er algerlega rangt. Samkvæmt frv. er skattur greiddur af tekjum, sem eru yfir 7500 kr., ef um einstakling er að ræða, og 14 þús. kr., ef um hjón er að ræða. Nú veit hv. þm., að ellilaun og örorkubætur geta í sumum tilfellum orðið nokkru hærri, og ef viðkomandi hefur einhverjar smávægilegar tekjur til viðbótar, þá getur honum verið gert að greiða talsverðan skatt, svo að allir hv. þm. hljóta að sjá, að verði till. mín um þetta efni ekki samþ., þá verður enn haldið áfram þeim leiðindum og þeirri fá-

sinnu, að skattur verður innheimtur af elli- og örorkulífeyrisþegum.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Ég sé nú, að stjórnarandstaðan er ekki jafnsamvizkusöm í fundarsókn hér og hæstv. forseti og aðrir embættismenn deildarinnar, en ég mun samt sem áður ekki fresta minni ræðu, þó að þeir hv. þm. hafi ekki séð ástæðu til þess að vera komnir hér á réttum tíma til þess að hlusta á hana. Þeir munu þá geta athugað þau fáu orð, sem ég segi hér til leiðréttingar á því, sem þeir hafa haldið hér fram áður, og þá svarað þeim við 3. umr., ef þeim sýnist svo.

Hv. 4. þm. Reykv. hélt því fram, að fulltrúa Alþfl. hefði ekki gefizt kostur á að vera á fundum í mþn. frá því í nóv. og þar til í febrúarmánuði og það væri frumástæðan fyrir því, að hann hefði ekki getað athugað sínar till. og hefði ekki getað komið fram með nýjar till. í sambandi við breytinguna á skattalöggjöfinni af þeim sérstöku ástæðum. Út af þessu vildi ég svara því til hv. 4. þm. Reykv., að mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið einn einasti fundur, sem fulltrúa Alþfl. var bolað frá eða ekki verið kallaður á í mþn. Og ef ég fer þar með rangt mál, þá ætti hann að fá upplýsingar um það hjá form. nefndarinnar. Mér er enn fremur kunnugt um, að hver ein og einasta af þeim till., sem fram komu, bæði frá sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum, var jafnan látin ganga til athugunar til fulltrúa Alþfl. og hann hafði öll tækifæri allan þennan tíma til þess að gera athugasemdir og koma fram með nýjar till. En á engum einasta fundi eða nokkurn dag kom ein einasta till. til breytingar frá fulltrúa Alþfl. önnur en þær, sem ég hef þegar lýst, svo að þetta getur ekki verið ástæða fyrir því, að nú eru bornar fram allt aðrar brtt. en komu fram frá Alþfl. í mþn. Það var ekki einasta, að hann bæri fram þær till., sem ég hef þegar minnzt á, heldur kom það alveg skýrt fram í umræðunum við þennan ágæta fulltrúa, sanngjarnan og góðan dreng, sem Alþfl. trúði fyrir þessu vandamáli, að hann vildi hækka jafnvel mjög verulega skatta á einstaklingum á öllum millitekjum og miklu meira heldur en aðrir nm. vildu gera. Þetta er ekkert launungarmál. Og ég geri ráð fyrir, að hann hafi flutt það mál í fullu umboði Alþfl. Hann vildi m. a. einnig hafa sérsköttun hjóna allt að 80 þús. kr. tekjuupphæð, en eftir það var ekkert ranglátt, þó að hjón fengju ekki að skipta sínum tekjum til þess að verða skattlögð sem einstaklingar. Ég hef nú ekki skilið það réttlæti, að hjón skuli hafa allt annan og meiri rétt, ef þau hafa 70 þús. kr. tekjur eða 79 þús. kr. tekjur, en þessi réttur skuli falla alveg niður, þegar komið er að 80 þús. kr. eða þar yfir.

Þá túlkaði hv. þm. það mál alveg ranglega, að ⅓ af skattfrjálsu fé til sjómanna munaði svo og svo miklu fyrir þessa aðila. Báðir hv. þm. úr stjórnarandstöðunni lásu hér eingöngu upp skattstiga fyrir einhleypa menn, en tóku ekkert skattstiga fyrir hjón og því síður fyrir hjón með tveimur börnum. Það er eins og það sé miðað að því alveg sérstaklega í sambandi við skattalögin, ef skilja á ræður þeirra, eins og þær voru hér áðan, að á togurunum eða á veiðiskipum skyldi aldrei nokkru sinni vera maður, sem hefði fjölskyldu fram að færa. En það þætti mér ákaflega einkennilegt, ef það yrði sett í lög, að engum skyldi leyft að leita sér atvinnu á fiskiskipum á Íslandi nema þeim, sem annaðhvort væru einhleypir menn eða gætu ekki á nokkurn handa máta átt börn með sínum konum, en það virðist vaka fyrir þessum hv. þm. báðum. Sannleikurinn er sá, að þetta hefur bókstaflega enga þýðingu fyrir fjölskyldumenn, þó að það væri gefinn eftir ⅓ af þeirra tekjum, eins og ég skal sýna fram á. Af 45 þús. kr. tekjum er tekjuskattur hjóna með 2 börn 760 kr., en þó að þriðji parturinn væri gefinn eftir, þá væri tekjuskatturinn 160 kr., svo að það eru einar 600 kr., sem þessir aðilar fengju í hærri launum yfir allt árið, þó að ⅓ af tekjum þeirra yrði skattfrjáls. — Ég sé nú, að hv. 4. þm. Reykv. er kominn hér, og þykir leitt, að hann hefur ekki verið við til þess að heyra mitt svar í sambandi við þetta mál. — Ég tók það fram áðan, að hv. þm. og báðir hv. þm. úr stjórnarandstöðunni miðuðu aðeins sínar till. við einhleypa menn. En það er eins og fyrir þeim vaki, að það sé annaðhvort að taka það í lög eða vinna að því, að aldrei megi fjölskyldufeður fara um borð í skip. Þetta er náttúrlega algerlega röng túlkun á þessu máli og rétt, sem ég hef haldið fram, að almennt er þetta engin bót og engin lausn á þeim vanda, sem hér um ræðir. Hins vegar er þetta stórkostleg bót fyrir hátekjumennina. Skipstjóri t. d., sem hefur 150 þús. kr. tekjur, eða stýrimaður, sem hefði 150 þús. kr. um borð í togara og hefði tvö börn fram að færa og væri giftur, greiðir nú af 150 þús. kr. tekjum eftir skattstiga frv. 26860 kr., en ef hann ætti að greiða aðeins af 100 þús., sem hann gerði, ef till. hv. 4. þm. Reykv. yrði samþ., þá greiddi hann ekki nema 10410 kr. Það munar náttúrlega ákaflega mikið þennan aðila. Það fara nefnilega ekki saman þessar kröfur hv. stjórnarandstöðu og hin krafan um það að hækka þó enn tekjuskattstigann fyrir hátekjumennina.

Hvað viðvíkur þeirri athugasemd, sem hv. 4. þm. Reykv. gerði út af verðbréfunum, að það hefði verið rétt að gera þau öll skattfrjáls, þá vil ég endurtaka það, sem ég sagði í sambandi við það mál í minni fyrri ræðu, að ef öll verðbréf væru gerð skattfrjáls, sem ríkissjóður ábyrgist, þá mundi verða miklu meiri ásókn á ábyrgð ríkisins, — um það er enginn vafi, — og önnur bréf mundu náttúrlega ekki heldur seljast á opinberum markaði. Mér finnst vera miklu meira virði og miklu betri fyrir þessi mál sú stefna, sem tekin er í frv., að ætlast til þess, að bankarnir í samráði við hæstv. ríkisstj. ráði nokkru um það, til hvers sparisjóðsfé er notað, sem gefið er skattfrjálst samkv. frv.

Þá sagði hv. þm., að sparifjáraukningin væri langmest að þakka þeim mönnum, sem ynnu á Keflavíkurflugvelli, og þaðan kæmi öll aukningin. Mér dettur nú ekki í hug að halda, að hv. þm. hafi meint þetta. Hv. þm. veit, að það er svo takmarkaður fjöldi manna, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, að þó að öll þeirra laun hefðu

farið beint í sparisjóðina, þá hefðu þau ekki getað numið þeirri hækkun, sem orðið hefur á s. l. ári. Nei, sannleikurinn er sá, að aukning sparifjárins er að þakka tvennu: Í fyrsta lagi, að fólkið hefur fengið trú á verðgildi peninganna síðan núverandi og fyrrverandi stjórn tóku við völdum og mörkuðu stefnuna í fjárhagsmálum þjóðarinnar. Þetta er önnur ástæðan. Hin ástæðan er sú, að þessar sömu hæstv. ríkisstjórnir hafa hlúð þannig að atvinnuvegunum, að það þarf að horfa mjög langt aftur í tímann til þess að finna jafnmikla eftirspurn eftir vinnuafli og verið hefur hér á Íslandi síðan. Þetta eru tvær meginástæðurnar fyrir því, að innstæðurnar hafa aukizt í sparisjóðunum. Hitt er svo samfara þessu, gremja Alþfl. um það að hafa verið utan gátta í þessum umbótum í atvinnulífi þjóðarinnar.

Hv. þm. hélt því fram, að þó að ég léti í veðri vaka, að félög gætu ekki notið skattfrelsis sparifjár, þá væri ekkert því til fyrirstöðu, að þau geti átt á nafnlausum bókum inni svo og svo háar fúlgur, þegar ekki þyrfti að telja þær fram. Hv. þm. veit, að ef um félag er að ræða, sem er bókhaldsskylt, og það eru yfirleitt öll félög, sem hafa nokkurn rekstur, þá er ekki hægt að fela eignir á sparisjóði, þó að þær séu á nafnlausum bókum, nema falsa bókhald viðkomandi félags. Og þá eru að sjálfsögðu þeir orðnir ábyrgir fyrir fölsun gegn sínum félagsmönnum, nema því aðeins að þeir ætli að gera þá alla félagsmennina samseka í slíkum glæp, og það a. m. k. hefur mþn. ekki viljað ætla mönnum. Þess vegna er það alveg rétt, sem ég hef haldið fram, að skattfrelsi sparifjár kemur ekki til þess að snerta að neinu verulegu leyti félögin.

Hv. þm. sagði einnig, að það væri nauðsynlegt að gera á þessu frv., þó að lögum yrði, breytingar mjög fljótt; það væru í því ýmsir ágallar, sem hann hefur bent á og ég skal ekki fara lengra út í hér. Fellur þetta raunverulega alveg saman við ekki einungis skoðun mína í málinu, heldur og skoðun nefndarinnar. Það hefur hvað eftir annað komið fram hjá n., að þetta er einn þátturinn í breytingu á skattakerfi þjóðarinnar, þáttur, sem kannske stendur aðeins til bráðabirgða. Heildarendurskoðuninni er ekki lokið, og sá þátturinn, sem er erfiðastur og tekur lengstan tíma að semja um, þ. e. að koma sér saman um einn skatt fyrir bæði ríki, bæjar- og sveitarfélög, er enn eftir. Framkvæmdarkaflanum er ekki heldur lokið, og allt þetta getur orsakað það, að hér sé aðeins um bráðabirgðalöggjöf að ræða, sem þarf að breyta, ef samkomulag næst um öll hin atriðin.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar við hv. 4. landsk. út af þeim aths., sem hann gerði í sambandi við mína ræðu.

Hv. 2. landsk. sagði, að yfirmennirnir á togurunum þyrftu að hafa há laun. Ég endurtek það, að það er ekki fyrir vöntun á þeim starfskröftum um borð í togara, að það þurfi að gefa eftir ⅓ af tekjum þeirra manna, sem þar vinna. Hann sagði einnig, að það væri hlálegt að taka þetta aftur í ríkissjóðinn, eins og nú væri gert með of háum sköttum. Ég vil einnig í sambandi við það leyfa mér að benda honum á, að einmitt þessir menn hafa fengið alveg sérstök skattfríðindi með sérstökum samningum, þar sem þeir mega nota allt að 18% af sínum launum til þess að kaupa sér fyrir lífeyri og að það má draga þessa upphæð frá skattskyldum tekjum þeirra. Það væri því hreinasta fjarstæða að ætla sér ofan á slík fríðindi að fara að gefa þessum mönnum sérstaklega leyfi til þess að draga enn frá ⅓ af þeirra tekjum. Svo var hv. þm. að spyrja mig um, hvað ég héldi að Dagsbrúnarmaður, sem hefði aðeins tekjur upp á 36 þús. kr. og hefði 3 börn, gæti borgað mikið í lífeyri. Ja, ég vil biðja hv. þm. að athuga, hvað þessi maður greiðir mikið í skatta. Ef hann hefur 2 börn og hefur 35 þús. kr., þá greiðir hann 320 kr. í skatt á ári, og hafi hann 3 börn, þá hugsa ég, að þessi upphæð lækkaði það mikið, að það yrði sama sem enginn skattur, svo að það breytir ekki neinu fyrir hann, hvort dregið er frá í lífeyri eða ekki, vegna þess að hann er svo að segja skattfrjáls hvort sem er.

Þá vildi ég aðeins segja hér nokkur orð í sambandi við aths. frá hv. 1. þm. N-M. Ef hann hefði hlustað á mína framsöguræðu og fyrstu orðin í ræðunni, þá hefði hann getað sparað sér allar þær aths., sem hann gerði hér í sambandi við sínar brtt. Ég tók þar ákveðið fram, að n. hefði ekki tekið afstöðu til þeirra brtt., sem hann bar fram við 1. umr. og n. hafði til athugunar, og ekki heldur til þeirra ábendinga, sem hann lét koma fram þá í sinni ræðu; n. mundi athuga þetta hvort tveggja fyrir 3. umr. og þá e. t. v. bera fram sjálf brtt. eða taka til athugunar að mæla með þeim brtt., sem aðeins væru formsatriði, og brtt. hv. þm. snerta aðallega formsatriði og lítið annað. Ég álít því rétt, að hv. þm. taki þessar till. aftur til 3. umr., og þá mun n. segja til, hvernig hennar afstaða er til þeirra, eftir að hafa athugað það sjálf og þess utan rætt það bæði við skattstjóra og hæstv. fjmrh.

Hv. þm. spurði, hvernig ætti að framkvæma ákvæði 5. gr., og átti hann þar aðallega við það ákvæði, sem snertir ágóða af fasteign, sem er seld og viðkomandi aðili hefur átt skemur en 5 ár, en notar síðan söluupphæðina til þess að kaupa aðra eign innan eins árs eða byggja hús innan tveggja ára frá söludegi. Kom hann þá með dæmi um það, að vel gæti maður byrjað á húsi og svo selt það hálfgert til annarra, fengið af því stóran gróða o. s. frv., og það væri aldrei hægt að gera þetta upp. En gr. segir hér alveg ákveðið, að „undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði". Nú er það alveg sýnilegt, að ef maður selur fasteign, byggir svo aðra að hálfu leyti og selur hana með hagnaði, áður en hann hefur lokið byggingunni, þá er hann að gera það í atvinnuskyni, og þá gildir ekki þessi undanþága, sem hér um ræðir. Þessi orðun á gr. var gerð í samráði við skattstjóra, sem taldi á því engin tormerki að framkvæma þetta, og sáum við því ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að leggja til, að þær brtt. yrðu samþ., sem hv. þm.

bar fram, en munum athuga það, eins og ég segi, fyrir 3. umr.

Þá óskaði hv. þm. eftir að fá nánari skýringu á því, hvað væri meint með langferðum vegna atvinnu, og hann spurði, hvort 15 km ferðir væru langferðir eða ekki og hvort ferðir með strætisvögnum væru langferðir eða ekki. Jafngreindur maður og hv. 1. þm. N-M. þarf nú ekkert að spyrja um það, hvort 15 km ferðir séu langferðir eða hvort strætisvagnaferðir séu langferðir; það er augljóst, að það geta ekki verið neinar langferðir, sem ekki ná nema yfir 15 km. Það var einmitt um það rætt í n., að það væri ómögulegt að fara inn á það að láta draga frá skattskyldum tekjum einmitt þessar ferðir, sem hv. þm. talaði um. Það liggja m. a. engin sönnunargögn fyrir því, hve oft maður fer í strætisvagni til sinnar vinnu eða frá eða hvort hann hefur notað þann bíl, sem kostar 6 þús. kr. á ári, eingöngu til þess að aka sér milli heimilis og vinnustaðar. Það liggja því síður nokkur gögn fyrir því, að það sé ekki miklu ódýrara fyrir viðkomandi aðila að búa 15 km frá vinnustað. Hann getur haft hag af því m. a. í útsvari, hann getur haft hag af því í húsaleigu, og hann getur haft annan margvíslegan hag af því, svo að það liggur alls ekki fyrir að ræða um það atriði. Þegar um er að ræða langferðir, þá var meint með því eingöngu hjá mþn., að það væru ferðir, sem menn tækju sig upp lengri leiðir, t. d. norðan af landi eða austan af landi eða úr öðrum landsfjórðungum til þess að sækja atvinnu á annan stað, þar sem væri um virkilegar langferðir að ræða, eða menn færu til útlanda vegna sinnar atvinnu. Það er svo nú samkvæmt gildandi l., að atvinnufyrirtæki, sem verða að senda sína menn til útlanda í sambandi við atvinnurekstur, hafa að vísu fengið dregið frá eitthvað af þeim kostnaði eftir mati skattstofunnar, svo að það er ekki farið hér inn á neinar nýjar leiðir. Hins vegar er það ekki ákveðið í l., að það megi gera það. Þetta verður að vera undir mati skattstofunnar, og verða settar um það ákveðnar reglur, sem eru innan takmarka l. En þetta verður alltaf að vera á mati skattstofunnar á hverjum tíma, hvað skuli hér dregið frá og hvað ekki.

Svo sagði hv. þm. hér ákaflega merkilega setningu, að það væri ófrávíkjanleg krafa, að l. væru þannig úr garði gerð, að þau séu réttlát. Mér er nú bara spurn: Hefur hv. 1. þm. N-M. tekizt það í sínu vandasama starfi í ríkisskattanefnd að kveða upp alltaf og ævinlega slíkan úrskurð, að allir aðilar hafi talið hann réttlátan? Ég fullyrði, að það hefur ekki tekizt, og er það ekki sagt sem nein ásökun á viðkomandi hv. þm., en ég fullyrði, að það hefur ekki tekizt, og það hefur kannske sjaldnar tekizt að úrskurða slíkan úrskurð hjá ríkisskattanefnd heldur en að úrskurða hið gagnstæða. Það er engin sönnun fyrir því, að ríkisskattanefnd og hv. þm. hafi úrskurðað rangt, síður en svo. En það er alveg áreiðanlegt, að það hafa ekki allir aðilar, sem þar hafa átt hlut að máli, talið, að lögunum hafi verið beitt réttlátlega; það fullyrði ég, enda veit ég, að hv. þm. hefur verið fúsastur allra manna til þess að leiðrétta slíka úrskurði, þegar honum hefur verið bent á, að þeir væru einmitt ekki réttlátir. Ég hygg, að það finnist ekki sá maður yfirleitt, sem gæti úrskurðað að öllu leyti þannig, að hverjum einasta aðila fyndist sér hefði verið gert að öllu leyti rétt. Þá væri nú ekki verið að deila um hlutina.

Hv. þm. ræddi um frádráttinn vegna heimilisstofnunar, færði fyrir því ýmis rök. Ég skal ekki ræða það hér. Það gefst tilefni til þess að ræða það nánar, þegar n. hefur sagt sitt álit um þá till.

Út af prentun l. skal ég taka það fram, að það er alveg rétt, að það er miklu handhægra að gera það. En ég vil í sambandi við það mál leyfa mér að benda á, að það voru uppi um það till. í n. að byggja frv. þannig upp, að það væri ekki breyting á gildandi skattalöggjöf, heldur heilsteypt skattalöggjöf, og fella núgildandi skattalöggjöf úr gildi, og hefði það verið eðlilegast. En það var einmitt ekki gert, vegna þess að hér er aðeins verið að breyta nokkrum hluta laganna. Ef þetta hefði verið sett fram sem heildarendurskoðun og breyting á öllum köflum l., þá hefði sjálfsagt verið hafður sá háttur á, sem meira að segja var byrjað á í n. að gera, þ. e. að semja nýtt frv. að nýjum skattalögum og fella svo gildandi l. úr gildi. En hér er eftir, eins og hefur verið upplýst, bæði kaflinn um félagaskatt og kaflinn um framkvæmdina, svo að það mundi að sjálfsögðu þurfa þá að prenta l. upp aftur, ef þau yrðu prentuð upp nú, fella þau aftur inn, þegar þær síðari breytingar kæmu. En um þetta mun n. að sjálfsögðu athuga fyrir 3. umr.

Hv. þm. sagði, að það væri allt annað mál, þó að seinna, á næsta þingi, kæmu breytingar aðeins á einum kafla l., þ. e. á skattinum um félögin. Náttúrlega veit hv. þm. ekkert um það, hvaða breytingar eða till. til breytinga kunna að koma á löggjöfinni í heild, og m. a. getur vel komið til mála, eins og ég hef sagt áður, að einnig á þessum kafla, sem nú er verið að samþ., komi breytingar. Mér sýnist, að það hafi verið full ástæða til hjá mþn. að leggja til, að þetta frv. yrði borið fram sem breyting við skattalögin, en hafa ekki hinn háttinn á, einmitt vegna þess að þessari endurskoðun er ekki lokið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér nánar og læt máli mínu hér með lokið.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Ég skal vera mjög stuttorður, herra forseti, en ég kemst ekki hjá því að leiðrétta ummæli hv. frsm. meiri hl. í síðustu ræðu hans, þau ummæli, sem hann hafði um brtt. um þriðjungs frádrátt af tekjum fiskimanna. Hann fullyrti, að með því væru lækkaðir langsamlega mest skattar á togaraskipstjórum, sem hefðu mjög háar tekjur. Ég hygg, að þetta byggist á misskilningi, því að hv. þm. hlýtur þó væntanlega að hafa lesið till. Í till. segir, að það skuli heimilað að draga frá þriðjunginn af tekjum fiskimanna, þó ekki yfir 20 þús. kr., þannig að skipstjóri, sem hefur 150 þús. kr. tekjur, fær ekki dregnar frá 50 þús. kr. af sínum tekjum, áður en skattur er á lagður, heldur aðeins 20 þús. kr. Sé hann því skattlagður með 30%, getur hæsta

lækkun, sem hann gæti fengið, orðið 6 þús. kr., en ekki 16 eða 20 þús., eins og kom fram hjá hv. þm. Þetta hlýtur að byggjast á misskilningi hjá honum.

Að því er snertir útreikninginn á, hverju þetta mundi nema fyrir almenna háseta á skipunum, sem hefðu 45—60 þús. kr., þá er minn útreikningur á því fullkomlega réttur miðað við einhleypan mann. Það er rétt, eins og hv. þm. tók fram, að það yrðu 200—300 kr. á mánuði eða frá 2400 upp í 3600—3700 kr., ef tekjurnar liggja á þessu bili, milli 45 og 60 þús. kr., en gæti að óbreyttri till. komizt upp í allt að því 6000 kr. fyrir mann, eins og t. d. skipstjórann, sem hann nefndi, en alls ekki hærra. Þetta þótti mér sjálfsagt að leiðrétta. En ég væri fullkomlega til viðtals um að setja hámark ekki einasta á tekjuþriðjunginn, heldur líka þá skattalækkun, sem af því leiddi, ef það leiddi til samkomulags við hv. þm.

Um sparifjáraukninguna á síðasta ári hef ég í rauninni litlu við að bæta það, sem ég sagði hér í minni seinustu ræðu. Hún er að langmestu leyti afleiðing af vinnunni hjá varnarliðinu í Keflavík, beint og óbeint, þeim framkvæmdum, sem þar eru um hönd hafðar. Sá beini tekjuauki fyrir landsmenn af þessu er eftir opinberum skýrslum eitthvað milli 150 og 200 millj. kr. á árinu. Þessir peningar koma fyrst sem kaup til starfsmanna, sem þar vinna, og renna síðan út í framkvæmdalífið í landinu sem hreinar aukatekjur miðað við það, sem ella mundi verið hafa. Hv. þm. heldur því fram, að þessi sérstaki tekjuliður hafi lítið verkað á sparisjóðsinnstæðuna, en það er að minni hyggju hinn mesti misskilningur. Hann segir, að ástæðan til aukningar sparifjárins á síðasta ári hafi verið í fyrsta lagi aukin trú á verðgildi peninganna vegna góðrar og viturlegrar fjármálastefnu hæstv. núverandi ríkisstj. og í öðru lagi vegna þess, að atvinnuvegunum hafi vegnað svo vel á árinu, að þess vegna hafi safnazt sparifé, — ekki vegna þess, að vextir hafi verið látnir skattfrjálsir, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur bratt fyrir það að þetta hafi ekki fengizt. Ég vil bara leyfa mér að minna hv. þm. á í þessu sambandi, hvernig ástatt er með undirstöðuatvinnuveg okkar Íslendinga nú, togaraútgerðina. Vill hann virkilega halda því fram í alvöru, að það sé velgengni atvinnuveganna að þakka, m. a. þessa útvegs, að sparifé hefur aukizt í landinu? Ég veit, að hv. þm. getur ekki svarað þessu játandi. Ég efast ekki um, að hv. þm. hafi lesið Snorra vel og rækilega, eins og við sjálfsagt flestir hér í d. Þegar Snorri ræðir um sögukvæðin fornu, þá segir hann, að það megi nokkurn veginn treysta sannleiksgildi þeirra, því að þau hafi verið flutt í fjölda manna áheyrn fyrir konungunum sjálfum. Og svo bætir Snorri við, að skáldin hafi að sjálfsögðu farið nálægt sannleikanum, því að ef þau báru á konunginn lof, sem hann átti ekki skilið, þá var það ekki lengur lof, heldur skop eða háð. Ég fæ ekki betur séð en að með þeim ummælum, sem hv. þm. hafði um ríkisstj. og afrek hennar í þessari lofdrápu, sem hann flutti nú um hana, hafi hann gleymt reglu Snorra. Hvað sem annars má segja um hæstv. ríkisstj., þá er það víst, að velgengni atvinnuveganna hefur ekki á þessu síðasta ári í heild sinni verið slík, að af því sé að státa, og má þar líta til togaraútgerðarinnar, eins og hv. þm. er kunnugt um.

Ég skal hafa þetta mitt mál heldur stutt og vísa til þess, sem ég áður sagði. Hv. þm. hefur eins og aðrir formælendur þessa frv. mjög haldið því fram, að með því sé stórkostleg lækkun gerð á sköttum á lágtekjum. Með því er viðurkennt, að skattar á lágtekjum hafa verið allt of háir og hér verið bein og brýn þörf leiðréttingar. Þó að sá varnagli fylgi nú hjá hv. frsm., að réttlætið sé erfitt að finna og framkvæma, þá ætti þó viðleitnin að hafa verið sú. Ég hef sýnt fram á með rökum, að lækkunin á skatti á lágtekjum er slík, að nær engu munar. Eftir sem áður eru beinar og brýnar þurftartekjur skattlagðar með tekjuskatti í viðbót við aðra skatta. Það hefur verið sýnt fram á, að jafnvel ellilífeyrir og almennar bætur tryggingana, sem eru að sjálfsögðu naumt skornar, verða skattskyldar eftir þessu frv., bæði hjá hjónum og einstaklingum. En svo er verið að tala um, að það sé réttlætt það ranglæti núverandi skattalaga að skatta lágtekjurnar eins og gert hefur verið. Ég efast ekki um, að hv. þm. hafi lesið bibliuna ekki síður en Snorra. Þar stendur einhvers staðar um vissan hóp manna, að þeir hafi á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneiti hennar krafti. Að því er lágtekjurnar snertir og breytinguna á skattlagningunni á þeim á þetta fullkomlega við um formælendur þessa frv. En í þeirri góðu bók er nokkur viðbót við þessa lýsingu á þessum mönnum, sem hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar og afneita hennar krafti. Þar kemur ráðlegging frá höfundinum, og hún er á þessa leið: „Forðastu þvílíka.“

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég þakka frsm. n. fyrir það, að hann ætlar að taka mínar till. til athugunar, og tek þær að sjálfsögðu aftur til 3. umr.

Af því, sem hann sagði, er einungis eitt atriði, sem ég finn ástæðu til þess að dvelja við. Það var það, þegar ég var að segja, að menn þyrftu að finna það, sem ég kallaði réttlæti, sem er náttúrlega orð, sem er teygt á milli manna, einn skilur þetta við það, og annar hitt. Það, sem ég þar átti við og vildi láta koma fram, var, að menn fyndu, að jafnt gengi yfir. Nú hefur alltaf verið í skattalögum frádráttur til öflunar tekna. Það hefur alltaf verið í skattalögum frádráttur til manna, sem hafa farið það sem hann kallar langleiðir, t. d. til vermanna, ævinlega, og manna, sem siglt hafa í verzlunarerindum o. s. frv., alla tíð. En nú var þetta sett inn greinilegar en áður var og tekið fram „langleiðir“. Og þá segi ég þetta: Verkamaðurinn, sem fer austan af Seyðisfirði og til Vestmannaeyja og kostar 600 kr. í ferðina, fær það til frádráttar; það eru langleiðir. En kennarinn, sem býr 15 km frá barnaskólanum og keyrir í barnaskólann á hverjum degi, fær það ekki, þó að það kosti hann tíu sinnum meira að keyra það yfir árið heldur en hinn, og vegalengdin, sem hann fer árlega, er miklu lengri. Þetta kalla menn ekki réttlæti. Menn segja, að þetta sé óréttlæti, og sætta sig ekki við það, og þess vegna benti ég á þetta, að það er einmitt

þarna búið til og alveg greinilega með útskýringum hv. frsm., þm. Barð., óréttlæti á milli þegnanna. Einn fær að draga frá sínum tekjum kostnað við að leita sér atvinnu, sem er miklu lægri upphæð en annar þarf að eyða, þó að hann hafi skemmri vegalengd að fara daglega, og fær ekki að draga frá. Það var þetta, sem ég átti við með réttlætinu, sem ég var að tala um. Hins vegar veit ég það og viðurkenni, að þetta hefur verið framkvæmt dálítið svipað og þm. útskýrir það. Þessi kennari t. d., sem ég var að úrskurða skatt núna á laugardaginn var, fékk ekki bílkostnaðinn frá dreginn hjá okkur, og ég heyri, að hv. þm. Barð. ætlast til, að það sé eins. En honum finnst það áreiðanlega ranglátt gagnvart ýmsum öðrum, sem fara lengra og kosta miklu minna til.

ATKVGR.

Brtt. 665 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 690,1.a. felld með 9:4 atkv.
— 690,1.b felld með 9:4 akv.
— 677,1 felld með 9:4 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 677,2.a felld með 9:4 atkv.
— 690,2.a felld með 9:4 atkv.
— 690,2.b felld með 9:4 atkv.
— 690,2.c tekin aftur.
— 677,2.b felld með 9:4 atkv.
— 677,2.c felld með 9:4 atkv.
— 690,2.d felld með 9:4 atkv.
— 690,2.e felld með 9:4 atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 690,3 felld með 9:4 atkv.
8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 690,4.a, b og d teknar aftur.
— 690,4.c felld með 9:4 atkv.
9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 690,5.a—c felldar með 9:2 atkv.
— 690,5.d felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PZ, BrB, FRV, GÍG, HG.
**nei:** JK, KK, SÓÓ, BSt, BBen, IngF, JJós, GíslJ.
4 þm. (LJóh, VH, AE, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gísli Jónsson:** Ég vísa til afstöðu minnar, sem kom fram í umræðunum um þetta mál, og segi nei.

10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 677,3 felld með 9:4 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 690,6 felld með 9:5 atkv.
15.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 648, 665, 718, 730).

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Fjhn. hefur tekið til athugunar á ný frv. það, sem hér um ræðir, ásamt þeim brtt., sem fyrir liggja, m. a. brtt. frá hv. 1. þm. N-M. á þskj. 665. Hún ræddi þessar till. alveg sérstaklega við skattstjórann í Reykjavík og við fulltrúa hans, sem sérstaklega hefur kynnt sér þessi mál og starfað að þeim. Þeir tjáðu nefndinni, að í undirbúningi væri mjög ýtarleg greinargerð eða reglugerð, sem hugsað væri að leggja fyrir allar skattanefndir á landinu og skýra ætti hinar ýmsu greinar laganna og m. a. þær greinar, sem rætt er um hér í brtt. á þskj. 665. Skattstjóri leyfði nefndinni að athuga þetta mikla verk, sem er heil bók. Hún hafði nú ekki aðstöðu til að fara verulega í gegnum allt það verk, enda kvað skattstjórinn, að það væri ekki að fullu undirbúið; það væri hugsað að senda það til ríkisskattanefndar og láta það fá athugun þar, svo ætti það að athugast af ýmsum lögfræðingum, þannig að ákvæðin í reglugerðinni kæmu ekki í bága við ákvæði laganna. Hann taldi m. a., að þegar væri búið að gefa út þessa reglugerð, þá væri ekki eins knýjandi þörf á því að endurprenta lögin, eins og lagt er til hér í 3. brtt., og var þar á skoðun nefndarinnar, að þar sem hér væri um að ræða eingöngu endurskoðun á nokkrum hluta skattalaganna, þá væri ekki eins mikil ástæða til þess að prenta lögin upp og ef hér væri um heildarendurskoðun að ræða; það væri óhjákvæmilegt, að endurskoðunin héldi áfram, að kaflinn um félagaskattinn yrði endanlega ákveðinn á næsta þingi, og að endurskoða yrði alveg sérstaklega á næsta þingi framkvæmdarkaflann, og þegar því verki væri lokið og væri hægt að segja, að hér væri um heildarendurskoðun að ræða, þá væri að sjálfsögðu nauðsynlegt að prenta lögin upp að nýju, en slíkt væri ekki eins aðkallandi nú og þó alveg sérstaklega vegna þess, að hann kvað mundu verða send skattanefndunum þau gögn, sem ég hef hér talað um. — Þetta var í meginatriðum það, sem skattstjóri sagði um till. í heild.

Ég vil svo í sambandi við 1. brtt., þ. e., að fyrir orðin „eða byggir hús“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. komi: „eða lýkur byggingu húss“, geta þess, að um þetta hefur verið nokkur ágreiningur í nefndinni. En skilningurinn mun nú samt verða sá, að það sé ætlazt til þess, að viðkomandi aðili hafi byggt húsið fyrir sjálfan sig, þ. e. a. s. til þess að eiga það, og að ákvæðið gildi, þó að húsbyggingunni sé ekki að fullu lokið; það sé ekki hægt að hafa ákvæði um það svo ströng, þótt t. d. vanti að dúkleggja eða eitthvað því um líkt, til þess að húsið sé íbúðarhæft, að þá mætti ekki af þeim ástæðum telja byggingunni ólokið. En ef um það er að ræða, að slík eign yrði seld með ágóða, gildir ekki undanþága fyrir slíkan ágóða af eigninni. Þetta mun vera sameiginleg skoðun nm. og það því nokkuð á valdi skattstofunnar að dæma um það, hvort húsið sé fullbúið, svo að það sé hæft til fasteignamats t. d. Hæstv. ráðherra hafði nú viljað fá inn í þessa grein eða inn í reglugerðina, að takmarkið skyldi vera, þegar búið væri að framkvæma fasteignamatið, en það er talið óeðlilegt, því að fasteignamatið kann að dragast, þó að húsið sé fullgert, og þess vegna þykir ekki eðlilegt að láta það vera hið endanlega takmark, en sem sagt, að

húsið sé þannig, að það sé orðið íbúðarhæft, að þá verði það skoðað sem hann hafi lokið þeirri byggingu hvað þetta snertir.

Um 2. brtt., við 7. gr., er það að segja, að skattstjóri tjáði n., að hann mundi haga framkvæmd reglunnar þannig, að þegar um er að ræða hjónaband, sem á sér stað á síðari hluta árs eða síðustu mánuðum ársins, þá fengi maðurinn leyfi til að telja fram sinar tekjur, og þá væri það eftir vali framteljanda, hvort frádrættinum yrði skipt á milli hjónanna til helminga eða hvort allur frádrátturinn yrði dreginn frá tekjum mannsins, og það væri einnig atriði, sem gert yrði upp á milli skattstofunnar og framteljandans, eða hvort það yrði dregið frá sameiginlegum tekjum hjónanna, ef um hjónaband yrði að ræða, sem væri stofnað til á fyrri helming ársins. Það væri ekkert óeðlilegt, að þetta færi eftir mati skattstjórans og vilja viðkomandi skattaðila, og væri erfitt að gera um þetta fastar reglur, hvort sem væri. Hitt væri líka mögulegt, að mega láta frádráttinn koma fram á tekjum næsta árs, en honum fannst það nú heldur óeðlilegra.

Í sambandi við 1. brtt. hafði ég gleymt að taka fram, að það var nokkur ágreiningur um það á milli n. og skattstjóra, hvenær eign yrði seld. Hann vildi líta svo á og láta setja það inn í reglugerðina, að undirskrift sölusamnings væri gildandi, þ. e., sá dagur, sem sölusamningur væri undirritaður, væri gildandi sem sala á fasteign. Það komu hins vegar fram mjög ákveðnar skoðanir í n., að hér ætti eingöngu að miða við afsalsdag. Eign er raunverulega ekki seld, nema afsal hafi verið gefið. Það er hægt að gera sölusamning um eign, og ef sá samningur er ekki uppfylltur, þá er eignin enn þá í eigu þess manns, sem seldi. Hann getur tekið eignina aftur, 'n þess að uppboð þurfi að fara fram á eigninni eða án dóms og sátta. Hafi hins vegar afsalið farið fram, jafnvel þó að ekki sé uppfyllt að greiða af þeim skuldabréfum, sem hafa verið látin upp í sem greiðsla, þá getur ekki seljandi gert sig gildandi sem eigandi yfir eigninni nema með sérstökum dómi. Þess vegna eru raunverulega eignaskiptin ekki gildandi fyrr en afsal hefur farið fram. A. m. k. kom sú skoðun fram í n., að það ætti að vera sá dagur, sem ætti að miða við, ef eign yrði seld, gagnstætt því sem var skoðun skattstjóra og var í uppkasti að þeim reglum, sem hann hafði sett um þetta atriði. Ég vildi, að þetta kæmi skýrt fram í sambandi við þetta mál.

Um hin atriðin, sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, þ. e. a. s. hvað yrðu skoðaðar langferðir og hvort ætti að draga frá kostnað í sambandi við strætisvagnaferðir eða bílakostnað á styttri leiðum á milli vinnustaðar og heimilis en 15 km, þá þykir mér rétt að upplýsa, að í þeirri reglugerð, sem skattstjóri hafði látið semja, var ákveðið takmark, að annað væri ekki skoðað langferðir en þær ferðir, sem væru yfir 200 km frá vinnustað. Nefndin leit nú svo á, að það væri tekinn til nokkuð langur vegur þar á milli, og minntist á, hvort ekki væri rétt í reglugerðinni að færa þetta niður t. d. í 100 km. Hún vill ekkert segja um þetta í lögunum sjálfum, — það er raunverulega ákaflega erfitt, — heldur yrði þetta að vera í reglugerð, það er þá hægt að breyta því, eftir því sem mönnum þykir eðlilegt, án þess að breyta lögunum. En skattstjóri tjáði okkur, að hann mundi leggja til, að ákvæðið yrði skilið þannig, að það væru aðeins reiknaðar langferðir, sem væru 200 km eða yfir, og að frádráttarhæfur væri ekki annar kostnaður í sambandi við slíkar ferðir en fargjöldin frá og til og aðeins einu sinni á ári. Hvað snertir hins vegar félög almennt og ferðakostnað þeirra fulltrúa til útlanda í sambandi við atvinnurekstur, þá færi það eftir því, hvort skattstofunni á hverjum tíma þætti eðlilegt að taka upp ferðakostnað þeirra starfsmanna eins og hann lægi fyrir á þeirra rekstrarreikningi, og þetta ákvæði um 200 km gilti því ekki í sambandi við rekstur atvinnufyrirtækja. Það gæti t. d. vel verið, að menn hefðu umboðssala til þess að ferðast um landið til að selja vörur o. s. frv. Þetta yrði jafnan að vera á mati skattstjóranna eða skattstofunnar.

Um kostnað við 15 km ferðir eða hinar daglegu ferðir með strætisvögnum sagði skattstjóri, að kæmi sjálfsagt ekki til greina að draga þann kostnað frá, enda væri ógerlegt að geta fylgzt nokkuð með því, hvort slíkur kostnaður væri beinlínis í sambandi við atvinnuleit eða hvort hann væri þá í sambandi við eitthvað annað.

Ég held, að ég hafi þá svarað öllu því, sem hv. 1. þm. N-M. hreyfði í sambandi við þetta mál, og að fengnum þessum upplýsingum frá skattstjóra leggur nefndin ekki til, að þessar brtt. á þskj. 665 verði samþ., telur, að það sé ekki þörf á að setja það inn í lögin, heldur verði þetta reglugerðarákvæði.

Nefndinni þótti hins vegar rétt að athuguðu máli að bera fram 2 brtt. við frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 648. Önnur brtt. er við 12. gr. Það er um, að greinin falli niður, en sú grein ákveður, að 3. málsliður í 32. gr. laganna skuli falla niður. Þessi grein í frv. er um það að taka af eða stytta þann frest, sem þeir aðilar hafa til að skila framtali, sem hafa með höndum vátryggingarstarfsemi eða hafa rekstur á fleiri en einum stað. Það kom bréf frá tryggingarfélögum í Reykjavík, sem færðu fyrir því allsterk rök, að það væri mjög erfitt fyrir þá að skila á þeim tímum, sem lögin ákveða, ef frv. yrði samþ. óbreytt. Raunverulega yrðu þeir þá að færa sitt starfsár yfir á annan mánuð, þ. e. a. s. miða ekki starfsárið við áramót, heldur við september, og er þeim það að mörgu leyti óþægilegt, og þeir óskuðu því mjög eftir að mega halda þessum réttindum óskertum. Eftir að þetta hafði verið rætt við skattstjóra, þá féllst hann á, að það væri rétt að fella greinina niður og alveg sérstaklega með tilliti til þess, að framkvæmdarkaflinn yrði allur endurskoðaður á næsta þingi. Nefndin leggur því til, að þessi breyting verði gerð á skattalögunum.

Þá er einnig breyt. við 7. gr. Þar þótti nefndinni rétt að gera nokkra breytingu, þ. e.: Í stað orðanna í niðurlagi tölul. 4, staflið h „þann tíma, sem þeir eru skráðir á fiskiskipin“ komi: þann viknafjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. — Hér er um að ræða þær upphæðir, sem menn hafa leyfi til

þess að draga frá tekjum sínum í sambandi við hlífðarfatakostnað, við hvað þetta eigi að miðast. Það er sýnilegt, að það er erfitt að framkvæma ákvæðið eins og það er í frv., sérstaklega vegna þess, að menn eru ekki skráðir á minni skip yfirleitt en 12 smál. Hins vegar verða menn að gjalda slysatryggingariðgjöld, þó að þeir vinni á smærri bátum, gjalda fyrir hverja viku, sem þeir eru við slík störf. Það eru að vísu eigendur bátanna, sem greiða fyrir þá. En með þeirri brtt., sem hér er lagt til að gerð verði, á að vera örugglega hægt að fylgjast með því, hve langan tíma þessir aðilar hafa starfað við fiskveiðar, og þá um leið, hve mikla kröfu þeir eiga á frádrætti vegna hlífðarfata samkvæmt þessum fyrirmælum. Þessa brtt. mun ég bera fram skriflega fyrir hönd n. og afhenda hana hæstv. forseta.

Um brtt. á þskj. 730 hef ég ekki annað að segja en að nefndin vildi ekki taka þessar till. upp. Hv. 4. þm. Reykv. mun gera frekari grein fyrir þeim, en n. vildi ekki leggja til, að þær yrðu samþ. hér við þessa umr. Meiri hl. n. leggur til, að frv. á þskj. 648 verði samþ. með þeim breyt., sem ég þegar hef lýst og meiri hl. n. stendur að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 765) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Páll *Zóphóníasson:*** Mér þykir mjög leitt, að hv. nefnd hefur komizt að þeirri niðurstöðu að leggja á móti öllum mínum till., leggja á móti því, að hægt sé að koma skattalögunum í það horf, að hægt sé að framkvæma þau sæmilega. Móti því leggja þeir, og er vitnað í, eftir því sem frsm. segir, að framkvæmdin sé í samráði við skattstjórann og það fari eftir henni, hvernig þessi atriði verði framkvæmd, — hvernig hjónafrádrátturinn sé framkvæmdur, það sé eftir samkomulagi við skattstjórann í Reykjavík, — vitandi, að það eru 150 skattanefndir í landinu og skattstjórinn formaður einnar þeirra. Það er eftir samkomulagi við skattstjórann í Reykjavík, hvernig á að fara með þessi mál í öllum skattanefndum landsins. Það er „logik" þetta. Það er eiginlega ekki þörf á að svara meira þessu atriði. Frsm. tekur sjálfur fram, að það eigi að framkvæma það svona og svona og það sé bara í samkomulagi við skattstjórann, hvernig það sé framkvæmt; þá verður það framkvæmt eins í öllum skattanefndum landsins! — Nei, brtt. min við k-liðinn var alveg sjálfsögð, og getur þó orkað tvímælis, þó að hún sé samþykkt, hvernig á að framkvæma það. Ég er að vísu ekki búinn að lesa allt þetta stóra plagg yfir. Ég var boðaður á fund í fyrradag, þegar stóð hér yfir fundur í Alþ., til þess að fara í gegnum þetta plagg skattstjórans, sem ríkisskattanefndin á að gefa út sem leiðbeiningar um það, hvernig eigi nú að framkvæma þetta. Þar er slegið úr og í um þetta og ekki slegið neinu föstu. Og þann úr- og í-slátt, sem þar er, mun a. m. k. ég sem ríkisskattanefndarmaður ekki samþykkja. Ég breyti því. Ef það á að koma til okkar, þá legg ég til, að því verði breytt á þann hátt, ef greinin á að vera eins og þarna er, að það er viss persónufrádráttur, sem hjónin eiga að fá á því ári, sem þau gifta sig, að ef þau gifta sig á miðju ári, þá eru sex mánuðir, sem konan telur fram sjálfstætt, og þá segi ég: Konan á að fá helminginn af hálfum persónufrádrætti á sitt framtal, maðurinn hitt. Þannig mun ég framkvæma það, ef það á að vera eins og hérna. Og þannig mun ég gefa leiðarvísi um það, ef sá leiðarvísir á að fara frá mér. En þessu lá svo mikið á, að það átti að taka mig af þingi í fyrradag og aftur í gærdag til þess að geta prentað þetta, áður en lögin væru samþykkt í Alþ., og koma því út. Svo mikið lá því á. Áður en búið var að samþykkja lögin í Alþ., þá átti að vera búið að gefa út yfirlýsingu og fá okkur til að gefa út yfirlýsingu um, hvernig ætti nú að framkvæma þessi lög, sem Alþ. var að ræða um. **(Fjmrh.:** Hvernig dettur þm. í hug að segja svona vitleysu?) Af því að ég var boðaður á fund beint úr fjmrn. og sagt, að þetta lægi fyrir fundinum. Það er alveg áreiðanlegt, að það, sem þarna er, verður framkvæmt svona, ef við eigum að segja um það í ríkisskattanefnd. A. m. k. ef ég ræð einhverju um það, þá verður það framkvæmt svona, og öðruvísi er ekki hægt að framkvæma það, — ja, það er hægt að framkvæma það reyndar á ótal vegu, — en með brtt. minni, sem er ósköp lítilfjörleg, er það auðskilið.

Nákvæmlega sama kemur fram hjá frsm., þegar hann fer að tala um tveggja ára ákvæðið á húsinu. Það á að vera eftir úrskurði skattstjórans í Reykjavík, hvenær húsið er fullgert. Það er eins og það sé hvergi byggt hús á landinu nema hjá skattstjóranum í Reykjavík, — og hann segir: Það gerir nú náttúrlega ekkert til, þó að það dragist lengur en tvö ár, að það sé fullgert. — M. ö. o.: Tveggja ára ákvæðið í greininni á að hafa að engu. Það er svo sem ekki neitt nýtt, að hæstv. ríkisstj. leyfi sér að hafa að engu lög frá Alþ. Það liggur hjá mér núna bréf, sem ég er nýbúinn að svara, frá manni austur í Skaftafellssýslu. Hann kvartar yfir því, að hann hafi fengið bréf um það, að hann fái ekki að halda því nafni, sem hann hefur á sínu býli, sem er Baldurshagi. Þetta er nýbýli, upp tekið fyrir mörgum árum, en af trassaskap hjá örnefnanefnd hefur nafnið aldrei verið viðurkennt. Þegar Alþ. seinast breytti lögunum um þetta, þá tók það upp í lögin, að öll þau nöfn, sem búið væri að prenta inn í fasteignamatsbókina, væru lögleg. Þó að Alþ. samþykki þetta, þá gefur menntmrn. út reglugerð um það, að það megi ekki setja neitt nafn, hvorki nýtt né gamalt, ef það komi eitthvað viðvíkjandi goðafræðinni. Og af því að þetta heitir Baldurshagi og þótt það sé búið að fá lögfestingu á Alþ., þá bara fær hann bréf um það, að hann verði að gera svo vel að breyta því, og er send reglugerð með, þar sem er tekið fram, að slík nöfn megi ekki upp taka og ekki nota, þó að Alþ. sé rétt áður búið að samþykkja lög um það gagnstæða. Það er ekki hirt um að fylgja lögunum þarna, heldur eru búnar til nýjar reglugerðir þvert í bága við lögin. Nákvæmlega sama á að eiga sér stað hér. Ef það á að halda þessu ákvæði svo óljósu, að ómögulegt sé eftir því að fara, þá er kannske ætlunin að telja, — ja, mér skildist á frsm., að það væri nú þannig lagað, að það mætti nú deila um það, hvenær húsið væri fullgert, og það gæti vel komið til mála að skipta

sér ekkert af því tveggja ára ákvæði. Nú er mér kunnugt um það, að skattstjórinn ætlast til þess, að það sé nákvæmlega eins og ég orðaði það. Hann ætlast til, að það sé búið að byggja húsið, að það sé fullbyggt eftir tvö ár, til þess að hægt sé að gefa það upp. Annars verður að halda sköttunum opnum fyrir viðkomandi manni í fleiri ár, til þess að það sé mögulegt, þangað til yfirleitt húsið er búið.

Hv. frsm. hljóp fram hjá hér, — auðvitað lagði ég ekki fram brtt. um það, en ég benti á það og vil þá undirstrika það aftur, af því að það sýnir vissa tilhneigingu hjá nefndinni, að það væri allt annað fasteign eða skip og flugvél; fasteignin væri afskrifuð af fasteignamatsverði, og hún væri aldrei afskrifuð reikningslega; skipið og flugvélin væru afskrifuð af kostnaðarverði, og eftir vitlausum lögum, sem væru í gildi, mætti afskrifa fyrstu fjögur árin 20% af kostnaðarverðinu, og um leið væri viðkomandi eign færð niður í verði sem því næmi. Þetta benti ég þá á. Ég bað nefndina að athuga þetta og sagði henni jafnframt, að það væri öruggasta og bezta leið til að græða hér á landi að kaupa skip, t. d. eins og bátana, sem núna eiga að koma til Vestmannaeyja, fá þá afskrifaða um 20% í þrjú ár og selja þá svo með kostnaðarverði. Þá er öll afskriftin, sem gerð hefur verið, hreinn gróði, skattlaus gróði hjá þeim, sem selur. Einmitt á þessu er mestur gróði núna í augnablikinu, og þetta á núna að löghelga með skattalögunum.

Loks var svo 3. brtt. mín, sem var í því fólgin að prenta lögin samstæð upp eins og þau giltu. Frsm. telur, að þessi bálkur, sem á að fara að lesa yfir, laga og senda út, sé nú þannig lagaður, að það sé ekki þörf á neinu meiru, og hann telur, að það sé miklu eðlilegra að bíða með þetta þangað til búið sé að breyta skattalögunum, líklega í eitthvert form, sem þá á að verða óbreytanlegt, því að þegar það er búið að breyta þeim næst, þá á að vera óhætt að prenta þau upp. Nú aðgætti hann ekki, að það eru um 160 skattanefndir, sem eiga að fjalla um þetta. Við skulum segja, að lögunum verði breytt á næsta þingi, og vona það, það er þörf á því, sérstaklega með félagaskattinn, en þá bara kemur það þannig lagað út, að það koma brtt. við sérstaka kafla laganna, en ekki eins og þarna er sparðatíningur um greinar, sem nú eru í ótal lögum. Núna er það þannig, að það er svona fjórði partur úr greinum frá ýmsum árum, sem er í gildi, og hinn greinarparturinn fallinn burt. Ég fullyrði alveg hiklaust, að þessar um 160 skattanefndir, sem eru í landinu, hafa ekki það yfirlit yfir skattalögin í heild, að þær geti áttað sig fljótlega á því, hvað eru lög og hvað ekki, ef þær ekki fá lögin samstæð. Það er ekkert annað en vitleysa að vera að spara þau fáu hundruð, kannske 1—2 þús. kr., sem það kostar að gefa lögin út samstæð. Það er alveg sjálfsagður hlutur að gera það. Ég fullyrði líka, að þótt skattanefndirnar fái þennan leiðarvísi, þá geri hann ekki nema nokkuð til að létta þeim það starf, sem þær þurfa að vinna og eiga að vinna og eiga léttara með að vinna, ef þær fá lögin samstætt prentuð. Ég fullyrði það, og ég fullyrði enn fremur og ég tala það af reynslu, að þó að þeim hafi verið sendir slíkir leiðarvísar oft áður, þá sýnir það sig alltaf, að þær framkvæma ýmis ákvæði skattalaganna sitt á hvað, og þess vegna er nauðsynlegt að hafa ákvæðin sem allra skýrust.

Svo skal ég að lokum bara segja það, að þó að það sé nú búið að ákveða 200 km fjarlægð, þá er það ekki skattaívilnun, því að það er þá hið gagnstæða, því að sjómenn, sem t. d. hafa farið af Suðurlandsundirlendinu til Vestmannaeyja eða jafnvel hingað bara í Reykjavík, hafa fengið frádrátt fyrir ferðakostnaði, svo að ef það á að binda þetta við 200 km, þá er það minnkun á frádrætti hjá mönnum, en ekki viðbót frá því, sem núna er. Þess vegna segi ég það enn, að tvær af þessum till. eru einungis um það að reyna að gera skýrari ákvæði, sem eru óskýr núna, svo að það sé frekar eftir þeim farið, og sú þriðja um það að gera skattanefndum landsins, ekki bara í Reykjavík, heldur skattanefndunum um allt land, léttara að vinna sitt starf, og það eiga þær sannarlega skilið, eftir að þær eru búnar að bíða með að vinna það þann tíma, sem þeim var það hagstæðast að vetrinum, og verða að gera það, þegar vorannirnar eru að byrja.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 10. landsk. (GÍG) þrjár brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir að lokinni 2. umr. Ég get verið mjög fáorður um þessar brtt. Þær eru að efni til náskyldar brtt., sem ég flutti hér við 2. umr. málsins og náðu þá ekki fram að ganga.

1. brtt. er þess efnis, að ef skattgjald einstaklinga nær ekki fullum 100 kr. eða skattgjald hjóna ekki fullum 200 kr. samkv. þeim skattstiga, sem greinir í 4. gr., þá skuli fella skattinn niður með öllu. Ef þessi till. væri samþ., mundi það svara til þess, að af nettótekjum eða hreinum tekjum hjá einstaklingum um 12500 kr. yrði enginn skattur greiddur, og af barnlausum hjónum yrði ekki greiddur skattur af tekjunum fyrr en þær kæmust yfir 22 þús. kr. Ég tel, eins og ég tók mjög rækilega fram hér við 2. umr., að þessar tekjur séu engan veginn það háar, að réttmætt sé eða eðlilegt að leggja á þær nokkurn skatt, og við það er mín till. miðuð. Þetta hefur engin áhrif á skattstigann og breytir því í engu skattlagningu þeirra, sem eru yfir þessu marki. Það helzt óbreytt, þó að þessi till. verði samþykkt. Mér hefur ekki unnizt tími til þess að gera neina áætlun um, hversu mikilli heildarupphæð þessi niðurfelling skatts á þessum tekjustigum mundi nema, en það er augljóst, að hér getur ekki verið nema um tiltölulega mjög lága upphæð að ræða. Þó að við segðum, að hér væri um að ræða upp undir 10 þús. skattþegna, sem nytu þessara friðinda, sem er sennilega allt of hátt, þá mundi þó ekki skattalækkunin í heild ná fullri milljón króna. Það er því augljóst mál, að fyrir ríkissjóð munar þetta sáralitlu að því er tekjurnar snertir. Hins vegar mundi þetta fækka tölu gjaldenda mjög verulega og á þann hátt létta bæði innheimtustörfum og álagningarstörfum skattsins. Það er áreiðanlegt, að eins og nú er högum háttað borgar sig ekki að leggja vinnu í það að leggja á og innheimta skatt, sem nemur

undir þeim upphæðum, sem hér greinir, 100 kr. á persónu. Þó að þetta yrði samþykkt, þá raskar það á engan hátt, eins og ég greindi frá áðan, skattlagningu annarra manna en þessara, en þetta mundi staðfesta þá réttmætu skoðun, að á tekjur á þessu bili ætti engan beinan skatt að leggja, og létta nokkuð á þeim mönnum, sem nú eiga að greiða þessar upphæðir, auk þess sem það sparar mikið vafstur við álagningu og innheimtu.

7. brtt. á sama þskj. er við 7. gr., og er lagt til, að upphaf 1. málsgr. verði orðað á annan veg en í frv. segir. Efnisbreyting samkv. þessari brtt. er sú, að það er gert ráð fyrir, að þeir menn og konur, sem þurfa að dvelja utan heimila sinna vegna atvinnu, ferðast til annarra staða, kaupa sér þar húsnæði og fæði, jafnframt því sem þeir halda uppi heimili á sínum fasta setustað, skuli njóta sömu kjara og sjómenn á fiskiskipum, sem fá fæðiskostnaðinn dreginn frá, áður en skattur er lagður á tekjurnar. Þetta virðist í alla staði eðlilegt, að hin sama regla gildi um annað fólk, sem vegna atvinnu sinnar verður að dveljast og kaupa sér allar þarfir utan síns fasta heimilis, að það fái að draga slíkan dvalarkostnað frá tekjunum, sem það aflar þar, áður en skattur er á þær lagður. Mér þykir rétt að geta þess, að þessi till. var borin fram í hv. Nd., a. m. k. efnislega eins og þessi, og ef ég man rétt, þá munaði mjög litlu, að hún næði samþykki. Ég held hún hafi verið felld með jöfnum atkv. Þetta sýnir augljóslega, að mikill þorri þm. lítur svo á, að þetta sé sjálfsagt réttlætismál, og ég vildi mega vænta þess, að þessi hv. d. kynni að meta nauðsyn þessa á réttan hátt og sæi sér fært að greiða þessari till. atkv.

Þá er 3. brtt., við 10. gr., að aftan við hana bætist eins og í till. segir. Þessi till. er að efni til hin sama og ég bar hér fram við 2. umr., sem sé þess efnis, að fjölskyldumönnum sé heimilt að draga frá tekjum sínum, áður en skattur er lagður á þær, ákveðinn hundraðshluta, leggja hann í sérstakan sjóð, í sparisjóði eða annarri innlánsstofnun, og binda hann við ákveðnar framkvæmdir, þær framkvæmdir að koma upp íbúð fyrir sig og sína fjölskyldu, þ. e. til eigin nota. Sé þetta fé ekki notað til þess, sem lögin ákveða, þ. e. a. s. að byggja eigin íbúð, heldur tekið út og notað til annarra þarfa, þá kemur það til skatts á því ári, sem það er tekið út. Þessi fríðindi, sem hér er gert ráð fyrir að veita þessum einstaklingum, sem eiga ekki sjálfir íbúðir yfir sig og sína, eru alveg hliðstæð við ýmis sams konar skattfríðindi, sem félög og fyrirtæki njóta, sumpart með ákvæðum um afskriftir, sem í mörgum tilfellum eru mjög rífar og óeðlilega rífar í sumum tilfellum, sumpart með till. um varasjóði og nýbyggingarsjóði, meðan sú löggjöf gilti, eins og hv. þm. öllum er kunnugt um. Ég þóttist verða þess var við umr. um till. hér við 2. umr., að ýmsir hv. dm. litu svo á, að þetta væri næsta eðlileg ósk og mjög skynsamleg ráðstöfun til þess að hvetja menn til að spara fé til að eignast sjálfir íbúð, og ég hef því talið rétt að freista, hvort ekki mætti fá þetta samþykkt hér í d. með því að lækka bæði hundraðshlutann og heildarupphæðina, sem um er að ræða, eins og gert er hér í till. Samkvæmt till. nú er gert ráð fyrir því, að ekki megi leggja meira til hliðar en 15 þús. kr. á ári mest og ekki meira en ¼ hluta teknanna í þessu skyni skattfrjálst og upphæðin alls megi ekki fara fram úr 150 þús. kr., sem þessara skattfríðinda ætti að njóta. Hér er svo í hóf stillt að því er upphæðir snertir, að ég vænti, að hv. alþm., sem telja ástæðu til að gera slíkar ráðstafanir sem þessar, sjái sér fært að fylgja till. Áætlun um, hverju þetta nemi í lækkuðum skatti, er að sjálfsögðu ekki unnt að gera; það yrði aðeins líkindareikningur.

Áður en ég lýk máli mínu um frv., þá þykir mér rétt að vekja athygli hv. dm. á einu atriði í sambandi við skattalögin, sem hefur ekki verið drepið á hér við umr., en ég tel rétt að komi þar fram. Samkvæmt frv., eins og það nú liggur fyrir, virðist vera útilokað, að unnt sé að skattleggja í einu lagi sambúðarfólk, þ. e. karl og konu, sem búa saman eins og hjón, en ekki hafa verið vígð. En eins og öllum hv. dm. er kunnugt, þá hefur skattstofan hér í Reykjavík til þessa heimilað slíku fólki í mjög mörgum tilfellum, a. m. k. ef um barn er að ræða, að telja fram sameiginlega og leggja skattinn á í einu lagi. Ég er því alveg sammála, að sjálfsagt sé, að löggjöfin reyni að hafa áhrif í þá átt, að fólk giftist heldur á venjulegan borgaralegan hátt en að búa í slíkri sambúð sem hér um ræðir. En mér þykir þó rétt að vekja athygli á því, að hér er um verulega breytingu í framkvæmd að ræða frá því, sem nú er. En mér er kunnugt um, að þetta hefur samkvæmt skilningi skattstjóra og ég ætla fjmrn. aðrar afleiðingar, sem sé þær, að slíkt sambúðarfólk sem hér um ræðir og hingað til hefur greitt hjónaiðgjald til tryggingarnna eða það hefur verið skattlagt sameiginlega af skattstofunni, á nú eftir skilningi þessara stjórnarvalda að greiða einstaklingsgjald hvort fyrir sig, og það hlýtur að leiða til mjög verulegrar hækkunar á gjöldum þessa fólks, því að gjald tveggja einstaklinga, karls og konu, er stórum mun hærra en kvænts karlmanns fyrir hann og konuna. Þetta er rökrétt og sennilega óhjákvæmileg afleiðing af þessum breytingum laganna, sumpart ákvæðum, en sumpart framkvæmd þeirra. (Gripið fram í.) Ja, ekki vil ég fullyrða, að það sé rétt hjá hv. þm. Það mun hafa verið nokkuð á reiki utan Reykjavíkur. (Gripið fram í.) Hefur ríkisskattanefnd breytt því alltaf? (Gripið fram í.) Já, ég veit, að undirskattanefndir hafa ekki breytt þessari reglu undanfarið utan Reykjavíkur. En önnur afleiðing fylgir þessu einnig, að ef sambúðarkona, eins og virðist eiga að vera eftir frv., telst hjú hjá sínum sambúðarmanni, annaðhvort ráðskona eða vinnukona, þá leiðir einnig af því, að það ber að greiða vegna hennar bæði slysatryggingariðgjald og einstaklingsiðgjald. Mér þótti rétt að vekja athygli á þessu í sambandi við umræðurnar hér um tekjuskattinn, án þess að ég sjái, hvernig unnt sé að gera nokkrar breytingar, sem lúta að þessu, á því stigi, sem málið nú er, — enda er ég í sjálfu sér sammála þeirri hugsun, sem á bak við þetta liggur, að eðlilegast sé, að slík sambúð eigi sér sjaldan stað, heldur gangi þær persónur í hjónaband. En mér þótti rétt að láta það koma fram hér í umræðunum

og benda á þær afleiðingar, sem þetta hefur í framkvæmd.

**Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Ég þarf nú ekki að svara miklu þeim athugasemdum, sem hafa komið fram hér við þessa umr., en vildi þó aðeins segja nokkur orð um athugasemdir frá hv. 1. þm. N-M. Hann segir, að n. leggi á móti því, að hægt sé að framkvæma skattalögin, með því að vilja ekki mæla með því, að hans till. verði samþykktar, og þetta eigi allt saman að vera samkomulag við skattstjórann í Reykjavík. Þessi ummæli hans eru náttúrlega byggð á ákaflega miklum misskilningi. Þegar ég ræddi um skattstjórann í Reykjavík, þá ræddi ég um hann í sambandi við þá reglugerð, sem verið er að semja um þessi mál og skattanefndirnar eiga að fara eftir, svo að það er ekki um að ræða, að þetta sé samkomulag við skattstjórann í Reykjavík, heldur er þetta á mati skattanefndanna annars vegar og skattstofunnar og skattayfirvaldanna hins vegar, þessi atriði sem hér um ræðir, eins og svo mörg önnur atriði í skattalöggjöfinni. Það hefur ekki þótt gerlegt að setja svo fastákveðnar reglur í löggjöfinni, að ekki yrði hér að vera eitthvert svigrúm fyrir viðkomandi aðila til þess að fara eftir, enda stendur víða í löggjöfinni „eftir mati skattayfirvaldanna".

Hv. þm. minnti m. a. á það, að það væri að fara aftur til minni frádráttar að setja takmarkið um ferðakostnaðinn við 200 km vegalengd. Ég upplýsti áðan, að n. var á þeirri skoðun, að þetta lágmark væri of hátt, það ætti að færast niður, og er því meiri ástæða til þess að halda því fast fram, að svo verði, eftir þær upplýsingar, sem komu frá hv. þm. Og ég vona þá, að hann beiti sínum áhrifum til þess, að það verði tekið upp í reglugerðina, að það verði a. m. k. ekki fært hærra en svo, að það sé engin rýrnun fyrir viðkomandi skattaðila.

Það er alveg eins í skattalöggjöfinni hér í sambandi við 35. gr. laganna, þ. e. a. s. 14. gr. frv., að þar er lagt á vald skattanefndanna, skattayfirvaldanna og yfirskattanefnda að meta þær ástæður, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma, þegar um er að ræða að draga frá gjöld í sambandi við sjúkdóma, og svo er á fleiri stöðum í lögunum. Komi það fram, að skattanefndirnar eða skattayfirvöldin beiti ákvæðum laganna út fyrir þau takmörk, sem lögin ákveða, eða á þann veg, að það þyki óeðlilegt og ósanngjarnt, þá liggur það fyrir að sjálfsögðu að fá slíkt leiðrétt alveg eins með þessa löggjöf og hverja aðra, og vil ég í sambandi við það leyfa mér að benda á, hversu oft hefur orðið að hnika til eða breyta framkvæmd laga um almannatryggingar, vegna þess að það var ómögulegt að setja föst ákvæði um margvísleg fyrirmæli og margvísleg tilvik í þeim lögum. Og sama er að segja að sjálfsögðu um skattalögin. Hér verður að vera fullur skilningur skattayfirvaldanna og þeirra, sem framkvæma það fyrir þeirra hönd, og er útilokað að setja um þetta fast ákvæði með lögum frá Alþ., svo að ekki séu einhverjir árekstrar eða það geti verið gildandi ákvæði í hvaða tilfelli sem er. Ég veit, að það skilur þetta enginn betur en hv. þm. sjálfur, enda sagði hæstv. ráðh. hér: Hvernig dettur hv. þm. í hug að segja svona vitleysu? — Það væri nú kannske nægilegt fyrir mig að taka þessi orð upp og vísa til þeirra. Engum manni öðrum en honum ætti að vera kunnugra um, hversu erfitt er að fastákveða þetta með lagafyrirmælum.

Hv. þm. spurði, hvort ætti að hafa þessi lög frá þinginu að engu, og átti hann þar aðallega við framkvæmdina á 5. gr. laganna um það, ef maður seldi hús og keypti sér annað í staðinn. Ég vildi nú spyrja hv. þm., sem er mjög kunnugur þessum málum, að því, hvort honum t. d. þætti það réttlátt, ef maður hefði selt eign, sem hann væri búinn að eiga skemur en þennan tíma, byggði sér svo hús, sem væri jafnmikið að kostnaðarverði og hitt, sem hann seldi, og sýnilegt, að hér væri ekki um annað en eignayfirfærslu að ræða, þ. e. fyrri eign flutt yfir í aðra fasteign, en þegar tvö ár væru liðin, þá ætti hann t. d. eftir að setja í þetta hús annaðhvort lyftu, sem ætti að koma í húsið, dúka á stiga, eitthvað af hreinlætistækjum eða eitthvað af slíku, sem hann gæti e. t. v. ekki verið búinn að setja inn, vegna þess annaðhvort að það hefði verið bannað að flytja þetta inn, eins og hafa nú verið hömlur á undanfarið, eða að lánsstofnanirnar væru þannig, að hann hefði ekki getað komið lánum sínum í gegn eins og hann þyrfti að gera á þessum sama tíma og hefði því ekki getað gert þetta, — hvort það væri þá sanngjarnt að láta skattleggja þann gróða, sem hann hefði haft af hinni seldu eign, og taka ekkert tillit til þess, þó að hann hefði eytt svo að segja öllu því fé aftur eða kannske öllu því fé og meira fé til í hina nýju byggingu, þó að eftir væri að ganga frá slíkum hlutum sem hér um ræðir. Ég hygg, að það mundu engin skattayfirvöld fremja slíkt ranglæti, sízt hv. 1. þm. N-M. Hann mundi ekki einu sinni í ríkisskattanefndinni láta sér detta í hug að beita slíkum tökum í sambandi við framkvæmd málanna. Þá eru menn í n., m. a. ég, sem vildu gjarnan hafa þennan tíma lengri og m. a. miða við það, að maðurinn hefði byrjað á byggingu, einmitt vegna þessara árekstra, sem hér geta orðið á. Þetta verður því að vera eftir mati skattanefndanna á hverjum tíma, og þá kemur fyrst og fremst til þess að meta það sem grundvallaratriði, hvort maðurinn er að skipta um eign til þess að hafa af því ágóða, en það er alveg ákveðið í lögunum, að þá er ágóðinn skattskyldur, ef um það er að ræða. Ef hann hins vegar er aðeins að byggja það fyrir sjálfan sig til þess að skipta þannig um eign, láta af hendi aðra eign, sem kostar kannske jafnmikið, og fær sér nýja, sem honum er að einhverju leyti hentugri á einn eða annan hátt, þá á ekki að skattleggja gróðann. Þetta er höfuðsjónarmiðið. Og það er alveg fastákveðið í lögunum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði engu svarað um þá athugasemd, sem hann gerði í sambandi við skip og flugvélar. Ég bið afsökunar á því að hafa ekki upplýst það, en ég get sagt hv. þm. það, að það er með vilja gert hjá mþn. að setja þessi ákvæði inn, alveg með opnum augum fyrir því, að þetta er einmitt eina leiðin til þess að geta unnið upp eitthvað af því tapi, sem oft og

tíðum fellur á þessa menn í sambandi við rekstrinn. Við teljum ekki, að það sé nokkurt vit í því, að menn eigi að kaupa skip, taka á sig kannske 300—400 þús. kr. rekstrartap á hverju ári, fá afskriftir samkv. lögum, sem verða ekki gildandi afskriftir, vegna þess að það er ekki hægt að draga það frá neinum ágóða, því að hann hefur ekki verið til, — en svo ef hægt er að selja, þá eigi að skattleggja afskriftirnar án þess að mega draga tapið frá. Það má að vísu færa tap á milli tveggja ára innan vissra takmarka, en það gæti vel svo farið, að ef ætti að skattleggja þennan gróða, þá sæti aðili eftir með stórkostleg töp, sem væri ekki hægt að greiða upp. Þetta veit hv. þm. Ef hins vegar er um það að ræða, að hann heldur áfram rekstri og kaupir sér nýtt skip í staðinn eða nýja flugvél, þá er hann hér að byggja upp varasjóð fyrir áframhaldandi rekstur til þess að geta mætt e. t. v. stórkostlegum töpum síðar. Þetta hefur verið skilningur þessara aðila, sem um þetta hafa fjallað, einnig skilningur hæstv. ríkisstj., að á þessum tímum sé þetta sjálfsagður hlutur. Ég veit hins vegar, að það eru til menn í þinginu, sem mega aldrei hugsa til þess, að menn fái nokkurn tíma nokkurn gróða, án þess að ríkið taki af því stóran skerf, — ja, helzt allan gróðann eða a. m. k. kúfinn af honum, en láti sömu viðkomandi aðila bera allar byrðarnar af rekstrinum og því tapi, sem honum hefur fylgt. Þetta ákvæði er ekki eingöngu gert fyrir skattþegnana. Þetta er líka gert fyrir ríkissjóðinn, þegar komið er inn á þá braut, að það er kvakað til ríkissjóðsins um að láta stórkostlegt fé af höndum til þess að halda atvinnurekstrinum áfram einmitt vegna þeirrar stefnu, sem hefur verið rekin hér í skattamálum á þessa aðila, að þeir hafa aldrei fengið frið til þess að safna neinum sjóði. — Þetta er svar mitt í sambandi við þær afskriftir.

Um allar hinar 160 skattanefndir, sem hv. þm. talaði um, get ég upplýst hann um það, að það getur vel komið til greina, a. m. k. verði ég áfram í mþn. í skattamálum, að það verði sótt fast að leggja allar þessar 160 skattanefndir niður, breyta alveg þessu fyrirkomulagi frá því, sem nú er. Ég tel, að það sé ekkert vit í því að vera að halda 160 skattanefndum í landinu til þess að peðra þessu niður á íbúana. Ég held, að það sé hægt að gera þetta miklu einfaldara og miklu kostnaðarminna fyrir ríkið og miklu öruggara. Ég skal hins vegar ekki ræða það atriði nú, það gefst kannske tækifæri til þess að ræða það síðar. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem hafa verið rædd í mþn. og er óútrætt þar, en verður áreiðanlega rætt frekar, hvort ekki sé hægt að gera þetta allt saman einfaldara og ódýrara fyrir ríkissjóð.

Ég held, að það hafi ekki verið annað, sem ég þurfti að svara í sambandi við athugasemdir frá hv. 1. þm. N-M., en ég skal þá aðeins segja nokkur orð í sambandi við brtt. á þskj. 730 og þau ummæli, sem féllu frá hv. frsm. minni hl.

Það hafði líka komið mjög til umræðu í mþn. sú stefna, sem mörkuð er í 1. brtt. hans, og fara jafnvel enn lengra en þar er ákveðið. Það var m. a. rætt í n. að fella niður alveg allar upphæðir, sem væru undir 100 kr., á sama hátt og ætlazt er til í brtt., og enn fremur allar upphæðir, sem væru fyrir neðan 200 kr., er lagðar væru á alla þá aðila, sem eru frá 16 ára til 21 árs og yfir 65 ára. Um þetta varð ekki samkomulag í n., ekki af því, að það væri andúð gegn þessu út af fyrir sig, síður en svo, heldur vegna þess, að sú upphæð, sem þetta hefði kostað ríkissjóðinn, sem hv. þm. sagði að mundi nema um einni millj. kr., rúmaðist ekki innan þess, sem búið var að gera samkomulag um í sambandi við rýrnun tekna til ríkissjóðs, nema því aðeins að leggja þessa byrði á einhverjar aðrar herðar. Þetta vildi ég láta koma fram hér, að það er ekki gert af andúð á þessu fólki og það er ekki heldur gert vegna þess, að við teljum ekki, að það sé raunverulega eðlilegast að gera það, heldur var á þessu stigi málsins ekki hægt að koma þessu fyrir innan þessara takmarka, nema taka það einhvers staðar annars staðar. Þetta er því eitt af þeim atriðum, sem verður áfram haldið að ræða um og e. t. v. að breyta á næsta ári eða þegar gengið verður frá heildarendurskoðun laganna.

Um 2. brtt. hv. þm. vil ég segja það, að hann vill bæta hér inn í þeim öðrum aðilum, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, en sjómönnum á fiskiskipum og draga einnig frá dvalarkostnað þeirra. En hér er einmitt gengið á móts við þá, sem vilja marka þá stefnu, sem verið er að reyna að marka með þessu frv., og hv. þm. vill fara enn lengra inn á þá braut, þ. e. að gefa þeim mönnum meiri friðindi, sem vinna að fiskveiðum. Báðir hv. þm., sem flytja þessa till., hafa borið fram till. um að fara miklu lengra í að gefa hlunnindi þeim aðilum, sem vinna að fiskveiðunum, gefa þeim skattfrjálsan ⅓ af sínum launum, en á sama tíma eru þeir að tala um, að það sé alveg sjálfsagður hlutur að láta aðra í landinu njóta þessara sömu friðinda. Þetta rekst nú nokkuð á, finnst mér. Mér er hins vegar alveg ljóst, að þegar búið er að gefa öllum fiskimönnum í landinu takmarkalaust skattfrelsi á einum þriðja af þeirra tekjum, þá koma einmitt kröfur einnig frá þeim aðilum, sem hér eru að bera fram þessa kröfu, um að láta aðra menn í þjóðfélaginu njóta sömu réttinda, svo að það sé ekki verið með neitt misrétti hér á þegnana. Fyrst eru haldnar hér langar hrókaræður um það, að það sé of skammt gengið í sambandi við friðindi sjómannanna; svo eru af þessum sömu mönnum haldnar enn aðrar hrókaræður um það, hvers vegna aðrir menn séu ekki látnir fylgja þessum mönnum í þeim friðindum, sem hér er verið að gefa. Ég held, að hv. Alþ. eða a. m. k. hv. meiri hluti Alþ. taki nú ekki svona gagnrýni mjög alvarlega. Hér hefur hv. þm. einnig talið nauðsynlegt, að hafður væri sá fyrirvari, að þetta væri allt eftir mati skattayfirvaldanna, og er þar á sömu skoðun og ég í því máli.

Þá vil ég aðeins segja nokkur orð um 3. brtt. Hún hafði ekki verið rædd í mþn. En ég vil segja það persónulega frá mínu sjónarmiði, að ég tel, að það komi mjög til athugunar við áframhaldandi endurskoðun skattalaganna að taka upp einhverja þá reglu eða hliðstæða reglu og hér er farið fram á. Ég hafði borið fram í mþn. í skatta-

málum að taka upp reglu um skattfrelsi á því, sem lagt er til hliðar af sparifé, og aðrir nm. höfðu haft einnig um það bæði frumtillögur og umræður, og það var mjög mikill áhugi manna að gera eitthvað í þá átt, að ekki væri tekinn skattur af ákveðnum tekjum manna, ef það væri sett á sparisjóði eða til einhvers annars, nokkuð líkt og farið er hér fram á. En einmitt vegna þess, að ekkert af þessu rúmaðist innan þeirra takmarka, sem n. voru sett, eins og þegar er kunnugt, þá var ekki hægt að ræða þetta mál til hlítar, en ég tel sannarlega, að það komi mjög til athugunar, að eitthvert slíkt ákvæði verði sett til frambúðar í lögin, og vænti þess, að hv. frsm. minni hl. geti fallizt á, að það sé ekki eðlilegt, að slík brtt. sé sett inn við 3. umr. í síðari d., því að sjálfsögðu þarf að hugsa um ýmis önnur atriði í sambandi við þetta, sem framkalla einnig, ef ekki hliðstæð fríðindi, þá a. m. k. umræður um hliðstæð atriði. Þetta er það eina, sem ég vildi segja um þessa till.

Að síðustu vil ég svo út af aths. hv. frsm. minni hl. um sambúðarfólk segja það, að ég er honum ekki alveg sammála um þetta atriði. Ég tel, að þetta atriði í skattalöggjöfinni þurfi engu að breyta í sambandi við þau ákvæði, sem eru í tryggingalöggjöfinni um þetta fólk, og ekki heldur því, sem hann talaði hér um, að það þyrfti að breyta iðgjöldunum. Það er alveg ákveðið ákvæði um það í tryggingalöggjöfinni, að iðgjöld skuli þar leggja á hjón og á fólk, sem býr saman. Hv. þm. hefur meira að segja fylgt þeirri reglu í framkvæmdinni, að ef þau hafa búið saman og átt börn saman, þá hefur stofnunin skoðað það eins og um hjón væri að ræða, og þau hafa einnig greitt iðgjöld eftir hjónareglum og konurnar fengið ekkjubætur, ef þær hafa átt börn með mönnum, sem þær hafa búið með. Þetta veit hv. þm., og ég sé ekki, að þessu raski nokkurn hlut það ákvæði, sem hér er um að ræða. Þau fá hins vegar ekki sama rétt í sambandi við skattaframtal, nema því aðeins að þau séu hjón, og þau eru sannarlega ekkert of góð til þess að ganga undir það jarðarmen, — ef það mætti orðast svo, — úr því að þau búa saman, eiga börn saman, að fylgja þá landslögum. Það á sannarlega ekki að ýta undir það, að menn hópum saman geti búið með konum, átt með þeim börn án þess að tryggja þeim jafnrétti í sambandi við eignir manna. Það er alveg fjarri mér að vilja styðja að því, að þessu ákvæði í frv. verði breytt, enda hefur ekki hv. þm. borið fram neinar brtt. í sambandi við það.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég þarf nú ekki að svara þm. Barð. neinu í raun og veru. Hann reyndi svolítið að hártoga það, sem ég sagði. Hann sagði sjálfur, að hann væri samkvæmur við skattstjórann, hvernig þetta yrði haft í framkvæmdinni. Það voru ekki mín orð. Það voru hans orð. — Þá minnti ég hann á, að það væru í kringum 260 skattanefndir í landinu, svo að það væri ekki skattstjórinn í Reykjavík, sem talaði við alla um framtölin. Sömuleiðis er það, að þótt skattan. verði færri og framkvæmdin gerð einfaldari seinna meir, þá kemur það þessu máli ekkert við núna. Þær eru núna þetta.

En það, sem gaf mér tilefni til að standa upp, var það, að ég fór að lesa till. á þskj. 730 frá 4. þm. Reykv. og vildi leyfa mér að gera við eina brtt. Hún er við 3. liðinn. Hjá honum hljóðar till. svona: „Fjölskyldumenn, sem eiga ekki 90 ferm. íbúð eða stærri, þegar l. þessi öðlast gildi“ o. s. frv. Hann ætlast í fyrsta lagi til þess, að þeir menn, sem geti orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem í þessari gr. stendur, verði að vera fjölskyldumenn. Nú er það vitaður hlutur, að meðan maðurinn er einhleypur og hefur sínar tekjur, þá á hann hægra með að leggja fyrir, ef hann hefur ákveðið mark að stefna að og vill safna fé til þess, og þess vegna legg ég til, að í staðinn fyrir fjölskyldumenn komi „menn“ og þeir þurfi ekki að eiga íbúð. Ég legg til, að gr. byrji svona: „Menn, sem eiga ekki íbúð, þegar l. þessi öðlast gildi“ o. s. frv. Með því fá allir menn í landinu, ógiftir eða giftir, sem eiga ekki íbúð, loforð um það, að allt að 15 þús. kr. af þeirra tekjum, ef þeir geta lagt þær fyrir til að tryggja sér framtíð, annaðhvort með því að kaupa hús í kaupstað eða kaupa jörð í sveit, — það er íbúð líka á henni, — ef þeir geta lagt það fyrir, þá fái þeir það frádráttarbært á ári, allt þangað til þeir eru búnir að fá 150 þús. Og þó að fjölskyldurýti á eftir, börnin ýti á eftir um að reyna að fá sér íbúð, þá er ég alveg viss um það, ef svona ákvæði væri sett inn, þá mundi það verða mjög til þess, að einhleypir menn hugsuðu meira um sína framtíð og reyndu frekar að tryggja sér fé til þess að geta búið um sig, þegar þeir giftast eftir nokkur ár. Ég tel þess vegna, að þessi brtt. mín sé til bóta, og ég vona, að frsm. geti fallizt á hana, og ég vona, að þm. Barð., þegar hann fer að hugsa um þetta seinna, — hann segist nú hafa verið að hugsa um þetta sama, — sjái líka, að það þarf að víkka tillöguna út, þannig að hún geti náð ekki bara til fjölskyldumanna, heldur manna, sem eiga ekki hús. Aftur á móti sé ég enga ástæðu til þess fyrir menn, sem eiga hús, 90 m², að láta þá bara fá þetta til þess að geta selt það hús og byggt annað.

Nú skal ég geta þess í sambandi við þetta ákvæði um tvö árin, sem við höfum deilt um og ég vil fá skýrara ákvæði um, að það versta verk, sem ég hef þurft að gera sem ríkisskattanefndarmaður, er einmitt út af fimm ára ákvæðinu, sem var í l. um það að selja hús. Ég skal þá segja það líka, og þið getið þá séð á því líka, hve nauðsynlegt er að prenta lögin, að það var lögfræðingur í Reykjavík, sem hafði mikinn praksis og sat á Alþ. um tíma, sem lét konu, sem hann var fjárhaldsmaður fyrir, selja húseign fimm dögum áður en hún var búin að eiga það í 5 ár og fá á sig tekjuskatt á annað hundrað þúsund krónur fyrir ágóða af hússölunni. Lögin voru ákaflega skýr, og hún varð að borga tekjuskatt af því. En hann hefði haft fulla þörf á því, sá lögfræðingur, þó að hann væri lögfræðingur og ekki skattanefndarmaður, að hafa lögin í einu lagi, svo að hann gæti séð, hvað eru l., en ekki á ótal stöðum, eins og nú á að vera. Og ég spái því, að þegar skattanefndir fara að toga sitt á hvað þetta ákvæði og hvort það sé nú búið að byggja húsið, þegar þrjú ár eru liðin eða fjögur ár eru liðin eða fimm ár eru liðin, þá fari mörg-

um svipað. Það má náttúrlega segja það, að það eru tvö ár tiltekin í frv., en ekki sagt, hvort það á að vera búið. Það á að halda opnum sköttunum í nokkuð mörg ár, þangað til það er víst, að húsið sé búið. — En það var nú til þess að gera grein fyrir þessari brtt., sem ég hef nú hripað hérna upp við brtt. á þskj. 730, sem ég kvaddi mér hljóðs.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 766) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Haraldur Guðmundsson):** Út af brtt. hv. 1. þm. N-M. við till. *mína* og hv. 10. landsk. (GÍG) vil ég taka fram, að ég get fallizt á hana og mun greiða henni atkv. Nái hún samþykki, mun ég að sjálfsögðu óska eftir því, að till. þannig breytt verði samþ. af hv. dm.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um þær ábendingar, sem ég gerði hér áðan í sambandi við *breytingar á skattlagningu sambúðarfólks*, þykir mér rétt að taka þetta fram: Það var ekki mín ætlun að flytja neina brtt. við l. í sambandi við þetta atriði, heldur vildi ég gjarnan, að það kæmi hér fram í umr., að þetta hefði verið athugað. En það, sem fyrir mér vakti, var það, að það er e. t. v. nokkuð harðneskjulegt að beita þessu ákvæði nú þegar á fyrsta ári, sem ekki er leitt í l. fyrr en núna einhvern tíma í aprílmánuði og á að gilda gagnvart skattlagningu á tekjur ársins 1953, því að hugsanlegt er, að eitthvað af þessu fólki, og það mun vera þarna um töluvert margt fólk að ræða, hefði viljað breyta sinni hjúskaparstétt, ef um þetta hefði verið vitað. Það getur munað, skilst mér, fast að þúsund krónum, sem geta orðið hærri tryggingagjöld hjá fólki, ef það er skattlagt eins og gert er ráð fyrir á skattstofunni nú, eða eftir þeim aðferðum, sem áður voru hafðar, þar sem sambúðarfólk, sem var skattlagt í einu lagi, var látið greiða hjónaiðgjald til trygginganna.

Ég vildi út af ummælum hv. frsm. segja það, að það er ekki Tryggingastofnunin, sem leggur þessi gjöld á. Samkvæmt lögum eru það skattanefndir, sem ákveða gjöldin, og það eru þær, sem setja reglurnar um þetta, að sjálfsögðu að nokkru leyti í samráði við Tryggingastofnunina. Og ég minnist þess ekki, að neins staðar í lögunum séu ákvæði um það, að iðgjöld á sambúðarfólk skuli vera önnur en á tvo einstaklinga. Það er aðeins framkvæmdaratriði, sem hefur byggzt á þeirri túlkun, að sambúðarfólk, sem er skattlagt eins og hjón til ríkisins, sé einnig skattlagt eins og hjón til Tryggingastofnunarinnar. Um leið og framkvæmdin gagnvart ríkissjóði breytist, telja skattayfirvöldin — og sennilega réttilega, að það hljóti einnig að breytast tilsvarandi að því er snertir álagningu iðgjaldanna.

Það, sem ég því vildi vekja athygli á með þessu, er nánast það, hvort ekki væri til athugunar að veita einhverja undanþágu frá því nú á fyrsta ári, ef þetta ásamt öðru mætti verða til þess, að fólk tæki heldur á sig hnappheldurna — held ég hv. frsm. hafi orðað það — en að vera í þessum lausakaupum áfram.

ATKVGR.

Brtt. 730,1 felld með 11:4 atkv.
— 665,1 felld með 13:3 atkv.
— 730,2 felld með 11:4 atkv.
— 765 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 665,2 felld með 10:5 atkv.
— 766 felld með 10:6 atkv.
— 730,3 felld með 10:5 atkv.
— 718 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 665,3 samþ. með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JK, PZ, SÓÓ, AE, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, HermJ, IngF, JJós.

**nei:** KK, VH, BSt, GíslJ.

1 þm. (LJóh) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég er að vísu meðmæltur því, að skattalögin séu prentuð í heild sinni, en séu ekki í smábútum. En á hinn bóginn finnst mér óþarfi, að það sé gert tvisvar á ári, og þar sem það liggur beinlínis fyrir, að endurskoðun skattalaganna heldur enn áfram og væntanlega er mjög skammt eftir því að bíða, að þeirri framhaldsendurskoðun verði lokið og þá þurfi að prenta skattalögin, þá segi ég nei.

**Gísli Jónsson:** Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Eyf. segi ég nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 84. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 767).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er komið frá Ed. Á *því hafa ekki verið gerðar neinar breytingar*, sem umtalsverðar eru. Þessa vildi ég geta til upplýsingar fyrir hv. þm.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Í framhaldi þeirrar till., sem flutt var hér af okkur fjórum hv. þm., hv. 4. landsk., hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Rang., við þetta frv., þegar það var seinast hér til umr. í hv. d., þá höfum við leyft okkur, tveir þeirra, að flytja hér aftur till., sem gengur reyndar nokkuð skemur en hin upphaflega till. okkar gerði ráð fyrir. En það hefur ekki unnizt tími til að prenta hana, og er till. í prentun. Hins vegar vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa þessa till., eins og hún er nú orðuð, en hún er við 7. gr.

„Fyrri málsl. h-liðar í 4. tölul. orðist svo: Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, svo og dvalarkostnað manna, sem leita þurfa sér atvinnu utan heimilissveitar sinnar og hafa þrjá eða fleiri einstaklinga á framfæri sínu, og við ákvörðun þessa kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda."

Af þessari till. er ljóst, að hún gengur, eins og ég sagði áðan, nokkuð skemur en hin upphaflega till. okkar, og er hér einstaklingunum

sleppt og að sjálfsögðu nokkuð gengið á þeirra rétt. Hins vegar virðist vera sanngirnismál, að tekið sé tillit til þessara manna, sem leita þurfa utan síns heimahéraðs eftir atvinnu, að þeir fái nokkra ívilnun um skatta, þar sem óhjákvæmilegur aukakostnaður hlýtur að dragast frá þeirra tekjum.

Hér er einungis farið fram á, að fjölskyldufeður njóti þessa réttar, og ef dæma má eftir þeim úrslitum, sem fyrri till. okkar fékk hér í hv. d., þegar hún var felld á jöfnum atkvæðum, þá mætti þess vænta a. m. k., að það yrði frekar til þess, að till. næði samþykki, að einungis er hér farið fram á þessa ívilnun fyrir heimilisfeður, sem hafa þrjá eða fleiri á framfæri sínu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 782) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 782 felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EOl, EmJ, GilsG, GJóh, HV, KGuðj, LJós, SG, BergS, EggÞ, EI.

**nei:** EirÞ, EystJ, GíslG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, SB.

HÁ, MJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (GTh, GÞG, BFB, JörB, PO) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

## 36. Fyrningarafskriftir.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir** [168. mál] (stjfrv., A. 463).

Á 62. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Með lögum nr. 59 frá 1946 voru heimilaðar sérstakar fyrningarafskriftir á skipum og nokkrum öðrum tækjum. Þessi heimild náði til þeirra tækja, sem aflað var eða tekin voru í fyrstu notkun árin 1944—48. Síðan hafa þessi lög verið framlengd tvisvar, en nú eru þessar heimildir runnar út. Er nú lagt til, að þetta fyrirkomulag verði enn framlengt til ársloka 1956 eða í þrjú ár. Það hefur verið höfð um þetta sérstök löggjöf, en ekki blandað inn í skattalögin, og er stungið upp á því enn, að svo verði framvegis. Það er vonazt eftir, að upp úr helginni verði lagt fram frv. til l. um breyt. á skattalögunum, en það hefur ekki verið tekinn sá kostur að láta þetta atriði bíða eftir þeim, heldur er ráðgert, að þetta verði áfram í sérstökum lögum. Þykir það réttara. Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 499).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum, sem fylgja þessu lagafrv., þá er það flutt af hæstv. ríkisstj. til þess að fá framlengd lagaákvæði um sérstakar fyrningarafskriftir, sem hafa verið í gildi síðan 1946. Upphaflega munu þessi ákvæði hafa gilt aðeins í 3 ár, síðan verið framlengd takmarkaðan tíma í senn og eru nú útrunnin. Það er gert ráð fyrir því, að þessi framlenging gildi í 3 ár, 1954—56 að báðum meðtöldum.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það sé samþykkt. Einn nm., hv. 1. landsk. þm., hefur þó skrifað undir álitið með fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir við þessa eða 3. umr., ef honum þykir ástæða til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

2. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Þegar mál þetta var til meðferðar í fjhn. hv. d., skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Þegar mál þetta var tekið til 2. umr. á síðdegisfundi, var ég fjarstaddur, bundinn við önnur skyldustörf, og gat því ekki þá gert grein fyrir því, í hverju fyrirvari minn er fólginn, en ég vil nú leyfa mér að gera það með örfáum orðum.

Þegar málið var rætt í n., vakti ég athygli á því, að reglurnar, sem nú giltu um heimild til sérstakra fyrningarafskrifta, væru að ýmsu leyti ófullkomnar og jafnvel varhugaverðar. Í þessum reglum felast geysileg skattfríðindi til handa þeim fyrirtækjum, sem þessi heimild tekur til. En reglunum er að ýmsu leyti ábótavant. Það er t. d. sérstök nauðsyn á að setja þá um leið miklu ýtarlegri og strangari reglur en nú gilda um heimild til þess að draga viðhaldskostnað eigna frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Enn fremur benti ég á, að nauðsynlegt væri að setja sérstakar reglur, sem gera það að verkum, að þær tekjur, sem verða skattfrjálsar vegna hinna háu fyrningarafskrifta, yrðu skattlagðar, ef hlutaðeigandi fyrirtæki eða atvinnurekandi selur eign sína. Það er sjónarmið út af fyrir sig að veita fyrirtækjum mikil skatthlunnindi með háum fyrningarafskriftum, meðan framleiðslutækin eru í eigu skattgreiðandans, en það er fráleitt að láta þessi skattfríðindi haldast, eftir að eigandi framleiðslutækisins hefur selt það með miklum hagnaði. Ég kvaðst vilja bíða eftir því, hvort von

væri á einhverjum breytingum um þetta efni í skattafrv. hæstv. ríkisstj. Ein gr. þar fjallar um nokkra breytingu í þessu efni, þar sem svo er kveðið á, að fyrningar, sem áður hefðu verið skattfrjálsar, skyldu verða skattskyldar, ef eignin væri seld fyrir verð, sem væri hærra en bókfært verð, en þó á þessi skattskylda ekki að ná til fasteigna og skipa. Ég tel mjög varhugavert, að skattfrelsið skuli eiga að haldast af fyrningu skipa, sem heimilt er að afskrifa á fimm árum samkv. þessu frv., ef samþ. verður, og mun ég bera fram brtt. um það efni. En hitt þyrfti einnig, ef haldið er áfram á þessari braut að veita jafngífurleg skatthlunnindi og gert er með þessum háu fyrningarafskriftum, að gera öll þessi ákvæði ýtarlegri og þó alveg sérstaklega að takmarka heimild manna til þess að draga frá tekjum viðhaldskostnað af þessum eignum. Mér skilst, og styðst það raunar við nokkra athugun, að ef þessi ákvæði fá að gilda áfram, eins og gert er ráð fyrir í frv., og venjur skattanefnda hvað snertir heimild til frádráttar á viðhaldskostnaði, þá sé svo um ýmis fyrirtæki, ég nefni hraðfrystihús sem dæmi, að það er varla hugsanlegt, að þau græði svo mikið, að þau geti ekki komizt undan að greiða skatt, með tilliti til þeirra fyrningarreglna, sem hér er gert ráð fyrir, og gildandi venja um viðhaldsfrádrátt. En það nær auðvitað engri átt að hafa skattareglur þannig, að fyrirtæki, þótt þau stórgræði, skuli geta komið sér undan skattgreiðslu beinlínis samkv. gildandi lagareglum. Hér þyrfti því talsvert um að bæta, ef þessar reglur eiga að halda áfram að vera í gildi. Sumpart er hægt að laga þetta við meðferð tekjuskattslaganna, og mun ég á þeim vettvangi gera till. um það. En ég vildi ekki láta umr. málsins ljúka í d. án þess að gera grein fyrir þessum sjónarmiðum, sem ég einnig vakti athygli á í hv. fjhn. Fyrirvari minn var þessu atriði bundinn.

**Forseti (SB):** Það hefur komið fram ósk um að fresta umr., og verður við henni orðið. Málið er tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 463, 666).

Afbrigði um brtt. 666, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þessi brtt. fjallar um það, að hið sama gildi um flugvélar og skip. Það sýnist vera mikil ástæða til þess að greiða fyrir því, að Íslendingar eignist flugvélar, bæði til fólks- og vöruflutninga, og eitt af því, sem gæti ef til vill greitt fyrir í þessu efni, væri það, ef leyft væri að afskrifa flugvélarnar eftir svipuðum reglum og nú er leyfilegt að afskrifa skip. Ef svo kynni að fara, að flugfélögin hefðu tekjur til þess að standa undir slíkum afskriftum, þá sýnist þetta vera mjög eðlilegt og engin ástæða til þess að gera flugvélum lægra undir höfði en skipum. Ég vil vonast eftir því, að hv. þdm. fallist á þessa till.

ATKVGR.

Brtt. 666 samþ. með 19:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 684).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 684, n. 770).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Í þessu frv. eru tvenns konar ákvæði. Í fyrsta lagi að framlengja réttinn til þess að afskrifa skip, eins og heimilað var með l. nr. 29/1946, einnig þetta yfirstandandi ár, næsta ár og 1956. Annað atriði frv. er að heimila, að farþega- og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í notkun á árunum 1954—56, fái einnig þessi sömu réttindi til fyrningarafskrifta eftir sömu reglum og hafa verið um skip.

Fjhn. hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþ. óbreytt. Þó skal þess geta, að einn nm., hv. þm. Seyðf. (LJóh), var ekki viðstaddur sökum veikinda, þegar n. afgreiddi málið, og er mér ókunnugt um afstöðu hans.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að athuga betur en gert hafði verið, þegar nefndarfundurinn var haldinn, hvort örugglega væri gengið frá því, að ekki væri hægt að fyrna sömu eign oftar en einu sinni, og í öðru lagi, hvort ekki væri ástæða til að setja fyllri reglur um það, á hvern hátt þessar fyrningarafskriftir yrðu skattlagðar, ef um gróða væri að ræða á sölunni umfram það, sem greint er frá í lögunum frá 1946. Vegna þess mikla hraða, sem er hér á afgreiðslu mála, og langra fundarhalda hefur mér ekki unnizt tími til að semja brtt. um þetta efni og verð því að láta málið fara fram, án þess að brtt. komi fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 806).

## 37. Fasteignaskattur.

Á 68. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt** [184. mál] (stjfrv., A. 547).

Á 69. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, n. 579).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Það er raunar nokkuð langt síðan sveitarfélögin fóru að kvarta um það, að tekjuöflun þeirra væri ekki miðuð við æskilega stofna. Ég ætla, að það hafi verið 1951, sem bæjarstjórafundur sendi Alþ. óskir sínar um úrbætur og lét fylgja óskunum till. frá sér í frumvarpsformi um það að veita sveitarfélögunum hlutdeild í söluskatti. Alþ. féllst ekki á þetta, en samþ. hins vegar þáltill. um að skipa n. til að endurskoða skattamál og um leið að endurskoða verkaskiptinguna milli sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar og tekjuskiptinguna milli þessara aðila. Nú hefur þessi n. skilað allvíðtækum till. til ríkisstj. um tekju- og eignarskatt, og þær till. hafa verið lagðar fyrir Alþ. Þær fela alls ekki í sér neinar úrbætur fyrir sveitarfélögin, þvert á móti er í þeim till. nokkuð gengið á þá stofna, sem sveitarfélögin hafa haft til tekna. Þar á ég við það, að afnuminn er stríðsgróðaskattur hjá persónulegum skattgreiðendum, en sveitarfélögin hafa haft 45% í tekjur af þeim skatti, þar sem hann hefur fallizt til. Enn fremur er lækkaður stríðsgróðaskattur af greiðslum félaga um 20%, og minnkar hlutur sveitarfélaganna í sama hlutfalli. Þetta var skattamálanefndinni ljóst, þó að ekki ynnist tími til þess að gera till. um tekjuöflun sveitarfélaganna, og að tilhlutun nm. er frv. það lagt fram af ríkisstj., sem nú er hér til umr. og er um það að láta fasteignaskatt þann, sem ríkissjóður hefur tekið allt síðan 1922, renna til sveitarfélaganna. Þetta er ekki mikil úrbót. Það má segja, að með því sé aðeins sýndur litur, því að allur þessi skattur er áætlaður á fjárl. 700 þús. kr. Það er sýnt, að ekki getur mikið komið í hlut hvers sveitarfélags, en þó nokkrar upphæðir í hlut sumra sveitarfélaga.

Eins og frv. er lagt fyrir, þá er gengið út frá því, að sveitarfélögin fái þessar tekjur fyrirhafnarlaust, þ. e., að innheimtumenn ríkisins innheimti skattinn eins og áður og honum verði skilað í einni upphæð til hvers sveitarfélags. Þeir, sem frv. sömdu, álitu, að þetta væri réttmætt, að skatturinn kæmi í hlut sveitarfélaganna eða að honum yrði ávísað til sveitarfélaganna, án þess að þau þyrftu að leggja fram vinnu hans vegna, og hins vegar mundi vera útgjaldalaust fyrir ríkið að innheimta hann eins og áður. En eftir að frv. kom fram, og um það bil sem verið var að taka það til athugunar í fjhn., þá gáfu sig fram stjórnendur félags héraðsdómara og óskuðu eindregið eftir því, að af lögreglustjórunum og þeim, sem innheimt hafa þennan skatt, yrði létt innheimtunni og sveitarfélögunum gert skylt að innheimta sinn skatt. Þetta rökstuddu stjórnendurnir með því, að þegar þessi skattur rynni ekki lengur í ríkissjóðinn, þá væri hann allörðugur í bókhaldi fyrir þá og ekki sízt vegna þess, að nú væri verið að taka upp nýtt form og hentugra á innheimtu skatta og vélabókhald það, sem hagstofan hefur yfir að ráða, mundi leggja innheimtumönnum í hendur innheimtuskrár í manntalsbók, sem væri hægt að binda saman og mynda úr manntalsbók, og þá yrði þessi skattur utanveltu eða félli ekki inn í formið og mundi því valda kostnaði og fyrirhöfn, sem ástæðulaust væri að hafa, úr því að hann væri ekki lengur tekjur ríkisins. Eftir að hafa athugað þetta féllst fjhn. á sjónarmið héraðsdómaranna, en hins vegar taldi n. rétt, að þeim væri gert að skyldu að láta sveitarfélögunum í té í fyrsta sinn skrá yfir þennan skatt, svo að þannig fengju innheimtumenn sveitarfélaganna í hendur grundvöll til innheimtunnar. Þá eru aðalómök spöruð, vegna þess að hjá sömu aðilum þurfa flest sveitarfélögin a. m. k. að innheimta þann heimildarskatt, sem þau hafa rétt til að taka og nota sér að taka hjá þessum sömu aðilum.

Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. að efni til með þeim breytingum, sem fylgja útgefnu áliti hennar. En þær breytingar eru eingöngu um það að verða við till. stjórnar félags héraðsdómaranna um að létta af lögreglustjórunum eða öðrum þeim innheimtumönnum, sem heimt hafa þennan skatt fyrir ríkið, innheimtunni og skylda þá til þess þó að semja innheimtuskrár á þessu ári eftir sem áður og afhenda þær sveitarstjórnunum.

Þessum breytingum fylgdi það, að það þurfti að breyta nokkrum orðum í l. að öðru leyti fram yfir það, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir. 4. gr. l. um fasteignaskatt frá 1941 hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef fasteign, sem metin hefur verið í einu lagi, er skipt og eigendur æskja þess, að hver hluti sé talinn sérstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt till. sínum."

Í samræmi við þá breytingu að öðru leyti að færa til innheimtuna þykir líka rétt að færa þetta úrskurðarvald heim í sveitarfélögin, og þess vegna er a-liður 1. till. fram kominn, að í stað orðanna „lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt till. sínum" í niðurlagi 4. gr. l. komi: sveitarstjórn, sem leggur úrskurð á beiðnina.

5. gr. l. um fasteignaskatt hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef enginn

umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefur til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.“

Til samræmis er lagt til, að í stað orðanna „lögsagnarumdæmi“ og „lögreglustjóri“ í 5. gr. komi: sveitarfélagi, sveitarstjórn.

Þá er breyting á 8. gr. l. á aðra leið en gert er ráð fyrir í frv. eða svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Skatt þennan skulu sveitarstjórnir innheimta, og fellur hann í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1954. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annan gjalddaga fyrr á árinu.“

Loks er það svo 3. brtt., með leyfi hæstv. forseta, að á eftir 3. gr., sem verður 5. gr., komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim l., er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. júní 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs í umdæminu skrá yfir fasteignaskattsgjaldendur í sveitarfélaginu, og sé á skránni tilgreindur skattur hvers gjaldanda fyrir árið 1954.“

Eins og ég sagði áðan, þá er ekki, þótt þetta frv. verði að l., mikil úrbót gerð fyrir sveitarfélögin, en það er þó sýndur litur og bent í þá átt, að Alþ. vilji í framtíðinni koma því þannig fyrir, að sveitarfélögin hafi álöguréttinn á fasteignir. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þessi úrbót hljóti aðeins að standa stutt, því að ég tel allar líkur til þess, að sú n., sem er að endurskoða tekjuöflunarleiðir sveitarfélaga, tekjuöflunarlöggjöf þeirra, hljóti að stefna að því að gera hana sem einfaldasta og þá um leið að afnema það, að sveitarfélögin taki fasteignaskatt í tvennu lagi. En það á vitanlega ekki við, að Alþ. á þessu stigi, úr því að endurskoðunin stendur yfir, breyti þessum l. frekar en hér er lagt til, að ávísa skattinum eins og hann er og láta það vera undir endurskoðun og síðari samþykkt komið, hvernig málunum verður frekar ráðstafað. Þetta er sem sé bráðabirgðaráðstöfun, sem hér er lögð til.

**Andrés Eyjólfsson:** Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli hv. d. á því, og þá sérstaklega n., sem hefur nú gefið út nál. um þetta mál, að í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir því, með leyfi hæstv. forseta, að „lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim l., er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. júní 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs“ o. s. frv. Það er þetta atriði, 1. júní, sem ég álít að sé dálítið óheppilegt fyrir sveitarstjórnirnar, vegna þess að lögum samkvæmt eiga þær að leggja útsvörin á í maímánuði, og það væri heppilegra fyrir þær að vera búnar að fá vitneskju um það, hvað þessi fasteignaskattur mundi nema mikilli upphæð, áður en þær leggja útsvörin á. Það er aðeins þetta atriði, sem ég vildi biðja hv. n. að taka til athugunar fyrir 3. umr.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Aths. hv. þm. Mýr. er að sjálfsögðu athugunarverð, og ég tel eðlilegt, að fjhn. taki hana til umræðu fyrir 3. umr. málsins. Þessi ákvörðun um 1. júní er miðuð við það, að gjalddagi skattsins er ákveðinn 1. júlí, og vitanlega er hægt fyrir sveitarstjórnir að afla sér upplýsinga um heildarskattinn hjá hlutaðeigendum. Spurningin er þetta, hvort það er of strangt fyrir þá, sem skrárnar eiga að semja, að hafa þær tilbúnar fyrir 1. júní, en sveitarstjórnunum er, eins og hv. þm. Mýr. benti á, auðvitað hentugra, að þær liggi fyrir, þegar þær jafna niður útsvörum.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að gera þetta frv. að miklu umræðuefni, en hv. frsm. n. drap á það í upphafi máls síns, hvílíkum vandræðum sveitarfélög landsins eru í með sín fjárhagsmál. Það hefur árum saman verið alkunnugt, að þau eiga ekki greiðar leiðir út úr þeim ógöngum, sem þau eru komin í, með því að ríkissjóður sjálfur hefur farið allar þær leiðir, sem finnanlegar hafa verið til þess að leggja á skatta og taka þá í sinn vasa. En ég vil aðeins láta það koma fram af minni hálfu, að ég lít ekki á þetta mál sem hina allra minnstu úrbót í þessum efnum fyrir sveitarfélög landsins. Ef einhver vildi halda því fram, að það, að fasteignaskattur, sem til þessa hefur runnið í ríkissjóð, en á nú samkvæmt þessu frv. að renna til sveitarfélaga landsins, væri einhver úrbót í fjármálum sveitarfélaga, þá er það hin argasta blekking. Fasteignaskattur sá til ríkissjóðs, sem er um að ræða í þessu frv., er í fjárl. þessa árs, ef ég man rétt, áætlaður um 700 þús. kr. á öllu landinu, og skal ég t. d. geta þess, að hv. 10. landsk. (*GÍG*) *upplýsti mig* um það hér rétt áðan, að í öllu hans umdæmi, Gullbringu- og Kjósarsýslu með Hafnarfirði, hefði þessi skattur árið 1951 numið innan við 50 þús. kr. Ég held, að allir sjái, að slíkar upphæðir sem hér er um að ræða hafa lítið að segja fjárhagslega fyrir sveitarfélög landsins í heild sinni, því að þau munu nú leggja á útsvör, sem nema hátt á annað hundrað milljónum króna. En eigi að síður sé ég mér ekki fært að leggjast á móti þeim brtt., sem hv. n. flytur við þetta frv. og eru þess efnis, að sveitarfélögum sé gert að skyldu að innheimta þennan óverulega skatt.

En ég vil benda á, að eins og það mun varla nema fyrirhöfn og kostnaði við innheimtu þessa skatts fyrir embættismenn ríkisins eins og nú er, þá er það áreiðanlega enginn greiði og e. t. v. bara hermdargjöf að gera sveitarfélögunum að skyldu að innheimta þennan skatt, þó að hann eigi að falla til þeirra. Ég er alveg viss um, að t. d. í sveitarfélagi, sem ég hef með að gera, er þessi skattur ekki fyrir innheimtukostnaði á honum.

Ég býst nú ekki við, að því verði haldið fram neins staðar, að með þessu frv. sé gengið til móts við sveitarfélög landsins og bætt úr þeirra fjárhagsvandræðum í neinni alvöru, en það má vera, að þessu hafi verið slegið fram eða verði slegið fram. Það er nú sýnilegt, að á útsvarslögum, sem hafa verið í endurskoðun ásamt l. um tekju- og eignarskatt, verður engin breyting gerð sveitarfélögunum til hagsbóta á þessu þingi.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál heldur nú. Ég vona, að hv. stjórnarflokkum sé ljóst, að það getur ekki beðið mörg ár enn, að fjárhagsmál sveitarfélaganna verði tekin til alvarlegri og ábyrgari meðferðar en hefur verið gert og er enn gert á þessu þingi. Ég vil aðeins láta það koma fram, að þetta frv., sem hér er á ferðinni, hefur alls enga þýðingu í þeim efnum, og er enginn greiði gerður sveitarfélögum landsins með því að gefa þeim þennan skatt og leggja á þau innheimtu hans.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 579,1.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 579,1.b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. án atkvgr.
— 579,2 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 579,3 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 601).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls í gær var vakin athygli á því af hv. þm. Mýr., að tímatakmark í ákvæði til bráðabirgða í frv., sem hér liggur fyrir, væri ekki hentugt fyrir sveitarstjórnir; það væri æskilegra, að skýrslur þær, sem það gerir ráð fyrir að sveitarstjórnir fái frá fyrrverandi innheimtumönnum ríkisins á þessum skatti, komi þeim fyrr í hendur eða um það leyti, sem þær hafa til meðferðar niðurjöfnun útsvara og ganga frá áætlun sveitarsjóðanna fyrir árið til fulls. Fjhn. hefur talið rétt að taka þessa bendingu til greina, og ég vil nú hér með fyrir hennar hönd leggja fram skriflega brtt. á þá leið, að í stað orðanna „1. júní“ komi: 1. maí, og afhendi hér með hæstv. forseta till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 615) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Andrés Eyjólfsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. n. fyrir að hafa tekið svona vel undir athugasemd mína frá því í gær. Eins og ég sagði þá, eiga sveitarstjórnir í sveitum landsins samkvæmt lögum að vera búnar að ljúka útsvarsálagningu fyrir maímánaðarlok. Þeim er því miklu hagfelldara að vera búnar að fá þessar skýrslur í hendur, áður en þær gera áætlanir um tekjur og gjöld hreppsins og einnig áður en þær leggja útsvörin á hvern einstakan mann. Hef ég svo ekki fleira um þetta að segja; óska aðeins, að brtt. hv. n. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 615 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 616).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 616, n. 701).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er stjfrv., komið hingað frá hv. Ed. Efni þess er að gera þá breytingu á l. frá 1921 um fasteignaskatt, að skatturinn renni hér eftir í bæjar- og sveitarsjóði, en ekki til ríkissjóðs.

Fjhn. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 616.

**Jón Sigurðsson:** Herra forseti. Þetta frv. er, eins og þegar hefur verið getið um, stjfrv., en hefur verið breytt talsvert í Ed. Sú breyting, sem Ed. hefur gert á því, er á þá leið, að í stjfrv. var gert ráð fyrir, að sýslumenn önnuðust innheimtu þessara gjalda, en Ed. hefur breytt því á þann veg, að framvegis séu það oddvitar og bæjarstjórnir, sem skulu innheimta gjaldið.

Ég og ýmsir fleiri lítum svo á, að þessi breyting hafi verið til hins lakara, og styðst það við það, að það er yfirleitt reynsla, að innheimta til þess opinbera eða til ríkissjóðs gengur greiðara en allajafna til sveitar- og bæjarsjóða. Í öðru lagi þurfa þessir innheimtumenn, sem eru sýslumenn og bæjarfógetar, að innheimta önnur gjöld hjá þessum sömu aðilum, og venjulega er fasteignaskatturinn svo lítill hluti, að það stendur ekki á þeirri greiðslu.

Það kann einhver að segja, og hefur þetta sennilega verið rökstutt með því, að það væri óeðlilegt, að ríkissjóður færi að innheimta fyrir sveitarfélögin. Þetta er þó það, sem hefur gerzt allt fram að þessum tíma. Sýslumenn hafa innheimt viss gjöld fyrir ríkissjóð og sömuleiðis fyrir sýslusjóði og sveitarsjóði. Má þar nefna t. d. hundaskattinn, sem frá því hann fyrst var lagður á var ávallt innheimtur af sýslumönnum og rann í sveitarsjóði; sömuleiðis sýsluvegasjóðsgjaldið, sem rennur beint til sýslunnar, það er einnig innheimt af sýslumönnum. Ég sé þess vegna ekki, að það séu nein brot á reglum, þó að þeir innheimti það gjald, sem þeir hafa ávallt innheimt síðan það var sett.

Það má líka á það benda, að einmitt fasteignaskattinum verður ávísað að öllum líkindum beinlínis til sýslumanna af oddvitunum, vegna þess að hrepparnir þurfa að inna árlega af hendi allhá gjöld til sýslusjóðs, og þá mun sýslumaður, þegar hann innheimtir þetta gjald, taka það undir sér og færa það viðkomandi hreppi til

tekna upp í hans sýslugjöld. Þetta er þess vegna í eðli sínu sá einfaldasti máti, því að þetta eru gjöld, sem hann þarf að fá.

Það er kannske ekki svo mjög erfitt eins og stendur að innheimta, en ég vil benda á það og minnist þess, að fyrir alllöngu, þegar erfitt var um greiðslur, reyndist stundum allerfitt fyrir hreppana að inna af hendi þau gjöld, sem áttu að ganga til sýslunnar og oddvitar áttu að innheimta. Aftur á móti mun ekki hafa borið á því, að þinggjöldin innheimtust ekki nokkurn veginn. Það er einhvern veginn orðið að venju, a. m. k. þekki ég það í sveitum, að það er talið nokkuð sjálfsagður hlutur að greiða þinggjaldið, þó að menn dragi kannske stundum úr hófi fram að greiða útsvörin til oddvita.

Ég held þess vegna, hvernig sem á þetta mál er litið, þá sé skynsamlegast að færa málið aftur í það horf, sem ríkisstj. bar það fram hér á Alþ., og legg því til, að það verði gert, en því miður urðum við svo naumt fyrir, að við höfðum ekki tíma til að fá brtt. okkar prentaðar og verðum því að flytja hér skriflegar brtt., sem ég vil biðja forseta að leita afbrigða fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 739) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Hér er ekki deilt um stórt atriði, og ég skal því ekki hafa um það mörg orð. En þegar frv. þetta var fyrir hv. Ed., þá munu hafa komið athugasemdir frá innheimtumönnum ríkissjóðs einhverjum, sýslumönnum og lögreglustjórum, sem bentu á, að það væri óeðlilegt, að þeir önnuðust áfram innheimtu á þessum fasteignaskatti, ef ákveðið yrði, að hann gengi til sveitar- og bæjarsjóða, en ekki til ríkissjóðs.

Nú var hv. 2. þm. Skagf. (JS) að minna á það, að sýslumenn innheimtu gjöld, sem færu í sýslusjóði. Nefndi hann þar til, held ég, sýsluvegasjóðsgjald og hundaskatt. Ég vil benda á það, að þar gegnir nokkuð öðru máli. Það er eðlilegt, að sýslumenn innheimti það, sem á að fara í sýslusjóðina, af því að þeir eru gjaldkerar þeirra. Það er því ekki það sama og hér er um að ræða, því að þessi skattur á að fara til sveitar- og bæjarsjóðanna. Og ég verð að segja það, að mér finnst þetta eðlileg breyting, sem gerð var á frv. í hv. Ed. *Mér finnst það eðlilegt, að sveitarstjórnirnar innheimti þessi gjöld sem önnur, sem í sveitarsjóðina eiga að renna, og get því ekki fallizt á þessa brtt., og ég tel, að það sé nú ekki hyggilegt að vera að hrekja frv. milli d. út af þessu atriði, heldur væri skynsamlegra að samþ. það eins og það kom frá hv. Ed.*

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Við afgreiðslu þessa máls í fjhn. d. hafði ég fyrirvara í sambandi við einmitt hið breytta ákvæði um innheimtu þessa skatts.

Ég tel afar óeðlilegt að fara að breyta þessu í þá átt, að sveitarsjóðirnir og bæjarfélögin innheimti nú þennan sérstaka skatt, meðan þetta heldur áfram að vera eins og það er.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) færði mjög greinileg rök fyrir því, að þetta er miklu hentara fyrirkomulag fyrir hreppana úti í sveitunum og sýslusjóðina, að kóngsins embættismenn, ef svo mætti að orði kveða, haldi áfram að innheimta þennan skatt. Í bæjunum, og sérstaklega stærri bæjunum eins og Reykjavík, gilda að vísu ekki þau sömu rök um það, en hv. 2. þm. Skagf. tók nú dæmi af hundaskattinum, og mér fyrir mitt leyti finnst, að þetta sé svo mikil kattarpína, sem hér er verið að láta falla af borði ríkissjóðsins til bæjar- og sveitarfélaganna, að það megi gjarnan gilda um það áfram sú sama regla, að það sé innheimt af ríkinu (Gripið fram í.) — ásamt hundaskattinum, já, því að í raun og veru er það afar óeðlilegt, og ég býst við, að það ástand mundi ekki halda lengi áfram, að innheimtur væri af bæjarfélögunum t. d., eins og hér er gert ráð fyrir, fasteignaskattur, þar sem bæjarfélögin innheimta eftir öðrum lögum og reglum önnur fasteignagjöld, sem eru margfalt hærri en þessi fasteignaskattur. Það er algerlega óeðlilegt að hafa á einni hendi innheimtu fasteignagjalda, sem kölluð eru svo, og hins vegar fasteignaskatt hjá sama aðila, og það mundi þá bara hníga að því, að þessu kerfi yrði breytt, og þá hefði verið eðlilegra að löggjöfin um fasteignaskattinn hreint og beint félli niður, að þessi skattur væri afnuminn. Það hefur nú ekki verið gert, og ég veit, að ýmis sveitarfélög, þó að þetta séu ekki merkilegar upphæðir, hafa gott af þessu, og þeim mun betra, að innheimtan sé eins og verið hefur, eins og bent hefur verið hér á. Þess vegna hef ég slegizt í för með þeim, sem leggja eindregið til að færa frv. til þess vegar, sem það upphaflega var flutt af hæstv. fjmrh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 739,1 (2. gr. falli niður) samþ. með 17:4 atkv.

— 739,2 (3. gr. falli niður) samþ. með 17:3 atkv.

— 739,3 (ný 4. gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 739,4 (ákv. til brb. falli niður) samþ. með 18:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 740).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr þar.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Vegna þess að ég tel, að málinu hafi verið stórspillt í Nd., vil

ég mælast til þess, að það verði tekið út af dagskrá að þessu sinni. Við þurfum að athuga það betur.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Þegar þetta frv. var upphaflega borið fram hér í þessari hv. d., þá var í því gert ráð fyrir, að þó að fasteignaskatturinn ætti á árinu 1954 að renna til sveitarsjóðanna, þá skyldu lögreglustjórar sem áður innheimta skattinn. Í þessari hv. d. var frv. fært í það form með samþykki hæstv. fjmrh., að sveitarstjórnir skyldu sjálfar innheimta skattinn. Fyrir þessari breytingu voru þá færð þau rök, að með þeim breytingum, sem verið er að samþykkja á skattalögunum, og vegna hinnar nýju vélaspjaldskrár, sem hagstofan útbýr fyrir innheimtumenn skatta, eru tök á að haga manntalsbókagjaldafærslum og innheimtu ríkissjóðsskatta hjá innheimtumönnum þannig, að nokkurt fé sparist við innheimtuna, ef þeir þurfa ekki að halda áfram að innheimta fasteignaskatt. Fasteignaskatturinn er tiltölulega mjög lágur. Hann nemur eitthvað um 340 þús. í öllu landinu utan Reykjavíkur. Hins vegar er talsvert mikil vinna við færslu hans og innheimtu, vegna þess að innheimtukerfið og skipulag hans fellur ekki saman við aðra skatta til ríkisins og manntalsbókarkerfið. Mér er t. d. kunnugt um, að í því umdæmi, sem ég er persónulega kunnugur, nemur fasteignaskatturinn í öllu umdæminu á ári um 50 þús. kr., en ef við sleppum við að leggja þennan skatt á og innheimta hann, þá getum við nú með þeim breytingum, sem verða á skattalögunum, og vegna vélabókhalds hagstofunnar sparað alltaf 20 þús. kr. á ári í sambandi við innheimtuna, ef við losnum við fasteignaskattinn. Þetta er ákaflega mikill sparnaður, auk þess sem það mundi flýta innheimtunni, þannig að ríkissjóður gæti farið að fá sínar skattatekjur þrem mánuðum fyrr en ella, ef fasteignaskatturinn væri ekki til að tefja fyrir. Þessi rök komu fram hér, þegar þetta mál var áður til umr. hér í þessari hv. d., og á þeim forsendum var sú breyting sett inn, eins og ég gat um áðan, að losa lögreglustjórana við innheimtu fasteignaskattsins, en leggja það á hendur sveitarstjórnanna.

Hv. Nd. vildi ekki fallast á þessa breytingu og færði frv. í sama horf og það var áður í. Var því aðallega borið við þar, að fasteignaskatturinn næmi svo lítilli upphæð fyrir sveitarsjóðina, að það borgaði sig varla fyrir þá að vera að eltast við hann. Ég ætla ekki að fara út í að rökræða þessi atriði hér, en allar þær röksemdir, sem komu fram við fyrri meðferð þessarar hv. d. á málinu, eiga við enn þá. Þess vegna hef ég ásamt hv. þm. V-Sk. leyft mér að bera fram aðallega þær brtt. við þetta frv., að það verði fært í sama horf og það var í, þegar það fór hér út úr deildinni. En auk þessa höfum við borið fram þá brtt. til vara, að frv. verði fært í það horf, að þó að lögreglustjórinn eigi að halda áfram að innheimta skattinn, þá skuli fasteignaskattur ekki lagður á eða innheimtur, þegar hann nemur lægri upphæð en 50 kr. á gjaldanda. Ef þetta lágmark yrði tekið upp í lögin, þá væru miklar líkur til, að hægt væri að hafa fullkomin not af vélabókhaldi hagstofunnar og sömuleiðis að hafa full not af þeim sparnaði, sem verður í innheimtu við breytingu á tekjuskattinum, þannig, að jafnvel þótt lögreglustjórar hefðu skattheimtuna áfram, þá gæti þetta lágmark orðið til þess að spara ríkissjóði innheimtukostnað, sem nemur áreiðanlega meiru en það, sem tapaðist í skattinum við að setja þetta 50 kr. mark.

Það, sem fyrst og fremst er unnið við að setja þarna lágmark og þurfa ekki að eltast við lægstu upphæðirnar, er það, að þá sleppa innheimtumennirnir við að leggja þennan skatt á smáhýsi og lendur, sem menn utan umdæmanna eiga. Það eru t. d. hér í höfuðstaðnum mörg hundruð manns, sem eiga smálönd og smásumarhýsi hingað og þangað um sýslurnar í nágrenninu. Fasteignaskatturinn er lagður á þessi hús og þessi lönd, þar sem húsin eru, en innheimtuna verður að senda til tollstjórans í Reykjavík, sem annast hana, því að þar eiga mennirnir heima. Í þessu er óhemjuvinna fólgin og mikil skriffinnska og mikill eltingarleikur fyrir tollstjóra, og það er ekki nokkur vafi á því, að það, sem tapaðist með því að setja svona lágmark inn, mundi koma aftur í spöruðum vinnubrögðum og spöruðum beinum útgjöldum fyrir ríkissjóðinn. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að þó að þessi hv. d. kynni ekki að sjá sér færi á að færa frv. í sama horf og það var í áður af hættu á, að því yrði aftur breytt í Nd. og málið þar með sett í hættu, þá sjái d. sér þó fært að setja á þetta lágmark, enda hefur það komið í ljós í hv. Nd., að sveitarfélögin leggja ákaflega lítið upp úr þeim tekjuauka, sem þau fá af þessum fasteignaskatti, og ætti því ekki að muna miklu, þó að lágmarkið yrði sett, enda er þessi skattur sáralítils virði fyrir sveitarfélögin. — Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Þetta mál hóf göngu sína fyrst hér í efri deild og var þá vísað til fjhn. Að tillögu fjhn. voru gerðar á frv. breytingar þær, sem hv. 10. landsk. (GÍG) minnti á að hér hefðu verið gerðar. Þær till. gerði fjhn. að óskum frá stjórn félags héraðsdómara, sem leit svo á, að það væri erfiðleikum bundið fyrir innheimtumenn ríkisins að annast innheimtu þessa skatts, eftir að hann ætti að falla í hlut sveitarfélaganna. Nú hefur hv. Nd. breytt frv., tekið úr því þær till., sem inn voru settar hér í hv. Ed., og skilað því aftur í sama formi og það var upphaflega fram lagt. Hæstv. forseti óskaði eftir því, að fjhn. athugaði málið á ný, og þó að ekki hafi verið haldinn um það formlegur fundur í n., þá hafa fjhn.-menn rætzt við um það, og fjórir þeirra af fimm eru ákveðnir í því að mæla með því, að frv. verði nú samþ. óbreytt. Einn maður n., hv. 4. þm. Reykv. (HG), hefur ekki tjáð afstöðu sína í þessum viðræðum. Meiri hl. lítur svo á, að ástæðulaust sé að fara

á síðustu dögum þingsins að hefja stríð milli deilda um frv. og leggur því til, að felldar séu þær aðalltill., sem tveir hv. þm. hafa borið fram á þskj. 803 og gerð var grein fyrir hér áðan af hv. 10. landsk. þm.

Enn fremur er það einróma álit þessa meiri hl. fjhn., að ekki sé rétt að samþ. varatill., og til þess liggja ýmsar ástæður, en fyrst og fremst sú ástæða, að með því móti er sama og ekkert gert úr þessum skatti, sem innheimtur hefur verið í meira en 30 ár. Skatturinn er ekki nema 1½‰ af húseignum samkvæmt fasteignamati og 3‰ af lóðum og lendum eftir fasteignamati. Renni maður augum yfir fasteignamatsbók, þá sést, að ef ekki væru innheimtar lægri upphæðir en 50 kr. af fasteign, þá má telja, að í mörgum sveitum yrði ekkert að innheimta og skatturinn félli algerlega niður. Mér skilst, að hér í Reykjavík svari til þess, að venjulegt þriggja íbúða hús komi þá til greina til að reikna af skatt, en ekki minni hús, ef þau eru þá ekki óvenjulega dýrt byggð.

Það var og niðurstaða í ríkisstj. að leggja það til, eftir þendingu skattamálanefndar, að ríkissjóður ávísaði þessum skatti til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa óskað eftir endurskoðun á sinni tekjuöflunarlöggjöf, og það hefur verið falið skattamálanefndinni að endurskoða þá löggjöf. Ekki hafði unnizt tími til þess, og í stað þess, að hið háa Alþ. nú gerði eitthvað til þess að bæta hag sveitarfélaganna eða greiða fyrir tekjuöflun þeirra, þá er, eins og hv. þm. vita, hið öfuga gert og tekinn af þeim álögurétturinn á sparifé og einnig tekinn af þeim hluti af stríðsgróðaskatti, með því að hann er ýmist felldur niður samkvæmt breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á lögunum um tekju- og eignarskatt, ellegar stórlækkaður. Með því móti að samþ. varatill., þá væri þessi ávísun gerð nálega einskis virði, og væri í raun og veru hreint hégómamál að samþ. frv. eftir slíka breytingu. Hitt er aftur á móti, að dálítið tínist til tekna í sveitarfélögunum, ef skatturinn er innheimtur óskertur, og satt að segja er hann ofur lítið meira virði, ef sveitarfélögin þurfa ekki að annast innheimtu hans, eins og frv. nú orðið hljóðar um og upphaflega hljóðaði um, þó að gengið væri inn á það við afgreiðslu málsins hér í þessari deild um daginn af tilhliðrunarsemi við innheimtumennina, sem áður höfðu starfað fyrir ríkið að innheimtu skattsins, að leggja innheimtukvöðina á sveitarfélögin. Ég lít svo á, að innheimtumennirnir verði að sætta sig við það, þótt þeir verði áfram að innheimta þennan skatt eins og þeir hafa gert í rúmlega 30 ár, enda hygg ég, að það megi slá því föstu, að það verði ekki mörg ár, sem fyrirkomulagið helzt, því að sennilega verður fljótlega lokið endurskoðun á tekjuöflunarlöggjöf sveitarfélaganna, og þá er enginn vafi á því, að þessi tekjulind, sem er lítil seytla, verður afnumin og henni veitt í annan farveg. Skattarnir verða af fasteignum a. m. k. aldrei hafðir tveir. En heimilt er nú, eins og allir vita, að sveitarfélög innheimti fasteignaskatt. Þetta er þess vegna aðeins bráðabirgðatilhögun, og mér virðist, að ekki sé hart að ætla innheimtumönnum ríkisins að annast innheimtuna stutta stund eins og verið hefur og sá kostnaður, sem af því leiðir fyrir ríkið, sé varla umtalsverður; hitt sé meira vert, að þegar þessum litla skatti er ávísað til sveitarfélaganna, þá sé hann ekki að engu gerður með því að samþ. till. eins og varatill. er.

**Guðmundur Í. Guðmundsson:** Herra forseti. Ég er hálfhræddur um, að hv. frsm. fjhn. hafi nokkuð misskilið þann tilgang, sem fyrir mér og stjórn héraðsdómarafélagsins vakti, þegar við fórum að beita okkur fyrir því, að innheimtufyrirkomulaginu á þessum skatti væri breytt. Hv. frsm. minntist í því sambandi á tilhliðrunarsemi við innheimtumennina og annað slíkt. Ástæðan fyrir því, að við erum að benda á, að það borgi sig ekki að vera að láta innheimtumenn ríkissjóðsskatta vera að innheimta fasteignaskattinn, er ekki sú, að þeir veigri sér neitt við að vera að innheimta þennan skatt eða séu að kvarta undan þeirri vinnu, sem í það fer út af fyrir sig. Hitt eru þeir hins vegar að benda á, að það er það mikill kostnaður í sambandi við innheimtu fasteignaskattsins, að ef innheimtunni væri létt af lögreglustjórunum, þá mundi sparast við það upphæð, sem nemur langt til í skattinn sjálfan, að því viðbættu, að innheimtan á tekjuskattinum og þeim sköttum, sem honum fylgja, gæti byrjað 2—3 mánuðum fyrr á árinu, ef þeir losnuðu við að innheimta fasteignaskattinn. Ég hef a. m. k. orðið þess var, að á það er lögð mikil áherzla af fjmrn., að innheimtan komist í gang sem allra fyrst á árinu og að ríkissjóður fari sem fyrst að fá sínar tekjuskattstekjur. Það er eingöngu þetta, sem fyrir okkur vakir, að spara ríkissjóði útgjöld og fá innheimtuna á stað fyrr en ella. Það er það, sem fyrir okkur vakir, þegar við erum að benda á, að það sé óeðlilegt og óheppilegt að halda innheimtu þessa skatts í því horfi, sem verið hefur.

Þá minntist hv. frsm. einnig á, að það yrði næsta lítið úr þessum skatti, ef farið væri að skera neðan af honum eins og ég og hv. þm. V-Sk. hafi lagt til. Hv. frsm. gerði nokkuð mikið úr þessu. En ég vil leyfa mér að benda á, að jafnvel þó að ekkert væri af skattinum skorið og hann væri innheimtur til fulls eins og lögin gera ráð fyrir, þá er hann svo sáralítils virði fyrir sveitarfélögin, að mér liggur við að segja, að hann sé næstum einskis virði. Í stærsta hrepp á Íslandi, í Kópavogshreppi hér í nágrenni, nemur þessi skattur ekki 2000 kr. á ári. Í venjulegum hrepp utan kaupstaðanna er þessi skattur talsvert innan við 1000 kr. á ári, og það er allt og sumt, sem um er að ræða. Kostnaðurinn við hann og fyrirhöfnin við að innheimta þetta étur það fullkomlega upp, sem í aðra hönd kemur við innheimtu skattsins, og það eru þessi vinnubrögð, sem héraðsdómarafélaginu þykja óheppileg, og þess vegna höfum við tveir þm. borið fram þessa brtt. hér og bent á, að nauðsynlegt sé að gera þær breytingar, sem hún mælir fyrir um.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. leggur áherzlu á það, að í því

yrði fólginn mikill sparnaður að innheimta ekki lægri upphæðir af fasteign en 50 kr., og það er á honum að heyra, að það sé nokkuð vafasamt, að það borgi sig að taka þennan skatt, ef hann sé tekinn allur. Nú þykist ég viss um það, að ekki hefði verið neitt hróflað við þessum skatti og hann hefði verið innheimtur eins og hann hefur verið innheimtur í meira en 30 ár, ef ekki hefði komið fram till. um að láta hann renna til sveitarfélaganna. Og víst er það, að sá sparnaður, sem kann að vera að fengist samkvæmt brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir, er aðeins sparnaður fyrir ríkið, en ekki fyrir þann, sem nú á að fá skattinn. Ég álít það í sjálfu sér óviðeigandi, að þegar ríkið ákveður að láta þennan skatt renna til sveitarfélaganna, þá geri það hann nærri því að engu um leið með því að innheimta ekki nema minnst 50 kr. af fasteign.

Hv. 10. landsk. sagði, að í stærsta hreppi í sinu umdæmi, Kópavogshreppi, mundi skatturinn samtals ekki nema öllu meira en 2000 kr. Ég á bágt með að trúa þessu, eins og ég heyri sagt að hreppurinn sé nú orðinn mikið byggður og risnar þar upp veglegar húsabyggingar og dýrar. Eftir fréttum, sem ég hef heiman úr minni byggð, Húsavík, nemur þó skatturinn þar 6000 kr., og við erum ekki stórlátari en það þar norður frá, að við teljum okkur draga það að fá 6000 kr. í tekjur. En hitt er ég alveg viss um, að eftir fasteignamati þar yrði þetta sama sem ekkert, ef samþykkt yrði varatill. Og ég tel, að það ætti að vera alveg augljóst, að það er ekki sómasamlegt fyrir ríkisins hönd að rýra þennan skatt frá því, sem er. Annaðhvort er að láta hann ganga eins og hann er til sveitarfélaganna ellegar þá að taka aftur hugmyndina um að hlíðra þannig til fyrir sveitarfélögum sem átti að gera með þessu frv.

Að vísu var það svo, að ég ásamt öðrum hv. þm. í fjhn. gekk inn á sjónarmið innheimtumannanna, þegar málið var hér til fyrri umr., og með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru til þess að létta þeim útreikning skattsins og undirbúa innheimtu skattsins hjá sveitarfélögunum, þá sætti ég mig við afgreiðslu málsins, og ég hefði sætt mig við þá afgreiðslu enn. En það er bara sýnilegt, að ef farið yrði að samþykkja brtt. aftur, sem felldar voru í Nd., þá er málið sett í strand, engar líkur til þess, að það komist fram, og það er ekki svo stórt, að ástæða sé til þess að gera átök milli deilda um það. Þess vegna er einboðið að samþykkja frv. óbreytt. Ég hygg, að það verði ekkert stórt erfiði né mikið tap í höndum innheimtumanna ríkisins, þó að það verði samþ., — ekkert stórt erfiði fyrir þá umfram það, sem verið hefur, né tap fyrir ríkissjóðinn umfram það, sem hann hefur áður haft af erfiðleikum við innheimtu þessa skatts í sinn sjóð.

ATKVGR.

Brtt. 803,1 felld með 10:6 atkv.
— 803,2—3 teknar aftur.
— 803, varatill. felld með 10:4 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 824).



## 38. Áfengislög.

Á 1. fundi í Sþ., 2. okt., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til áfengislaga** [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Ed., 7. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. til áfengislaga var lagt fyrir þessa hv. d. á síðasta þingi, en var þá vikið frá með rökstuddri dagskrá. Ég skal ekki ræða um þá afgreiðslu, læt hana liggja í þagnargildi, en vík aðeins að því, að þá var frv. sérstaklega fundið til foráttu í umr. og síðar á mannfundum, að þar var heimilað að brugga áfengt öl í landinu og selja að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sem ráðh. átti að hafa heimild til að bjóða. Ég lýsti því þegar yfir í fyrra, að ég teldi ekki rétt, að ráðh. kvæði á um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur yrði það Alþ. sjálft, sem tæki ákvörðun um hana, hvort hún ætti að fara fram eða ekki, og var ég frv. þá þegar að því leyti ósamþykkur, en frv. var lagt fram óbreytt frá því, sem það kom frá þeirri n., sem ég hafði skipað til undirbúnings málinu í samráði við og með samþykki allrar þáverandi ríkisstjórnar.

Þegar taka skyldi ákvörðun um það, hvort leggja skyldi frv. fyrir Alþ. aftur að þessu sinni, þá taldi ég eðlilegast að fella niður þetta ákvæði um ölbruggið, af þeirri ástæðu í fyrsta lagi, að það var hið mest umdeilda ákvæði frv., og í öðru lagi vegna þess, að ég var ekki samþykkur sjálfur ákvæðinu eins og það var, tel, að Alþ. verði sjálft að kveða á um, hvort slík starfsemi skuli eiga sér stað eða ekki, eða kveða á um, hvort þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um það eða ekki, en ekki fela í hendur ráðh. að taka slíka ákvörðun. Í þriðja lagi er það augljóst, að ef þingvilji er fyrir slíku ákvæði, sem ég raunar efa, þá er Alþ. mjög auðvelt að bæta því inn í frv., án þess að meginefni þess að öðru leyti þurfi að raskast. En þar sem ég var sjálfur óánægður með ákvæðið eins og það var, taldi ég langhreinlegast að fella það niður.

Að öðru leyti er frv. óbreytt, og þó að það sé auðvitað svo, að mönnum hljóti að sýnast sitt hvað um ýmis þau ákvæði, sem hér eru, — sjálfur er ég ekki ánægður með öll ákvæðin, og ég þykist vita, að ýmsir þingmenn séu óánægðir með hitt og þetta af einstökum ákvæðum, — þá vil ég leggja á það mikla áherzlu, að ég tel ekki fært, að þetta þing láti hjá líða að taka efnislega ákvörðun um þetta mál nú. Ég tel, að þingið verði að gefa sér tíma og færi til að kveða á um, hvaða skipun eigi á vera í þessum málum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eftir að Alþ. neitaði í fyrra að afgreiða málið, þá hannaði ég með öllu þær heimildir til vínveitinga á veitingahúsum, sem áður höfðu verið veittar, og tók þar með vínveitingaleyfið einnig af Hótel Borg. Ég tel ástæðu að skýra þetta örfáum orðum, en skoðun mín er sú, að það sé með öllu ófært og til fullkomins þjóðarvansa að veita hvergi vín á veitingastað nema á þeim eina frambærilega gististað, sem hér er í höfuðborginni. Slíkt ástand mundi leiða til þess óhjákvæmilega

og hafði þegar leitt til þess, þó að í minna mæli væri, að alls konar drykkjulæti og ófögnuður þeim samfara setti úr hófi fram svip sinn á þennan helzta gististað landsins. Margir útlendingar, sumir tignir gestir, höfðu haft orð á því við mig, að þeir væru óvanir slíkum bæjarbrag sem var á Hótel Borg og þar í fordyri sökum drykkjuskapar, meðan Hótel Borg var helzti vínveitingastaður bæjarins. Þetta hlaut þó að magnast mjög og verða að hreinni þjóðarskömm, ef hvergi hefði verið hægt að fá vín keypt á almennum veitingastað nema á Hótel Borg. En áður hafði um alllangt skeið, frá því löngu áður en ég tók við meðferð þessara mála, tíðkazt sú framkvæmd á lagaboðunum, að auk Hótel Borgar voru veitt vínveitingaleyfi á mikinn fjölda svo kallaðra skemmtana, hér í bæ sérstaklega. Ég hef aldrei vefengt, að þessi framkvæmd laganna var í raun og veru ákaflega hæpin, og hún gat ekki helgazt af öðru en því, að venja var komin á um hana, venja, sem ekki var verulega að fundið. Á síðustu þingum gerðist hins vegar það, að mjög var fundið að þessari venju, og mikil blaðaskrif urðu um málið, m. a. af hálfu málgagns þáverandi hæstv. forsrh., þar sem mjög eindregið var fundið að því, að dómsmrh. leyfði slíkt hátterni. Það varð því ekki talið, að nægur stuðningur væri við þessa framkvæmd laganna lengur, og þó að þessi háttur hefði verið, eins og ég hef getið um, óvefengjanlega tekinn upp löngu áður en ég varð dómsmrh., þá vildi ég ekki taka ábyrgð á svo hæpinni framkvæmd laganna, eftir að Alþ. hafði gefizt færi á að taka sjálft afstöðu til málsins, en skotið sér undan því, en engu að síður var haldið uppi harðvítugum árásum á dómsmálastjórnina fyrir að þola þennan hátt. Ég taldi, að slíkt væri ógerningur og þess vegna yrði að fella niður þau vínveitingaleyfi, sem áður höfðu verið heimiluð. Og eins og ég segi, ef þau eru felld niður, þá er, eins og háttum nú er komið, með öllu ómögulegt að ætla að sameina þessar vínveitingar allar á einu litlu hóteli hér í bænum. Það er ekki með nokkru móti boðlegt, allra síst þar sem það er helzti og raunar að vetrarlagi eini frambærilegi gististaðurinn fyrir aðkomandi menn. Það var því ekki um annan kost að velja en þann að afnema þessi vínveitingaleyfi með öllu.

Það verður aftur á móti að herfast í augu við það, að af þessu hefur leitt ástand, sem engan veginn er gott. Við vitum, að það er því miður töluverður skortur á hreinskilni, sem oft á sér stað í sambandi við umr. um þessi áfengismál, og skal ég engum sérstökum aðila kenna um það eða ásaka einn frekar öðrum. En það er þó ljóst, og við verðum að hafa hreinskilni í okkur til að játa það, að það er einkennilegt fyrirbæri, svo að vægilega sé til orða tekið, að ríkið skuli selja áfengi fyrir marga tugi milljóna, eitthvað milli 50 og 100 millj., — ég veit ekki, hvar það er á því sviði, sjálfsagt er það nær 50 millj. kr. á hverju ári, — en svo skuli vera óheimilt að koma inn á nokkurn almennan veitingastað og neyta þessarar vöru. Annars staðar, þar sem ég hef farið, þá er þessa varnings einkanlega neytt í almennum veitingahúsum og óvíða þannig, að til mjög mikilla leiðinda verði, þó að víða sé þetta að vísu til lítillar prýði, það skal játað, — en á flestum stöðum, þar sem ég hef verið, hafa menn neytt þessa án þess, að nokkur skömm eða vandræði hlytust af. Hér á landi er salan hins vegar leyfð, en hvergi leyft að neyta áfengis á almennum veitingahúsum. Við vitum, að hjá allflestum heimilum eru atvik slík, að ekki er sérstaklega æskilegt, að menn séu hvattir til heimadrykkju áfengis. Það eru margir menn í landinu, sem neyta áfengis, en hlíðra sér þó heldur hjá því að gera það t. d. í návist barna sinna eða hálfvaxinna unglinga. Þetta leiðir til þess, að það er eðlilegt, að áfengisins sé þá neytt í bílum, á ferðalögum, á götum úti, í skúmaskotum eða annars staðar, þar sem menn geta brugðið sér í skjól og neytt þessa drykkjar. Þetta leiðir svo aftur til þess, að ölvun er hér miklu meiri á almannafæri og hneykslanlegri í augum gesta og gangandi heldur en víðast hvar annars staðar, þó að sannleikurinn sé sá, að Íslendingar drekki minna en flestar aðrar þjóðir. En allt setur þetta villimennsku- og siðleysisblæ á þessa iðkun, sem menn geta verið með eða móti, hver eftir sinni vild, en allir ættu þó að geta sameinazt um, að meðan hún á annað borð er heimiluð í landinu, ætti að stuðla að að gæti farið fram með sem siðsamlegustum hætti og þannig, að sem minnst spjöll yrðu á til álits hvort heldur einstaklinga eða þjóðarinnar í heild.

Til viðbótar þessu kemur svo það, að þó að vínveitingar séu óheimilar í veitingahúsum nú, þá er það auðvitað gersamlega óframkvæmanlegt fyrir nokkra löggæzlumenn og í raun og veru fyrir nokkra veitingamenn að gæta þess til hlítar, að ekki eigi sér stað drykkjuskapur inni á veitingastöðunum. Sérstaklega á þetta sér þó stað á skemmtunum, þar sem mikið fjölmenni er, þar sem menn hafa gosdrykki um hönd mikið, þar sem menn ganga út og inn með eðlilegum hætti til þess að fá sér fríska loft. Þegar svo háttar til, kann ég ekki neitt ráð til þess og mundi mjög gjarnan vilja fræðast af þeim, sem kann eitthvert ráð til þess að koma í veg fyrir, að verulegur drykkjuskapur eigi sér stað, þegar að öðru leyti stendur eins á og nú gerir hér. Það má því segja, að núverandi fyrirkomulag er frá öllu sjónarmiði mjög óheppilegt og lítt viðunandi.

Það eru í þessu frv. bornar fram ákveðnar till. til lausnar þessu máli. Það er þingsins að taka afstöðu til þess. Ég get skilið, að sumir séu þeim andvígir, býst við, að sumir séu þeim samþykkir. Þeir, sem eru þeim andvígir, mega þó ekki skjóta sér undan í ábyrgðarleysi að taka afstöðu til þeirra. Þeir verða þá sjálfir að bera fram gagntillögur, t. d. um algert bann. Það er afstaða út af fyrir sig. Ég er henni ekki samþykkur, en það er afstaða út af fyrir sig. En núverandi háttur á þessu er með öllu ótækur, og það verður að fást nógu ákveðinn lagabálkur um meðferð málsins, þannig að hægt sé fyrir löggæzlumenn og dómsmálastjórn að framfylgja lögunum eins og þau eru, en eins og þau voru áður, voru þau óframkvæmanleg. Framkvæmdin er einfaldari eftir það bann við vínveitingaleyfum, sem ég gaf út á s. l. vetri, en þó er auk þess óheilbrigðis, sem að sumu leyti leiðir af því, eins og ég segi ómögulegt að tryggja, að ekki sé drukkið meira

og minna á samkomum eftir sem áður. Þá tel ég miklu heilbrigðara, að um það verði sett skynsamleg, hófsamleg ákvæði, sem Alþ. geti komið sér saman um, heldur en að hver um sig reyni að skjóta ábyrgðinni af sér og reyni að koma henni yfir á einhvern annan, en allir viðurkenni þó, að ástandið sé óviðunandi. Ég vil þess vegna mjög eindregið skora á hv. d. — en allshn. lagði töluverða vinnu í frv. í fyrra — að bregða nú skjótt við og reyna að afgreiða þetta mál tímanlega frá sér og með þeim hætti, að það geti fengið efnislausn á þessu þingi, hver sem hún svo kann að verða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 386, 50, 56, 385, 387).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. það til áfengislaga, sem hér liggur fyrir til 2. umr. á þskj. 12, er gamall kunningi hér í þessari hv. d. Það er samið af mþn., sem dómsmrh. skipaði 18. apríl 1951 í tilefni af þáltill., sem fram kom á Alþingi 1950 og var um það, að endurskoða skyldi hina íslenzku áfengislöggjöf. Frv. var flutt í þessari hv. d. eins og það kom frá mþn., og urðu afdrif þess þau, að 9. des. 1952 var því vísað frá með samþykkt rökstuddrar dagskrár, sem fram kom frá meiri hl. allshn.

Frv. er nú flutt á nýj óbreytt frá því, sem það var áður, að öðru leyti en því, að ákvæðið í 7. gr. um þjóðaratkvæðagreiðslu um bruggun áfengs öls var numið brott. Frv. var vísað til allshn. 7. okt. s. l. og tekið til meðferðar á tveim fundum nefndarinnar 15. okt., síðan aftur á fundi nefndarinnar 10. nóv. Var þá n. búin að lesa frv. yfir grein fyrir grein, bera það saman við núgildandi áfengislög og greiða atkvæði um flestar greinarnar. Síðan var málið tekið fyrir aftur 15. þ. m. og þá teknar upp brtt. þær, sem meiri hl. fékkst fyrir innan nefndarinnar. Þá var málið enn tekið fyrir á fundi nefndarinnar 19. þ. m. og þá endanlega gengið frá brtt. þeim, sem prentaðar eru á þskj. 387, og einnig frá nál. Þó að nm. hafi komið sér saman um að bera fram brtt. þær, sem ég nú gat um, er því ekki að neita, að skoðanir nm. eru að öðru leyti allskiptar um frv. í heild, enda áskilja nm. sér óbundnar hendur um að bera fram brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eins og nál. ber með sér. Í þessu sambandi má benda á, að einn nm., hv. 1. þm. N-M., hefur borið fram 20 brtt. við frv. á þskj. 56, þær hinar sömu og hann bar fram við frv. á síðasta Alþingi. Þá hefur einnig verið útbýtt brtt. á þskj. 385, sem tveir nm. eru meðflm. að. En þrátt fyrir þetta hygg ég, að óhætt sé að segja, að n. sé sammála um, að nauðsyn sé, að frv. nái fram að ganga. Að minnsta kosti kom ekkert fram í n. undir meðferð málsins, sem benti í gagnstæða átt.

Ég vík þá að brtt. n. á þskj. 387.

1. brtt. er um það, að 1. gr. frv. skuli falla niður, en hún er í frv. á þessa leið:

„Tilgangur laga þessara er sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess."

Orðalag þessarar gr. um tilgang laganna getur orkað tvímælis, og hefur þegar komið í ljós, að það gerir það, þar sem um margar brtt. er að ræða við greinina. En þar sem meiri hl. n. leit svo á, að lögin sjálf segðu nægilega til um tilgang sinn, var fallizt á að nema greinina burt. Sérstöðu um þessa brtt. hafði einn nm., hv. 1. þm. N-M., enda ber hann fram sjálfstæða brtt. um greinina á þskj. 56, sem ég hef áður getið um. Þessi sérstaða þessa hv. þm. á við um fleiri brtt. n., þó að ég geti ekki um það sérstaklega um leið og ég lýsi tillögunum.

Þá er engin brtt. frá n. við 2. gr. og ekki heldur við 3. gr., en 2. brtt. n. er við 4. gr., í tveimur liðum, a- og b-lið, og er um það að breyta niðurlagi 3. málsgr. 4. gr., en sú málsgr. er um skip, sem koma frá útlöndum, og um meðferð áfengis þess, sem þau hafa meðferðis. Mælir hún svo fyrir um, að þegar skip kemur til landsins, skuli í hinni fyrstu höfn innsigla allt áfengi, sem skipið hefur meðferðis, og það innsigli skal ekki brjóta eða rjúfa fyrr en skipið fer aftur alfarið úr höfn. En síðasti málsl. þessarar málsgr. hljóðar svo: „Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum, en aldrei má selja af þeim forða né flytja hann í land." Brtt. n. er þess efnis, að í staðinn fyrir orðin „selja af þeim forða né flytja hann í land" í niðurlagi 3. málsgr. komi: gefa öðrum né selja af þeim forða. — M. ö. o., það er þarna bætt inn í, að bannað sé að gefa eins og að selja, og sömuleiðis látið afskiptalaust um flutning á víninu í land. Er þetta samhljóða núgildandi áfengislöggjöf. B-liðurinn í þessari brtt. n. er um það að umorða síðustu málsgr., sem hljóðar svo í frv.: „Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa." En b-liður í brtt. n. hljóðar svo: Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa. — M. ö. o., n. gerir það að till. sinni, að flugvélum sé þarna bætt inn í.

Þá kemur 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr. í frv., sem n. gerir enga brtt. við. — 5. og 6. gr. eru lokagreinarnar í II. kafla frv., sem fjallar um innflutning áfengis, en 7. og 8. gr. eru í III. kafla laganna og fjalla um tilbúning áfengis. Þá kemur IV. kafli, sem er um sölu og veitingar áfengis. N. gerir engar brtt. við 9., 10. og 11. gr. í þeim kafla, en gerir brtt. við 12. gr. í fjórum liðum, a, b, c og d. Það er um þessa brtt. að segja, að hún byggist á því, að n. leggur til síðar, eins og ég kem að seinna, að 26., 27. og 28. gr. frv. falli niður, og eru brtt. við 12. gr. afleiðing af því, þ. e., í a-liðnum, að orðið „áfengisvarnaráðs" í 2. málsgr. falli niður; í b-liðnum, að orðin „enda mæli áfengisvarnaráð með leyfisveitingunni" í niðurlagi 3. málsgr. falli niður; c-liður, fyrir orðin „dómsmrh. og áfengisvarnaráð telja nauðsynlegt" í 1. málsl. 6. málsgr. kemur: dómsmrh. telur nauðsynlegt; og d-liðurinn er um það, að síðari málsl. síðustu málsgr. falli niður, en síðasta málsgr. 12. gr. hljóðar svo: „Nánari fyrirmæli um vinveitingar, þ. á m. um veitingatíma, eftirlit á veit-

ingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð.“ Og síðari liðurinn, sem n. gerir að till. sinni að falli niður, hljóðar svo: „Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.“ Þetta er allt sem sagt í samhengi við þær höfuðbreytingartill., sem n. gerir við 26., 27. og 28. gr.

Þá kemur næsta brtt. n., sem er við 13. gr., um það, að 2. málsgr. falli niður. 13. gr. hljóðar svo:

„Áfengisverzlun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu. — Bannað er að senda áfengi gegn póstkröfu. — Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.“

M. ö. o., nefndin leggur til, að 2. málsgr. þessarar greinar falli niður, þ. e.: „Bannað er að senda áfengi gegn póstkröfu.“

Nefndin sér ekki ástæðu til að banna slíkar áfengissendingar og leggur þess vegna til, að málsgr. falli niður.

Þá er 5. brtt. Hún er við 14. gr. og er um það, að orðin: „og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með“ í niðurlagi 2. málsgr. falli niður. Þessi breyting í 14. gr. segir það, að lögreglustjóri skuli ekki þurfa að leita álits áfengisvarnanefndar á staðnum, þó að hann vilji loka áfengisútsölu af sérstökum ástæðum. Ég vil leyfa mér að lesa þessa málsgr. eins og hún er í frv.:

„Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmrh. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.“

Nefndin leit svo á, að ef til kæmi, að lögreglustjóri þyrfti einhverra orsaka vegna að loka áfengisútsölu fyrirvaralaust, eins og sagt er hér, þá væri það stirðara fyrir hann að þurfa, áður en hann tæki þessa ákvörðun, að fara að leita umsagnar áfengisvarnanefndarinnar á staðnum. Nefndin leit svo á, að þetta ákvæði gerði framkvæmdina stirðari og kynni ef til vill að leiða til þess, að ákvæðið kæmi síður að tilætluðum notum. Er því lagt til, að ákvæðið sé lagt niður, þannig að lögreglustjóri geti einn tekið ákvörðun um fyrirvaralausa lokun eða bann við vínveitingum á veitingastað án þess að þurfa fyrst að leita álits áfengisvarnanefndar.

6. brtt. er við 15. gr., og er sama um hana að segja og breytingarnar við 12. gr., að hún er afleiðing af því, að n. leggur til, að greinarnar um áfengisvarnaráð skuli felldar niður. Þessi málsl., sem lagt er til að falli niður, síðari málsl. í 2. málsgr. 15. gr., hljóðar svo: „Leita skal álits áfengisvarnaráðs, áður en reglugerðin er sett.“ Greinin er um það að gera ráð fyrir því að leita álits ráðsins, áður en reglugerð er sett um hámark þess áfengis, sem áfengisverzlunin eða útsölur hennar mega afhenda einstaklingum. Það er þessi heimild til skömmtunar, sem er í núgildandi áfengislögum.

Þá kem ég að 7. brtt., sem er um það að fella niður 26., 27. og 28. gr., en aftur eru engar brtt. við 16., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 23., 24. og 25. gr. Og þessir kaflar, V. kaflinn, sem er 16.—20. gr., fjallar um meðferð áfengis í landinu, en VI. kafli, 21.—25. gr., fjallar um ölvun. Þá er það VII. kaflinn, þar sem þessar greinar eru, sem n. gerir að till. sinni að séu felldar niður. Þetta er VII. kaflinn, og hann er um áfengisvarnir. 26. gr. hljóðar svo:

„Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum till. frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi. — Áfengisvarnaráðunauturinn starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstj. setur honum. Hann skal taka laun samkv. 6. fl. launalaga.“

Þarna er gert ráð fyrir því að stofna nýtt embætti, nýtt launað embætti.

Í 27. gr. segir:

„Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en fjórir ráðsmenn og jafnmargir varamenn skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum till. frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Rvík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr áfengisvarnasjóði.“

28. gr. er þannig:

„Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstj., áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu. — Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með í áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra. — Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkv. lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis. — Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða. — Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.“

Þetta er, eins og greinarnar bera með sér og frv., að setja á stofn launað embætti, þar sem er embætti áfengisvarnaráðunauts, og einnig stofna til hins svokallaða áfengisvarnaráðs, sem einnig skal vera launað, og á þetta ráð að hafa opna skrifstofu í Reykjavík. Nefndin var sammála um að leggja til, að þessar greinar yrðu felldar niður. Í stað þessara greina leggur n. til að komi ein gr., svo hljóðandi:

„Ríkisstj. skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum till. frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.“

Með öðrum orðum er þarna farið inn á núgildandi áfengislöggjöf.

Þá er 8. brtt. nefndarinnar. Hún er umorðun á 29. gr. og er sem sagt einnig bundin við það,

að áfengisvarnaráð skuli ekki stofnað. Orðin í 1. málsgr., 2. málsl. „að fengnum till. áfengisvarnaráðs“ falli niður, og í 1. málsl. 2. málsgr. falli orðið „áfengisvarnaráð“ einnig niður, og niðurlag síðari málsl. 2. málsgr.: „að fengnum till. áfengisvarnaráðs“ — falli einnig niður.

N. leggur til, að gr. hljóði svo:

„Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formann nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður af störfum nefndanna greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði. — Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út.“

Einnig hér er farið inn á núgildandi áfengislög í þessum efnum.

9. brtt. n. er um það, að 31. gr. falli niður, en hún er um það, að stofna skuli áfengisvarnasjóð. Hlutverk hans skal vera að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Tekjur sjóðsins skulu vera árlega 3% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins eða um 1½ millj. kr. árlega, miðað við tekjur verzlunarinnar síðustu ár.

Þar sem n. gerir till. um, að niður falli greinarnar um áfengisvarnaráðunaut og áfengisvarnaráð, sem þessara tekna eiga að njóta, leiðir það af sjálfu sér, að þessi grein um áfengisvarnasjóð falli einnig niður.

10. og síðasta brtt. allshn. er um það, að 32. gr. falli niður, en 32. gr. mælir svo fyrir, að á næstu 5 árum skuli leggja til hliðar, eins og segir í gr., „6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins“. Og þessu fé, sem mundi nema rúmum 3 millj. kr., á að ráðstafa þannig, að helmingi upphæðarinnar skal varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrmrh. Hinum helmingnum skal verja að jöfnu til þess að veita félagsheimilum og hótelum vaxtalaus lán, enda gangi þau hótel fyrir, sem ekki hafa vínveitingaleyfi, eins og segir í gr. Þarna er um að ræða að ráðstafa yfir 3 millj. kr. árlega til þeirra hluta, sem nú þegar að meira eða minna leyti eru styrktir með fé úr ríkissjóði árlega. Má t. d. benda á drykkjumannahæli, sjúkrahús og elliheimili. Og þótt segja megi, að æskilegt væri að geta veitt meira fé til þessara hluta en nú er gert, virðist það eðlilegra, að fjárveitingavaldið meti þessar þarfir árlega, heldur en að leggja til hliðar í því skyni ákveðinn hluta ríkisteknanna. N. leggur því til, að greinin sé felld niður. Ég vil geta þess í sambandi við þessa grein, að á þskj. 50, þar sem brtt. hv. þm. Barð. eru prentaðar, leggur hann einnig til, að þessi grein sé lögð niður, ef ég man rétt, og sömuleiðis leggur hv. 1. þm. N-M. til, að hún sé felld niður.

Ég hef þá í stuttu máli lýst brtt. þeim, sem allshn. ber fram á þskj. 387, ýmist óskipt eða að meiri hluta. Höfuðbreytingar n. eru þær að fella niður ákvæðin um að setja á stofn embætti áfengisvarnaráðunauts, áfengisvarnaráðs og um áfengisvarnasjóð og ráðstafa árlega 6% af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins til ákveðinna hluta. Það má segja, að þetta séu róttækar breytingar, en allshn. væntir samt, að hv. dm. geti að athuguðu máli samþykkt þær.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, hefur verið útbýtt brtt. á þskj. 385, þar sem tveir nm. úr allshn., hv. þm. Seyðf. og ég, ásamt hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Mýr. bera fram brtt. við nokkrar greinar frv., en fyrir þessum brtt. fékkst ekki meiri hluti í allshn. Ég ætla ekki að ræða um þessar brtt. Framsögu fyrir þeim mun hv. þm. Seyðf. hafa, sem er fyrsti flm.

Þá vil ég geta þess, að n. hafði brtt. hv. 1. þm. N-M. á þskj. 56 og brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 50 til athugunar við meðferð málsins. En lítið var tekið upp úr þeim, þar sem þær fóru að töluvert miklu leyti í aðrar áttir en brtt. n. Þó vil ég minna á ákvæðið um að taka flugvélar inn, telja þær með flutningatækjum, sem til landsins kæmu, hvað vín snertir, — það voru þeir með þessir hv. þm. í sínum brtt., — einnig að fella niður 32. gr., og þar fór álit þeirra og n. saman. En ég vil einnig segja það sem mitt álit, að væri embætti áfengisvarnaráðunauts stofnað, þá er brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 50 við 26. gr. um, að það embætti skipi sérmenntaður læknir, réttmæt. Þá vil ég benda á 14. brtt. á sama þskj. um breytingu á 30. gr., en allshn. leggur ekki til, að henni verði neitt breytt í sínum till. En brtt. hv. þm. er um það, að fræðsla skuli fara fram í skólum um áhrif áfengisnautnar o. fl., eins og segir í 1. málsgr., og er fyllri en 30. gr. er í frv. Álít ég, að sú brtt. hv. þm. ætti að samþykkjast. Þó er brtt. í þremur málsgr., en þetta, sem ég segi nú, á við 1. málsgr., vegna þess að 2. málsgr. þessarar brtt. er um áfengisvarnaráð, sem allshn. leggur til að lagt sé niður, og síðasti málsl. er um það, að skylt skuli „öllum sóknarprestum landsins að hafa eftirlit með því, að börn og unglingar hafi fengið þá fræðslu, sem ákveðin er í barnaskólum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og er það skilyrði fyrir fermingu barna, að þeim hafi verið kennd sú námsgrein“. Þetta gæti ég ekki fallizt á að kæmi þarna í þessum lögum, álít það ætti þá heima frekar annars staðar.

Ég lýk þá máli mínu. Ég hef ekki rætt um áfengismálin efnislega og það ástand, sem þau hafa verið í undanfarin ár, þegar vínveitingaleyfi voru veitt sem undanþágur eða í því formi, og það ástand, sem skapaðist eða skapazt hefur, eftir að þessum leyfisveitingum var hætt og eftir að áfengisútsölur voru víða lagðar niður með atkvæðagreiðslum á viðkomandi stöðum. Umræðum um þessa hlið málsins hef ég með vilja sleppt, aðeins lýst þeim brtt. allshn., sem hún gat ýmist orðið sammála eða myndað meiri hluta um og leggur til að verði samþykktar.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Á síðasta þingi lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. til áfengislaga, er samið hafði verið af sérstakri nefnd manna,

er skipuð var til þess að athuga þessi mál og gera till. um umbætur á gildandi áfengislöggjöf. Var frv. á því þingi vísað til 2. umr. og hv. allshn., sem ekki gat orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við 2. umr. lágu fyrir um 70 brtt., hvar af 27 brtt. voru frá einum nm. allshn., hv. 1. þm. N-M., og 5 brtt. frá öðrum nm., hv. þm. Seyðf., auk þess sem hann þá taldi sig mundu ljá fylgi sitt við ýmsar þær aðrar brtt., sem þá lágu fyrir. Hins vegar lá aðeins ein till. fyrir frá meiri hl. hv. n., en sú till. gekk út á það að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá til frekari undirbúnings, þar sem málið hafði ekki að áliti meiri hl. fengið eðlilegan undirbúning, áður en það var lagt fyrir Alþingi. Var hin rökstudda dagskrá samþykkt, án þess að tækifæri gæfist til þess að fá um það nokkra vitneskju, hvaða fylgi ættu hinar mörgu brtt., sem fyrir lágu hér í þessari hv. d. Og það einkennilegasta í meðferð málsins þá er það, að einmitt sá nm., sem lagt hafði í það mikla vinnu að bæta frv. með því að bera fram yfir 20 brtt., situr hjá við atkvgr. um rökstuddu dagskrána, sem samþ. var aðeins með eins atkv. mun, en hefði fallið með jöfnum atkv., ef hann hefði greitt atkv. gegn henni. Þannig stuðlaði hann að því, að hans eigin brtt. kæmu ekki undir atkvæði í d. Má því segja, að hann hafi þannig sjálfur orðið banamaður allra sinna góðu brtt. í þessu máli.

Í byrjun yfirstandandi þings lagði hæstv. dómsmrh. fram frv. á ný hér í þessari hv. d. Hann hafði ekki, sem von var, látið fara fram neina frekari athugun á málinu, hvorki í þeirri n., sem um það hafði fjallað áður, né heldur skipað til þess aðra menn að athuga málið og búa það betur undir flutning á þessu þingi. Það var vitað, að hin rökstudda dagskrá var ekki sannleikanum samkvæm, og það var ekkert vitað um vilja meiri hluta þessarar hv. d. gagnvart hinum mörgu brtt., sem fyrir lágu, og engan veginn nægilega ljóst, hvorki af nál. né umræðunum, hvaða stefnu hv. d. vildi marka í þessu mikla vandamáli, annað en það, að svo virtist sem meiri hl. vildi þó fella niður úr frv. heimild til þess að láta fara fram þjóðaratkvæði um það, hvort ölbrugg skyldi leyfa í landinu. Allt var þetta þó ágizkun ein, því að um það atriði fór ekki heldur fram nein atkvgr. Hæstv. ráðh. hefur þó þótt rétt að fella þetta ákvæði niður úr því frv., er hann lagði fram á þessu þingi og nú er hér til umræðu. Engar aðrar breytingar þótti hæstv. ráðh. ástæða til þess að láta gera á frv. með tilliti til meðferðar málsins á síðasta Alþingi.

Frv. var vísað til hæstv. allshn. snemma á þessu þingi og hefur því verið þar til meðferðar í um þriggja mánaða skeið, þegar þingfríið er frá reiknað. Í hv. allshn. eiga sæti 3 hinir sömu menn sem athuguðu og afgreiddu málið á síðasta þingi, þ. á m. tveir hv. þm., sem þá stuðluðu ýmist beint eða óbeint að frávísun málsins. Annar þessara manna, hv. 1. þm. N-M., flutti þegar að lokinni 1. umr. aftur flestallar till. sínar til breyt. á frv., sem hann sjálfur myrti svo kyrfilega á síðasta Alþingi. Og nú hefur hv. allshn. skilað sameiginlegu áliti um málið ásamt 13 brtt. Hafa allir hv. nm. undirritað nál. án nokkurs fyrirvara. Og þótt það sé ekki nema örfáar línur og þótt allir hv. nm. séu innilega sammála um nál., kemur þó skýrt í ljós, að þar er enginn sammála um afgreiðslu frv. í heild eða þá stefnu, sem rétt þykir að marka í þessu mikla vandamáli þjóðarinnar. Samtímis þessu, sem ég hef hér lýst, bera svo hv. nm. fram urmul af brtt. á sérstökum þskj., ýmist einir eða með öðrum hv. þm. En allt er á huldu um það, hvort hv. n. ætlar sér að fylgja frv. til 3. umr. eða lengra, ef t. d. allar brtt. verða felldar aðrar en brtt. n. Hefði þó verið fróðlegt fyrir hv. d. að fá um það nokkra vitneskju. Ég skal taka það fram, að mér skildist á hv. frsm., að bak við frv. stæði vilji allrar n., jafnvel þó að engu öðru yrði breytt í frv. en því, sem n. leggur til, þannig að mér skildist á hans ræðu, að jafnvel þótt allar aðrar brtt. yrðu felldar, þá mundi n. standa einhuga um að fylgja frv. út úr þessari hv. d. Hins vegar kemur ekkert fram um það í nál., eins og sést á þskj. Ég hygg, að það mætti leita lengi í þingtíðindum til þess að finna hliðstæð vinnubrögð nokkurrar hv. þingnefndar í nokkru máli bæði fyrr og síðar. Stafar þetta sjálfsagt mest af því, að hér er um óvenjulega viðkvæmt mál að ræða og óvenjulegan vanda að leysa. En það út af fyrir sig getur ekki réttlætt það, að hv. þm. kasti frá sér vandanum, eða heimilað þeim að hylja hina sönnu skoðun þeirra á málinu. Þjóðin á sannarlega kröfu á því, að þeir menn, sem hún hefur falið að fara með umboð sitt á Alþingi, hafi bæði til þess vit og kjark að mynda sér skoðun á vandamáli og láta hana uppi til leiðbeiningar fyrir allan almenning. Meðferð og afgreiðsla málsins í hv. n. ber þess sannarlega vitni, að til séu hv. þm., sem líta öðrum augum á þessa skyldu þingfulltrúa. Og þó verður aldrei komizt út úr því öngþveiti, sem áfengismál þjóðarinnar eru nú í og hafa verið í um langt skeið, fyrr en nægilega margir hv. þm. telja sér skylt að segja þjóðinni, hvað þeir áliti henni fyrir beztu í þessu máli, og leggja þar við þingsetu og þingmannsheiður. Og það gildir ekki einungis um þetta vandamál, heldur og öll önnur vandamál, sem þingið fær til meðferðar á hverjum tíma.

Mér þótti rétt að benda hér á þetta við þessa umræðu, áður en ég ræði hér þær brtt., sem ég hef borið fram á þskj. 50. Eru þetta sömu brtt. og ég bar fram við frv. á síðasta þingi, að undantekinni fjórðu brtt. á þskj. 111 frá síðasta þingi, við 7. gr. frv. eins og það var þá, þar sem sú gr. var felld úr frv. því, sem hér er til umr., eins og ég áður hef tekið fram. Skal ég þá gera hér ýtarlega grein fyrir till. mínum á þskj. 50, þar sem ég tel, að ýmsar þeirra séu frumskilyrði fyrir þeim umbótum, sem þjóðin óskar að verði á þessum málum í framtíðinni. Afstaða mín til frv. í heild fer svo að sjálfsögðu eftir því, að hve miklu leyti hv. d. samþykkir þessar till.

1. brtt. mín, við 1. gr. frv., er sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Greinin orðist svo: Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.“

Hér er að vísu aðeins að ræða um ákveðna stefnuyfirlýsingu, en það er þó síður en svo, að slík stefnuyfirlýsing sé þýðingarlítil eða þýðingarlaus, enda er það víst, að orðalag þessarar 1. gr. frv. var mjög róttækt ágreiningsefni í mþn., sem samdi frv. Þetta er ekki heldur neitt undarlegt, því að einmitt um þetta atriði eru meginátökin í landinu. Að afgreiða áfengislöggjöf án þess að marka skýrt í sjálfum lögunum, hver sé megintilgangur þeirra, eins og hv. allshn. leggur til að gert verði, þar sem hún leggur til einróma, að 1. gr. frv. verði felld niður, er beinlínis að bjóða heim glundroðanum og stefnuleysinu í þessu mikla vandamáli. Meiri hl. milliþn. markar hér ákveðna stefnu. Hann vildi, að tilgangur laganna væri sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess. Þetta er stefna út af fyrir sig, þótt ég sé henni ósamþykkur. En hún er þó margfalt betri en engin stefna, margfalt betri en sá glundroði, sem hv. n. vill viðhafa í þessu máli. Ég vil hins vegar, að lögin marki þá stefnu að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara, og við þetta hef ég miðað allar aðrar mínar brtt. við frv., alveg eins og mþn. miðaði réttilega allar sínar till. við þá yfirlýsingu, sem hún tjáir í 1. gr. Í þessari stefnuyfirlýsingu, sem hér um ræðir, er reginmunur. Þar er allt önnur og miklu linari sókn gegn áfengisbölinu, að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og að vinna gegn misnotkun þess, eða að vinna gegn misnotkun áfengis og útrýma því böli, sem henni er samfara. Og hvaða menn eru það í landinu, sem raunverulega eru á móti því, að unnið sé gegn misnotkun áfengis og að útrýmt sé því böli, sem henni er samfara? Er nokkur maður til á þessu landi, sem vill viðhalda misnotkun áfengis, eða er nokkur maður til í þessu landi, sem vill viðhalda því böli, sem ofdrykkjunni er samfara? Ég fullyrði, að slíkir menn eru ekki til, ekki heldur meðal þeirra manna, sem að vanathuguðu máli leggja til, að slíkri stefnuyfirlýsingu sé vikið frá. Þeir hv. þm., sem kynnu að greiða atkv. gegn 1. brtt. minni um, að 1. gr. frv. orðist svo sem þar segir, geta sannarlega ekki vænzt þess að verða taldir liðtækir í baráttunni gegn áfengisbölinu í landinu, hversu blítt sem þeir annars kunna að tala um þetta mál. Til þeirra hv. þm., ef nokkrir eru hér í þessari hv. d., vildi ég mega beina þessari spurningu: Hvað á að vera megintilgangur áfengislaga, ef ekki einmitt sá, sem felst í brtt. minni? Ef hann á að vera einvörðungu sá að afla ríkissjóði sem mestra tekna, þá er langflestum greinum frv. ofaukið. Þar er nóg að heimila ríkisstj. einkasölu á áfengi og ef til vill einnig ótakmarkaða bruggun áfengra drykkja. Mætti síðan með reglugerð setja ákvæði, hvaða hátt skyldi hafa á því að fá fólkið til þess að kaupa sem mest af víninu. Ef það er hins vegar tilgangur áfengislaga að tryggja það, að ríkissjóðurinn einn fái allan ágóða af því víni, sem neytt er í landinu, án þess þó að örva til drykkju, þá þarf einnig að gerbreyta frv. til þess að ná því marki. En þjóðin mundi ekki sætta sig lengi við svo einhliða löggjöf um þetta mál. Meginhluti þjóðarinnar krefst þess, og er henni mestur sómi að því að falla ekki frá þeirri kröfu, að áfengislögin geri allt í senn: tryggi ríkissjóði allar tekjur af innflutningi vínanda til landsins, hverju nafni sem nefnist, tryggi ríkissjóði verulegan hluta af vínsölu í landinu beint eða óbeint, vinni gegn misnotkun áfengis í landinu, verndi hina uppvaxandi æsku frá því að verða vínnautninni að bráð, veiti almenningi vernd gegn hvers konar hættu, sem stafar frá verknaði ofdrykkjunnar, útrými því böli, sem áfengisnautninni er samfara, og tryggi þá fræðslu, sem þjóðinni er lífsnauðsyn til þess að skapa sterka sókn gegn áfengisbölinu, samfara því að byggja upp sterkt almenningsálit, sem fordæmir allt það siðleysi, sem er samfara ofnautn áfengis og nú er ekki talið ámælisvert í vitund þjóðarinnar, en á stærsta sök á því ástandi, sem nú ríkir hér í áfengismálunum. Áfengislöggjöf er nauðsynleg til þess að ná þessu takmarki. Um þetta er ekki heldur deilt. Hitt veldur öllum deilunum, hvaða leiðir skuli fara, og þó einkum, hve nærri skuli ganga frelsi manna með alls konar ákvæðum, er talið er nauðsynlegt að lögfesta til þess að ná settu marki. Skal ég svo láta þetta nægja í sambandi við 1. brtt. mína.

2. brtt. mín er við 3. gr. frv. og miðar að því að banna allan innflutning á öli. Það sýnist alveg óþarfi að leyfa innflutning á öli, þótt það innihaldi minna en 2½% af vínanda. Annars skiptir það út af fyrir sig ekki miklu máli, þar sem það má sjálfsagt teljast til undantekningar, ef öl er flutt til landsins.

3. brtt. mín er við 4. gr. og er í fjórum stafliðum. A-liðurinn miðar að því að fella niður það ákvæði, að skip megi hafa hæfilegan forða af óinnsigluðu áfengi til neyzlu handa skipsmönnum. Ef á annað borð á að lögbjóða að innsigla áfengi í skipi, ætti ekki að leyfa neinn forða skipsins undanþeginn. Skipverjum er í engu vandara um að vera án áfengis innan hafnar en þeim, sem í landi búa, eða sæta sömu reglu um áfengiskaup, geti þeir ekki án þess verið þá stuttu stund, sem skip er í höfn. Hins vegar torveldar þetta ákvæði mjög eftirlit með því, að engu sé smyglað af áfengi í land úr skipi, og gerir slíkt eftirlit í mörgum tilfellum gersamlega óvirkt. Öll önnur ákvæði 4. gr. eru mjög lítils virði, sé þessu ákvæði síðasta málsl. 3. málsgr. haldið óbreyttu. B-liðurinn er að sjálfsögðu afleiðing af samþykkt a-liðar og þarf því ekki skýringar við. Og c-liðurinn er einnig afleiðing af samþykkt a-liðar, ef hann verður samþykktur. Hv. allshn. hefur efnislega tekið upp d-lið úr minni till. í 2. brtt. sína undir b-lið, svo að ef sú till. verður samþ., er sjálfsagt að taka mína till. aftur.

4. brtt. er við 8. gr. Er rétt að taka þá till. aftur til 3. umr., en þá verður séð, hvort till. n., sem fram eru komnar um að fella niður úr frv. ákvæðin um áfengisvarnasjóð, verða samþ.

5. till. mín er um það, að aftan við 9. gr. bætist, að óheimilt sé að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings. Eins og 9. gr. er nú í frv., kveður hún ekkert á um þetta atriði. Þykir rétt að upplýsa í sambandi við þetta, að allt frá því að

Hótel Borg var byggt og þar til á árinu 1948 hafði verið gefinn 20% afsláttur á öllu víni, sem selt var hótelinu. Nam þessi afsláttur síðasta árið hvorki meira né minna en rúmlega 500 þús. kr. Jafnskjótt og mér varð þetta ljóst sem formanni fjvn., tók ég málið fyrir í n. og fékk samþykki meiri hl. fyrir því að óska þess, að þáverandi hæstv. fjmrh., hv. þm. Vestm., afnæmi þessi fríðindi. Varð ráðh. þegar við þeim óskum n. Ég tel víst, að því megi treysta, að þessi regla hafi verið látin gilda alla tíð síðan, og ef svo er, þykir rétt, að hún sé lögfest eins og lagt er til í brtt. minni. Hafi hin fyrri regla hins vegar verið tekin upp á ný af núverandi hæstv. fjmrh., sem ég trúi ekki, er enn meiri ástæða til þess að samþ. till. Það getur ekki verið neinn hagur fyrir ríkissjóðinn, að slík venja verði tekin upp, að lækka verðið til einstakra veitingamanna; álagning þeirra er ekki háð neinu verðlagseftirliti og gróði þeirra af þessari sölu slíkur, eftir því sem þeir hafa sjálfir upplýst, að engin minnsta ástæða er til þess að auka við hann á kostnað ríkissjóðs. Þess er því að vænta, að þessi till. mín verði samþ.

6. brtt. mín er við 10. gr., en gr. öll orðuð upp og sami réttur til atkvgr. um héraðsbann gefinn, hvort sem menn eru íbúar í kaupstað eða í sveitarfélagi. Ef um er að ræða einhver fríðindi fyrir kaupstaðarbúa með ákvæðum 10. gr., hvers vegna mega þá ekki íbúar smærri staða einnig njóta þeirra? Sé hins vegar um að ræða einhverja byrði, einhvern kross, einhvern óbærilegan kross, sem verið er að leggja á kaupstaðina, hvers eiga þeir þá að gjalda? Engin löggjöf, sem felur í sér augsýnilegt ranglæti, er viðurkennd af þjóðinni eða nær tilgangi sínum, hversu góður sem hann er. Nú er mjög um það deilt, hvort héraðsbönnin hafi aukið eða dregið úr drykkjufýsn manna á þeim stöðum, sem þeim hefur verið komið á, en hvort sem svo er eða ekki, þá eiga allir aðilar að vera jafnir fyrir þessum lögum sem öðrum, hvar sem þeir búa í landinu. Íbúum hinna fámennu staða er engu síður trúandi til þess að þekkja sinn vitjunartíma í þessu máli en hinum, sem í margmenninu lifa. Það er því alveg óþarft að lögbjóða einhver sérákvæði þeirra vegna.

7. brtt. er við 12. gr. frv. Er lagt til, að gr. verði orðuð um og efni hennar nokkuð breytt frá því, sem er í frv., m. a. samræmt við fyrri brtt., ef samþ. verða. Fellt er niður það ákvæði, að Samband gistihúsa- og veitingahúsaeiganda skuli dæma um flokkun veitingahúsa eða geti haft áhrif á, hvaða aðilar fái vínveitingaleyfi. Er lagt til, að vald þetta sé hjá ráðuneytinu, sem ávallt getur kvatt til kunnáttumenn eða sett um þetta ákveðnar reglur. Þá er einnig lagt til, að 3. málsgr. falli niður, en hún mælir svo fyrir, að ráðh. sé heimilt að veita þeim veitingastöðum vínleyfi, er aðallega séu fyrir erlenda ferðamenn. Ég lít svo á, að óeðlilegt sé, að nokkur sérákvæði séu í lögunum um slíka staði, enda ávallt mjög umdeilanlegt, hverjir kæmu þar til greina og hverjir ekki. Skilyrði fyrir leyfum til veitinga eiga að vera almenn og ein og þau sömu fyrir alla aðila, en ekki að flokkast á þann hátt, sem gert er í frv., svo sem gert er ráð fyrir í þessari gr. Samfara leyfisveitingunum á að gera strangar kröfur til þeirra, sem þau hljóta, og til allra jafnt, hvar sem er á landinu. Skal vikið að þessu atriði nokkru síðar.

8. brtt. er við 15. gr. frv., að fyrri málsl. 2. málsgr. falli niður. Ég sé, að hv. n. ætlast til þess, að síðari málsl. þessarar gr. falli niður, og getur þá orðið samkomulag um að fella gr. alveg niður. Þetta ákvæði heimilar áfengisverzluninni að taka upp skömmtunarkerfi, sem áður gilti hér og reyndist einna verst af öllu, sem reynt hefur verið til þess að draga úr vínnautn almennings. Hefur sama reynsla fengizt um þetta í öllum öðrum löndum, þar sem því hefur verið komið á. Meiri hl. milliþn. var líka sammála um það, að ekki bæri að lögleiða skömmtun áfengis, en með því að einn nm. var á annarri skoðun, var sætzt á að hafa þessa heimild í lögunum. En hún er á engan hátt til bóta og á því að hverfa.

9. brtt. er við 16. gr. frv. og er í tveimur stafliðum. Er a-liðurinn um það að fella niður orðin „né veita“ í 1. málsgr., en sú málsgr. mælir svo fyrir, að ekki megi afhenda né veita áfengi ölvuðum mönnum eða yngri en 21 árs. Með því að fella þessi tvö orð niður er því fyrirmæli haldið, að ekki megi afhenda ölvuðum mönnum og mönnum undir 21 árs aldri áfengi. Er hið fyrra a. m. k. rétt og sjálfsagt, hið síðara má lengi deila um, en aldurstakmark ber þó að setja, því að ekki væri rétt að leyfa afhendingu áfengis til barna. Hitt er svo annað mál, að þessu ákvæði verður almennt ekki framfylgt. Enginn fer að spyrja fullþroskaðan mann um aldur og krefjast vegabréfs, þótt hann vilji kaupa flösku löglega, enda vafasamt, hvort það mundi ekki þoka honum áleiðis til leynivínsalans, ef um neitun væri að ræða. Hitt nær svo engri átt, að neita t. d. 20 ára manni að fá sér létt glas af víni á veitingahúsi, sem hefur leyfi til veitinga, t. d. í félagi með fjölskyldu sinni eða vinum, en leyfa 21 árs gamalli stúlku í sama hópi að drekka að vild. Slíkt ákvæði verður ekki haldið, nær ekki heldur tilgangi sínum og á þess vegna að hverfa úr frv.

Í b-lið till. minnar eru eftirstöðvar 16. gr. orðaðar um, skilyrði fyrir því, að menn fái vín á veitingastað, takmörkuð við framferði manna þar, á meðan þeir dvelja í veitingasal. Þá eru með till. lagðar skyldur á herðar veitingaaðila, þar sem honum er gert skylt að stöðva allar veitingar, þar til fyrirmælum gr. er hlýtt. Einn erfiðasti og mesti vandinn í sambandi við áfengismál þjóðarinnar er sá gróði, sem ríkið og þeir aðilar, sem veitingaleyfi öðlast, hafa af vínsölunni. Ég veit ekki, hvort hv. alþm. hafa yfirleitt gert sér það ljóst, hversu mikill þessi vandi er einmitt út af fyrir sig, alveg án tillits til þess tjóns, sem ofnautn vínsins hefur í för með sér. Vér skulum t. d. hugsa um, hvaða ástand það mundi skapa í þjóðfélaginu, ef gefa ætti einum aðila, segjum t. d. Hótel Borg, einkarétt til þess að selja mjólk í bænum og væri jafnframt undanþegin verðlagseftirliti eða yfirleitt öllu eftirliti við sölu vörunnar. Hvað mundi þjóðin þola það lengi, og hvaða geysileg fríðindi væri ekki verið að skapa aðila, sem fengi slíka

aðstöðu? En það eru einmitt sams konar fríðindi, sem verið er að gefa sérhverjum þeim aðila, sem veitt er veitingaleyfi á vini í landinu. Varan sjálf er miklu eftirsóknarverðari en mjólk, og álagningin er miklu stórkostlegri en unnt væri að hafa á mjólkinni, þótt ekkert verðlagseftirlit væri. Hvaða vit er þá í því að veita slík leyfi, nema um leið að leggja þær skyldur á herðar leyfishafa, að hann láti m. a. gæta velsæmis í veitingasölum og láti fjarlægja þegar hvern þann, sem fyrir hans tilverknað er ekki lengur samkvæmishæfur, og að hann láti enn fremur stöðva allar veitingar, þar til slíkt hefur verið gert? Er hægt að krefjast minna af aðila, sem rakar saman milljónagróða af þessum fríðindum? Er nokkur vitglóra í því að leyfa gróða veitingamannsins að vaxa í hlutfalli við þverrandi vit drykkjumannsins? Og er það ekki sjálfsagðasta krafan, að veitingamaðurinn sé ábyrgur fyrir því, að hér sé ekki farið út fyrir allt velsæmi? Þeir hv. þm., sem eru mér sammála um þessi atriði, samþykkja þessa brtt. mína við frv.

10. brtt. miðar að því, að ný grein komi á eftir 20. gr. Er þar svo fyrir mælt, að eftirlit sé haft með áfengisveitingunum í landinu. Hingað til hefur slíkt eftirlit skort víðast hvar, en þar sem komið hefur verið á vísi að því, hefur það gefizt svo vel, að allt annar og betri bragur hefur verið á þeim samkomum, sem eftirlitið hefur verið með. Annars skal þetta atriði rætt nánar í sambandi við 13. brtt. mína.

11. brtt. mín er um það, að á eftir 25. gr. komi ný gr., er ákveður, hvernig fara skuli með brot gegn lögunum. Vegna þess, hversu almenningur veigrar sér við því að kæra yfir slíkum brotum, þó að þau séu á vitorði allra, er nauðsynlegt, að dómsvaldið fyrirskipi réttarrannsókn til upplýsingar á meintum brotum, þó að ekki hafi kæra komið fram.

12. brtt. mín er við 26. gr., en sú grein mælir svo fyrir, að ríkisstj. skuli skipa áfengisvarnaráðunaut sér til aðstoðar. Hefur slíkt starf verið hér árum saman og er því ekki neitt nýtt embætti, eins og hv. frsm. minntist á hér áðan í sinni framsöguræðu, en árangurinn ekki orðið sem skyldi, enda ávallt rekið sem aukastarf, rétt eins og hér væri ekki um nægilegt verkefni fyrir einn mann að ræða. En þetta er mikill misskilningur. Hér er um að ræða meira en nóg starf fyrir einn mann, og því aðeins verður nokkurt gagn í starfinu, að því sé sinnt með mikilli samvizkusemi, miklum áhuga og með löngum starfsdegi. Í minni till. er gert ráð fyrir því, að ráðinn sé læknir til þess að hafa yfirumsjón þessara mála og að hann hafi sérþekkingu á drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra manna, hann verði og jafnframt áfengisvarnaráðunautur ríkisstj. Skulu hér færð rök fyrir þessari till. minni alveg sérstaklega, því að framkvæmd áfengisvarna laganna og umbætur á áfengismálum þjóðarinnar velta kannske ekki hvað minnst á því, hvort við berum gæfu til þess að skipa um þessi sérstöku atriði vel og viturlega.

Skömmu fyrir áramótin síðustu voru samþykkt hér lög, sem mæla svo fyrir, að byggja skuli hæli fyrir drykkjusjúka menn fyrir það fé, sem áfengisverzlunin hefur lagt til hliðar í þessu augnamiði. Hæstv. heilbrmrh. hefur skipað 5 manna n. til þess að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd. Hafa m. a. verið skipaðir tveir læknar í n., sem sýnir bezt, hversu það er ómissandi, að læknar fjalli um þessi mál. N. hefur þegar lagt allmikla vinnu í að athuga, hvernig þessum málum verði skipað á hentugasta hátt, bæði hvað snertir árangur og útgjöld, og hefur margt merkilegt komið fram í þeim athugunum og till. í sambandi við þær. Er það ef til vill langathyglisverðasta tillagan að byggja slík heimili upp í smáum stíl víðs vegar um landið, svo að mennirnir gætu notið sem mest heimilishjúkrunar og þeirrar samúðar og sálarstyrks, sem jafnan er að finna á góðum heimilum. En til þess að sú hugmynd geti orðið að veruleika, er alveg óhjákvæmilegt, að einn maður hafi yfirumsjón með þessum hópi öllum, fylgist með líðan þeirra og sálarlífi og kynnist þeim persónulega og leiðbeini þeim á margan hátt. Allt annað er vonlaust í því starfi. Enginn væri betur til þess fallinn en góður læknir og mikill mannvinur, og hann mundi í þessu starfi sínu öðlast þá þekkingu, sem áfengisvarnaráðunaut er nauðsynleg, og því á að sameina þessi störf.

Ég vildi því mega vænta þess, að hv. alþm. athuguðu vel og gaumgæfilega þetta sérstaka atriði í tillögunum, áður en þeir greiða um þær atkv. Hér er svo mikið í húfi í sambandi við þær tilraunir, sem verið er að undirbúa til umbóta á þessu sviði.

13. brtt. mín er um það, að ný gr. komi á eftir 27. gr. Er efni gr. það, að dómsmrh. skipi eftirlitsmann með neyzlu og meðferð áfengis í landinu, þar sem útsölur eru leyfðar. Í sambandi við þessa till. vil ég leyfa mér að benda á, að þjóðin ver nú yfir 2 millj. kr. árlega í ýmiss konar eftirlit til þess að fyrirbyggja slys á mönnum og munum, m. a. er varið um 1 millj. kr. árlega til eftirlits með bifreiðalögunum. Nú er vitað, að mjög mikill hluti bifreiðarslysa stafar beinlínis af vínnautn þeirra manna, sem bifreiðum aka, þó að það sé ekki undantekningarlaust aðalorsök slysanna, og mörg önnur slys á landi og sjó stafa einnig af þessu sama. Er þá nokkurt vit í því að hafa ekki fullnægjandi eftirlit með þeirri löggjöf, sem hér um ræðir, ef það mætti draga verulega úr þeim slysum, sem vínnautn orsakar, og samfara því draga úr því böli, sem af henni stafar? Án þess að sjá að fullu fyrir þessum þætti málsins má þjóðin ganga að því vísu, að löggjöfin er lítils virði, hversu vel sem til hennar er vandað að öðru leyti. Hv. allshn. leggur á það megináherzlu í till. sinni að draga úr eftirlitinu frá því, sem til er ætlazt í frv. Mun það stafa mest af því, að henni vex í augum það fé, sem til þess þarf. En hvílíkur reginmisskilningur á lausn vandamáls! Hér þarf að ganga feti framar en ráð er fyrir gert í frv., og að því miðar till. mín, sem hér um ræðir.

Þá hef ég ekki viljað gera till. um breyt. á fyrirmælum í sambandi við kostnaðinn af eftirlitinu. Þó er ég fús til þess að hafa alla samvinnu við hæstv. n. um það atriði. Þykir mér ekki einasta eðlilegt, heldur og sjálfsagt, að þeir aðilar, sem njóta fríðinda og fjár við að fá veitingaleyfi, greiði einnig meginhluta af þeim

kostnaði, sem eftirlitið hefur í för með sér. Er það beinlínis í samræmi við ákvæði l. um eftirlit á öðrum sviðum, þar sem viðkomandi aðilar verða að greiða kostnaðinn að mestu eða öllu leyti, svo sem er um skipaeftirlit, verksmiðju- og vélaeftirlit, bifreiðaeftirlit o. m. fl. Vildi ég því mega vænta þess, að till. mínar hér að lútandi verði samþ.

14. brtt. mín er við 30. gr. og miðar að því, að komið sé upp í öllum skólum sérstakri kennslu í sambandi við áfengisnotkun í landinu. Hv. frsm. tók það fram, að hann teldi, að þessi till. ætti raunverulega að samþykkjast, það þyrfti hins vegar að breyta henni nokkuð, vegna þess að í þessari till. er gert ráð fyrir því, sem gert er ráð fyrir í frv., að hér verði haldið áfengisvarnaráði og áfengisvarnanefndum. Út af þessum ummælum vil ég lýsa því yfir, að ég er fús til þess að taka þessa till. aftur til 3. umr., þegar séð verður, hvernig frv. reiðir af hér við þessa umr., ef hv. n. vill hafa samvinnu við mig um þessi mál. En ég vil, áður en ég lýk máli mínu um þetta atriði, leyfa mér að benda á staðreyndir, sem eru hverjum augljósar hér í þessu landi. Á síðari árum hefur þróunin orðið slík í skólum landsins, þrátt fyrir um 60 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði til menntamála, að það þykir ekki einungis sjálfsagt, heldur heiður, að ég ekki segi skylda manna, sem koma út úr skólum, að fara fyrstu dagana á ósæmilegt fyllirí. Við skulum líta á menntaskólann. Á s. l. 25 árum eða allan þann tíma, sem núverandi rektor hefur verið við skólann, hefur þetta aukizt svo, að þegar stúdentarnir koma út úr skólanum, telja þeir það fyrstu skyldu sína að vera 1, 2 eða 3 daga á fylliríi, og er það ekki af því, — og vil ég leggja á það áherzlu, — að rektor stuðli að þessu, því að hann er kunnur einmitt að því að vilja halda reglusemi í skólanum og hvetja unglinga til þess að haga sér ekki þannig sem hér er gert, en það er beinlínis vegna þess, að það er vanrækt að kenna nemendum frá fyrsta degi í skólanum, hvaða áhrif vínnautn hefur á þeirra sálarlíf og þeirra líkama. Það er ekki gert að þeirri skyldugrein í skólanum eins og ætti að gera í sambandi við aðrar námsgreinar. Það er ekki skylda að sýna þekkingu á þessu máli. Þar er enginn vitnisburður gefinn fyrir fræðslu um þessi atriði. Menn eiga að kunna ýmis tungumál, og menn eiga að kunna ýmsar aðferðir í stærðfræði o. fl., o. fl., þó að þeir noti það aldrei í lífinu, en fram hjá þessu, sem er kannske mest áríðandi fyrir þá, er alveg gengið.

Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að þetta er ekki eini dagurinn í lífi þessara barna. Fyrsta og eina tilhlökkunin á eftir er að sjá 5 ára afmælisdaginn koma til þess að geta endurtekið þessa ofdrykkju, svo 10 ára, svo 15 ára, svo 20 ára, svo 25 ára, og langmest er tilhlökkunin til þess að geta verið sem fyllstur, þegar þeir eru 40 ára.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að á meðan menntamenn þjóðarinnar og hinir ráðandi menn þjóðarinnar telja þetta ekki vansæmd, þá verður róðurinn örðugur í sambandi við þessi mál.

Hvernig er svo, þegar komið er inn í háskólann? Mér er sagt, að það sé fyrsta atriðið þar, að þessir nýliðar ásamt kennaraliðinu séu þar allir á fylliríi þegar haldið er það, sem þeir kalla rússagildi. Er þá nokkur furða, þótt almenningi í landinu þyki það ekki neinn ósómi að neyta áfengis í óhófi? (Gripið fram í.) Ég skal með ánægju leyfa mér að upplýsa, hvernig þetta er í árlegu hófi fjvn. Ég hef verið form. fjvn. í 8 ár og aldrei orðið var við slíkan ósóma — aldrei, ekki í eitt einasta skipti, og úr því að hv. þm. minntist á þingveizluna, þá vil ég í því sambandi leyfa mér að benda á, að ég minnist þess, þegar ég kom hér á Alþ. 1942, að þá gat það skeð, að menn kæmu hér of ölvaðir, en hvernig er það nú? Nú sést sem betur fer hér enginn maður undir áhrifum víns í þingsölum, og það er beinlínis fyrir þróun þessara mála og fyrir það, að þeim hefur skilizt, að slíkt má ekki eiga sér stað, því að að því er engin sæmd.

Það er alveg áreiðanlegt, að það er einmitt þessi þátturinn í skólakerfi landsins, sem er alveg vanræktur, og það er alveg nauðsynlegt að fá um þetta miklu sterkari ákvæði en nú eru í l. Það er að vísu rétt, að í núverandi áfengislögum er sagt, að það megi skipa svo með reglugerð, en mér er ekki kunnugt um, að þær reglugerðir hafi verið settar á þann hátt eða í nokkurri líkingu við það, sem hér er gert ráð fyrir í mínum till. Ég hef m. a. sett það hér fram sem skilyrði, að sóknarprestar landsins skuli hafa eftirlit með slíkri kennslu í skólunum, og ég tel, að það sé hvorki ofverkið þeirra að gera það né að það sé óeðlilegt, að þeir annist þann þáttinn í uppeldi þjóðarinnar.

Ég vildi því gjarnan fá samkomulag við hv. n. og einnig við hv. þm. Seyðf. um það, að þessi till. yrði orðuð þannig, að fyrir henni mætti fá fullt fylgi, ekki einungis hv. n., heldur og hv. dm., því að ég tel, að það sé eitt meginatriði fyrir því, að nokkur árangur náist af áfengislöggjöfinni, að í frv. sé sett ákvæði um þessi mál.

15. brtt. mín er um það, að allar sektir samkv. ákvæðum þessara l. skuli renna í áfengisvarnasjóð. Nægi þær ekki til að mæta útgjöldum, skal sú upphæð, sem á vantar, greiðast af ágóða áfengisverzlunarinnar.

Þá er hér 16. brtt. mín um það, að 32. gr. falli niður, en 32. gr. l. er um, að 6% af hreinum ágóða áfengisverzlunar skuli leggjast í sérstakan sjóð. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánari orðum um þetta atriði, hv. frsm. minntist á það hér, og ég er honum sammála um það, og eru þá líkindi til þess, að sú till. nái fram að ganga, þar sem n. hefur tekið hana upp.

17. brtt. er við 36. gr., þ. e., að aftan við gr. bætist: „Sektarákvæði samkvæmt 34. og 35. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.“ Er það aðeins til samræmingar, ef flugvélar eru teknar inn í frv. eins og aðrir farkostir.

18. brtt. mín er við 37. gr., að upphaf gr. orðist svo: „Brot gegn 1. málsl. 7. gr. og reglugerð samkvæmt síðasta málsl. 1. málsgr. sömu gr.“ o. s. frv., sem er meira samræming en efnisbreyting.

Síðan eru 19., 20. og 21. brtt. og eru meira breyt. til samræmis, og er ekki ástæða til þess að gera grein fyrir þeim hér.

22. brtt. mín er við 48. gr., að í stað orðanna „í Menningarsjóð“ í 1. málsgr. komi „í áfengisvarnasjóð“, og kemur hún sjálfsagt ekki til atkvæða, ef till. n. verða samþ. um það að stofna ekki áfengisvarnasjóð.

Síðasta brtt. mín er við 51. gr., um það, að sú gr. falli niður, en það er, að þessi lög skuli prenta á dönsku, þýzku, ensku og frönsku og sendast hinum ýmsu mönnum. Ég sá út af fyrir sig ekki ástæðu til þess. Annars er það ekki neitt aðalatriði, hvort sú gr. stendur eða ekki.

Ég hef þá lýst mínum brtt., og ég hef fært rök fyrir því, hvers vegna þær brtt., sem mestu varða í sambandi við þessa löggjöf, eigi að samþykkjast. Ég tel, að ef frv. verður samþykkt eins og hv. n. hefur lagt til, þá séu ekki þar á miklar umbætur frá því, sem nú er, og að þjóðin muni ekki lengi sætta sig við slíka löggjöf, nema því aðeins að það sé þá með viturlegum og ströngum reglugerðum gert unnt að framkvæma löggjöfina eitthvað í þá átt, sem mínar till. fara. Verði það ekki og l. samþ. á þann hátt, sem n. leggur til, og ekkert frekar gert í málinu, þá sé ég ekki, að þessi löggjöf sé miklu betri en sú löggjöf, sem nú gildir og eins mikill styr stendur um og við þekkjum. En ég vildi vænta þess, að hv. Alþ. bæri gæfu til þess að ganga svo frá þessu máli, að það drægi eitthvað úr því böli, sem ríkir í landinu í sambandi við áfengismálin, og á sama tíma skapa eitthvað meira réttlæti og meiri skynsemi í meðferð þeirra mála en nú er.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Í fáum málum, sem koma til kasta Alþ., eru skoðanir manna skiptari en í áfengismálunum, og kemur sá skoðanamunur vel fram í sambandi við afgreiðslu á þessu frv. í fyrra og nú hjá hv. allshn. Vegna rótgróins skoðanamunar höfum við nm. ekki getað komið okkur saman um að bera fram nema tiltölulega fáar og óverulegar brtt. við frv., sem við erum áreiðanlega allir sáróánægðir með, þótt af mjög sundurleitum ástæðum sé.

Hv. þm. Barð. talaði um, að við hefðum skrifað undir nál. fyrirvaralaust, en í rauninni er nál. ekki annað en einn stór fyrirvari, enda höfum við áskilið okkur, hver einstakur nm., rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram eru komnar eða fram kunna að koma.

Það er enginn vafi á því, að áfengisvandamálin eru með meiri vandamálum þjóðfélagsins. Það er enginn vafi á því, að mikið böl leiðir af óhófssamri áfengisneyzlu, og því böli vilja allir menn reyna að bæta úr, en skoðanirnar eru mjög skiptar um það, hvernig það verði bezt gert. Háværastar hafa raddirnar verið frá þeim mönnum, sem kannske hafa minnst skilyrði til þess að líta á áfengismálin í heild með fullri sanngirni, en það eru ofstækisfullir bindindismenn, sem hafa aldrei bragðað vín, og svo hinir, sem áður hafa verið ofdrykkjumenn, en hafa svo alveg tekið sinnaskiptum og orðið ofstækismenn í hina áttina. Skoðanir manna á drykkjuskap eru mjög mikið að breytast. Læknavísindin eru að láta þetta mál sig miklu meira skipta en áður hefur verið og hafa komizt að raun um, að menn geti verið ofnæmir fyrir áfengi eins og ýmsum öðrum neyzluvörum og lyfjum. Sem betur fer er ekki nema lítill hluti manna, eða eftir því, sem talið er, 2—3% af þeim, sem neyta áfengis, sem þannig er ástatt um, og fyrir þá menn er ekki annað að gera en að bragða það alls ekki, því að þeir menn eru að meira eða minni leyti sjúkir. Þeim mönnum ber þjóðfélaginu skylda til að hjálpa, og er nú verið að stíga fyrsta sporið með því að koma upp hælum fyrir þá, sem svo langt eru leiddir að þurfa þess, og ég álít, að ríkissjóður eigi ekki að fá einn eyri af gróða áfengisverzlunarinnar fyrr en séð er fyrir lækningu slíkra manna, eftir því sem unnt er.

Fyrir hinn hluta manna, sem er í langsamlegum meiri hluta, er áfengisnautn ekki neitt verulegt vandamál. Þeir geta neytt áfengis í hófi, drukkið sig jafnvel fulla einstaka sinnum og kannske oft, en það vekur ekki hjá þeim stöðuga löngun til meiri drykkju.

Þann hluta manna, sem ekki er sjúkur, en vill neyta áfengis, verður að ala upp í því að kunna að fara með það, og er það sjálfsagt menningarmál.

Ég er þeirrar skoðunar, og ég tel hana rökstudda af reynslu, bæði hér á landi og annars staðar, að því auðveldara sem er að ná í áfengi og því minna veður sem gert er út af því, því hófsamlegar fari sá hluti manna, sem hefur ekki ofnæmi fyrir áfengi, með það. Ég er sannfærður um, að öll þau höft og bönn, sem eru á meðferð þessa tiltölulega óskaðlega hressingarlyfs, séu miklum meiri hluta þjóðarinnar til bölvunar og sérstaklega unglingunum. Ég játa, að góðtemplararreglan og önnur bindindisfélög hafa gert gagn með því að bjarga einstaklingum undan ofdrykkju, en ég efast um, þegar litið er á málið í heild, hvort góðtemplararreglan hefur gert meiri skaða eða gagn með uppeldisaðferðum sínum og skoðunum í bindindismálum og þeim áhrifum, sem hún hefur getað haft á meðferð áfengismála hér á landi.

Við erum nú einu sinni þannig gerðir, mennirnir, og ekki sízt við Íslendingar, að við viljum ekki láta leggja á okkur óþörf höft, og það er eins með okkur og Evu, formóður okkar, að forboðnu eplin eru alltaf girnilegust. Ég hefði þess vegna kosið, að meðferð áfengis væri algerlega frjáls og það væri til sölu í matvöruverzlunum eins og kaffi, te, tóbak og aðrar lítt nauðsynlegar hressingarvörur.

Ég er ekki mikið kunnugur meðferð áfengis erlendis, þekki aðeins nokkur lönd, Norðurlöndin, England og Þýzkaland lítils háttar. Af stuttri kynningu við þau lönd hefur mér virzt mestur menningarbragur á meðferð áfengis í Danmörku, enda er meðferð þess að öllu leyti frjálsust þar af Norðurlöndunum. Eftir því, sem ég veit bezt, eru Svíar nú að slaka til á skömmtun, sem þeir hafa haft hjá sér undanfarin ár, af því að hún hefur ekki náð tilgangi sínum, og auk þess að leyfa bruggun áfengs öls. Í Noregi segja síðustu fréttir að verið sé að lækka verð á áfengi um

20% til þess að koma í veg fyrir útbreitt heimabrugg. Þjóðviljinn hefur undanfarið með stuttu millibili birt áberandi fréttir um aukinn aðgang í paradísarríkjunum fyrir austan járntjaldið fyrir bændur og verkamenn til að hafa kampavín á borðum sínum og aðra sterka drykki og telur það bera vott um menningu og bættan efnahag.

Ég sagði áðan, að skoðanir manna um áfengismálin væru mjög skiptar, og á ég þá við ærlegar skoðanir manna, en í þessu máli, flestum öðrum málum fremur, kemur fram svo mikill yfirdrepsskapur, hræsni og kjósendahræðsla, að manni hrýs næstum hugur við.

Mér er það í barnsminni frá bannárunum, að einn af læknum landsins var mikill forkólfur áfengisbannsins. Eftir 1912 var ekki í önnur hús að venda en til lækna, ef menn vildu fá sér hressingu. Sá læknir lét að vísu ekki opinberlega í té þetta hressingarlyf, en svo einkennilega vildi til, að sótt kom upp meðal kúnna í læknishéraðinu, og dugði ekki minna — ef ég man rétt — en 3½ l á ári af spíritus til þess að lækna hverja belju í læknishéraðinu.

Ég held, að það hafi verið þegar undanþágan um Spánarvínin var gerð, að till. kom fram um það á þingi, að hagnaður á sölu áfengis skyldi ekki renna í ríkissjóð, heldur ganga sérstaklega til menningarmála. Þessi till. náði ekki fram að ganga, og voru það þeir menn, sem mest bar á í baráttunni fyrir banni og takmörkunum, sem greiddu atkvæði gegn till. Það er þess vegna svo komið, að áfengisgróðinn er orðinn ein af mestu tekjulindum ríkissjóðsins, sem erfitt er að kippa frá honum án þess að koma með stórkostlegar nýjar skattahækkanir í staðinn. Það væri nú gaman að spyrja þá, sem neyta ekki áfengis og mest hafa barizt á móti sölu þess og fyrir sem mestum takmörkunum, hvort þeir vildu gangast inn á að leggja á sig sérskatt, sem vægi eitthvað á móti því, sem þeir, sem áfengis neyta, greiða í ríkissjóðinn óbeint gegnum áfengiskaup. Ég er hræddur um, að það kæmi hljóð úr horni, ef rætt væri í alvöru um svona skattaálagningu, því að mér hafa fundizt raddirnar háværari úr þeirri átt að fá fé úr ríkissjóði til þess að halda uppi svokölluðum bindindisáróðri heldur en að leggja á sig aukna skatta í því skyni að útiloka sölu. Þó að ég bendi á þetta, kann ég vel að meta persónulega vinnu og jafnvel fjárframlög, sem margir ágætir menn innan bindindishreyfingarinnar og góðtemplararegluunar hafa látið í té til styrktar bindindi í landinu, sem enginn getur haft neitt á móti og allir verið meðmæltir, ef því er ekki þvingað upp á menn með lagaboðum og takmörkunum, sem eru ósamrýmanleg sjálfræði manna.

Ástandið í áfengismálum er eins og nú stendur þannig, að varla getur verra verið. Drykkjuskapur hefur áreiðanlega aukizt vegna þeirra takmarkana, sem gerðar hafa verið. Löggjöfin, eins og hún er, er að reka menn, sem vilja fá sér hressingu, til þess að gera það annaðhvort heima hjá sér eða þá í portum eða úti á víðavangi, í stað þess að í öllum siðuðum löndum geta menn komið inn í þar til hæfa staði, fengið sér eitt glas af víni, einn kokkteil eða sjúss og farið þaðan að svo búnu. Í stað þess er otað að mönnum a. m. k. heilli flösku, þó að þeir hafi ekki ætlað sér eða óskað eftir að fá meira en tíunda part úr henni. Drykkjuskapur unglinga er að verða stórkostlegt vandamál, eins og eðlilegt er, þar sem áfengismálum er komið fyrir eins og hjá okkur að tilstuðlan ríkisvaldsins. Að konur drekki, sem áður var óþekkt með öllu, er nú orðið nærri því eins algengt og um karlmenn, og mér er sagt, að ungar stúlkur séu farnar að miða stærð á snyrtitöskum sínum við það, að þær taki a. m. k. hálfflösku, sem hægt sé að hafa með sér á böllin. Þetta verður ekki bætt með frekari takmörkunum, heldur aðeins með meira frelsi í þessum málum samfara hæfilegri bindindisfræðslu í skólum og útvarpi, sem allir eru sammála um að ungu kynslóðinni sé nauðsynleg.

Við erum að tala um að gera Ísland að ferðamannalandi. Þó er ástandið þannig nú, að ekkert gistihús hefur leyfi til þess að veita áfenga drykki, sem margir útlendir ferðamenn teija jafnsjálfsagða og matinn, sem þeir láta ofan í sig. Þegar þessir sömu menn koma hingað og verða varir við ástandið og komast jafnframt að því, að inni í Nýborg eða Austurríki geti þeir fengið áfengi eftir vild, en þó ekki minna en heilflösku í einu, hlæja þeir að okkur og skoða þetta sem stórkostlega fyndni.

Eitt af vitlausustu ákvæðunum í áfengislöggjöfinni — að mínu áliti — eru héraðsbönnin, því að með þeim er verið að fara inn á þá braut að láta mismunandi lög gilda hér á landi og gera vissum hluta landsmanna erfiðara fyrir að fá þá hluti, sem öðrum standa til boða. Ég álít, að þessi ákvæði eigi engan rétt á sér og a. m. k. verði að krefjast þess, að það sé mikill meiri hl. kjósenda, en ekki greiddra atkvæða, sem veita á vald til þess að svipta þá, sem búa í sama sveitarfélagi og þeir, þeim rétti, sem allir aðrir landsmenn hafa.

Það er margt annað, sem ég hef að athuga við þetta lagafrv., en ég skal ekki eyða tíma d. í að fara út í það, aðeins mæla nokkur orð með þeim brtt., sem ég ásamt þremur öðrum þm., hv. 1. þm. Eyf., hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. Mýr., hef borið fram.

Þrjár fyrstu brtt. ganga í þá átt, að í stað þess að samkvæmt gildandi lögum er það nefndur áfengur drykkur, sem hefur inni að halda 2¼% af vínanda að rúmmáli, þá verði eftirleiðis ekki drykkur skoðaður áfengur, sem hefur inni að halda minna en 3½% af vínanda að þunga.

Þetta munar sáralitlu, og skil ég ekki í öðru en að menn geti orðið sammála um að samþ. þessa brtt., því að ég hef aldrei getað skilið, við hvað takmarkanirnar 2¼% hafa verið miðaðar í upphafi. Með þessari brtt. förum við ekki fram á, að leyft verði að brugga áfengt öl í landinu, enda hefur það valdið ákaflegri mótspyrnu, sem að mínum dómi er alveg óskiljanleg. Það, sem við förum fram á, er, að leyft sé að hafa óáfenga ölið svo sterkt, að það súrni ekki eftir vikutíma, án þess að það verði gerilsneytt, en svo sem kunnugt er, þá missir öl bezta keiminn við að vera gerilsneytt. Sú áfengisprósenta, sem við stingum upp á, er sú minnsta, sem hægt er að

hugsa sér, til þess að þetta geti orðið. Öl, sem bruggað er með 3½% af vínanda af þunga, mun vera þó nokkuð vægara en danskur pilsner, og þar á ég við það danska öl, sem Danir almennt neyta heima hjá sér, en alls ekki útflutningsöl. Það öl, sem við drekkum hér í skipunum og flutt er hér á land óátalið af sjómönnum, hefur í sér allt að 8% áfengisstyrkleika. Annars áskil ég mér rétt til þess við 3. umr. að bera fram till. um heimild til að brugga sterkt öl, ef mér býður svo við að horfa, því að ég tel það algerlega fjarri öllum sanni að banna að brugga sterkt öl hér á landi, en sterkt öl kalla ég svona 6—10% öl, en leyfa að selja t. d. romm, sem er um 78% að styrkleika, og ýmsa líkjöra, sem fara upp í 80%. Það hefur sérstaklega verið haft á móti því að leyfa bruggun sterks öls, að unga kynslóðin lærði frekar að drekka á því. Ég held, að þetta sé fjarri öllum sanni. Mönnum finnst yfirleitt öl ekki bragðgott til að byrja með, og það er áreiðanlega miklu minna aðlaðandi á bragðið en sítrón og kókakóla, sem unglingar blanda nú, svo sem kunnugt er, með brennivíni og öðrum sterkum drykkjum.

2. og 3. brtt. leiðir af 1. brtt.

4. brtt. okkar er við 10. gr., og er þar lagt til, að ríkisstj. geti sett á stofn útsölustaði á áfengi ekki einungis í bæjarfélögum, heldur líka til sveita. Ég get ekki fundið rökstuðning fyrir þeim mismun, sem gerður er á aðstöðu manna eftir því, hvort þeir búa í bæjarfélagi, þorpi eða sveitarfélagi, til þess að kaupa áfengi, ef þeir vilja. En til þess að ganga nokkuð á móti þeim, sem eru á ólíkum skoðunum og við viðvíkjandi höftunum, höfum við þó fallizt á, að bæjarstjórn eða sveitarstjórn geti synjað, að útsalan sé sett á stofn.

Þá höfum við gert breytingar við 12. gr. frv., en um þá gr. náðist ekkert samkomulag í n. Þær breytingar, sem við aðallega förum fram á við 12. gr. frv., eru í fyrsta lagi, að við viljum ekki binda það við, að áfengisútsala sé á staðnum, að hægt sé að veita veitingahúsi veitingaleyfi á áfengum drykkjum, enda er í sjálfu frv. dregið úr því í 3. málsgr. 12. gr. frv.

Þá höfum við lagt til, að fellt verði niður, eins og komið hefur fram í öðrum brtt., að Samband gistihúsaeigenda hafi nokkurn ihlutunarrétt um þetta mál, enda finnst okkur það alls ekki viðeigandi.

Enn höfum við fellt niður þá fjarstæðu og hugsunarvillu, að ekki megi greiða þjónustugjöld af áfengum drykkjum eða að bannað sé, að veitingahús launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Þegar athugað er, að haftamennirnir í áfengismálunum hafa gert allt, sem þeir hafa getað, til þess að áfengið yrði sem dýrast og að menn þar af leiðandi gætu keypt sem minnst af því, þá skýtur þar æði skökku við, þegar þarna á að fara að undanþiggja áfenga drykki undan þjónustugjaldi, eða m. ö. o. gera þá ódýrari, sem óhjákvæmilega hlýtur að hafa það eitt í för með sér að hækka verð á mat og óáfengum drykkjum og annarri þjónustu, sem veitingahúsin láta í té.

Þá leiðir það af sjálfu sér, að við höfum fellt úr allar tilvitnanir um meðmæli áfengisvarnaráðs, sem meiri hl. hefur fengizt fyrir í n. að ekki yrði sett á stofn, enda ekki séð, að nokkur þörf sé á því nema þá sem bitlingum á kostnað áfengisverzlunarinnar, sem við leggjum ekki til að verði úthlutað.

Loks höfum við lagt til, að fellt verði niður ákvæðið um, að veitingaleyfi megi binda því skilyrði, að dans fari ekki fram í þeim salarkynnum veitingahússins, þar sem vín er veitt. Í fyrsta lagi mundi þetta útiloka flest veitingahús frá því að fá vínveitingaleyfi vegna plássleysis, en auk þess mundi það hafa alveg gagnstæða verkun við það, sem ætlazt er til, eftir því sem ýmsir þjónar á veitingahúsum, sem ég hef kynni af, segja mér frá. Þeir segja, að ef maður sitji kyrr í sæti sínu, sé miklu erfiðara að sjá, hvort hann hefur neytt svo mikils áfengis, að ástæða sé til að neita honum um afgreiðslu, heldur en ef hann er á hreyfingu, því að þá sé hægt að hafa miklu meira eftirlit með því.

Ég fyrir mitt leyti hefði óskað eftir mörgum fleiri breytingum á frv., þó að ég hafi ekki borið fram brtt. í þá átt við þessa umr. Til dæmis álít ég nauðsynlegt, að það sé athugað a. m. k. hér í Reykjavík, hvort það dragi ekki stórkostlega úr ólöglegri neyzlu áfengis, að önnur áfengisbúðin sé opin alla nóttina og selji þá ef til vill með hærra verði. Það mundi undireins leiða til þess, að niður legðist sú fjölmenna stétt hér í bænum, sem nú fæst við launsölu áfengis og hefur af því stórkostlegar tekjur, sem auðvitað eru hvergi taldar fram til skatts. Ég álít a. m. k., að mætti athuga þetta til reynslu.

Þá vil ég benda á, að refsingarnar, upphæð sekta samkv. frv., eru hlutfallslega miklu hærri en er í öðrum lögum fyrir minni háttar brot. Ég hef þó ekki séð ástæðu til þess að koma fram með brtt. um það nú við þessa umr., en ég vona, að það greiðist það úr við atkvgr. um þær brtt., sem nú liggja fyrir, að einhver skapnaður verði á frv., þegar það kemur út úr d., og hægara yrði þá að laga það við 3. umr. Tel ég sjálfsagt, að allshn. taki það til athugunar á milli umr., þegar hún hefur séð, hvernig vilji dm. er við atkvgr. þá, sem nú fer fram.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég talaði nú í þessu máli í fyrra, þegar það var hér til umræðu, og ég sé ekki ástæðu til að tala mjög mikið nú né endurtaka það, sem ég þá sagði. Ég var þá með sömu brtt. og nú í öllum aðalatriðum, og flestir sömu menn eru í d. og þarf því ekki sérstaklega að gera grein fyrir þeim.

Hins vegar finnst mér rétt að lýsa í aðalatriðum afstöðu minni til málsins, og í samræmi við það kemur þá seinna til með að falla atkv. mitt um hinar einstöku brtt.

Ég veit það eins vel og ég stend hérna í stólnum, að ég hef lifað ótal sinnum, áður en ég kom inn í þessa tilveru, sem er kölluð jarðlíf, og nú er fyrst sagt, að ég lifi og kallist Páll Zóphóníasson. Ég veit það, að tilgangurinn með því að vera í þessum skóla, sem nú er kallaður jarðvist, er sá annars vegar að láta okkur, sem í honum erum, ná fullkomnu valdi, líkamlega og andlega, yfir okkur sjálfum og finna okkur sem einn lið í heildinni og læra að haga okkar starfi þannig,

að hvað eina, sem við gerum, hvort sem kallað er, að við gerum það fyrir sjálfa okkur eða fyrir aðra, miði allt að því að auka framþróun heildarinnar. Og ég veit, að þegar við erum búnir með þennan bekk skólavistarinnar og höfum lært sem mest og komizt sem lengst í honum, þá er eftir að fara í gegnum marga bekki enn þá, þar til fullkomnun er náð. Nú veit ég það, að eitt af því, sem styður að því að hjálpa okkur til að ná fullkomnu valdi yfir sjálfum okkur, er það að berjast við freistingar og sigrast á þeim, og ein af þeim freistingum er vínið, og það er ekki því að neita, að einstaka manni hefur heppnazt að þroska sjálfan sig mikið með glímunni við þá freistingu. Og án þess að nefna mörg dæmi, þá má benda t. d. á Sigurð sáluga reglubóða, sem þroskaðist geysilega mikið og varð allur annar maður einmitt við þá baráttu, sem hann átti í við þá freistingu, sem vínið hafði fyrir hann lagt. Hins vegar þýðir ekki neitt að setja börnum á fjórða, fimmta, sjötta ári lexíur, sem ætlaðar eru börnum, sem eru miklu eldri. Og eins og mannkynið er núna og það brot af því, sú kynkvísl af því, sem lifir hér á Íslandi, þá hefur hún ekki þann þroska, að hún sé fær um að glíma við þessar freistingar enn. Það eru einstöku menn aðeins, sem eru færir um það. Þess vegna eigum við að taka þær eins mikið frá henni eins og við getum. Hún á að fá þær seinna, þegar hún er orðin það þroskuð, að hún geti það, — kynslóðin, sem lifir hérna eftir 100 ár eða 200 ár, er kannske orðin það þroskuð, að hún sé hæf til að glíma við þær, og þá get ég kannske verið með, þegar við lifum þá aftur, við Lárus, kannske með öðrum nöfnum og alltaf í öðrum líkömum, — þá get ég verið með honum í því að láta það allt saman vera frjálst, svo að menn geti þroskazt sem bezt á því að glíma við það. En nú sem stendur tel ég hana ekki vera það, og þess vegna markast öll mín sjónarmið af því, að við eigum að taka þessar freistingar frá okkur, á meðan við erum að þroskast upp í það að geta lært af þeim, að geta þroskað okkur af glímunni við þær. Það getum við ekki enn þá. Það sýna merkin greinilega, að mér finnst. Þess vegna vildi ég helzt, að það væri ekkert vín til í landinu, og vera helzt með hreinu banni og að afnema allt vín. Það væri mér kærast, — það væri mér langkærast. En þar sem það nú ekki gengur, þá ganga mínar till. út á það að takmarka það sem mest, veita lögreglustjóranum heimild til að lofa mönnum innan lokaðs hrings í félagi að hafa eitthvert vín um hönd, ef þeir geta þá þroskað sig á því, og kannske geta menn það helzt á þann veg, en alls ekki láta það vera aðgengilegt fyrir heildina.

Ég mun þess vegna fylgja þeim till., bæði frá mér og öðrum, sem ganga í þessa átt, ákveðið. Það er mín óbifanlega sannfæring, að það verði til þess að hjálpa heildinni til þess að finna sjálfa sig, einstaklingunum til þess að finna sjálfa sig og ná valdi yfir bæði sjálfum sér líkamlega og andlega að taka vínið alveg frá þeim. Með því vex þroski heildarinnar, bæði einstaklinganna og heildarinnar, sem þeir lifa og starfa með. Þess vegna fylgi ég öllum þeim till., sem lengst ganga í þessa átt, og mínar till. ganga út á það, — ég talaði fyrir þeim í fyrra og skal ekki endurtaka það.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Nál. hv. allshn. á þskj. 386 er að ýmsu leyti talsvert lærdómsrík, ekki sízt ef til athugunar eru jafnframt hafðar brtt. á þskj. 387.

Nefndin er sammála um að leggja til, að 1. gr. frv. sé felld niður. Nú er það svo venjulega, að ef 1. gr. frv. er felld, þá er frv. úr sögunni. Nú þarf það ekki — það skal viðurkennt. Þegar litið er til efnis frv., þá þarf það ekki að vera, þó að þessi till. verði samþykkt í þessu tilfelli, sem nú er um að ræða.

Í þessari 1. gr., sem n. leggur til að sé felld niður, er reynt að greina frá tilgangi með þessari lagasetningu. Ég skal játa það, að gr. er að minni hyggju ekki heppileg eins og hún er orðuð í frv., og ég er ekki alls kostar ánægður heldur með þær brtt., sem fram hafa komið um umorðun á henni, en skal láta það liggja að öðru leyti órætt á þessu stigi málsins. Þetta virðist í raun og veru vera það eina, sem nm. eru sammála um, því að það er tekið fram í nál., að skoðanir nm. um frv. í heild sinni og einstakar greinar þess séu mjög skiptar. Ekkert minnist n. á það, hvort frv. skuli fellt eða samþ., jafnvel þó að þær brtt., sem n. ber fram, kynnu að verða samþykktar, eða hvort það breytir einhverju, ef þær eru felldar.

Vægast sagt er þetta ákaflega óvenjuleg og ég vil segja óþingleg meðferð á máli, ekki sízt á frv., sem reynt er að telja mönnum trú um að sé ákaflega mikils um vert og boði einhverjar stórfelldar breytingar á högum okkar hér í landinu. Þetta frv. hefur fengið óvenjulega rækilegan undirbúning. Það er samið að fyrirlagi hæstv. dómsmrh. af sérstakri mþn. Það er lagt fyrir Alþ. hið síðasta og fær þá ekki afgreiðslu, er afgreitt með rökstuddri dagskrá. Síðan fara fram alþingiskosningar. Þegar Alþ. kemur saman, er frv. lagt fram á ný í því formi, sem það nú er, með litlum breytingum frá því á síðasta þingi, og þá þykir heppilegt einhverra ástæðna vegna að fresta meðferð málsins þangað til bæjarstjórnarkosningarnar séu afstaðnar. Nú eru þær afstaðnar, og þá kemur að n. að taka sína afstöðu, og hún er þessi, sem ég nú hef lýst.

Ég verð að segja það, að þetta er óvenjuleg málsmeðferð og í alla staði hin hörmulegasta. Ég skal ekki fara langt út í að rekja ástæðurnar til þessarar sérstöku meðferðar á málinu, — menn hafa sjálfsagt um það ýmsar hugmyndir, — en meginástæðan, sem að baki liggur öðrum ástæðum, er að minni hyggju sú, að menn eru hálfráðalausir í þessu efni. Menn sjá, að það er lítt samræmanlegt, að ríkissjóður reki verzlun með áfengi í landinu og græði á því árlega 60—70 millj. kr. og að samtímis sé hér í stórum lagabálki leitazt við í orði kveðnu, skulum við segja, að reisa hömlur við meðferð og neyzlu áfengis og draga úr sölunni á því og refsa mönnum fyrir að nota það. Það er ómögulegt að loka augunum fyrir því, að þetta er sú staðreynd, sem við eigum að mæta, og án efa veldur það miklu um þá mjög svo lítið skörulegu afstöðu, sem nm. hafa tekið til frv., auk margra annarra ástæðna, sem ég skal ekki hirða um að telja hér upp.

Ég hygg því, að til þess að meta þetta frv. þurfi menn að gera sér grein fyrir því til fulls, hvaða stefnu menn telja hollasta þjóðinni í áfengismálunum. Það hefur komið fram mjög greinilega hjá hv. þm. Seyðf., hverja stefnu hann telur hollasta í þessu. Hann telur, að öll höft og hömlur séu til bölvunar einnar, í raun og veru ættum við að skipa þessum málum þannig, að sem allra greiðastur aðgangur væri fyrir hvern og einn að ná í áfengi, hafa sem flestar tegundir af áfengi til sölu sem allra víðast, sem allra mestan hluta sólarhringsins, og sennilega með svo vægu verði, að sem flestir gætu veitt sér þetta. Þetta er sjónarmið, sem ég út af fyrir sig get skilið, en ég er því ekki sammála. Aðrir líta svo á, að að öllu samanlögðu geri áfengið meira tjón, meiri bölvun í landinu en svo, að það annað, sem mætti og er af sumum talið því til gildis, vegi þar upp á móti. Þeir menn líta að sjálfsögðu svo á, að sjálfsagt sé að reyna að takmarka neyzlu áfengis sem mest og vinna að því, að hún verði sem minnst eða alls engin. Í raun og veru skiptast menn því, að svo miklu leyti sem menn hafa ákveðnar skoðanir í þessu, eftir því, hvort þeir vilja bannfæra áfengið, losna við það úr landinu, taka fyrir neyzlu þess, eða hvort menn vilja hafa þetta svo frjálst sem auðið sé, alveg hliðstætt hverjum öðrum varningi, sem fólkið girnist að kaupa. Þetta er í raun og veru það, sem skiptir skoðunum í þessu efni, og þess vegna er ekki óskiljanlegt og ekki óeðlilegt, að meðan við búum við það ástand, sem við nú höfum, að ríkið hefur stórmikinn hluta af sínum tekjum af áfengissölu, samtímis því sem við látumst vera að reyna að takmarka neyzluna og draga úr afleiðingum hennar, þá sé erfitt að finna þar nokkurn veginn færa millileið.

Ég get sagt það strax, að ég tel það æskilegast og það mark, sem að ætti að keppa í þessum málum hér, að losna við áfengið úr landinu með löggjöf, sé önnur leið ekki fær. Meðan það er ekki fært og fæst ekki samþykkt af almenningi í landinu, verð ég þó að játa, að nauðsynlegt er að reyna að hafa hér hömlur á meðferð vínsins og neyzlu þess, sem á hverjum tíma er hægt að koma við til þess að draga úr því böli, sem fylgir því, ekki til þess að útrýma því, — það er of mikið að gera sér von um það, — heldur til þess að draga úr því. En hitt er rétt, að á hverjum tíma verður ákaflega erfitt að meta það, hvað fært er að knýja fram og fylgja eftir af slíkum ráðstöfunum, meðan ástandið er þannig eins og það nú er, að hið opinbera eða ríkið sjálft selur vínið, flytur inn og selur og hefur af því stórfelldan gróða.

Nú skyldi maður ætla, þar sem þetta frv. hefur kostað svo mikinn undirbúning og svo lengi verið til athugunar, að í því væru nú falin einhver stórmæli. En ef menn bera saman frv., sem nú liggur fyrir, og gildandi áfengislög, þá hygg ég, að menn komist að þeirri niðurstöðu, að breytingin, sem gerð er, sé í raun og veru ekki mikil og — ég vil bæta því við — á engan hátt líkleg til bóta. Ég hef borið þetta lauslega saman. Mig furðar nú á því, að hv. frsm. n. skyldi engan samanburð gera á gildandi lögum og því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hefði talið, að það hefði verið eðlilegt, að það hefði komið fram í framsögu. Ég hef lauslega athugað þetta, og það eina, sem mér virðist að máli skipti af þeim breytingum, sem felast í þessu frv. frá gildandi áfengislögum, er að rýmka heimildina til vínveitinga, rýmka heimild ríkisstj. til að veita vínveitingaleyfi. Aðrar breytingar geta ekki talizt stórvægilegar, og allmargt af þeim virðist nefndin, sem annars er ekki sammála um margt, vera sammála um að fella niður, eins og t. d. ákvæði 32. gr. um að taka ákveðinn hluta af hagnaðinum frá venjulegum fjármunum ríkissjóðs og nota í sérstöku augnamiði, eins og t. d. áfengisvarnaráð og eins og t. d. það, sem lýtur að þjórfé og öðru slíku. Meginbreytingin og sú eina, sem verulegu máli skiptir í sambandi við afgreiðslu þessa frv., er sú, að eftir því á ríkisstj. að hafa heimild til þess að veita fleiri en einu veitingahúsi leyfi til vínveitinga.

Brtt. hafa svo komið fram frá einstökum þm., sem hv. þm. Seyðf. mælir nú fyrir, um nokkrar aðrar breytingar, eins og t. d. að flytja inn nokkru sterkara öl en nú er gert, 3½% í staðinn fyrir 2¼%, og fyrirheit um að bera fram brtt. um meiri styrkleika, allt upp í 6—10%, ef svo horfir, að það þyki álitlegt.

Ég verð því að segja, að mér finnst allur þessi mikli undirbúningur og öll þessi varfærni í meðferð málsins, þar sem ekki er um stærra atriði að ræða í frv. heldur en hér er um að ræða, með nokkuð öðrum svip en ég hefði talið eðlilegt og æskilegt.

Að því er 12. gr. snertir, ákvæðið um að rýmka heimildina til veitingaleyfa, þá vil ég taka það fram strax, að ég er henni andvígur. Ég tók eftir því, að hv. þm. Seyðf. dró upp ærið dökka mynd af ástandinu eins og það nú er að hans sögn. Hann heldur því fram, að ástandið hafi aldrei verið verra í áfengismálum hér á landi heldur en það sé nú, drykkjuskapur hafi aukizt, bæði almennt og á almannafæri, kvenfólk drekki miklu meira nú en fyrr, á samkomum beri miklu meira á vasapelafylliríi og öðru slíku heldur en nokkru sinni áður. Ég skal nú ekki leggja dóm á þessar lýsingar hv. þm. Það er enginn vafi á því, að þær eru að verulegu leyti ýktar og fram fluttar í áróðursskyni til þess að styðja að því, að þær breyt. gangi fram, sem hér er gert ráð fyrir í frv. En hitt vil ég fullyrða, og það er alveg óbifanleg sannfæring mín, að þó að þetta frv. verði samþ. og þó að hæstv. ríkisstj. veiti vínveitingaleyfi Borginni aftur, Sjálfstæðishúsinu, Oddfellow o. fl. hér, þá eru ekki nokkrar minnstu líkur til, að ástandið í þessu efni muni batna. Það yrði hrein viðbót við það, sem nú er, og sami ófögnuðurinn í ríkara mæli halda áfram. Það hefur allt frá fyrstu byrjun, að slakað var á frá bannlögunum, hver einasta rýmkun, hver einasta tilslökun orðið til þess að auka drykkjuskapinn. Það veit hver einn einasti maður, sem vill líta á þetta mál óhlutdrægum augum. Læknabrennivínið, — hv. þm. Seyðf. minntist á það hér áðan, og það er kunnugt, að það var mjög misnotað og varð til þess að auka drykkjuskap eða koma upp drykkjuskap, sem var ekki til sem neitt hét, áður en það kom til.

Allan þann tíma, sem bannlögin stóðu, var því sí og æ haldið fram af andstæðingum þeirra, að ef menn aðeins fengju að flytja inn létt suðræn vín til þess að hafa á borðum í mannfagnaði og slíks, þá mundu menn verða harðánægðir og engum detta í hug að óska eftir brennivíni og öðrum slíkum sterkum óþverra. Þegar Spánarvínin komu, þá ekki einasta jókst drykkjuskapurinn vegna þeirra, heldur var einnig í blóra við þau farið að drekka miklu meira af sterku drykkjunum en áður var. Þegar svo bannið var afnumið, jókst drykkjuskapurinn enn. Þessi er ekki reynslan eingöngu hjá okkur. Hún er hvarvetna hin sama. Þrátt fyrir það, hversu menn lýsa nú ástandinu hjá okkur, þá er það þó staðreynd, sem er ekki hægt að ganga fram hjá, að magn áfengis, sem neytt er til uppjafnaðar af hverjum manni í landi hér, er stórum lægra en í nágrannalöndum okkar, þar sem þetta er frjálsara, og ekki nema örlítið brot af því, sem neytt er af áfengi til uppjafnaðar á hvern íbúa í vínlöndunum eins og Frakklandi og öðrum slíkum löndum. Þetta er staðreynd, sem við verðum að hafa í huga og játa, þó að við viljum ekki loka augunum fyrir þeim annmörkum, sem eru á ástandinu eins og nú er.

Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að hver rýmkun frá því, sem nú er, eykur drykkjuskapinn frá því, sem nú er. Það verða fleiri, sem drekka, og það verður drukkið meira. Reynslan hefur alltaf sannað þetta. Dettur hv. þm. Seyðf. í hug, að drykkjuskapurinn mundi minnka og bera minna á ölæði, ef hægt væri að fá vín keypt, létt vín, eitt glas af léttu víni, eins og hann orðar það, í hvaða veitingahúsi sem væri, ganga inn í sjoppurnar, sem eru hér meðfram hverri götu, fá sér einn lítinn kokkteil, eitt glas af léttu víni, eitt glas af öli 6—10%, þegar það væri komið, og ætli þeir vildu þá ekki fá sér kannske einn sjúss, eins og hann orðaði það nú hálffeiminn í endann? — Ef áfengisverzlun væri opin á nóttunni, — það er áreiðanlega rétt, að menn kaupa af bílstjórum á leigubílum, — en heldur hann, að það mundi úr þessu draga, ef áfengisútsalan væri opin alla nóttina? Vitaskuld mundi neyzla áfengis mikið aukast. Það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að berja höfðinu við steininn, menn geta ekki gert hvort tveggja í senn að viðurkenna bölvun áfengis og segja, að þeir vilji draga úr neyzlunni, og taka svo allar hömlur af. Menn verða þá að segja hreinskilnislega: Það er bezt, að menn drekki eins og þeir vilja, og við skulum ekki skipta okkur neitt af afleiðingunum af því. — Ég man ekki betur en á þeim blómatímum Borgarinnar, á meðan hver maður gat setið þar inni og drukkið, að þá væru ekki fagrar sögur, sem sagðar voru af ástandinu þar. Sjálfur hef ég orðið fyrir því að koma þar inn oftar en einu sinni, setjast í mestu háttprýði og skikkelsi við borð og hafa ekki frið fyrir því, að setzt hafa þar drukknir menn, sem hafa viljað rabba við mig, og verið góðir og elskulegir, ekki vantar það. En þeir gengu þar um, og þeir, sem komu inn annarra erinda til þess að spjalla saman eða fá sér eitthvað að borða og drekka, höfðu ekki frið fyrir þessum mönnum, sem komu og settust að manni, og daglegir viðburðir voru, að það mátti kalla í lögregluna til að fjarlægja fleiri en einn af gestunum, sem voru þarna inni. Ég held, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það eru tómar blekkingar og tilbúningur, að ástandið muni batna við það að gefa vínið frjálsara, fjölga útsölustöðum og smækka skammtana, sem menn geti keypt. Það er enginn minnsti vafi á því, að slíkt yrði til þess að auka drykkjuskapinn og þær illu afleiðingar, sem honum fylgja.

Ég vil ekki leyna því, að ég held, að stjórnarvöldin í landinu, löggæzlan, eigi mikla sök á því, að ástandið er svo bágborið í þessu efni sem án efa er og mikið er af látið. Ég hygg, að ef meiri röggsemi og festa og einbeitni væri í því að framkvæma ákvæði laga þeirra, sem nú eru í gildi, mætti stórkostlega mikið draga úr þeim ófögnuði, sem nú ber svo mikið á í sambandi við áfengisneyzlu, að ég ekki nefni það, ef það hefði verið tekin rögg á sig og fjarlægðir þessir tveir tugir eða tvær tylftir manna, sem kallaðir eru Hafnarstrætisrónar og ganga hér aftur hvern einasta dag árið í kring að kalla. Það hefði þó átt að vera tiltölulega auðvelt verk, þar sem ekki er um fleiri menn að ræða, a. m. k. að þurrka þann blett af.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Seyðf. sagði, að miklu meiri menningarbragur væri á meðferð áfengis t. d. í Danmörku heldur en hér á Íslandi, og ég held, að hann hafi sagt, að einmitt þar í landi, í Danmörku, væri mestur menningarbragur á drykkjuskap og áfengismeðferð. Ég er nú ekki sérlega kunnugur í Danmörku, en hef komið þar nokkrum sinnum, og ég vil ekki leyna því, að ég hef oft séð þar drukkna menn, mjög áberandi, á almannafæri og viðhafa oft einmitt þá sams konar læti og angra okkur hér heima. Hitt er rétt, að á fjölförnustu götunum, fjölsóttustu veitingahúsunum þar ber ekki jafnmikið á því og gerði hér og gerir á samkomum hér, en ég hygg, að það liggi í því, að þar er betra eftirlit með hegðun manna í þessu efni heldur en hér er. Þar eru drukknir menn teknir hispurslaust og fjarlægðir, og menn vita, að þetta er gert, og leyfa sér því ekki að haga sér á þann hátt, sem þeir gera hér nú. Ég ætla, að það sé í þessu, sem munurinn liggur, sem hv. þm. rekur svo augun í, að á svokölluðum betri stöðum og þar sem fjölmenni er mikið og umferð, þar er fullkomin regla og eftirlit með því, að drukknir menn séu þar ekki að flækjast og séu með alls konar óspektir og læti. Hitt veit ég, og það vita allir, sem nokkuð þekkja til, að það er drukkið fast og drukkið illa í Danmörku af heilum hópum manna og engu betur en hér. — Þetta er nú um málið almennt.

Ég skal ekki að svo stöddu ræða um einstakar brtt. að öðru leyti en því, sem fram hefur komið í orðum mínum til þessa. Ég er mótfallinn 12. gr. frv. og mun greiða atkvæði gegn henni. Og ég er mótfallinn till. nefndarinnar, hinni síðustu, nr. 10, um að fella niður 32. gr. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það, sem beri að vinna að hér í þessu landi, sé að losna við áfengið úr landinu, og ég hef ekki trú á því, að það verði gert, svo að gagni komi, öðruvísi en með lagasetningu, með fullkomnu banni.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hvernig hugur þjóðarinnar er í þessu efni nú, hvort hún mundi samþykkja slíkt áfengisbann eða ekki. En ég vil taka það fram, að ég tel, að ef leitað væri atkvæða þjóðarinnar um þetta, yrði að hafa þar nokkuð ríkan meiri hluta fyrir samþykkt bannsins, til þess að gerlegt væri að taka það í lög. Eitt atriði, sem án efa hlýtur að hafa mikil áhrif í sambandi við afstöðu manna til þess, hvort hér eigi að lögleiða bann á áfengi eða ekki, eru einmitt tengslin á milli áfengisverzlunarinnar og ríkissjóðsins. Það er ekki til neins að loka augunum fyrir því, að núna eru tekjurnar af áfenginu það mikill hluti af tekjum ríkissjóðs, að mörgum virðist með nokkrum rétti, að erfitt geti orðið annan veg að afla tekna í staðinn, ef þessar tekjur falla niður með öllu vegna aðflutningsbanns.

Ég álít því, að það sé alveg rétt sú leið, sem lítillega er bent á í 32. gr., að taka nokkurn hluta af tekjunum af áfenginu og leggja til sérstakra aðgerða, sem geta ekki talizt beint undir það, sem telja mætti árlegar þarfir ríkissjóðsins. Ég álít, að það væri hyggilegt að taka nokkurn ákveðinn hluta til að byrja með, vaxandi frá ári til árs, þannig að það, sem ríkissjóður hefði af áfengisgróðanum til sinna almennu þarfa, færi minnkandi. Við skulum segja t. d., að eftir fimm ár væri búið að binda helminginn af áfengisgróðanum til sérstakra tímabundinna, ákveðinna framkvæmda, sem ætti að ljúka með þessu fé, og ríkissjóður hefði ekki þess vegna sömu fjárhagslega hagsmuni af því að halda tekjunum, þá mundi vera auðveldara að leggja málið fyrir þjóðina til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu með þjóðaratkvæði. Ég mun bíða eftir því að sjá, hvernig atkvgr. fer um 32. gr. og brtt. við hana, en áskil mér rétt til á síðara stigi málsins að koma fram með brtt. í þá átt, sem ég gerði hér grein fyrir.

Í heild sinni tel ég, að sú meginbreyting og sú eina brtt., sem verulegt efnisatriði er frá eldri lögum í þessu frv., þ. e. að fjölga vínveitingastöðum í landinu, sé til hins verra. Ég mun greiða atkvæði á móti henni. Að öðru leyti markast svo afstaða mín til frv. á atkvgr. um þessa grein og aðrar brtt., sem liggja hér fyrir eða fram munu koma, áður en málið verður afgreitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 387,1 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BrB, FRV, HG, SÓÓ, VH.

nei: BBen, IngF, JJós, JK, KK, PZ, GíslJ.

LJóh, AE greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þó að hér liggi fyrir brtt. um umorðun á gr., sem ég mundi samþ. að þessari till. fallinni, þá lít ég svo á, að það sé með öllu óþarft og alls ekki venjulegt, að lög byrji með því að gera grein fyrir tilgangi þeirra. Tilgangurinn sýnir sig með lagagreinunum, sem samþykktar eru, og þess vegna segi ég já.

Brtt. 56,1 felld með 9:2 atkv.
— 50,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 385,1 samþ. með 9:6 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 50,2 samþ. með 9:6 atkv.
— 56,2 kom ekki til atkv.
— 385,2 kom ekki til atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 56,3.a—b tekin aftur.
— 50,3.a felld með 9:2 atkv.
— 56,3.c kom ekki til atkv.
— 387,2.a samþ. með 14 shlj. atkv.
— 50,3.b kom ekki til atkv.
— 56,3.d kom ekki til atkv.
— 50,3.c kom ekki til atkv.
— 56,3.e tekin aftur.
— 387,2.b samþ. með 14 shlj. atkv.
— 50,3.d tekin aftur.
— 56,3.f tekin aftur.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 385,3 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 50,4 tekin aftur til 3. umr.
— 56,4 tekin aftur.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 56,5 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VH, BrB, FRV, HG, JK, PZ.
nei: AE, BSt, BBen, HermJ, IngF, KK, LJóh, SÓÓ, GíslJ.
JJós greiddi ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gísli Jónsson:** Með því að ég hef borið fram aðra brtt., sem ég tel að sé betri, þá segi ég nei við þessari brtt.

Brtt. 50,5 samþ. með 10:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 385,4 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, SÓÓ, AE, BSt, BBen, FRV, IngF, JJós.
nei: JK, KK, PZ, VH, BrB, HG, HermJ, GíslJ.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gísli Jónsson:** Ég hef borið fram brtt. á þskj. 50 og tel, að hún ætti að samþykkjast, og segi því við þessari brtt. nei.

Brtt. 50,6 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PZ, AE, BSt, BBen, GíslJ.
nei: FRV, HG, HermJ, IngF, JJós, JK, KK, SÓÓ, VH, BrB.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1. mgr. 10. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—4. mgr. 10. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, KK, VH, BBen, BrB, HG, HermJ, IngF.
nei: JK, LJóh, SÓÓ, AE, BSt, GíslJ.
PZ, FRV greiddu ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Gísli Jónsson:** Í trausti þess, að það sé hægt að fá samkomulag um breytingu á þessari gr. fyrir 3. umr., segi ég nei.

Brtt. 56,6 felld með 10:3 atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 56,7 felld með 10:4 atkv.
— 385,5 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, SÓÓ, AE, BSt, BBen, HermJ, IngF, JK.
nei: PZ, VH, BrB, FRV, HG, JJós, KK, GíslJ.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Þessi brtt. víkur þannig frá greininni í sjálfu frv., að ef hún verður samþ., þá er hægt að sniðganga vilja kjósenda, sem hafa ekki óskað eftir að hafa opinberan útsölustað í plássinu, og láta veita vín á veitingahúsum eða skemmtistöðum, þó að samþykkt hafi verið að loka útsölu áfengisverzlunarinnar. Mér virðist það vera sú breyting frá frv., er í þessu felst. Ég get ekki aðhyllzt þess háttar aðferð og segi nei.

**Gísli Jónsson:** Með tilvísun til grg. hv. þm. Vestm. svo og með tilvísun til þess, að ég hef sjálfur borið fram brtt. á þskj. 50 um, að gr. skuli orðast á annan hátt, þá segi ég nei.

Að lokinni atkvgr. mælti

**dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Það er að vísu rétt, að greinin var öll borin upp í einu lagi, en það kom hins vegar fram í atkvgr., þeirri grg., sem hér var gerð af hálfu tveggja hv. þm., bæði þm. Vestm. og hæstv. forseta, að þeir miðuðu atkvgr. sína fyrst og fremst við 1. málsgr. En það væri ákaflega gott varðandi áframhaldandi meðferð málsins, að það lægi fyrir, hver er vilji þd. varðandi breytingu á gr. að öðru leyti. Það er auðvitað hægt að láta það koma fram við sérstaka atkvgr. við 3. umr., og það má vera, að þessi athugasemd komi of seint fram, en ég vildi bara benda á, að það væru út af fyrir sig betri vinnubrögð, ef hægt væri nú að skipta atkvgr. Það kann að vera, að það sé of seint.

**Forseti (GíslJ):** Út af því, sem hæstv. dómsmrh. hefur bent á, þá vil ég taka það fram, að ég tel, að það sé ekki hægt að skipta þessari atkvgr., úr því sem komið er, og að hún verði látin gilda um alla greinina. Næsta brtt. er 7. brtt. á þskj. 50, sem er um sama efni. En einmitt vegna þess, að þessi gr., sem hér var áðan borin upp til atkvæða, er felld með jöfnum atkv., og með tilvísun til þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði um þetta mál, þá tel ég rétt sem flm. að þeirri brtt. á þskj. 50 að taka þá till. aftur og það sé reynt að fá samkomulag við hv. allshn. á milli umr. um orðun á þessari gr. 7. brtt. er því tekin aftur til 3. umr., allir liðirnir.

Brtt. 50,7 tekin aftur.
— 387,3 samþ. með 13:2 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 56,8 felld með 9:4 atkv.
— 387,4 samþ. með 12:1 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 56,9.a felld með 9:1 atkv.
— 387,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 56,9.b tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 56,10 tekin aftur.
— 50,8 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JK, LJóh, SÓÓ, AE, BSt, IngF, JJós, GíslJ.
nei: KK, PZ, VH, BBen, BrB, FRV, HG, HermJ.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Brtt. 387,6 samþ. með 13:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 50,9 tekin aftur til 3. umr.
16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 56,11 tekin aftur.
18.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 56,12 tekin aftur.
Áður en brtt. 50,10 kæmi til atkv., mælti

**Gísli Jónsson:** Í trausti þess, að samkomulag fáist um, að sett sé inn ákvæði um eftirlitsmann og það efni, sem er í þessari gr. hér, fyrir 3. umr., er þessi brtt. tekin aftur.

Brtt. 50,10 tekin aftur til 3. umr.
20.—24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 56,13 tekin aftur.
25. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 50,11 felld með 12:3 atkv.
— 387,7 (ný gr., verður 26. gr., í stað 26.—28. gr.) samþ. með 13:2 atkv.
— 50,12 kom ekki til atkv.
— 50,13 tekin aftur til 3. umr.
— 387,8 (ný 29. gr., verður 27. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 50,14, 1. mgr. (ný 30. gr., verður 28. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
— 50,14, 2.—3. mgr. teknar aftur til 3. umr.
— 387,9 (31. gr. falli niður) samþ. með 13:3 atkv.
— 50,15 kom ekki til atkv.
— 56,14 kom ekki til atkv.
— 50,16 (32. gr. falli niður) samþ. með 9:5 atkv.
— 56,15 kom ekki til atkv.
— 387,10 kom ekki til atkv.
— 56,16 felld með 9:5 atkv.
33.—35. gr. (verða 29.—31. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 50,17 samþ. með 10:4 atkv.
36. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 50,18 felld með 11:2 atkv.
37.—38. gr. (verða 33.—34. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 56,17 tekin aftur.
39.—40. gr. (verða 35.—36. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 56,18 tekin aftur.
41. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 50,19 felld með 9:1 atkv.
42. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 50,20 felld með 9:1 atkv.
43.—45. gr. (verða 39.—41. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 50,21 felld með 10:2 atkv.
46.—47. gr. (verða 42.—43. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 50,22 tekin aftur.
— 56,19 tekin aftur.
48.—50. gr. (verða 44.—46. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 50,23 felld með 8:7 atkv.
51.—53. gr. (verða 47.—49. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 402, 405, 412).

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál hafði ég lagt fram yfir 20 brtt. á þskj. 50. Voru sumar hverjar af þessum till. samþ., en aðrar voru teknar aftur til 3. umr. Ég vil þá hefja mál mitt með því að lýsa því yfir, að allar þessar till., sem teknar voru aftur til 3. umr., eru hér með teknar aftur að fullu, en í stað þess hef ég borið fram hér á þskj. 405 þrjár brtt. ásamt hv. þm. Seyðf. Skal ég mæla nokkur orð fyrir þeim tillögum.

1. brtt. er við 12. gr. frv. og er í 4 stafliðum. Fyrsti stafliðurinn, a, er um, að stafliðurinn c falli niður úr 12. gr., en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra."

Við flm. leggjum til, að þessi málsgr. sé felld niður úr frv. Það er sýnilegt, að þó að þessi ákvæði verði lögfest, þá hafa þau ekki nein veruleg áhrif á þetta mál í framkvæmdinni. Það er sýnilegt, að það verður ómögulegt að fyrirbyggja með lögum, að þjónustufólk fái laun fyrir að bera fram þessar veitingar eins og hverjar aðrar, því að það er alveg víst, að þegar um er að ræða vöru, sem er ekki undir verðlagseftirliti, eins og hér um ræðir, þá er ekkert hægara fyrir veitingamanninn en að hækka verðið sem svarar þjónustugjaldinu, hækka það t. d. á hverri flösku eða hverju staupi, sem selt er. Kemur þá allt í sama stað niður að öðru leyti heldur en því, að með því að banna með lögum að leggja þjónustugjaldið á, þá kynni svo að fara, að ofan á þessá verðhækkun, sem að framan greinir, mundu þeir, sem kaupa veitingarnar, undir mörgum kringumstæðum einnig gefa þjórfé sjálfir einmitt vegna fyrirmæla laganna. Ég get ekki fallizt á, að það sé rökrétt hugsun að leyfa ekki þjónustugjald fyrir framreiðslu á veitingum, sem annars eru lögum samkvæmt leyfðar í veitingasölunum, hvort heldur um er að ræða áfenga drykki, óáfenga drykki eða mat. Væri hins vegar búið svo um hnútana, að veitingamaðurinn gæti á engan hátt hækkað verðið á veitingum þessum, mundi að sjálfsögðu við það skapast deila milli þessara tveggja aðila, sem væri ekki æskileg, og enda þá að sjálfsögðu með því, að þjónustugjaldið yrði stórkostlega hækkað á öðrum veitingum í sama veitingahúsi, svo sem mat og óáfengum drykkjum, og ekkert af þessu er æskilegt. Með tilvísun til þess, sem ég hef þegar skýrt frá, legg ég til ásamt hv. þm. Seyðf., að þessi liður úr 12. gr. verði felldur niður.

Tillagan undir b-lið er afleiðing af því, ef a-liður verður samþykktur, þar sem þá á ekki að vísa til c-liðar, sem þá þegar hefur verið felldur út úr greininni. Þarf ekki að ræða nánar um það.

C-liðurinn er einnig við 12. gr. og er um það, að orðin „svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram í þeim salarkynnum vínveitingahúsa, þar sem vín er veitt" í 6. málsgr. falli niður. Ég sé engin frambærileg rök fyrir því, að fólki, sem kemur inn í 1. flokks veitingahús, en samkv. frv. eiga þau ein að fá vínveitingaleyfi, skuli bannað að stíga dans. Það væri sama sem, að ef öll 1. flokks veitingahús í bænum fengju vínveitingaleyfi, þá mætti enginn hafa dans um hönd á þeim stöðunum, þar sem þó eru bezt skilyrði til þess að halda uppi slíkum skemmtunum. Ég fæ ekki heldur skilið, að þetta hafi nokkur áhrif á vínveitingarnar út af fyrir sig. Menn drekka þó minna, á meðan þeir eru að dansa, heldur en er þeir sitja. Magnið, sem þeir drekka, getur því ekki aukizt við það að leyfa dans. Það er þess utan hægara að sjá á fólki, hvort það er ofurölvi, ef það hreyfir sig, heldur en ef það situr kyrrt, svo að mér sýnist einmitt, að þessi till. stefni í öfuga átt. Þess vegna legg ég til ásamt hv. þm. Seyðf., að þetta verði fellt úr frv.

Þá er d-liðurinn. Sú till. er ný, þ. e., að á eftir 6. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrh. skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og skulu leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkv. þessari grein eða 20. gr. laga þessara."

Þessi grein er tekin upp úr mínum till., orðuð nokkuð um úr fleiri en einni gr., þ. e., að fleiri en ein gr. úr mínum till. eru settar saman hér í eina nýja málsgr. Efnið er það sama, þ. e. að setja meira eftirlit en verið hefur með vínveitingum, og það tel ég eitt af höfuðatriðunum. Ég tel, að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá úr því skorið, hvort þær tilslakanir á veitingum í landinu, sem gerðar eru með samþykkt frv., bera hinn rétta árangur, þ. e. skapa meiri menningu í sambandi við víndrykkju en verið hefur. En til þess að svo megi verða, verður að fara saman það eftirlit, sem hér er lagt til að verði

tekið upp annars vegar, og sú fræðsla, sem ákveðin er í frv. hins vegar. Þegar tímar líða fram, sést, hvort einmitt það að gefa fólkinu meira frelsi, upplýsa það betur og hafa samt eftirlit með því, að lögunum sé hlýtt, bæti ekki ástandið í áfengismálunum frá því, sem nú er. Þá fæst úr því skorið, hvort það sé hin rétta stefna í þessum málum. Aðrar leiðir hafa þegar verið reyndar. Það hefur verið reynt hreint bann, sem hefur ekki náð þeim tilgangi, sem óskað hefur verið eftir. Það hafa verið reynd héraðsbönn. Það er almannarómur a. m. k., að það hafi ekki bætt um vínnautn á þeim stöðum, þar sem þau eru sett á, og því er lagt til, að farið verði hér inn á nýja braut, en til þess, eins og ég sagði áðan, að það sé hægt að fá nokkurn verulegan árangur af því, þá er nauðsynlegt, að það fylgi hér bæði eftirlit og fræðsla. Þess utan er þetta eftirlit ekki á kostnað ríkissjóðs, heldur er það sett á kostnað þess veitingamanns, sem hefur fengið veitingaleyfi. Ég tel þá byrði ekki of þunga, því að það er, eins og ég hef tekið fram áður, ekkert hámarksverð, engin hámarksálagning á vini, veitingamaðurinn hefur leyfi til að setja á það hvaða verð sem honum sýnist, og honum ber þá og að sjálfsögðu skylda til, eftir að hafa fengið slík skilríki, að sjá um, að þeim lögum sé hlýtt, sem hann á að starfa undir í sambandi við þessi mál.

2. brtt. er við 28. gr. og er þannig, að við greinina bætist tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkv. þessari gr., þ. á m. um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.“

Þessar gr. báðar eru teknar upp úr mínum till. á þskj. 50, nokkuð breyttar að orðalagi, en efnið er nákvæmlega það sama. Ég tel, að með þeim fyrirmælum, sem nú eru í frv. eins og það er á þskj. 402, og að viðbættum þeim fyrirmælum, sem hér eru í þessari 2. brtt. okkar á þskj. 405, séu ákvæði um fræðslu margfalt strangari og öruggari en þau eru í gildandi lögum. Með samþykkt þessara málsgr. er beinlínis fyrir mælt í lögunum, að það á að kenna þessar greinar í skólum landsins og það á að setja reglugerð um kennslubækur og kennslukvikmyndir og um hve margar kennslustundir skuli vera í hverjum skóla, en þetta er ekki ákveðið nú í gildandi lögum. Þess er vænzt, að hæstv. menntmrh., sem að sjálfsögðu á að sjá um framkvæmd þessara mála, beiti til hins ýtrasta þeim fyrirmælum, sem hér eru sett inn í lögin, því að svo bezt verður varizt því böli, sem samfara er frjálsari drykkju í landinu, að þar sé gætt einnig þess hlutans að fræða fólkið og ekki hvað sízt unglingana í landinu. Það er mín bjargföst skoðun, að með nægilega róttækri fræðslu í skólum landsins, ekki einungis á lægsta skólastigi, heldur á öllum skólastigunum, allt upp til háskólans, um vínnautn almennt, ekki einungis um áhrif hennar á líkama mannsins og sál, heldur og um áhrif hennar á þjóðfélagið í heild, sé hægt að skapa það almenningsálit, sem þarf til þess, að hér geti orðið einhver breyting á til batnaðar.

Síðasta brtt. okkar er við 49. gr., þ. e., að lög þessi öðlist þegar gildi, en eins og frv. er nú, er ætlazt til þess, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1954. Sá tími er liðinn, og þarf því að sjálfsögðu að breyta þessari grein.

Verði þessar brtt. samþykktar, sem ég þegar hef lýst, og frv. að öðru leyti óbreytt, þá mun ég fylgja þessu máli út úr þessari hv. deild í trausti þess, að það fáist þá úr því skorið, ef það verður einnig samþykkt þannig í hv. Nd., hvort hin nýja leið, sem mörkuð er með þessu frv., verður ekki heilladrýgri en hinar, sem reyndar hafa verið hingað til og allar hafa meira og minna brugðizt. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þessar till. nánar.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég flyt að þessu sinni aðeins tvær brtt. við frv., og eru þær á þskj. 412. Það, að ég flyt ekki fleiri brtt., stafar ekki af því, að ég sé ánægður með frv. eins og það nú er og telji, að ekki þurfi að breyta fleiru en ég legg til að gert verði. Því fer mjög fjarri. Ég álít, eins og ég tók fram við 2. umr., að með þessu frv. sé stefnt í öfuga átt, það stefni að því að gera ástandið í áfengismálunum verra en það er nú, og dreg ég þó ekki úr því, að ástandið sé mjög bágborið. En mér virðist alveg augljóst, að af þessari samþykkt þessa frv. muni leiða aukinn drykkjuskap í landinu og að fylgjur drykkjuskaparins og áfengisneyzlunnar muni að sjálfsögðu magnast að mun við drykkjuskapinn.

Áður en ég vík að till mínum, vildi ég segja nokkur orð um brtt. hv. tveggja þm. á þskj. 405 í sambandi við það og í framhaldi af því, sem hv. 1. flm. sagði hér í ræðu sinni áðan. Um þessar till. í heild sinni skal ég segja það, að ég álít, að það breyti eiginlega engu, geri hvorki til né frá, hvort þær eru samþykktar eða felldar. Þær gera hvorki að bæta frv. né spilla því, og þess vegna liggur mér nokkuð í léttu rúmi, hver verður afgreiðsla þeirra. Ég er sammála hv. 1. flm. um það, að í sjálfu sér sé ástæðulaust að banna að greiða þjórfé þjónum, sem annast framreiðslu áfengis, það muni ekki koma að neinu haldi, það verði fundnar aðrar leiðir til að greiða þeim þann veg, að þeir hafi hagnað af því að selja sem mest og af þeim sökum haldi frekar áfengi að mönnum heldur en hitt. Hver skipan sem á þessu verður gerð í lögunum, þá munu verða fundnar leiðir til þess að haga greiðslunni þennan veg. Því held ég, að það sé alveg sama, hvort bannað er að greiða þjórfé í lögunum eða ekki, niðurstaðan eða árangur verði hinn sami.

Um það ákvæði að banna að dansa, eins og segir í 12. gr., í þeim salarkynnum veitingahúsa, þar sem vín er veitt, en hv. tillögumenn leggja til, að það sé fellt úr greininni, vil ég segja það, að eins og það er núna í frv., þá virðist það helzt benda til þess, að á veitingahúsi, þar sem er danssalur og við skulum segja hreinlætisherbergi, salerni og þess háttar og lítið annað húsrými, þá sé bannað að sjálfsögðu að selja vínið í þeim salarkynnum, sem dansað er í, þ. e. í danssalnum, en aftur á móti gefið í skyn, að það sé heimilt

að selja það og afgreiða t. d. á klósettinu eða í hreinlætisherberginu. Slíkt orðalag á lagagreininni er náttúrlega alls ekki heppilegt og væntanlega ekki tilætlun þeirra, sem frv. hafa samið. Hins vegar get ég ekki neitað því, að ég álít, að afleiðingar áfengisneyzlu og vindrykkju muni sízt verða minna leiðinlegar, ef áfengið er haft um hönd í sömu húsakynnum, sömu salarkynnum, eins og það er orðað, þar sem dans fer fram, án þess þó að ég geri ráð fyrir því, að það breyti svo mjög miklu frá því, sem verður, ef þetta frv. verður samþykkt.

Um d-lið 1. brtt., þá get ég út af fyrir sig verið þeirri till. samþykkur og mun greiða henni atkvæði, en geri mér ekki vonir um mikinn árangur af því, ef miða má við reynslu undanfarinna ára í þessu efni. Hins vegar er það rétt og eðlilegt, að slík ákvæði séu í lögunum, og mun ég því greiða þeirri till. atkvæði.

Um 2. brtt., við 28. gr., vil ég segja það, að mér finnst hún nú eiginlega bera vott um óeðlilega mikla bjartsýni hjá hv. flm. Hv. 1. flm. orðaði það svo, að það, sem þyrfti nú, væri að veita fólkinu róttæka fræðslu í sambandi við vínnautnina. Skilst mér, að það sé það, sem ætlazt er til að gert verði samkv. 2. brtt., þar sem sagt er, að fræðslumálastjórnin eigi að sjá um, að skólarnir eigi hentugar kennslubækur og annað þess háttar og ráðherra skuli svo setja reglugerð um þetta. Ég held, að sú fræðsla, sem að þessu frv. samþykktu verður veitt um áfengisnautn og meðferð áfengis, verði að mestu leyti verkleg kennsla, sem fer fram á þeim stöðum, þar sem vínveitingaleyfin eru. Og með allri virðingu fyrir skólum okkar og kennarastétt, þá hygg ég, að sú fræðsla, sem menn fá um drykkjusiði og annað slíkt á þeim fjölmörgu 1. flokks veiingahúsum, sem eiga að annast þessa kennslu, verði miklum mun drýgri til áhrifa en sú bóklega uppfræðing, sem samkv. þessari till. er ætlazt til að kennarar veiti börnunum. Ég get ekki að því gert, að mér finnst þetta bera mjög mikinn keim af skripaleik, þegar sömu menn sem telja, að bezt væri að hafa áfengi í hverri matvörubúð, hverri sjoppu og búðirnar opnar dag og nótt, eru svo að hinu leytinu að hafa orð á því, að það sé nauðsynlegt, og leggja það til á Alþingi, að það sé nauðsynlegt að kenna í skólunum um skaðsemi áfengis og vond áhrif.

Ég skal svo ekki fleira um þessar till. segja, en vil endurtaka það, sem ég fyrst sagði, að ég hygg, að það skipti ekki neinu máli, hvort þær eru felldar eða samþykktar; áhrif frv., ef að lögum verður, verða nákvæmlega þau sömu, hvort sem þær eru samþ. eða felldar. Mér virðist augljóst, að a. m. k. í þessari deild séu úrslit málsins ráðin. Það verður samþykkt að rýmka mjög um áfengið, neyzlu þess og meðferð, veita vínveitingaleyfi, sem svo stjórnin ræður, hversu mikið hún gerir að að miðla til verðugra umsækjenda. Af því hlýtur að leiða, eins og ég áður sagði, aukna vínneyzlu í landinu, og fylgifiskar hennar munu koma í ljós. Ég hygg, að hér sé alveg öfugt stefnt; það ætti að reyna að hefta áfengisneyzluna sem mest og stefna að því, að áfengið hyrfi úr landinu.

Ég skal svo víkja að brtt. 412. Fyrri brtt. lýtur að því að færa greinina í sama horf og hún var upphaflega í stjórnarfrv., þ. e. a. s., áfengismarkið sé miðað við 2¼% af vínanda að rúmmáli í stað 3½% af vínanda að þunga, eins og samþ. var hér við 2. umr. málsins. Ég er ekki alveg viss um, að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því, þegar þeir greiddu atkvæði um þetta, allir, að hér er um miklu meiri aukningu á áfengismarki að ræða heldur en frá 2¼ og upp í 3½, vegna þess að í frv. nú er miðað við þunga, en í lögunum áður var miðað við rúmmál. Mér telst svo til, að miðað við rúmmál sé áfengisstyrkleikinn um 4.4%, eða tæplega 4½%, eins og frv. nú er. Ef ég man rétt, þá er skattaflokkur nr. 1 í Danmörku, það öl, sem algengast er í notkun þar, ekki 4%, svo að áfengismarkið hér liggur nokkru hærra en 1. skattaflokkur af dönsku öli, sem er til neyzlu innanlands. Það er rétt, að sumt danskt öl, export-ölið, sem ætlað er til útflutnings, mun vera nokkru sterkara, upp í 6% eða rétt um það bil. Ég efast um, að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því, hversu hátt er farið í þessu með þeirri brtt., sem samþ. var hér við 2. umr., og það er a. m. k. alveg víst, að það er alveg fullkominn óþarfi að fara svona hátt með vínandamagnið í ölinu til þess að forða því frá að súrna, sem hv. þm. Seyðf. óttaðist svo mjög hér við síðustu umr. málsins.

Ég geri það að minni till., að áfengismarkið verði miðað við 2¼ af rúmmáli eins og er í gildandi lögum.

Því hefur verið skotið að mér af einum hv. dm., að vera kynni, að forseti liti svo á, að ekki væri hægt að bera þessa till. undir atkv., þar sem efni hennar hefði í raun og veru verið fellt við 2. umr. Ég tel, að það muni hæpið, að forseti mundi fella slíkan úrskurð, því að till. í frv. var aldrei borin undir atkv. og því ekki felld, heldur var brtt. samþ. og breytt þannig efni gr. Ef hins vegar forseti skyldi líta svo á, að ekki væri hægt að bera till. upp af þessum sökum, þá vildi ég óska, að hann gæfi mér tóm til að breyta orðalagi gr., áður en hún kæmi til atkv., þannig að ekki kæmi að sök.

Um 2. brtt. vil ég segja þetta: Samkvæmt henni er gert ráð fyrir, að af hreinum hagnaði áfengisverzlunarinnar verði tekinn ákveðinn hundraðshluti til sérstakra framkvæmda og aðgerða í landinu og að þessi hundraðshluti fari vaxandi stig af stigi á næstu 10 árum og þá sé öllum hagnaði verzlunarinnar ráðstafað til þess, sem í gr. segir. Með þessu er tvennt haft í huga: annað það, að framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að féð renni til, verði unnar á skemmri tíma, fyrr og betur en ella mundi, og í öðru lagi það, að ríkissjóður eigi ekki framvegis jafnmikið undir tekjunum af áfengi og áfengisverzlun og nú er. Ég álít, að að því beri að stefna að útrýma áfengi úr landinu, og ég hef ekki trú á því, að það verði annan veg gert en með lagasetningu að undangenginni atkvgr. hjá þjóðinni. Það er enginn vafi á því, að í sambandi við slíka þjóðaratkvörðun mundi það án efa hafa mjög veruleg áhrif, hversu stórfelld áhrif slíkt bann mundi hafa á fjárhagsafkomu ríkissjóðs, þar sem af tekjum ríkissjóðs á undanförnum árum hafa verið fengnar milli 60 og 70 millj. kr. á þennan hátt eða um sjötti hluti af öllum tekjum ríkis-

sjóðs. Það segir sig sjálft, að það er ekki auðgert með skjótum hætti að afla nýrra tekjustofna í stað þessara tekna. Hins vegar ætti það, ef vilji er með, að vera tiltölulega auðvelt að gera það á því árabili, sem ég geri ráð fyrir, 5—10 árum. Jafnframt mætti þá flýta framkvæmdum í þeim efnum, sem ég drap á áðan og gerð er grein fyrir í till. En samkvæmt till. er gert ráð fyrir því, að því fé, sem þannig aflast, verði varið sem hér skal greina:

Helmingi fjárins á að verja til þess að byggja drykkjumannahæli og lækningastöðvar handa drykkjumönnum. Til er nokkurt fé í þessu skyni, en það, sem á vantar, að fullar framkvæmdir til að samsvara þörfinni séu á hverjum tíma, yrði þá tekið af þessu fé til viðbótar. Enn fremur er ætlazt til þess, að byggð verði sjúkrahús, lækninga- og heilsuverndarstöðvar, elliheimili, hæli og vinnuheimili fyrir gamalmenni og öryrkja.

Fátt skortir okkur meira en einmitt sjúkrahús og hæli og stofnanir fyrir þá aðila, sem hér greinir, sjúklinga, gamalmenni og öryrkja. Það átak, sem gert var ráð fyrir í tryggingalögunum að gert yrði til að byggja lækningastöðvar og heilsuverndarstöðvar, er rétt aðeins nýbyrjað. Reykjavík er eini bærinn, sem þar hefur gert verulegt til framkvæmda og er nú að ljúka fyrsta áfanganum í því með byggingu heilsuverndarstöðvarinnar. Annars staðar er ekkert á veg komið í þessu efni. Mér telst svo til, að miðað við þá áætlun, sem tekin er upp í fjárl. um hagnað af áfengisverzluninni, megi gera ráð fyrir um 55 millj. kr. hagnaði á ári; það var — held ég — gert hér nú í fjárl. Helmingurinn af þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir að renni til sjóðsins á 10 ára bili, ætti þá að nema um 150 millj. kr. Með þeirri upphæð til viðbótar þeim venjulegu framlögum, sem hafa verið lögð fram í þessu skyni, virðist mér að leysa megi til fulls aðkallandi viðfangsefni á þeim sviðum, sem greinir í fyrri hl. till., þ. e. a. s., það má auka við landsspítalann hér, það má reisa hér bæjarsjúkrahús, eins og gert er ráð fyrir, og það má bæta úr sjúkrahúsaþörf og heilsuhælaþörf svo að segja um landið allt, með upphæð, sem er eitthvað svipuð þessari, ef gert er ráð fyrir, að hlutaðeigandi aðilar leggi fram sama og þeir hafa lagt fram á undanförnum árum í þessu efni.

Hinum helmingnum er gert ráð fyrir að sé varið til þess að byggja verkamannabústaði, og það á ekki að leggja fram sem styrk, heldur sem hagkvæm og ódýr lán, líkt og gert hefur verið til þessa að mestu, til þess að byggja félagsheimili úti um land, sem mjög er sótt á að fá fé til nú og eru til mikils gagns, þar sem þau eru vel reist, og til þess að byggja gistihús og hótel til þess að taka á móti ferðamönnum, innlendum og erlendum, og búa þau sæmilega, en þau eiga að njóta þessara ódýru lána, sem hafa ekki vínveitingar með höndum, þannig að þau geti búið jafnvel að gestum sínum og önnur og jafnvel betur í einstökum tilfellum. Ein meginhættan við þetta frv. hér er sú, að þeir staðir, sem hafa vínveitingaleyfi og væntanlega hafa af því mikinn hagnað, búi herbergi sín og salarkynni öllu betur og vistlegar en hin, sem hafa það ekki, af því að þau standa betur að vígi í samkeppninni eins og nú er ástatt. Þá yrðu hin hótelin, sem ekki hefðu vínveitingaleyfi, eins konar annars flokks staðir og yrðu að sætta sig við þá fjárhagslegu afkomu, sem slíku fylgir. Þessari mismunandi aðstöðu mætti án efa að mjög verulegu leyti bæta úr, ef einmitt þau gistihús og hótel, sem hafa ekki vínveitingaleyfi og ekki áfengi um hönd, fengju nokkur fjárráð, til þess að þau gætu búið sig jafnvel að búnaði öllum og þjónustu eða jafnvel betur en hin hótelin, sem vínveitingaleyfin hafa, og að því ber að sjálfsögðu að keppa.

Mér telst svo til, að á næstu 5 árum, ef menn hæta ekki að drekka, eins og hv. þm. Eyf. skaut fram í, — ef menn drekka bara líkt og menn hafa drukkið til þessa undanfarin ár, þá ættu að renna í þennan sjóð um 90 millj. kr. til þeirra framkvæmda, sem ég nú hef greint og á þar næstu 5 árunum nokkuð yfir 200 millj. kr. Það segir sig sjálft, að fyrir þetta fé má gera ýmsa gagnlega hluti, eins og ég nú hef drepið á, og að þeim tíma liðnum hlyti hver sú ríkisstj., sem fer með völd, að vera búin að undirbúa tekjuöflunarmöguleika eða færa í það horf tekjuöflun ríkissjóðs, að honum væri það meinalaust, þó að tekjurnar af áfenginu féllu niður.

Ég hygg, að ekki þurfi fleiri orð að hafa um þessa till. mínar. Ég hef ekki mjög mikla von um það, að þær verði samþ. í þessari hv. d. Mér sýnist nokkurn veginn augljóst, hver er vilji meiri hl. í þessu efni og hver afgreiðslan verður hér. Hins vegar á ég von á því, að í hv. Nd. verði teknar upp að nýju brtt. við frv. bæði að því er snertir ölið og áfengisstyrkleikann, hvað skuli teljast löglegt áfengismark, svo og um veitingaleyfin í heild sinni og önnur þau atriði, sem ég hef fyrr gert að umræðuefni í sambandi við frv. þetta.

Ég tel, eins og ég áður sagði, að með frv. þessu sé stefnt í öfuga átt, og mun því greiða atkvæði gegn frv. við þá atkvgr., sem nú fer fram hér á eftir.

**Forseti (GíslJ):** Út af þeim orðum, sem hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín sem forseta, hvort ég mundi víkja frá atkvgr. 1. brtt. hans á þskj. 412, þá vil ég leyfa mér að benda á, að í 3. kafla þingskapa, á bls. 22, stendur skýrt, að brtt. um atriði, sem búið er að fella í d., megi eigi bera upp aftur í sömu d. á sama þingi. Nú hefur ekki verið felld slík till. sem hér um ræðir. Það hefur að vísu verið samþ. till. á þskj. 385, 1. brtt. þar. Er með henni samþ., að í stað 2¼% komi 3½%. Till. um þetta atriði hefur ekki verið felld, svo að ég mun ekki vísa till. frá — En ég vil benda hv. þm. á, að það væri rétt, áður en kemur til atkv., með því að hér er um 3. umr. að ræða, að hann athugaði aðrar gr. frv., m. a. 7. gr., vegna þess að þar stendur tilvísun til þess styrkleika, sem hér hefur verið samþ. áður, og væri því nauðsynlegt, að hann bæri þá fram einnig skrifl. brtt. við þær gr. frv., ef þessi till. yrði samþ.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég hef lítið skipt mér af þessu máli enn sem komið er, nema hvað ég greiddi atkvæði að sjálfsögðu um

það við 2. umr. og var meðflm. að nokkrum brtt. Það hefur samt verið heilsað upp á mig í blöðum út af þessum afskiptum. Það læt ég að sjálfsögðu engu skipta, en ég finn þó ástæðu til — af ýmsum orsökum — að gera nú lítils háttar grein fyrir afstöðu minni til málsins og jafnframt að minnast á sumt af því, sem fram hefur komið.

Hv. 4. þm. Reykv. hélt ræðu við 2. umr. þessa máls og eins konar framhald af henni nú áðan. Hann hélt því þá fram, að það riktu tvær stefnur í þessu máli. Fyrri stefnan væri meiri og meiri takmarkanir, þangað til áfengi væri útrýmt úr landinu og bann sett á, að því er mér skildist, og hann hefur nú sýnt með brtt. sínum, að hann telur sig ætla að fylgja þessari stefnu og ná þessu marki, að útrýma áfengi úr landinu, — að því er virðist, býst hann við, að það verði 1964. Hin stefnan sagði hann að væri sú að hafa sem mest frelsi í áfengismálum og þar með, að sem allra mest væri drukkið af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, meðfram vegna ríkissjóðsins.

Ég skal nú taka það fram, að ég þekki alls enga, sem hafa þessa stefnu eins og hann lýsti henni. Hitt er aftur satt, að margir eru þeir, sem álíta frelsið betra en þvingunina, bæði í þessu máli og öðrum, og hvað þetta mál snertir er það ekki ósk þessara manna, að sem mest sé drukkið af brennivíni, heldur jafnvel öfugt, og a. m. k. að það, sem drukkið er af áfengi, sé gert á mennilegri hátt en nú er.

Þannig eru til bannmenn og andbanningar, og hefur hv. þm. sennilega átt við það. En ef málið væri svo einfalt, að einungis væru til bannmenn og andbanningar, þegar um þetta mál er að ræða, þá mundu áfengismálin ekki vera svo mikið vandamál sem þau eru, því að önnur hvor stefnan hlyti að sigra á endanum, og væri hægt að una við, hvor stefnan sem það yrði. Ef bannstefnan sigraði, þá sýndi það sig mjög fljótlega, hvort hægt væri að halda slíku við eða ekki. Ég hef ekki trú á því. En því miður er til þriðja stefnan í þessu máli, og það er sú stefna, sem hefur verið ráðandi núna undanfarin ár. Það er hvorki bannstefna né andbanningastefna. Það er sú stefna að hafa til brennivín og aðra áfenga drykki, sjá um það, að ríkið hafi nóg af því á boðstólum, en gera helzt alla þá, sem kaupa þessa vöru eða a. m. k. sem allra flestra þeirra, að lögbrotamönnum, hvernig sem þeir fara að.

Árið 1934 var lagt áfengislagafrv. fyrir Alþ. Það var á margan hátt frjálslegt, og má segja, að þar hafi verið fylgt andbanningastefnunni, þegar þau l. voru sett, sem hlutu staðfestingu 9. jan. 1935. Og svo stóð um nokkur ár. Það var talið, að eftir þá lagasetningu hefði drykkjuskapur vaxið í landinu, og ég veit það, að hann óx nokkuð, eftir því sem skýrslur sýndu, m. ö. o., að neyzla löglegra áfengra drykkja óx. En ég hugsa, að allir hv. þm. viti það, að á árunum áður en þetta var gert var bruggað brennivín svo að segja í hverri sveit á Íslandi og það drukkið í stórum skömmtum, og þessi breyting, sem gerð var með l. frá 9. jan. 1935, og framkvæmd þeirra laga varð til þess að útrýma þessu. Nú heyri ég hvergi, þar sem ég er kunnugur, getið um, að menn bruggi áfengi, en það fer nú að verða, sem síðar skal vikið að, að því er ég býst við. En svo skeður það, að horfið er frá þessari frjálslyndu stefnu, ekki þó þannig, að samþ. væri bann, sem verður þó að telja hreina afstöðu, heldur hitt, að setja á þvingunarráðstafanir, en sjá þó um það, að hægt væri að ná í áfengi. Fyrst var það, þegar l. um svokölluð héraðabönn voru sett, sem mun hafa verið 18. febrúar 1943. Ég man það, að ég spáði nokkru um þau l. hér í þessari hv. d., þegar var verið að ræða um þau, og ég man það einnig, að hér í d. vorum við tveir, sem vorum eindregnastir andstæðingar þeirra l. Það var ég, sem er nú talinn brennivínsvinur, og andbanningur er ég a. m. k., og mun bindindismenn ekki furða á því, þó að ég væri á móti slíkum l. En það var annar maður, sem mælti mjög sterklega á móti þessum l. einnig, og það var maður, sem hefur verið sá einlægasti bindindis- og bannmaður, sem ég hef þekkt, Ingvar sálugi Pálmason. Hann sá það fyrir, að það yrði ekkert gagn að slíkum l., heldur aðeins til þess að efla lögbrot og venja menn á þau og tefja fyrir reglulegu banni, svo að við snerum bökum saman í þessu, þó að skoðanir okkar væru ekki að öðru leyti líkar. En nú voru þessi lög ekki látin koma til framkvæmda strax og gerðu þar af leiðandi ekki beinlínis skaða, fyrr en hæstv. dómsmrh. ákvað svo, að þau skyldu öðlast gildi. Og nú er svo komið, að útsölur áfengis hafa verið afnumdar bæði á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, en eftir eru þær auðvitað hér í Reykjavík, og heildsalan hér, og á Siglufirði og Seyðisfirði. Ja, ég fullyrði það um þann stað, sem ég er kunnugastur, að þó að sé samþykkt héraðsbann á Akureyri, þá a. m. k. dregur það ekki úr drykkjuskap. Það er ekki mikill vandi að fá brennivín og aðra áfenga drykki frá Siglufirði til Akureyrar og inn um allan Skagafjörð og Þingeyjarsýslur. Það veldur ofur litlum óþægindum og örðugleikum, en það er nú bara eðli manna, að slíkir örðugleikar eggja marga til þess að útvega sér það, sem er verið að halda í við þá, en draga ekki úr viðleitninni.

Ég gerði tilraun við 2. umr. þessa máls hér í d. til þess að fá þessi lög afnumin, með því að ég bað hæstv. forseta um það að bera upp vissa gr. í tvennu lagi, sérstaklega þann hluta gr., sem endurtók ákvæðin um héraðabönn. En það fór svo, að sá hluti gr. var einnig samþ. hér í hv. d. Héraðabönnin eiga því að standa áfram, eftir því sem hv. Ed. vill vera láta, þó að mér kæmi það mjög á óvart, að atkv. skyldu svo falla, ekki sízt samanborið við sumar aðrar atkvgr. hér. En við það verður að sitja, því að ég tel það nú ekki leyfilegt, eins og hæstv. forseti virðist gera, að bera fram brtt. um það, sem búið er að fella. En í raun og veru er búið að fella það hér í þessari hv. d. að hafa magn áfengis, sem má vera í óáfengum drykk, 2¼% að rúmmáli; það er búið að fella það með því að samþykkja annað, að mínu viti. En það tjáir ekki að deila við dómarann, og auðvitað fer ég ekki að deila á hæstv. forseta út af þessu. En hitt taldi ég mér ekki heimilt, að bera fram brtt. um að afnema héraðabönnin aftur, þar sem við sérstaka atkvgr. var búið að samþ. þau í hv. d. við 2. umr.

Ég ætla að leyfa mér ásamt þremur öðrum hv.

þm., 2. þm. Árn., þm. Seyðf. og þm. Mýr., að bera fram litla brtt. við þetta frv. Hún er við 12. gr., 3. málsgr., og hljóðar svo:

„Orðin „ef telja má, að veitingahúsrekstur inn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn“ falli niður.“

Ég geri ekki ráð fyrir að vísu, að þessi brtt. hafi mikla raunverulega þýðingu, því að sjálfsagt mundi dómsmrh. á hverjum tíma miða leyfi til vínveitinga á veitingahúsum utan kaupstaða við það, að það væri sérstaklega mikið um ferðamenn á þeim slóðum og þá ef til vill einkum útlendinga. En við flm. kunnum ákaflega illa við að hafa þetta í lögum. Með því er eins og við séum að segja: Ja, þetta er nú svo skaðlegt fyrir okkur Íslendinga. Við viljum leyfa okkar mönnum að njóta þess að koma inn á slíkt veitingahús og fá sér hressingu, en það er fullgott handa útlendingum að drekka þar. — Mér finnst það ákaflega hæpið að gera þannig greinarmun á Íslendingum og útlendingum. Sumir mundu enn fremur snúa þessu við og segja: Ja, fyrir útlendinga er þetta gert. Útlendingar eru hærra settir en Íslendingar, sérstakt tillit tekið til þeirra í þessu efni og þeim leyft það, sem Íslendingum leyfist ekki. — Ég kann ekki við það.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur nú látið þá stefnu, sem hann boðaði við 2. umr. þessa máls, koma hér sýnilega fram með tveimur brtt. Hef ég áður minnzt á, að sú fyrri er frá mínu sjónarmiði mjög vafasöm, og ótrúlegt, að deildin breyti svo gersamlega um sína stefnu í þessu máli, að hún fari að setja þetta ákvæði í sama horf og í frv. er. Finnst mér nú, að hv. þm. hefði getað farið hóflegar í sakirnar en þetta, þó að hann hefði gert brtt. um það, því að það var leyfilegt auðvitað að setja eitthvert annað takmark en þarna er.

Ég skal ekki ræða meira um þá till. hans. En það er önnur brtt. hans, sem ég vildi aðeins minnast á. Hann boðaði það þegar við 2. umr. málsins, að hann áliti, að það ætti að taka meira og meira af tekjum áfengisverzlunarinnar til sérstakra framkvæmda, til þess að ríkisstj. neyddist smám saman til þess að sjá ríkissjóði fyrir nauðsynlegum tekjum á annan hátt og menn hefðu ekki tilhneigingu til þess að halda áfenginu við tekna ríkissjóðs vegna. En ég verð að segja það, að mér finnst hv. þm. töluvert mislagðar hendur, þegar hann gerir till. í þessa átt. Helmingurinn af tekjum áfengisverzlunarinnar á samkv. hans till. að renna til byggingar drykkjumannahæla og sjúkrahúsa og þess konar. Ég geri nú ekki ráð fyrir, ef tilgangurinn með þessari till., sem hann segir vera, næst, að það þurfi að verja mörgum milljónum til byggingar drykkjumannahæla. Frá hans sjónarmiði ætti það ekki að þurfa. En ég skal ekki fara meira út í þann hluta till. Hinum helmingnum skal varið til að veita hagkvæm og ódýr lán til byggingar verkamannabústaða, smáíbúða, félagsheimila og gistihúsa, sem hafa ekki vínveitingaleyfi.

Mér finnst hv. þm. fara hér mjög klóklega að til þess að afnema drykkjuskap í landinu og vínnautn. Það má svo sem nærri geta, þegar verkamenn eiga að fá margar milljónir af áfengissölunni til byggingar verkamannabústaða og smáíbúða og aðrir til félagsheimila og gistihúsa, að þessir menn munu fá mikinn áhuga á því, að hætt verði að selja vín í landinu. Menn eru vanir því að vilja afsala sér friðindum, sem þeir hafa. Ég hef nú lúmskan grun um það, að ef þetta yrði að lögum, þá yrði ekki mikill áhuginn hjá þeim, sem eiga að fá þarna margar milljónir hvert ár til 1964 og eftir það enn meira, ef áfengisútsala heldur áfram, til þess að útrýma áfengiskaupum og áfengissölu í landinu. Mennirnir eru menn, og flestir líta nú dálítið nær sér. Með öðrum orðum: Hér eru þúsundir manna, samkv. till. hv. þm., margar þúsundir, sem eiga að hafa hagsmuni af því, að vín sé selt áfram í landinu, hreint og beint. Það finnst mér ákaflega einkennileg leið til þess að afnema víndrykkju og vínkaup, eins og hv. þm. segir þó að sé hans takmark og vilji.

Ég mun nú ljúka máli mínu, en vildi þó aðeins minnast á það, áður en ég hætti, að mér þótti hv. 1. þm. N-M., sem talaði hér við 2. umr., vera með töluvert hæpnar röksemdaleiðslur. Hann gekk út frá því, að það væru mörg jarðlíf og hvert þeirra skóli og til þess ætlazt, að við sigruðumst á freistingum og yrðum þar af leiðandi fullkomnari og betri menn. En ég sé ekki, að samkv. þeirri hugsun megi taka þessa freistingu frá nútímamönnum. Hvað er þeim betra í næsta lífi að fara þá að berjast við freistinguna heldur en að ljúka því af í þessu jarðlífi? Mér er ómögulegt að sjá það. Ég held því, að hann ætti að ganga í lið með okkur út frá þessari hugsun, sem höfum viljað hafa þetta frv. ofur lítið frjálslegra en það lítur út fyrir að verða.

Ég er ekki hv. 4. þm. Reykv. sammála um það, að með þessu frv., ef að lögum verður, sé slakað á frá því ástandi, sem var áður en hæstv. dómsmrh. svipti það veitingahús, sem vínveitingaleyfi hafði hér, leyfinu og bannaði allar undanþágur. Hér er að ýmsu leyti í þessu frv. þrengt meira um. Ég er þess vegna ekki neitt sérlegur fylgismaður þessa frv. Ég mun þó greiða því atkv., a. m. k. ef ekki verður farið að setja inn í það nú á elleftu stundu fjarstæður, sem ekki er hægt að samþykkja, eins og t. d. það að taka smám saman allan ágóða áfengisverzlunarinnar af ríkissjóði og verja honum til annarra framkvæmda og tengja þannig hagsmuni mjög margra manna í landinu, svo að þúsundum skipti, eins og ég sagði áðan, við það, að sem mest áfengi sé selt. Það finnst mér ákaflega hæpin leið til þess að draga úr vínnautn.

**Forseti (GíslJ):** Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. í sambandi við úrskurð minn um 1. brtt. á þskj. 412 vil ég aðeins segja þetta:

Það er á misskilningi byggt hjá hv. þm., að búið hafi verið að fella í þessari d., að áfengismagn mætti ekki vera nema 2¼%. Það var miklu frekar samþ., að það ætti að vera allmiklu hærra, og um þetta atriði hefur engin brtt. verið felld.

Ég vil enn fremur leyfa mér að geta þess, að við atkvgr. við 2. umr. var 10. gr. borin upp í tvennu lagi, eins og hv. þm. minntist á. 1. málsgr. var samþ. með 10:1 atkv., en 2.—4. málsgr. voru samþ. með 8:6 atkv. Það er því ekkert því til fyrirstöðu, að bornar séu fram á þessu stigi málsins brtt. við 10. gr., jafnvel um að fella gr. niður,

og það er fullkomlega í samræmi við það, sem ég úrskurðaði um till. hv. 4. þm. Reykv. — Þetta vildi ég láta koma fram að gefnu tilefni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 419 og 420) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Mér koma þessar umræður satt að segja dálítið á óvart, því að á þeim eina fundi, sem allshn. hefur haldið síðan frv. var samþ. hér við 2. umr., var talað um að fara í gegnum frv., og sjálfur var ég á föstudaginn var byrjaður að skrifa niður nokkrar brtt. og hélt, að n. mundi fara í gegnum það, því að það voru í því ákvæði, sem n. var öll sammála um að ætti að breyta. Þetta hefur nú ekki verið gert enn þá, og frv. er komið hér til umr., og forseti segir mér, að það hafi ekki verið farið fram á það, að því væri frestað. Við því er þá ekkert að segja, enda sé ég, að sumar af þeim tillögum, sem ég vissi að nefndin hafði hugsað sér að gera, eru komnar fram hér frá öðrum flutningsmönnum.

Viðvíkjandi því, sem 1. þm. Eyf. var að segja viðvíkjandi því, sem ég sagði hér við 2. umr., vil ég bara benda honum á það, af því að hann er í menntmn. og hefur fengizt við kennslu, að það þýðir ekki að bera hið sama á borð fyrir menn í öllum bekkjum skólans upp í gegn. Þeir þurfa að vera orðnir dálítið þroskaðir til að taka á móti sumu af því, sem á að kenna þeim, og þýðir ekki að fá þeim í 1. eða 2. bekknum það, sem þeir þurfa fyrst að læra og eru færir um að nota sér, eftir að þeir eru búnir að ná þeim þroska, sem þarf til að vera í 5., 6. bekk eða enn þá ofar. Öðru skal ég ekki svara því.

Brtt., sem ég var búinn að forma hérna á föstudaginn, — og þær hefðu reyndar orðið fleiri, hefði ég haft tíma til þess, — eru í fyrsta lagi við 9. gr. Ég legg til, að 2. málsl. hennar orðist þannig: „Ríkisstj. ákveður jafna álagningu til allra með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði.“ En 3. málsl. gr. falli niður. — Þessi breyting innifelur það í sér, að ríkisstj. eigi að ákveða verðið á áfenginu og að selja það með sama verði til allra, og þá er óþarfi að vera að taka það fram, eins og gert er í síðasta málsl., að ekki megi gefa afslátt. Það er þá komið af sjálfu sér með því að ákveða, að verðið eigi að vera jafnt til allra. Ég tel þetta alveg sjálfsagðan hlut, bæði að ríkisstj. ákveði álagninguna og verðið sé jafnt til allra og fari eftir áfengisstyrkleika og innkaupsverði.

Þá var ég búinn að „nótera“ niður hér brtt. við 12. gr., en þær eru komnar fram frá öðrum. Það var, að c-liðurinn félli niður. Ég vissi ekki annað en öll n. ætlaði sér að flytja till. um það, hefði hún fengið tíma til þess. Og í staðinn fyrir a—c í 3. málsgr. komi: a—b. Þetta er komið frá öðrum, og ég get tekið þær aftur, þegar að því kemur; þær standa á blaðinu, af því að það er eins og ég skrifaði þær á föstudaginn.

Þá er ég búinn að útbúa hér brtt. við 18. gr. Hún tekur fram, að með þeirri undantekningu, sem segir í 10., 11. og 12. gr., sé öllum óheimilt að veita eða selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir. En í 20. gr. kemur svo aftur, að lögreglustjóri megi veita félögum undanþágu, og þá mega þau sjálfsagt kaupa sér vín, þegar þau fá undanþáguna. Þess vegna legg ég til, að við 18. gr. sé bætt inn: „Í stað orðanna „10., 11. og 12. gr. segir“ komi: 10., 11., 12. og 20. gr. segir“ — að mönnunum, sem fá þessa undanþágu eftir 20. gr., sé þá heimilt að kaupa vínið einhvers staðar.

Það voru fleiri atriði í frv., sem ég hafði hugsað mér að koma með brtt. við, en ég hef ekki mátt vera að eiga við síðan ég sá dagskrána og málið kom núna fyrir. Og ég tel það yfirleitt heldur illa farið, að n. skyldi ekki fá tíma til þess að fara í gegnum frv. og athuga það nánar. Að öðru leyti skal ég ekki segja meira um þetta mál. Ég er, eins og ég hef alltaf verið, alveg ákveðinn bannmaður og tel, að á því þroskastigi, sem við stöndum núna, séum við ekki komnir í þann bekk, að það sé hægt að leggja heildinni það nám á herðar, sem hún á að hafa af freistingu áfengisins, það verði að bíða síðari bekks — annarrar jarðvistar þessarar kynslóðar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 421) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil að gefnu tilefni um þessa brtt. benda á, að b-liðurinn í 1. brtt. er um að fella niður ákvæði, sem sett var inn við 2. umr., og sé ég enga ástæðu til þess að vísa þessari brtt. frá. Það er í samræmi við það, sem ég úrskurðaði áður um atriði, sem mundi koma til atkvæða.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni áðan, að ég hefði ekki séð mér fært nú við þessa umr. að bera fram brtt. um það að fella ákvæðin um héraðabönn niður úr frv., þar sem þau voru samþykkt sérstaklega við 2. umr. málsins. En samkv. úrskurði hæstv. forseta um svipað efni virðist það vera heimilt eftir hans áliti. Þó að ég geti ekki talið, að þessi úrskurður hæstv. forseta sé óyggjandi, þá vil ég þó nota hann, þar sem honum verður hvort sem er ekki breytt, og bera þá fram till. um það, að þær málsgr. 10. gr., sem fjalla um héraðabönnin, verði felldar niður, og mun afhenda hæstv. forseta brtt. um það.

Út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, þá kann það að vera rétt, að það sé ekki hægt að kenna börnum í neðsta bekk t. d. þunga málfræði eða eitthvað þess konar. En skrýtið þætti mér nú það samt, ef hann útskrifaði stúdenta með þeim kröfum, sem gerðar eru við skulum segja í ensku, og ætlaði þeim ekki að læra enskuna nema í efsta bekk skólans. Ég held, að það sé miklu vissara fyrir okkur, sem nú lifum, að byrja á þessu námi hér og núna, því að ég sé ekki annað en að það muni fara sami tími til þess síðar, því að við verðum ekkert þroskaðri á þessu sviði í næsta lífi, að mér skilst. Þess vegna er þetta mjög hæpið og gæti tafið fyrir okkur til fullkomnunar um heila jarðvist, frá hans sjónarmiði, að enginn fengi að stríða við áfengisfreistingu nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 422) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég skal vera stuttorður, herra forseti. Ég skal ekki tala um áfengislögin með tilliti til annars tilverustigs. Mér virðist þau vera nægilega erfið, þó að við miðum við þessa jarðnesku tilveru fyrst og fremst a. m. k., og hygg, að það mundi verða torvelt að setja þau beinlínis með tilliti til annarra og síðari tilverustiga.

Um brtt. þá, sem hæstv. forseti lýsti nú, um að fella niður héraðabönnin vil ég segja það, að ég mun verða henni andvígur, ekki út af fyrir sig vegna þess, að ég hafi sjálfur persónulega mjög mikla trú á héraðabönnum, að þau nái tilætluðum árangri, heldur vegna þess, að mér finnst sjálfsagt, að þar sem þau hafa nú verið samþykkt á nokkrum stöðum, þá fáist fullkomin reynsla þar, áður en slík heimild verði felld niður. Ég mun því greiða atkvæði gegn þeirri tillögu.

En það, að ég kvaddi mér hljóðs, stafaði nú fyrst og fremst af ummælum hv. 1. þm. Eyf. í fyrri ræðu sinni áðan. Hann sagði, að þótt eðlilegt mætti teljast að skipta mönnum í tvo flokka, þá, sem vildu bann, og þá, sem vildu frelsi, þá væri þetta engan veginn fullnægjandi skipting, því að til væri þriðji flokkur manna, sem sé sá, sem vildi, að ríkissjóður hefði áfengisverzlunina með höndum og græddi á henni, en jafnframt stefndi að því að gera alla menn að afbrotamönnum, sem neyttu áfengisins. Ég veit nú satt að segja ekki, ef þessi flokkaskipting er upp tekin, í hvaða flokki hv. 1. þm. Eyf. mundi vera; mér er nær að halda, að hann mundi vera í þessum milliflokki þarna, því að ég veit ekki betur en hann sé samþykkur öllum ákvæðum um viðurlög og refsingar, sem eru býsna stórorð — ég segi „stórorð“ með vilja — í frv. En ég skal segja það honum til málsbóta, að það sýnir skilning löggjafans á, hversu alvarlegs eðlis þessi brot á löggjöfinni séu, auðgunarbrot í sambandi við sölu áfengis og annað slíkt.

Ég skal vera stuttorður um þetta, en þykir þó rétt að gera grein fyrir minni afstöðu til málsins í heild. Meðan meiri hluti þjóðarinnar vill hafa áfengið í landinu, þá er ekki annað að gera en að hlíta því og setja þá um það svo *skynsamlegar og skaplegar reglur sem unnt er* á hverjum tíma til þess að draga úr ókostunum, sem fylgja því. En menn verða að vita, að hverju þeir vilja stefna í þessu efni. Og ég tel, að ekki sé vit í því að stefna í aðra átt en þá, eins og ég áður hef gert hér ráð fyrir, að draga úr drykkjuskap sem mest og helzt að útrýma honum og áfengisneyzlu með öllu. Og slíkt verður að minni hyggju ekki gert án löggjafar.

Nú er ástandið þannig í landinu, ætla ég, eins og þetta frv. og undirtektirnar, sem það fær, bera ljóst vitni um, að mikill hluti þjóðarinnar, — ég skal ekki segja um, hvort það er meiri eða minni hluti, — en mjög mikill hluti þjóðarinnar virðist telja, að það sé hægt að draga úr böli áfengisins einn veg og annan, sem nokkuð megi við hlíta, án þess að taka upp algert aðflutningsbann. Sumir hafa von um, að með héraðabönnum megi ná nokkrum árangri og öðrum takmörkunum, en aðrir, svo furðulegt sem það virðist í mínum augum, virðast vera þeirrar skoðunar, að meiri menningarbragur muni koma á drykkjuskapinn, ef þetta frv. verður að lögum, heldur en nú er og megi þá draga úr einhverjum af þeim ófagnaði, sem drykkjuskapnum fylgir.

Ég er þeirrar skoðunar, að ef þetta frv. verður að lögum í svipaðri mynd og nú er, þá muni alveg óhjákvæmilega af því leiða, að krafan um algert bann og útrýmingu áfengis verður háværari og kröftugri en nú er, vegna þess að ég er viss um það, að drykkjuskapurinn og fylgifiskar hans munu aukast. Það er einmitt með tilliti til þessa, sem ég ber fram mína síðari brtt., að þá er auðveldara að taka upp málið um algert bann og greiða atkvæði um það, ef búið er að binda áfengistekjurnar á þann veg, sem þar er gert ráð fyrir. Hv. 1. þm. Eyf. taldi, að ef ég meinti þetta, þá væri stefnt í öfuga átt með mínum tillögum. Hann viðurkenndi að vísu, að sá helmingurinn, sem ætlaður væri til þess að reisa fyrir ýmis hæli í heilbrigðis- og mannúðarskyni og til að útrýma drykkjusjúkdómum og öðru slíku, hefði nokkuð tímabundið og takmarkað verkefni, og það er líka rétt. Eru allar líkur til, ef bið verður á því 5—10 ár, að bann verði lögleitt, að það mætti þá komast svo langt áleiðis í því efni, að þar verði verulegum áfanga náð. Hitt atriðið, almennar íbúðarhúsabyggingar fyrir verkamenn og tekjulægri stéttir þjóðfélagsins, er verkefni, sem ekki leysist, hvorki á fimm né tíu árum, til fulls, svo framarlega sem þjóðinni heldur áfram að fjölga; það er rétt. Og þá vildi hv. þm. halda því fram, að sá hópur manna, sem ætti von á að fá ódýr lán af þessum síðari helmingi, mundi snúast andvígur gegn áfengisbanni til þess að fá þetta fjármagn til þessara ódýru lána til húsbygginga og annars slíks. Ég legg nú ekki mikið upp úr þessari ályktun hv. þm., í fyrsta lagi vegna þess, að á þessu 10 ára tímabili, ef við það er miðað, ætti að myndast þarna um 150 millj. kr. sjóður, sem að vísu væri fastur í byggingum, en kæmi þá í vöxtum og afborgunum, og það fé, sem losnaði árlega út úr slíkum lánum, mætti *verja til nýrra lána*, mundi nema mjög verulegri upphæð; og í öðru lagi það, að þó að ýmsir hefðu hug á því að hlúa að þessum byggingarmálum, þá væri það *ekki nema örlítil ástæða* að þunga til samanborið við þá ríku ástæðu, sem fjármálastjórnin á hverjum tíma hefði til þess að tryggja sér þær tekjur, sem af áfenginu renna nú í ríkissjóðinn. Ef þess vegna hv. þm. er þeirrar skoðunar, að eitthvað mundi draga úr áhuga manna fyrir að fá bann samþykkt vegna þessara lánveitinga, þá hlýtur hann að viðurkenna það, að áhuginn fyrir því að halda vindrykkjunni við og áfengisverzluninni hlýtur að vera margfalt meiri með þeim hætti, sem nú er á þessum málum. (Gripið fram í.) Ég hefði nú hugsað, að menn mundu leita til ríkissjóðs til framlaga í þessu skyni, ef ég þekki rétt, ef þetta félli niður, og þá væri sami flöturinn uppi í báðum tilfellunum.

Um brtt. hv. þm. N-M. (PZ) við 9. gr. vil

ég aðeins taka fram, að ég er honum alveg sammála um nauðsyn þess að gera þá breytingu og mun greiða þeirri till. atkv.

ATKVGR.
Brtt. 412,1 felld með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, VH, BrB, GÍG, HG, HermJ, GíslJ.
nei: LJóh, SÓÓ, AE, BSt, BBen, FRV, IngF, JJós, JK, KK.
4 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv.:

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Ég álít, að sá úrskurður, sem féll áðan hjá forseta, sé ekki réttur, en þar sem ég hirði ekki um að vísa honum til deildarinnar, segi ég nei.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Ég tel, að það hefði átt að vísa þessari brtt. frá, hún sé ólögmæt, og segi af þeirri ástæðu nei.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Nei, með tilvísun til grg. hæstv. dómsmrh.

**Gísli Jónsson:** Ég hef talið, að þetta ákvæði um hækkun styrkleikans ætti ekki að vera í lögunum, og þess vegna segi ég já.

Brtt. 419 tekin aftur.
— 421,1.a felld með 10:4 atkv.
— 421,1.b tekin aftur.
— 422 felld með 11:5 atkv.
— 405,1.a—b samþ. með 13:2 atkv.
— 420 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, AE, BSt, IngF, JK, KK, LJóh, GíslJ.
nei: PZ, VH, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, HermJ, JJós.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég játa að vísu, að orðalagið, eins og það er í greininni, sé ekki með öllu viðfelldið, en það er þó að minni vitund ljóst, við hvað er átt, sem sé það, að leyfi muni eftir þessu ákvæði einungis verða veitt á alþjóðlegum flugstöðvum innan landsins og hvergi annars staðar. Með því að fella það niður, tel ég, að heimildin verði allt of rúm, og treysti mér ekki til að greiða atkvæði með brtt. af þeim ástæðum og segi nei.

Brtt. 405,1.c samþ. með 11:3 atkv.
— 421,2 tekin aftur.
— 405,1.d samþ. með 12:1 atkv.
— 421,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 405,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 412,2 felld með 11:4 atkv.
— 405,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 423).

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var á sínum tíma samið af mþn. og lagt fyrir Alþingi í fyrra, en var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá í Ed. Að þessu sinni var frv. lagt fyrir aftur óbreytt frá því, sem verið hafði, að undanteknu einu veigamiklu atriði, að brott var numin heimild til ákvörðunar um þjórframleiðslu og veitingu á þeim drykk.

Hv. Ed. hefur síðan haft frv. til meðferðar og nú nýlega afgr. það, að vísu með veigamiklum breytingum, en þó svo, að ýmis aðalatriði frv. eru að mestu leyti óbreytt frá því, sem mþn. hafði lagt til.

Frá núverandi ástandi má segja að frv., eins og það nú liggur fyrir, geri tvær meginbreytingar. Önnur er sú, sem hv. Ed. setti í frv., að breytt er skýrgreiningunni á því, hvað teljast skuli áfengir drykkir, og má vera í þeim nokkru meira áfengismagn en áður hefur verið lögheimilað, en þó svo, að drykkurinn verður ekki talinn falla undir ákvæði laganna. Hin meginbreytingin, sem felst í frv., var einnig í frv. í meginatriðum, þegar það var lagt fram af hálfu stjórnarinnar í haust, og það var um að setja reglur um það, með hverjum hætti mætti veita veitingastöðum heimild til vínveitinga. Eins og við vitum, þá hefur gilt í þessum efnum nokkurt undantekningarástand, ef svo mætti segja, um meira en ársbil, og hygg ég, að flestir viðurkenni, að það ástand, sem nú er í þessum efnum, sé með öllu óviðunandi. Það er að sjálfsögðu ekki viðhlítandi, að ríkisstj. stendur fyrir sölu á áfengum drykkjum, þannig að þeir eru seldir fyrir marga milljónatugi á hverju ári, en þó er óheimilt að neyta þeirra nema þá annaðhvort á víðavangi, en þó svo, að ekki teljist til almannafæris, eða í heimahúsum, og mundu margir telja, að ekki væri ástæða til að ýta undir drykkjuskap einmitt þar. Af þessu hefur leitt annars vegar mjög mikinn drykkjuskap í bílum, ýmiss konar skúmaskotum og svo það, sem ómögulegt hefur verið að koma í veg fyrir, að áfengislögin eru vitanlega brotin mjög með óheimilli víndrykkju á veitingahúsum. En þegar hundruð manna eru eindregin í því að brjóta lögin með þeim hætti, sem gert hefur verið, þá er vitanlega með öllu ógerlegt fyrir nokkra lögreglu að hafa á því gæzlu, svo að viðhlítandi sé. Menn getur að vísu greint á um, hvaða reglur eigi að setja um þetta, og hv. Ed. breytti að sumu þeim reglum, sem í frv. voru settar. En meðan vín er flutt til landsins og meðan ríkið annast vínsölu í jafnríkum mæli og raun ber vitni um, þá held ég, að ekki verði um það deilt, að einhverjar betri reglur verði að vera í lögum um þetta heldur en nú eru, sem í senn eru ákaflega hæpnar efnislega og allsendis ómögulegt að framfylgja af hálfu löggæzlunnar. Ég fer þess vegna ekki dult með, að ég tel þessi fyrirmæli um vínveitingar og reglur fyrir veitingahús, um það, með hverjum hætti þar megi vínveitingar eiga sér stað, vera meginefni þessa frv. og tel mestu máli skipta, að þingið afgreiði fyrirmæli um það á einn eða annan veg, fyrirmæli, sem hægt sé að framfylgja og hægt er þá að ásaka lögreglu fyrir, ef ekki er framfylgt eins og lög standa til.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um

þetta mál að svo stöddu. Ég legg til, að málinu sé vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég verð að segja, að ég hef ekki kynnt mér þetta frv. nægilega ýtarlega enn til þess að taka það til rækilegrar meðferðar, enda hygg ég, að það muni gefast tækifæri til þess síðar. Ég hef litið svo á, að í þessu frv. væru í rauninni, eins og nú er komið, tvö meginatriði, sem máli skipta; enda fannst mér á þeirri grg., sem hæstv. dómsmrh. hafði hér fyrir þessu frv., að hann legði einnig þann skilning í málið, að þar væri fyrst og fremst um tvær meginbreytingar að gera.

Annars vegar er sú breyting, sem Ed. hefur gert á frv., þar sem gert er ráð fyrir, að heimilt verði að selja í landinu allmiklu sterkara öl en hingað til hefur verið, og verður maður að segja, að það kemur nokkuð á óvart, að það skuli hafa verið samþykkt, með tilliti til þeirra undirtekta, sem það ákvæði hafði fengið hér á Alþingi áður, þegar fitjað hafði verið upp á hliðstæðri breytingu og þarna hefur verið gert ráð fyrir.

En aðalbreytingin, sem þetta frv. hlýtur þó að hafa í sambandi við áfengislög þau, sem í gildi hafa verið, er þó fólgin í því að heimila veitingahúsum í landinu, eða a. m. k. á öllum þeim stöðum, þar sem áfengisútsala er annars opin, að selja þar vín. Slík heimild er vitanlega mikil breyting frá því ástandi, sem verið hefur um langan tíma, og er þá ekki óeðlilegt, að gerð sé nokkur grein fyrir því af flm. þessa máls, hvað hefur sérstaklega rekið til þess, hvað hefur sérstaklega kallað á það að óska eftir þessari breytingu. Ég fyrir mitt leyti get ekki skilið þau rök, sem ég hef heyrt í þessu máli nokkrum sinnum og mér virtust koma hér að nokkru leyti fram hjá hæstv. dómsmrh., að það ástand, sem verið hefur að undanförnu í áfengismálum þjóðarinnar eða nú á tiltölulega stuttu tímabili, hafi sýnt sig að vera þannig, að við það væri ekki hlítandi. Mér er ekki kunnugt um það, að nú um alllangan tíma hafi verið gerðar neinar breytingar á gildandi áfengislöggjöf landsmanna. Engar lagabreytingar hafa verið gerðar, og það eru því sömu lög, sem gilda í þessum efnum nú og hafa gilt hér um mörg undanfarin ár.

Það ófremdarástand í áfengismálunum, sem ýmsir tala um að hafi verið hér nú seinustu mánuðina, á ekkert skylt við það, að það þurfi að breyta áfengislöggjöfinni sérstaklega. Það var, eins og kunnugt er, skyndilega gerð sú ákvörðun um það eina veitingahús hér í bænum, sem hafði um margra ára skeið haft heimild til þess að selja vín eitt allra veitingahúsa, að heimildin var skyndilega tekin af þessu veitingahúsi án nokkurrar lagabreytingar, og var það af mörgum sett í samband við það, að uppi voru harðar kröfur um það frá ýmsum öðrum veitingahúsum að fá sams konar heimild sér til handa. Afleiðing af þeirri ráðabreytni hæstv. dómsmrh. að afnema heimildina hjá þessu eina veitingahúsi, sem hafði vínsöluheimild, hefur auðvitað orðið sú, að a. m. k. það veitingahús hefur losnað mjög áberandi við vínsölu og allar þær truflanir, sem leiðir venjulega af vínveitingum á slíkum stöðum. Ég fyrir mitt leyti hef ekki orðið var við það á því veitingahúsi, að þar hafi orðið *nein sú breyting á*, að það verði að teljast óviðunandi fyrir landsmenn og allra sízt út frá því sjónarmiði, sem mjög er nú haldið á lofti af öllum, einnig þeim, sem að þessu máli standa, að það sé verið að gera hér breytingar á áfengislöggjöf landsmanna til þess að reyna að draga úr áfengisneyzlunni og draga úr áfengisbölinu. Ef *hins vegar þeir aðilar, sem nú standa að* því að leggja þetta frv. hér fram, eru óánægðir með það ástand, sem skapazt hefur nú síðustu mánuðina í áfengismálunum, þá er í rauninni miklu réttara fyrir þá að snúa sér til þeirra aðila, sem einir hafa gert breytingu á því ástandi, sem hér hafði verið ríkjandi um margra ára skeið, óska eftir því, að þeir framkvæmi þetta á hliðstæðan hátt og gert hafði verið hér fyrir nokkrum árum.

En megintilgangur minn með því að kveðja mér hljóðs nú við þessa umr. var sá, að ég vildi gera sérstaka fsp. til hæstv. dómsmrh. um það, hvað þetta meginatriði, sem hér er verið að gera breytingar á í þessu frv. *um heimild veitingahúsa* til þess að taka upp vínveitingar, segi í raun og veru, hvað það mundi þýða í framkvæmdinni. Talað er um, að veitingahús, sem eru 1. flokks, skuli falla undir þetta og fá heimild til að hafa vínsölu með höndum. Ja, hvað mundi þetta þýða miðað við það ástand, sem nú er ríkjandi, t. d. hér í höfuðborginni? Hvað eru þeir veitingastaðir hér í höfuðborginni nú í dag margir, sem mundu flokkast undir að vera kallaðir 1. flokks? Ég hef hvergi fundið neina skilgreiningu í frv. um þetta atriði, sem þó vitanlega skiptir höfuðmáli. Mundi þetta þýða, að aðeins það veitingahús, sem hér hafði vínveitingaheimild, áður en tilskipun dómsmrh. var gefin út um að svipta það þessu leyfi, — mundi þetta aðeins þýða það, að þetta veitingahús, sem óneitanlega er í nokkrum sérflokki í sambandi við veitingahús hér í landinu, fengi eitt heimild samkv. lögunum til þess að hafa vínsölu, eða mundi þetta þýða það, að flestir þeir veitingastaðir hér í bænum, þar sem matur er seldur og þar sem fjölbreyttir aðrir drykkir eru á boðstólum, eins og segir í frv., mundu einnig fá vínsöluheimild? Miðað við leikmannssjónarmið í þessu, þá get ég ekki séð ýkjamikinn mun á fjöldamörgum þeim veitingastöðum hér í bænum, sérstaklega þeim, sem eru nokkuð nýir og á margan hátt heldur þokkalega útbúnir. Ég get ekki séð mikinn mun á fjöldamörgum þessum stöðum og t. d. stærstu húsunum, næst á eftir Hótel Borg, eins og Sjálfstæðishúsinu, Hótel Skjaldbreið og öðrum slíkum hér í bænum. Ég get ekki séð mikinn mun á þeim, eða mundu þeir kannske allir verða flokkaðir undir þennan 1. flokk og þá svo að segja allir matsölustaðir í bænum fá þessa heimild? Vegna þess að þetta atriði um vínveitingaheimildina er auðvitað það, sem mestu máli skiptir í sambandi við þennan lagabálk, sem hér liggur fyrir, þótt í mörgum greinum sé, þá finnst mér ekki nema réttmætt, að einmitt hér á fyrsta stigi málsins sé óskað eftir upplýsingum um það, hvað þetta mundi þýða í framkvæmd, því að því hljóta þeir menn að hafa gert sér grein fyrir, sem þetta

mál hafa undirbúið og hafa lagt það hér fyrir þingið.

Ég á erfitt með að skilja, að þó að tekinn yrði upp sá háttur að veita heimild til þess að selja vín í flestöllum matsölustöðum hér í bænum, þá mundi hið afleita ástand, sem allir tala um að nú sé ríkjandi í áfengismálunum, stórlega batna við það. Ekki get ég búizt við því, að drykkjuskapurinn mundi minnka við það. Ekki get ég búizt við því, að það verði neitt þægilegra fyrir þá, sem kæra sig ekki um að umgangast drukkna menn eða áfengi, að koma inn á þessa staði, eftir að almenn vínsala verður komin þar í gang. Hver hefur þá aðalbreytingin orðið? Það væri óskandi, að þeir, sem telja, að þetta skipti miklu máli, geri hér fulla grein fyrir því frá sínu sjónarmiði, hvernig ættu að lýsa sér þær endurbætur í áfengismálum landsmanna, sem ættu að koma fram við þessa breytingu.

Við þessa umræðu skal ég svo ekki ræða málið frekar, en vildi mjög óska eftir því, sérstaklega af hæstv. dómsmrh., að hann gæfi hér sem gleggsta skýringu á þessu atriði, sem ég hef hér spurt um, sem sé því, miðað við það ástand, sem nú er, hvað margir staðir, t. d. hér í höfuðborginni, mundu fá vínsöluheimild samkvæmt þessu frv. eins og það lítur út nú.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Í frv., eins og það liggur fyrir, er kveðið á um, hver eigi að dæma um það, hverjir séu 1. flokks veitingastaðir, og það er ekki dómsmrn., heldur er það stjórn sambands íslenzkra veitingamanna. Síðan, áður en leyfi er heimilt að veita, á að bera það undir bæjarstjórn á þeim stað, þar sem veitingastaðurinn er, og áfengisvarnanefnd. Þetta eru þær reglur, sem um þetta gilda. Frumatriði þess, sem hv. þm. spurði um, er þess vegna ekki á valdi rn., og það liggur ekki að minni vitund nein rannsókn fyrir um það eða vitneskja, hvernig sá úrskurðaraðili, sem um þetta á að taka ákvörðun, mundi á það líta. Ég get þar af leiðandi ekki svarað þeirri spurningu.

Um það, að hægt væri að bæta úr núverandi ástandi með því að taka upp það ástand, sem var hér áður en vínveitingaleyfið var tekið af Hótel Borg, er það að segja, að sú ákvörðun var tekin vegna þess, að komið var á daginn, að ómögulegt reyndist að framfylgja lögunum samkv. þeirra bókstaf. Það verður ekki um það deilt, að þau vínveitingaleyfi, sem höfðu verið veitt í allríkum mæli, ekki aðeins eftir að ég varð dómsmrh., heldur um langt árabil áður, voru ákaflega hæpin samkv. lögunum, og eftir að komin var fram almenn gagnrýni á þau leyfi og eftir að Alþ. hafði tekið þá afstöðu í málinu, sem það tók í fyrra, þá treysti ég mér ekki til þess að bera ábyrgð á þeirri framkvæmd laganna lengur. Hitt hefði ég talið með öllu óboðlegt og ósæmilegt, ef vínveitingar ættu hvergi að vera lögleyfðar hér á landi nema á því eina veitingahúsi, sem að verulegu magni er sótt af erlendum ferðamönnum. Með því að það sé eini veitingastaðurinn, hlýtur það að draga að sér svo mikið af óæskilegum, — ja, ef til vill ekki gestum, en a. m. k. látum, ef svo má segja, að til vansa verði, — enda er það ekkert launungarmál, að fjöldi manna, sem hér hafði komið, þ. á m. erlendir ráðherrar og erindrekar, höfðu kvartað undan því og borið sig upp undan þeim aðbúnaði, sem þeir ættu við að búa á þessu hóteli, ekki af hótelsins hálfu, heldur fyrir drykkjuskap, sem þar átti sér stað, meðan sá háttur var, sem hv. þm. telur nú að mundi bæta úr þessu ástandi. En það er eðlilegt og óhjákvæmilegt, að ef það er aðeins einn staður í landinu, sem hefur slíkt leyfi, þá kemst þar á töluvert leiður blær. Þetta verður að játa eins og það er, og ég vil a. m. k. ekki taka á mig ábyrgð á því að endurreisa það fyrirkomulag. Alþingi getur gert það með því að setja um það fyrirmæli, ef það vill. Þá er það á þess ábyrgð. En ég vil ekki taka á mig og standa undir þeirri ábyrgð í þeim málum, sem var áður en sú skipun var tekin upp, sem ég ákvað um næstsíðustu áramót.

**Lúðvík Jósefsson:** Ég ætla aðeins að gera stutta aths. við ræðu hæstv. dómsmrh. Mér fannst hann gefa hér býsna athyglisverðar upplýsingar í sambandi við þá fsp., sem ég lagði hér fyrir, þar sem hann beinlínis játar, að honum sé ekki kunnugt um það, hvaða staðir og hvað margir staðir mundu fá vínsöluheimild samkv. þessu frv., miðað við það ástand, sem er ríkjandi í dag. Valdið í þessu efni á að vera hjá stjórn félags veitingamanna eða stjórn Sambands gistihúsa- og veitingahúsaeigenda. Það er stjórn þessa félagsskapar, sem á að fá heimildina til þess að ákveða um það, hvort allir þeir staðir hér í Reykjavík, sem hafa mat á boðstólum og fjölbreytta drykki aðra, fá heimild til þess að selja vín eða hvort staðirnir verða aðeins einn, tveir eða þrír. Ég vil aðeins benda þeirri hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, á þetta atriði, hversu fráleitt það er í sjálfu sér að ætla að slá slíku föstu í lögum, að heimila þessum félagssamtökum, sem ég verð nú að játa að ég þekki ekki neitt, veit því ekki neitt um, hvernig eru mönnuð og hvernig það er skipað á annan hátt, — en ég verð að játa, að hvaða félagssamtök sem þetta eru, þá þykir mér, að Alþ. afhendi þeim býsna mikið vald að heimila þeim að ákveða á hverjum tíma, hversu langt þessi vínveitingaheimild nær, — að á meðan í lögunum er engin skilgreining á því, hvað raunverulega telst 1. flokks veitingahús, engin skilgreining önnur en þessi, að það skuli vera stjórn þessara samtaka, sem ákveði það hverju sinni, þá verð ég að segja, að mikið vald er lagt í hendurnar á þessari stjórn í þessum efnum.

Það atriði í frv., sem segir, að það skuli einnig leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar, áður en vínveitingaleyfi er veitt, segir í rauninni ekki nokkurn skapaðan hlut. Það skiptir engu máli, hvort bæjarstjórnin væri einróma á móti vínveitingaleyfinu og áfengisvarnanefndin líka einróma á móti því, að vínveitingaleyfi væri veitt. Eins og ákvæðið er í frv., þá skiptir það engu máli. Þar á aðeins að fullnægja því litla formi að spyrja þessa aðila, þeir mega svara eftir vild, en það á ekkert eftir því að fara.

Ég hjó líka eftir því, að hæstv. dómsmrh. viðurkenndi, að það hefði borið á því í því eina

gistihúsi hér í bænum, sem hefði haft vinveitingaheimild hér áður, að þá hefði dregizt að því húsi ýmislegt, sem var ekki alls kostar þægilegt, eða eins og hann talaði um, svona nokkuð óæskileg læti, sem hefðu sett á það leiðindablæ og erlendir gestir hefðu jafnvel þurft að kvarta undan. Ég efast ekkert um, að þetta er rétt. En mér skilst þá, að hans ráð gegn þessu felist aðallega í því að vilja dreifa þessum óeðlilegu látum og þessum leiðindablæ bara á nógu marga staði í bænum og láta þannig bera kannske heldur minna á þeim. Ég er ósköp hræddur um það, að sá sami leiðindablær, sem þar var ríkjandi að vissu leyti, færist einnig yfir á fleiri staði, hann minnki jafnvel ekkert á þessum eina stað frá því, sem áður var, en staðirnir verði bara allir komnir með þennan leiðindablæ á eftir og að erlendir gestir og reyndar innlendir líka gætu þá kvartað undan því, að það væri ekki aðeins á þessum eina stað, sem þeir rækju sig á þetta, heldur kannske á öllum hinum stöðunum líka. Það væri sem sagt hvergi hægt undan þessu að komast, ef þessi skipan yrði tekin upp, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil vænta þess, að hv. n., sem tekur málið til athugunar, kynni sér einmitt þetta meginatriði frv. mjög ýtarlega og að hún verði við þeirri ósk minni að gefa um það ýtarlegar upplýsingar hér við meðferð málsins í þinginu, hvað margir staðir hér í bænum mundu flokkast, eins og nú er háttað, undir veitingastaði í 1. flokki og við hvað mörkin yrðu yfirleitt sett í þeim efnum, svo að maður geti gert sér nokkra grein fyrir því, hvort við því má búast, að samþykkt frv. í líku formi og það er nú mundi þýða það, að margir tugir staða hér í bænum fengju vínsöluheimild eða ekki.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur mjög misskilið bæði það, sem ég sagði, og frv. Það stendur þar alls ekki og hefur ekki verið ætlun neins manns, að þetta veitingamannafélag ætti að veita leyfin. Það er einungis sett til þess að kveða á um, hvort eitt af skilyrðunum fyrir leyfisveitingu sé fyrir hendi, og það er sjálfsagt byggt á því, að þessi aðili er valinn, að honum er treyst til hlutlauss dóms um flokkun veitingahúsanna, og það er ekkert annað, sem þessi aðili á að segja til um. Ef menn geta fundið betri aðferð til ákvörðunar því, í hvaða flokk setja eigi veitingahús, þá hef ég síður en svo á móti því. Ég tel það eðlilegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir þessu með ýmsu móti. Það kom t. d. fram í hv. Ed. till. um, að það væru heilbrigðisnefndir, sem ættu að kveða á um þetta, en ekki þetta samband. Það varð nú ofan á að halda ákvæði frv. um það, en það getur vel verið, að einhver enn annar aðili eða þessir aðilar í sameiningu ásamt ef til vill einhverjum fleirum geti þarna komið allt eins til mála. En vitanlega hefur engum dottið í hug að fela þessum aðila úrskurðarvaldið að lokum um það, hverjum ætti að veita leyfin. Þarna er einungis um að ræða takmörkun á valdi dómsmrn. Dómsmrn. getur ekki veitt þeim leyfi samkv. frv., sem þetta samband telur að reki 2. flokks veitingahús. Og það er ómögulegt að neita því, að sú ákvörðun er veruleg skerðing á valdi rn. Ég tel eðlilegt, að einmitt slík skerðing eigi sér stað, til þess að það séu minni líkur en ella fyrir því, að það verði alveg af handahófi, hvaða staðir fá þetta, og það er enginn vafi á því, að þetta fyrirmæli leiðir til þess, að miklu færri staðir geta fengið leyfið en ella. Þess vegna fer ekki hjá því, að ummæli hv. þm. varðandi þetta hvíldu á algerum misskilningi um eðli ákvæðisins. Hitt er rétt, sem hann sagði, að rn. er ekki bundið við umsögn bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar. Það mætti vel hugsa sér t. d. að binda rn. í þessu við samþykki bæjarstjórnar. Ég mundi ekkert hafa á móti því, ef það væri sett inn. Ég hef enga löngun til þess, að dómsmrn. fái í þessu nein óeðlileg áhrif eða mikil áhrif. Það eina, sem ég hef löngun til og vil eindregið vinna að, er, að á meðan hér er veitt vín í landinu, og það er ekki um það að ræða af neinna hálfu að bera á þessu stigi fram tillögur um bann, — það er mál fyrir sig, sem ég skal ekkert ræða um hér, — en á meðan vín er veitt í landinu, þá séu þær reglur settar af hálfu löggjafans um það efni, sem einhver möguleiki sé til fyrir lögregluna í landinu að framfylgja. Það verður að vera einhver möguleiki til þess að framfylgja reglunum. Ég tel, að það megi ákaflega deila um það, hvernig þær reglur eigi að vera, og eðlilegt, að sitt sýnist hverjum. Við vitum það, að þetta er mikið deilumál, og koma þar mörg sjónarmið til álita. En því fer hins vegar fjarri, að það tjái að setja um þetta slík fyrirmæli sem geta ef til vill litið vel út á pappír, en allur almenningur virðir gersamlega að vettugi.

Hv. þm. taldi, að það væri lítil bót að því að dreifa veitingunum á fleiri staði, þannig að minna bæri á þeim leiðindum, sem væru í sambandi við vínveitingar. Hann játaði þó, að þessi dreifing yrði til þess, að minna bæri á leiðindunum. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (PO: Ég sagði: Þau margfaldast með tölu þeirra staða, sem þeir verða fleiri en áður.) Hvað hefur hv. þm. sótt dansleiki hér undanfarið, og hvaða fregnir hefur hann af þeim, bæði hér í bænum og á Akranesi? Eftir að hann er búinn að kynna sér nokkuð hátterni manna á þeim samkomum, væri hann hæfari til þess að tala um það en nú, og met ég þó þennan þm. allra manna mest. En það er bezt, að menn tali um það, sem þeir hafa nokkra þekkingu á.

Við sjáum af þeim orðaskiptum, sem hér eru, að það eru mjög ólíkar skoðanir í þessum efnum og þetta eru veruleg vandamál, sem hér eru okkur á höndum, og ég tel langeðlilegast, að frv. verði vísað til nefndar, eftir að umræður hér hafa komið fram, og menn brjóti þá heilann um það, hverjar aðrar takmarkanir og reglur þeir vilja setja, ef þeim lízt ekki á þær reglur, sem að mjög vel athuguðu máli voru settar um þetta í þessari gr. frv.

**Pétur Ottesen:** Ég finn ekki ástæðu til á þessu stigi máls að hefja hér langar umræður. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvaða afgreiðslu þetta mál fær í allshn., sem því verður að sjálfsögðu vísað til, hvaða till. telst nauðsynlegt að bera hér fram til umbóta á frv., og er þess vegna rétt

að láta þau atriði bíða, þangað til séð verður, hvaða breytingum þetta frv. tekur.

Það eru, eins og kunnugt er, uppi hér í landi tvær stefnur um það, hvernig eigi að snúast við þeirri geysilegu vínnautnarsýki, sem íslenzka þjóðin er haldin af. Sumir álíta, að bezta ráðið til þess að sporna á móti þessum ófögnuði sé að gefa allt frjálst, láta vínið vera á boðstólum sem allra víðast, bæði í verzlunum, veitingahúsum og annars staðar. Og þeir, sem lengst ganga og hafa mesta og sterkasta trú á þessu úrræði, álíta, að það eigi ekki einasta að hafa sem flestar vínbúðir, heldur beri að halda vínbúðunum opnum allan sólarhringinn. Annars vegar er svo sú stefna, sem bindindisfélögin eða góðtemplarareglan hefur starfað að hér og annars staðar um heim frá öndverðu eða frá því að sá félagsskapur var myndaður, og hún er sú að gera ráðstafanir til þess að hafa nokkrar takmarkanir á þessari hóflausu löngun margra manna og ástríðu til þess að ná í áfengi, með þeim afleiðingum, sem alkunnugt er og ekki þarf að lýsa hér á Alþ.

Þetta eru nú þær tvær aðalstefnur, sem uppi eru. Og frjálsræðið í þessu efni er nú orðið það mikið í þessu landi, að ég las til dæmis að taka núna nýlega grein í blaði, þar sem mjög var ráðizt á alla viðleitni góðtemplarareglunnar til þess að halda aftur af þessum ófagnaði og þær tilraunir, sem þar eru viðhafðar og hafa verið viðhafðar í sögu þess félagsskapar, til að hafa þau áhrif á fólkið, að úr þessu drægi, að þetta væri ef til vill einhver háskasamlegasta starfsemin, sem viðhöfð væri í þessu landi. Þótt hér sé um hjáróma rödd að ræða, sem litinn hljómgrunn hefur, þá sést hér, við hvað er að stríða. Svona stendur nú þetta mál.

Nú sé ég það, bæði á þessu frv. eins og það er borið hér fram, þegar það er borið saman við eldri löggjöf um þetta efni, og þá ekki síður á þeim breytingum, sem urðu á þessu frv. í meðferð Ed., að frjálsræðisstefnan hefur borið hér hærri hlut. Nú er t. d. sett inn í þetta frv., sem ekki var þó í frv. ríkisstj., ákvæði um það að auka um helming alkóhólmagn í því öli, sem bruggað er í landinu. Og þar er gengið alllangt í áttina til þeirra manna, sem hafa barizt hér fyrir þeirri hugsjón og berjast máske enn, að hér sé farið að brugga öl með meira alkóhólinnihaldi. Það er mjög rækilega tekið í höndina á þeim mönnum með þeirri samþykkt, sem gerð var í Ed. um þetta atriði. En það er auðséð, að ríkisstj. eða hæstv. dómsmrh., sem stendur að flutningi þessa frv., taldi ekki hyggilegt að bjóða Alþingi upp á sterka ölið, því að það hafði hann gert í því frv., sem flutt var hér á síðasta Alþingi og fékk þau afdrif sem kunnugt er, að málið var fellt á fyrsta stigi þess í Ed. Hæstv. dómsmrh., sá skynsami og athuguli maður, dregur réttar ályktanir af þessu og kippir þessu ákvæði í burt, er hann flytur málið að nýju. Nú hef ég ekki til hlítar fylgzt með gangi þessa máls í Ed., en ég veit, að hæstv. dómsmrh. hlýtur að hafa tekið nokkuð sterka afstöðu á móti þessu, þar sem það gengur í öfuga átt við það, sem hans tilgangur var með flutningi frv. að þessu sinni.

En það er fleira í þessu frv., eins og það kemur nú frá Ed. og raunar eins og það var flutt af ríkisstj., sem gengur í þessa frjálsræðisátt. Það er alkunnugt, að í þeirri löggjöf, sem nú gildir um þetta efni, var aðeins veitt heimild til þess að veita vínveitingaleyfi einu gistihúsi í landinu. Að öðru leyti var öll meðferð áfengis í gistihúsum í landinu bönnuð með lögum. Þegar átök urðu um afgreiðslu þessa máls í Ed. í fyrra, tók hæstv. dómsmrh. þá lofsverðu röggsemi á sig að fella niður eða réttara sagt að nota ekki þá heimild, sem var í lögunum um það að veita þessu eina gistihúsi vínveitingaleyfi, og þar með var víninu í leyfilegri sölu og meðferð byggt út af öllum gistihússtöðum í þessu landi. Nú er í þessu frv. aftur á móti, eins og það var flutt af ríkisstj. og eins og það liggur nú fyrir, mjög gengið í frjálsræðisáttina frá því, sem er í núgildandi löggjöf, því að þar er dómsmrh. heimilað að veita leyfi til, að vínveitingar fari fram á öllum gistihúsum í kaupstöðum þessa lands, þar sem uppfyllt eru ákvæði a- og b-liða 12. gr. frv., sem eru þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.“

Þar sem þetta er nú aðalstarfsemi allra gistihúsa, þá mun nú vera vandfundið það gistihús, sem ekki uppfyllir þessi skilyrði. Samkvæmt þessu ákvæði getur það vitanlega náð til allra gistihúsa, sem bera það nafn með rentu. (Gripið fram í.) Veitingahúsa, já, alveg rétt, skilyrðin eru ekki strangari en það, að nóg er, að látin sé í té einhver veitingaaðstaða.

Svo er það b-liðurinn: „Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gisti- og veitingahúsaeigenda 1. flokks.“

Ég geri nú ráð fyrir því, að það muni ekki verða mjög miklum erfiðleikum háð að fá slíka yfirlýsingu frá félagsskap þessara gistihúsaeigenda, því að það væri harla einkennilegur félagsskapur, ef hann liti ekki svo á, að hlynna bæri að hagsmunum gistihúsaeigenda með því, að þeir gætu notið hagsmuna af vínsölunni, enda mundi rögun á hæfni húsanna niður á við einnig að öðru leyti vera þeim lítt til hags. Hún mundi ekki einasta gera þessum veitingahúsum erfiðleika eða skaða þau með því, að þau mættu ekki hafa vínsölu, heldur mundi hún gersamlega eyðileggja alla starfsemi þeirra að öðru leyti. Þetta leiðir af sjálfu sér. Þess vegna er það alveg augljóst mál, að þetta ákvæði frv. er gersamlega þýðingarlaust og einskis virði til þess að leggja nokkrar takmarkanir á vínveitingaleyfi hæstv. dómsmrh., hver sem hann er á hverjum tíma. Þess vegna er það, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan um, að þetta ákvæði mundi takmarka vald ráðherrans í þessu efni, alveg fjarri lagi. Ef leitað er umsagnar þessara aðila, þá er ekki annars að vænta af þeim en að þeir líti svo á, að hver krá og knæpa uppfylli þetta skilyrði, og þess vegna stæðu allar leiðir opnar upp á gátt að því að láta þau hafa vínveitingar.

Um leið og ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég fer að ræða hér einstök atriði frv., sem ekki á nú yfirleitt að vera við 1. umr., þá lít ég svo á, að hér sé um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að ég gat ekki hjá því komizt að benda á haldleysi þessa takmörkunarákvæðis, þegar til þess ætti að taka.

Eins og hér hefur komið fram í umr., þá á aðeins að leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar, og það er auðvitað allt undir dómsmálaráðherranum komið, hvað mikið hann vill leggja upp úr þessum ummælum, en það leggur engar hömlur eða takmarkar ekkert vald hans til þess að veita slíkt leyfi.

Þá er dómsmrh. enn fremur heimilað að veita slík leyfi einnig utan kaupstaðanna, en það er að vísu svo ráð fyrir gert, að þetta skuli því aðeins gert, ef telja megi, að veitingahúsrekstur inn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn. Nú er það svo um gistihúsa- eða veitingahúsarekstur hér, að þetta fer alveg saman; þar sem erlendir ferðamenn njóta slíkrar fyrirgreiðslu, þá njóta einnig landsmenn slíks hins sama. Enginn getur byggt hér gistihúsarekstur á útlendingum einum. Ég held, að það séu ekki til enn sem komið er a. m. k. neinir veitingastaðir hér, sem hægt er að byggja upp á útlendum ferðamönnum eingöngu, heldur er þar aðeins um að ræða þjónustu, sem jafnt fellur í skaut innlendra og erlendra ferðamanna. Þarna er því líka opnað nokkuð, að mér sýnist, upp á gátt um vínveitingaleyfi til slíkra veitingahúsa utan kaupstaðanna, og frá sjónarmiði þeirra manna, sem líta svo á, að frjálsræðið eigi að vera sem allra mest í þessum efnum, er það vitanlega ekkert annað en áherzluatriði að segja: Ja, hví þá að vera að gera upp á milli manna í þessum efnum? Hví þá að vera að láta einn fá það, sem öðrum er bannað? — Þarna er verið að taka góð og gild rök þeirra manna, sem berjast fyrir því, að frjálsræðið í þessum efnum sé algert og allra meina bót. — Ég segi nú fyrir mig, að ég tel það ekki einasta varasamt, heldur háskalegt fyrir Alþ. að sleppa jafnvíðtæku valdi í svo viðkvæmu máli eins og áfengismálið er hér í hendur dómsmrh. Ég tel það mjög viðsjárvert að fela ráðherra slíkt vald. Réttara er að kveða af eða á um þetta í lögunum sjálfum. Vissulega getur hlaupið snurða á þráðinn milli ráðherra og Alþingis út af beitingu slíks valds, hvort sem um er að ræða þingræðisstjórn, sem styddist ekki við neinn meiri hluta á Alþ., eða stjórn, sem skipuð er af þjóðhöfðingja landsins, svo sem dæmi eru til að gert hefur verið. Ég tel nú í sjálfu sér heldur ólíklegt, að slíkt geti oft að höndum borið, en allar er varinn góður í þessu efni. Og svo er ekki heldur rétt eða hyggilegt að vera að fela einum ráðherra svo mikið og óskorað vald í viðkvæmu máli. Aldrei er hægt að vita, hver áhrif það getur haft á allt okkar stjórnmálalíf í landinu, því að það er nú svo, að ef slíkt kemur upp, þá getur það einnig haft sín áhrif á fleiri sviðum. Þess vegna er það áreiðanlegt, að hér skal á að ósi stemma og allur er varinn góður.

Ég vil þess vegna mjög mælast til þess við allshn., sem fær nú þetta mál til meðferðar, að hún taki þetta til rækilegrar athugunar og ótal fleiri varhugaverð ákvæði í þessu frv.

Ég vil ekki á þessu stigi vera að fara langt inn á þetta mál, en það er fjöldamargt annað, sem ég tel stórvarhugavert í þessu frv., bæði eins og það kom frá ríkisstj. og þá ekki síður eftir þá meðferð, sem þetta mál fékk í Ed. Það er t. d. að taka, að í þessa sömu 12. gr. var sett inn í Ed. ákvæði, sem fellir niður þá tillögu ríkisstj., að bannað sé að taka á móti þjórfé á veitingastöðum. Það hefur verið ráðningamáti hjá ýmsum veitingahúsum hér í Reykjavík og máske annars staðar, — ég þekki það nú ekki svo vel, — að þjónarnir fái laun sín greidd með því að taka aukagjald af veitingahúsgestunum, og það leiðir af sjálfu sér, að þjónarnir hljóta að leggja sig mjög fram um það, að viðskipti hótelgestanna geti orðið sem allra mest, og hápunktur þeirrar viðleitni hlýtur að koma fram í þeim viðskiptum, þar sem um er að ræða vínsölu, af því að þar er verðið svo hátt og eftir mestu að slægjast fyrir þjónana alveg eins og eiganda veitingastaðarins. Með þessu fyrirkomulagi er ekkert til sparað að geta komið sem mestu víni ofan í gestina. Þetta var tekið út, — þetta ákvæði, sem mér er sagt að sé nú í löggjöf Norðurlandaþjóða og hafi reynzt hvarvetna vel, þar sem viðleitni er viðhöfð til þess að reyna að sporna á móti ofdrykkjunni. Þetta athæfi Ed. markar því glöggt stefnuna: engar hömlur, en því eina teflt fram, sem örvar og hvetur. — Ég sé, að það er einn hv. þm., sem kinkar hér kolli framan í mig til samþykkis því, — það eru frjálsræðismennirnir í þessu efni, sem kippa vilja í burtu öllum hömlum og öllu því, sem gæti leitt að einhverri takmörkun á hinni taumlausu vínnautn, það er þeirra stefna, markmiðið, sem að er keppt, og það er lofsvert í sjálfu sér að viðurkenna hana, því að það er miklu hægara að berjast við andstæðinginn, sem kemur fram í réttu ljósi, heldur en hinn, sem kemur fram meira og minna dulbúinn. Þetta er sú eina viðurkenning, sem frjálsræðismennirnir í þessu efni geta fengið hjá mér í sambandi við þetta mál.

Ég skal svo ekki fara hér út í fleiri atriði að þessu sinni, en ég vænti þess, að við megum bera það traust til allshn., að hún taki þetta frv. allt til mjög rækilegrar athugunar og að þess megi vænta, að frv. taki miklum umbótum, og breytt verði um stefnu í meðförum n., svo að þar skipti um svip frá því, sem var upprunalega, að ég ekki tali um það svipmót, sem á frv. var sett í meðförum Ed.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það virðist svo sem það hafi vakað fyrir hæstv. dómsmrh., þegar hann lagði þetta frv. fyrir Alþ. nú í haust, að það væri ætlunin að móta frv. nokkuð í anda 1. gr. þess, sem sé að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess, þar sem hann þó frá því í fyrra hafði látið breyta því á þann veg, að ekki væri veitt heimild til bruggunar áfengs öls í landinu. Svo er líka að sjá, að hv. Ed., þ. e. a. s. sú n., sem um málið fjallaði þar, hafi talið fara betur á því, að frv. yrði sjálft ekki í æpandi mótsögn við 1. gr. þess, og það fer óneitanlega betur á því yfirleitt, að 1. gr. frv. marki meginstefnu þess. Það er meira að segja lagt svo mikið upp úr því, að jafnaðarlegast er frv. talið fallið, ef þd. fellir 1. gr. Það er sem sé alveg reiknað með því, að frv. allt eigi að vera í samræmi við efni 1. gr. Nú hvarflaði það einmitt að þd., sem fjallaði um málið í Ed., að það væri nokkurt ósamræmi milli 1. gr. og frv. alls að öðru leyti, því að svo virtist yfir-

leitt sem frv., að frá tekinni 1. gr., stuðlaði að óhóflegri meðferð víns heldur en áður hefði verið í landinu og ynni jafnvel að því að auðvelda misnotkun áfengis. Ég held, að hv. allshn. Ed. hafi verið algerlega á réttri leið, þegar hún fann, að það var eiginlega nauðsynlegt, til þess að samræmi væri í hlutunum, að fella 1. gr. niður.

Hv. þd. taldi þó ekki ástæðu til þess að gæta þessa samræmis og ákvað að samþykkja gr. lítið eitt breytta á þann veg, að það skyldi vera tilgangur frv. að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og að útrýma því böli, sem henni væri samfara, en það er alveg áreiðanlegt, að þó að þessi orðalagsbreyting hafi verið gerð á 1. gr., þá er jafnæpandi ósamræmi milli hennar og frv. að öðru leyti. Það er víst og satt, að ef hv. Nd. ber ekki gæfu til þess að breyta frv. aftur í verulegum atriðum, þá fer langbezt á því, að 1. gr. verði þó felld niður, því að það er óviðkunnanleg hræsnisblæja, sem lögð er yfir málið allt, og er til stórra bóta að svipta henni þó í burtu.

Strax þegar 1. gr. sleppti og kom að því að afgreiða næstu gr. frv., 2. gr., þá varð það ofan á hjá Ed. að breyta skilgreiningunni á hugtakinu „áfengur drykkur". Það, sem miðað var við í frv., var gutl, sem ekki gat heitið áfengi og súrnaði við geymslu. — Það var nú helzt hætta á, að þessir menn geymdu áfengi. — Nei, það var bara gutl, sem ekki þoldi geymslu, og þeir, sem væru þannig gerðir, að þeir færu að geyma svona vökva, en helltu honum ekki í sig strax, þyrftu að hafa þann möguleika opinn, að varan skemmdist ekki. 2½% olli vöruskemmdum og tjóni, og varð ekki við það unað, og það varð að hækka áfengisprósentuna í öli, sem væri framleitt hér á landi, þannig að það héti ekki áfengur drykkur, þó að það væri allt upp í 4.4% að vinandainnihaldi. Þá súrnar það ekki, þó að það sé geymt. Nú mun það vera þannig, að 2¼% ákvæðið í gildandi áfengislöggjöf á Íslandi mun vera í samræmi við alþjóðaskilgreiningu á því, hvað skuli teljast áfengur vökvi, og það er þess vegna ekki talið viðunandi hér að hlíta alþjóðlegri skilgreiningu á því, hvað skuli heita áfengi, og þarf nálega að tvöfalda það samanborið við það, sem gildir hjá öðrum þjóðum. Þetta hefur hv. Ed. fallizt á og telur vafalaust vera ákvæði til þess að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu. Hver sá, sem drekkur ölflösku með 4.4% áfengisinnihaldi í staðinn fyrir 2¼% áður, er að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu samkvæmt skilningi brennivínsberserkjanna í hv. Ed., en ekki að skilningi annarra.

Ég held nú, að það sé alveg óhætt fyrir Ísland og Íslendinga að halda sér við alþjóðlega skilgreiningu á því, hvað sé áfengi, og láta það vera í samræmi við löggjöf annarra þjóða, og held, að það verði nú að treysta á það, að hv. Nd. sjái enga ástæðu til að fallast á þá nauðsyn, að við verðum að hafa aðra skilgreiningu á því, hvað sé áfengur drykkur, heldur en aðrar þjóðir. Svo mikil nauðsyn getur varla verið á því, að hægt sé að drekka sig fullan í öli.

Það var mjög eðlilegt, að hv. 11. landsk. þm. spyrði hæstv. dómsmrh. að því, hvað margir veitingastaðir það mundu verða, t. d. hérna í Reykjavík, sem fengju það hlutverk að draga úr misnotkun áfengis í landinu með því að taka upp veitingar áfengis, en hæstv. dómsmrh. hafði ekki einu sinni gert sér grein fyrir því. Hann sagði, að þetta kæmi allt undir því, hvað bæjarstjórnirnar og áfengisvarnanefndirnar úti um landið gerðu, en þær eiga samkvæmt 12. gr. að segja sitt álit á því, hvaða veitingastaðir í viðkomandi bæjarfélagi fullnægi skilyrðum l. til þess að geta fengið áfengisleyfi, en þó að bæði bæjarstjórn og áfengisvarnanefnd segi: Nei, við viljum ekki mæla með neinu veitingahúsi í okkar bæjarfélagi til þess að fá slíkt leyfi — þá gæti dómsmrh. eftir orðalagi 12. gr. samt sem áður veitt það. Hann gæti vel verið þannig sinnaður, að hann teldi það nauðsynlegt fyrir viðkomandi bæjarfélag að hafa einn eða fleiri staði, þar sem hægt væri að fá keypt áfengi. Það er ekkert furðulegra fyrirbrigði í mannlegum hugsunarhætti heldur en þegar hv. efrideildarþm. telja nauðsynlegt, að það sé a. m. k. 4.4% áfengisinnihald í ölinu, sem þeir drekka. Þetta fer alveg eftir afstöðu manna til þessara mála. Það er sem sé mögulegt, þó að bæði áfengisvarnanefnd og bæjarstjórn séu sammála um að neita um að mæla með nokkru vínveitingahúsi, að dómsmrh. gæti samt veitt leyfið, og það skildist mér hæstv. ráðh. játa áðan. Það var lagt mikið upp úr því, að það mætti því aðeins veita veitingahúsi slíkt leyfi, að það hefði á boðstólum mat auk fjölbreyttra óáfengra drykkja. Allar sjoppurnar í Reykjavík, á hverju götuhorni hérna, hafa fjölbreytta óáfenga drykki, þær selja Coco-cola fyrir framleiðendur þess, og þær selja ölið frá Agli Skallagrímssyni, sem súrnar enn þá, og þær selja ávaxtasafa alls konar, þær fullnægja skilyrðinu að því leyti. Þá segja menn: Þær hafa ekki matsölu almennt. — Þær geta hæglega sett upp matsölu fyrir 2—4—6 kostgangara og sagt: Við fullnægjum skilyrðinu. — Við getum þannig fengið áfengisveitingastaði á hverju götuhorni, í öllum sjoppum, hvar sem er í Reykjavík, og það mætti vera harðsviraður dómsmrh. og andvígur því að veita veitingaleyfi, ef þessir staðir fullnægðu skilyrðunum bæði um matsölu og fjölbreytta sölu óáfengra drykkja. Ágætlega stigið sporið til þess að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu!

En þá kemur að því, að það sé þó enn þá einn slagbrandur fyrir, sem loki möguleikunum til þess, að hvert veitingahús geti fengið leyfi. Það er þetta: að samband veitinga- og gistihúsaeigendanna sjálfra á að kveða upp dóm um það, að veitingahúsin séu fyrsta flokks. Stjórn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda kveður upp dóm, og við skulum segja, að nú velti á þessu, hvort vínveitingaleyfið fáist eða ekki. Á hverjum slíkum stað eru allir veitingahúsaeigendurnir sjálfsagt í þeim stéttarfélagsskap, — ég geri ráð fyrir, að þeir séu svo stéttvísir, — og þeir kjósa sína stjórn, og svo tæki sú stjórn upp á því að úrskurða meiri eða minni hluta af félagsmönnunum í 2. flokk: Þú ert ekki 1. flokks, góði minn, þú færð ekki meðmæli til þess að mega selja áfenga drykki. — Það er nú rétt eins og var skotið að mér áðan af einum þm. hér í gamni og alvöru: Nú, stjórnin yrði auðvitað felld á næsta aðalfundi og séð um, að önnur skárri væri kosin, sem færi ekki að dæma sína

meðbræður í 2. flokk. — Ekki nóg með það. Eins og hv. þm. Borgf. vék hér að áðan, þá er það alveg víst mál, að þegar búið væri að dæma eitt veitingahús í 2. flokk, mundi draga úr möguleikunum til almennrar aðsóknar. Viðkomandi veitingahús hlyti að fara í skaðabótamál, teldi þetta atvinnuróg gegn sér, og það mundi rigna þarna skaðabótamálunum og atvinnurógsmálunum á þessa vesælu stjórn veitinga- og gistihúsaeigenda. Ég hygg, að það yrðu fáar stjórnirnar, sem vildu eiga yfir höfði sér að taka á sig slíka ábyrgð. Það er alveg greinilegt, að stjórnin yrði að viðurkenna öll veitingahús; klósettlausu gistihúsin og veitingahúsin, sem hafa ekki neina sómasamlega afgreiðslu til þess að geta heitið veitingahús, yrðu öll dæmd 1. flokks af réttbærum aðilum samkvæmt l. til þess, og viðkomandi stjórn ætti einskis annars kost. Og þegar búið er að fá þetta veitingaleyfi, þá verður það ekki tekið af viðkomandi aðila í bráð; það veitingaleyfi gildir til fjögurra ára. Það er sjálfsagt hugsað um, að það sé eitt kjörtímabil, vegna einhvers drykkfellds þingmanns eða einhvers svoleiðis; það er eitthvað slíkt haft í huga. Það er kjörtímabilið, sem leyfið á að gilda fyrir. (**Forseti:** Ég sé mér ekki fært annað en að beina þeim tilmælum til hv. þm. að gæta hófs í ummælum um þingbræður sína.) Ég vil vona, að ég hafi ekki sært hæstv. forseta.

Núverandi ástand í áfengismálum er óviðunandi, segir hæstv. dómsmrh., og það er vafalaust rétt. En ástandið í áfengismálum á Íslandi hefur lengstum verið óviðunandi, af því að ekki hefur tekizt að skapa það almenningsálit í landinu, að menn yrðu að gjalda mjög varhuga við ofneyzlu áfengis, og það hefur ekkert verið gert ofan frá til þess að skapa í þjóðfélaginu slíkt almenningsálit. En mér finnst engar líkur benda til þess, að þetta ástand hafi allt í einu orðið óviðunandi við það, að það eina veitingahús, sem áður hafði leyfi til að selja áfengi, var svipt því leyfi. Það hefur varla getað haft slík áhrif á þjóðlífið, að við þá einu ráðstöfun hæstv. núverandi dómsmrh. hafi þetta núverandi óþolandi ástand skapazt. A. m. k. tel ég víst, að fyrir hæstv. dómsmrh. hafi ekki vakað að skapa neitt óviðunandi ástand í landinu með þeirri aðgerð, heldur hafi hann gert sér vonir um, að hann væri með því að bæta ástandið. En nú kann honum að hafa skjátlazt í þessu, en þá væri, til þess að koma því í það viðunandi ástand, sem það var í áður en þetta núverandi óþolandi ástand skapaðist, hægurinn hjá að veita Hótel Borg aftur leyfið, og þá er ekki vandasamt að ráða bót á þessu. En nú er ég sannfærður um það, að það hefur frá öndverðu vakað fyrir — ja, allfjölmennum hópi manna hér á landi — að fá sams konar aðstöðu og Hótel Borg hafði, og það er líka meginbreytingin í núverandi frv., samanborið við gildandi áfengislöggjöf, að það er ekki aðeins Hótel Borg, heldur nálega hvert einasta veitingahús í landinu, sem sennilega getur fengið veitingaleyfi, ef þetta frv. verður að lögum í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, og þá gera menn sér víst vonir um, að viðunandi ástand skapist í áfengismálum.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri þörf á einhverjum betri reglum en þeim, sem nú giltu, um sölu og meðferð áfengis, og það er alveg rétt. En ég bara sé hvergi örla á þeim betri reglum í þessu frv. — á þeim reglum, sem séu líklegar til þess að geta stuðlað að hóflegri notkun áfengis eða unnið gegn misnotkun áfengis eða gert lögregluliði landsins fært að halda hér uppi góðri reglu gagnvart ölkærum mönnum, — vonandi má nefna ölkæra menn, þó að ekki megi nefna drykkfellda þm. Hvort tveggja er þó vissulega til.

Ég held, að það verði að koma einhverjum slíkum reglum inn í þetta frv. — einhverjum betri reglum en nú gilda, og þá er spurningin, hvort þær reglur eiga að fara í þá átt að gera sölu og framleiðslu áfengra drykkja sem almennasta og auðveldasta eða hvort það eigi að reisa sem rammastar skorður við framleiðslu og sölu og dreifingu áfengis í landinu. Og um þetta togast menn á. Það sjónarmið virðist hafa orðið ofan á í hv. Ed., að það væri um að gera til þess að koma þolanlegu ástandi á í þessum málum að gefa þetta sem allra frjálsast, hafa reglurnar sem rýmstar, veita fullkomið frelsi. Ég hlustaði á það í Ed., að því var haldið þar fram, að það yrði ekki gott ástandið í þessum málum, fyrr en vín væri selt í hverri búð, þar sem selt væri kaffi og te, og einnig í öllum veitingastöðum, og það yrði líka að fást bæði á nóttu og degi. Þess vegna yrði a. m. k. önnur vínbúðin í Reykjavík að vera opin allan sólarhringinn. Þetta voru hugmyndir þess hv. þm. um það, hvað þyrfti til þess, að yrði hér reglulega gott ástand í áfengismálum. En svo voru aftur aðrir og eru meðal þjóðarinnar aðrir, sem halda, að sem mestar hömlur séu þó einna líklegastar til þess að mæta þessum leiða veikleika Íslendinga til ofneyzlu áfengis, það sé, að það fáist sem óviðast og að sá daglegi drykkur manna, ölið, sé ekki áfengur drykkur. Ég trúi því naumast, að þeir menn, sem halda þessari óheftu frjálsræðiskenningu fram, séu sannfærðir um það sjálfir, að hún sé rétt. Ég held, að þeir mæli þetta alveg hiklaust gegn betri vitund. Þeir hafa fyrir sér reynslu undanfarinna ára og áratuga. Þetta eru engin börn. Þeir vita, að því var haldið fram, áður en Spánarvínin voru lögleyfð hér á landi, þessi léttu, suðrænu vín, að þau mundu draga stórlega úr drykkju brenndra, sterkra drykkja, og þá yrði miklu minna um siðlaust fyllirí á Íslandi. Reynslan síðan — hvað segir hún? Hún segir það, að sterku drykkjunum varð ekki útrýmt með þessu. Drykkja þeirra jókst, og léttu vínin bættust við.

Það átti að veita læknum sérstakar heimildir til útgáfu vínresepta. Það átti að verða til þess að draga úr áfengi. Það varð til þess að spilla ástandinu.

Allar rýmkanir hafa aukið drykkju hér á landi, og það væri löngu búið að brjóta niður öll bindindissamtök í landinu, ef menn ekki undir niðri viðurkenndu það, að þau hefðu unnið nytsamt menningarstarf, sem þjóðin stæði þó, þrátt fyrir allt, í þakkarskuld við þessi samtök fyrir. Það væri búið að ryðja þessum samtökum burt, segi ég, ef menn væru sannfærðir um, að þær hömlur, sem þau leggja á menn, það starf, sem þau inna af hendi til þess að aftra mönnum frá

vinneyzlu, væri til þess að espa menn til vindrykkju og yki vindrykkjuna í landinu.

Mér þætti það a. m. k. nýstárleg kenning frá hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) eða öðrum samkeppnismönnum, ef þeir héldu því allt í einu fram, að það væri um að gera að setja sem allra mestar hömlur á alla verzlun og öll viðskipti, því að það bara örvaði verzlunina. Þá þyrftu þeir ekki að kveinka sér undan hömlum og höftum að minnsta kosti. En þeir hjóta að vera trúaðir á það, ef þeir allt í einu að því er snertir verzlun með áfengi eru sannfærðir um, að það auki sölu þeirrar vöru. — Nei, ég held, að kaupsýslumennirnir hafi alveg rétt fyrir sér um það, að hömlur og höft í viðskiptum dragi úr viðskiptaveltunni, og alveg nákvæmlega sama lögmáli lýtur auðvitað verzlun með áfenga drykki. Hömlurnar draga úr og hefta, þeir verða færri, sem verða sér úti um vöruna. En ef hún er í alfaraleið þeirra, fyrir augum þeirra, hvar sem þeir ganga og hvar sem þeir fara, og hennar er alls staðar völ, þá verða kaupin miklu meiri og almennari á þessari vöru.

Ef kaupmenn héldu því fram, að það væri bezta ráðið til þess að auka söluna, að það væri sem mestum örðugleikum bundið fyrir kaupandann að ná í hana, þá væru þeir ekki að seilast eftir verzlunarplássi hérna við Austurstræti í Reykjavík. Þá leituðu þeir nú heldur upp í Skólavörðuholtið og helzt upp í Mosfellssveit eða upp í afdali til þess að auka söluna, til þess að auka erfiðleikana á að fá vöruna og espa fólk til að kaupa. — Þetta liggur svo fjarri allri heilbrigðri hugsun, að menn sjá, að þetta er endemis fjarstæða og ekki boðlegt, þegar er verið að ræða um slíkt alvörumál eins og þetta. Hömlurnar eru eina vörnin til þess að draga úr almennum kaupum á eftirsóttri vöru. Erfiðleikarnir fækka stórkostlega þeim, sem kaupa vöruna, og hér er um að gera fyrir þá, sem vilja vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og stuðla að hóflegri meðferð áfengis, að setja hömlurnar sem mestar á, til þess að þeir, sem annaðhvort eru alveg forfallnir í vín, eða þeir, sem vilja á sig leggja allt mögulegt erfiði og fjárútlát til þess að ná í vín, hvað sem það kostar, verði einir til þess. En eðlilegast væri og æskilegast að mínu áliti, að þeir væru einnig sviptir möguleikunum til þess að ná í það. Það yrði þeim til engrar bölvunar, og það yrði ekki gert með öðru en að lögleiða algert bann í landinu.

Ég skal svo láta máli mínu lokið og láta að síðustu aðeins í ljós þá ósk og von, að þessari hv. þd. takist að breyta frv. í verulegum atriðum í það horf, að 1. gr. sé ekki eins og öfugmælavísa, að frv. allt stuðli heldur að því, ef það yrði að l., að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma eða a. m. k. draga úr því böli, sem misnotkun áfengis fylgir ávallt.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Það eru örfá atriði í þessu frv., sem ég tel rétt að vekja athygli á, áður en það fer til n., til þess að viðkomandi þn. geri sér grein fyrir því, að með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir væri stefnt í nokkurn vanda, sem þó liggur ekki alveg í augum uppi við það eitt að líta yfir frv.

Ég skal þá fyrst benda á það, að leyfilegt verður að hafa á boðstólum í öllum verzlunum, þ. e. a. s. ef frv. yrði samþ. eins og það nú liggur fyrir, öl, sem hefði að innihaldi allt að 4.4% áfengi. Nú er enginn í vafa um það, að neyzla öls með það miklu alkóhólinnihaldi getur hæglega gert menn fulla, eins og kallað er. Ég vil vekja athygli á því, að slíkt öl mundi ekki heita áfengi, og væri þar af leiðandi heimilt að selja það börnum og hverjum sem vera skyldi. Það er allmikið um það, að börn kaupi einmitt öl eða gosdrykki, og þau gætu allt eins tekið upp á því að kaupa hinn sterka bjór, sem væri á boðstólum fyrir þau í verzlunum, og það er vissulega vandi, sem verður að taka með í reikninginn. Ef þetta heitir ekki áfengi, þá verða ekki heldur hömlur á sölu þess sérstaklega, og ég vil eindregið skora á þá þn., sem fær málið til athugunar, að gefa þessari hlið málsins fullan gaum.

Þá skal ég einnig geta þess, að við samþykkt frumvarpsins mundu skapast nokkrir örðugleikar t. d. í sambandi við þau störf, sem menn mega ekki vera ölvaðir við, eins og t. d. akstur bifreiða og annað þess háttar. Það er vel hugsanlegt, að einn bifreiðarstjóri drekki það öl, sem ekki heitir áfengi samkv. skilgreiningu Alþingis, drekki sig ölvaðan af því og sé þar af leiðandi ekki starfi sínu vaxinn, fremji meiri eða minni afglöp í starfi, valdi slysum eða einhverju þess háttar. Hvað á að segja um slíka hluti? Maðurinn hefur ekki drukkið áfengi; hann er sem sé ekki fullur af áfengi, og þess vegna verður hann tæplega dreginn fyrir lög og dóm sem sekur um að hafa framkvæmt það, sem bannað er í lögum, að aka bifreið undir áhrifum áfengis, — hann er þá einna frekast undir áhrifum Alþingis, en hvort það væri saknæmt, það er nýtt vandamál.

Að öðru leyti skal ég ekki orðlengja um þetta frv. Ég vil taka undir þá skoðun, sem komið hefur hér fram hjá allmörgum hv. þm., að með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir, er næstum óhjákvæmilegt, að áfengissala yrði í flestum veitingahúsum þessa bæjar og þessa lands, þar sem það eru gistihúsaeigendurnir sjálfir, sem eiga að verulegu leyti að hafa úrslitaorð um það, hvort hús þeirra séu til þess hæf að fá veitingaleyfi eða ekki. Það dettur auðvitað engum í hug, að veitingastaðirnir hér í Reykjavík og víðar á landinu séu 1. flokks raunverulega, en þar sem matið er nú svo sérkennilegt eftir þessu frv., að það eru eigendurnir sjálfir, sem eiga að dæma um það og flokka veitingahús sín, þá dylst engum, að þeir mundu láta það sjónarmiðið fyrst og fremst ráða, hvað væri arðvænlegast í þeim efnum, og flokka undir 1. flokk veitingahús, sem samkvæmt almennum hugtökum ættu þar ekki heima.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:3 atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 423, n. 489, 496, 502, 515, 516, 519).

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Ég vil gjarnan vekja athygli á, áður en ég byrja á umr.

um þetta mál, að nál. á þskj. 489 hefur verið prentað upp, vegna þess að í 7. liðnum var prentvilla, að laun skyldi taka samkvæmt 4. flokki launal., en átti að vera 6. flokki, en sú málsgr., sem nú er neðst á fyrstu síðu nál., hafði fallið niður af vangá.

Eins og öllum hv. þm. er ljóst, er frv. þetta, sem hér liggur fyrir til áfengisl., eingöngu um meðferð áfengis. Hér er því ekki verið að taka ákvörðun um það, hvort áfengi skuli selt í landinu. Áfengi er selt í landinu og verður selt í landinu a. m. k. fyrst um sinn. Málið, sem hér er til umr., er því það og einungis það, hvernig reglur skuli settar um meðferð áfengis, svo að þjóðin bíði sem minnst tjón af að hafa það um hönd. En um þetta eru skiptar skoðanir.

Sumir halda því fram, að til þess að forðast misnotkun áfengis sé bezta ráðið, að það sé öllum frjálst, hvar sem er og hvenær sem er, og engar hömlur séu á meðferð þess. Aðrir halda því aftur á móti fram, að bezta ráðið sé að hafa sem þrengstar skorður um neyzlu þess og meðferð og frjálsræðið til þess að afla þess og hafa það um hönd sé sem minnst.

Milli þessara tveggja leiða, sem ganga lengst til hægri og yzt til vinstri, er svo þriðja leiðin, sem margir vilja fara, sem þó líta alvarlegum augum á þetta vandamál. Og leiðin er sú, að viðurkennd sé sú staðreynd, að áfengissala er nú leyfð til allra fullveðja manna í landinu, og að þær reglur um meðferð áfengis séu settar, sem hægt er að framfylgja með skynsamlegu móti og skynsamlegar mega kallast í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur um meðferð áfengis hér á landi og annars staðar. Þessi leið hindrar þó ekki, að meðferð áfengis séu þau takmörk sett, sem mest draga úr neyzlu þess, ef líklegt er eða reynslan hefur sýnt, að slíkar reglur séu framkvæmanlegar og að þær séu yfirleitt virtar af almenningi. En þær reglur, sem yfirleitt eru ekki virtar af almenningi, er gagnslaust að setja. Um þessa leið deila menn líka eins og allar leiðir í þessu máli, og ástæðan er sú, að hér er um að ræða eitthvert hið mesta félagslega vandamál þjóðarinnar, sem grípur inn í daglegt líf manna í öllum stéttum, á öllum aldri.

Ég get vel skilið afstöðu þeirra manna, sem vilja ekki neina samninga, þegar vinið er annars vegar, og fordæma að öllu leyti neyzlu þess og meðferð. Afleiðingar ofdrykkjunnar gera marga menn að öfgamönnum í þessu máli, sem annars eru hófsamir í skoðunum sínum. Fjöldamargir þessara manna leggja fram mikið og einlægt starf til þess að hjálpa þeim, sem áfengið hefur knésett. Þess vegna er það ómaklegt og óviðeigandi að bregða þessu fólki um óheilindi, yfirdrepsskap og eiginhagsmuni í því sambandi. Til þess hefur það sízt unnið.

En þótt menn hafi mjög mismunandi skoðanir á meðferð áfengis, þá eru allir á einu máli um það, að hverri þjóð beri að sporna af fremsta megni gegn óhóflegri meðferð áfengis og hindra með því það þjóðfélagsböl, sem af ofnautninni leiðir.

Ég hygg, að Íslendingar séu ekki verr farnir en ýmsar þjóðir vegna ofneyzlu áfengis. En það hlýtur að vera áhyggjuefni hverjum manni, sem kominn er til vits og ára, að sjá, hvað drykkjuskapur ungmenna færist hröðum fetum í vöxt hér á landi. Mér er ekki grunlaust um, að ein meginástæðan sé sú aldarandi, að mörgu ungu fólki þyki enginn sá maður með mönnum, sem ekki getur smakkað áfengi, og enn fremur það, að unglingurinn finnur, að vinið er gott meðal við minnimáttarkennd hans.

En gegn þessu meini duga engin ákvæði í lögum um meðferð áfengis. Gegn þessu dugir aðeins eitt, sterkt almenningsálit í landinu, sem fyrirlítur og fordæmir alla misnotkun áfengis hjá ungum og gömlum. En slíkt almenningsálit verður ekki vakið nema með sterkri, þjóðlegri hreyfingu, sem allir þjóðræknir menn taka þátt í, sem allir forustumenn landsins taka þátt í og allar stéttir styðja án tillits til þess, hvort menn eru bindindismenn eða ekki. Ef slík þjóðleg hreyfing yrði að veruleika, þá þyrfti ekki að leggja fram reglur um meðferð áfengis eins og þær, sem hér liggja nú fyrir á þskj. 402.

Ég skal þá koma lítillega inn á þær brtt., sem n. hefur lagt hér fram.

1. brtt. er við 2. gr. frv. Í frv., eins og það var lagt fyrir þingið, var ákveðið, að hver sá vökvi, sem innihéldi meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, skyldi teljast áfengi samkv. lögunum. Þessu var breytt í Ed. á þann hátt, að ekkert skyldi kallast áfengi samkv. l., sem í væri 3½% eða minna af vínanda að þunga, en það mun svara til um 4¼% af vínanda að rúmmáli. Með þessari breytingu, ef að l. yrði, er almennt talið að hægt væri að brugga áfengt öl í landinu. Með þessari breytingu getur almenningur haft um hönd áfengi, sem l. ákveða að skuli ekki kallast áfengi. N. er þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða öfugmæli, sem ekki eigi heima í góðri lagasetningu. Lögfræðin er talin rökvísust allra fræðigreina, enda er rökvísi og rétt hugsun aðalsmerki hverrar góðrar lagasetningar. Ef væri farið inn á þá braut að ákveða með l., að samsetning efnis eða eiginleiki einhvers hlutar væri öðruvísi en hann er í raun og veru, þá má alveg eins ákveða með l., að svart skuli vera hvítt, en þá væri heldur ekki lengur rökrétt hugsun uppistaða og lögmál lagasetningar. Ég vil enn fremur benda á, að sé sú breyting látin standa, sem sett var inn í Ed., þá hlýtur ákvæðið að stangast við 24. gr. frv., þar sem ákveðin er refsing, ef menn eru ölvaðir við tilgreind störf. Því verður ekki neitað, að menn geta orðið ölvaðir af öli, sem inniheldur 4¼% af vínanda að rúmmáli, en samkv. l. eru þeir menn, sem eru ölvaðir af slíku öli, ekki „undir áhrifum áfengis“, vegna þess að l. ákveða, að ölið sé ekki áfengi. Sumir munu ef til vill kalla þetta hártogun, en þetta sprettur þá líka af því, að 2. gr. byggist ekki á rökréttri hugsun. N. leggur því til, að 2. gr. sé breytt í það horf, sem hún var, þegar l. voru lögð fram. Ef það hins vegar vakir fyrir mönnum að öðlast heimild til þess að brugga áfengt öl í landinu, þá telur n. ekki rétt að gera það á þann hátt, sem Ed. hefur gert og ég hef nú lýst. Ef deildin er því fylgjandi að brugga áfengt öl, þá á hún að sýna vilja sinn í því efni á ógrímuklæddan hátt og setja ákvæði um það inn í 7. gr. frv. Með brtt. við 2. gr. hefur nefndin hvorki

tekið afstöðu með eða á móti bruggun áfengs öls, og hefur hver nefndarmaður algerlega óbundnar hendur, hvernig hann notar atkv. sitt í því efni, og fer þar að sjálfsögðu hver eftir sinni sannfæringu.

2. brtt., sem nefndin ber fram, er ekki stórvægileg. Þar er bætt inn, að brugga megi öl til útflutnings, og virðist vera eðlilegt, að slík heimild sé til, úr því að heimild er gefin til þess að brugga áfengt öl fyrir varnarlið það, sem nú dvelur í landinu. Ekki virðist heldur eðlilegt, eins og nú er tekið fram í frv., að greiða skuli af þessu öli sömu tolla og skatta og af öli því, sem selt er hér innanlands, vegna þess að þá væri ölið óseljanlegt bæði á erlendum markaði og eins hjá setuliðinu. En þess ber líka að gæta, að það er þegar til heimild í lögum um að undanþiggja þessa framleiðslu slíkum tollum, einmitt af þeim ástæðum, að það verður ekki samkeppnishæft í verði með öðru móti.

3. brtt. nefndarinnar er við 9. gr. frv. Síðasti málsl., sem lagt er til að falli niður, hljóðar svo: „Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.“ Till. þessi er byggð eingöngu á því, að nefndin telur þetta hreint framkvæmdaratriði um verðlagningu á vínum, sem eigi ekki að vera í lögunum. En till. ber alls ekki að skilja á þann veg, eins og ég hef orðið var við að komið hefur fram, að nefndin vilji með þessu gefa í skyn, að hún sé með því, að veitingamönnum sé gefinn afsláttur frá því verði, sem vínin eru nú seld til almennings. Fer mjög fjarri, að slíkt hafi vakað fyrir n., þegar hún gerði þessa till., og eins og ég sagði, þá telur hún, að hér sé um hreint framkvæmdaratriði að ræða og eigi ekki að standa í lögunum frekar en önnur verðlagning á vínum. En ef deildin telur betur fara, að ákvæðið standi, þá hygg ég, að nefndin telji sér ekki að neinu leyti misboðið í þessu efni.

4. brtt. er við 12. gr. frv. Á henni eru gerðar ýmsar breytingar, og skal ég telja upp þær helztu:

1) Að lagt er til, að sérstök nefnd verði skipuð, sem ákveði, hvaða veitingastaðir geti talizt 1. flokks, en slík ákvörðun sé ekki sett í hendur veitingamannanna sjálfra.

2) Að stytta megi leyfistímann án skaðabóta fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

3) Að tekin verði upp aftur í frv. heimild til, að dans megi ekki fara fram þar, sem vín er veitt.

4) Að fellt er niður ákvæði um sérstakan eftirlitsmann á hverjum veitingastað, en það falið löggæzlunni.

Um þessi einstöku atriði er það að segja, að um fyrsta atriðið, nefnd þá, sem skipuð er til þess að athuga, hvaða veitingastaðir skuli teljast 1. flokks, þá fannst n. ekki rétt, að þetta vald væri sett í hendur veitingamannanna sjálfra og þeir hefðu sjálfir dómsvald um það, hverjir af þeirra veitingastöðum væru 1. flokks. Þess vegna hefur nefndin stungið upp á því, að það sé þriggja manna nefnd, sem fer með þetta mál, og skipuð eins og segir í till.

Um það, að fella megi niður vínveitingaleyfi, ef ráðherra telur, að ástæður mæli með slíku, fannst n. að rétt væri, að þetta væri tekið fram í lögum, til þess að koma í veg fyrir, að ríkissjóður yrði skaðabótaskyldur í því efni, ef slíkt kæmi fyrir, og tekur það þá um leið af allan vafa í því efni. En slíkt gæti valdið málaferlum undir vissum kringumstæðum.

Þriðja brtt. er um það að taka aftur inn í frv. heimild til að banna vínveitingar, þar sem dansað er. N. viðurkennir, að deila má um atriði eins og þetta. Henni fannst þó rétt að taka það inn í lögin sem heimild. Þetta er ekki annað en heimild, sem viðkomandi ráðherra verður að fara með eins og honum þykir bezt viðeigandi á hverjum tíma.

Fjórða atriðið er um eftirlitsmenn. Það ákvæði var sett inn í frv. í Ed., að eftirlitsmenn skyldu vera með hverjum þeim veitingastað, sem vínveitingaleyfi hefði, og skyldu vínveitingastaðirnir greiða allan kostnað og kaup þessara manna. N. þykir ekki ástæða til að skipa sérstaka menn til eftirlits með vínveitingum á hverjum stað, en finnst, að löggæzlumenn geti haft eftirlit með þessum veitingastöðum eins og öðrum. Auk þess tel ég fyrir mitt leyti, að reynslan sé ekki svo góð, sem fékkst af slíkum eftirlitsmönnum, þegar þeir voru hafðir við veitingastaði hér fyrir nokkrum árum. Þá kom það eigi allsjaldan fyrir, að eftirlitsmennirnir voru meira ölvaðir en gestirnir, sem þeir áttu að gæta að. Þetta er að vísu ekkert aðalatriði og getur verið álitamál. Ég hygg, að n. út af fyrir sig sé ekki neitt sérstakt kappsmál, hvað við þetta atriði verður gert.

Þá er 5. brtt., við 13. gr. Því er bætt inn í frv., að ekki megi senda áfengi gegn póstkröfu. Þetta ákvæði var tekið út úr frv. í Ed. Ástæðan til þess, að n. þykir full ástæða til þess að láta þetta koma inn í frv., er sú, að nú er áfengi sent út um allt land með póstkröfu og ekki sízt á þá staði, þar sem héraðsbönn hafa verið samþykkt. Þar kaupa menn áfengi og láta senda sér í bögglum með einni og tveimur og þremur flöskum í hverjum. Þetta láta þeir liggja á pósthúsunum eftir hentugleikum sínum og leysa það eftir því, sem þeir þurfa á að halda. Með þessu fyrirkomulagi er verið að gera hverja póststöð á landinu að útsölustað fyrir áfengisverzlun ríkisins. Menn geta látið áfengið liggja þarna eins og þeim sýnist og tekið það út eftir hentugleikum, en hafa alltaf nógar birgðir fyrirliggjandi. Hins vegar hindrar þetta ekki, að menn geti fengið áfengið í pósti, enda hefur það ekki heldur vakað fyrir n., en hún álítur, að menn eigi að borga áfengið fyrir fram, ef þeir vilja fá það sent í pósti. Og eins og þetta er nú með þessar póstkröfusendingar áfengisverzlunarinnar á ýmsum stöðum, þá er til háðungar, hvernig það er framkvæmt.

6. brtt. n. er við 20. gr. Í þessari brtt. er nokkuð hert á ákvæðum um vínveitingar til félaga, m. a. með það, að leyfið skuli veitt stjórnum félaganna, þegar um sé að ræða árshátíð félaganna, og enn fremur, að nokkur viðurlög skuli vera við því, ef félögin fá áfengisleyfi undir fölsku yfirskini. En það virðast hafa verið talsverð brögð að slíku hér á undanförnum árum.

7. og 8. brtt. n. eru um, að upp verði teknar í frv. aftur greinar um áfengisvarnaráðunaut og áfengisvarnaráð, sem felldar voru niður úr frv. í Ed. N. álítur, að ekki sé rétt að fella þessi ákvæði úr frv. Úr því að ákveðið er, að áfengisvarnanefndir skuli vera í öllum hreppum á landinu, þá er eðlilegt og sjálfsagt, að einhver aðili sé til, sem samræmt getur störf allra þessara nefnda, leiðbeint þeim og haft eftirlit með störfum þeirra. Annars er starfið allt í molum, eins og reynslan hefur sýnt. Norðmenn skipuðu áfengisvarnanefnd hjá sér með lögum 1936, og virðist það hafa gefið góða raun.

Að lokum skal ég geta þess, að nokkur ágreiningur var í n. um tvö atriði, um þjórfé af vínveitingum og fjárframlög úr ríkissjóði til bindindisstarfsemi, eins og upphaflega var í frv. N. flytur samt engar till. í þessu efni, og hefur hver nm. óbundnar hendur að greiða atkvæði eins og honum sýnist.

**Pétur Ottesen:** Ég hef borið fram nokkrar brtt. við þetta frv., svo sem fleiri hafa gert og ekki er heldur neitt tiltökumál, svo sem mál þetta er vaxið. Ég verð að láta í ljós nokkur vonbrigði um, hve skammt allshn. hefur gengið í till. sínum, þótt þar sé að nokkru um bætt.

Ég gerði nokkra grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, að það væru á baugi tvær stefnur í þessu máli hér á Alþ., sem toguðust á. Það væri stefna þeirra manna, sem vilja hafa vínsölu og vínveitingar, helzt án allra takmarka, bæði að því er snertir útsölur í vínbúðum og að því er snertir sölu þessara vína á veitinga- og gistihúsum, og þeir, sem að þessari stefnu standa, hafa sumir hverjir gengið svo langt, að þeir telja, að þessum málum mundi verða bezt borgið með því, að áfengisútsölur ríkisins væru jafnvel opnar allan sólarhringinn, m. ö. o., að þar væru engar hömlur á lagðar. En hins vegar hefur stefna þeirra, sem lengst ganga í þessu efni, ekki enn fengið undirtektir á Alþingi. Fylgjendur hennar hafa kinokað sér við að tengja nafn sitt við hana. Hvað einstakir þdm. kunni að ala í brjósti sér í þessu efni, veit ég hins vegar ekki um, þó að alkunnugt sé, að frjálsræðið í þessum efnum eigi allrík ítök hér á Alþingi. Hins vegar eru svo þeir menn, sem líta á vínið sem hættulegan hlut og vínnautnina sem þjóðfélagsógæfu, og reynslan hefur á öllum tímum sýnt og á því hefur ekki orðið breyting til batnaðar, að nokkur hluti þjóðarinnar fer þannig með vínið, að mikil þjóðfélagsógæfa stafar af, því að það er alkunnugt, að margir einstaklingar í þessu þjóðfélagi, sem fæddir eru í þennan heim vel af guði gefnir og hafa allt upplag til þess að verða nýtir og góðir þjóðfélagsborgarar, hafa með vínnautninni tapað starfsorku sinni og manngildi og orðið þyrnótt byrði þjóðfélagsins. Það er alkunnugt, að af þessum sökum hafa mörg heimili lagzt í rúst, fyrir það, að þessi ógæfa hefur komið þar upp innan dyra.

Stefna þeirra manna, sem vilja koma við takmörkunum í þessu efni, hefur um langt skeið, nú upp undir aldarskeið hér hjá oss, verið borin uppi af þeim mönnum, sem beitt hafa sér fyrir góðtemplarastarfsemi í landinu. Og þessi starfsemi hefur notið margvíslegrar viðurkenningar, enda hefur hér verið af mörkum lagt mikið og fórnfúst starf. — Fyrir bein og óbein áhrif frá þessari starfsemi hefur mörgum verið bjargað frá þeirri eyðileggingu og vesaldómi, sem búin er hverjum manni, sem gefur sig vínnautninni á vald og hrekst viljalaus og ósjálfbjarga eins og strá fyrir straumi af þeim sökum. Þá hefur þessi starfsemi einnig notið um langt skeið viðurkenningar Alþingis, bæði með því, að veitt hefur verið nokkurt fé til starfsemi hennar, auk þess sem Alþ. hefur oft borið gæfu til þess að hagnýta sér ráð og tillögur þeirra manna innan reglunnar, sem borið hafa uppi og beitt sér fyrir þessari starfsemi í landinu. Og svo ríkulega gætti áhrifa bindindismannanna og góðtemplarareglunnar um eitt skeið, að Alþingi tók upp og samþykkti aðflutningsbann áfengra drykkja. Með þessu var stigið stærsta sporið gegn áfengisnautninni. En á því banni voru, eins og kunnugt er, þeir miklu annmarkar þegar í upphafi, sem drógu mjög úr gildi þess og raunar urðu þess valdandi, að erfitt reyndist að halda banninu uppi á viðhlítandi hátt. Til viðbótar þessu kom svo viðskiptastríð, þegar Spánverjar sögðu okkur stríð á hendur og neituðu að kaupa aðalútflutningsvöru landsmanna, saltfiskinn, ef eigi væru keypt vín af þeim, en þeir voru um það bil langstærstir kaupendur að þessari aðalútflutningsvöru landsmanna. Þetta varð svo til þess með öðru, að aðflutningsbanninu var komið fyrir kattarnef, enda létu frjálshyggjumennirnir í þessu efni ekki heldur sitt eftir liggja til þess að ganga í lið með Spánverjum og ráða niðurlögum bannsins. — Eftir að aðflutningsbannið var úr sögunni, þá er engan veginn því að neita, að Alþ. hefur á ýmsan hátt með setningu löggjafar um þetta efni tekið nokkurt tillit til þeirra ráða og tillagna, sem bindindismenn í landinu hafa borið fram, þó að mjög skorti á, að ráðum þeirra hafi verið fylgt. Og þó að mjög skorti á, að þessar ráðstafanir ýmsar hafi gefið þá raun á undanförnum árum, er bindindismenn keppa að, þá er þó engum blöðum um það að fletta, að ef þessum takmörkunum ýmsum hefði þó ekki verið beitt, þá hefði ástandið í þessum efnum verið enn þá og miklu verra en það ástand, sem við nú búum við, þótt það sé hvergi nærri gott. Það kunna að vera menn, sem neita þessu, sem þó óneitanlega dálítið bólar á nú upp á síðkastið, en ég býst við, að samt sem áður geri þetta enginn í fullri alvöru, þó að annað verði stundum ofan á í tillögum manna og umræðum um þetta mál. Þess vegna er það, að nú, þegar gengið er að því verki að afgreiða áfengislög, vildi ég mjög beita mér fyrir því að koma hér á framfæri röddum, óskum og tillögum þeirra manna, sem einir hafa af alhug beitt sér fyrir því í landinu að hamla upp á móti ofdrykkju og þeim þjóðhættulegu afleiðingum, sem oss eru búnar af þeim sökum.

Við þetta eða á grundvelli þessa hef ég borið hér fram þær brtt. við þetta frv., sem miða að því að draga úr áfengisnautninni og þá alveg sérstaklega miða að því, að þar verði ekki lagðar gildrur fyrir æskuna, hið unga og uppvaxandi fólk. Það eru tvö meginatriði í mínum tillögum.

Annað atriðið er það, að bannað sé að hafa vín á boðstólum í veitinga- og gistihúsum, auk þess sem tekið verði fyrir það að veita leyfi til þess að hafa vín um hönd í veizlum, sem haldnar eru í félagsherbergjum, því að það er vitað, að á veitingahúsum safnast saman oft og löngum mikill fjöldi manns, og margt af því er auðvitað og e. t. v. meginhlutinn ungt fólk. Það er ríkt í eðli unga fólksins að lyfta sér upp og skemmta sér, og er slíkt vitanlega ekki nema eðlilegt og heilbrigt. En það er vitað, að í slíkum samkvæmum, þar sem margt ungt fólk er saman komið *og vínveitingar eru leyfðar og vininu ört fram* otað, eins og gengur, þá er ungu fólki, sem þangað sækir og þótt það hafi ekki verið haldið af neinni vínnautnartilhneigingu, mikil hætta búin, þar sem það dansar þar og skemmtir sér á annan hátt innan um annan hóp af ungu fólki, sem gefið hefur sig á vald vínnautninni. Þetta fólk lætur ekki sitt eftir liggja til að lokka og leiða hina til að taka glas með sér og auka þann veg á gleðskapinn. Margir standast þetta, en hinir eru máske fleiri, sem falla hér fyrir freistingunni, ekki í þetta eina sinn, heldur oftar, og missa þannig fótfestuna. Það er því hverjum manni auðsæ sú hætta, sem ungu fólki er búin í slíkum samkvæmum. Þarf ég ekki að fjölyrða frekar um það. Æskan er oft reikul í ráði, enda margt ungt fólk, sem slíkar skemmtanir sækir, engan veginn búið að taka svo þær ákvarðanir um lífsframtíð sína eða er svo sterkt á svellinu, að því ekki sé hætt við að falla í vald þeirra freistinga, sem fyrir því verða undir slíkum kringumstæðum. Það er einmitt út frá þessu sjónarmiði, að vínveitingar á veitingahúsum séu nokkurs konar drykkjuskóli fyrir ungt fólk, með þeim hætti séu lagðar hættulegar snörur á vegi þessa óráðna fólks, — það er út frá því sjónarmiði, sem *ég* kem hér á framfæri till. minum um það, að tekið sé fyrir þessa hættu með því að veita ekki slík leyfi og að fyrir það sé girt með löggjöfinni, að vín sé haft á boðstólum á veitinga- og gistihúsum.

Sama máli gegnir líka að sjálfsögðu um veizlur, þar sem vinið flóir í félagsherbergjum. Þar er *vitanlega sama hættan á vegi hins unga manns* og raunar manna á hvaða aldri sem er, þó að eðlilegt sé, að æskan eigi þar meira á hættu en þeir, sem lengri lífsreynslu hafa.

Þessum breytingum hef ég komið hér á framfæri með því að leggja til, að felld verði niður 12. gr. frv., en hún hljóðar um vínveitingaleyfi á gisti- og veitingahúsum. Í sambandi við þessa meginbreytingu eru svo margar aðrar till., því að þetta grípur með ýmsum hætti inn í aðrar gr. frv., og hef ég gengið svo frá öðrum till., sem að þessu lúta, að ef þessi till. mín verður samþ. um að fella niður 12. gr., þá kemur það ekki í bága við önnur ákvæði frv., því að út úr er tekið með öðrum brtt., sem ég legg til, allt það, sem er í sambandi við ákvæði 12. gr. um vínveitingaleyfi á gisti- og veitingastöðum.

Fyrsta brtt. hjá mér er við 4. gr., en hún kemur raunar á undan þeim breytingum, sem ég nú var að lýsa. Í 4. gr. er svo ákveðið, að þegar skip koma frá útlöndum og hafa skipsforða af vínum til nota á skipunum utan landhelgi, sem leyfilegt er, þá megi skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum, en aldrei megi gefa öðrum sé selja af þeim forða. Ég vil takmarka þetta eingöngu við það, að þetta sé leyfilegt í fyrstu höfn, sem skipið kemur á, en ekki sé leyft að sigla með slíkan forða óinnsiglaðan hafna á milli, máske í kringum allt land, af því að af slíku er vitanlega búin misnotkun í þessu efni. Ég hef því lagt til, að þetta undanþáguákvæði, sem hér um ræðir, taki aðeins til fyrstu afgreiðsluhafnar, sem skipið kemur á.

*Annar kafli brtt. minna er um það, að stofna* skuli áfengisvarnasjóð og sé hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu, bindindisútbreiðslu og að í þennan sjóð renni árlega 4% af hagnaði áfengisverzlunar ríkisins. Þessum sjóði á svo að verja, eins og sagt er, til að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir og bindindisfræðslu. Úr þessum sjóði legg ég til að renni til Stórstúku Íslands, til bindindis- og hjálparstarfsemi, 500 þús. kr. árlega og til bindindisfélaga í skólum 50 þús. kr. á ári í sama skyni. Þetta er að vísu nokkru hærri upphæð en Stórstúka Íslands hefur fengið að undanförnu í fjárl., og munar það nú ekki neitt geysilega miklu. Hitt er vitað, að það hefur háð bindindisstarfseminni ákaflega mikið, hvað hún hefur haft yfir að ráða litlu fé til starfseminnar, sem er mjög margþætt, eins og kunnugt er, og vildi ég úr því bæta með því að auka nokkuð þetta fjárframlag, og er þá ekkert eðlilegra en einmitt það, að af þessum mikla áfengisgróða, sem borgarar landsins leggja ríkinu til, verði varið nokkurri upphæð, og það mun verulegri upphæð en verið hefur að undanförnu, til þess að hamla á móti þeim háska, sem af vínnautninni stafar. Verður ekki á annan hátt betur fyrir því séð en að efla starfsemi góðtemplarareglunnar. Þetta finnst mér að hljóti að verða sú ríkjandi skoðun í framtíðinni. Meðan ekki telst fært að gera þær ráðstafanir að taka hættuna í burtu með því að gera vinið útlægt úr landinu, þá skilst mér, að það hljóti að verða ríkjandi skoðun meðal Íslendinga, að eðlilegt sé *og sjálfsagt* að styrkja þann félagsskap, sem af sjálfsdáðum býðst til að leggja fram krafta sína í þessu efni, að honum verði veittur með þessum hætti nokkur aukinn fjárstuðningur til starfsemi sinnar.

Þá legg ég enn fremur til, að á næstu 10 árum skuli leggja til hliðar 6% af hreinum ágóða áfengisverzlunar ríkisins, er sé varið þannig, að helmingur þeirrar upphæðar gangi til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrmrh., að varið verði ⅙ hluta upphæðarinnar til húsbyggingar fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum góðtemplarareglunnar, og þar af helming til byggingar í Reykjavík; afganginum af þessari upphæð skuli vera varið til lána til byggingar félagsheimila og gistihúsa, og að menntmrh. veiti lánin að fengnum till. áfengisvarnaráðs, að lán þessi séu vaxtalaus og að menntmrh. ákveði lánstímann.

Það hefur nú um nokkurra ára skeið verið

lögð til hliðar nokkur upphæð af áfengisgróðanum í því skyni að koma upp fyrir það drykkjumannahælum og lækningastöðvum fyrir drykkjusjúkt fólk. Það hefur nú verið um nokkurt bil safnað í þennan sjóð, og er nú þegar kominn nokkur skriður á það mál að fara að hefjast handa um að koma upp drykkjumannahælum og slíkum lækningastöðvum. Það fjármagn, sem fyrir hendi er í þessu efni, er að vísu nokkurt, en þó engan veginn fullnægjandi til þess að gera þessum málum skil, miðað við þá miklu þörf, sem fyrir hendi er hjá okkur Íslendingum nú í þessu efni. Það er alkunnugt, hvernig ástandið er í þessu t. d. hér í Reykjavík, — en þar er það náttúrlega stærst í sniðum eins og annað, — að hér gengur um göturnar nokkuð stór hópur manna, sem eru svo hart leiknir af áfengisneyzlunni, að þeir hafa glatað starfskröftum sínum, bæði andlegum hæfileikum til starfa og líkamlegum kröftum til þess að inna af höndum slík vinnubrögð. Þessi hópur manna, sem gengur hér um göturnar og þannig er ástatt fyrir, — þetta eru að meiri hluta karlmenn, þó mun vera þar eitthvað af kvenfólki, — á flest, að mér er sagt, hvergi höfði sínu að að halla, og nýtur flest gistingar í lögreglustöðinni hér, í þeim kjallara, sem hún hefur þar yfir að ráða í því skyni að fjarlægja vandræðafólk af götum bæjarins, en hefur ekki að öðru leyti neinn samastað. Það leiðir af sjálfu sér, að í landi, sem telur sig vera menningarland og má á margan hátt gera það, er slíkt fyrirkomulag gersamlega óviðunandi. Hér verður að verða breyting á. Þessu fólki verður að búa verustað, sem hæfir því sjúklega ástandi, sem það er komið í, og fjarlægja það frá sjónum vinnandi fólks. Þessi starfsemi, sem hér er fyrir hendi, er sem sé tvíþætt. Hún er í öðru lagi í því fólgin að koma upp hælum fyrir það fólk, sem eyðilagt hefur lífsframtíð sína með þessum hætti, og hins vegar fyrir það af þessu fólki, sem enn hefur ekki glatað öllum sínum hæfileikum, að taka það þangað til lækningar og aðgerða, sem gætu orðið þess valdandi, að þetta fólk fengi aftur heilsu og heilbrigði og gæti komið aftur inn í raðir starfandi manna í þjóðfélaginu. Eins og það er eðlilegt um bindindisstarfsemina eða þá menn, sem helga því starfi krafta sína, að hafa áhrif á hugi fólksins til bindindis og sjálfsafneitunar að því er vínnautnina snertir, eins og það er sjálfsagt og eðlilegt að verja nokkru af áfengisgróðanum til þess að styrkja aðstöðu þessara sjálfboðaliða í þjóðfélaginu, eins er að sjálfsögðu skylt að veita fé til þess, að búið verði betur að því fólki, sem borið hefur lægri hlut í þessum viðskiptum. Ég held þess vegna, að það séu fullkomin rök fyrir því um þann litla hluta áfengisgróðans, eða 10% samanlagt, sem ég geri hér till. um að varið sé í þessu efni, að þær till. hljóti góðar undirtektir og að menn geti orðið hér á Alþ. sammála um það, að rétt sé að ráðstafa eigi minni hluta hans í þessu skyni en ég hef hér lagt til.

Ég hef enn fremur, eins og fyrr greinir, lagt til, að þessum 6% yrði varið til húsbygginga til bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum góðtemplarareglunnar og þar af helmingi til bygginga í Reykjavík. Það er vitanlega einn mjög mikilsverður þáttur í starfsemi góðtemplarareglunnar að eiga samkomuhús, hús fyrir starfsemi sína bæði úti á landsbyggðinni og hér í Reykjavík, en þar er aðalmiðstöð góðtemplarastarfseminnar fyrir landið allt. En það hefur gengið erfiðlega fyrir góðtemplarastarfseminni að koma sér upp slíkri aðstöðu, byggja slík hús úti um byggðir landsins og hér í Reykjavík. Eins og kunnugt er, kostar það mikið fé að reisa slíkar byggingar, og öllum þeim húsum og starfsskilyrðum, sem reglan og bindindismenn hafa skapað sér úti um landið, hafa þau komið sér upp fyrir fé, sem lagt er fram af áhuga og fórnfýsi þessara sömu manna, án þess að þar hafi komið nokkur styrkur til frá því opinbera, því að sá fjárstyrkur, sem fallið hefur í skaut góðtemplarareglunnar, hefur ávallt verið svo naumt við neglur skorinn, að það hefur ekki einu sinni hrokkið til daglegrar starfsemi reglunnar, hvað þá heldur að hægt væri að verja nokkru af því í þessu skyni. Alþ. hefur viðurkennt þörfina á því að koma upp samkomuhúsum, félagsheimilum, víðs vegar úti um landið, og það er ekki að efa, að allir þeir menn, sem meta og vilja og skilja starfsemi góðtemplarareglunnar, geti einnig á það fallizt, að Alþ. láti þar af mörkum nokkurt fé einmitt af áfengisgróðanum. Samkomuhús eru fyrir hvaða félagsskap sem er nauðsynlegur og mjög mikilsverður þáttur í félagsstarfseminni, og á það vitanlega við um góðtemplarareglunna ekki síður en um annan félagsskap, sem að útbreiðslustarfsemi vinnur.

Afganginn af þessu skal svo lána til bygginga félagsheimila og gistihúsa, og veitir mennt.mrh. lánin, eins og ég gat um áðan, og ákveður lánstíma. Hér er um þýðingarmikla starfsemi að ræða, og vitanlega kemur ekki til mála að því er gistihúsin snertir, að slíkt framlag komi til, nema því aðeins að þar séu ekki neinar vínveitingar um hönd hafðar, enda eru þessar till. miðaðar við það, að veitingahúsum og gistihúsum verði ekki veitt neitt vínveitingaleyfi.

Ég hef þá gert grein fyrir efni og innihaldi þeirra brtt., sem ég flyt hér á þskj. 496 og eru í þessum tveimur aðalköflum, sem ég nú hef hér lýst.

Hér eru komnar fram ýmsar brtt. Það hefur ekki verið mælt fyrir þeim enn þá, nema till. n. Og það virtist vera einhver tregða á því, að menn vildu taka til máls um þessar till., og jafnvel virtist mér hæstv. forseti vera að því kominn að slíta fundi hér, ef enginn kveddi sér hljóðs, og er hann þó flm. að einni till., sem ýmsir líta á að nokkru skipti hvort samþ. verður eða ekki. — Þar sem ekki er búið að tala fyrir þessum till. öðrum en till. n., þá tel ég rétt að láta bíða að ræða um þær, þó að ástæða sé til að gera þeim nokkur skil, svo sem þær eru vaxnar sumar hverjar. En hvað snertir till. n., þá verður fullkomlega að viðurkenna það, — ég veit ekki, hvar hv. frsm. er, mér heyrist ég heyra í honum hérna einhvers staðar í fjarlægð, — ja, það gerir ekkert til, hann má vera hvar sem hann vill fyrir mér. En ég vil fara viðurkenningarorðum um starfsemi n., þó að till. hennar nái skammt til þess að ná því marki, sem ég stefni að með mínum till. og ég hef sann-

færingu fyrir að feli í sér bezta lausn í þessu máli af því, sem enn er fram komið.

N. leggur til að fella niður það ákvæði, sem komst inn í frv. í Ed., að hér verði farið að brugga áfengan bjór. Orðalagið á þessu ákvæði Ed. var mjög lævíslegt, en sá óvinafagnaður stóð við athugun ber og nakinn fyrir sjónum manna. Hv. frsm. allshn. benti mjög rækilega á það, hvað óviðurkvæmilegt það væri um bjór, sem hefði inni að halda svo mikið áfengismagn eins og gert er ráð fyrir í frv. eins og það kom frá Ed., að kalla það óáfengan drykk. Og ég held satt að segja, að þeir, sem komu þessu ákvæði inn í Ed., fluttu um það tillögur, og þeir, sem samþykktu þetta, hafi gert það að mjög óathuguðu máli, hafi látið blekkja sig, og þess vegna hafi sú gagnrýni, sem hv. frsm. allshn. flutti hér, verið alveg fullkomlega réttmæt. Vitanlegt er, að með þeim styrkleika, sem þarna er um að ræða, er þetta orðinn verulega áfengur drykkur, og það er ekki að efa, að bjór með slíku innihaldi, sem seldur hefði verið á öllum skemmtunum og annars staðar á landi hér undir því yfirskini, að hann væri óáfengur, hefði orðið mikil íkveikja gagnvart ungu fólki og leitt margan ungan mann og konu á glapstigu drykkjuskaparins, þannig að þar hefði verið lögð hættuleg snara fyrir unga fólkið í landinu. Þeir, sem samþykktu þetta ákvæði í Ed. af athugunarleysi og óvitahætti, fá að sjálfsögðu vægan dóm. En hinum, sem þetta gerðu vitandi vits og að yfirlögðu ráði, er ekki bót mælandi. Ég hefði viljað mega trúa því, að öll allshn. stæði að þessari lofsverðu tillögu um að kveða niður tiltektirnar um bruggun áfengs bjórs. En ég heyrði af ummælum hv. frsm., að svo er ekki, enda hefur nú komið hér fram í dagsljósið till., þar sem einn af nm. allshn., sem skrifar undir nál., flytur nú brtt. um það, að haldið skuli áfengum bjór að þjóðinni, aðeins breytt til um formið. Höfundar sterka bjórsins í Ed. eiga því andleg skyldmenni hér, og hefur raunar á því örlað áður, þótt þeim hafi verið jafnan í skefjum haldið. En þetta handtak er mjög virðingarvert hjá n., og vonandi verða nú samtök um það í þessari d. að létta af landsfólkinu þeim áhyggjum, sem að því hafa steðjað nú, eftir að slíkar till. voru komnar fram, því að ég veit, að allur almenningur og ekki sízt mæðurnar hafa gert sér grein fyrir þeirri hættu, sem börnum þeirra væri búin með samþykkt slíkrar till. sem þessarar. Þá eru enn fremur í brtt. allshn. gerðar nokkrar umbætur á ákvæðum 12. gr. Ef við ættum nú á annað borð að bíta í það súra epli hér, að þetta mál yrði nú afgr. með þeim hætti, að teknar yrðu aftur upp vínveitingar á gisti- og veitingahúsum, þá verður fullkomlega að viðurkenna það, að sýnd er viðleitni í þessum till. í þá átt og einmitt í þá varnaðarstefnu, sem góðtemplarar í landinu standa að og Alþ. hefur tekið meira og minna á undanförnum árum tillit til, og þess er að vænta, að svo verði nú enn gert við afgreiðslu þessa áfengislagafrv., en miklu rækilegar en nefndin leggur til, með því að samþykkja mínar till. Ekki eru þó allar till. nefndarinnar til bóta. Vil ég taka það fram um brtt. við 9. gr., að fella það niður, að óheimilt sé að gefa veitingamönnum afslátt á hinu ákveðna útsöluverði almennings, að það væri miður farið að samþ. þessa brtt., enda sagði hv. frsm., að það væri ekki lögð slík áherzla á þetta í n., að það þætti verulegu máli skipta.

Það hefur nokkuð verið rætt um það hér, að dómsmrh. skipaði eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er veitingaleyfi fengju, og skuli leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans eftir ákvörðun ráðherra. Þetta er sjálfsagt mjög þarft og nauðsynlegt, að skipa slíkt eftirlit, ef svo slysalega skyldi til takast, að það yrði ofan á, að heimilað yrði að veita slík leyfi. En það þarf að skilgreina það alveg fullkomlega í þessari till., að þó að veitingamaðurinn, sem leyfið fær, eigi að sjálfsögðu að greiða laun þessa manns, þá má það ekki vera með þeim hætti, að hann greiði það beint til viðkomandi manns og að maðurinn eigi þannig starf sitt undir þeim, sem hann er settur til höfuðs, heldur verður þetta að vera með þeim hætti, að eftirlitsmaðurinn taki laun sín úr ríkissjóði, en veitingamaðurinn greiði aftur ríkissjóði slíka upphæð. Þann hátt verður að hafa á þessu og mun það kannske hafa verið meiningin, þó að það sé ekki tekið fram í till. En þetta þarf að taka fram, og ég vil þá skírskota í því efni til hv. 2. þm. Eyf., sem einmitt flytur till. um þetta, að hann breyti till. sinni þannig, að það komi skýrt fram í henni, að það sé meiningin, að sú tilhögun verði á höfð, því að þessi eftirlitsmaður verður að sjálfsögðu að vera á allan hátt óháður þeim manni, sem hann á að hafa eftirlit með.

Ég skal þá ekki fara lengra út í þetta mál að sinni og vil þá enda þessi orð mín með von um það, að einmitt sú varúðarstefna, sem bindindismenn í þessu landi beita sér fyrir og beina kröftum sínum að, verði nú við afgreiðslu þessa máls engu síður tekin til greina og í heiðri höfð heldur en oft hefur verið gert áður. Það skortir að vísu mikið á, bæði fyrr og síðar, að þessi stefna hafi fengið þann stuðning hér á Alþ., sem hún verðskuldar. Hins er að vænta, að Alþ. sé ekki svo heillum horfið, að það gangi í beint berhögg við þá menn, sem öllum öðrum fremur helga því starfi krafta sína í þessu landi að vinna á móti vínnautninni og hafa bundizt sterkum félagssamtökum einmitt í því skyni. Það er áreiðanlega þjóðinni til mestra heilla, að sem nánast samstarf um þessi mál geti jafnan orðið á milli þessara forustumanna bindindisstarfseminnar í landinu og Alþ. Með þeim hætti mun bezt vegna um þær ráðstafanir, sem Alþ. telur sér nauðsynlegt að gera í þessu efni.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að ræða þetta mikla vandamál, sem hér er til meðferðar, nokkuð ýtarlega, en þar sem mjög stutt er eftir af fundartíma, skal ég aðeins stikla á stóru í þessari ræðu minni.

Svo sem skýrt var frá af frsm. hv. allshn., þá liggur ekki hér til meðferðar í sambandi við þetta mál, hvort menn séu með eða á móti aðflutningsbanni á áfengi, heldur aðeins, hvernig haga skuli sölu á því vini, sem ákveðið er að selt skuli í landinu, og af þeim sökum vil ég binda mig við það atriði og ber að skoða mínar till. og

viðhorf út frá þeim sjónarhól, að hér er ekki um að ræða mat á því, hvort menn eru með eða móti, að áfengi sé yfirleitt selt, því að þar mundu vafalaust koma önnur sjónarmið til greina og maður mundi hafa þar í frammi aðrar till., ef um slíkt væri að ræða.

Ég hef flutt hér tvær brtt., aðra á þskj. 515 og hina á þskj. 516 með hv. 5. þm. Reykv. Skal ég aðeins fara um þær nokkrum orðum og þá ræða málið almennt eftir því, sem tilefni gefst til út frá því.

Ef um það er að ræða að setja reglur um sölu áfengis í landinu, þá hafa verið uppi tvær skoðanir um það, annars vegar sú, að það bæri að takmarka áfengissöluna sem mest og gera mönnum sem erfiðast um vik að ná í áfengið, og hin stefnan aftur sú að auðvelda þetta meir; hafa almennar áfengisveitingar og jafnvel að vín skuli selt í hverri verzlun. Það hefur verið farinn nokkur millivegur í því efni í því frv., sem hér liggur fyrir, og ég hygg, að eftir því sem reynslan hefur sýnt, þá muni ekki vera hægt að beita sér gegn því, að áfengisveitingar séu leyfðar að einhverju leyti í veitingahúsum, vegna þeirrar staðreyndar, að þrátt fyrir það að það sé nú bannað, þá er þar mikill drykkjuskapur um hönd hafður og það jafnvel svo, að í sumum veitingastöðum hafa fundizt kannske 70—80 tæmdar áfengisflöskur eftir dansleiki og sízt verið minni drykkjuskapur þar en þótt vínveitingar hefðu verið í húsinu, þannig að það er mín skoðun, að það sé ekki hægt, eins og sakir standa, að berjast fyrir því, að algerlega verði bannaðar vínveitingar í veitingahúsum. Jafnfjarri álít ég einnig að setja ákvæði um það, að þær skuli aðeins leyfðar í einu húsi á landinu, svo sem raunar liggur hér nú fyrir till. um. Ég tel því, að það sé rétt að leyfa nú áfengisveitingar í nokkrum veitingahúsum, sem til þess hafa slík skilyrði, að þar sé hægt að halda uppi menningarbrag, ef vilji er fyrir hendi, en hins vegar setja um það strangar reglur, hvernig þeim áfengisveitingum skuli hagað, og gera mjög strangar kröfur til veitingahúsanna um, að þar sé haldið uppi hinni fyllstu reglu og komið í veg fyrir alla ofnautn áfengis. Til þess að stuðla að því hef ég ásamt hv. 5. þm. Reykv. tekið upp brtt. við brtt. hv. allshn. Þessari brtt. vék hv. þm. Borgf. að og taldi sig henni hlynntan, ef í henni fælist sá skilningur eða sú hugsun, að ætlunin væri, að þetta væru löggæzlumenn óháðir samkomuhúsunum. Það hefur vitanlega alltaf verið ætlunin, því að ekki kemur til neinna mála, að veitingahúsið sjálft fái að ráða þessum manni, og eins og till. er orðuð, þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að það sé ekki einn maður um hvert hús,, heldur geti þar verið um fleiri hús að ræða, og vitanlega er ætlunin sú, að veitingahúsin greiði sérstakan skatt fyrir að fá að hafa áfengisveitingar og að þessum skatti verði síðan varið til þess að greiða laun þessara eftirlitsmanna. Það getur vel verið, að á þessu hafi orðið misbrestur, en það þarf út af fyrir sig ekki að útiloka, að það geti verið gagn að slíkum löggæzlumönnum. Þó að einhverjir þeirra hafi reynzt illa, þá er ekki annað en að skipta um menn. Það dettur engum manni í hug að hætta almennu lögregluleftirliti, þó að einhverjir lögregluþjónar brjóti af sér, og sama er að segja um þetta efni. Hingað til hafa verið tveir sérstakir starfsmenn á vegum lögreglunnar við þetta starf, og það hefði mátt ef til vill álíta, að það fælist í frv., að slíkt væri heimilt áfram, en þar sem þessi till. var tekin upp í Ed., yrði að álykta af því, ef hún yrði felld niður hér, að það væri vilji þingdeildarinnar, að þessir eftirlitsmenn væru ekki. Af þeim sökum er óumflýjanlegt að taka upp ákvæðið að nýju, til þess að úr því fáist skorið.

Það gefur auga leið, að ef það er vilji manna að taka upp frjálsari veitingar og frjálsari sölu áfengis en verið hefur, þá verða menn að horfast í augu við þá staðreynd, — allir þeir, sem af alhug vilja vinna gegn neyzlu áfengis, og það vil ég vænta að allir hv. alþm. séu sammála um, — að þá verður líka að leggja meiri áherzlu á áfengisvarnir og leggja meira kapp á að koma hér upp mannsæmandi framferði fólks á veitingahúsum og samkomuhúsum og með því móti, bæði með almennum samtökum og af hálfu hins opinbera, að reyna að stuðla að því, að heilbrigðara almenningsálit skapist í landinu í þessu efni en verið hefur til þessa. Það er því óumflýjanlegt, að það tvennt fari saman, annars vegar, að strangt eftirlit sé haft með vínveitingum, og hins vegar, að aukið sé fé það, sem varið er til bindindisútbreiðslu og til áfengisvarna.

Ég hef því leyft mér að leggja hér fram á þskj. 515 till. um það, að tekið verði inn í frv. aftur ákvæðið um áfengisvarnasjóð. Mín till. er að mörgu leyti svipaðs eðlis og till. hv. þm. Borgf., að öðru leyti en því, að ég legg til, að allt það, sem þar um ræðir að veita eigi styrk og lán til, verði tekið af einni upphæð, sem skuli heita áfengisvarnasjóður, í stað þess að þessu er skipt niður, og auk þess tel ég, að það sé ekki ástæða til þess í lögunum að slá föstu um ákveðnar upphæðir til ákveðinna félagssamtaka eða til ákveðinna þarfa í þessu skyni; það verði að fara eftir atvikum hverju sinni og geti verið mjög breytilegt frá ári til árs, hversu þarfirnar eru þar miklar. Og þar sem gert er ráð fyrir, að þessu verði varið eftir till. áfengisvarnaráðs og ákvörðunum tveggja ráðherra, þá má vissulega gera ráð fyrir því, að á hverjum tíma verði reynt að haga ráðstöfun þessa sjóðs þannig, að hann komi að sem beztum notum.

Ég hef einnig í b-lið till., þar sem talað er um ráðstöfun sjóðsins, takmarkað nokkuð ráðstöfun hans, þannig að honum verði ekki varið til sjúkrahúsa almennt og elliheimila, þar sem ég tel, að það eigi að takmarka sjóðinn meir við þau verkefni, sem beinlínis má segja að stafi af áfengisnautn, þ. e. annars vegar stofnun drykkjumannahæla og hins vegar hin mjög brýna nauðsyn á að koma upp heimilum fyrir afvegaleidd börn, sem oft og tíðum einmitt hafa farið illa út úr lífinu á margan hátt og komizt á glapstigu vegna óreglu á þeirra heimilum og vegna framferðis foreldranna að því leyti. Ég tel því, að það sé mjög eðlilegt og sjálfsagt, að áfengisvarnasjóði og áfengiságóðanum sé ætlað að standa straum af slíkum óumflýjanlegum ráðstöfunum. Ég hef

einnig takmarkað þetta við þessi verkefni vegna þess, að ég hef í minni till. tekið lægri upphæð af áfengiságóðanum heldur en hefur verið lagt til í till. hv. þm. Borgf. Stafar það ekki af því, að ég sé á móti því, að slíkri upphæð sé allri varið sem hann talar um, en ég taldi sennilegra, að um það mundi nást samkomulag, ef ekki yrði farið lengra í sakirnar en hér um ræðir.

Ég ætla svo ekki í bili að fara fleiri orðum um þessa till., en mig langar til þess að víkja að einum sérstökum þætti þessa máls nú í þetta sinn, þar sem, eins og hv. þm. Borgf. sagði, það er stór þáttur og ég vil segja jafnvel stærsti þáttur þessa áfengislagafrv., enda þótt af einhverjum ástæðum hafi verið lögð á það mikil áherzla af talsmönnum þessa máls að dulbúa það sem mest og reyna að læða því inn í frv. í alls konar gervum til þess, að því er bezt verður séð, að reyna að villa hv. þm. sýn og ekki hvað sízt að reyna að villa þjóðinni sýn um það, hvað þarna væri á ferðinni, en ég á í þessu sambandi við till. um bruggun sterks öls hér á landi til sölu innanlands. Henni hefur nú skotið upp aftur hér í hv. Nd., enda þótt hv. allshn. hafi sem betur fer orðið sammála um að mæla gegn því, að heimilað væri að brugga sterkt öl í landinu. Það hefur ekki verið enn mælt fyrir till., og mun ég því takmarka mig við að ræða um nokkur meginatriði; það gefst væntanlega tækifæri til þess, eftir að hv. frsm. hefur flutt sína ræðu til skýringar á till. En ég vil þó ekki ljúka þessu máli mínu svo nú, að ég minnist ekki á nokkur atriði, sem þar koma til greina.

Mér skilst, að því sé haldið fram, og það hlýtur að vera eina röksemdin, sem hægt er að halda fram til stuðnings því að selja hér áfengt öl, að áfenga ölið minnki drykkjuskap eða a. m. k. auki hann ekki. Það er engin önnur hugsanleg röksemd til fyrir því, sem réttlæti að leggja á það ofurkapp að brugga slíkt öl, og út frá því sjónarmiði held ég að verði að líta á málið, þangað til a. m. k. nánari skýring kemur á því.

Það liggja nú fyrir alveg augljósar tölur um það, að hér er um reginfirru að ræða. Sala á sterku öli dregur aldrei úr eða minnkar áfengisneyzlu. Þvert á móti um þau lönd, t. d. Norðurlöndin, þar sem hefur verið selt sterkt öl, og eins og t. d. í Danmörku, þar sem menn drekka um 4 millj. flöskur á dag af öli, er nú staðreyndin sú, að þar er áfengisnautn miklum mun meiri en hér á Íslandi; hún er meira en helmingi meiri á mann heldur en er hér á Íslandi, þessu öllausa landi. Í Danmörk er áfengisnautnin 2.92 lítrar af 100% alkóhóli á mann, en hér á Íslandi þó ekki nema 1.33 lítrar. Í Noregi er áfengisneyzlan 2.12 lítrar, eða miklum mun meiri en hér á Íslandi. Í Finnlandi, þar sem sala á sterku öli er byrjuð fyrir nokkru, hefur áfengisneyzla einnig sízt farið lækkandi og er nú 1.87 lítrar. Þetta leiðir augljóslega það í ljós, að það er hin mesta firra, að ætlandi sé, að bruggun sterks öls og sala þess hér mundi leiða af sér minnkaðan drykkjuskap, heldur þvert á móti. Af þeim sökum getur ekki verið stætt á þessari röksemd.

Af andstæðingum ölsins hefur verið á það bent, og það er óhrakið, að reynslan hefur hvarvetna sýnt það í öllöndum, að bæði unglingum og einnig vinnandi mönnum, verkamönnum, stafar mjög mikil hætta af sterku öli, og báðir þessir hópar neyta þess mjög mikið. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að alþýðusamtökin hér á Íslandi hafa snúizt mjög gegn þeirri hugmynd, að hér verði bruggaður sterkur bjór. Erlendis víða, eins og t. d. í Danmörk, er almennur drykkjuskapur oft alla daga hjá verkamönnum í þessum bjór, þannig að t. d. er þar þannig ástatt, — ég heyri, að einhver hv. þm. ussar, — en ég vil þá taka það fram, að það er þannig ástatt t. d. í skipasmíðastöðvum Burmeister & Wain, að þar er gert ráð fyrir, að hver verkamaður fái 5 flöskur á dag af öli, og beinlínis krafizt þess í kjarasamningum.

Ég held því, að þeirri staðreynd verði ekki í móti mælt, að hér er um mikilvæga og mikla hættu að ræða. Það liggja fyrir skýrslur um það, sem ég hef ekki tíma til að fara út í nú, að einmitt bjórneyzlan hefur í löndum eins og t. d. Þýzkalandi jafnvel miklu meiri hættu í för með sér heldur en neyzla vína, og ég hef ekki fundið við athugun á gögnum um þetta mál nokkrar þær upplýsingar, sem geti gefið manni von um það, að sala á sterku öli hér mundi draga úr drykkjuskap, heldur mæla allar röksemdirnar í öfuga átt. Þegar svo horfir málum, álít ég, að það sé fullkomið ábyrgðarleysi að ætla nú að fara í sambandi við þetta mál að leggja á það ofurkapp að ausa ölflóði einnig yfir okkar þjóð. Sannleikurinn er sá, að þó að slæmt sé ástand hér í áfengismálum með okkur bjórlausa, þá er eitt, sem víst er, að allar líkur benda til, að það yrði margfalt verra, ef bjórinn bættist einnig við. Og staðreyndin er nú sú, að þó að sé talað um ómenningu hér í áfengisnautn á Íslandi, þá er þó áfengisnautn miklum mun minni en á öðrum Norðurlöndum, sem er þó oft vitnað til um í sambandi við, að þar sé mikill menningarbragur á öllu framferði manna í sambandi við áfengisneyzlu.

Ég held því, að það sé ekki ástæða til þess nú, nema síður sé, og mundi ekki leiða af því neitt gott að fara að taka upp þessa nýju tegund áfengisnautnar hér á Íslandi, sem bjórinn er, hinn sterki og áfengi bjór, hvað sem hann er kallaður, hvort sem hann er kallaður óáfengur eða ekki í löggjöf; það skiptir ekki meginmáli. Fordæmi annarra þjóða gerir það ekki fýsilegt að vera að fara inn á slíkar brautir. Og mín skoðun er nú sú, að þótt ástand sé hér að mörgu leyti alvarlegt í áfengismálunum, þá séu þó í því margir ljósir blettir og að með heilbrigðum samtökum almennings og félagasamtaka, æskulýðssamtaka og annarra menningarfélaga og með skynsamlegu aðhaldi frá löggjöfinni sé hægt að koma því til leiðar, að hér verði mjög skapleg umgengni í þessum málum, þannig að það þurfi ekki að verða til vansa fyrir okkar þjóð og valda eins miklu tjóni, bæði fjárhagslega og í heilsu og hamingju einstaklinganna, eins og áfengisnautnin tvímælalaust hefur hér gert.

Ég sé, að fundartíminn er að þessu sinni á enda. Það voru mörg atriði, sem ég hefði gjarnan viljað á minnast, og ég býst við raunar í sambandi við þetta atriði um ölið, að mér gefist síðar tækifæri til þess, eftir að talað hefur verið

fyrir þeirri tillögu, að koma þar á framfæri ýmsum fleiri upplýsingum í sambandi við það mál.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 423, n. 489, 496, 502, 515, 516, 519, 526).

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umræðu, er svo veigamikið og grípur svo inn í þjóðlífið allt, að í raun og veru er það efni í langa ræðu. Ég mun samt sem áður ekki tala langt mál, a. m. k. við þessa umræðu, en láta nægja að gera með örfáum orðum grein fyrir brtt., sem ég flyt.

Hv. þm. Borgf. hefur borið fram allmargar brtt. við þetta frv. og gert grein fyrir þeim hér við fyrri hl. þessarar umræðu. Ein af þeim brtt. fjallar um það, að 12. gr. frv. falli niður. Ef sú brtt. verður samþykkt, þá kemur brtt., sem ég flyt við sömu gr., vitanlega ekki til atkv. En fari svo, að hv. þingdeild fallist ekki á brtt. hv. þm. Borgf., þá mun koma til atkv. sú brtt., sem ég flyt og prentuð er á þskj. 502.

Þegar áfengislög voru sett 1935, þá var sett í þau heimild til handa dómsmrh. að veita einu *veitingahúsi í Reykjavík leyfi til þess að selja* áfenga drykki. Allir þeir dómsmrh., sem setið hafa í ríkisstj. síðan 1935, notuðu þessa heimild, þangað til nú fyrir rúmu ári, að hæstv. núverandi dómsmrh. hætti að nota heimildina og ákvað, að þetta veitingahús skyldi ekki hafa sölu á vínveitingum fremur en önnur veitingahús hér í bænum. Þessi till. mín er því í fullu samræmi við þá framkvæmd málsins, sem fylgt hefur verið í rúm 20 ár. Hún er aðeins staðfesting á þeirri framkvæmd.

Það er oft til þess vitnað, hve alþingishátíðin 1930 var með miklum glæsibrag og virðuleg á allan hátt fyrir íslenzku þjóðina. En sá forsrh., sem þá var hér á landi og stóð fyrir þeim hátíðahöldum, lét ekki veita vín í veizlum, sem hann stóð fyrir í sambandi við þá hátíð, þrátt fyrir það þótt fjöldi erlendra gesta frá ýmsum löndum væri þá hér í heimsókn og tæki þátt í slíku hátíðahaldi. Þetta dæmi sannar, að það er vissulega hægt fyrir forustumenn þjóðar að koma virðulega fram og halda vegleg samsæti án þess að hafa áfengi um hönd. Og ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að það muni verða dómur sögunnar, að forsrh. 1930, Tryggvi Þórhallsson, standi ekki að baki öðrum, sem farið hafa með framkvæmdavald í þessu landi.

En því miður er það staðreynd, að dæminu frá 1930 er ekki fylgt í þessu landi, og með tilliti til þeirrar staðreyndar verður ekki hjá því komizt í sambandi við móttöku erlendra gesta, að þeir, sem slíka móttöku hafa á hendi, vilja gjarnan hafa aðstöðu til — og telja nauðsyn bera til þess að hafa aðstöðu til að hafa vínveitingar um hönd í samkvæmum, sem þeir halda. Og þegar á þetta er litið, þá er það ljóst, að eitt veitingahús hér í Reykjavík, Hótel Borg, hefur nokkra sérstöðu að þessu leyti í samanburði við önnur veitingahús. Sú sérstaða hefur og verið viðurkennd með þeirri framkvæmd, sem ég minnti á að verið hefur á þessum málum nú um rúm 20 ár.

2. og 3. liður brtt. minnar fjalla um það að fella niður úr frv. heimild til handa lögreglustjóra til þess að veita félögum rétt til þess að hafa um hönd veitingar áfengis. Þessar till. eru efnislega samhljóða till., sem hv. þm. Borgf. hefur borið fram um þetta efni og gert grein fyrir af sinni hálfu, svo að ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þessa liði brtt. En það vakir fyrir mér að taka af þann vanda, sem verið hefur fyrir lögreglustjóra og dómsmrh. að þræða þann meðalveg, sem þörf er á í sambandi við slíkar leyfisveitingar, og virðist vera á allan hátt bezt fyrir alla aðila, að það sé fastákveðið í lögunum, hvort slík leyfi skuli veita eða ekki. Það er og mín sannfæring, að löggjafinn eigi á allan hátt að stuðla að því, að vín sé ekki haft um hönd í samkvæmum félaga, og slík samkvæmi sé hægt að halda fyllilega eins ánægjuleg, þótt aðeins sé notazt við óáfenga drykki og önnur veizluföng, en áfengi sé þar ekki um hönd haft.

4. brtt. er aðeins orðabreyting og miðar til leiðréttingar á frv. Í 28. gr. frv., eins og það hefur komið frá hv. Ed., er talað um það, að fræðslumálastjórnin skuli sjá um, að skólarnir fái kennslubækur og kennslukvikmyndir eftir *því, sem við á. Eins og orðalagið er í frvgr.*, þá virðist þetta vera of viðtækt. Slíkt ákvæði ætti nánast heima í fræðslulögum. Hér er vitanlega átt við kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnarinnar, og legg ég til, að þeim orðum verði bætt inn í gr. til þess að taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Ég mun svo ekki fjölyrða um málið að þessu sinni og læt þessar skýringar nægja um þær brtt., sem ég hef lagt fram á þskj. 502.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Umræður hér á landi um áfengismál hafa oft byggzt frekar á tilfinningum en rökréttri hugsun. Einmitt þess vegna hafa reglur um veitingar og sölu áfengra drykkja verið hér mjög óskynsamlegar. Einblínt hefur verið á höft og bönn, en minna hirt um hitt, að gera sér ljósar afleiðingar þeirra. Af þessu hefur svo leitt fullkomið öngþveitisástand. Hinar ströngu reglur hafa ekki dregið úr drykkjuskapnum. Þær hafa ekki heldur bætt samkvæmissiði landsmanna. Þær hafa þvert á móti sett hreinan ómenningarblæ á meginhluta alls samkomuhalds í landinu. Þessar dapurlegu staðreyndir er óþarft að rekja. Þær eru alþjóð kunnar.

Það er skoðun mín, að frv. það, sem hér liggur fyrir, feli í sér nokkra endurbót á þessu sviði. Það felur í sér viðleitni til þess að draga réttar ályktanir af reynslu þjóðarinnar í þessum efnum.

En það er ekki ætlun mín að gera þetta mál hér almennt að umræðuefni. Tilefni þess, að ég segi hér nokkur orð, er fyrst og fremst það, að á þskj. 519 höfum við 5 þm. leyft okkur að bera fram brtt. við 7. gr. frv. Í þessari brtt. er lagt til, að heimilt sé að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda allt að 3½% af vínanda að þunga eða 4.4% að rúmmáli. Nánari ákvæði um sölumeðferð þessa öls skulu svo sett í reglugerð. Hv. allshn., sem fjallað hefur um þetta

mál, mælir hins vegar með því, að heimilt sé að brugga hér slíkt öl fyrir hið erlenda varnarlið og til útflutnings.

Um þá till. hv. n. að leggja aðeins til, að heimilt verði að brugga handa hinu erlenda varnarliði, vil ég aðeins segja það, að ég hef alltaf talið það mjög hæpna ráðstöfun, þó að hún hafi verið talin nauðsynleg, að fara að gera einhvern mun á því fólki, sem í landinu dvelur, eftir því, hvort það heitir erlent varnarlið suður á Keflavíkurflugvelli eða íslenzkt fólk í byggðum landsins. Ég álít, að í þessu felist beint vanmat á þroska íslenzkra manna og hæfileikum þeirra til þess að umgangast þessa vöru, sem yfirleitt er talin almenn neyzluvara í flestum löndum, en ekki fyrst og fremst áfengi.

Við flm. þessarar brtt. teljum, að með því að leyfa tilbúning og sölu öls með fyrrgreindum styrkleika, skapist líkur fyrir því, að nokkuð dragi úr neyzlu hinna brenndu drykkja. En af henni sprettur fyrst og fremst það böl, sem áfengi veldur allt of mörgu fólki í þessu landi. Það er líka staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að þær þjóðir, sem leyfa framleiðslu og sölu öls í landi sínu, fara flestar miklu betur með vín en Íslendingar, sem nær eingöngu neyta hinna sterku drykkja. Það er staðreynd, að áfengi er því minna skaðlegt sem það er þynnra.

Önnur rök fyrir þeirri brtt., sem ég hef hér drepið á og við flytjum, eru m. a. þau, að íslenzk skip kaupa nú erlent öl fyrir milljónir króna. Þetta þýðir gersamlega óþarfa söun á dýrmætum gjaldeyri, sem þjóðin hefur allt of lítið af. Ég fæ ekki betur séð en við höfum öll skilyrði til þess að geta framleitt handa íslenzkum skipum, bæði fyrir Íslendinga sjálfa og erlenda farþega, sem með þeim ferðast, nákvæmlega jafngóða vöru af þessari tegund og þau kaupa nú dýrum dómum í útlöndum. Einnig frá þessu sjónarmiði séð væri það skynsamlegt að leyfa tilbúning þess öls, sem till. okkar fjallar um að leyft verði.

Þá má einnig á það minna, að ekki er ólíklegt, að Íslendingar gætu fengið þó nokkrar gjaldeyristekjur einmitt með útflutningi öls til annarra þjóða. Við vitum það, að ýmsar nágrannaþjóðir okkar, eins og t. d. Danir og Hollendingar, hafa miklar gjaldeyristekjur af ölútflutningi. Danskt og hollenzkt öl er þekkt um allan heim. Hvar sem maður kemur í heiminum, getur að líta það á markaðnum, og þessar þjóðir hafa unnið mjög öruggan markað fyrir þessa vöru sína. Engum kemur til hugar að halda því fram í þessum löndum, að það sé óskynsamlegt eða jafnvel þjóðhættulegt að leyfa þessa framleiðslu, til þess að þjóðirnar geti flutt hana út og hagnazt á henni. Á hana er þvert á móti litið sem sjálfsagðan og eðlilegan lið í þjóðarbúskapnum.

Loks vil ég minna á það, að meðal flestra ef ekki allra menningarþjóða er leyft að búa til öl af sama styrkleika og sterkara en gert er ráð fyrir í þessari brtt. okkar. Ég veit ekki um nema eitt land, þar sem þetta er alveg sérstaklega bannað. Það er í Grænlandi. Eskimóar eru ekki taldir hafa þroska til þess að umgangast öl. Ég fæ ekki betur séð en að þeir menn, sem mest hafa hamazt gegn því, að þetta yrði leyft hér á landi, hafi þar með sett okkur á borð með Eskimóum.

Ég vil benda á það, að einmitt þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar og næstar, Norðurlandaþjóðirnar, leyfa framleiðslu þessarar vöru, og þær þeirra, sem hafa ekki gert það um skeið, búa sig nú undir að gera það. Norðmenn höfðu um skeið bannað framleiðslu öls í landi sínu, en þeir tóku hana upp að nokkrum tíma liðnum. Og enginn talar um það, að það hafi aukið drykkjuskap í Noregi. Svíar hafa um allmörg undanfarin ár ekki leyft bruggun áfengs öls fyrir innanlandsmarkað. En í þeirri áfengislöggjöf, sem ríkisstj. Svíþjóðar hefur nú lagt fram í sænska ríkisdeginum, er það einn liður í till. stjórnarinnar, að leyft verði að brugga öl með svipuðum styrkleika og hér er gert ráð fyrir. Ég vildi nú mega spyrja mína hv. og ágætu vini, sem ræddu hér þetta mál í gær, hvort þeir teldu nú líklegt, að ríkisstjórnir Svíþjóðar og Noregs, sem hafa reynsluna af öli og ekki öli, muni vera að gera þetta til þess að eitra fyrir æsku landa sinna, eins og látið er í veðri vaka að við höfum gert, sem höfum imprað á þessu máli hér á hv. Alþingi. Ég held, að það sé ákaflega hæpið að draga þá ályktun. Ég held, að hitt sé miklu líklegra, að jafnaðarmannastjórnin sænska sé að gera þetta vegna þess, að hún telji, að það bæti ástandið í áfengismálunum. Hún er líka að afnema skömmtun á áfengi. Halda hv. þm. hér, að hún geri það beinlínis til þess að tryggja, að það fari meira áfengi ofan í þjóðina? Ég held, að hún geri það ekki vegna þess. Ég held, að hún kæri sig ekkert um, að þjóðin drekki meira, en hún vill áreiðanlega, að þjóðin fari betur með áfengi, og hún vill, að reglur um sölu og veitingar áfengis séu hafðar í heiðri. Ég held, að það sé vegna þessa, sem sænska stj. leggur til, að bæði skömmtun á áfengi verði afnumin og leyfð verði bruggun létts áfengs öls. Þessar þjóðir hika ekkert við það að læra af reynslunni. Svíar og Norðmenn vita það, að þær drekka frekar illa, eins og það er kallað, kannske ekki eins illa og við Íslendingar. Beztu mönnum þeirra er það ljóst, að þetta ástand er þessum menningarþjóðum ekki samboðið. Þess vegna vilja þeir reyna að fara nýjar leiðir og byggja þá á reynslu sinni.

Nei, þessi rök halda ekki hjá mínum hv. vinum hér, að það sé vitandi vits verið að hella yfir þjóðirnar ölflóði til þess að eitra fyrir þær, eins og mér skildist á þessum hv. þm. hér í málflutningi sínum í gær.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það hefði verið lagt ofurkapp á það að koma áfengu öli ofan í þjóðina. Hverjir hafa lagt ofurkapp á það? Mér er spurn. Ég hef hér á hv. Alþ. flutt einu sinni frv. um þetta ásamt tveimur öðrum hv. þm. Það dagaði uppi í n. eftir tiltölulega rólegar umr. Við höfum ekki flutt það mál aftur, fyrr en við flytjum þessa till. hér nú. Áður hafði einu sinni verið flutt frv. um þetta. Hv. þm. Mýr. fyrrv., núv. sendiherra okkar í Osló, flutti frv. um þetta, mig minnir fyrir réttum 20 árum. Síðan var málið ekki flutt fyrr en við fluttum það, ég held 15 árum síðar. Hvaða ofurkapp

hefur verið lagt á það að koma öli ofan í þjóðina? En það hefur orðið vart við ofurkapp hjá öðrum mönnum. Það hefur orðið vart við ofurkapp hjá þeim mönnum, sem hafa barizt gegn þessu. Þrátt fyrir það að aðeins tvisvar á þessu 20 ára tímabili hafi verið sýndar till. um þetta, þá hefur ofurkappið verið svo mikið gegn því, að það er rétt eins og málið hafi verið flutt á hverju þingi. (Gripið fram í.) Ég vil spyrja hv. þm. Borgf.: Hafa þessi mál verið flutt hér oftar inn á Alþ.? Ég held, að hv. þm. Borgf., sem búinn er að eiga sæti í hartnær 40 ár á Alþ., kunni það vel sögu þessa 20 ára tímabils, að hann muni það, að ég fer rétt með þetta. Nei, ofurkappið er af hálfu þeirra manna, sem bókstaflega geta ekki hugsað sér annað en að þjóðin fái bara beinhart brennivín að drekka. Það eru þeir menn, sem beita ofurkappi. Það eru þeir menn, sem sveitast blóðinu við það að telja Íslendingum trú um, að 60% brennivín sé hollari drykkur en 4% öl. Það er af hálfu þessara manna, sem ofurkappinu hefur verið beitt. Og þetta veit ég að minn hv. vinur, 2. þm. Eyf., sem um þessi mál talaði hér af miklum fjálgleik í gær, hlýtur að viðurkenna. Hann sagði hér ekki í gær: Ég stend hér upp til þess að mótmæla því, að vín sé selt í landinu. Það er staðreynd, að það er selt og það verður selt. — Hvaða vín? Þetta 60% brennivín. Hann stóð ekki upp til þess að berjast á móti því, að það yrði selt. Barátta hans beindist öll gegn þessu 4% öli.

Margir hafa talað um það, að ein aðalhættan, sem fælist í því að leyfa ölbruggun, væri það, að börn og unglingar kynnu að fara að drekka þennan létta drykk, þegar hann kæmi á markaðinn. Ég vildi mega spyrja: Ef nú rök þessara manna væru rétt, ef hættan væri virkilega fyrir hendi á því, að þetta færi þannig, þá ætti að mega reikna með því, að unglingar á Íslandi byrjuðu á því að drekka hin léttu suðrænu vín. En hvað segir nú reynslan um það? Við höfum fengið hagrænar upplýsingar um það frá áfengisverzlun ríkisins, hversu mikið er selt af léttum vínum í landinu, og það er alveg hverfandi samanborið við hina brenndu drykki. Ég hef ekki heyrt nokkurn einasta mann halda því fram, að unglingar byrji yfirleitt á því að drekka þessi léttu vín. En á hverju byrja þá unglingarnir að drekka? Þeir byrja á sterku drykkjunum, á brennivíninu. Halda menn nú, að það væri einhver goðgá, að unga fólkið, sem byrjar á því að dreypa á þessum sterku logandi drykkjum, ætti nú kost á því að fá 4% öl í staðinn fyrir þá? Ég fæ ekki skilið það. Ég fæ ekki skilið, að það sé meiri heilsuspillir að því fyrir þann unga mann, sem því miður kann á æskuárum að villast til þess að fara að neyta áfengis, að neyta þess áfengis, sem 4% af alkóhóli er í, í staðinn fyrir að drekka 60% brennivín. Það getur vel verið, að hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Borgf. finnist eitthvað minni hætta felast í þessu fyrir unglinga og æskufólk, að dreypa á slíkum 60% drykk heldur en 4% öli. Ég trúi því ekki.

Ein stærsta röksemdin í þessu máli er svo sú í sambandi við drykkjuskap æskunnar, að hér hefur ekkert öl verið leyft í landinu undanfarna áratugi. Engu að síður drekkur æskan. Hverju reiddust goðin, þá er hraun það brann, er vér nú stöndum á? spurði vís maður fyrir nokkur hundruð árum. Hvers vegna drekkur íslenzk æska í dag, þó að ekkert öl hafi verið til, ef þau rök halda, að aðalhættan, sem að henni steðjar í þessum málum, sé einmitt slíkur léttur drykkur? Nei, hér ber allt að sama brunni. Rökin hjá hinum kappsfullu andstæðingum hins létta öls halda ekki. Þau ganga í berhögg við heilbrigða skynsemi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu frekar um þessa till. Ég fagna því, að hv. frsm. allshn. gat þess, að n. hefði hvorki tekið afstöðu með né móti tilbúningi 3½% öls, hins vegar hefði hún lagt til, að breytt yrði skilgreiningu 2. gr. frv. um það, hvað sé áfengi, þeirri skilgreiningu, sem sett var inn í frv. í hv. Ed. Ég er alveg sammála n. um það, að það er eðlilegt, að þessari skilgreiningu sé breytt, og ég tel það sjálfsagt, að sú brtt. nefndarinnar sé samþykkt. En hins vegar tel ég það jafnsjálfsagt, að sú brtt., sem ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Skagf., hv. 5. þm. Reykv., hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. Siglf., verði hér samþykkt.

Ég vil svo aðeins segja það, af því að ég hef verið bendlaður oft og einatt mikið við þetta ölmál, að ég hef einungis flutt það vegna þess, að ég hef talið það skynsamlegt og ég hef talið líklegt, að það gæti átt nokkurn þátt í að bæta úr því ófremdarástandi, sem hér hefur ríkt í áfengismálunum. En eins og hv. frsm. allshn. sagði, þá er það aðalatriðið í þessu máli, að hér takist að skapa heilbrigt almenningsálit, sem fordæmi drykkjuskap og óreglu, þannig að það þyki vanvirða að því, að maður sjáist ölvaður á almannafæri, og það þyki vanvirða að því yfirleitt að drekka frá sér vit og rænu. Áhrifamesta leiðin til þess að halda æskunni frá drykkjuskap held ég að sé sú að bæta aðstöðu hennar sem allra mest til íþróttaiðkana og útivistar.

Ég vil svo að lokum skora á hv. þingmenn að fylgja sannfæringu sinni, þegar til atkvgr. kemur um þessa till. Ef þeir gera það, er ég alveg viss um, að hún verður samþykkt.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að minnast lítillega á brtt., sem ég flyt á þskj. 536, og er breyting þessi við 11. gr. frv. Í þessari breyt. felst það, að það er tekið fram með beinu lagaákvæði, að áfengisverzlun ríkisins skuli selja lyfjabúðum áfengi til lyfjagerðar við kostnaðarverði. Þetta ætti nú kannske ekki að þurfa að setja í frv., og það má e. t. v. segja, að það ætti fullt svo vel heima í lögunum um áfengisverzlun ríkisins, en þar sem ákvæðið um þetta efni er þar mjög óljóst og þar sem einnig reyndin hefur orðið sú, að áfengisverzlunin hefur fylgt um þetta allt annarri reglu og sett mjög hátt verð á spíritus til lyfjagerðar, þá hefur þetta beinlínis orsakað verðhækkun lyfja og ýmiss konar vandræði í því sambandi.

Ég hygg, að það geti allir verið sammála um það, að mjög óeðlilegt sé, að áfengisverzlunin hagnist á því magni áfengis, sem inn er flutt eða selt er til þess eins að nota í lyf, heldur beri henni að selja slíkt með kostnaðarverði, því að það hlýtur að vera að sjálfsögðu kappsmál að

stuðla að því, að lyfin geti orðið sem ódýrust. Það getur ekki á neinn hátt leitt af sér misnotkun eða frekari misnotkun á meðferð þess áfengis, sem lyfsalar fá til lyfjagerðar, hvort það er selt nokkru dýrar eða ódýrar, þannig að það á ekki að þurfa að skapa neina hættu að því leyti, þó að ákveðið sé, að áfengið sé selt þeim við kostnaðarverði. Það verður vitanlega, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að setja um það strangar reglur, hversu haga skuli sölu áfengis til lyfsala og lækna, og reyna að framfylgja þeim reglum, og það mun auðvitað ekki skapa neitt meiri erfiðleika, þó að þeim sé sett þetta mark með því lága verði, sem gert er ráð fyrir, enda — eins og ég sagði áðan — virðist ótvírætt sú vera ætlunin í lögunum um áfengiseinkasölu ríkisins eða áfengisverzlun ríkisins, að þetta sé gert. En þar sem reyndin hefur orðið sú, að það hefur ekki verið gert, þá þykir mér sjálfsagt, að það sé beinlínis tekið fram í þessum lögum, enda út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, þar sem í lögunum er að finna bæði ákvæðin um þær reglur, sem setja skuli í sambandi við áfengissölu til lyfjabúða og einnig á öðrum stað í frv. gert ráð fyrir, að þar sé mælt fyrir um, hvort heimilt skuli að selja áfengi með afslætti eða ekki, þannig að þetta brýtur ekki á neinn hátt í bága við það, sem gert er ráð fyrir í frv. eins og það hljóðar nú. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta. Þessi till. skýrir sig sjálf, og vænti ég, að hv. þdm. geti fallizt á, að það sé eðlilegt sjónarmið, sem þarna kemur fram.

Þá vil ég í sambandi við brtt. þá, sem við hv. 5. þm. Reykv. flytjum á þskj. 516 og lýst var hér í gær, leyfa mér að bera fram skriflega brtt., þar sem ýmsir hafa lagt aðra merkingu í orðalag till. heldur en ætlun okkar er, og það er auðvitað sjálfsagt að taka af öll tvímæli um það. Þó að ég telji, að það hafi strangt tekið ekki þurft, þá er samt sjálfsagt, úr því að tækifæri er til þess, að breyta orðalaginu þannig, að það geti ekki leikið á tveim tungum, hvað við er átt. En það var sem sagt skoðun sumra, að í till. væri gert ráð fyrir því, að eftirlitsmennirnir væru starfsmenn veitingahúsanna og tækju laun sín hjá þeim og væru þeim háðir. Það er auðvitað alls ekki ætlunin, heldur að þetta verði eins og hverjir aðrir löggæzlumenn, sem taki laun sín hjá ríkissjóði, og veitingahúsin greiði síðan aftur eftir ákvörðun ráðherra þann kostnað, sem verður af eftirlitinu. Ég vildi því leggja til, að í stað orðanna „og skulu leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans, eftir ákvörðun ráðherra“ komi: Ríkissjóður greiðir laun eftirlitsmanna, en leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað við eftirlitið, eftir ákvörðun ráðherra. — Þá held ég, að það leiki ekki á tveim tungum, hvað við sé átt í till.

Þá langar mig örlítið að lokum til þess að ræða við fulltrúa heilbrigðrar skynsemi hér í d., hv. þm. N-Ísf. Mér dettur ekki í hug að draga í efa, að hann hafi fullan vilja á að vera í þessu máli sem öðrum túlkandi hinnar heilbrigðu skynsemi og það muni því vera fullkomlega óviljandi, sem hann gerist talsmaður að því máli, sem hann hefur ásamt nokkrum öðrum borið hér fram í þessari hv. þd., og harma ég það vissulega, að honum skuli þó hafa skotizt í þetta sinn með sína heilbrigðu skynsemi.

Ég vil nú fyrst leyfa mér að leiðrétta það, sem hann sagði um afstöðu mína hér í d. í gær, að ég hefði síður en svo mælt á móti því, að vín væri selt í landinu. Þetta er vitanlega alger rangfærsla á mínum orðum. Ég tók það beinlínis fram í upphafi míns máls, að það lægi ekki fyrir nú í sambandi við þetta frv. að ræða um það atriði, hvort menn væru með eða móti vínsölu í landinu yfirleitt, og ég tók það fram, að brtt. mínar bæri að skoða í því ljósi, að við stæðum andspænis þeirri staðreynd, að það væri gert ráð fyrir í þessu frv., að vínsala færi fram, og þar væri aðeins um það að ræða, hvernig ætti að haga sölu á því víni, sem á annað borð er flutt til landsins og haft hér til sölu. Ég tók það skýrt fram, að ef um það væri að ræða, hvort yfirleitt ætti að flytja til landsins áfengi eða ekki, þá gæti viðhorf mitt til þessa máls vitanlega verið allt annað, en þegar um það er að ræða, hvernig haga skuli sölunni, þá hygg ég, að það verði ekki með nokkrum rétti sagt, að maður sé talsmaður sölu á sterkum vínum, þó að hann gerist nokkur þátttakandi í till. um það, hvernig skynsamlegast muni vera að haga sölu á þessu eiturlyfi, úr því að það á annað borð er selt í landinu. Hygg ég, að flestir muni geta skilið, að það er reginmismunur á mínu viðhorfi eins og það raunverulega er og eins og það var túlkað af hv. þm. N-Ísf.

Mér skildist á hv. þm., að hann teldi, að ölneyzla og sala á sterku öli væri sérstakt menningareinkenni, og það væru aðeins Eskimóarnir í Grænlandi, sem slyppu undan þessari menningu. Ég held, að það þurfi ekkert að aumka Eskimóana í Grænlandi fyrir það og Íslendingar þurfi ekkert að skammast sín fyrir að hafa sömu reglur um það atriði hjá sér eins og það er, þó að það kunni að vera sama sem gildir í Grænlandi. Það, sem skiptir meginmáli í þessu, er að gera sér grein fyrir því, hvernig er reynsla ölþjóðanna, og það, sem ég lagði áherzlu á í máli mínu í gær, er það, að ef það er staðreynd, að reynsla þeirra þjóða, sem öl hafa bruggað og selt um lengri tíma, er slík, að þar liggur ljóst fyrir, að um miklum mun meiri áfengisneyzlu er að ræða heldur en hjá okkur og jafnvel margvísleg önnur vandræði í sambandi við áfengismál þar sízt minni eða jafnvel meiri en hér, þá álít ég, að það sé fullkomið glapræði og ábyrgðarleysi að fara að taka upp sölu á slíkri vintegund hér. Það er nóg að verða að búa við það, sem við höfum, þó að við bætum ekki því ofan á, ef staðreyndin er sú, að það er reynsla annarra þjóða, að ölið hafi í för með sér aukna vínneyzlu, en ekki hið gagnstæða. Og það taldi ég mig hafa sýnt fram á hér í gær í minni ræðu, að það einkennilega liggur ljóst fyrir í opinberum skýrslum, sem ekki verða vefengdar, að þótt mikið sé talað um áfengisvandamál hér á Íslandi og það sé vissulega mikið, þá drekka þó Íslendingar langminnst allra Norðurlandaþjóðanna. Danir drekka meira en tvöfalt á móts við Íslendinga, miðað við hvern íbúa

landsins, og þeir hafa blessun ölsins. Þannig hefur það nú verkað þar. Og samkvæmt skýrslu, sem gerð hefur verið af heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 1951, þá er þar tekið fram, að blessun ölsins hafi nú ekki verið meiri í Danmörku en það, að þar séu um 1600 alkóhólistar á hverjar 100 þús. íbúa, þannig að það virðist nú ekki vera neitt sómaástand í því landi, og ég býst við, að sem betur fer fari því fjarri, að hér á Íslandi séu yfir 2000 alkóhólistar, og höfum við þó ekki notið blessunar ölsins.

Hv. þm. N-Ísf. ræddi töluvert um reynslu Svía og Norðmanna og gat um það, að Svíar væru nú að hverfa frá sínu kerfi og hefðu nú ákveðið að leyfa bruggun á sterku öli í landinu. Þetta er alveg rétt. En það út af fyrir sig sannar ekki neitt um ágæti sterka ölsins af þeirri einföldu ástæðu, að Svíar hafa búið við hina hörmulegustu áfengislöggjöf allra Norðurlandaþjóðanna. Þeir hafa haft skömmtun áfengis um langt árabil, en það hefur ekki reynzt betur en það, að þeir drekka helmingi meira en Danir á hvern íbúa, þannig að þeir eru langsamlega hæstir með sína skömmtun í áfengisneyzlu af öllum Norðurlandaþjóðunum. Það, sem þeir eru að gera hér, er ekki annað en þeir eru að fálma sig áfram og reyna að taka upp eitthvað annað en það vandræðaástand, sem þeir hafa búið við, og það er enginn kominn til með að segja það, að bruggun og sala ölsins minnki nokkurn hlut áfengisneyzluna þar í landi. Þetta er aðeins tilraun, sem þeir eru að gera í sínu vandræðafálmi vegna þess hörmungarástands, sem þar hefur verið. En að það réttlæti, að við förum að taka upp eftir Svíum þessa tilraun þeirra, er auðvitað fjarri öllu lagi. Úr því að hv. þm. minntist á Norðmenn, þá er ekki úr vegi að benda honum á það, að sterka ölið hefur ekki reynzt betur í Noregi en svo, að um 500 héraðsstjórnir og bæjarstjórnir hafa skorað á ríkisstjórnina norsku að hætta að selja sterkt öl í landinu. Reynslan er nú ekki betri en þessi.

Þegar það liggur ljóst fyrir, eins og ég áðan sagði, að við Íslendingar neytum nú minnst áfengis af öllum Norðurlandaþjóðunum, þó að hér sé að vissu leyti vandræðaástand á því sviði, og við einir allra Norðurlandaþjóðanna höfum ekki sterkt öl, þá finnst mér það harla einkennileg niðurstaða að halda því fram, að það sé eitthvert sérstakt bjargræði að fara nú að taka upp að selja hér sterkt öl. Ég minntist hér áðan lauslega á áfengisneyzluna á Norðurlöndum, mælti það eftir minni, en það hefur verið skotið hér að mér nákvæmum upplýsingum um það, hvernig ástatt er í því efni, en ástandið er þannig, að í Danmörku var áfengisneyzlan 1952 2.92 l af 100% alkóhóli á hvert mannsbarn, í Finnlandi 1.87 l, í Noregi 2.12 l, í Svíþjóð 3.71 l og á Íslandi 1.33 l, þannig að ljóst er af þessum tölum, að við erum þó langsamlega lægstir með áfengisneyzluna hér. Og svo vilja menn taka hér upp menningu bjórsins.

Hv. þm. N-Ísf. sagði, að það lægi nokkuð ljóst fyrir og væri einkennilegt, ef menn væru ekki á þeirri skoðun, að sá, sem drykki 4% öl, yrði síður ölvaður heldur en sá, sem drykki 60% vín. Ja, ég hygg nú, að það sé enginn, sem hefur haldið því fram eða detti í hug að halda því fram, að það lægi ekki nokkurn veginn ljóst fyrir, enda er það alls ekki kjarni þessa máls, hvort maður verður ölvaðri, ef hann sezt niður við öldrykkju eða vindrykkju. Það eru margar aðrar hliðar á málinu. Það er staðreynd, sem betur fer, að það er ekki hér á landi almenn áfengisneyzla, ég á við, að það er mjög lítið um það hér á landi, að menn neyti að staðaldri áfengis, eins og á sér stað t. d. í löndum eins og Frakklandi, þar sem drykkjuskapur er svo mikill, að það eru drukknir þar yfir 16 l af alkóhóli á hvert mannsbarn. Þetta hins vegar fylgir í kjölfar ölbruggunarinnar, að þar verður áfengisneyzlan miklum mun tíðari og menn neyta áfengis miklu almennar.

Ég ræddi rækilega í ræðu minni hér í gær um hættu þá, sem bæði æskulýðnum og mörgum öðrum stafaði af sterka ölinu, minntist einnig á þá ómenningu, sem hvarvetna hefur fylgt í sambandi við ölknæpurnar, og ég hygg, að það sé á engan hátt hægt að benda á nein rök, sem séu svo haldgóð, að þau megna að vega upp þær sterku röksemdir, sem fyrir liggja um hina slæmu reynslu þeirra þjóða, sem hingað til hafa haft þennan sæludrykk, sterka ölið, á boðstólum fyrir sína borgara.

Það er dálítið eftirtektarvert að minna á það, að þegar bannið á sínum tíma var afnumið 1935, þá var það ein meginröksemd andbanninga, að ef það væru fluttir til landsins sterkir drykkir, þá mundi það draga úr drykkjuskapnum, vegna þess að veiku vínin hefðu í för með sér miklu almennari drykkjuskap heldur en ef sterkir drykkir væru. Nú virðist þessu vera gersamlega snúið við hjá mörgum þessum sömu mönnum í sambandi við baráttu þeirra nú fyrir öli. Nú á það að leiða til minnkaðs drykkjuskapar að fara að taka upp bruggun á sterku öli, vegna þess að það muni verða miklu minna um það, að menn drekki vín, ef ölið sé annars vegar. Þetta sýnir nú nokkuð, hvernig seglum er hagað eftir vindi, eftir því, hvað við á hverju sinni.

Hv. þm. N-Ísf. gaf það í skyn í sinni ræðu, að ég hefði haldið því fram, að talsmenn ölsins hér væru vitandi vits að eitra fyrir þjóðina. Þetta hef ég aldrei sagt og dettur ekki í hug að halda fram. Ég efa ekki, að þessir hv. þingmenn hafa fullan vilja á því með sínum till. að stuðla að endurbótum í áfengismálunum. Því dettur mér ekki í hug að halda fram, að neinn hér á hinu háa Alþingi hafi löngun til þess að fara að leiða ógæfu yfir sína þjóð í sambandi við till. í áfengismálunum. Og það má auðvitað endalaust deila um mörg atriði þessa máls. Þetta er búið að vera böl, ekki aðeins okkar þjóðar, heldur svo að segja allra þjóða heims og mest böl hinna svo kölluðu menningarþjóða um aldir, og hafa verið reynd ótal ráð til þess að vinna bug á þessu mikla böli. Þessi ráð hafa flest reynzt haldlítil í þessari baráttu, og því miður er það svo enn í dag, að það hefur reynzt erfitt að ala mannkynið svo upp, þrátt fyrir alla fræðslu og þekkingu á skaðsemi áfengis, að það þroskaðist upp í það að afneita þessu eiturlyfi, og ég hygg, að það eigi enn langt í land. En hins vegar verða vitanlega allir góðir menn að reyna að taka höndum saman um það að finna skynsamlega lausn

á þeim vanda, eftir því sem efni standa til hverju sinni.

Ég minntist á það hér í gær, að það væri einkennilega til komið þetta ölmál hér, það væri reynt með ýmsum brögðum að læða því hér inn í það frv. til áfengislaga, sem liggur hér fyrir. Hv. þm. vildi mótmæla því, að á það væri lagt nokkurt ofurkapp að koma því í gegn hér á hinu háa Alþingi. Ég held nú, að allir hv. þm. séu búnir að fá af því nokkra reynslu undanfarna daga og vikur, að það hefur ekki svo lítil viðleitni verið sýnd í þá átt — og það jafnvel með ýmiss konar brögðum — að koma þessu sterka öli inn í löggjöfina, þannig að hv. þm. þurfi nú ekki að móðgast stórlega, þótt á það sé bent, að það hafi verið lagt á þetta nokkuð mikið kapp.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. á lengra máli. Ég vil aðeins láta að lokum í ljós nokkra undrun yfir því, að hv. þm. N-Ísf. sér ástæðu til í sambandi við þetta mál að skora á þingmenn að fylgja sannfæringu sinni, eins og hann geri ráð fyrir því, að þm. almennt geri það ekki og reyni ekki eftir beztu vitund að greiða atkvæði eftir því, sem þeir telja sannast og réttast. Ég sé nú út af fyrir sig ekki neina ástæðu til þess að bera fram slíkar áskoranir. Ég geri alveg ráð fyrir því, að hver og einn hv. þm. muni í þessu máli reyna að fylgja sinni sannfæringu, og býst við, að enginn telji vofa yfir sér neina skelfingu, þó að hann geri það.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti Í 9. gr. þessa frv. segir m. a. á þessa leið: „Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings."

Hv. allshn. þessarar d. hefur lagt fram allmargar brtt. við frv., og 3. brtt. hennar á þskj. 489 er um það að fella niður þetta ákvæði úr 9. gr., sem ég nefndi áðan. Ég tel sízt ástæðu til að fella þetta niður og mun því greiða atkvæði gegn þessari brtt. n. og vænti þess, að sem flestir aðrir geri það einnig. Annars vil ég taka það fram út af till., að ég tel þær fleiri til bóta á frv. En ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 526 brtt. við þennan lið í 9. gr., sem ég hef hér gert að umtalsefni. Ég legg til, að á eftir orðinu „veitingamönnum" komi: eða öðrum. — Ég tel sem sagt, að áfengisverzlunin eigi ekki að gefa neinum viðskiptamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings, hvorki veitingamönnum né öðrum.

Það mun hafa tíðkazt um alllangt skeið, að einstakir menn hafa fengið áfengi hjá áfengisverzluninni við miklu lægra verði heldur en almennt gildir á hverjum tíma. Þetta tel ég að eigi ekki þannig að vera, og ég hef ásamt ýmsum öðrum þm. oft á undanförnum þingum gert tilraunir til þess að fá þessari reglu hrundið. Við höfum stundum flutt um þetta þáltill., en venjulega hafa þær ekki fengið hér fullnaðarafgreiðslu eða komizt til úrslita í þingi. Þá höfum við oftar en einu sinni borið fram brtt. um þetta í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, en þær hafa ekki heldur hlotið samþykki, og ég hef jafnvel heyrt suma menn, sem hafa greitt atkvæði gegn þeim, halda því fram, að slík ákvæði ættu alls ekki heima í fjárlögum, og kann það að hafa valdið nokkru um afdrif þessara tillagna. Nú verður hins vegar ekki um það deilt, að ákvæði um þetta á vel heima í þessum lögum, og vænti ég þess, að máli þessu verði vel tekið af deildarmönnum.

Þá er hér annað atriði í till. hv. allshn., sem ég vildi minnast á. 9. brtt. hennar er um það, að í frv. verði bætt nýrri gr., um áfengisvarnanefndir, sem eiga að vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins. Þessar n. eiga að vera skipaðar 3 mönnum í hreppum, 7 í kaupstöðum öðrum en Rvík, þar sem n. á að vera skipuð 9 mönnum. Í till. segir á einum stað, að kostnaður við störf nefndanna greiðist úr ríkissjóði, að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiði fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim. Ég vil leyfa mér að leggja hér fram brtt. um þetta atriði, þess efnis, að nefndirnar skuli vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði, að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiði fyrir nauðsynlegt húsnæði, og er það eins og gert er ráð fyrir í till. allshn. Ég vil benda á það, að verði þessi gr. samþykkt og nefndirnar þar af leiðandi skipaðar, þá verða þetta líklega um 700 menn um allt land, sem verða starfandi í þessum nefndum, og mér finnst því rétt að taka það fram, að þær eigi ekki að fá laun fyrir sín störf, það gæti orðið nokkuð mikið að launa allan þann fjölda. Ég tel líka, að í öllum sveitarfélögum og kaupstöðum muni vera fólk, sem fúslega vilji taka þetta starf að sér sem sjálfboðaliðar án þess að fá fyrir það nokkur laun, og vænlegast teldi ég það einmitt, að slíku fólki væri falið það starf, sem þarna er gert ráð fyrir að þessar nefndir hefðu með höndum. Brtt. mín er því, eins og áður segir, um það, að tekið verði fram í lögunum, að nefndirnar verði ólaunaðar. Ég kom ekki auga á þetta atriði fyrr en nú nýlega og þarf því að biðja hæstv. forseta að taka við þessari brtt. minni skriflegri og leita afbrigða fyrir henni.

Það er að sjálfsögðu margt í þessu frv. og brtt. við það, sem fyrir liggja, sem gæti verið ástæða til að gera að umtalsefni, en ég mun ekki gera það a. m. k. við þessa umræðu, enda nú dagur að kvöldi kominn.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 536, 539, 540, 543, sem voru of seint fram komnar og sumar skriflegar, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen:** Þegar ég talaði hér í gær fyrir brtt. mínum á þskj. 496, þá mun mér hafa láðst að geta hér um eina af þessum brtt. eða einn lið í mínum brtt. Það er sem sé við 6. gr., að því er snertir ákvæðin um landhelgi þá, sem áfengislagaákvæðin taka til. Í frv., eins og það liggur hér fyrir og kom frá Ed., — en ákvæðin um þetta munu ekki hafa tekið neinni breytingu í Ed., heldur eru þau í því formi sem frv. var flutt, — skilst mér, að ákvæðin samrýmist ekki að öllu leyti þeirri fiskveiðalandhelgi eða ákvæðum um fiskveiðaréttindi við strendur landsins, sem nú gilda. Brtt. mín er því við það miðuð að tengja þetta nú saman. Meðan við bjuggum hér við þriggja mílna landhelgi, var sú landhelgi,

sem áfengislagaákvæðin tóku til, einum mílufjórðungi lengra á haf út eða 4 sjómílur, eins og nú gildir, en gömlu ákvæðin eru látin halda sér um breidd flóa og fjarða, sem þá var miðað við, en það er orðið úrelt nú, miðað við þá fiskveiðalandhelgi, sem við búum við. Hef ég þess vegna markað landhelgina eins og hún er nú, og brtt. mín um þetta hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landhelgi samkvæmt þessum lögum skal vera hið friðlýsta svæði innan línu, sem dregin er fjórar sjómílur utan við línur þær, sem ákveðnar eru í reglugerð nr. 21 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland."

Geri ég ráð fyrir, að það verði talið eðlilegt að hafa þetta orðalag, miðað við það, sem nú gildir í þessum efnum.

Ég þarf nú raunar ekki að bæta miklu við þá grg. eða framsögu, sem ég flutti hér fyrir mínum till. í gær. Ég gerði þar, að ég ætla, nokkuð ljósa grein fyrir þeirri stefnu, sem þar er fylgt, auk þess sem ég ræddi nokkuð um einstaka framkvæmdaliði þessa máls í því sambandi. Að þeim rökum, sem ég færði fyrir mínu máli, hefur lítið verið vikið af þeim, sem hér hafa talað, þrátt fyrir það þó að þeir máske sumir séu nokkuð á öndverðum meið við mig um sumt. Þess vegna er ástæðulaust að ræða um þá hlið þessa máls frekar nú við framhald þessarar umr.

Hins vegar gat ég þess, að hér væru brtt., sem ástæða væri til að minnast nokkuð á, en þar sem þá hafði ekki verið gerð grein fyrir þeim, vildi ég ekki ræða þær fyrr en flutningsmenn þeirra hefðu haft tækifæri til þess að reifa þær. Til dæmis að taka viðvíkjandi brtt. á þskj. 516, sem þeir flytja, hv. 2. þm. Eyf. og hv. 5. þm. Reykv., benti ég hv. 2. þm. Eyf. á það, að réttara væri að breyta nokkuð orðalagi þessarar till., svo að það kæmi skýrt fram, hvernig yrði hagað greiðslum til þeirra eftirlitsmanna, sem þar er gert ráð fyrir að dómsmrh. sé heimilt að skipa, ef það yrði nú ofan á, að áfengisveitingar á veitinga- og gistihúsum yrðu leyfðar. Nú hefur hv. 2. þm. Eyf. tekið þetta til greina og flutt skriflega brtt. hér í samræmi við þessar ábendingar mínar. Hins vegar er það svo, að ef samþ. verða mínar till. um það, að ekki verði leyfðar vínveitingar á veitinga- og gistihúsum, þá vitanlega kemur þessi brtt. ekki til atkvæða, af því að þá á hún ekki orðið við efni frv. eins og það þá mundi vera orðið.

Hv. 2. þm. Eyf. hefur nú gert svo hreint fyrir dyrum okkar, sem erum því andvígir, að hér verði farið að stofna til bruggunar á sterku öli og sölu innanlands, að ég þarf raunar ákaflega litlu við það að bæta. Hann hefur dregið hér fram á mjög skilmerkilegan hátt þær hættur, sem blasa við gagnvart æsku þessa lands, ef farið verður inn á þá braut að leyfa hér bruggun og sölu áfengis af þeim styrkleika, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Og hann hefur ekki einasta túlkað hér hugboð fjölda manna í landinu um þá hættu, sem okkur Íslendingum væri af þessu búin, heldur hefur hann stutt þetta með órækum dæmum frá nágrannaþjóðum okkar, þar sem dæma má af langri reynslu í þessu efni. Þó að við búum hér við mjög beiska reynslu að því er snertir afleiðingar af ofnautn áfengra drykkja, þá eru þó ýmsar aðrar þjóðir enn verr komnar í þessu efni. En allar þessar þjóðir, sem komnar eru lengra ofan í svaðið í þessu efni, þar sem drukkið er allt að því helmingi meira áfengismagn á ári á hvern íbúa heldur en hér er hjá okkur, leyfa annaðhvort bruggun og sölu áfengs öls eða þá brugga og selja létt vín, eins og t. d. Frakkar, sem allra manna lengst, eða a. m. k. þeirra, þar sem skýrslur eru haldnar um þetta, eru lengst komnir afvega í því að selja sig á vald vínsins og þeirra afleiðinga, sem mikil nautn þess hefur í för með sér, og það svo, að til beinnar úrkynjunar stefnir. Þetta eru allt saman órækt dæmi og með þeim hníga stoðir undir hugboð þeirra manna og ótta við afleiðingar þess, að þetta verði tekið upp hér á landi, og taka af skarið um það, að sá ótti sé á fullkomnum rökum reistur.

Þá er rétt að geta þess, að eins og nú er komið, þá ber þetta orðið harla einkennilega að um tillögur þeirra manna, sem endilega vilja, að hér verði bruggað og selt áfengt öl. Í frv., eins og það kom frá Ed., eru ákvæðin um þetta sett inn í 2. gr. þessa frv. En þegar það svo kemur á daginn, að fengizt hefur um það samkomulag í allshn. að leggja til að nema þetta ákvæði út úr frv. og láta gömlu ákvæðin um styrkleika hins óáfenga öls standa, þá rísa hér upp fimm dm. og bera fram till. um það, að þessi ákvæði skuli tekin upp í 7. gr. frv. M. ö. o. eru þeir hér með nokkurs konar vistaskipti á þessum ákvæðum eða máske réttara sagt nokkurs konar búferlaflutninga þessara ákvæða á milli greina í frv., eins og á sér stað, þegar menn í sveitum þessa lands flytja búferlum í fardögum, eins og alkunnugt er, af einni jörð á aðra. Þetta ber harla einkennilega að, og því einkennilegra er það, þar sem a. m. k. einn af flm. brtt. á þskj. 519 um að taka þessi ákvæði upp í 7. gr. ber fram ásamt meðnm. sínum í allshn. till. um að fella ákvæðin um þetta áfengismagn niður úr 2. gr. Þetta virðist vera harla einkennilegar aðfarir, og sýnir það, að þeir menn, sem að þessu standa, eru í hálfgerðu vandræðaástandi með að koma þessu fóstri sínu á framfæri, og þeim er það ekki láandi, svo illt og bölvað sem það er. Þeir leggja sem sé til að deyða fóstrið á öðrum stað, en vekja það svo aftur upp frá dauðum á hinum staðnum. Þetta er harla einkennileg aðferð og ég held alveg einsdæmi í meðferð mála á Alþingi.

Ég gat þess hér áðan, þegar hv. þm. N-Ísf. var að rekja feril þessa sterka öls hér á Alþ. að undanförnu, að hann hefði ekki tíundað til fullnustu þann hlut, sem hann á í flutningi þessara mála, og tók hann það, að ég ætla, harla óstinnt upp fyrir mér. En ég heyrði nú ekki allt af því, sem hann sagði um þetta efni, af því að ég var þá í þeim svifunum kallaður til að tala við landssímann og varð að víkja mér frá. Það var alveg rétt hjá honum, að það mun hafa verið á þinginu 1932, sem þáverandi þm. Mýr. (BÁ) flutti till. um það, að farið yrði að brugga og selja sterkt öl hér á landi, og átti þá að veita einstökum manni eða einstöku félagi einkaleyfi til þessarar bruggunar. Þessi bruggunar- og sölutilraun áfengs öls fékk nú þau afdrif þá, að

málið komst ekki einu sinni gegnum 1. umr. Það voru haldnar nokkrar ræður um það, og þar með var ferli þess að því sinni lokið á Alþingi. Svo er það hv. þm. N-Ísf., sem vekur þetta mál upp aftur á þinginu 1947 ásamt 1. þm. Skagf. (StgrSt). Þá komst þó málið dálitið áleiðis. Það komst í gegnum 1. umr. og til nefndar, en nál. var aldrei gefið út um það, heldur svæfði n. málið, og lengra komst það ekki þá. En svo rennur upp árið 1950. Þá flytur hv. þm. N-Ísf. þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á áfengislögunum, og einn þátturinn í þeirri endurskoðun var einmitt uppvakning á hugmynd hans um að fara að brugga hér sterkt öl, en hann hafði þá nokkuð slegið af í þessu efni, því að þá átti eingöngu að brugga öl til útflutnings. Í till. stendur svo: „Jafnframt henni (þ. e. jafnframt endurskoðuninni) skal framkvæmd athugun á því, hvort unnt sé að skapa landsmönnum auknar gjaldeyristekjur með því að leyfa hér bruggun áfengs öls til útflutnings.“ Þá átti að fara að brugga öl til þess að afla landinu gjaldeyristekna og spekúlera í drykkjugirnd manna í öðrum löndum, eða máske í öðrum heimsálfum, en landsmenn áttu þá að vera friir af ósómanum. (**Gripið fram í:** Eins og Eskimóar.) Ja, ég vík kannske að Eskimóunum heldur fyrr en seinna. Svona var nú þetta þá, og það er það, sem ég átti við, að hv. þm. tíundaði ekki allt. Það var þessi ábaggi hans, sem hann hafði þá gleymt í þeirri andrá, og er það nú máske ekkert tiltökumál. Þessi þáltill. hv. þm. N-Ísf. komst í n., og nú kom nál. En þá var þessu öllu snúið við í höndum hv. þm., því að n. hafði samið nýja till., þar sem tekið var undir hugmyndina um að endurskoða áfengislöggjöfina, en allt í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun áfengis í landinu, sem sé með því að löggjöfin um þetta efni væri háð takmörkunum á ofnautn áfengis í landinu, einmitt í þá stefnu, sem ég held fram að við eigum að fylgja og ég hef í mínum till. gerzt hér talsmaður fyrir og er í fullu samræmi við stefnu og starf þess fólks í þessu landi, sem tekið hefur að sér það göfuga hlutverk að verja *miklu af starfskröftum sínum* um allar byggðir þessa lands til þess að hamla á móti notkun áfengis.

Þegar hv. þm. N-Ísf. flutti frv. sitt 1947, þá var hann þar við þriðja mann á því frv., en þegar hann svo reyndi að endurvekja þessa hugmynd um ölbruggunina aftur 1950, þá var hann orðinn einn á bát. Nú hefur hann fengið nokkurn liðsauka, því að nú er hann kominn hér á fjögurra manna far og er þar einn yfirskipsmaður, því að flm. eru nú orðnir fimm, þannig að það má nú segja, að á fjögurra manna farinu sé nú allvel mannað. Hann hefur sem sé með sér þar fjóra ræðara, en sjálfur situr hann við stýrið.

Ég sagði áðan, að hv. 2. þm. Eyf. hefði gert þessu máli svo rækileg skil frá sjónarmiði okkar, sem óttumst aukna vínnautn í landinu við það, að farið verði að brugga hér sterkt öl, sem sé, að þau fyrirbrigði í þessu efni, sem komið hafa í ljós og ganga ljósum logum í þeim löndum, þar sem áfengt öl er bruggað og selt, að það verði til þess að auka vínnautnina, muni ekki fara fram hjá bæjardyrum okkar, heldur muni hér verða vart við hin sömu áhrif, og við vitum ekkert nema þau áhrif geti komið fram í enn þá sterkari og ægilegri mynd. Við þekkjum það vel, að drykkjugirndin er ákaflega rík hjá mörgum borgurum þessa lands. Þess vegna er að sjálfsögðu ákaflega hættulegt, þar sem þetta liggur svo ríkt í blóði landsmanna, að fara hér að brugga sterkt öl, sem öðru fremur samkv. reynslu annarra þjóða leiðir til þess, að æskan fari út á drykkjubrautina, því að í því efni er reynslan *alls staðar söm við sig. Og það er staðreynd* hér hjá okkur, að þeir menn eru margir, sem fara að neyta áfengis í hófi fyrst til þess að byrja með, en drykkjugirndin er svo rík í eðli þeirra, að þeir ráða ekki margir hverjir við þá ástríðu og lenda í því vesældar- og hörmungarástandi eins og alkunnugt er að hent hefur allt of marga af íslenzkum borgurum.

Hv. þm. N-Ísf. sagði, að þetta, sem hann kallaði nú létt öl, þetta áfenga, sem hann vill brugga, sem mun nú vera nokkuð af líkum styrkleika og drukkið er heima fyrir í Danmörku og í nágrannalöndunum, þó að þeir hins vegar bruggi sterkara öl til útflutnings, — hann sagði, að það mætti frekar líta á þetta sem neyzluvöru, — og guð minn góður komi til, ef það á að fara að líta á ölið með þessum styrkleika sem neyzluvöru. Hvernig færi, ef sá hugsunarháttur festi rætur með þjóð vorri, hvernig mundi þá ástandið verða hér eftir nokkurn tíma? Ég held, að hv. þm. hljóti að gera sér það alveg ljóst, þrátt fyrir það þó að hann beiti nokkurri ásækni í þessu efni, að hann er hér á ákaflega hættulegum villigötum; hann er á þjóðhættulegum villigötum með þessa till. sína, ef það á að fara að líta á þennan bjór sem einn þátt í neyzluvörum landsmanna. Ég veit, að hv. þm. hefur tæplega gert sér grein fyrir því, hvað hann var að segja, þegar hann lét þessi orð falla hér áðan. Þessi bruggunaráhugi, sem hann er haldinn af, hefur hlaupið í gönur með hann.

Hv. þm. N-Ísf. sagði, að áfengið væri þeim mun minna skaðlegt, sem það væri þynnra. Hví í ósköpunum vill hann þá vera að gera ölið styrkara heldur en það er, svo að ég haldi bara líkingunni? Þetta er allt svo furðulega vanhugsað hjá hv. þm.

Viðvíkjandi hugmyndinni um að fara að brugga hér bjór til útflutnings og afla þannig gjaldeyristekna, dró hv. þm. upp nokkra mynd af því, hvað Íslendingar mundu geta á þessu grætt. Það er alveg rétt, að Danir afla mikilla gjaldeyristekna með sölu á bjór, og þeir eru taldir standa framarlega í því efni. Þetta freistaði Norðmanna á sínum tíma. Þeir ætluðu líka að feta í fótspor Dana um þetta og fóru að brugga sterkt öl. En hver varð reynslan hjá þeim í þessu efni að því er snertir útflutninginn? Þeir komust aldrei hærra en það að geta selt 6% af framleiðslunni til annarra landa, hitt fór allt saman ofan í þá sjálfa eins og það lagði sig. Ég skal ekkert segja um það, hvort Íslendingar mundu skáka frændum sínum og nábúum, Norðmönnum, í þessu efni og verða duglegri að selja bjórinn erlendis, það, sem hér væri búið til, en svona fór nú þetta fyrir Norðmönnum.

Af því að hér er talað um það, hvað Danir

hafi miklar gjaldeyristekjur af bjórnum, þá er það ekki nema önnur hlið þessa máls í Danmörku. Það er vitað, að bjórneyzlan heima fyrir í Danmörku er að verða í vaxandi mæli hreint og beint þjóðarböl. Hér var á s. l. sumri haldið norrænt bindindisþing. Á því þingi mætti sá maður, sem nú um fimm áratugi hefur verið framkvæmdastjóri bindindissamtakanna í Danmörku, Adolf Hansen. Hann flutti á þessu norræna bindindisþingi hér erindi um ölbruggunina í Danmörk og hvaða áhrif þetta hefði á dönsku þjóðina, og þær lýsingar voru mjög átakanlegar. Aðalefni þess erindis, sem framkvæmdastjóri bindindissamtakanna í Danmörku, Adolf Hansen, flutti, var birt núna alveg nýlega í Morgunblaðinu, og ég vil nú spyrja hv. þm. N-Ísf., hvort hann lesi ekki Morgunblaðið? Þar hefði hann getað fengið alveg óyggjandi fræðslu um þetta efni úr erindi þessa valinkunna og grandvara manns. Hann er ekki kominn hér upp til Íslands til þess að afflytja dönsku þjóðina eða bera henni verr sögu en ástæða væri til. Honum þykir vænt um sína þjóð, og þessi væntumþykja hans hefur m. a. komið fram í því, að hann hefur gert það að aðallífsstarfi sínu að reyna að hamla upp á móti skaðlegum afleiðingum áfengisnautnarinnar í Danmörku. Hann kemur til Íslands til þess að segja blákaldan sannleikann um þessi mál og í athugunarskyni fyrir alla þá fulltrúa frá Norðurlöndunum, sem mættir voru hér á þessu norræna bindindisþingi, og þ. á m. til aðvörunar fyrir Íslendinga.

Hv. þm. N-Ísf. talaði um það sem sérstakt ómenningaratriði hjá Íslendingum, að þeir brugguðu ekki sterkt öl, og í þessu efni ættu þeir enga sína líka aðra en Eskimóa. Ja, það er mjög einkennilegt og kemur mjög í bága við sambúðarsögu Íslendinga og Dana, ef Danir hafa ekki séð þessum fáu Eskimóum fyrir nógu öli í Grænlandi. Ég skil ekki annað en að það hefði verið að bera í bakkafullan lækinn, að Eskimóarnir hefðu farið að brugga þar öl. Við þekkjum það frá fyrri sambúðarárum Íslendinga og Dana, meðan einveldi var og einokun á verzluninni. Þá skorti það aldrei, að hingað væri flutt til lands nóg af brennivíni, þó að fólkið jafnvel félli úr harðrétti, af því að hér skorti nauðsynjavörur. Það þarf varla að gera ráð fyrir því, að Eskimóana hafi skort bjór og brennivín undir handleiðslu Dana.

Ég skal nú ekki fara öllu fleiri orðum um þetta og þá m. a. af því, eins og ég hef hér áður tekið fram, að hv. 2. þm. Eyf. hefur gert svo hreint fyrir okkar dyrum, sem lítum á það sem hættulegan hlut, að farið verið að brugga hér og selja innanlands áfengt öl. En af því að hv. þm. N-Ísf. talar svo mikið um höft og bönn og þau áhrif og viðleitni, sem bindindisstarfsemin í landinu og aðrir hafa haft í frammi til þess að hamla upp á móti vínnautninni, og hann lítur svo á, að þetta hafi verið fjötur um fót Íslendinga, vil ég nú spyrja: Hvað þekkir hv. þm. N-Ísf. inn á þetta? Hefur hann nokkurn tíma tekið þátt í bindindisstarfsemi? Hefur hann nokkurn tíma farið út um byggðir þessa lands til þess að boða mönnum bindindi, verið þátttakandi í starfsemi, sem leitar allra ráða bæði hver og einn sem einstaklingur og með félagsbundnum samtökum til að hafa áhrif á hugi fólksins í þessum efnum? Hverjir skyldu nú vera líklegri til þess að þekkja nokkuð til um það, hvað við á og haldbezt mundi vera í þessu efni, þeir, sem með löngu starfi hafa kynnzt hugsunarhætti fólksins í landinu, eða hinir, sem sneitt hafa fram hjá því að taka nokkurn þátt í slíku starfi, — þeir menn, sem nákunnugastir eru hugsunarhætti fólksins, hvernig ungt og eldra fólk hugsar í þessum efnum og hvað marka má af þeirri kynningu að líklegast sé til áhrifa? Þeir, sem bezt þekkja til, leggja allir á það mikla áherzlu, að löggjöfin veiti þeim stuðning í starfi sínu með skynsamlegum takmörkunum, er að haldi megi koma til að sporna á móti þessari gegndarlausu nautnafíkn, sem fram kemur, eins og kunnugt er, í þessu efni, hjá fjölda manna. Hinir, sem ekkert þekkja til þessa hugsunarháttar, eins og hinir svokölluðu raunsæismenn, sem nú hafa nýlega skotið selshausnum upp hér á Íslandi, þeir segja: Þetta er ekki leiðin; leiðin til þess er allt önnur. — Það eru tveir aðalpóstar í stefnuskrá þessara raunsæismanna, og þeir eru: að brugga og selja sterkt öl í landinu og gefa allar vínveitingar frjálsar. Þarna fékk hv. þm. N-Ísf. andlega sálufélaga. Það er nú verið að safna hér á vegum þessara raunsæismanna, að því er sagt er, undirskriftum hér í Reykjavík og víðs vegar úti um land, sem eiga að staðfesta það m. a., að öl með 3½% vínanda að þunga sé ekki áfengt, því að það er einn liður í þessum undirskriftum að staðfesta, að svo sé ekki, því að þeir heimta, að þetta ákvæði verði látið standa í frv. Mér er sagt, að forustumaður þessa flokks, eða hvað nú á að kalla það, sé barna- og unglingafræðari, sem Reykjavíkurbær elur hér á brjóstum sér. Það er líka vissulega umhugsunarefni, þegar menn, sem settir eru í slíka ábyrgðarstöðu eins og það er að móta hug ungmenna, sá fyrstu frækornunum í sál æskunnar, — það er mikið ábyrgðarhlutverk, sem þessir menn eiga að gegna, en hvort þessi kenning er í fullu samræmi við það ábyrgðarríka starf, það ættu a. m. k. ráðamenn Reykjavíkurbæjar að taka til athugunar.

Ég skal nú svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vænti þess, þegar til atkvgr. kemur, að þá megi tillögur mínar njóta hér í deildinni góðs gengis. Með því móti er af hálfu löggjafarvaldsins létt undir með þeim mönnum í þessu landi, sem gegna nú því hlutverki að vinna gegn vínnautninni, víkja þeim súra bikar frá vörum þjóðarinnar.

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Það var út af till. hv. þm. V-Húnv. á þskj. 526 og þeirri grg., sem frá hans hendi fylgdi þessari till., sem ég vildi gjarnan minnast á.

Ég tók það fram í minni framsöguræðu, að sú málsgr. í 9. gr., sem n. leggur til að felld verði niður og fjallar um það, að ekki megi gefa veitingamönnum afslátt frá venjulegu útsöluverði, er eingöngu felld niður af n. vegna þess, að hún telur, að hér sé um hreint framkvæmdaratriði að ræða, eins og það, að ekki er tekið fram í þessum l., hvaða verð skuli vera á áfengi í áfengisverzluninni. Hins vegar vakti það ekki

fyrir n., eins og þó virðist hafa verið skilið af sumum, að veitingamönnum væri gefinn afsláttur frá verðinu.

Í sambandi við till. hv. þm. V-Húnv. rak ég augun í síðasta orðið í brtt. hans, en hún er svona: „Á eftir orðinu „veitingamönnum“ komi: eða öðrum.“ En hv. þm. var svo hugulsamur að útskýra, hvað hann ætti við með þessu orði „öðrum“, og kom þá á daginn, að hv. þm. á þar aðallega við ráðherra og nokkra aðra, sem fá áfengi vegna embættis síns með lægra verði en áfengisverzlunin selur á til almennings. Mér finnst það nú koma úr hörðustu átt, að hv. þm. V-Húnv. skuli lauma slíkri till. eins og þessari hér inn og án þess að ráðh. séu viðstaddir. En það mætti segja mér, að þessi till., sem hann flytur hér, yrði til þess, að till. n. yrði samþ. Ég vil einnig benda hv. þm. á það, að það eru fleiri en ráðh., sem fá áfengi úr áfengisverzluninni með lækkuðu verði. Það eru m. a. sendiherrar og sendisveitir erlendar. Þetta mundi þá eftir túlkun hv. flm. einnig ná til erlendra sendisveita, sem hér dvelja og talið er sjálfsagt að geti fengið áfengi með innkaupsverði, eins og tíðkast yfirleitt erlendis að sendisveitir fái það. Ég vildi benda honum á, að það mundi vera talið nokkuð óvenjulegt að banna að selja þessum aðilum áfengið á þann hátt sem þeir hafa fengið undanfarið.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði úr ræðum tveggja hv. þm., sem ég vildi leyfa mér að gera stuttar aths. við.

Hv. þm. Borgf. talaði hér áðan. Hann minnti á það, að ég hefði flutt till. um rannsókn á möguleikum á útflutningi öls árið 1950. Þetta er rétt. Það, að ég gat ekki áfenga ölsins í þeirri sögu þess, sem ég sagði hér í frumræðu minni, sprettur af því, að aðalatriði þessarar till., sem ég flutti árið 1950, var um allt annað efni. Till. var till. til þál. um endurskoðun íslenzkrar áfengislöggjafar, og hún var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara fyrir næsta reglulegt þing endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um sölu og veitingar áfengis með það fyrir augum að stuðla að skynsamlegri og hóflegri meðferð áfengra drykkja en nú tíðkast með þjóðinni. Jafnframt verði framkvæmd athugun á því, hvort unnt sé að skapa landsmönnum auknar gjaldeyristekjur með því að leyfa hér bruggun áfengs öls til útflutnings.“

Það er alveg rétt, að hv. n., sem um þetta mál fjallaði hér í þingi, felldi athugunina á því, hvort hægt væri að brugga hér áfengt öl til útflutnings, úr till., en kjarni hennar var samþ., og ég held, að það sé ekkert oflæti, þó að ég telji það frv., sem hér liggur fyrir hv. Alþ. nú, ávöxt þessarar samþykktar minnar till. árið 1950. Þess vegna er ekki ástæða til þess fyrir minn hv. vin, hv. þm. Borgf., að telja þetta einhvern ósigur fyrir mig, að athugun á möguleikum á útflutningi öls skyldi vera felld aftan af till. Aðalatriði hennar var samþ., og ávöxtur hennar sést hér í dag.

Hitt verða menn svo að meta hver fyrir sig, hvort það er einhver goðgá að orða þann möguleika, að Íslendingar auki gjaldeyristekjur sínar með því t. d. að hefja útflutning á öli, eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa gert. Og ég er alveg sannfærður um, að þó að ég hafi róið einn á báti með þessa till., eins og hv. þm. minntist á, þá verður það nú þannig að lokum, að Íslendingar hika ekki við að flytja þessa vöru út eins og aðrar vörur, sem þeir geta aflað sér gjaldeyristekna af útflutningi á.

Ég er auk þess ekkert hræddur við það að róa einn á báti. Ég hygg, að það væri illa komið þeim þm. og jafnvel hverjum þeim einstaklingi, sem væri hræddur við það að framfylgja skoðun sinni aðeins af ótta við það að sjást einn á báti. Ég veit, að hv. þm. Borgf. er maður, sem fylgir skelegglega fram sínum skoðunum, og ég þekki hann það mikið og þekki það mikið hans þingsögu, að hann hefur ekkert verið hræddur við það að róa einn á báti, og hvorki álit mitt né annarra er minna á honum fyrir það.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta atriði frekar, en ég fagna þeim árangri, sem þessi till. hefur náð, og ég fæ ekki betur séð en að einmitt í þessi lög sé tekinn upp kjarni hennar, þar sem talað er um endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um sölu og veitingar áfengis með það fyrir augum að stuðla að skynsamlegri og hóflegri meðferð áfengra drykkja en nú tíðkast með þjóðinni, a. m. k. þegar þetta frv. var lagt fram af hæstv. dómsmrh. var þessi stefna greinilega mörkuð í 1. gr. þess. Mig minnir, að svo sé enn.

Hv. þm. Borgf. misskildi mig nokkuð, þegar hann lagði þau orð í munn mér, að ég liti á öl sem neyzluvöru og það bæri að líta á það sem framtíðarneyzluvöru í þessu landi. Ég sagði, að á Norðurlöndum, meðal þeirra þjóða, sem vanar væru þessum drykk, væri litið á öl sem almenna neyzluvöru. Ég gerði það ekki að mínum orðum, og ég hygg, að hver og einn, sem eitthvað þekkir til Norðurlandabúa og þeirra lífsvenja, geti staðfest þá skoðun mína, að þessar þjóðir líti á öl sem neyzluvöru, en ekki fyrst og fremst sem áfengan drykk, sem skaði eða hætta gæti af stafað.

Hv. þm. Borgf. drap nokkuð á þau ummæli mín, að áfengi væri talið því meinlausara og óskaðlegra sem það væri þynnra, og þá spurði hann: Hvers vegna vill þá hv. þm. styrkja ölið? Ég vil það vegna þess, að ég held, að 2.2% sterkt öl, sem við höfum nú, hvetji engan til þess að hætta við að drekka sterku drykkina, hina brenndu drykki. Ég hygg hins vegar, að 4.4% sterkt öl að rúmmáli geti haft það í för með sér, að menn hverfi nokkuð frá hinum sterkari drykkjum. (**Gripið fram í:** Nei, það kveikir í.) Jú, það er náttúrlega hugsanlegt, en ég held, að það þurfi ekki að verða almenna reglan.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í hinni ýtarlegu og að mörgu leyti þróttmiklu ræðu hv. þm. Borgf., sem ég þarf að svara. Ég vil aðeins segja það, að ég met mikils áhuga þessa hv. þm. fyrir bindindisstarfsemi í landinu, og hann hefur vissulega unnið merkilegt starf bæði hér á Alþ. og utan þess sem skeleggur forvígismaður bindindis og hófsemi í landinu. En það, sem mér líkar illa við hann og marga ágæta

vini mína, sem deila við mig og aðra um ölið, er, að það er eins og þeir vilji láta liggja að því, að við, sem flytjum till. um að leyfa tilbúning öls, séum jafnvel að vinna að því að skapa aukið böl í þjóðfélaginu, nærri því vitandi vits. Ég veit, að hv. þm. Borgf. hefur mótað sína afstöðu eins og hann hefur gert vegna þess, að hann telur það henta sinni þjóð bezt. Ég vil bara biðja þennan minn góða vin að trúa því, — hann ræður því náttúrlega, hvort hann gerir það, — að ég hef tekið mína afstöðu á sama hátt og hann. Ég tel það ekki stýra neinni farsæld, að að þessari þjóð sé haldið eingöngu sterkum drykkjum, 40—60% brennivíni, en henni bannað að neyta 4% öls, sem allar aðrar menningarþjóðir leyfa framleiðslu á í sínum löndum. Þetta er kjarni þessa máls.

Hv. 2. þm. Eyf. er horfinn héðan, því miður. Ég skal þess vegna ekki rökræða mikið við hann. Hann var eitthvað hvimpinn yfir því, að ég hafði nefnt hér „heilbrigða skynsemi". — Sem betur fer, þá má nú enn þá tala um heilbrigða skynsemi í sambandi við áfengismál, og ég vona, að jafnglöggur og greindur maður eins og hv. 2. þm. Eyf. er þurfi ekki til lengdar að láta „reiðina úldna í hjartanu", eins og stendur í bibliunni einhvers staðar, yfir því, að ég skuli leyfa mér að nefna heilbrigða skynsemi í sambandi við afgreiðslu áfengismála á Alþ.

Hann sagði, að það, sem skipti máli í þessu sambandi, væri reynsla þjóðanna. Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Eyf. um þetta. En hvaða ályktanir draga þjóðir eins og Norðmenn, Danir, Svíar og Finnar af sinni reynslu? Ég álít, að það sé miklu meira virði að athuga, hvaða ályktanir þeir sjálfir draga af sinni reynslu, heldur en hvaða ályktanir hv. 2. þm. Eyf. og hans skoðanabræður draga af henni. Þeir draga þá ályktun af sinni reynslu, að það sé skynsamlegra til hófsamlegrar meðferðar áfengis og hverfandi skaða af áfengisnautn í löndum sínum að leyfa bruggun létts, áfengs öls. Þessar ályktanir hafa þessar þjóðir dregið sjálfar. Ég trúi betur leiðtogum þessara þjóða og þessum þjóðum sjálfum, sem þekkja, hvar skórinn kreppir að hjá þeim í áfengismálum, því að þau eru vandamál hjá þeim eins og okkur, heldur en hv. 2. þm. Eyf., þó að hann sé ágætur, glöggur og greindur maður, þegar hann ræðir þessi mál hér á Alþ. En það, sem hann lagði megináherzlu á í sinni ræðu, var áfengismagnið, sem samkvæmt opinberum hagskýrslum er neytt meðal þessara norrænu þjóða, frænda okkar og vina. En eins og ég mun nú sýna fram á, eru hagskýrslur ákaflega villandi og sýna ákaflega skrýtna hluti í þessum efnum. Ég vil leyfa mér að benda á það, að þegar sala áfengs öls var bönnuð í Svíþjóð, en leyfð bruggun á því til útflutnings, þá var læknum heimilað að gefa út resept á áfengt öl handa sjúklingum, sem það var talið heilsusamlegt fyrir að drekka bjór með sterkari prósentunni. Læknum var heimilað þetta, og það var ákaflega algengt, að sjúklingum væri ráðlagt og fengju resept upp á einn bjór með máltíð, sem sagt, að maður drykki tvo bjóra á dag. Við skulum segja, að hann hafi verið 4.4%, hann hefur kannske verið heldur sterkari. En segjum, að hann hefði verið jafnsterkur þeim, sem við leggjum til að verði leyfður hér. Hvað hefði þetta þýtt? Hvað drakk þessi maður af hreinu alkóhóli á ári t. d.? Það er ósköp auðvelt að reikna það út, og það hefur verið reiknað út. Samkvæmt læknisráði drakk þessi sjúklingur, sem drakk tvær bjórflöskur á dag, eina með hvorri máltíð, hvorki meira né minna en 13.5 l af spiritus á ári. Ef íslenzkur læknir ráðlegði hv. þm. Borgf. að drekka einn pilsner með hvorri máltíð tveggja aðalmáltíða dagsins, hvað mundi það þýða, ef hv. þm. Borgf. hlýddi því ráði? Það þýddi hvorki meira né minna en það, að hv. þm. Borgf. drykki 6.2 l af hreinum spíritus á ári. En samkvæmt hagskýrslum eru Íslendingar ekki taldir drekka nema, eins og hv. 2. þm. Eyf. sagði, 1.33 l. (PO: Þetta eru nú kröftug rök.) Þetta eru nú kröftug rök, segir hv. þm. Borgf. En það, sem ég er að sýna með þessu, er það, að rök hv. 2. þm. Eyf. eru gersamlega út í bláinn, þegar hann talar um það, að ölþjóðirnar á Norðurlöndum drekki miklu meira en við, þau eru gersamlega út í bláinn. (PO: Hefur hv. þm. reseptin, sem þessir sænsku læknar gáfu?) Ég veit þetta, að læknarnir gefa iðulega resept bæði á öl og vín. Það veit hv. þm. vel, að sjúklingum er oft ráðlagt að drekka létt vín sér til heilsubótar, það er svo alkunn staðreynd, að ég taldi mig ekki þurfa að vopna mig með resepti, þegar ég kem hér í ræðustól á hv. Alþingi og minnist á þetta fyrir hv. þm. Ég veit, að þeir vita þetta. Nei, rök hv. 2. þm. Eyf. í þessu eru þess vegna gersamlega léttvæg. Ég hygg, að þetta dæmi sé svo greinilegt, að um þetta þurfi ekki að fara öllu fleiri orðum.

Sannleikurinn er sá, því miður, þó að við Íslendingar drekkum minnst áfengismagn af þessum norrænu þjóðum, þá verðum við að viðurkenna það hreinlega, sem við höfum séð allir, sem eitthvað höfum athugað þessi mál og t. d. haft tækifæri til þess að kynnast þessu í nágrannalöndum okkar, að við drekkum verr, þó að við drekkum minna. Við drekkum miklu verr en nágrannaþjóðirnar gera. Þetta er dapurleg staðreynd, sem við komumst ekki hjá að játa og viðurkenna.

Enn er svo aðeins eitt atriði í sambandi við áfengislöggjöf Svía. Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að þeir hefðu búið við hina hörmulegustu áfengislöggjöf, sem nokkur þjóð hefði búið við á undanförnum árum, þess vegna væri ekkert óeðlilegt, þó að þeir settu nú nýja löggjöf og þó að þeir jafnvel flýðu á náðir þessarar skelfingar, sem hann og aðrir skoðanabræður hans telja ölið. En ef við lítum nú aðeins örlítið aftur í tímann, man þá enginn hv. þm. það, að jafnvel hér á hinu háa Alþingi og ég tala nú ekki um í málgögnum þeirra mætu bindindismanna hér í landinu hefur oft einmitt verið vitnað til Svía sem fyrirmyndarþjóðar um löggjöf í áfengismálum? Og það er sérstaklega eitt atriði, sem menn hafa verið hrifnir af, þ. e. skömmtun áfengis í Svíþjóð. En það er einmitt hún, sem jafnvel bindindismenn í Svíþjóð núna viðurkenna hvað greinilegast að hefur gersamlega misheppnazt. Það er hún, sem verið er að

afnema nú. Við reyndum þessa áfengisskömmtun hér á Íslandi einu sinni, og hvernig gafst hún? Hún gafst þannig, að jafnvel þing Stórstúkunnar, þar sem margir ágætir og skeleggir bindindismenn voru saman komnir, varð að gera ályktun um það að banna góðtemplurum að eiga áfengisbók. Það var orðið þannig, að sjálf Stórstúkan varð að viðurkenna það á þingi sínu, að fjöldi hennar ágætu félaga var farinn að taka út áfengisbók og taka áfengi út á hana. (Gripið fram í.) Ég býð hv. þm. Borgf. að taka þetta hiklaust aftur, um leið og hann leiðir rök að því, að þetta sé skakkt. En þetta var þannig, að sjálft Stórstúkuþingið varð að gera samþykkt um að banna góðtemplurum að eiga áfengisbók. Þannig gafst þá skömmtunin hérna, þannig gafst hún í Svíþjóð. Svo kemur hv. 2. þm. Eyf. og segir nú, að sænska áfengislöggjöfin hafi verið einhver sú hrapallegasta og hörmulegasta, sem um getur í heiminum. Hún er þá alveg nýlega orðin það að áliti hans og skoðanabræðra hans.

Að lokum vil ég aðeins minnast á það atriði í ræðu hv. 2. þm. Eyf., að það hefði verið með brögðum reynt að koma ölinu inn í þetta frv. Mér þykir sorglegt, að minn ágæti vinur er fjarstaddur. En ég mundi vilja spyrja hann: Hvaða brögðum? Hefur nokkuð annað gerzt en það, að það hafa verið fluttar brtt. við frv. hér í þingi, hreinlega fyrir opnum tjöldum, komandi til atkvæða eins og aðrar brtt., nákvæmlega eins og brtt. hv. 2. þm. Eyf., hv. þm. Borgf., hv. þm. A-Sk.? Hvaða brögð eru það, þó að ég og aðrir leyfi mér að flytja brtt. um eitthvað annað en þessir hv. þm. geta fellt sig við? Ég segi bara, að þegar þannig málflutningi er beitt, þá hlýtur það að vekja grunsemd um, að málstaðurinn, sem á bak við liggur, sé eitthvað gróttur, — að það þyki jafnvel þurfa að beita brögðum. Ég hef engum brögðum viljað beita í þessu máli, hvorki fyrr né síðar. Ég hef, eins og ég sagði áðan, flutt till. um þetta nú og fyrr, vegna þess að sannfæring mín hefur legið þar til grundvallar. Ég hef talið óskynsamlegt að halda sterkum drykkjum jafnharkalega að þjóðinni og hið íslenzka ríki gerir, en banna henni jafnframt að neyta létts og að flestra áliti óskaðlegs drykkjar, sem er þetta 4.4% öl. Ég veit að sjálfsögðu, að öl eins og aðra hluti er hægt að misbrúka. En hvaða lífsins gæði er ekki hægt að misbrúka? Það er hægt að borða svo mikinn sykur, það er hægt að drekka svo mikið kaffi, sem eru almennustu neyzluvörur almennings í hverju landi, að menn verði veikir af því, að þeir fái ákveðinn hættulegan sjúkdóm, að taugar manna fari úr lagi. Það er hægt að misnota alla góða hluti.

Ég vil þess vegna endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég vona, að hv. þm. greiði atkv. um þessa till. eftir sannfæringu sinni, og þar með er ég ekki að drótta neinu ljótu að mínum virðulegu og ágætu þingbræðrum. Við vitum það, að máttur áróðursins getur stundum hrifið á hv. þm., og það hefur verið hafður í frammi mikill áróður af hálfu andstæðinga þessa máls, sem ég verð að telja ákaflega hæpinn. Það hefur jafnvel verið beitt mjög ólýðræðislegum aðferðum. Það hafa verið gerðar tilraunir til þess að „terrorisera“ einstaka menn fyrir það að hafa þorað að segja það, sem þeir hafa meinað í þessum efnum. En ég endurtek það, sem ég sagði: Ég vona, að hv. þm. greiði atkvæði í þessu máli eftir sannfæringu sinni.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Hv. þm. Borgf. varð mjög tíðrætt um það í ræðum sínum, bæði hér áðan og í gær, og hneykslaðist á því, að ég sem meðlimur allshn. Nd. hefði skrifað undir nál., þar sem lagt var til, að heimildin til tilbúnings sterks öls í 2. gr. frv., eins og það kom frá hv. Ed., yrði felld niður, en síðan gerzt meðflm. að brtt. við 7. gr. frv. á þskj. 519, þar sem gert er ráð fyrir heimild til handa ríkisstj. til að leyfa tilbúning öls með allt að 3½% vínandainnihalds miðað við þunga. Ég vil út af þessu skírskota til nál. hv. allshn. á þskj. 489, þar sem tekið er beinlínis fram í upphafi þess, að nm. áskilji sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Út af þessum ummælum hv. þm. Borgf., að mér skildist helzt um, að ég hafi ekki vitað, hvað ég var að gera, þar sem ég flutti brtt. við 7. gr. þessa frv., þá vil ég taka það fram, að mér skilst, að hann hafi alls ekki lesið þetta nál., eða a. m. k. hefur honum þá algerlega skotizt yfir upphaf nál., þar sem tekið er fram, að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Það væri ekki nein furða, þó að hv. þm. hefði hneykslazt á því, hefði ég flutt brtt. við 2. gr. frv., sem n. lagði til að breytt yrði, því að þá hefði málið horft allt öðruvísi við, en það bara gerði ég ekki. Ég gerðist meðflm. að brtt. við 7. gr. frv., en ekki 2. gr.

Ég var sammála hinum nm. í hv. allshn. um, að eins og heimildin í 2. gr. frv. um tilbúning öls, sem inniheldur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, er orðuð, sé greinin lítt frambærileg, því að þar er því slegið föstu, að öl, sem inniheldur allt að 3½% af vínanda að þunga, sé ekki áfengur drykkur í venjulegri merkingu þess orðs. Þetta er að mínum dómi hæpin staðhæfing, því að ef svo væri, kæmust þeir menn, sem væru ölvaðir eða undir áhrifum þess öls, sem þeir neyttu, ekki lögum samkvæmt undir ákvæðin um menn, sem hafa neytt áfengis, og væri ekki hægt að meðhöndla þá sem slíka, og mundi þetta leiða til margvíslegra flækja; því að sem sagt, þá menn, sem væru undir áhrifum slíks drykkjar, sem slegið er föstu í frv. að sé ekki áfengi, en væru samt undir áhrifum áfengis og hefðu viðurkennt það og ölvun þeirra væri augljós, væri ekki hægt að meðhöndla og dæma sem menn undir áhrifum áfengis. Þrátt fyrir þessa afstöðu mína til þessarar greinar eins og hún er orðuð í frv., eins og það liggur nú fyrir, mun ég fyrir mitt leyti taka allt aðra afstöðu til beinnar og ódulbúinnar heimildar til að leyfa tilbúning sterkara öls, enda hef ég nú sýnt þá afstöðu mína með því að gerast meðflm. að brtt. við 7. gr. á þskj. 519.

Að mínu áliti er það alls ekki fyrir fram sannað, að tilbúningur öls, sem innihéldi meira vínandamagn en það öl, sem nú er heimilt að

gera samkv. íslenzkum l., mundi leiða til aukins drykkjuskapar. Um slíkt er auðvitað alls ekki hægt með neinu móti að fullyrða fyrir fram, og vil ég benda á, að það er hálfur sannleikur, en ekki allur, þegar sagt er, að áfengisneyzla t. d. Finna hafi stóraukizt, eftir að tilbúningur áfengs öls var leyfður þar aftur árið 1948. Sannleikurinn er sá, að neyzla brennivíns í Finnlandi hefur stórminnkað á árunum 1949—52 eða neyzla þess drykkjar, sem menn verða mest og verst ölvaðir af, en hins vegar er það rétt, að neyzla léttra vína og öls hefur farið vaxandi þar í landi, síðan leyfð var bruggun sterkara öls.

Ég fyrir mitt leyti tel það ekki neina öfugþróun í áfengismálum neinnar þjóðar, þó að neyzla sterkra vína fari minnkandi, en neyzla léttra vína og öls fari vaxandi.

Annars er það áberandi fyrir málflutning þeirra manna, sem halda uppi andróðri gegn heimildinni til að búa til sterkara öl, að þeir vitna aðeins í reynslu þeirra þjóða af sterku öli, þar sem áfengismálin eru í mesta ólagi og þjóðirnar virðast kunna sízt með áfengi að fara. Þeir vitna í Norðurlandaþjóðirnar, og það er staðreynd, að þær neyta víns í óhófi, eða a. m. k. kemur það þannig út, að áfengismagn verður mjög mikið á hvern íbúa, en þessir menn hafa t. d. ekki minnzt á áfengisneyzlu stórra þjóða, eins og Breta, Bandaríkjamanna og Þjóðverja. Ég veit að vísu ekki um tölur í þessu sambandi, en ég staðhæfi þó, að áfengisneyzla einhverra þessara stórþjóða er minni hlutfallslega heldur en áfengisneyzla Norðurlandaþjóðanna. (**PO:** Hvað er að segja um Frakka?) Frakkar drekka ekki öl, Frakkar drekka létt vín. Þess vegna verður þeirra áfengisneyzla á hvern íbúa svo há. Ég hef aldrei heyrt fara neinar sögur af því, að Frakkar væru bjórþambarar eins og kallað er. Hins vegar eru Þjóðverjar það, og ég efast um, að áfengisneyzla Þjóðverja á hvern íbúa sé meiri en áfengisneyzla Norðurlandaþjóðanna á hvern íbúa, og raunar veit ég, að hún er minni. Hvort það stafar af því, að Þjóðverjar eru einhverjir mestu bjórdrykkjumenn í heimi, eða ekki, það skal ég láta hv. þm. Borgf. um að dæma.

Annars er það sannfæring mín, að tilbúningur og neyzla sterkara öls en nú er leyft að brugga hér á landi mundi ekki leiða til aukins drykkjuskapar í þessu landi, heldur mundi draga úr honum, og eftir þeirri sannfæringu minni mun ég greiða atkv. um þetta frv.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Frsm. hv. allshn., hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), gerði hér áðan nokkrar athugasemdir við brtt., sem ég hef borið fram.

N. hefur, eins og ég gat um áður, flutt till. um að nema burt úr 9. gr. frv. ákvæði um það, að óheimilt sé að gefa veitingamönnum afslátt á verði áfengis frá hinu venjulega útsöluverði. Hv. þm. segir, að það hafi þó ekki verið ætlan n., að veitingamenn eigi að fá afslátt, en hvernig stendur þá á því, ef svo er, að n. flytur till. um að nema brott þetta ákvæði úr l., að óheimilt sé að veita afsláttinn, ef n. ætlast alls ekki til, að veitingamennirnir fái hann?

Hv. þm. segir í sambandi við brtt. mína, að hún komi úr hörðustu átt. Ég get ekki skilið, hvað hann á við með því. Ég þarf að fá nánari skýringar á þessu frá hv. þm., hvað hann hér meinar. Hann segir, að ég sé að lauma till. inn, þegar engir ráðh. séu viðstaddir. Ég vil vekja athygli á því, að þessi till. var ekki sýnd fyrst hér í kvöld að ráðh. fjarverandi. Ég man ekki betur en henni væri útbýtt á fundi hér í gær. Hún hefur legið fyrir ráðh. sem öðrum þm. síðan. Hér er því ekki um neitt laumuspil að ræða.

Hann segir sem rétt er, að ráðherrar hafi undanfarið fengið vínföng hjá áfengisverzluninni með mjög lækkuðu verði, og hann segir, að það séu fleiri, sem hafi notið þar slíkra hlunninda. Vissi ég það, og það fyrir löngu, en ég tel, að það sé einmitt enn ríkari ástæða til að samþ. mína till., því fleiri sem þeir eru, sem taka drykkjarvörur hjá þessari ríkisverzlun fyrir aðeins brot af hinu venjulega útsöluverði. Hv. þm. minnist á erlendar sendisveitir í þessu sambandi. Ég held, að ekki þurfi að hafa neinar áhyggjur af þeim. Ef sendiherrarnir telja vinið dýrt hér hjá áfengisverzluninni, þá hygg ég, að samkvæmt alþjóðavenjum, sem gilda um sendiherra, hafi þeir næga möguleika til að fá bæði drykkjarvörur og annað, sem þeir óska, frá sínum heimalöndum.

Þessar athugasemdir taldi ég rétt að gera í tilefni af þessari síðustu ræðu hv. frsm., en sé ekki ástæðu til að svo stöddu að ræða um önnur atriði þessa máls.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Mér sýnist ástæða til í sambandi við þessa umr. að ræða örlítið um landhelgismálin, þó að þau ættu nú eiginlega að vera máli því, sem hér er til umr., dálítið óviðkomandi. En þannig stendur á, að á þskj. 496, sem er brtt. frá hv. þm. Borgf., er brtt. um það að ákveða landhelgi í því frv., sem hér er til umr., með nokkrum ákveðnum hætti, þ. e. a. s., að hún skuli falla saman við fiskveiðilínu þá, sem nú gilda um sérstakar reglur. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á þessu vegna þess, að þessi fiskveiðilína er sérstaks eðlis og hefur ekki verið viðurkennd, hvorki af íslenzkri ríkisstj. né Alþingi, sem landhelgi Íslands, og tel ég mjög vafasamt og jafnvel hættulegt að gera það, jafnvel þó að í áfengislögum sé.

Það er engum vafa undirorpið, að mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar vill ekki og mun ekki sætta sig við, að fiskveiðilína sú, sem nú gildir, verði í framtíðinni skoðuð sem íslenzk landhelgi. Þess vegna getur það verið hættulegt þeim málstað að slá því föstu, þó að sé aðeins í einu atriði.

Síðan samningurinn milli Dana og Englendinga um þriggja mílna landhelgi við Ísland féll úr gildi, hafa ekki verið í gildi nein l. frá Alþingi um íslenzka landhelgi. Hins vegar er vafalaust, að þegar Íslendingar og þá fyrst og fremst Alþingi tekur það mál til meðferðar, þá mun það vera talið eitt af veigamestu rökum í því sambandi, að eftir að þessi samningur féll úr gildi, þá eigi og hljóti að taka aftur gildi gamlar tilskipanir, sem giltu fyrir þennan samning milli Dana og Englendinga, en samkvæmt þeim til-

skipunum, mörgum að minnsta kosti, gilti 16 mílna landhelgi við Ísland.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta mál. Ég vil biðja hv. þm. að athuga það, og ég vil sérstaklega biðja hv. flm., hv. þm. Borgf., að athuga þetta mál, og ég vildi mælast til þess við hann, að að þeirri athugun lokinni og ef hann kemst að svipuðum niðurstöðum og ég við að hugleiða þetta mál, þá tæki hann þessa brtt. aftur.

Um málið sjálft, sem hér er til umr. að öðru leyti, skal ég ekki ræða. Ég vil þó aðeins gera örlitla athugasemd við brtt. hv. allshn. á þskj. 489. Þar er 3. brtt. þess efnis, að niður skuli fella ákvæðið um að banna að gefa veitingahúsum afslátt af áfengi. Hv. frsm. n. gat þess, að þetta væri gert vegna þess, að það væru óeðlilegir verzlunarhættir að setja það í sérstök l., að það skyldi óheimilt að veita þennan afslátt. En hv. allshn. hefur þá ekki verið samkvæm sjálfri sér í sínu nál., því að 5. brtt. n., brtt. við 13. gr., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Bannað er að senda áfengi gegn póstkröfu“ — og það hygg ég þó, að þetta mundu vera nokkuð óeðlilegir verzlunarhættir, því að það mundi þá vera eina varan hér á landi, sem sú regla gilti um, að það væri bannað að senda hana gegn póstkröfu. Ég vil því fara þess á leit við hv. n., að hún reyni að samræma sitt sjónarmið, sína röksemdafærslu í nál. sínu, og að minnsta kosti breyti annarri hvorri till.

Loks vil ég þá aðeins geta þess rétt til gamans, að mér leiddist hálfpartinn að heyra það áðan, að tveir hv. þm. voru að deila um það, þ. e. a. s. annar deildi á hinn og hinn afsakaði sig fyrir það, að bjór, sterkur bjór, hafði verið kallaður neyzluvara. Þótti hv. þm. Borgf. það mesta hneyksli og mesta fásinna, og hv. þm. N-Ísf. dró í land með þetta og sagðist nú ekki hafa haldið þessu beinlínis fram. En ég vil rétt til gamans láta það koma fram hér, að hv. þm. N-Ísf. þurfti alls ekki að draga neitt í land með þetta, því að vitanlega er bjór neyzluvara eins og hver önnur vara, sem neytt er, því að jafnvel hið sterkasta brennivín er neyzluvara. Þetta er nefnilega samheiti á öllum vörum, sem maðurinn lætur ofan í sig. Hins vegar munu þessir hv. þm. báðir hafa ruglað þarna saman hugtökunum neyzluvara og nauðsynjavara, og er illt til þess að vita, að slíku skuli ruglað saman hér á Alþingi.

**Pétur Ottesen:** Það er aðeins út af þeirri athugasemd, sem hv. 8. landsk. (BergS) gerði hér um 2. brtt. mína, viðvíkjandi landhelginni, að ég vil taka fram, að þessi brtt. mín er flutt af ráðnum hug út frá því, að í henni er engu slegið föstu um fiskveiðalandhelgi vora. Þar er eingöngu talað um hið friðlýsta svæði innan ákveðinnar línu. Hitt er svo alkunnugt, að landhelgi í sambandi við tollgæzlu fer ekki saman við fiskveiðalandhelgi, og svo hefur það verið um langt skeið hér hjá okkur.

Það er þess vegna með minni till. sigit fram hjá þeirri hættu, sem hv. þm. benti á, gagnvart þeim þjóðum, sem við eigum nú í höggi við um landhelgi okkar. Með mínu orðalagi á þessu geta þeir ekki fengið neina fótfestu. Í till., eins og hún er orðuð í frv., er talað um m. a. tólf sjómílna fjarðarmynni, sem féll saman við þriggja mílna landhelgina á sínum tíma, en nú er þetta bil orðið samkvæmt okkar ákvörðun miklu lengra en tólf sjómílur, þannig að það mætti þá frekar segja, að einhver fótfesta fengist fyrir andófsmenn þeirrar landhelgi, sem við nú höfum tekið og við keppum að sjálfsögðu allir að að víkka mikið út frá því, sem enn er. Það er einmitt með þetta í huga, sem ég hef nú lagt til þessa breytingu. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 489,1 samþ. með 23:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 496,1 samþ. með 17:14 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 496,2 felld með 18:10 atkv.

6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 519 felld með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, StgrSt, BergS, EI, GTh, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JR, KJJ, SB.

nei: MJ, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, ÁB, BÓ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, JörB, KGuðj, LJós.

JS greiddi ekki atkv.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

Brtt. 489,2 samþ. með 17:9 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.

8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 489,3 felld með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, BFB, JóhH, JS, JR, JörB, KJJ, ÓTh, ÁB, BÓ, EI, EystJ, SB.

nei: GJóh, GÞG, HÁ, HV, IngJ, JPálm, KGuðj, LJós, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StgrSt, BergS, EOl, EirÞ, GilsG, GíslG.

MJ, EggÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

Brtt. 526 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, GÞG, HÁ, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PO, SG, SkG, EOl, GilsG, GíslG.

nei: GTh, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, ÓTh, SÁ, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EystJ, SB.

MJ greiddi ekki atkv.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 536 tekin aftur til 3. umr.

— 496,3 felld með 21:8 atkv.

11. gr. samþ. með 22:2 atkv.

Brtt. 496,4 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SG, SkG, EOl, GíslG, GJóh, HV, KGuðj, LJós.
nei: MJ, ÓTh, SÁ, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EystJ, GilsG, GTh, GÞG, HÁ, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, SB.
1 þm. (EmJ) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Páll Þorsteinsson:** Á þskj. 502 hef ég flutt brtt., er skoða má sem varatillögu við þá brtt., sem nú er greitt atkv. um. Ég vil styðja það, að hv. d. marki þá stefnu í málinu, sem hér er lagt til, og segi já.

**Eggert Þorsteinsson:** Ég tel, að með samþykkt þessarar brtt. hv. þm. Borgf. væri staðfest það skipulag, sem nú er í áfengismálum, og tel það, eins og ég hef áður lýst, óviðunandi og segi þess vegna nei.

Brtt. 502,1 felld með 26:3 atkv.
— 539 samþ. með 17:14 atkv.
— 543 tekin aftur til 3. umr.
— 516 tekin aftur til 3. umr.
— 489,4, svo breytt, samþ. með 17:4 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 23:3 atkv.
Brtt. 496,5 tekin aftur.
— 489,5 felld með 16:8 atkv.
13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 496,6 tekin aftur.
14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 496,7 tekin aftur.
15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 496,8 tekin aftur.
— 502,2 tekin aftur.
18.—19. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 496,9 felld með 18:9 atkv.
— 502,3 tekin aftur.
— 489,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
21.—25. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 489,7 (ný 26. gr.) samþ. með 18:6 atkv.
— 496,10 felld með 17:10 atkv.
— 489,8.a (ný gr., verður 27. gr.) samþ. með 19:4 atkv.
— 496,11 samþ. með 18:8 atkv.
— 489,8.b (ný gr., verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 25:1 atkv.
— 540 samþ. með 17:8 atkv.
— 496,12 felld með 20:12 atkv.
— 489,9 (ný 27. gr., verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
— 502,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
28. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 515 tekin aftur til 3. umr.
— 496,13.a—b felldar með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, GilsG, GJóh, GTh, GÞG, HV, JóhH, KGuðj, LJós, MJ, PO, SÁ, SG, EggÞ.
nei: EI, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, BFB, IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, ÓTh, PÞ, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, SB.
1 þm. (EmJ) fjarstaddur.
Brtt. 496,13.c felld með 18:11 atkv.
29. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 19:1 atkv.
30.—43. gr. (verða 32.—45. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
44.—49. gr. (verða 46.—51. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:5 atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 584, 536, 610, 618, 656, 660, 661, 662).

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Allshn. hefur talið rétt að fylgjast með frv. og þeim till., sem nú liggja fyrir til breyt. á því. N. hefur lagt hér fram brtt. á þskj. 660.
Fyrsta brtt. eða a-liður brtt. við 12. gr. er nánast leiðrétting.
Með tilliti til þeirra brtt., sem legið hafa fyrir d. á þskj. 516 og 543, þá hefur n. talið rétt að bera fram brtt. við næstsíðustu málsgr. 12. gr., en hún hljóðar svo nú í frv.: „Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa.“ Við þessa gr. vill n. bæta, að ráðh. geti ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðh. setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu.
Við nánari athugun komst n. að því, að lögreglustjóri mun líta svo á, að ef hann þarf að hafa þetta eftirlit með höndum, muni hann þurfa að bæta við mönnum til þess að annast það. Ef þannig er, taldi n., að réttara væri að heimila, að skipaðir yrðu af ráðh. sérstakir eftirlitsmenn, en þeir staðir, sem vínveitingaleyfi fá, greiddu þann kostnað, sem af því leiddi.
2. brtt. er um fjárframlög af ágóða áfengisverzlunar ríkisins. Um þetta fjalla einnig brtt. á þskj. 610 og 515. Nefndin getur ekki fallizt á þær till., sem þar koma fram, en hefur aftur lagt til, að greitt verði fé í gæzluvistarsjóð, en það er sjóður til þess að koma upp gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn samkv. lögum frá 1949 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. N. leggur til, að lagt verði til þessa sjóðs 750 þús. kr. hvort árið, sem þar greinir, í viðbót við það tillag, sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái samkv. lögunum, en það eru 750 þús. kr., svo að þessi tvö ár á sjóðurinn að fá 1½ millj. kr. En tillagið í lögunum er tímabundið og hættir árið 1956, og þess vegna hefur n. gert till. um, að á árunum 1957—59 sé greitt í þennan sjóð samtals 1½ millj. kr. á ári af tekjum áfengisverzlunar ríkisins. — Að öðru leyti hefur n. ekki tekið afstöðu til þeirra brtt., sem fyrir liggja.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. allshn. hefur lagt hér fram tillögur á þskj. 660, sem frsm. hennar var að mæla fyrir. Meðal annars er þar till. um viðbót við næstsíðustu málsgr.

12. gr. frv. Nefndin leggur til í þessari viðbótartill. sinni eða brtt., að ráðh. geti ákveðið nánara eftirlit með veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og að ríkissjóður skuli greiða kostnað við eftirlitið, en leyfishafar endurgreiða kostnaðinn ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ég hef veitt því athygli, að á öðru þskj., sem hér liggur fyrir, þar sem eru brtt. frá hv. þm. Borgf., flytur hann till. um eftirlitsmann eða eftirlitsmenn með veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og leggur til, að dómsmrh. skipi slíka eftirlitsmenn. Ég tel, að það sé óþarft og að ýmsu leyti óeðlilegt að fara að skipa sérstaka eftirlitsmenn með þeim veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi hafa Ég tel, að það sé eðlilegra, að það séu löggæzlumennirnir eða lögreglan á hverjum stað, sem hafi eftirlit með slíkum stöðum alveg eins og annarri starfsemi og hátterni manna yfirleitt. Hins vegar sýnist mér, að það geti vel komið til mála að láta veitingahús, sem fá vínveitingaleyfi, bera þann kostnað, sem kann að verða sérstaklega vegna vínsölunnar á veitingahúsunum, þ. e. a. s. kostnað við eftirlit með starfsemi þeirra vegna þessara veitinga, eins og n. hér leggur til. Ég vil því leyfa mér að leggja hér fram brtt. við till. nefndarinnar. Því miður hef ég orðið nokkuð seint fyrir með þessa till. og verð að leggja hana fram skriflega, fara fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða um þessa till. mína. En till. er þannig, með leyfi hæstv. forseta — það er brtt. við 1. tölulið á þskj. 660; þar eru brtt. nefndarinnar:

Meginmál b-liðar í fyrri brtt. nefndarinnar orðist svo: „Leyfishafar skulu greiða kostnað við það sérstaka eftirlit eftir ákvörðun ráðherra.“

Til nánari skýringar á þessu vil ég leyfa mér að lesa næstsíðustu málsgr. 12. gr., eins og hún er nú í frv. á þskj. 584. Sú málsgr. er þannig:

„Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa.“ — Og ef mín till. yrði samþ., þá kæmi þessi viðbót: „Leyfishafar skulu greiða kostnað við það sérstaka eftirlit eftir ákvörðun ráðherra.“

Ég vænti, að mönnum sé ljóst, hvað fyrir mér vakir með þessari till. Það er að koma málinu í það horf, að það verði, eins og segir í frv. nú, skylda löggæzlumanna að hafa sérstakar gætur á starfsemi veitingahúsanna, sem hafa vínveitingaleyfi, og að leyfishafar skuli greiða kostnað við það sérstaka eftirlit eftir ákvörðun ráðh. Þetta tel ég eðlilegra en að farið verði að stofna hér til sérstakra eftirlitsstarfa við veitingahúsin utan við lögreglu viðkomandi staða.

Þá hef ég hér aðra brtt. að flytja, sem einnig er skrifleg, en það er brtt. við 12. gr. frv., og vil ég leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi forseta. Þessi till. mín er þannig, að á eftir 7. málsgr. komi ný málsgr., þannig:

„Í veitingahúsum má aðeins selja vín með máltíðum og eigi eftir kl. 9 að kvöldi.“

Það eru ýmsir menn hér á landi, sem telja sér það nokkurs virði að geta fengið vín á veitingahúsum. Ýmsir þeirra, sem halda slíku fram, að þannig eigi þetta að vera, telja sig í hópi svokallaðra hófdrykkjumanna, og mér finnst, að þeim ætti a. m. k. að nægja þetta, ef þeir gætu fengið vín með mat á veitingahúsum, og ættu ekki að gera frekari kröfur. Ég fæ ekki séð, að það væri til neins gagns, hvorki fyrir þá og enga aðra raunar, að sitja yfir drykkju á síðkvöldum á veitingahúsum. Það ætti að vera nægjanlegt, að þeir gætu fengið þar vín með mat, þó að drykkju væri lokið kl. 9 að kvöldi. Ég hygg, að það megi segja, að það sé öllum fyrir beztu að stunda ekki drykkju fram á nætur, því að vera má, ef þannig er að farið, að það hafi nokkur áhrif á starfsgetu manna, ef þeir eru oft seint á kvöldi eða að næturlagi við drykkju.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 680 og 681) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Páll Þorsteinsson:** Frá því að áfengislög þau voru sett, sem enn þá gilda, hafa vínveitingar í veitingahúsum einungis verið leyfðar í Reykjavík og raunar bundnar við eitt veitingahús hér í bænum.

Í 12. gr. þessa frv. er það nýmæli, að samkvæmt henni verður heimilt að veita leyfi til vínveitinga í öllum kaupstöðum landsins, ef þau veitingahús, sem í hlut eiga, falla undir það að teljast 1. flokks. Mér finnst alls kostar eðlilegt, um leið og þetta nýmæli er lögfest, eins og allar líkur benda til að verði, að leitað sé til bæjarstjórna í hlutaðeigandi kaupstöðum, áður en ákvæði sem þetta kemur til framkvæmda, og leyfi verði því aðeins veitt til vínveitinga, að hlutaðeigandi bæjarstjórn hafi fallizt á, að slík starfsemi verði tekin upp í kaupstaðnum. Ég geri ráð fyrir því, að um þetta verði einungis leitað til bæjarstjórna í eitt skipti, áður en þetta ákvæði kemur til framkvæmda. Um þetta fjallar brtt., sem ég flyt á þskj. 661.

En nú geta að sjálfsögðu komið til greina allmörg veitingahús í hverjum kaupstað fyrir sig og það talizt álitamál, hvort þau falli í 1. flokk eða hve mörgum veitingahúsum eigi að veita leyfi. Í sambandi við það geri ég till. um þá orðalagsbreytingu við 3. málsgr. 12. gr., að leitað sé umsagnar hlutaðeigandi bæjarstjórnar í hvert sinn sem um slík mál er fjallað, þ. e. um hvert einstakt veitingahús fyrir sig.

Þá legg ég enn fremur til, að 4. málsgr. 12. gr. falli niður, en hún er um það, að dómsmrh. skuli heimilt að veita veitingahúsum utan kaupstaða leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn. Ég legg til, að þessi málsgr. falli niður. Og b-liður brtt. minnar fjallar um að stytta þann tíma, sem vínveitingaleyfi gildir, þannig að í stað þess, að í frvgr. er sá tími ákveðinn 4 ár, komi 2 ár.

Enn fremur hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 662 till. ásamt hv. 11. landsk. þm. og hv. þm. V-Húnv. Sú till. er um það, að dans megi ekki fara fram í veitingahúsum á þeim tímum, sem vín er veitt þar, nema um sé að ræða samkomur félaga, sem hafa fengið leyfi samkv. 20. gr.

Við 2. umr. þessa máls lá fyrir till. um sama

efni, en hún var í því formi, að það ætti að vera á valdi ráðh. að ákveða í hverju falli, hvort þetta skyldi leyft eða ekki.

Það, sem fyrir okkur flm. þessarar till. vakir, er fyrst og fremst það, að það er kunnara en frá þurfi að segja, að ungt fólk, sækir þangað, sem dansleikir eru hafðir, og verði sú skipun tekin upp að leyfa dansleiki í veitingahúsum ótakmarkað eða á hverju kvöldi, jafnhliða því að vín er veitt þar, þá virðist okkur, að það muni auka mjög aðsókn fólks, einkum ungs fólks, að slíkum stöðum, og að hitt muni draga nokkuð úr aðsókninni, ef vín er veitt þar aðeins undir borðum, en dansleikir fari ekki fram í veitingahúsunum á sama tíma og vín er veitt. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að undanþágur frá þessu gildi um samkomur félaga, sem fara fram samkvæmt sérstöku leyfi lögreglustjóra, og er síðari hluti till. miðaður við það, að slík undanþága komi til greina.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Ég flutti hér nokkrar brtt. við 2. umr. málsins, — brtt., sem voru þá teknar aftur til 3. umr. Ég hef leyft mér að endurflytja hér eina þeirra, á þskj. 536, um það, að áfengi til lyfjagerðar skuli selt með kostnaðarverði. Ég ræddi um málsástæður fyrir þessari till. hér við 2. umr. og tel ekki þörf á að endurtaka það nú.

Hinar tvær brtt. voru annars vegar um eftirlitsmenn með veitingastöðum og hins vegar um áfengisvarnasjóð. Hv. þm. Borgf. hefur í samráði við mig tekið inn í brtt. sínar till. þá, sem við hv. 5. þm. Reykv. fluttum hér við 2. umr. um eftirlit með áfengisveitingum og þeim stöðum, sem áfengi selja, og er sú brtt. þar orðrétt tekin upp. Jafnframt hefur hv. allshn. borið fram sérstaka till. um þetta atriði, og var brtt. mín við 2. umr. tekin aftur með það í huga, að n. gæfist kostur á að athuga málið. Efnislega felur sú brtt. í sér það sama og gert var ráð fyrir í minni till., þannig að ég væri mjög ásáttur um það, að sú brtt. yrði samþ. En hins vegar vil ég í tilefni af brtt. við þá brtt. frá hv. þm. V-Húnv. taka það fram, að mér sýnist, að það sé nokkrum efa bundið, að þetta nái tilgangi sínum, ef sú brtt. hans yrði samþ. Hann gat um það hér í sinni ræðu áðan, að sér fyndist óeðlilegt að skipa sérstaka eftirlitmenn með veitingastöðunum. Það var upplýst af hv. frsm. allshn., að þessir eftirlitsmenn hafa verið starfandi til þessa, og það er vitanlegt, að lögreglan telur sig ekki hafa möguleika til að halda því eftirliti uppi með sínum mannakosti, nema settir verði sérstakir menn til að hafa þetta eftirlit með höndum, sem þá vitanlega mundu hafa til þess lögregluvald. Af þessu er raunverulega ekki verið að breyta neinu frá þeirri skipan, sem gilt hefur. En það er óumflýjanlegt að taka þetta upp í frv., þessa beinu heimild, vegna þess sem ég gat um við 2. umr. málsins, að Ed. breytti frv. þannig, að það var felld niður úr því þessi heimild, og þótt segja megi, að það hefði falizt í frv. sjálfu, eins og það var lagt fyrir Ed., enda þótt sú málsgr. hefði ekki þar staðið, þá liggur í augum uppi, að eftir að hún er felld niður, mundi verða ályktað sem svo, að það hafi ekki verið vilji þingsins, að þetta eftirlit yrði framkvæmt. Af þeim sökum er nauðsynlegt að taka bein ákvæði um þetta inn í frv. aftur, og þess vegna eru fram komnar bæði þær till., sem ég og hv. þm. Borgf. nú flytjum, og einnig till. sú, sem hv. allshn. hefur hér flutt, og vil ég mega vona, að hv. þm. geti fallizt á aðra hvora þá skipan á þessu eftirliti, en geri það ekki eins óvirkt og hv. þm. V-Húnv. gerir ráð fyrir í sinni till.

Varðandi áfengisvarnasjóðinn þá vitanlega er það alltaf nokkurt vandamál og erfiðleikar með, hvernig á að skipa þeim málum. Ég hirði ekki að fara nánar út í það hér. Það liggur í augum uppi, að það er mjög eðlilegt, að áfengisgróðanum sé varið til þess að vinna að bindindisstarfsemi og áfengisvörnum og jafnframt að sjálfsögðu að standa straum af þeim kostnaði, sem leiðir af því, að ýmsir fara alltaf forgörðum vegna áfengisneyzlu.

Þetta leiðir til þess, að mér sýnist fyrir mitt leyti mjög sjálfsagt og eðlilegt, að sú hugmynd, sem upphaflega var í frv. um áfengisvarnasjóð, nái fram að ganga, og er því samþykkur þeirri till., sem hv. þm. Borgf. flytur um það mál, en tel hins vegar þó nokkurn vinning í því, sem hv. allshn. flytur, þó að ég sé ekki alls kostar ánægður með, að það skuli ekki ganga lengra en þar um ræðir, því að sú fjárveiting er eingöngu miðuð við eitt tiltekið efni, en gerir ekki ráð fyrir neinni heimild til þess að verja fé til annarra þarfa í sambandi við áfengisvarnir.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Ég tel, að hv. þd. hafi nú að mestu leyti sagt álit sitt á því frv., sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. frv. til áfengislaga. En hv. þm. Borgf. hefur flutt á þskj. 610 brtt. við frv. eins og það liggur hér nú fyrir, og það er aðeins einn liður þessara till., sem ég vildi gera aths. við, en það er liður till. hans við 12. gr., en þar er svo ráð fyrir gert, að ekki verði greitt þjórfé eða þjónustugjald með hundraðshlutagjaldi af vínveitingaþjónustu.

Hér yrði að mínu áliti, ef till. þessi yrði samþ., farið inn á geigvænlega braut með íhlutun löggjafans um kaupgreiðslur til einnar launastéttar launþegasamtakanna, en það yrði gert, ef setja ætti bann við ákveðinni kaupgreiðsluaðferð. Launþegasamtökin hafa oftlega farið þess á leit, að lögfest yrðu sjálfsögð hlunnindi til þeirra, og beitt til þess mikilli orku sinni. Hins vegar hafa þau aldrei farið fram á lögfestingu kaupgjaldsins eða kaupgreiðsluaðferða, sem fyrst og fremst er rökstutt af fenginni reynslu og ótta við þær geigvænlegu verðlagssveiflur, sem oftlega eiga sér stað í greiðslum til launþega almennt. Þessi afstaða hefur til þessa verið talin eðlileg og sjálfsögð, jafnframt því að stéttarfélögin hafi rétt til þess að semja hverju sinni við atvinnurekendur um kauptaxta sína og kaupgreiðsluaðferðir. Þennan rétt á að skerða varðandi þá launþegastétt, veitingaþjónana, sem hér eiga hlut að máli. Ég tel því, að hér sé verið að opna leið til frekari afskipta löggjafans af kaupgreiðslum og um leið skerðingu á helgasta samningsrétti verkalýðs-

félaganna um veigamesta atriðið í öllum samningsgerðum, þ. e. kaupgreiðslur og kaupgreiðsluaðferðir.

Af þessum ástæðum er ég andvígur þessari till. fyrst og fremst. Í annan stað sé ég ekki, að samþykkt þessarar till. gæti á nokkurn hátt komið í veg fyrir, að þeir, sem á annað borð neyta áfengis, t. d. á opinberum veitingastöðum, greiddu veitingaþjónunum umframgreiðslur, og þar með er grundvöllur till. að mínu áliti fallinn.

Hv. þm. V-Húnv. ásamt fleirum hefur lagt hér fram tvær skriflegar brtt., sem miða að því ásamt annarri till., sem hann er meðflm. að ásamt þm. A-Sk. og 11. landsk. þm., að setja hömlur við því, að dans fari fram í þeim veitingasölum, þar sem áfengi er veitt, a. m. k. á sama tíma og áfengi er veitt.

Ég tel, að þessar brtt. séu komnar fram af þeim hvötum að spyrna við sölu áfengra drykkja, enda hafa aðrar till. þessara hv. alþm. miðað í þá átt. En ég er algerlega á öndverðri skoðun við þessa samþm. mína, og mér fyndist það sönnu nær að fenginni reynslu og af að hafa verið sjónarvottur að þeim dansleikjum, þar sem vín er veitt og þar sem það hefur ekki verið veitt, að þeir gerðu það heldur að skyldu, að dans skyldi fara fram í þeim sölum, sem vín væri veitt í, ef það er einlægur vilji þeirra að draga úr sölu og neyzlu áfengis á opinberum vettvangi.

Fyrir till. allshn. hefur verið flutt sérstök framsaga, og tel ég ekki þörf á að ræða það sérstaklega. Það hefur verið skýrt ýtarlega, hvað n. hyggst fyrir með þeim brtt., sem hún hefur flutt.

**Karl Guðjónsson:** Herra forseti. Í sambandi við setningu nýrra áfengislaga tel ég, að æskilegast hefði verið að geta miðað öll lagaboð fyrst og fremst við óskir neytenda, á sama hátt og gera ber um almenna sölu og dreifingu neyzluvarnings. Hitt er annað mál, að vegna þess, hve tíð ofnautn áfengis er með okkar þjóð, og raunar væri réttara að kveða fastar að orði og segja: Vegna þess, hve alvarlegt böl hlýzt af áfengisnautn í okkar landi, þá hef ég heldur kosið að fylgja fram þeirri stefnu, að fremur beri að hindra rýmkun áfengissölunnar en að stuðla að henni. Þ. e. a. s.: Ég tel það eðlilegra, miðað við ríkjandi ástand í áfengismálum, að leggja nokkrar hömlur á möguleika þess fólks til áfengisneyzlu, sem telur sig hófsamt og heilbrigt í þessu efni, en að opna nýjar snörur fyrir allt of marga einstaklinga, sem neyta áfengis með sjúklegum hætti.

Þeir hv. andstæðingar mínir í þessu máli, sem fært hafa rök fyrir þeim sjónarmiðum, að til heilla mundi reynast að rýmka um sölu áfengis, hafa yfirleitt haldið því fram, að hér væri nauðsyn að koma til móts við nokkuð almennar óskir fólks, óskir, sem miðuðu að aukinni menningu í meðferð áfengis, enda væri núverandi ástand í áfengismálum óþolandi.

Vissulega er ástandið í áfengismálum Íslendinga vont í dag. En alveg sérstaklega með tilliti til þess ætti Alþingi að finna til þeirrar ábyrgðar að bæta ekki gráu ofan á svart, en það óttast ég að geti orðið, ef svo heldur fram sem horfir um setningu nýrra áfengislaga.

Ég leyfi mér líka að efast um, að óskir um breytingar í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, séu eins almennar og hv. andstæðingar mínir vilja vera láta.

Ég bendi hv. alþm. á, að Alþingi er þannig í sveit sett, að stofnunin er umkringd af veitingahúsum á allar hliðar, og er mér ekki grunlaust um, að þeir virðulega nágrannar Alþingis, sem sjá pyngju sinni nokkra hagnaðarvon í þessari væntanlegu fjölbreytni í söluvarningnum, hafi látið áhrifa sinna gæta hér öllu meira en landsmenn almennt, og má segja, að ekki sé það á móti vonum.

Það er á hinn bóginn óeðlilegt, að Alþingi samþykki lög um rýmkun áfengissölu á þeim forsendum, að þar sé stigið spor í menningarátt, ef jafnframt er opnaður upp á víða gátt möguleiki fyrir jafnfráleitri ómenningu og gegndarlaust okur veitingahúsa á söluvörum til viðskiptafólksins er.

Nú, þegar fullvíst má telja, að áfengislagafrv. nái fram að ganga með sínum ákvæðum um veitingar á gisti- og veitingahúsum, tel ég, að sjálfsagt sé að setja skorður við okri þessara aðila á áfengi, þannig að álagning þeirra á vínföng verði bundin við ákveðið takmark, sem telja má hóflegt.

Ákvæði frv. eru heldur óglögg um það, hver veitinga- eða gistihús skuli fá vínveitingaleyfi. Nokkra tryggingu fyrir því, að hinir verðugustu hljóti leyfin, teldi ég einmitt þá, að leyfin fælu ekki í sér neina stórkostlega gróðamöguleika og yrðu því ekki sérlega eftirsóknarverð, nema fyrir þá, sem vildu framreiða vín af þjónustusemi við gesti sína fyrir hæfilega þóknun og án okurgróða.

Ég vil einnig vekja athygli á því að lokum, að yfirlýstur tilgangur frv. er að koma í veg fyrir misnotkun áfengis. Til misnotkunar á áfengi tel ég að horfi okur einstakra veitingahúsa á áfengi umfram allt það, sem hóflegt gæti talizt.

Með tilliti til alls þessa leyfi ég mér að bera hér fram brtt., sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 12. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Eigi skal veitingahúsi, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, heimilt að selja áfengi með hærra verði en sem nemur 20% álagningu frá útsöluverði áfengisverzlunar ríkisins."

Ég hef orðið helzt til síðbúinn með þessa till., en þó mun nú búið að útbýta henni hér í d., og verð ég að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till., að hún fái að koma hér fyrir.

**Pétur Ottesen:** Við 2. umr. þessa máls, flutti ég allmargar brtt. við þetta frv. Ég flutti þá till. um það, að felldar yrðu niður úr frv. allar heimildir til handa dómsmrh. að veita einstökum veitinga- og gistihúsum leyfi til vínsölu þar. Þessar brtt. mínar fengu að vísu nokkrar undirtektir hér í hv. d., en eigi nógu miklar samt til þess að þær næðu samþykki. Till. voru sem sé felldar. Í þessu frv., sem nú liggur fyrir hér til 3. umr., stendur því áfram sú heimild, hvað þetta

snertir, sem í því var, þegar það kom frá Ed., þar sem málið var upphaflega lagt fram, og er því ekki um að ræða lengur að fyrirbyggja þá hættu, sem ég hef oft hér áður bent á og í því felst og þá sérstaklega fyrir æskulýð landsins, að teknar verði aftur upp vínveitingar á veitinga- og gistihúsum og þar með lagður grundvöllur að því samkvæmislífi, sem alkunnugt er, þar sem fjöldi manns er saman kominn og vínið flæðir um borð og stóla. Hér liggur því fyrir, hvað þetta atriði málsins snertir, einungis það, hvort kleift muni að herða nokkuð á þeim hömlum, sem í frv. felast og miða að því að draga úr þessari hættu. Í frv., eins og það liggur fyrir nú, eru að vísu sett nokkur ákvæði, sem ganga í þá átt, en sú smíð stendur mjög til bóta, ef hún á að ná tilgangi sínum. Ég hef þess vegna leyft mér nú, við 3. umr. þessa máls, að freista þess enn, að koma nokkrum vörnum við með því að auka nokkuð á um þær takmarkanir, sem í frv. felast.

Fyrsta brtt. mín er við nokkur ákvæði 12. gr., sem fjalla um þessi vínveitingaleyfi. Þar er svo ákveðið í upphafi greinarinnar, að í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, geti dómsmrh. veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi, sem hér eru svo upp talin í stafliðum á eftir. Hér vil ég bæta inn í, eftir að dómsmrh. er veitt þessi heimild, að þetta verði aðeins gert, ef áfengisvarnaráð mælir með því. Eins og kunnugt er, þá höfðu ákvæðin í þessu frv. um áfengisvarnaráð verið felld niður í meðferð málsins í Ed., en ákvæðin aftur tekin inn í frv. eftir till. allshn. við 2. umr. Og starf áfengisvarnaráðs er markað í 28. gr. þessa frv. Þar segir svo í upphafi gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.“

Eins og þetta ákvæði 28. gr. ber með sér, þá á áfengisvarnaráðið að vinna mjög merkilegt og margþætt starf í þágu bindindisstarfseminnar í landinu. Þess vegna tel ég það sjálfsagt, að þegar um er að ræða slíkar heimildir til áfengissölu og annars í þessu frv., sem hnígur á sömu lund, að áfengisráð verði einmitt haft með í ráðum við ákvörðun slíkra heimilda. Þetta er ástæðan og grundvöllur þess, að ég hef lagt til, að því aðeins verði leyfðar vínveitingar á veitingahúsum, að áfengisvarnaráð mæli með því. Það virðist mér vera mjög í anda þess tilgangs, sem lýst er í 28. gr. um starfsemi áfengisvarnaráðs.

Næsta brtt. hjá mér, sem einnig er við þessa sömu grein, er að taka upp í frv. aftur ákvæði, sem felld voru niður í meðferð málsins í Ed. Það er um það, að eigi sé greitt þjórfé af sölu áfengra drykkja né að veitingahúsið launi starfsfólki sínu með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Þetta ákvæði var í frv. eins og ríkisstj. lagði það fyrir Ed., en var fellt þar niður. Mér virðist, að þetta eigi að geta verið nokkur þáttur í því að hamla á móti skaðlegum áhrifum vínveitingaleyfa á veitingahúsum, að þessi greiðslumáti til þeirra, sem framreiða þar áfengið í hendur hótelgestanna, sé ekki leyfður, enda er það í samræmi við ákvæði, sem tekin hafa verið upp í hliðstæða löggjöf sums staðar a. m. k. á Norðurlöndum. Það leiðir af sjálfu sér, þegar hótelþjónar eiga allt sitt kaup og greiðslu fyrir starf sitt undir því, að sem mest sé drukkið á hótelinu, að þá leggi þeir sig svo fram í því að greiða fyrir vínsölunni eins og þeir hafa getu og orku til. Og er það vitanlega mjög mannlegt frá því sjónarmiði, að eftir þessum leiðum einum eiga þeir þar að afla allra sinna tekna. Ég held þess vegna, að það sé allþýðingarmikill liður í áfengisvörnum hér hjá okkur, að slíkt ákvæði sem þetta sé tekið í lög, og þess vegna hef ég nú freistað þess að færa frv. aftur að þessu leyti í hið sama form og það var, þegar það var lagt fram af hálfu ríkisstj.

Hv. 7. landsk. þm. lagði hér gegn þessari till. við umr. fyrr í dag og taldi þetta vera — ég held hann hafi orðað það þannig — geigvænlegt brot og skerðingu á samningafrelsi. Það má nú náttúrlega, ef menn vilja fylgja þessari hugsun út í æsar, benda á, að í þessu frv. er að finna mörg ákvæði, sem leggja hömlur á athafna- og atvinnufrelsi manna. Að sjálfsögðu eru það hömlur á atvinnufrelsinu, að það skuli ekki öllum vera heimilt að verzla með áfenga drykki. Það eru einnig líka hömlur að sínu leyti, að bannaðar eru allar áfengisauglýsingar, og svona mætti margt telja upp í þessu frv., sem eru hömlur á atvinnufrelsi manna. En þetta setja menn ekki fyrir sig, af því að nauðsynin á því að setja þessar hömlur til þess að hamla upp á móti drykkjuskaparóreglunni er talin vera miklu þýðingarmeiri fyrir þjóðfélagið í heild heldur en það frjálsræði, að allir geti farið með þessar hættulegu nautnavörur og hagað athöfnum sínum í öllu og einu eftir því, sem bezt þjónar þeirra hagsmunum. Ég sé ekki, að á þessu sé neinn munur eða á ýmsum öðrum ákvæðum frv., sem hv. 7. landsk. virtist ekki neitt hneykslast á, og þess vegna sé ekki ástæða til þess að mynda sér afstöðu gegn þessu ákvæði einu út frá þessu sjónarmiði, heldur eigi að gera það með tilliti til þess gildis og þýðingar, sem þetta ákvæði hefur, að því leyti sem það getur átt þátt í að hamla á móti drykkjuskaparóreglu á veitingastöðum, eftir að þannig hefur verið gengið frá löggjöfinni, að slíkar veitingar eru heimilaðar á þessum stöðum. Í þessu ljósi á að sjálfsögðu að skoða þessa brtt. og þau ákvæði, sem hún inniheldur.

Þriðja brtt. mín, sem er stafliður c, snýr að þeim ákvæðum frv., þar sem dómsmrh. er heimilað að veita veitingastöðum leyfi til áfengissölu utan kaupstaðanna. Eru aðeins sett þau skilyrði fyrir slíkri heimild í frv., að veitingahúsið hafi á boðstólum mat, fjölbreytta óáfenga drykki með hóflegu verði o. s. frv. og að veitingahúsið sé fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu. Ef samþ. verður till. mín um, að bannað sé þjónustugjald, þá er það einnig að því tilskildu, að það ákvæði sé uppfyllt. En í sambandi við heimild dómsmrh. til að veita slík leyfi er sett, að hann leiti fyrst umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar. Skilyrði fyrir því, að veitingahús utan kaupstaða fái vín-

veitingaleyfi, er, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn. En hér er ekkert ákvæði sett um það, hver eigi að úrskurða um það, hvort þannig sé ástatt um þetta veitingahús eða þessi veitingahús, að þau séu að mestu leyti rekin í sambandi við erlenda ferðamenn. Það er ekki þess að vænta, að ráðh., sem situr hér í Reykjavík, hafi aðstöðu til þess að dæma um þetta víðs vegar úti um land. Til þess þarf kunnugleika manna heima fyrir. Ég hef þess vegna orðað þessa grein upp og sett inn í hana tvö viðbótarákvæði, sem ættu að gera hana fyllri og leiða það í ljós, að hér kæmi til fullkominn kunnugleiki, auk þess sem áfengisvarnaráð verði haft þar með í ráðum. Samkvæmt minu orðalagi hljóða ákvæðin á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Utan kaupstaða er dómsmrh. heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—c-liða og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef áfengisvarnanefnd sú, sem í hlut á, telur, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn, enda mæli áfengisvarnaráð með því, að leyfið sé veitt."

Ég tel, að miklu sé betur gengið frá þessum ákvæðum með þeirri skipan, sem ég legg til að á þessu sé höfð. Hitt er ekki að efa, að það er vitanlega öllum fyrir beztu, að vel sé um það búið, að gætt sé allrar varfærni í veitingaleyfum slíkum sem þessum út um hinar dreifðu byggðir landsins.

Þá er í frv. í þessari sömu grein svo ákveðið, að ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., þá verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum. Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir því að veita slík leyfi, að ég ætla, til fjögurra ára í senn. En það leiðir af sjálfu sér, að fyrir getur komið, að áfengisútsala verði lögð niður einhvern tíma á leyfistímanum, máske á fyrsta ári leyfistímans, og þannig geti haldizt áfram vínveitingaleyfi á veitingahúsum í allt að 3 ár, eftir að búið er að leggja niður áfengisútsöluna á staðnum. Það má þess vegna öllum ljóst vera, hve mikið ósamræmi er í þessu og hversu mjög það muni draga úr þeirri þýðingu, sem lokun áfengisstaðarins gæti haft fyrir viðkomandi umdæmi. Ég hef þess vegna lagt til að orða þetta þannig:

„Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkvæmt ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar."

Það er sjálfsagt, þegar vínveitingaleyfi er veitt, að hafa fyrirvara á um það, að þetta megi gera, svo að valdi ekki árekstri, ef til þarf að taka. Ég held, að allir hv. dm. hljóti að vera mér sammála um, að það er í miklu meira samræmi hvað við annað, að þessi háttur sé hér á hafður.

Næsta brtt. mín er einnig við 12. gr. Í gr. er gert ráð fyrir, að löggæzlumenn hafi sérstakar gætur á starfsemi þeirra veitingahúsa, sem hafa vínveitingaleyfi. Ég er ákaflega vantrúaður á, að losaralegt ákvæði eins og þetta muni koma að haldi, að því er snertir nauðsynlegt eftirlit með veitingahúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, svo mjög sem ætla má, að þar geti margt að höndum borið, sem full þörf væri á að líta eftir að staðaldri. Ég hef þess vegna tekið hér upp till., sem hv. 2. þm. Eyf. hafði nú upphaflega flutt, en tekið aftur, og ég að nokkru gert grein fyrir áður. Hún er á þá lund, að dómsmrh. skipi eftirlitsmann, einn eða fleiri, í öllum þeim veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi fá, og ákveðið er, að ríkissjóður greiði laun þessara manna, en að veitingahúsið greiði aftur ríkissjóði kostnaðinn við þetta samkv. ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn á svo vitanlega — það er hans starf í veitingahúsinu — að gefa því gætur og fylgjast með því, að í öllu sé framfylgt reglum, sem settar eru í sambandi við veitingaleyfin. Þetta verður engan veginn öðruvísi gert, svo að nokkru haldi komi, heldur en að þar sé jafnan maður til staðar, sem hefur þetta verk með höndum og sé algerlega óháður eiganda veitingahússins eða þeim manni, sem rekur veitingahúsið. En ákvæðin í frv. upphaflega voru þannig, að hann átti að greiða laun hans, en það leiðir af sjálfu sér, að slíkt ákvæði var öldungis ótækt, enda má gera ráð fyrir því, að hv. d. fallist á, að svo sé, með því að taka upp þessi ákvæði.

Ég vil segja út af því, sem fram kom hér í dag hjá hv. þm. V-Húnv., sem vildi halda hinum losaralegu ákvæðum um löggæzlumenn, sem í frv. eru, að ef því ákvæði væri haldið, þá mundi það að sjálfsögðu verða framkvæmt með þeim hætti, að fastur maður yrði skipaður til slíks eftirlits, ef eftirlitið ætti að koma að nokkru gagni, þannig að það væri enginn munur á þeim kostnaði, sem fylgdi því, hvor leiðin sem væri valin. Munurinn yrði þá aðeins sá, ef ákvæðunum væri haldið eins og þau nú eru í frv., að í stað þess að ráðh. skipar þennan mann, þá mundi lögreglustjórinn á staðnum gera það. Ég held þess vegna, að hvernig sem á þetta er litið, þá verði því markmiði að koma á raunhæfu eftirliti með slíkum veitingahúsum langbezt og örugglegast náð með því að taka upp þau ákvæði í þessu efni, sem ég legg hér til.

Hv. allshn. hefur nú einnig flutt um þetta ákvæði brtt., sem er b-liður í brtt. hennar. Þar segir svo, að ráðh. geti ákveðið nánara eftirlit með veitingahúsum, er vínveitingaleyfi hafa, ríkissjóður greiði kostnað eftirlits, en leyfishafar skuli endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Þetta er alveg í samræmi við það, sem ég legg til. En munurinn er sá á þessum brtt., að hér er ráðherra aðeins gefin heimild til þess að koma á slíku eftirliti, en í minum brtt. er lagt fyrir dómsmrh. að skipa slíkan eftirlitsmann. Og mér finnst, að hér sé um svo þýðingarmikið ákvæði þessarar löggjafar að ræða, að sjálfsagt sé að setja um þetta ákveðið ákvæði inn í frv., eins og ég hef lagt til að gert verði með brtt. minni. Náttúrlega er starf þessa eftirlitsmanns, eins og ég hef áður sagt, eingöngu miðað við það, að haldnar séu settar reglur. Hitt getur líka vel að höndum borið, og er ekki ólíklega til getið, að svo verði í ýmsum tilfellum, að lögreglumenn þurfi þarna einnig að koma við sögu í sambandi við það, að upp komi óróa og ryskingar sem afleiðing af hóflausri vínnautn, svalli og sukki, sem því miður má gera ráð fyrir að verði fylgifiskur og afleiðing slíkra veitingaleyfa. Ég

gæti vel trúað því, að það mundi sækja nokkuð í það horf, sem fram kemur í vísu Sigurðar Breiðfjörðs, er mun hafa verið kveðin á Hafnarárum hans, og hún er svona:

Veitt er snjöllum vigra Ullum,
verða sköll um drykkjugólf.
Þeytt er öllum augafullum
öls úr höllu klukkan tólf.

Ætli það verði ekki þessi drykkjumenning, sem við fáum oft og iðulega að horfast í augu við, eftir að búið er að nýju að lögtaka, að slík leyfi skuli veitt takmarkalítið samkv. ákvæðum þessa frv., ef dómsmrh. notar þær heimildir, sem honum eru veittar samkv. frv., út í æsar?

Næsta brtt. mín er við 16. gr. frv. Þar er svo ákveðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt.“ Og enn fremur: „Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.“

Eiga að sjálfsögðu að liggja fyrir á staðnum upplýsingar um þá menn, sem orðið hafa þannig brotlegir að þessu leyti.

Nú var felld till., sem hér var borin fram við 2. umr. þessa máls, þar sem lagt var til að banna að senda áfengi í póstsendingum. Til þess að hægt sé að framfylgja þessu ákvæði frv. um að veita ekki eða afhenda ekki yngri mönnum en 21 árs og ekki heldur þeim, sem sekir hafa gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun, þá legg ég til, að tekið sé upp í frv. ákvæði um það, að óheimilt sé að senda mönnum áfengi í pósti, nema færðar hafi verið fullnægjandi sannanir fyrir því, að hvorki aldur né afbrot sé því til fyrirstöðu, að þeim megi afhenda slíkt vín. Nú fer afhending slíkra vína fyrst fram í hendur viðtakanda, þegar hann tekur á móti sendingunni á pósthúsinu. Þess vegna er ómögulegt að framfylgja þessum ákvæðum frv., þegar það er orðið að lögum, öðruvísi en að fyrir liggi, að hver maður, sem óskar eftir því að fá sér sent vín með pósti, verði, áður en vínið er sent, að gera fulla grein fyrir þessum tveimur ákvæðum, að hann sé ekki yngri en 21 árs og að hann hafi ekki orðið brotlegur við áfengislöggjöfina. Að öðrum kosti væri í þessu tilfelli hér af hálfu löggjafans gengið að því vitandi vits að vera að setja inn í frv. ákvæði, sem ómögulegt væri að framfylgja, og það leiðir af sjálfu sér, að það er gersamlega óforsvaranlegt að ganga þannig frá löggjöf á Alþ., að það sé alveg vitað fyrir fram, að það sé ekki hægt að uppfylla ákvæði laganna. Það er nógu margt, sem fyrir getur komið og ekki var hægt að sjá fyrir og felur í sér vandkvæði á því, að þetta verði þannig í framkvæmdinni. En að setja slík ákvæði inn í frv. eða lög vitandi vits er vitanlega gersamlega ósamboðið löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Þess vegna er ekki nema um tvennt að gera: að breyta þessum ákvæðum eða samþykkja þessa brtt. mína að því er snertir vín, sem sent er með pósti, og er ekki að efa, að svo verði einnig á málinu tekið.

Þá hef ég hér einnig flutt brtt. við 20. gr., þar sem lögreglustjóra er heimilað að veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum. Þar vil ég einnig bæta við, að lögreglustjóri megi þó, að fengnu samþykki hlutaðeigandi áfengisvarnanefndar, veita slík leyfi. Og skírskota ég enn til þess mikilvæga þáttar í lögum þessum, þar sem eru ákvæðin um starfsemi áfengisvarnanefndar og það hlutverk, sem hún á að inna af hendi í sambandi við framkvæmd þessara laga.

Þá hef ég flutt hér brtt. við 25. gr. Þar er svo ákveðið, að ef vafi leikur á því, hvort sakborningur samkv. þessum kafla, þ. e. 6. kafla áfengislaganna, sé undir áhrifum áfengis, skuli bæði dómara og sakborningi heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn. Í staðinn fyrir „heimilt“ vil ég setja „skylt“, því að hér getur verið um svo þýðingarmikið atriði að ræða um ölvun sakbornings, og þó allra helzt í sambandi við akstur bifreiðar, að ef vafi sé á um þetta, þá sé það ekki aðeins heimild til, að slík rannsókn verði gerð, heldur verði undir öllum kringumstæðum skylt að láta slíka rannsókn fara fram.

Þá flyt ég hér enn á ný breytingar um það, að stofna skuli áfengisvarnasjóð. Ég flutti um þetta brtt. við 2. umr. þessa máls og gerði þar ráð fyrir því, að í tveimur liðum yrði svo ákveðið, að 10% af ágóða áfengisverzlunarinnar yrði varið í vissu skyni, að 4% yrðu notuð til áfengisvarna, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu, en 6% til byggingar drykkjumannahæla, til lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila og enn fremur til húsbygginga fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum góðtemplarareglunnar. Þessar till. mínar voru felldar. Ég vil ekki gefast upp við þá hugmynd, sem í þessu felst og mér finnst sjálfsögð og eðlileg, að af áfengishagnaðinum renni einhver hluti — og það lítill hluti samkv. þessum till. — til þess að hamla upp á móti þeirri eyðileggingu og hörmungum, sem oft og einatt sigla í kjölfar vínnautnarinnar. Og ég heyri sagt um þá áfengislöggjöf, sem nú er verið að setja í Svíþjóð, að í því frv., sem nýlega er búið að leggja þar fyrir þingið, sé einmitt ákvæði um mjög ríkuleg framlög í þessu skyni. Það er náttúrlega sömu sögu að segja þar eins og hér og alls staðar annars staðar, að af vínnautninni stafar mikil óhamingja. Þess vegna þarf að vera fyrir hendi ríkur skilningur á því og stutt að því, að haldið sé uppi sem öflugustum vörnum við þeirri hættu, sem hér er á ferðinni. Nú hef ég í þessum brtt. mínum um stofnun áfengisvarnasjóðs fundið mig tilneyddan, miðað við þá útreið, sem fyrri till. mínar um þetta efni fengu, að draga hér allmikið úr og tek ekki hér upp nema helming þeirrar upphæðar, sem ég hafði ætlað að til þessara mála gengi samkv. þeim till., sem ég bar hér fram við 2. umr. málsins. Ég legg sem sé til, að stofna skuli áfengisvarnasjóð og hlutverk hans sé að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu og að í hann renni einungis árlega 5% af hagnaði áfengisverzlunar ríkisins. Tekjur þessa áfengisvarnasjóðs ættu að geta orðið eitthvað á fjórðu milljón, miðað við áfengisgróðann eins og hann var á s. l. ári, og af þessari upphæð yrði varið til Stórstúku Ís-

lands 350 þús. til bindindisstarfsemi og til bindindisfélaga í skólum 30 þús. í sama skyni. Að öðru leyti verði sjóðnum varið til byggingar drykkjuheimila, til lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa, elliheimila og húsbygginga fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi góðtemplarareglunnar eftir nánari ákvörðun heilbrmrh., að fengnum till. áfengisvarnaráðs. Og svo er ráð fyrir því gert, að áfengisvarnaráð fari með stjórn og reikningshald sjóðsins og að nánari ákvæði um þetta verði sett í reglugerð.

Hv. allshn. hefur gengið nokkuð í áttina við þessar mínar till. með brtt. sínum á þskj. 660. Þar leggja þeir til, að það komi ný grein, svo hljóðandi, að á árinu 1955—56 á að leggja í gæzluvistarsjóð af ágóða áfengisverzlunarinnar 750 þús. kr. á ári til viðbótar því framlagi, sem ákveðið er í 15. gr. þessara l., sem er sama upphæð, og þessu á að verja til þess að byggja hæli yfir ölvaða menn og drykkjusjúka. Enn fremur leggja þeir til, að á árunum 1957—59 verði greidd til sama sjóðs af ágóða áfengisverzlunarinnar 1½ milljón hvert ár og um meðferð þess fjár fari eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar, sbr. framangreinda lagagrein.

Eins og menn sjá, þá er æði mikill munur á þessum brtt. og brtt. þeim, sem ég flyt, bæði að því leyti, að þær eru mjög tímabundnar, eða tvö ár í fyrra tilfellinu og þrjú ár í seinna tilfellinu, sem þessi ákvæði eiga að gilda, auk þess sem þeim er markaður miklu þrengri bás en gert er samkvæmt mínum till. Og ég verð að segja það, að það er harla napurt og felur í sér litla viðurkenningu á starfsemi bindindismanna hér í þessu landi, að nú, þegar verið er að ganga frá þessu áfengislagafrv., sé ekki gert ráð fyrir neinu fjárframlagi til bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu í landinu, svo brýn þörf og rík nauðsyn sem á því er, að lyft sé undir og stutt að þeim áhuga, sem ríkjandi er til þess að hamla upp á móti skaðsemi áfengisins. Það eru aðeins *lítilfjörlegar upphæðir á fjárl.*, sem ákveðnar eru í þessu skyni, þar sem mjög er við neglur skorið í þessu efni og fer að verðgildi lækkandi með hverju ári. Ég tel, að eðlilegt og sjálfsagt hefði verið í þeirri áfengislöggjöf, sem nú verður sett, að taka upp ákvæði eins og þau, sem ég hef flutt tillögur um, að verja nokkru fé af áfengisgróðanum til bindindisstarfseminnar í landinu, og að ákvæðin um þetta gildi til frambúðar.

Hér eru nú komnar fram frá einstökum þm. auk allshn. allmargar brtt. Það hefur ekki verið talað fyrir þeim öllum, og ég skal ekki heldur fara mörgum orðum um þær. Ég vil þó aðeins geta þess í sambandi við brtt. á þskj. 618, að þar er gert ráð fyrir því, að áfengisráðunautur eigi að hafa læknismenntun. Þetta er náttúrlega gott út af fyrir sig. En hitt er vitanlegt, að auk þess sem þýðingarmikið er, að sá maður, sem slíkt starf er falið, sé vel menntur, þá á náttúrlega öðru fremur að velja slíkan mann með tilliti til þess, að hann sé áhugasamur um það starf, sem honum er falið, en það vitanlega getur sett nokkrar hömlur á það að vera að binda starfið við ákveðna sérmenntun, og gæti þá svo farið, að það brysti um það, er mestu máli skiptir.



Þess vegna held ég, að það væri óheppilegt að setja þetta ákvæði inn í frv.

Ég skal láta mér alveg nægja nú að reifa þessar brtt. mínar, en vil að lokum skírskota til þess, sem ég hef hér áður sagt við fyrri umr. þessa máls almennt um málið. Þjóðin á mikið í húfi, hvernig máli þessu lyktar. En sannarlega bendir allt til þess um afgreiðslu þessarar áfengislöggjafar, að hún muni reynast hinn mesti gallagripur.

**Skúli Guðmundsson:** Hv. 2. þm. Eyf. gerði hér aths. í sambandi við brtt. mína á þskj. 681. Hann lét þau orð falla, að eftirlit með þeim veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi hafa, mundi verða óvirkt, eins og hann orðaði það, ef það væri látið nægja að samþykkja mína brtt. um þetta efni, og hv. þm. Borgf. tók að nokkru leyti í sama streng í sinni ræðu hér áðan. En ég vil andmæla þessu. Ég vil enn benda á það, að í 12. gr. frv. segir, að löggæzlumönnum sé skylt að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa, og ég sé enga ástæðu til að vantreysta því, að löggæzlumenn á hverjum stað muni uppfylla þessa skyldu, ef þetta verður samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 682, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 618,1 felld með 17:13 atkv.
— 536 felld með 17:10 atkv.
— 610,1.a felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PÞ, PO, SG, SkG, EOl, EirÞ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HV, KGuðj, LJós.

nei: ÓTh, SÁ, StgrSt, ÁB, BÓ, EggÞ, EI, EmJ, GTh, HÁ, BFB, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, SB.

2 þm. (BergS, IngJ) fjarstaddir.

Brtt. 610,1.b felld með 25:5 atkv.
— 661,a samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BergS, EggÞ, EOl, EirÞ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, KGuðj, LJós, MJ, PÞ, PO, SG, SkG, ÁB.

nei: BÓ, EI, EmJ, GTh, BFB, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, ÓTh, SÁ, StgrSt, SB.

EystJ greiddi ekki atkv.

1 þm. (IngJ) fjarstaddur.

Brtt. 656,a felld með 17:11 atkv.
— 660,1.a samþ. án atkvgr.
— 618,2 felld með 18:5 atkv.
— 682 felld með 17:11 atkv.
— 661,b felld með 20:12 atkv.
— 656,b tekin aftur.
— 661,c felld með 18:8 atkv.
— 610,1.c felld með 17:12 atkv.
— 661,d felld með 17:11 atkv.
— 610,1.d samþ. með 18:10 atkv.
— 662 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, PÞ, PO, SG, SkG, StgrSt, EOl, EirÞ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HV.
nei: BFB, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, SÁ, ÁB, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EmJ, GTh, SB.
1 þm. (IngJ) fjarstaddur.

Brtt. 680 felld með 18:10 atkv.
— 610,1.e felld með 21:5 atkv.
— 681 felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EirÞ, EystJ, GilsG, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, BFB, KGuðj, LJós, PÞ, SG, SkG, BergS, EOl.
nei: EmJ, GTh, HV, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, ÁB, BÓ, EggÞ, EI, SB.
StgrSt greiddi ekki atkv.
1 þm. (IngJ) fjarstaddur.

Brtt. 660,1.b samþ. með 20:8 atkv.
— 610,2 felld með 18:10 atkv.
— 610,3 felld með 19:11 atkv.
— 610,4 felld með 17:11 atkv.
— 618,3 felld með 22:4 atkv.
— 660,2 samþ. með 18:4 atkv.
— 610,5 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, LJós, MJ, PO, SG, EggÞ, EOl, GilsG, GJóh, HV.
nei: BFB, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, ÓTh, PÞ, SÁ, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, BÓ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, HÁ, SB.
GTh, GÞG greiddu ekki atkv.
1 þm. (IngJ) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÓTh, SÁ, StgrSt, ÁB, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GTh, HÁ, BFB, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, SB.
nei: PO, SG, SkG, EOl, GJóh, HV, KGuðj, LJós. PÞ, BergS, GilsG, GíslG, GÞG greiddu ekki atkv.
1 þm. (IngJ) fjarstaddur.
Frv. endursent Ed.

---

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 706).

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Það er nú orðið áliðið dags og reyndar komin nótt og málið hins vegar mikilsvert, sem hér er til umr., og veit ég ekki, hvort ég get komizt af með mjög skamman tíma til að segja það, sem ég hafði hugsað mér að segja. (**Forseti:** Ég vil gera athugasemd. Ef hv. þm. hyggur, að hann tali alllangan tíma, þá mun ég heldur fresta umr. og taka málið aftur fyrir á morgun.) Ég mun ekki tala í hálftíma. (**Forseti:** Ég hygg nú samt sem áður, að ég vildi þá heldur fresta umr.)

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 706, 754, 755).

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þó að ég hafi haft þá skoðun, að rétt væri að setja ný áfengislög, og væri reiðubúinn til að fylgja í höfuðatriðum frv. því, sem lá hér fyrir hv. d. í fyrra, og þó að ég enn fremur greiddi þessu frv. atkvæði og það með ánægju, þegar þessi deild afgreiddi það til hv. Nd., þá er ég nú í miklum vafa um, hvort ég greiði því atkv. eins og hv. Nd. hefur gengið frá því, ef ekki fást þar á nokkrar breytingar, og ég tel, að þessi hv. d. hafi gengið frá frv. meira í samræmi við 1. gr. þess heldur en hv. Nd. Ég skal vegna tímans ekki fara nánar út í það, en þetta er mín sannfæring.

Ég sé ekki, að frv., eins og það kemur frá hv. Nd., breyti nokkuð verulega núverandi ástandi eða núverandi löggjöf í nokkrum þeim atriðum, er máli skipta. Í fljótu bragði virðist aðalbreytingin vera sú frá gildandi lögum, að í frv. er á yfirborðinu heimilað, að veita megi fleirum en einu 1. flokks veitingahúsi leyfi til vínveitinga, en sá er galli á gjöf Njarðar, að ekkert veitingahús fengi sennilega slíkt leyfi, ef frv. verður samþ. óbreytt, því að svo er ákveðið, fyrir utan það, að alltaf á að bera slíkt undir bæjarstjórnir, þá þarf nú líka að bera það fyrir fram undir bæjarstjórnir, hvort yfirleitt megi veita vínveitingaleyfi í bænum, og við þekkjum allir þann áróður, sem hafður er í frammi alltaf þegar þessi mál ber á góma, og við þekkjum það einnig, hversu þeir fulltrúar, sem kosnir eru af almenningi, eru oft veikir fyrir áróðri, svo að ég dreg það mjög í efa, að með samþykkt frv. óbreytts yrði nokkru veitingahúsi veitt vínveitingaleyfi, heldur mundi rassvasavínið halda áfram á samkomum, bæði á veitingahúsum og öðrum skemmtistöðum. Og í annan stað er óvíst, að nokkurt veitingahús sæi sér hag í því að frv. óbreyttu að taka upp vínveitingar, þó að leyft væri, vegna þess að í frv. er bannað að gefa veitingahúsi nokkurn afslátt á áfengi, sem það kaupir í áfengisverzluninni.

Ég hygg, að það gæti vel staðið svo á, að ríkisvaldið sæi sér hag í því, að hóteli yrði komið upp, fullkomnu hóteli, sem gæti veitt útlendum ferðamönnum góðan beina, og vildi gjarnan styðja að því t. d. á þennan hátt, en það er bannað í frv. Ég man það, að hér fyrir örfáum árum var samþ. frv. um það, að ríkið ásamt tveimur öðrum aðilum kæmi upp nýtízku hóteli hér í Reykjavík. Það var áætlað þá, að þetta hótel kostaði 15 millj. kr., en ef það ætti að fara að byggja slíkt hótel nú, og lagaheimildin er víst fyrir hendi enn til þess, þá er ég hræddur um, að kostnaðurinn yrði heldur hærri en 15 millj. kr., og þó að þessu veitingahúsi væri nú komið upp með hjálp ríkisins og framlögum Eimskipafélagsins og annarra aðila, þá er ég ákaflega hræddur um, að rekstur svo dýrs hótels yrði erfiður, og hætt við, að það yrði baggi á þeim aðilum, sem því kæmu upp, og þá álít ég, að það væri ekki öðruvísi hentugra að styðja slíkt hótel heldur en með því að veita því nokkurn afslátt á því áfengi, sem það keypti í áfengisverzluninni til veitinga.

Ég hef því leyft mér ásamt öðrum hv. þm. að bera fram tvær brtt. við þetta frv.

Fyrri brtt. er á þskj. 754 og er um það, að síðasti málsl. 9. gr. falli niður, en sá málsl. er þannig í frv.: „Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.“ Þessa till. flyt ég ásamt hv. þm. Mýr. (AE). Auðvitað verður þetta túlkað svo af þeim góðgjörnu mönnum, sem ræða um þessi mál frá annarri hlið heldur en ég, að ég vilji með þessu fyrirskipa það, að hótelum sé gefinn afsláttur á víni, en hver, sem les till., sér það, að svo er ekki, heldur finnst mér alveg óþarft að banna þetta sérstaklega í lögum. Ef liðurinn væri felldur niður, þá væri það á valdi hæstv. ríkisstj., hvort hún gæfi þar einhvern afslátt á, ef henni þætti það nauðsynlegt eða henta, og sé ég enga ástæðu til þess, eins og ég hef áður minnzt á og fært rök að, að leggja bann við slíku.

Þá er önnur brtt. á þskj. 755 frá mér, hv. þm. V-Sk. (JK) og hv. þm. Mýr. (AE), um það, að 2. málsgr. 12. gr. falli niður, en 2. málsgr. 12. gr. hljóðar svo: „Leyfi til vínveitinga samkvæmt þessari gr. má þó því aðeins veita, að hlutaðeigandi bæjarstjórn hafi fallizt á, að vín verði til sölu í veitingahúsum í bænum.“ Okkur flm. finnst alveg óþarft, að þetta ákvæði sé í frv., og teljum, að það mundi verða til þess, að fram kæmi óeðlilegur og leiðinlegur áróður í þessu máli í hvert sinn, sem slíkt væri borið undir bæjarstjórn, og algerlega óþarft, vegna þess að síðar í gr., í 4. málsgr. sömu gr., stendur: „Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á.“ Það er ekki lítil áherzla, sem lögð er á íhlutun bæjarstjórna um þetta, þegar það þarf að taka það fram tvisvar í sömu gr., og hvernig sem menn eru nú sinnaðir í bindindismálum og þess konar, þá skil ég ekki annað en að menn athugi það og skilji, að það er þó a. m. k. óþarfi að taka þetta tvisvar fram, hvað sem öðru líður. Í seinni staðnum er að vísu aðeins talað um umsögn, en í fyrri staðnum um samþykki, en ég býst við, að í framkvæmd yrði það í flestum tilfellum það sama, nema sérstök knýjandi nauðsyn væri til annars, því að auðvitað mundi ríkisstjórn hika við, þegar hún er búin að leita umsagnar bæjarstjórnar og bæjarstjórnin segir í sinni umsögn, að hún sé því mótfallin, að veitingahús fái vínveitingaleyfi, að veita vínveitingaleyfi gegn andmælum bæjarstjórnarinnar, og okkur flm. finnst ákvæðið í seinni staðnum algerlega nægilegt í þessu efni. Vona ég því fastlega, að þessi brtt. okkar verði samþ.

Það hefur verið talað um tvær stefnur í þessu máli, annars vegar útrýmingu áfengis, sem ekki getur orðið með öðru móti en þá banni, sem stranglega væri framfylgt, og hins vegar frelsi, sem góðviljaðir menn segja að þýði sama og mikinn drykkjuskap. Báðar þessar stefnur eru hreinar og heiðarlegar út af fyrir sig, hrein afstaða í þeim báðum. Við höfum reynt frelsið í þessum efnum í margar aldir, og auðvitað var mikill drykkjuskapur hér á landi í langan tíma. En þegar ég var ungur maður, þá var svo komið þrátt fyrir frelsið, t. d. um 1910 og árin bæði fyrr og eftir, að drykkjuskapur var alveg að hverfa, a. m. k. meðal ungra manna. Ég var tvö ár skömmu eftir aldamótin í skóla á Akureyri, og ég sá varla nokkurn tíma drukkinn mann nema einn gamlan karl. Ég var hér líka um tíma, þegar ég var ungur maður, í Reykjavík, og ég sá aldrei drukkinn mann þann tíma, sem ég var hér, hvorki ungan né gamlan. Auðvitað sá ég ekki athafnir allra Reykvíkinga, þótt ég dveldi hér, en nokkuð er það, að nú ganga menn tæplega úti á götu öðruvísi en að sjá drukkinn mann. Svo reyndum við bann við áfengum drykkjum. Ég man vel eftir þeim tíma, eins og ég man vel eftir a. m. k. hálfum öðrum áratug, áður en bannið gekk í gildi, og mér virtist bannið hafa þau áhrif, að í staðinn fyrir það, að fyrir bannið þótti skömm að því að drekka mikið, a. m. k. skömm ungum mönnum, þá fór það að þykja sómi. Og menn höfðu alls konar útispjót á bannárunum til þess að ná sér í áfengi, og það var hreint og beint skóli í lögbrotum.

En síðan 1922, þegar Spánarundanþágan var gerð, hefur því miður hvorugri þessari stefnu verið fylgt. Það hefur verið séð svo um síðan, að vín hefur verið fáanlegt, en helzt af öllu með því móti að gera flestalla þá menn að lögbrjótum, sem keyptu það á löglegan hátt í áfengisverzluninni, því að í sjálfu sér er varla hægt að kaupa flösku í áfengisverzluninni til þess að neyta hennar. Það er helzta ráðið, ef maður vill vera alveg viss um að brjóta ekki landsins lög, að kasta henni niður í götuna, þegar komið er út, og brjóta hana. Auðvitað gera menn þetta ekki, heldur fara með það á mismunandi hátt, en í mjög mörgum tilfellum þannig, að því fylgja einhver meiri eða minni lögbrot. Það er líklega löglegt að drekka vín og veita gestum sínum vín heima á heimili sínu, en það er ákaflega vafasamt, hvort það er löglegt að flytja vínið úr áfengisverzluninni heim á heimili sitt í bíl. Ég man eftir, að hæstv. dómsmrh. fylgdi því máli, að það mætti dæma menn sem vínsala, ef það fyndist vín hjá þeim í bíl, þó að engin sönnun væri fyrir því, að þeir ætluðu að nota það til slíks. Ég veit ekki nema menn, sem flytja vín hér frá áfengisverzluninni heim til sín í sjálfri Reykjavík, hvað þá lengra úti á landi, ef þeir eru í bíl, geti átt það á hættu að vera dæmdir sem vínsalar fyrir það, að áfengið er í bílnum.

Auðvitað er þetta allt gert í góðri meiningu af þeim, sem trúa því, að alls konar höft gagni. Það hafa áður verið sett ströng l. hér á Íslandi til þess að bæta siðferði manna. Þá voru nú boðorðin enn í gildi, sem sumir eru að tala um nú að afnema. Eitt af þessum boðorðum hljóðar svo: „Þú skalt ekki hórdóm drýgja.“ Og það er eins og að á þeim árum hafi þetta boðorð þótt mest um vert, því að þessi stóreflis lög, stóridómur, voru sett til þess að koma í veg fyrir það, að menn drýgðu hór. Það er ekki að miða við það, þó að mörgum nútímamönnum finnist ekkert til um það, þó að menn drýgi hór. Það þykir ekki lengur stórsynd, samanborið við að bragða vín, eins og dæmin sanna. En þeirra tíma mönnum fannst það svona álíka verknaður að gera það eins og góðtemplurum finnst nú að

drekka staup af víni, og það voru sett l. með stórum refsingum fyrir þennan verknað. Ef það kom fyrir fólk, og þó að það væri ekki nema annan hlutaðeigandann, í þriðja skipti, þá kostaði það karlmanninn höfuðið og konuna það, að henni var drekkt, eins og kunnugt er.

Var með þessu komið í veg fyrir lauslæti hér á landi? Ég held nú síður. Ég efast um, að það hafi nokkuð dregið úr því við þessar þungu refsingar.

Þá trúðu menn því í þá daga, að það væri hægt að komast í samband við höfðingjann í undirheimum og fá hjá honum styrk til illverka. Það var kallaður galdur, og menn voru dregnir á galdrabálið. Þetta var gert í góðri meiningu sjálfsagt, því að það var gert bæði til viðvörunar öðrum og eins til þess, að þeir seku brynnu þá ekki í helvíti hinum megin. Nú eru breyttir tímar, og engum dettur í hug að taka upp slíkar refsingar að hálshöggva menn eða brenna, jafnvel ekki við því að drekka brennivín, en það er þó alveg sama hugarfarið, sem ræður ýmsum lagaboðum nú viðvíkjandi áfengismálum, eins og réð þessum aðgerðum og lögum á 16., 17. og fram á 18. öld. Ef við hyrfum aftur í þá tíma, þá er lítill vafi á því, að þeir, sem nú fylgja fastast fram sem allra mestum hömlum og þvingunum og refsingum í áfengismálum, hefðu verið mjög hrifnir af því að hálshöggva menn fyrir hórdómsbrot og brenna galdramenn, því að það er sama hugarfar sem liggur til grundvallar fyrir hvoru tveggja: trúin á lagaboð og refsingar.

Það hefur verið talað um það og jafnvel af merkum stjórnmálamönnum í útlöndum, að það sé kominn tími til að breyta boðorðunum eitthvað. Ég held nú, að þessi gömlu boðorð dugi okkur enn um hríð, eins og skáldið sagði, en eftir þeim anda, sem ríkir og svo greinilega hefur orðið ofan á í hv. Nd. Alþ., þá er sjálfsagt að bæta við einu boðorði, sem ætti að hljóða eitthvað á þessa leið: Ef þú drekkur áfengi, þá drekktu það alltaf í laumi — því að manndómurinn er ekki sá enn að hafa boðorðið alveg ákveðið eins og sjötta boðorðið er og segja: Þú skalt ekki vín drekka.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál — þær eru orðnar býsna langar samanlagt í báðum deildum. En mér þykir rétt að taka það fram í fyrsta lagi, að ég er andvígur þeim brtt., sem hv. síðasti ræðumaður talaði fyrir, og þeirri stefnu, sem þær marka. Ég tel, að með þessu frv., þó að þar hafi nokkuð verið dregið úr sumum ágöllunum í hv. Nd., sé stigið spor aftur á bak, að þessi löggjöf, sem hér er verið að setja, sé lakari frá sjónarmiði þjóðarinnar almennt séð heldur en gildandi áfengislöggjöf, sem þó er ekki hælandi. Vínveitingaleyfin verða aukin, það er auðsýnilegt. Það verður haldið áfram að veita undanþágur fyrir félög og samkvæmi, og af því mun leiða, að drykkjuskapur mun aukast í landinu, og lítil viðleitni sýnd til þess að bæta eftirlitið frá því, sem er í gildandi löggjöf. Ég mun því ekki sjá mér annað fært en að greiða atkv. gegn þessu frv.

**Forseti (GíslJ):** Út af brtt. á þskj. 754, sem er við 9. gr. frv., þykir mér rétt að taka fram vegna þess, sem áður hefur komið fram hér í þessari hv. d., að þessi till., þ. e. síðasti málsl. greinarinnar: „Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings“ — var borin fram hér í þessari hv. d. og samþykkt hér þá inn í frv. Hæstv. dómsmrh. lét þá í sambandi við aðra brtt. falla þau orð, að hann teldi, að það mætti ekki bera upp brtt., sem hefði verið samþykkt inn, til þess að fella hana úr aftur. Minn úrskurður féll í gagnstæða átt, og þess vegna mun ég að sjálfsögðu bera upp þessa brtt., þó að hún hafi verið samþ. inn í frv. hér áður, vegna þess að brtt. hefur aldrei verið felld, og er það í samræmi við það, sem ég hef úrskurðað áður. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram. Ég vil hins vegar gjarnan fá nafnakall um þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 754 felld með 14:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** LJóh, AE, BSt.

**nei:** GÍG, HG, HermJ, IngF, JJós, JK, KK, PZ, SÓÓ, VH, BBen, BrB, FRV, GíslJ.

Brtt. 755 samþ. með 11:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:5 atkv. og endursent Nd.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 804).

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Páll Þorsteinsson:** Herra forseti. Þegar þetta mál var til 3. umr. hér í deildinni, þá var samþ. við það brtt. við 12. gr. frv., sem ég hafði borið fram. Þessi breyting var numin burt úr frv. í hv. Ed. Nú hef ég leyft mér ásamt hv. 11. landsk. (LJós) að leggja þessa breytingu hér fyrir deildina enn að nýju og vænti þess, að þingmenn hafi nú fengið hana í hendur; það er verið að útbýta þskj. einmitt í þessum svifum. Efni till. var rætt við 3. umr. hér í d., og ætla ég mér ekki að endurtaka umr. um hana efnislega.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 814, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Sú breyting, sem gerð hefur verið á frv. í Ed., er næsta lítil, þ. e. a. s., hún er lítil fyrirferðar. Út hefur verið tekin 2. málsgr. 12. gr., sem hljóðar um það, að leyfi til vínveitinga megi því aðeins veita, að hlutaðeigandi bæjarstjórn hafi fallizt á, að vín verði til sölu í veitingahúsum í bænum. Mér virðist, að ef ætti að fara að setja þessa gr. inn aftur, sem Ed. tók út, þá sé það sama og að ónýta ýmis ákvæði, sem eru í frv., því að þarna er bæjarstjórnum sett á vald, hvort vínveitingar skuli vera í bænum. Slíkt er náttúrlega alls ekki það, sem lögin ætlast til, að þetta

vald verði fengið bæjarstjórnum í hendur, og ég efast um, að bæjarstjórnir yfirleitt kæri sig um að fá slíka heimild og ákveða það, hvort vínveitingar skuli vera í bænum eða ekki. — Ég vil eindregið mæla með því, að frv., eins og það er komið frá Ed., verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 814 felld með 20:13 atkv.

Frv. samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, StgrSt, ÁB, BÓ, EggÞ, EI, EirÞ, EmJ, EystJ, GTh, HÁ, BFB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, JörB, KJJ, MJ, ÓTh, SB.

nei: PÞ, PO, SG, SkG, EOI, GíslG, GJóh, HV, KGuðj, LJós.

BergS, GilsG, GÞG greiddu ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 827).

## 39. Sogsvirkjun (stjfrv.).

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins** [201. mál] (stjfrv., A. 697).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Það var nú svo til ætlazt, að þetta frv. hér á þskj. 697, sem er viðauki við lögin frá 1946, um virkjun Sogsins, hefði fylgt frv. á þskj. 633, um viðauka við raforkulög, eftir hér, en það var til umr. hér í hv. deild s. l. föstudag.

Ég skal aðeins taka það fram varðandi þetta frv., að það er flutt af ríkisstj., og er það ósk hennar, að þessi tvö frv. varðandi raforkuframkvæmdir megi fylgjast að og verði bæði afgreidd hér á þessu þingi.

Eins og fram er tekið í frv. þessu, þá er hér um heimild að ræða til lántöku til þess að virkja efra Sogið, allt að 100 millj. kr., eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstj. til.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni stjórnar Sogsvirkjunarinnar og er flutt vegna þess, að talið er nauðsynlegt að fara að vinna að þeim málum, að þriðja virkjun Sogsins verði nú framkvæmd eins fljótt og unnt er, og telur ríkisstj. sjálfsagt, að Alþ. stuðli að því, að framkvæmdir tefjist ekki varðandi þetta mikla nauðsynjamál frekar en nauðsynlegt er vegna þeirra erfiðleika, sem náttúrlega kunna nú að mæta að ýmsu leyti.

Það er hér bráðabirgðaáætlun í grg. um kostnað við þetta, og hljóðar hún upp á 100 millj. kr., sem er talin sú upphæð, sem nú ætti að nægja til þessa mannvirkis. Er það að sjálfsögðu von allra, að þetta mikla mannvirki, sem raunverulega verður fullvirkjun Sogsins, þurfi ekki að fara langt fram úr því, sem hér er áætlað.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Málið liggur ljóst fyrir, margrætt áður, og glöggar upplýsingar í þeirri grg., sem frv. fylgja. Ég vil því aðeins leyfa mér að óska eftir, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 697, n. 745).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 697, n. 780).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Fyrir hönd hv. iðnn. vil ég hér með munnlega ítreka það, sem undirskrifað er á þskj. 780, en þar er sagt, að n. leggi til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég tel ekki þörf fyrir mig að bæta hér neinu öðru við, en n. var mjög einhuga um, að þetta stórmerka mál fengi sem fljótasta og greiðasta afgreiðslu í gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

## 40. Smáíbúðabyggingar.

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga** [202. mál] (stjfrv., A. 699).

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í samningi þeim, sem gerður var, þegar stjórnarmyndunin fór fram í sumar, var ákveðið, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir beittu sér fyrir ráðstöfunum til þess að auka lánsfé til íbúðabygginga. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða og yfirgripsmikið, og það er ætlun ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta þing till. um framtíðarlausn málsins. En til bráðabirgða vill ríkisstj. fara fram á það við hv. Alþ., að það veiti heimild til þess, að ríkissjóður megi taka að láni 20 millj. kr. til þess að lána út á smáíbúðir. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um það. Ríkisstj. er þegar farin að vinna að því að útvega þetta lánsfé og telur öruggt, að það muni fást.
Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. og biðja n. að hafa hraðar hendur um afgreiðslu málsins, af því að eins og hv. þm. skilja, þá er það mjög þýðingarmikið, að það geti fengið afgreiðslu áður en þingi lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 699, n. 760).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Hv. fjhn. þessarar d. hefur athugað þetta frv. og mælir með því einróma, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.
Það er kunnugt mál, að á undanförnum árum hafa verið sívaxandi örðugleikar fyrir menn almennt með að koma upp þeim byggingum, sem nauðsynlegar eru, bæði til sjávar og sveita. Síðan verð fór svo mjög hækkandi, eins og raun er á, á efni og flutningum og vinnu, hafa örðugleikarnir farið sívaxandi og þurft meira og meira lánsfé í þessu skyni. Síðan byggingarsjóðslögin frá 1946 voru samþ., hefur þó verið hægt svona almennt að gera sveitamönnum nokkra úrlausn í þessu efni frá hálfu Búnaðarbankans, en fram að 1951 voru það hreinustu vandræði fyrir alla, sem í kauptúnum bjuggu, að fá nokkurt lánsfé til afnota í þessu skyni.
Undanfarin tvö ár hefur fyrir atbeina hæstv. ríkisstj. verið nokkurt fé lánað til smáíbúðabygginga í kauptúnum og kaupstöðum, og hefur reynslan sýnt og sannað það, sem raunar var almennt áður vitað, að þörfin á þessu sviði er ákaflega mikil og þær lánsupphæðir, sem veittar hafa verið, ófullnægjandi til þess að fullnægja henni. Nú er þess vegna mjög rík þörf, að haldið verði áfram á þessu sviði, og það hefur verið hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkum mjög ljóst að nauðsyn bæri til að gera, og þess vegna er þetta frv. flutt og kemur væntanlega til framkvæmda, því að ég efast ekki um, að hv. Alþ. verði sammála um að fylgja því áfram, þannig að það verði samþykkt, áður en þingi verður slitið. Hins vegar, eins og tekið er fram í grg. þessa frv., hefur því verið slegið á frest að gera viðtækari ráðstafanir til framkvæmda í byggingarmálum, og má gera ráð fyrir því, að það verði undirbúið fyrir næsta þing.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vil endurtaka það fyrir hönd hv. fjhn., að hún mælir einróma með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 831).

## 41. Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna** [215. mál] (stjfrv., A. 785).

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ríkisstj. hefur leyft sér að leggja fram frv. það, sem er á dagskrá, svo síðla þings í fullu trausti þess, að þetta mál, sem hér um ræðir, eigi samúð þm. yfirleitt og jafnvel allra og megi því ná fram að ganga, þótt svo sé áliðið þingtímans sem raun ber vitni um. Ég tel rétt að fylgja frv. úr hlaði með örfáum orðum.

Það munu vera liðin um seytján ár frá því, að sjómannastéttin íslenzka ákvað að helga sér einn dag árlega til þess að minna á störf sjómannastéttarinnar og hagnýtt gildi hennar fyrir þjóðfélagið í heild. Þessi dagur hefur hlotið nafnið sjómannadagur, svo sem öllum er kunnugt um. Það kom í ljós þegar í öndverðu, að nokkur tekjuafgangur varð af þeim skemmtunum, sem haldnar voru í sambandi við þennan fagnað sjómanna, og vaknaði þá eðlilega sú spurning hjá forustumönnum sjómanna, hvernig bæri að verja þessum tekjuafgangi. Menn báru saman ráð sín um það og komust nokkuð fljótlega að þeirri niðurstöðu, að rétt þætti og eðlilegt að safna í sjóð til þess, þegar tími þætti til kominn, að byggja dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn, og verða nú, held ég, allir að viðurkenna, að sú hugmynd er reist á grundvelli sanngirni og réttlætis í garð þeirra manna, sem á langri ævi við örðugt starf hafa slitið kröftum sínum í þágu þjóðfélagsins. Þegar hér var komið málum, þá kusu þessir forustumenn sjómanna — fulltrúaráð sjómannadagsins er samkundan kölluð — sér nefnd, sem skyldi hafa með höndum fjáröflun til viðbótar þeim tekjuafgangi, sem sjómannadagurinn hverju sinni færði. Þessari nefnd varð gott til fjár, eins og líka málefnið verðskuldar. Henni bárust margar allstórar gjafir, ekki sízt frá útgerðarfélögum og öðrum fyrirtækjum í landinu, en einnig fyrir almenna þátttöku þjóðarinnar og almennan skilning á því þarfa máli, sem um var að ræða. Ég skal í því sambandi varðandi forustu þessa máls ekki telja hér upp mörg nöfn, en get þó ekki stillt mig um að minna á hinn aldna nýlátna sægarp, Björn Ólafs skipstjóra frá Mýrarhúsum, sem var gjaldkeri byggingarsjóðs dvalarheimilis aldraðra sjómanna allt frá öndverðu og ef ég man rétt formaður byggingarnefndarinnar einnig, frá því að hún var stofnuð, og svo okkar fornkunningja — ég leyfi mér að nefna hann einnig — Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrverandi formann Sjómannafélags Reykjavíkur og fyrrverandi alþm., sem frá byrjun hefur veitt þessu máli allan þann stuðning, sem á hans valdi hefur verið. En einnig hafa margir aðrir af forustumönnum sjómanna lagt þar fram óeigingjarnt og mikið starf, vegna þess að þeir telja, að það sé þeirra skylda, svo göfug hugsjón sem hér sé borin fram.

Eftir að fjáröflunin hafði gengið vel, töldu menn, að rétt væri að hefjast handa. En þá urðu á vegi þessa góða máls örðugleikar, sumpart fyrirsjáanlegir, sumpart óvæntir, en ég á þó fyrst og fremst við það, að ekki fékkst heimild til fjárfestingar, þ. e. a. s. ekki leyfi til þess að hefjast handa um byggingu þessa dvalarheimilis. Og það var ekki fyrr en á síðast liðnu vori, að slíkt fjárfestingarleyfi fékkst, eftir að ríkisstj. hafði gengizt í málið og beitt sér fyrir því. En þá var líka strax ákveðið að hefjast myndarlega handa, enda hafði bæjarstjórn Reykjavíkur látið sjómönnum í té stóra og góða lóð á Laugarásnum svonefnda. Voru gerðir samningar við ýmsa aðila varðandi byggingu dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Það er ætlað að ljúka þessu dvalarheimili eða byggingu þess í tvennu lagi, ef svo mætti segja. Fyrri hlutinn er miðaður við tvo þriðju heimilisins og ætlað, að sá hluti muni kosta um 8 millj. kr. og rúmi 179 vistmenn. Seinni hlutinn er miðaður við sama vistmannafjölda, 179, eða um það bil, og ætlað, að hann kosti aðeins 3 millj. kr. Þessi mikli munur á kostnaði við fyrri hluta og seinni hluta stafar af því, að við byggingu fyrri hlutans er margt það gert, sem kemur heimilinu öllu að gagni, þegar það er fullreist. En alls er ætlað að þetta heimili muni kosta 11 millj.

Þegar í stað, eftir að fjárfestingarleyfi fékkst, var samið um framkvæmdir, sem var áætlað að mundu kosta 4 millj. kr. Þeim framkvæmdum verður lokið 1. júní n. k., og mér er það ánægjuefni að mega hafa það eftir forustumönnum þessa máls, að þessi framkvæmd muni ekki fara fram úr áætlun. En þegar henni er lokið, þá er talið, að búið sé að reisa helming fyrri hluta byggingarinnar, enda kemur það heim við, að fyrri hlutinn eigi að kosta 8 millj. og þessi hluti verði reistur fyrir 4 millj. En þegar lokið er þessari byggingu, sem nú stendur yfir, og eins og ég segi, er ætlað, að henni verði lokið 1. júní n. k., þá er þrotið fé sjóðsins. Þá eru til þurrðar gengnar þær 4 millj., sem sjóðurinn hafði til umráða, og er þá meðtalið það fé, sem Reykjavíkurbær og ríkissjóður leggja hælinu á þessu ári, árinu 1954.

Þegar svo var komið, þótti forustumönnum málsins sýnt, að grípa yrði til nýrra ráðstafana, ef ekki ættu að verða óeðlilegar og sérstaklega óæskilegar tafir á framkvæmd málsins. Og eftir að hafa borið saman ráð sín, sjálfsagt við marga

menn, þá ákváðu forustumenn sjómanna á þessu sviði, þ. e. a. s. fulltrúaráð sjómannadagsins og byggingarnefnd dvalarheimilisins, að fara fram á heimild til happdrættis og viss önnur fríðindi, — ég þori nú varla að nefna þau í þingsalnum, — það eru innflutningsheimildir á bílum. Fóru þeir fram á við ríkisstj., að hún styddi að því, að slík lög um heimild til happdrættis yrðu samþykkt á Alþ., og hjálpaði einnig að sínu leyti til að greiða fyrir vissum bílainnflutningi, sem þurfa þykir í þessu sambandi.

Ríkisstj. barst þetta mál nokkuð seint í hendur og hafði, eins og allir vita, einkum þegar líður á þingið, mörgum störfum að sinna, en ég hygg ég megi segja, að eftir öllum atvikum hafi stjórnin tekið fljótt og vel á málinu, og var strax sammála um að reyna að greiða fyrir því, eftir því sem auðið þætti. Afleiðingar af bollaleggingum ríkisstj. sjá menn í þessu frv., sem hér liggur fyrir og nú er til umr. Eins og menn sjá, er þar farið fram á, að gefin sé heimild fyrir stofnun happdrættis til framdráttar dvalarheimili aldraðra sjómanna, og happdrættið á að vera um bifreiðar, báta og búnaðarvélar, eins og þar er nánar ákveðið. Verð á happdrættismiðunum ákveður ráðh. að fengnum till. frá stjórn dvalarheimilisins. Drættirnir eiga að fara fram í Reykjavík, dregið skal mánaðarlega, og heimildin á að gilda í 10 ár. Öllum ágóðanum á að verja til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir dvalarheimilisins. Vinningarnir eiga að vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla. Ráðh. getur sett nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

Þetta er aðalefni þeirra till., sem ríkisstj. hefur leyft sér að bera fram hér fyrir hv. Alþ. að óskum forustumanna sjómanna og í samráði við þá.

Ég hef ekki nægan kunnugleika til þess að dæma um, hver fengur dvalarheimilinu er að þessu frv., en forustumenn málefnisins telja, að það ráði úrslitum um þeirra vonir varðandi framgang málsins innan hæfilegs tíma. Leyfi ég mér að byggja á þeirra staðhæfingum í þeim efnum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég leyfi mér að vona, og ég veit, að ég má treysta því, að allir hv. þm. taki vel á þessu máli. Undirtektirnar undir málið eru miklu meira virði heldur en mörg lofsamleg og vingjarnleg orð um sjómannastéttina, sem falla frá okkur öllum oft og einatt og öll eru í einlægni mælt, því að þótt við séum stundum að brigzla hvor öðrum um það, að þetta sé nú meira fagurgali heldur en góður hugur, þá er það nú sannleikurinn um okkur alla, að við kunnum að meta þessa stétt og viljum greiða fyrir henni í hvívetna.

Ég vildi svo aðeins segja frá því, að sá eini meinbugur, sem okkur í stjórninni datt í hug að gæti verið á málinu, var sá, hvort þetta kynni að koma í bága við hagsmuni Sambands ísl. berklasjúklinga. Náttúrlega væri rétt að leita allra ráða til framdráttar dvalarheimilinu, áður en væri vegið að svo þjóðmerku og þjóðnýtu starfi sem þar hefur verið unnið af hendi forustumanna berklasjúklinganna, því að það er nú sannast sagna annars verðugt af hendi hins opinbera en þess, að lagður væri beint og óbeint steinn í þeirra götu. Ég hef það eftir forustumönnum þessa máls, dvalarheimilisins, að þeir hafi gert þetta eftir ráðum og í samráði við og fengið leiðbeiningar frá forustumönnum berklasjúklinganna. Ég hef einnig leitað mér sjálfur persónulegra upplýsinga um það, og ég tel, að ég hafi fengið það alveg staðfest, að forustumenn berklasjúklinganna telja, að þetta komi á engan hátt í bága við þeirra hagsmuni. Mér þætti vel viðeigandi, að þm. sýndu hug sinn til sjómanna með því að afgreiða þetta mál nefndarlaust á þrem fundum hér í hv. deild í dag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka forseta og einnig öllum hv. þm. fyrir ágætar undirtektir. Mér þykir leiðinlegt, að ég skuli sjálfur þurfa að tefja málið með því að bera fram litla brtt. Það er illa orðuð 3. gr. frv. Menn hafa fyrir sér greinina. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir við dvalarheimili aldraðra sjómanna.“

Þetta er óþarflega langt og leiðinlegt orðalag, og ég vil leyfa mér að bera fram svofellda brtt.: „Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.“

Hún segir alveg það sama í færri orðum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 810) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 810 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 47. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 811).

Á 85. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Mér þykir réttara að fylgja þessu máli úr hlaði með

örfáum orðum, og mun það verða með svipuðum hætti og ég gerði í Nd., en þar var það til umr. á laugardaginn.

Það munu vera liðin um 17 ár frá því, að sjómannastéttin kjöri sér sérstakan dag til þess að minna á sína miklu þýðingu í þjóðfélaginu og jafnframt til þess, að sjómenn gætu þá, eftir því sem kringumstæður leyfðu, komið saman, átt sér frídag og fagnað sameiginlega. Það kom brátt í ljós, eftir að stofnað hafði verið til þessa dags, — það voru ýmsar skemmtanir haldnar í sambandi við hann, — að nokkur tekjuafgangur varð af þessum skemmtunum, og vaknaði þá eðlilega sú spurning, hvernig bæri að verja þeim tekjum. Forustumenn sjómanna komust skjótt að niðurstöðu um það, að æskilegast væri, að þeim yrði varið til þess að koma upp dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn, og geri ég nú ráð fyrir, að þeir, sem hafa haft lengri tíma til að athuga, hvað réttast og eðlilegast mundi vera í þeim efnum, mundu nú samsinna því, að þetta væri skynsamleg ákvörðun.

Skömmu eftir að þessi ákvörðun var tekin, var svo kosin nefnd til þess að hafa með höndum almenna fjársöfnun, því að það þótti sýnt, þrátt fyrir nokkurn tekjuafgang af þessum degi, að langt mundi verða að bíða framkvæmda, ef sá tekjuafgangur einn ætti að standa undir þeim fyrirætlunum, sem þá þegar voru í frammi hafðar um byggingu dvalarheimilisins. Þessari nefnd varð vel til fjár. Ýmis fyrirtæki og þá helzt þau, sem útgerð stunda, gáfu ríflegar fjárfúlgur til þessa heimilis, og auk þess hefur þetta ágæta mál notið samúðar og stuðnings almennings í landinu, og af þeim ástæðum hefur, eins og ég segi, þegar safnazt nokkur fjárfúlga.

En þegar hér var komið málum, þá urðu örðugleikar á vegi forustumanna þessa máls og þá fyrst og fremst þeir, að ekki auðnaðist að fá leyfi til fjárfestingar í þessu skyni. Þau stjórnarvöld, sem höfðu með slík mál að gera, vildu ekki fallast á, að hafizt væri handa um byggingu þessa heimilis. Það leiddi m. a. til þess, að sjóðirnir, sem fyrir hendi voru, rýrnuðu í verði og höfðu minna gildi til framkvæmda eins og aðrir sjóðir eða aðrir peningar í landinu. Þó kom þar á s. l. vori, að leyft var að hefjast handa í þessum efnum, og það var fyrir atbeina ríkisstj. Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði þá úthlutað mikilli og góðri lóð undir þetta dvalarheimili á Laugarási svo nefndum. Þar er víðsýni mikið, og ég hygg, að þó að sjómenn hafi raunar heldur kosið annan stað í öndverðu, þá uni nú allir vel því, sem orðið er hvað þetta áhrærir.

Um þetta hæli er að öðru leyti það að segja, að ætlað er, að það verði byggt í tveimur áföngum. Hinn fyrri er ætlað að muni kosta 8 millj. kr. og rúma um 180 vistmenn. Síðari hlutinn er ætlað að muni kosta 3 millj. kr. og rúma einnig sömu tölu vistmanna, þannig að alls yrði þá heimilið fyrir tæpa 360 vistmenn. Munurinn, sem kemur fram í þessum tölum, annars vegar 8 millj. og hins vegar 3 millj., þó að vistmannatalan sé ætluð hin sama fyrir báða þessa hluta byggingarinnar, stafar auðvitað af því, að þegar fyrri hlutanum er lokið, er búið að reisa ýmislegt af því, sem verður til sameiginlegra afnota allra vistmanna, og skal ég ekki fara lengra út í það.

Eins og sakir standa, er verið að reisa þetta hæli, og það er búizt við, að lokið verði við helming af fyrri hluta framkvæmdanna nú hinn 1. júní n. k. Sá helmingur kostar 4 millj. og hefur ekki farið neitt fram úr áætlun, en þá er líka á þrotum fé það, sem forustumenn sjómannanna hafa til umráða. Þeim er þess vegna ljóst, að ef nauðsynlegar framkvæmdir eiga ekki að dragast úr hófi fram, ber nauðsyn til að leggja inn á aðrar og nýjar brautir um fjáröflun, og hafa í því skyni snúið sér til ríkisstj. með beiðni um að mega stofna til happdrættis. Ríkisstj. tók því máli mjög vel, og þrátt fyrir takmarkaðan tíma, svo að ég segi nú ekki meira, þá er þó málið komið það langt áleiðis nú, að ríkisstj. hefur flutt um það frv., sem hv. Nd. er búin að afgreiða og nú er hér til umr.

Í því frv. er — eins og menn sjá — gert ráð fyrir, að stofnað verði happdrætti til tekjuöflunar fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar dvalarheimilisins verð á happdrættismiðunum. Dráttur á að fara fram einu sinni í mánuði, og þessi heimild á að gilda í 10 ár, en ágóða öllum varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Loks er ákveði um, að vinningar í happdrættinu skuli undanþegnir opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til.

Ég vil svo aðeins geta þess, að sjálfur treysti ég mér ekki til að fullyrða um, að hvað miklu liði fyrirmæli þessa frv., ef staðfest verða og að lögum verða, koma þessu ágæta málefni, en hins vegar trúa forustumenn málsins því, að þeim sé hinn mesti fengur að slíkri heimild sem frv. þetta mælir fyrir um,

Ég vil taka það fram, að ríkisstj. spurðist fyrir um það hjá þeim, sem þetta mál færðu í tal við hana, hvort þeir hefðu haft um það samráð við S. Í. B. S., og upplýstu þeir, að þeir hefðu einmitt fengið sínar leiðbeiningar frá forustumönnum berklasjúklinganna, sem í þessum efnum hafa mikla reynslu.

Ég leyfði mér í hv. Nd. að mælast til þess og þó því aðeins, að engum þætti hér um varhugaverðan hlut að ræða, að málið fengi að ganga nefndarlaust í gegnum d., og d. féllst á það og jafnvel þannig, að enginn taldi ástæðu til að kveðja sér hljóðs. Ég leyfi mér að bera fram slík tilmæli einnig hér og hygg, að ef hv. dm. eru á einu máli um, að þetta frv. eigi að ná fram að ganga, mundu kannske hentugust vinnubrögð, ef hæstv. forseti telur ekki neitt því til fyrirstöðu, að afgreiða þetta á þremur fundum, sem settir yrðu hver að öðrum loknum, og ljúka málinu í dag. En ég sætti mig að sjálfsögðu við, að það fari til n., ef álit gæti komið á morgun og málinu þá orðið lokið á morgun. En sem sagt, ég leyfi mér að endurtaka það, að hv. Nd. taldi, að hér væri um það augljóst hagsmunamál góðs fyrirtækis að ræða, að það var ekki talin ástæða til þess að láta málið sæta meðferð í nefnd.

**Forseti (GíslJ):** Út af ummælum hæstv. forsrh. get ég aðeins lofað því, að málið skal fá

endanlega afgreiðslu hér, áður en hætt verður störfum í þessari hv. d. Og hvort sem málið fer nú í nefnd eða ekki, þá hygg ég, að það sé ekki í neinni hættu, því að ég geri nú ráð fyrir, að ef það fer í n., þá ætti það að fara í heilbr.- og félmn., og þá hygg ég, að hv. form. mundi ljúka því í dag, annars ræður d. því náttúrlega.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Þegar ég sá fyrst þetta frv., þá kom í huga minn nokkur vafi um það, hversu mikill fengur væri að frv. Það, sem ég óttaðist, var það, að þegar litið er til þess, að nú eru tvö stór, föst happdrætti starfandi lögum samkvæmt hér í landinu, happdrætti Háskóla Íslands og happdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, þá óttaðist ég, að það að setja á stofn þriðja fasta happdrættið með lögum, auk ýmissa smærri, eins og allir vita, mundi nánast vera að gefa ávísun á litla innstæðu, ef kalla mætti það svo, og sérstaklega óttaðist ég, að það mundi rísa urgur hjá aðstandendum happdrættis S. Í. B. S., þannig að þeir mundu telja frá sér tekið, ef þetta frv. yrði samþykkt.

Nú hefur hæstv. ráðh. skýrt frá því, sem ég tel vel farið, að hann hafi rætt um þetta við framkvæmdamenn S. Í. B. S. og að þeir hafi tjáð sér, að þeir sæju ekki neina ástæðu til þess að hafa á móti því, að þetta frv. yrði lagt fram.

Ég er að sjálfsögðu því mjög hlynntur, að Alþ. greiði fyrir byggingu sjómannahælisins hvern þann veg, sem því ber, og þar sem þetta frv. er spor í þá átt, sem væntanlega léttir eitthvað verulega fyrir í þessum efnum, þá tel ég sjálfsagt að samþ. frv., og eftir þær upplýsingar, sem fyrir liggja frá hæstv. forsrh., ber ég enga ósk fram um það, að það fari til n., get fullkomlega sætt mig við, að það verði afgreitt nefndarlaust í deildinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vil bara gera grein fyrir minni afstöðu til málsins. Ég er ákaflega mikið á móti öllum þessum hasar, sem reynt er að koma á í okkar þjóðfélagi. Mikið af okkar atvinnuvegum er meira og minna hasarspil, og undir það ýtir svo það opinbera með því að gefa mönnum kost á því að fara í happdrætti hér og happdrætti þar og happdrætti þar og tombólu þar o. s. frv., getraunir þar o. s. frv., allt saman að fleygja út peningum í von um einhvern óákveðinn happdrættisvinning, sem maður fær án sinnar tilhlutunar á nokkurn hátt. Það er ýtt undir það á alla vegu að auka þá tilfinningu hjá hinu starfandi framleiðandi fólki í landinu, að það skuli bara láta velta á súðum, kannske komi upp happdrætti, sem þið getið grætt á, ef til vill fái það gott kast í síld ellegar góðan vetur, svo að það geti komið fénaðinum fram, þótt heylaust sé, og undir þetta er ýtt á alla enda og kanta. Þess vegna er ég einmitt móti þessari tekjuöflunarleið; ég er á móti að nota sér þessa tilfinningu fjöldans til þess að geta fengið hlut sinn á þurru landi, sem er reynt að gera með þessu, — ég er á móti þessari stefnu og þess vegna líka á móti þessu frv. Ég hef látið þessa skoðun í ljós tvisvar sinnum áður á Alþingi, þegar svipað hefur staðið á, og ég læt hana í ljós enn sem greinargerð fyrir því, að ég er á móti öllum svona till. og frumvörpum, sem leika sér að því að spila á lélegar og lágar tilfinningar hjá fjöldanum til að reyna að græða peninga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 854).

---

## 42. Friðun hreindýra.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim** [197. mál] (stjfrv., A. 641).

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta litla frv. er flutt vegna þess, að að góðra manna áliti hefur hreindýrum á Austurlandi fjölgað svo mjög síðustu ár, að nú er talin sérstök ástæða til ráðstafana af því tilefni.

Menn telja, að hætta geti verið á því, að á hörðum vetri kunni dýrin að falla, og þeim mun meiri hætta sem fjöldinn er meiri, sem dreifir sér á tiltölulega litla bithaga.

Menn benda enn fremur á það, að nú þegar verði bændur í nágrenni við hreindýraslóðirnar fyrir töluverðum ágangi af hreindýrunum og með vaxandi fjölda þeirra séu líkur til þess, að sá ágangur aukist. En dýrunum hefur fjölgað svo nú, að talið er, að þau séu a. m. k. ekki færri en 2000, en voru fyrir hér um bil 15 árum talin vera ekki fleiri en kringum 100.

Af öllum þessum ástæðum sýnist mönnum, að rétt sé að hagnýta dýrin á einhvern veg, og enn sem komið er hafa menn ekki séð betra ráð en að takmarkaðar veiðar væru heimilaðar, og þá er ráðgert, að settar verði reglur um það, hvernig slíkum veiðum verði fyrir komið. Sérstök leyfi yrðu þá gefin út til veiðanna og síðan í samráði við fulltrúa héraðanna kveðið á um,

hver hagnast skyldi af veiðunum, og hafa menn þá helzt haft í huga, að þeir bændur, sem í nágrenni búa og helzt má ætla að verði fyrir ágengni af dýrunum, fái einhvern arð af þeim með þessum hætti í staðinn og ef til vill til viðbótar komi nokkur arður til þeirra sýslusjóða, sem hér eiga hlut að máli, en um allt þetta mundu verða settar nánari reglur.

Um þetta allt hefur verið haft náið samráð við eftirlitsmann dýranna austur þar, og það er skoðun manna, að rétt sé að fá þessa lagaheimild nú þegar, þannig að á næsta sumri væri hægt að láta hinar nýju reglur taka gildi. Þess vegna vonast ég til þess, að menn geti orðið ásáttir um að hraða afgreiðslu þessa frv. þannig, að það geti náð fram að ganga, þó að nú sé komið að þinglausnum.

Ég vildi mælast til þess, að frv. fengi að ganga til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 641, n. 769).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Frv. þetta, sem liggur fyrir, er um breyt. á l. nr. 28 frá 1940, um friðun hreindýra. Þegar hreindýr voru upphaflega flutt til landsins, var það gert í þeim tilgangi, að landsmenn mættu hafa af þeim nokkurt gagn. Dýrin dvöldust mest á austurhálendi landsins og á Reykjanesskaga. Nokkur fjölgun mun hafa átt sér stað framan af, en brátt munu menn hafa farið að stunda þessar dýraveiðar, og svo hafa harðindi oft og tíðum orðið dýrunum að bana. Þetta hvort tveggja varð til þess, að dýrunum fækkaði svo, að tekið var til þess ráðs að setja friðunarlög. Þá voru dýr þau fá, sem eftir voru á Reykjanesskaga, og skömmu eftir aldamót urðu þau aldauða þar. En á austurhálendinu lifðu þau áfram og fjölgaði svo, að 1940 var sett inn í friðunarlög heimild ráðherra til þess að fella eitthvað af dýrunum, tarfa, og voru síðan árlega fram til þessa 20—60 dýr, sem veidd voru á hverju ári. Nú er svo komið, að dýrunum hefur fjölgað svo ört, að þau eru áætluð að vera um 2000 að tölu, og veit það þó enginn með vissu, sem eðlilegt er. Í harðindunum leita þau nú orðið til byggða og gera þar skaða í bithögunum með krafsi sínu, og svo er hætt við því og hefur einnig skeð, að dýrin hafa fallið úr hor í harðindum. Því er frv. þetta fram komið, að ráðh. er gefin víðtækari heimild en hingað til hefur verið til þess að láta veiða dýr í samráði við sýslumenn og eftirlitsmann. Er frv. þetta samið til þess að halda fjölgun dýranna í skefjum, svo að síður komi fyrir, að þau falli úr fóðurskorti, og eins, að þau eyðileggi ekki bithaga búfjár. — N. hefur orðið sammála um frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Ég vil bara gera grein fyrir mínu atkv. Ég lít þannig á, að eins og nú sé komið séu hreindýrin orðin allt of mörg, og væri mikil spurning, hvort ekki ætti að ófriða þau alveg. Ég var sjálfur með í að flytja frv. um friðun þeirra á sínum tíma, þegar þau voru að útrýmast, og það var samþ. Því var síðan breytt og leyft að drepa tarfa, og það hefur verið gert nokkuð, en dýrunum hefur fjölgað svo mikið, að ég tel, að það sé vafasamt, hvort ekki eigi alveg að ófriða þau. Þetta getur verið áfangi í þá átt. En ég vil taka það fram, að ég vænti þess, að þeir, sem gefa veiðileyfi til hreindýranna, skeri þau ekki við nögl sér, svo að þau séu ekki látin verða fleiri en þau eru nú þegar. Það mega þau ekki verða.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. óskaði þess, að leyfin til að veiða hreindýr yrðu ekki skorin við nögl. Ég vil þvert á móti beina því til hæstv. ríkisstj. að fara mjög varlega í það að veita veiðileyfi og tel, að þetta ætti að gilda fyrst og fremst um tarfana, eins og gert hefur verið til þesa.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 92. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 641, n. 843).

**Halldór Ásgrímsson:** Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af hæstv. ríkisstj. og hefur nú verið samþ. óbreytt í hv. Ed. Frv. gerir ráð fyrir nokkurri rýmkun á heimild ráðh. til að veita leyfi til að veiða hreindýr, en samkv. gildandi lögum má aðeins veiða nokkra hreintarfa árlega, ef ástæða þykir til að leyfa slíkt. Síðan 1940 hefur hreindýrastofninum fjölgað mjög ört, og má vafalaust þakka það að verulegu leyti góðviðratímabilinu milli 1940 og 1950. Er nú svo

komið, að kunnugir menn telja, að dýrin séu orðin það mörg, að fremur þröngt sé orðið um þau á því landssvæði austanlands, þar sem þau halda til, og að stofninum geti því stafað meiri hætta af bjargarleysi í hörðum vetrum, þegar þröngt er um haga, en þótt hófleg og skynsamleg veiði sé leyfð undir fullkomnu eftirliti. Með þetta sjónarmið fyrir augum og í trausti þess, að hyggilega verði á málinu haldið með tilliti til veiði, leggur menntmn. til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

---

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 871).

---

## 43. Gin- og klaufaveiki.

Á 92. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins** [209. mál] (stjfrv., A. 852).

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ríkisstj. leyfir sér að flytja frv. hér á þskj. 852, sem er viðauki við lög um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. dm. verði ekki um of hræddir, þó að þeir sjái þessa geysilegu fyrirsögn, sem er á þessu frv., því að það mætti kannske líta út, þegar menn litu fljótlega á fyrirsögnina, eins og hér væri um frv. að ræða til þess að flytja inn gin- og klaufaveiki, sem hvergi þykja nú góðir gestir. En frv. þetta er heimild til handa ríkisstj. að leyfa innflutning á kjöti til landsins í apríl, maí og júnímánuði nú í ár.

Það er kunnugt, og hefur mjög verið um það rætt í blöðum og annars staðar, að kjötbirgðir væru mjög á þrotum, enda er það svo, að kjötbirgðir eru þrotnar svo að segja hér. Það mun hafa verið safnað saman til þess að gera því síðasta, sem fyrir er úti um land, til þess að eitthvert kjöt verði til nú um hátíðarnar hér í Reykjavík, og mun það þó án efa vera af skornum skammti. Það er sama, hvort um er að ræða dilkakjöt, nautakjöt frá í fyrra eða hrossakjöt, að birgðir allra þessara tegunda eru þegar algerlega á þrotum. Þetta stafar, eins og öllum hv. dm. er kunnugt, af því fyrst og fremst, að niðurskurði þeim, sem átt hefur sér stað til útrýmingar fjárpestunum, hefur nú verið lokið, og við erum nú að komast yfir harðasta atriðið í því sambandi. En hve kjötmagnið er miklu minna nú t. d. af dilkakjöti en verið hefur undanfarin ár, stafar af hinu góða árferði í fyrrasumar, þótt það þyki kannske nokkurt ofugmæli, en þó er það svo, því að það mun vera nærri sanni, að bændur í öllum héruðum þessa lands hafi svo að segja sett á hvert einasta gimbrarlamb, sem þeir áttu s. l. haust, og stafaði það af miklum heyskap og möguleikum til þess að fjölga fé á þann hátt. Þetta er mjög gleðilegt vegna búskapar okkar yfirleitt og þýðir það, að á næsta hausti verður miklu meira kjötmagn en s. l. haust af dilkakjöti og áreiðanlega svo mikið, ef engin ósköp koma fyrir í vor, sem við varla trúum að verði, þannig að um fjártjón verði að ræða, að nægilegt kjöt verður þá handa landsbúum og e. t. v. eitthvað meira.

Nú er það, eins og kunnugt er, framleiðsluráð landbúnaðarins, sem hefur með höndum yfirstjórn þessara mála, verðlagningu á kjöti innan þeirra takmarka, sem landslög ákveða, miðlun á kjöti og annað slíkt. Þetta mál um það, hvort leyfa ætti innflutning á kjöti nú vegna þess skorts, sem á því verður auðsjáanlega næstu 2—3 mánuði, hefur alllengi verið til meðferðar. Þar er margs að gæta. Framleiðsluráðið hefur fyrir sitt leyti fallizt á það og mælt með því, að leyfður yrði nokkur innflutningur á kjöti á þessu tímabili, af því að það hefur ekki getað bent á kjötbirgðir hér heima fyrir, sem hægt væri að nota. Og þótt það sé nú svo, að við höfum, og ekki síst þegar kemur fram á vorið, marga matarholuna hér, sem hægt er að nota í stað stórgripakjöts eða dilkakjöts, eins og fugla, lax og margt og margt fleira, þá mun það þó varla þykja sæmilegt í nútímaþjóðfélagi, að ekki verði hægt að hafa eitthvert kjöt á boðstólum eitthvað fram undir þann tíma, sem sumarslátrun getur hafizt, og það er út frá þessu sjónarmiði, sem framleiðsluráð landbúnaðarins fyrir sitt leyti hefur viljað leyfa og jafnvel mæla með, að um kjötinnflutning væri að ræða, vill ekki sýna neina óþarfa stífni í þessu sambandi.

En hér kemur fleira til greina og þá m. a., hvort einhver hætta geti af því stafað, að þetta kjöt sé flutt inn. Við Íslendingar höfum allalvarlegar endurminningar um innflutning á búpeningi og pestum, sem því hafa fylgt. Nú er í l. um varnir gegn því, að alidýrasjúkdómar berist til landsins, að ekki megi flytja inn sláturfjárafurðir — hráar sláturfjárafurðir, eins og það er held ég nefnt — til landsins af ótta við það, að því geti fylgt einhver sjúkdómshætta. Sannleikurinn er nú náttúrlega sá, að það er svo margt, sem til landsins kemur nú með þeim öru samgöngum, sem sjúkdómshætta getur fylgt að

einhverju leyti, eins og fjölmargt úr jurtaríkinu, umbúðir, hálmur og svo fjöldamargt annað.

Nú hafa í raun og veru verið þrír aðilar, sem starfað hafa að því að athuga, hvort samkomulag gæti náðst um till. um, að kjöt yrði flutt hér til landsins. Einn aðilinn er framleiðsluráð landbúnaðarins, eins og ég hef þegar nefnt. Annar er heilbrigðiseftirlitið, yfirdýralæknir landsins og rannsóknastöðin á Keldum, sá maður þar, sem aðallega fer með dýralæknismál. Og í þriðja lagi eru það svo þeir, sem hér í höfuðborginni koma fram fyrir hönd neytenda, og það eru kjötkaupmennirnir og þeir aðrir, sem verzla með þessa vöru og þykir að vonum leitt að hafa ekkert á boðstólum handa því fólki, sem þeir eru vanir að selja þessa dýru, en góðu vöru. Þetta mál hefur verið alllengi til meðferðar, eins og ég sagði áðan, en niðurstaðan af því hefur orðið sú, að það hefur náðst samkomulag milli allra þessara aðila — samkomulag um það, að ef vissum skilyrðum væri fullnægt, væri rétt að heimila ríkisstj. eða við skulum segja leyfa innflutning á einhverju kjötmagni þessa næstu mánuði. Og það, sem samkomulag hefur orðið um í þessu efni og ríkisstj. tekur sem skilyrði fyrir því, að kjötinnflutningur verði leyfður, er þetta í meginatriðum:

1) Að kjötið verði flutt inn frá Danmörku og þá frá Sjálandi. Þetta er ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu dýralæknanna og mun byggjast fyrst og fremst á því, að á Sjálandi í Danmörku hefur ekki verið um neina sjúkdóma að ræða nú um alllangt skeið, t. d. ekki þá hroðalegu gin- og klaufaveiki, sem er í fyrirsögn þessa frv., og í öðru lagi er svo talið, að þar sé einna auðveldast að rekja uppruna kjötsins til ákveðinna staða. Kerfi þeirra, Dananna, er svo ákveðið og öruggt, að það er alveg öruggt um það, að það er ekki vandi að kaupa smáslatta af kjöti og vita fyrir víst, hvaðan það er, hvort sem um svínakjöt eða nautakjöt er að ræða.

2) Að kjötið verði eingöngu flutt til Reykjavíkur og flutt þar á einn stað og læknisskoðað þar einnig. Í því sambandi hefur orðið samkomulag milli þessara aðila allra, að Sláturfélag Suðurlands tæki að sér kjötið, þegar það kæmi hingað, og það af þeim ástæðum, að það eitt hafi svo stóra vinnslustöð, að það geti annað þessu.

3) Að kjötið verði brytjað niður eða búið til smásöluverzlunar á annan hátt í húsakynnum Sláturfélags Suðurlands, þannig að allur úrgangur úr kjötinu verði á einum stað og verði dauðhreinsaður þar.

4) Að eingöngu verði flutt inn kjöt, sem er talið fyrsta flokks, algerlega fyrsta flokks eða úrvalsflokks frá heilbrigðislegu sjónarmiði.

5) Að kjötið verði flutt inn annaðhvort aðeins í eitt skipti eða a. m. k. alls ekki oftar en í tveim slöttum þetta stutta timabil, sem hér er um að ræða.

6) Að yfirdýralæknirinn eða hans starfsmenn hafi sjálfir eftirlit með kjötinu, og svo er til ætlazt, ef af þessu verður, að annaðhvort yfirdýralæknirinn eða hans starfsmaður einhver, sem hann felur það, fari utan og verði við, þegar kjötið er keypt, og á þann hátt fylgist með því frá byrjun.

Ég taldi mér skylt að skýra hér frá því, hvernig mál þetta væri hugsað í framkvæmd, og ríkisstj. hefði aldrei fengizt til þess að leggja fram frv. um heimild til innflutnings á kjöti, nema það að öllu leyti væri í samráði við heilbrigðiseftirlitið, eins og gefur að skilja, og um leið, að það væri gert í samráði eða með samþykki framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Ég skal taka það fram, að ef hið háa Alþingi fellst á að veita ríkisstj. þá heimild, er felst í þessu frv., þá mun ríkisstj. áreiðanlega nota hana mjög varlega. Hún mun, ef hún notar heimildina til innflutnings á kjöti, aðeins gera það að svo litlu leyti, að öruggur og nægur markaður verði fyrir það kjöt, sem fellst til fram að aðalsláturtíma í sumar. Allmikið af nautakjöti fellst til á þessu timabili, og það mun áreiðanlega verða vakað yfir því, að það kreppi ekki að þeirri kjötverzlun um of. En hitt er þegar vitað, að það er búið að kaupa töluvert mikið af nautgripum, eldri og yngri, til slátrunar nú þegar, og því þegar sýnt, að það er ekki svo mikið af þeirri vöru á markaðnum, að það hlýtur, þótt það verði notað til hins ýtrasta, að verða verulegur skortur á kjöti.

Ég held, að það sé nú ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram varðandi þetta frv., sem hér liggur fyrir. Eins og ég tók fram áðan, þá er eitt atriði í þessum reglum, sem heilbrigðiseftirlitið, yfirdýralæknirinn og samstarfsmenn hans hafa sett, það, að kjötið verði eingöngu flutt til Reykjavíkur, enda mun svo ástatt, að víða úti um land eru enn smáslattar af kjöti, sem eitthvað endast þeim stöðum, ef ekki er alveg sópað um þeirra geymslur til Reykjavíkur, og það mundi náttúrlega ekki verða gert, ef horfið væri að einhverjum innflutningi hingað, og mundi því þröngin verða minni, auk þess sem þeir frá heilbrigðissjónarmiði telja það miklu öruggara, að þessu kjöti sé ekki dreift víða út um land. Innflutningurinn mun því tengdur við Reykjavík og aðeins næstu nágrannastaði hennar, eins og Hafnarfjörð og e. t. v. Suðurnes að einhverju leyti.

Ef ekki væri nú svo langt komið á þingtímann og yfirleitt búizt við, að þessu þingi verði slitið á morgun, þá hefði að sjálfsögðu þessu frv. verið vísað til n. og athugað þar, en það liggur nokkuð í hlutarins eðli, að ef á að reyna að halda þá áætlun, þá er varla hægt, að þetta frv. fái venjulega afgreiðslu í n. Ég vildi því leyfa mér að mælast til þess f. h. ríkisstj., að hv. d. féllist á það, að frv. mætti fara nefndalaust gegnum þingið. Ég tel mig hafa skýrt það nokkuð rækilega, að svo sé hér um hnútana búið um eftirlit og aðferðir með þennan innflutning, ef hann verður leyfður, að það ætti að vera nokkuð óhætt að leggja þetta, eins og það nú horfir við, í vald ríkisstj., þar sem hún að sjálfsögðu skuldbindur sig um það að fylgja að öllu leyti þeim reglum, sem þegar hefur orðið samkomulag um í þessu sambandi.

Ég mun því ekki gera till. um n. að svo komnu og vildi leyfa mér að biðja hæstv. forseta að reyna að flýta þessu frv. hér í gegnum hv. d. eins fljótt og hann telur sér vera mögulegt að gera.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 90. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég bið hv. deild afsökunar á því, að ég var hér ekki, þegar 1. umr. fór fram, en það stóð yfir atkvgr. í Nd.

Ég þarf nú ekki að segja mörg orð um þetta frv., en þótt nafnið sé allsvakalegt, þá er nú efni þess tiltölulega meinlaust, en það er það, að heimilt verði fyrir ríkisstj. að láta flytja inn eitthvert magn af kjöti nú í apríl, maí og júnímánuði vegna þess, hve kjötbirgðir eru mjög þrotnar hér á landi. Og það stafar, eins og allir hv. alþm. vita, í fyrsta lagi af þeim niðurskurði á sauðfé, sem fram hefur farið undanfarin ár, en er nú því betur lokið, og hefur það að sjálfsögðu dregið mjög úr framleiðslu sauðfjárafurða, en sauðfjárkjöt eða dilkakjöt er, eins og við vitum, svo að segja eina kjötið, sem verulega þýðingu hefur hér hjá okkur til neyzlu. En annað — og það er nú gleðilegt hins vegar — gerir það að verkum, hve dilkakjötið er lítið nú, en það er, hve tíðarfarið var gott í fyrrasumar, svo að sá mikli heyafli, sem alls staðar var um allt land, gerði það að verkum, að bændur settu miklu meira á s. l. haust af lömbum en gert hefur verið um langt skeið áður. Má næstum því segja, að svo að segja hver gimbur, sem talin var lífvænleg, hafi verið sett á s. l. haust. Er því alveg víst, að um geysimikla framleiðsluaukningu verður að ræða á því ári, sem nú er um að ræða. En ástandið er þannig, að kjöt er svo að segja þrotið nú, jafnt hvort spurt er eftir dilkakjöti, nautgripakjöti eða hrossakjöti; það er allt á þrotum.

Ríkisstj. hefur ekki haft í sjálfu sér forgöngu um þetta mál. Það er framleiðsluráð landbúnaðarins, sem lögum samkvæmt hefur með að gera verðlagningu á kjöti eftir þeim reglum, sem ákveðið er hér í lögum, og um miðlun þess, og það er framleiðsluráðið, sem hefur fyrir sitt leyti mælt með því, að einhver innflutningur yrði leyfður á kjöti, til þess að ekki væri um algeran skort á því að ræða fram undir þann tíma, þegar sumarslátrun gæti hafizt. Og það eru í raun og veru þrír aðilar, sem að þessu hafa starfað, undirbúningi þessa máls. Það er í fyrsta lagi framleiðsluráð landbúnaðarins og í öðru lagi heilbrigðisyfirvöldin, yfirdýralæknir landsins og aðaldýralæknirinn á rannsóknastöðinni á Keldum, og svo í þriðja lagi eru það fulltrúar fyrir kjötbúðirnar hér í Reykjavík, sem vissulega hafa komið hér fram fyrir hönd neytenda með mjög ákveðnar óskir um það, að á einhvern hátt yrði útvegað eitthvert kjöt.

Þessir aðilar hafa komið sér saman um vissar reglur, á hvern hátt kjöt yrði flutt inn, og það hafa heilbrigðisyfirvöldin samþykkt. Fyrsta atriðið er það, að kjötið sé aðeins flutt frá einu landi og í gegnum einn aðila hér, sem ætlazt er til að sé framleiðsluráðið sjálft. Og dýralæknarnir hafa gert þá kröfu, að þetta yrði flutt frá Danmörku og þá frá þeim hluta Danmerkur, sem Sjáland nefnist, af þeirri ástæðu, að þeir telja það öruggast af öllum ástæðum, sérstaklega hve eftirlit sé þar öruggt og hægt sé að vita fyrir víst, úr hvaða landshluta kjötið kemur eða jafnvel frá hvaða búgörðum. Þá hafa þeir og krafizt þess, að kjötið yrði eingöngu flutt til Reykjavíkur og flutt þar aðeins á einn stað, eina vinnslustöð. Samkomulag hefur orðið um það, að sú vinnslustöð yrði hjá Sláturfélagi Suðurlands, sem mun hafa hana stærsta hér, og þar verði kjötið búið til smásöluverzlunar og sent þaðan út í búðirnar, en allur úrgangur dauðhreinsaður. Að sjálfsögðu er þess krafizt, að hér verði aðeins flutt inn fyrsta flokks kjöt frá heilbrigðissjónarmiði skoðað og að þetta verði helzt flutt inn í einu lagi, sá innflutningur, sem leyfður verður, a. m. k. alls ekki meira en tvisvar, og að yfirdýralæknirinn eða heilbrigðiseftirlitið hafi yfirumsjón með þessu öllu.

Ríkisstj. hefur sannfærzt um það, að ef þessum till. yrði framfylgt, sem sjálfsagt er að öllu leyti, og þar á meðal annaðhvort yfirdýralæknirinn eða einhver af hans fulltrúum fari út og kaupi kjötið, þá sé ekki ástæða til þess að hafa á móti því, að kjötinnflutningur verði leyfður. Hins vegar er það náttúrlega mjög erfitt, að tvo til þrjá mánuði verði ekki um neitt kjöt að ræða hér, eins og t. d. í Reykjavík mundi verða. Út frá þessu sjónarmiði er það, sem ríkisstj. flytur þetta frv. Smáslattar eru enn af kjöti víðs vegar úti um land, sem mundu þó endast lengur, ef ekki yrði skrapað saman það lítið, sem þar er, til þess að flytja í kjöthungrið hér í Reykjavík. Af þeim ástæðum er því algerlega reiknað með

því, að kjötið fari eingöngu hingað, enda eitt af þeim atriðum, sem dýralæknarnir leggja mikla áherzlu á.

Ég vil svo aðeins geta þess að lokum, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu nota þessa heimild, verði hún veitt, mjög varlega. Hún mun alls ekki leyfa meiri innflutning á kjöti en það, að öruggt sé, að það kjötmagn, sem fellur til hér, eins og alltaf er nokkuð á vorin og fram eftir sumri, af alls konar nautgripakjöti, hafi öruggan markað. En nú er nokkuð farið að ganga á þetta, því að það er vitað, að það hefur mjög verið sótzt eftir nautgripum til slátrunar hinar síðustu vikur, og er búið að smala töluvert af því, svo að það verður tiltölulega erfiðara að fá það hér eftir en oft hefur verið undanfarin ár.

Þetta var það nú, sem ég sérstaklega vildi taka hér fram. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta deildarinnar fyrir það, hvað fljótt hann hefur tekið þetta mál hér á dagskrá. Ef hér stæði ekki þannig á, að búizt er við, að þingi ljúki á morgun, þá hefði þetta frv. að sjálfsögðu farið til n., en hæstv. forseti hefur nú fengið það gegnum 1. umr. hér og víst engin till. komið um n., og er ég raunverulega þakklátur fyrir það.

Ég vil því aðeins leyfa mér að mælast til þess, að hv. d. vildi fallast á, að þetta frv. fengi að ganga áfram nefndarlaust hér í gegnum þingið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða svo mjög um þetta mál. Það er vitað mál, að hér er kjötskortur, og því er þannig háttað með okkur Íslendinga, að ef það vantar einhverja vöru stuttan tíma, þá má það með engu móti ske, að hennar sé ekki aflað. Með aðrar þjóðir er því svo hátað, að þær flytja út þær vörur, sem eru eftirsóttar í þeirra eigin landi, og skortur á þeim hjá þeim sjálfum. Það má vist til sanns vegar færa, að þar sem ekki er meira um matföng heldur en á Íslandi, þá sé erfitt að koma því svo fyrir, að hér vanti kjöt, og þá sérstaklega þann tíma, sem ferðamenn eru mikið í landinu, þó að móttaka þeirra sé ekki stór atvinnugrein.

Þetta mál er nú þannig undirbúið, að ég sé, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefur mælt með því, að kjöt verði flutt inn, og það er mælt með því af yfirdýralækni og aðaldýralæknum að Keldum, og sennilega þá af rannsóknastöðinni á Keldum. En hér í þessum umr. hefur verið skýrt frá því, að þetta kjöt mundi verða flutt inn frá landshluta, þar sem ekki sé nein sýkingarhætta, og það hefur verið sagt frá því af hæstv. landbrh., að kjöt mundi verða flutt inn frá Danmörku. Ég er nú ekki svo kunnugur erlendis, hvorki í Danmörku né annars staðar, að því er snertir húsdýrasjúkdóma, að ég viti, hvernig þar er ástatt. Ég veit að vísu, að þar hefur verið gin- og klaufaveiki, en sennilega svo háttað, fyrst læknarnir mæla með því, að kjötið verði flutt inn þaðan, að þess sjúkdóms hafi ekki gætt þar um lengri tíma eða síðasta ár. Ég vil þó segja það, að ég vildi, að það væri tekið til athugunar, fyrst þessi heimild verður gefin, sem er líklegt eða fyrirsjáanlegt að verður, hvort ekki sé hægt að flytja kjötið inn frá löndum, þar sem þessa sjúkdóms, gin- eða klaufaveikinnar, hefur aldrei gætt eða annarra sjúkdóma, sem eru mjög hættulegir alidýrasjúkdómar, en þau lönd hygg ég að séu til. Og ég vil mjög eindregið beina þeim tilmælum til ríkisstj. og þeirra, sem með þessi mál fara af hennar hálfu, að þetta atriði sé tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Það er ekki hægt að neita því, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, vekur hjá mér einkennilegar endurminningar frá störfum í þessu þingi. Ég bar einu sinni fram frv. um það, að flutt væri hér inn til kynbóta holdakyn, sem margir álíta að væri til bóta fyrir kjötframleiðsluna í landinu. Það eru margir og það meira að segja þeir, sem hafa reynt framleiðslu á kjöti á þennan hátt, að ala hér holdakyn, þeirrar skoðunar, að þessi atvinnuvegur geti borið sig mjög vel á Íslandi. Var gert ráð fyrir því í þessu frv., að gætt yrði allrar hugsanlegrar varúðar við innflutning; það yrði sett upp einangrunarstöð, sem átti að kosta stórfé og útbúa þannig, að allt væri með fyllsta öryggi, og það átti að flytja inn ungviði af þessu holdakyni frá löndum eða landi, þar sem ekki höfðu verið hættulegir alidýrasjúkdómar, þ. á m. ekki gin- og klaufaveiki. En þessa var algerlega synjað af hv. Alþ. Það mátti ekki heyrast nefnt. Nú þegar skortir kjöt í þrjá mánuði, þá er undireins rokið til, þó að ég efist um, að hættan af innflutningi kjöts sé minni en hættan af því að flytja inn ungviði, sem er flutt inn frá löndum, sem eru ósýkt af þessum alidýrasjúkdómum. Nú er rokið til, og þá má flytja inn kjöt, þó að hættan sé ef til vill alveg eins mikil og við að flytja inn ungviði til að koma hér á stofn atvinnuvegi, sem ef til vill gæti verið framtíðaratvinnuvegur á Íslandi. Meðal annars hafa bændur, sem standa engum að baki í þessu landi, hvað eftir annað gert ályktanir um að flytja inn holdakyn og einangra það í fleiri ár á afskekktum stað, — þeir hafa stungið upp á Grímsey í þessu skyni, — og það er mjög mikið vafamál, að þeim verði heimilað hér frá Alþ. að gera þessa tilraun, þó að hún sé sennilega ekki hættumeiri en það að flytja inn kjötið og þó að þessi innflutningur sé leyfður eingöngu vegna þess, að okkur vantar kjöt í tvo, þrjá mánuði, en sá innflutningur, sem þeir sennilega fara bráðlega fram á, og sá innflutningur, sem ég fór fram á, var til þess að skapa hér nýjan atvinnuveg. Meðal annars minnist ég þess, að ég átti ýtarlega fundi með dýralæknum landsins um þessi atriði. Þeir töluðu þar hver í kapp við annan um það, að þeir vildu ekki ráðleggja þennan innflutning, og þar á meðal var tilraunastöðin á Keldum fremst í flokki. Það er ómögulegt að neita því, að þetta er dálítið einkennilegt viðhorf hér á Alþ., og ég get ekki komizt hjá því að minna á það.

Ég mun svo að öðru leyti láta afgreiðslu þessa máls afskiptalausa, eins og það er undirbúið af hálfu ríkisstj. af sérfræðingum og framleiðsluráði.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég vil nú samt segja það viðvíkjandi því, sem hv. þm. Str. (HermJ) sagði, að það er tvennt gerólíkt að flytja inn kjöt af skepnum eða lifandi skepnur. Má þá t. d. nefna smitandi kálfalát, sem ekki getur borizt með kjöti af skepnu, en getur borizt með lifandi skepnu og er einhver alhættulegasti og alskaðlegasti sjúkdómur, sem maður getur fengið í kýr sínar. Og það mætti nefna margt fleira. Þannig er samlíkingin, sem hann tók, ekki rétt.

Að öðru leyti vil ég leggja ríka áherzlu á það, að þegar farið verður að framkvæma þetta, þá sé því framfylgt að flytja það frá landi, þar sem heilbrigðiseftirlitið í landinu sjálfu er sem sterkast. Það eru til lönd, þar sem ekki hefur verið gin- og klaufaveiki, það er rétt; en það eru þar ýmsir aðrir sjúkdómar, sem sumir geta borizt með kjöti. Það þarf þess vegna að gjalda varhuga við því, að fyrst og fremst ber að flytja það frá landi, þar sem heilbrigðiseftirlit heima fyrir er sem sterkast og þess vegna þar hægt að hafa mesta tryggingu fyrir því, að ekki berist nein sýking með kjötinu. Á þetta legg ég höfuðáherzlu.

Að öðru leyti skal ég ekki láta málið til mín taka, en þetta vildi ég aðeins segja.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég vil nú ekki fara að lengja umr., en út af því, að ég lét þau orð falla, að ég efaðist um, að það væri nokkuð minni sýkingarhætta af því að flytja inn kjöt heldur en ungviði, sem ekki eru sýkt, þá verð ég að segja það, að ég efast nú ákaflega mikið um þessar skýringar sérfræðinganna og hv. 1. þm. N-M. (PZ), þar sem ég a. m. k. veit svo mikið um gin- og klaufaveikina, að það er ekki kunnugt enn þá, hvernig hún berst.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 873).

---

## 44. Sauðfjársjúkdómar.

Á 12. fundi í Ed., 30. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra** [82. mál] (þmfrv., A. 111).

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Það er alkunnugt, hvílíkum búsifjum sauðfjárpestirnar hafa valdið og að þær hafa kostað ríkissjóð mikið fé. En auk hins beina tjóns og kostnaðar fylgja í kjölfarið ýmiss konar leiðindi og árekstrar í sambandi við varnarráðstafanirnar, svo sem fjárskiptin og varnargirðingarnar. Þessar varnarráðstafanir eru ill nauðsyn og því ekki um þær að sakast, jafnvel þótt þær hafi stundum komið hart niður á einstökum mönnum eða heilum sveitum. En þegar svo þar við bætist, að aukið er á erfiðleikana að óþörfu, hvort heldur er af einstökum mönnum eða vissum stjórnarvöldum, þá virðist ástæða til þess, að ríkisvaldið taki í taumana, t. d. með nýjum lagaákvæðum, og í þeim tilgangi er frv. það, sem hér liggur fyrir, flutt.

Eins og sjá má á grg., stöndum við báðir þm. Eyf. að frv., þó að samþingismaður minn, hv. 2. þm. Eyf., geti ekki flutt það með mér, þar sem hann á ekki sæti hér í d., en frv. er flutt í tilefni af því, að hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði og bændur þar hafa borið upp fyrir okkur þingmönnum þau vandkvæði sín, að ekki er annað sýnna en þeir verði að hætta við alla sauðfjárrækt og lóga hinum nýja fjárstofni sínum, ef ekkert er að gert. Stafar þetta að sumu leyti af varnargirðingunum í Eyjafirði, sem útiloka bændur í Hrafnagilshreppi frá að reka fé sitt á hina litlu heimaafrétti þar eða á nokkurn afrétt í suðri, vestri eða norðri. Ekki er heldur viðlit að sleppa nema sárafáu fé í heimahaga jarðanna í Hrafnagilshreppi, því að bæði eru þeir litlir og svo hefur fé þar ekkert næði, því að vörður er við girðingarnar, og er fénu sigað frá þeim, þegar það nálgast, svo að það getur ekki hafzt þar við nema á mjög litlu svæði, sem mundi fljótt verða uppurið með öllu, ef mörgu fé væri sleppt til sumarbeitar í þessa heimahaga.

Aðalvandræðin stafa þó af því, að hreppsnefndin í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu hefur amazt við því og hefur til þess stoð í fjallskilareglugerð sýslunnar, sem ég vík síðar að, að bændur í Hrafnagilshreppi og raunar líka í Öngulsstaðahreppi fái að nota þann afrétt, sem hefur verið þeirra aðalafréttur frá ómunatíð, en það er vestri Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár, en það land átti Hrafnagilskirkja, en nú Akureyrarkirkja, eftir að kirkjustaðurinn fluttist þangað. Virðist mér það ekki breyta neinu um eignarréttinn á þessu landi, þótt það skeði fyrir nokkrum árum, að með einhverju ráðherrabréfi voru umráðin yfir afréttinum fengin hreppsstjóra Hálshrepps, en tekin af hlutaðeigandi presti á Akureyri. Þegar séra Friðriki Rafnar var veitt Akureyrarprestakall, þá var í veitingabréfinu talið til heimatekna hans afgjald af Bleiksmýrardal, og þegar áðurnefnt ráðherrabréf kom, sem auðvitað hefur ekki beint gildi, þá mótmælti hann þeirri ráðstöfun.

En vandkvæðin stafa nú ekki af þessu, heldur af því, eins og ég aðeins vék að áðan, að í fjallskilareglugerð Suður-Þingeyjarsýslu er hreppsnefndum þar í sýslu heimilað að banna utansveitarmönnum að reka fé í afrétti í sýslunni, og það er vitað, að hreppsnefnd Hálshrepps hugðist að beita þessu ákvæði gagnvart fé úr Eyjafirði. Út af þessu sneri hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi sér fyrst til sauðfjársjúkdómanefndar, og samkv. till. hennar kvað landbrn. upp úrskurð, samkv. heimild í 7. og 43. gr. l. um sauðfjárveiki-

varnir, um það, að hreppsnefnd Hrafnagilshrepps skyldi heimilt að láta reka á afrétt í landi Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal sumarið 1953 allt að 1200 sauðfjár, þar í talin lömb. Og enn hefur sauðfjársjúkdómanefnd látið álit í ljós með bréfi, sem ég hef undir höndum, dags. 23. sept. s. l., að ekki muni verða hjá því komizt að viðhalda varnargirðingum í Eyjafirði og hafa vörzlu með þeim að sumrinu næsta ár eða næstu ár, og telur því sömu ástæður fyrir hendi eins og voru á s. l. vori, þegar landbrn. gaf út áðurgreindan úrskurð. En hins vegar mun rn. ekki telja ákvæðin í 7. og 43. gr. l. svo óyggjandi, að það vilji, a. m. k. ekki nema í ýtrustu nauðsyn, endurnýja þann úrskurð, sem það gaf um þetta efni 20. maí s. l.

Til þess að bæta úr þessu ástandi er þetta frv. fram komið, en með frv. er lagt til, að á meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skuli þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

Nú mætti spyrja, hvort Hálshreppi eða Fnjóskdælingum sé gert nokkuð rangt til með þessu frv., þó að það yrði að lögum. Ekki get ég séð það, enda hefði ég ekki flutt frv., ef ég liti svo á. Í fyrsta lagi ber aldrei að gera mönnum rangt til, og í öðru lagi er ég nú kunnugur flestum Fnjóskdælingum og líkar vel við þá og hef enga löngun til að gera þeim skaða. Hér er í fyrsta lagi ekki farið fram á annað en það, að nokkrir menn í Eyjafirði fái að halda þeim rétti um takmarkaðan tíma, ef til vill aðeins eitt eða tvö ár, sem þeir hafa haft um aldir, þeir og þeirra fyrirrennarar. Og raunverulega er aðeins farið fram á það, að þeir fái enn um sinn að nota sína eigin eign, því að auðvitað er það söfnuðurinn í Akureyrarsókn, sem á Akureyrarkirkju og þar með allar hennar eignir, Bleiksmýrardal einnig, en töluverður hluti Hrafnagils er í Akureyrarsókn. Í öðru lagi leyfi ég mér að fullyrða það, að Fnjóskdælingar hafi enga þörf fyrir þetta afréttarland, a. m. k. ekki í fyrirsjáanlegri framtíð. Undanfarin ár hafa þeir ekki rekið neitt fé á vestri Bleiksmýrardal, ekki heldur austan Fnjóskár, og lítið sem ekki á eystri dalinn. Það þarf ekki annað en að líta á landabréf af þessum landshluta til að sjá það, að Fnjóskdælingar eiga mikla og góða afrétti, bæði í suðri og norðri, og mundi fjáreign þeirra þurfa að margfaldast frá því, sem nú er, til þess að afréttarlönd þeirra nægðu ekki. Hér í hv. d. liggur og frv. fyrir, sem gengur í þá átt að auka við afréttarland þeirra. Þar sem ég sé ekki, að það frv. komi í bága við hagsmuni nokkurs manns, þá mun ég fyrir mitt leyti fylgja þessu frv. og finnst það sanngjarnt, og þá auðvitað, þegar það er orðið að lögum, er enn síður ástæða til að óttast um afréttarleysi í Fnjóskadal eða fyrir Fnjóskdælinga.

Ég hef líka orðið þess var, að sumum, sem kunnugt er um þetta mál, finnst, að frv. gangi allt of skammt. Menn hafa talið réttara, að Hrafnagilshreppur og Öngulsstaðahreppur eignuðust þetta gamla afréttarland sitt og að það verði síðan lagt undir lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsýslu. Menn hafa sagt sem svo, að Eyfirðingar þurfi á þessu landi að halda hér eftir sem hingað til, en Fnjóskdælingar hafi ekkert með landið að gera, og auðvelt væri að sjálfsögðu að breyta sýslumörkunum að þessu leyti, því að landið liggur að Eyjafjarðarsýslu. Ég fyrir mitt leyti hef þó ekki viljað fara út á þessa braut, heldur legg aðeins til að gera tímabundnar ráðstafanir, á meðan bændum í Hrafnagilshreppi eru allar aðrar bjargir bannaðar í þessu efni.

Ég óska ekki að koma af stað neinu stríði á milli Eyfirðinga og Þingeyinga. Þvert á móti hefði ég talið æskilegast, að þetta mál hefði leyst með samningum á milli aðila og ekki þurft að koma til kasta Alþingis. Þeir samningar hafa verið reyndir, en ekki tekizt. Og forsvarsmaður íbúa Hrafnagilshrepps telur vonlaust, að þeir samningar muni geta tekizt. Þess vegna er frv. fram borið. Eins og ég hef nú skýrt, er þetta frv. borið fram vegna þeirra ástæðna, sem fyrir liggja í Eyjafirði og þá sérstaklega í Hrafnagilshreppi, en eftir að hafa átt tal við framkvæmdastjóra sauðfjárveikivarnanna, þá er mér nú kunnugt um það, að víðar um land stendur svipað á og þarna. Og ég veit, að hann telur því af almennum ástæðum í landinu gagnlegt að fá þessa lagabreyt. gerða.

Ég vil svo vona, að hv. d. taki vel undir þetta mál, og meira að segja vil ég vona, að hv. þm. S-Þ. geri það einnig. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. landbn.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Gamalt máltæki segir, að sjaldan sé nema hálfsögð sagan, þegar einn segir. Þó að hv. flm. þessa frv., 1. þm. Eyf., flytti mál sitt af mikilli hógværð og lýsti yfir, að það væri alls ekki flutt vegna þess, að hann vildi gera Fnjóskdælingum óleik, þá virðist mér samt, að máltækið eigi við, að sagan sé hálfsögð, þegar annar segir. Og mér þykir rétt, áður en málið fer til n., að það komi fram, hvernig Fnjóskdælingar líta á þetta mál, sem sé þeirra helmingur sögunnar.

Fyrst vil ég minnast á það, sem hv. flm. sagði, að land þetta, vestri Bleiksmýrardalur, var með ráðherrabréfi 1928 lagt undir umráð hreppsstjórans í Hálshreppi, en hafði áður verið undir umráðum prestsins, sem þjónaði fyrst Hrafnagilskirkju og síðan Akureyrarkirkju. Flm. sagði, að þetta hefði verið gert þrátt fyrir mótmæli prestsins. Mér virðist þetta vera misskilningur. Ég hef hér í höndum ráðherrabréfið frá 28. jan. 1928, og það er til sóknarprestsins í Akureyrarprestakalli og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir móttöku bréfs frá biskupi, dags. 24. þ. m., viðvíkjandi umráðum yfir hálfum Bleiksmýrardal inn af Fnjóskadal“ — það er sagt hálfum Bleiksmýrardal, því að Fnjóská skiptir Bleiksmýrardal í eystri og vestri dal og hér er um vestri dal að ræða — „er Akureyrarprestur hefur til þessa notið eftirgjalds af og honum hefur verið reiknað í heimatekjum, hefur ráðuneytið að fengnu samþykki yðar, herra sóknarprestur, ákveðið, að téð ítak verði framvegis, frá 1. júní 1928, talið undir umsjón og yfirráðum hreppsstjóra Hálshrepps og hverfi þannig úr

heimatekjum sóknarprestsins á Akureyri frá nefndum tíma, en hins vegar verði tekjur yðar úr prestlaunasjóði hækkaðar frá nefndum tíma og út þetta heimatekjumatstímabil sem eftirgjaldi ítaksins nemur, sem eru 40 krónur.

Þetta tilkynnist yður hér með.

F. h. ráðherra eftir umboði,
Sigfús M. Johnsen.“

Mér virðist ljóst af þessu bréfi, að presturinn hafi samþykkt þetta, og mér þykir mjög eðlilegt, að hann hafi gert það, því að hvað á prestur að vera að vafstrast í landleigum. Sá tími er löngu liðinn, að talið sé eðlilegt, að kirkjan fari með slík mál. Mér finnst þess vegna, að þetta ráðherrabréf hafi í raun og veru verið mjög eðlilegt og enginn geti sett út á þá ráðstöfun, enda hefur það, held ég, ekki opinberlega verið gert fyrr en nú, að ágreiningur þessi hefur orðið og einhverjum mönnum úr söfnuðinum þætti þægilegt að gera samninga við prestinn, þótt ég hins vegar búist ekki við, að þessi söfnuður frekar en aðrir kæri sig um, að prestur sinn fari mikið með mammonsmál í þjóðfélaginu.

Í fyrra var það, að árekstur varð um notkun þessa lands og samningar tókust ekki með mönnum í Hrafnagilshreppi og íbúum Fnjóskadals um framhaldsleigu til beitar á vestri Bleiksmýrardal. Ástæður fyrir því voru allmargar, og er ofur lítið drepið á þær í bréfi, sem oddviti Hálshrepps skrifaði mér í fyrravetur. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkrar setningar upp úr bréfinu, því að þær skýra afstöðu manna heima í Fnjóskadal til þessa máls. Oddvitinn segir:

„Ávallt síðan fjárskipti fóru fram hefur okkur verið illa við að hafa í okkar löndum sauðfé vestan fyrir Eyjafjarðará. Þaðan mátti alltaf búast við garnaveiki og fleiri kvillum, svo sem riðu, sem þar var áberandi, enda mun þessi garnaveiki“ — sem nú er rætt um — „þaðan komin og óhætt að segja, að ekki hefur verið varlega farið, sérstaklega í heyflutningum, af garnaveikisvæðum.“

Þetta var ein ástæðan fyrir því, að Fnjóskdælir voru á móti því að lána landið, að þeir töldu, að með því væri breikkað það áhættusvæði, sem þeir töldu vera við girðinguna í Eyjafirðinum, ef Hrafnagilshreppsbúar fengju að reka austur fyrir Eyjafjarðará og austur á Bleiksmýrardal áfram. Þá væri hættara við því, að til þeirra bærust kvillar þeir, sem þeir gátu átt von á vestan fyrir girðinguna, garnaveiki, og mæðiveiki. Svo heldur oddvitinn áfram:

„Sannleikurinn er sá, að fé Eyfirðinga, hefur til langs tíma gengið svo á heimalöndum Fnjóskdæla, að óþolandi hefur verið, enda þótt þeir hafi ekki rekið til afréttar.“

Eyjafjarðarsýsla á allstóran hrepp austan Eyjafjarðarár, Öngulsstaðahrepp, sem hefur notað þennan afrétt ekki síður en Hrafnagilshreppur og notað hann þannig, að féð hefur sjálft farið á dalinn, því að það liggur þannig við landið, þó að ekki hafi verið rekið á það. — Þá segir oddvitinn enn fremur:

„Eyfirðingar eru um aldir búnir að eyðileggja gróðurlendi í Fnjóskadal og áreiðanlega tími til þess kominn, að því fari að linna.“

Hv. frsm. lagði áherzlu á það, að Fnjóskdælingar gætu vel staðið af þessu landi, eins og þeir hefðu gert lengi, en Fnjóskadalur er nú, eins og kunnugir vita, þannig, að hann hefur orðið fyrir miklum uppblæstri, og dalbúar kenna það ofbeit. Og þeir telja, að þessi ofbeit hafi stafað frá réttindum Eyfirðinga til að nota land í Fnjóskadal. Þá hefur annað komið til, að fjölgun fjár hefur átt sér stað í hreppnum, einkum nú síðan fjárskipti voru þar gerð, og þörfin fyrir beitina aukizt mjög. Fnjóskdælir telja og, að vænleikur fjárins hjá sér sé miklu minni fyrir það, að þeir hafi um of notað heimalönd til þess að rýma til fyrir aðkomufénu. — Þá segir oddvitinn:

„Engin frambærileg ástæða er til, sem forsvarar það, að bændur beztu mjólkurframleiðslusveitar norðanlands útniði og eyðileggi gróðurlendi rýrustu framleiðslusveitar Suður-Þingeyjarsýslu. Áreiðanlega er nóg fyrir Fnjóskadalsbændur að búa við þann ágang, sem þeir hafa af fé austan Eyjafjarðarár, sem mjög erfitt er að koma í veg fyrir, þótt fénaður vestan yfir á sé ekki þar í ofanálag. Fái það framgang með aðstoð ríkisvalds, að stórbændur vestan Eyjafjarðarár, sem hafa 30—50 kúa fjós og engin nauðsyn er á að eigi margt sauðfé, reki það í land Fnjóskdælinga framvegis, þá er það yfirgangur og kúgun.

Ég heyri sagt, að því sé af sumum Eyfirðingum haldið fram, að reki bændur úr Hrafnagilshreppi ekki sauðfé sitt í Bleiksmýrardal, sé hann ekkert notaður. Þetta er alls ekki rétt. Að vísu er það rétt, að síðan fjárskiptin fóru fram, hafa Fnjóskdælingar ekki rekið á dalinn. Fé hefur verið fátt að þessu, en er alltaf að fjölga, svo að nú þurfa þeir framvegis að reka á dalinn. Þess vegna mega þeir ekki með nokkru móti tapa rétti til hans. Svo hefur mönnum þótt tilgangslítið að hreinsa sitt eigið fé úr heimalöndum til þess að hafa þau eftir sem áður full af fé frá Eyfirðingum. Í öðru lagi hafa bændur úr Öngulsstaðahreppi rekið á dalinn að undanförnu. Það þykir skárra, vegna þess að þeirra fé gengur í okkar löndum hvort sem er, enda engin garnaveiki verið þar.“ — Þetta er skrifað í fyrravetur. — „Og í þriðja lagi hafa bændur úr Hrafnagilshreppi haft á dalnum nokkra tugi af stóðhestum að sumrinu, og mun ekki amazt við því að svo stöddu. Dalurinn hefur því framvegis nóga notkun, þótt fé úr Hrafnagilshreppi sé þar ekki.“ — Og enn segir oddvitinn, að hann sjái ekki, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði geti talizt vit í því að láta feitu bændurna í Eyjafirði éta upp mögru bændurna í Fnjóskadal.

Ég hef lesið þetta upp úr bréfi oddvitans til að sýna, að Fnjóskdælingar líta öðruvísi á þetta mál heldur en Eyfirðingar, og ég fyrir mitt leyti tel, að afstaða Fnjóskdælinga sé mjög eðlileg.

Frsm. gat þess, eins og satt var, að í fyrra var með ráðherraúrskurði leyft, að Hrafnagilshreppsbúar rækju fé á Bleiksmýrardal, og við það sat, þeir notuðu dalinn. Hins vegar gat hann þess einnig, að ráðuneytið mundi ekki vilja nema í ýtrustu nauðsyn endurtaka úrskurð sinn. En ég álít, að í raun og veru eigi ekki við að taka land til notkunar gegn vilja hreppsins og sveitarfélagsins, sem landið liggur í, nema ýtrasta nauð-

syn sé fyrir hendi. Ég skil það ekki, að ef eitt sinn hefur verið rétt að úrskurða í þessu efni, þá sé ekki hægt að gera það aftur. Hins vegar held ég, að ráðuneytið muni líta svo á, að það sé hæpið að kveða upp þennan úrskurð á ný, af því að réttmæti hans gagnvart Fnjóskdælingum sé svo vafasamt. Spurningin er þá, hvort það sé ekki líka vafasamt, að hið háa Alþingi eigi að setja lög, sem heimili það, að framkvæmt sé þetta, sem ráðuneytið hikar við að úrskurða í annað sinn, þótt lagaákvæði séu til, sem veiti ráðuneytinu rétt til úrskurðarins.

Hv. frsm. benti á það, að fyrir þessari hv. d. lægi frv. um það að heimila ríkisstj. að selja Fnjóskdælingum eyðibýli á Flateyjardalsheiði, viðurkenndi, að það væri sanngjarnt, en taldi, að það mundi líka gera það að verkum, að þeir ættu léttara með, Fnjóskdælingar, að standa af Bleiksmýrardal. Nú er það svo, að þó að ég hafi flutt frv. um þessi eyðibýli og telji eðlilegt, að þau verði eign Hálshrepps, þá hafa Hálshreppsbúar notað land þeirra að undanförnu sem afrétt, því að lönd þessara eyðibýla liggja inni á milli landssvæða, sem hreppnum tilheyra sem eign, og fé spyr ekki að landamerkjum á heiðinni, heldur notar eftir lyst sinni öll lönd, þar sem það gengur.

Og svo kemur annað til: Sveitin er þannig sett, að norðurhluti hennar notar Flateyjardalsheiði, en suðurhlutinn þarf að sækja afrétt suður fyrir sig, getur ekki fengið afrétt norðan við sig, því að norðurhlutinn getur ekki staðið af henni. Það eru ekki þau rýmindi á Flateyjardalsheiði.

Höfuðrök Fnjóskdælinga eru þessi: Við þurfum á dalnum að halda. Heimalöndin hafa verið ofbeitt að undanförnu, fé hjá okkur er að fjölga, og við þurfum að fara að reka til afréttar. Byggð hefur þétzt í dalnum; það hafa verið stofnuð 8 nýbýli á síðustu árum. Dalurinn er þannig byggð, að hann hlýtur að hafa sem aðalatvinnuveg sauðfjárrækt. Hins vegar hefur breyting orðið í Eyjafirði, að sauðfjárrækt hefur þar mjög minnkað, og eðlilegt, að hún minnki, en í staðinn er komin mjólkurframleiðsla mikil, og þau svæði, sem liggja næst Akureyri, svo sem Hrafnagilshreppur, hafa bezta aðstöðu bænda í Norðurlandi til þess að stunda mjólkurframleiðslu. Fnjóskdælir halda því þess vegna fram, að íbúar Hrafnagilshrepps þurfi ekki á þessum afrétti að halda, þeir þurfi ekki að hafa sauðfjárrækt í stærri stíl heldur en svo, að heimalönd þeirra leyfi, jafnvel þótt af beitilandinu hafi verið sniðið með varnargirðingunni, og þeir telja, að þeir geti meira að segja rýmt til í þessum heimalöndum með því að hafa ekki eins margt hrossa þar á sumrin og þeir hafa. Þess vegna er það mikil spurning, þegar um frv. eins og þetta er að ræða, hvort það þarf ekki að setja í það ákvæði um að meta og það rækilega, hvort um brýna nauðsyn sé að ræða.

Þetta frv., sem lagt hefur verið hér fram, hefur að flestu leyti yfirbragð sanngirninnar, því að það gerir ekki ráð fyrir, að hér sé annað tekið heldur en það, sem áður hefur verið notað, og ekki um lengri tíma heldur en þann, sem meinuð eru not af landi því, sem hefur skorizt frá Hrafnagilshreppi með varnargirðingunni að vestan. En það eina, sem frv. gerir ráð fyrir að komi til mats í þessum efnum, er, að sauðfjársjúkdómanefnd skuli meta, hvort afnotin komi ekki í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir. Það á aðeins að meta það, hvort þetta er nauðsynlegt vegna sauðfjársjúkdómavarna. Ég held, að ef ætti að beita fullri sanngirni í þessari lagasetningu, þá ætti a. m. k. að vera líka gert ráð fyrir mati á því, hvort það er búskaparleg nauðsyn að hafa þann sauðfénað í Hrafnagilshreppi, sem þar er hafður, og hvort Fnjóskdælingar líta ekki rétt á það, að þeirra þörf fyrir Bleiksmýrardal sé svo mikil sem lýst er í bréfi oddvitans og ég veit að þeir telja.

Ég vil því biðja hv. n. að taka það til athugunar fyrst og fremst, hvort það er ekki óþarfi að setja lög um þetta efni, hvort það er ekki eðlilegra, að það heyri undir stjórnarráðið að kveða á með úrskurði um það, sem hér á að binda með sérstökum lögum, kveða á um það með úrskurði, eins og gert var á árinu, sem er að líða, og ef n. þó hallast að því, að ekki sé óeðlilegt að setja um þetta lög, þá hvort ekki er sjálfsagt að taka upp, að lönd skuli þó ekki tekin til uppreksturs án vilja þeirra, sem hafa umráð yfir þeim, ef hinum, að mati einhverra tilkvaddra manna, telst ekki brýn búskaparnauðsyn á því, svo að það komi fleira til greina heldur en sóttvarnir, þegar dæma á um svo alvarlegt efni eins og það að taka af mönnum land til nytja móti vilja þeirra.

**Flm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. sagði, að ég hefði ekki sagt nema hálfa söguna. Nú ætlaði hann að segja hinn helminginn, sjálfsagt í þeim tilgangi, að þegar báðir helmingarnir væru lagðir saman, þá yrði sagan rétt. En ég býst nú við, að ég þori vel að leggja minn söguhelming á móti hans, sem ég mun nú nokkuð rekja nánar. Ég er ekki að segja það, að hann fari hér vísvitandi með rangt mál, en það kom fram í hans ræðu, hvaðan hans aðalheimildir eru, og ég hygg, að þar a. m. k. geti verið nokkurt vafamál um sanngirnina.

Fyrst minntist hann á það ráðherrabréf, sem ég gat um áðan, og hann las það upp, og það stendur í bréfinu, að ákveðið sé að fela hreppsstjóranum í Hálshreppi umráð yfir þessu afréttarlandi, og stendur „með yðar samþykki, herra sóknarprestur“. Ég verð nú að segja það, að mér kemur það mjög á óvart. Ég hef núna fyrir örfáum dögum séð bréf frá þessum sama sóknarpresti, þar sem hann getur þess, að hann hafi mótmælt þessu, en að biskup muni hafa samþykkt það án þess að bera undir sig. Ætli að það hafi ekki misritazt þarna í ráðherrabréfinu, að þeir hafi tekið samþykki biskupsins þáverandi fyrir samþykki prestsins? En hvað sem um það er, þá er höfuðmisskilningur í þessu ráðherrabréfi. Það er sá misskilningur, að þar er talað um ítak og hv. þm. talaði um ítak. (**KK:** Nei, ég talaði ekki um ítak í þessu sambandi.) Jú, það stóð a. m. k. þarna í ráðherrabréfinu orðið ítak, en þetta er ekki nokkurt ítak, þetta er eign, og það er ekki sams konar eign eins og almennar kirkjujarðir og getur því ekki heyrt undir sömu lagaákvæði og þær. Þessi afréttur, Bleiksmýrardalur fyrir vestan Fnjóská, var beinlínis hluti af heimajörðinni Hrafnagili. Hann var fyrst og

fremst ætlaður fyrir jörðina til sumarbeitar, eða þannig lít ég á það, enda hefði ekki, þegar séra Friðriki Rafnar var veitt embættið, afgjaldið af þessum afrétti verið sérstaklega talið til heimatekna hans, því að svo er ekki almennt um kirkjujarðir og ekki nema því aðeins, að svo hefði verið litið á, að þetta beinlínis tilheyrði prestssetrinu. Hér er því um það að ræða raunverulega, að ef á að meina þeim, sem notað hafa þennan afrétt hingað til, að gera það áfram, þá er það að meina mönnum að nota sína eign.

Þá fór hv. þm. að telja fram rök Fnjóskdælinga eða sérstaklega oddvitans í Hálshreppi, því að ég efast um, að allt það, sem fram kemur í bréfi hans og samtölum, sé nú almennt skoðun hans hreppsbúa, og þá átti það að vera ein aðalástæðan, að það væri ótti um, að sauðfjárpestir bærust með eyfirzku fé til þeirra í Fnjóskadal, vegna þess að féð gengi saman. Við þessu er nú það að segja, að ef hætta væri talin á þessu, þá þýðir ekkert eða a. m. k. mjög lítið að meina íbúum Hrafnagilshrepps að reka fé í Bleiksmýrardal, því að eins og þm. tók sjálfur fram, þá gengur fé úr Eyjafirði og Fnjóskadal saman. Það þyrfti þá nýja varnargirðingu eftir Vaðlaheiði og kannske langt inn á öræfi, ef ætti að tryggja þetta. Hrafnagilshreppur, Öngulsstaðahreppur og Þingeyjarsýsla austur að Skjálfandafljóti eru í sama hólfinu, og það er engin trygging fyrir því, að fé gangi ekki saman á þessu svæði og það einnig úr Hrafnagilshreppi, þegar þess er gætt, að það er brú á Eyjafjarðará, sem fé getur hæglega farið yfir, og jafnvel getur nú fé oft komizt yfir Eyjafjarðará án þess að fara á brú.

Ég get því ekki gert neitt úr þessari ástæðu og ekki sízt vegna þess, að garnaveikin kom upp í Þingeyjarsýslu. (Gripið fram í.) Ja, áður en hennar varð vart innan Akureyrar í Eyjafirði. Hún kom upp á Svalbarði á Svalbarðsströnd, og fé Svalbarðströndunga og Fnjóskdælinga gengur alltaf saman í heiðinni. Þetta er því aðeins sagt til að segja eitthvað, það hefur ekki við rök að styðjast.

Að eyfirzkt fé hafi mjög gengið í heimalöndum Fnjóskdælinga, dreg ég mjög í efa. Nokkuð er það, að á haustin í réttunum verður þess ekki vart, að margt eyfirzkt fé komi þar fyrir í heimalöndum Fnjóskdælinga.

Ég er nú ekki heldur viss um það, að það séu Eyfirðingar eða þeirra skepnur, sem aðallega hafi eyðilagt gróðurinn í Fnjóskadal, t. d. skógana, ef hv. þm. á við það. Ætli það hafi ekki verið Fnjóskdælingar sjálfir, sem hafa höggvið upp skógana í eldinn hér fyrr á árum? Og einkennilegt er það, ef gróður er þar mjög að spillast af sauðfé, að þeir skuli þá ekki, Fnjóskdælingar, reka á afréttinn, en það er mér vel kunnugt, líklega betur kunnugt en hv. þm. S-Þ., að fram að þessu hafa Fnjóskdælingar yfirleitt sleppt fé sínu heima í heimahagana, þó að þeir hafi næg afréttarlönd. Hann sagði nú reyndar, að þeir gerðu þetta til að rýma fyrir fé úr Eyjafirði. Því má nú hver trúa, sem vill. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að það séu margir hér í hv. d., sem trúa því, að þetta hafi verið tilgangur bænda með því að sleppa fé sínu heima og þverbrjóta með því fyrirskipun hreppsnefndarinnar, sem hefur fyrirskipað þeim að reka á afrétti. Sem betur fer, þá er það rétt hjá hv. þm., að fé hefur fjölgað í Fnjóskadal, en það er bara ekki orðið svipað því eins margt fé þar og var hér fyrr á árum, fyrir allan niðurskurð, — og ég tala nú ekki um fyrr á öldum, — og þá stöfuðu engin vandræði af því, svo að vitað sé, þó að Hrafnagilsprestur hefði og ætti Bleiksmýrardal og tæki fé á hann af nágrönnum sínum í Hrafnagilshreppi.

Síðan kom hv. þm. að því, sem kannske er aðalatriðið frá sjónarmiði oddvitans í Hálshreppi, að bændur í Hrafnagilshreppi og í Eyjafirði gætu stundað kúabú, framleitt mjólk, og þeir þyrftu ekki að vera að stunda sauðfjárrækt. Í því sambandi talaði hann um feitu bændurna í Eyjafirði og mögru bændurna í Fnjóskadal, Ja, ég hef nú séð bændur marga úr Eyjafirði og úr Fnjóskadal; ég hef nú ekki tekið eftir þessu, að fitan færi eftir sveitum, það eru feitir menn til í Eyjafirði, og það er líka sömuleiðis í Fnjóskadal. En svo að farið sé nánar út í þetta, þá má benda á það, að Fnjóskdælingar stunda ekki eingöngu sauðfjárrækt. Þeir flytja mjólk í mjólkursamlag Eyfirðinga. Það getur vel verið, að hægt væri að semja um þetta mál þannig, að Fnjóskdælingar hættu því að flytja mjólk í mjólkursamlag Kaupfélags Eyfirðinga, þá létti á markaðinum, en Eyfirðingar í staðinn hættu við sauðfjárrækt. En ég er ekki viss um, ef það ætti að greiða atkvæði um það í Fnjóskadal, að þá yrði það samþykkt.

Hv. þm. þótti það hart, ef tekið væri land til notkunar án vilja sveitarinnar, sem landið liggur að. En hann gekk alveg fram hjá því, að þetta land er raunverulega eign Eyfirðinga, og það er ekki nema algengt, að menn noti sína eign. Hann taldi það ekki neina nauðsyn fyrir Eyfirðinga að fá að reka á þennan afrétt. Það má alltaf deila um það. Ég geri ráð fyrir, að það mætti segja sem svo, að það væri ekki nauðsyn, ef markaður fyrir mjólk og mjólkurafurðir væri ótæmandi, en það vita allir, að það er að verða offramleiðsla á mjólk, vegna þess að ekki er um annan markað að ræða en innlendan markað. Og hvað á þá að gera? Mér sýnist, að þar sem því er hægt að koma við án þess að skaða aðra, þá sé þó ráðið einna helzt það að fjölga greinum landbúnaðarins og jafnvel þó að ein sveit sé vel fallin til nautgriparæktar, þá geti það verið réttmætt að hafa þar einnig sauðfé.

Hv. þm. sagði, að höfuðrök sín væru það, að Fnjóskdælingar þyrftu á dalnum að halda. Þessu vil ég alveg neita, að enn sem komið er þurfi þeir á dalnum að halda. Þeir hafa, eins og ég sagði, nægileg afréttarlönd. Ég vonast eftir því, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, geri sér það ómak að líta á landabréfið, og ef hún gerir það, þá skil ég ekki annað en að hún komist að þeirri niðurstöðu, að Fnjóskdælingar einir eða íbúar Hálshrepps hafi eins mikil afréttarlönd eða meiri heldur en allur Eyjafjörður innan Akureyrar, þ. e. a. s. þrír hreppar, sem hver um sig er fjölmennari en Hálshreppur.

Hv. þm. hélt því fram, að Eyfirðingar eða íbúar Hrafnagilshrepps gætu sleppt fé sínu í heimahaga. Þetta er mælt af algerum ókunnugleika á ástæðum og jafnvel landslagi í Hrafna-

gilshreppi. Það á að heita svo, að Hrafnagilshreppi fylgi ofur lítill afréttur, sem heitir Skjálgdalur, í daglegu tali kallaður Skjóldalur, og svo er annað dalverpi, sem reyndar er nú heimahagi, sem heitir Finnastaðadalur. En varnargirðingin liggur alveg fyrir neðan Skjóldalinn og þannig upp í Finnastaðadalinn, að hvorugt þetta dalverpi er hægt að nota. Það eru því ekki nema heimahagar jarðanna þarna í þrengstu merkingu, sem um er að ræða, og það er áreiðanlega rétt, sem ég sagði áðan, að það land yrði strax uppurið, ef sauðfé gengi þar á sumrin að nokkru ráði; það er ekki stærra en það, eins margir bæir og þarna eru. Að hrossaeign komi þessu máli mikið við, sé ég ekki, vegna þess að ég veit ekki til, að bændur í Hrafnagilshreppi hafi stóð heima yfir sumarið. Þeir koma því eitthvað á Bleiksmýrardal og einhverju af því lengra inn í fjörðinn, inn á afdali, sem þar eru. Stóð gengur þar alls ekki í heimahögum og ekki önnur hross en þau, sem þarf að *nota* við vinnu.

Hv. þm. sagði, að á minni ræðu hefði verið yfirbragð sanngirninnar, en það er þó gott, að það var a. m. k. yfirbragðið, því að ég gat ekki einu sinni fundið það yfirbragð í ræðu hv. þm.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Örfáar athugasemdir vil ég gera út af ræðu hv. 1. þm. Eyf. — Það virðist svo sem hann hafi fengið skakkar upplýsingar hjá presti um afstöðu hans til þess, að Bleiksmýrardalur var lagður undir umráð hreppsstjórans. Mér finnst ekki vera hægt að hugsa sér, að það geti verið um misritun í bréfi því að ræða, sem ráðstafaði þessari eign. Mér finnst fráleitt að halda, að prestur hefði ekki leiðrétt þá misritun, — undarlegt og óskiljanlegt, óþarft að trúa því, að hann hefði ekki mótmælt því, ef honum hefði verið sagt það í bréfinu, um leið og landinu var ráðstafað, að hann væri búinn að samþykkja það. Hér hlýtur að vera um misskilning eða gleymsku að ræða, enda 25 ár liðin síðan.

Þá lagði hv. framsögumaður áherzlu á það, að hér hefði verið um heimatekjur prestsins að ræða. Satt var það. En úr því að var um heimatekjur hans að ræða, sem hann fékk bættar með *gjaldi, sem hann samþykkti*, þá virðist mér ástæðulaust að gera athugasemdir við þessa ráðstöfun, einmitt vegna þess að Akureyrarprestur hefur ekkert með umráð yfir löndum að gera. Hann þarf peningatekjur og fær þær.

Þá benti frsm. á það, sem rétt er og ég var búinn að taka fram áður og kom fram í bréfi oddvitans, sem ég las, að fé gengur saman úr Öngulsstaðahreppi og Hálshreppi, af því að lönd liggja þar saman. Við því er ekkert að gera, og um það er ekki heldur fárazt, en hitt þykir athugavert, að fé vestan fyrir Eyjafjarðará skuli vera flutt yfir á Bleiksmýrardal, af því að það fé er næst girðingunni, sem hætta er á að smitun eigi sér stað yfir, en Eyjafjarðará er ekki svo óveruleg varzla, að víðs vegar í landinu sé ekki stuðzt við slíkt, þegar verið er að reyna að hindra það, að samgangur fjár valdi smitun. Það er stuðzt við slíkt, því að það gefur líkur til þess, að ef smitun á sér stað, þá kunni að vera hægt að hlaupa veiki uppi, eins og kallað er, með niðurskurði. Og það setja Fnjóskdælingar sérstaklega út á, hvernig brugðizt var við, að þegar garnaveiki kom upp í Hrafnagilshreppi, sem þeir halda fram að hafi breiðzt út austur fyrir, þá var ekki framkvæmdur sams konar niðurskurður og á Svalbarði, þegar garnaveikin kom þar upp, eins og hv. frsm. vitnaði til. Þar var gerður gagngerður niðurskurður.

Frsm. tók fram, að það sýndi ekki, að Fnjóskdælingar teldu sér brýna nauðsyn á notkun dalsins, að þeir sleppa fé sínu í heimalönd. En þeir halda því aftur fram, að þeir sleppi fé sínu í heimalönd af því, að dalurinn sé upptekinn af aðkomufé. Og enn kemur annað til greina, þegar talað er um það, hvort þörfin fyrir þetta land hafi aukizt eða ekki í Fnjóskadal, að menn hafa gert sér grein fyrir því, alveg sérstaklega nú í sambandi við fjárskiptin, að þrif fjár fara miklu meira en menn höfðu hugsað eftir landrýminu. Það kom sem sé í ljós í Fnjóskadal eins og annars staðar, þegar skipt var um fé, að vænleikur þess, meðan það var fátt, var miklu meiri en áður var, svo að ofseta landsins blasti við.

Þá vitnaði frsm. í það, að mjólkurframleiðsla væri í Fnjóskadal, og það er rétt, að bændur gera dálítið að því að selja mjólk úr Fnjóskadal til Akureyrar að sumrinu. En að vetrinum notast þetta ekki vegna þess, hve fljótt fennir á vegina. Vaðlaheiði hindrar þessa flutninga. — Mjólkurframleiðslan er í smáum stíl og hlýtur að verða það. Og raunar var hún upp tekin aðallega vegna þess, að þegar fjárskipti fóru fram, þá þurftu bændur að hafa á tímabili hjálparbústofn, meðan fénu var að fjölga.

Þá lagði hv. frsm. áherzlu á það, að Akureyrarkirkja ætti landið. En mér er það mikil spurning, hvort er hægt að líta svo á, eftir að ráðherrabréfið hafði skákað þessari eign til, að Akureyrarkirkja eigi landið. Mér virðist miklu frekar, að þarna sé um þjóðareign að ræða, þetta land sé í þeim flokki, sem kallaður er þjóðjarðir, enda hefur kirkjan sem slík ekkert með landið að gera.

Hv. frsm. bað n. þá, sem á að fjalla um málið, að líta á landabréfið. Mér þykir mjög æskilegt, að n. geri það. Og þá mun hún sjá, hvernig viðhorfið er, hvað eðlilega liggur við, að Fnjóskdælir vestan Fnjóskár hreinsi heimalönd sín og reki féð fram með Fnjóskánni fram á Bleiksmýrardalinn. Og um leið munu þeir líka sjá, hve opið er af dalnum út í heimalöndin og hve réttmætt hlýtur að vera þess vegna, að Fnjóskdælingar kvarta undan ágangi af aðkomufé, sem á dalinn er rekið. Enn fremur veit ég, að þeir munu líta á það, um leið og þeir líta á landakortið, að heimalöndin eru ákaflega þröng og léleg. Allir hljóta nefndarmennirnir að hafa farið yfir Vaðlaheiði, — þar eru heimalöndin vestan árinnar, — og séð, hversu hrjóstrug hún er og lítill hagi fyrir fé. En um leið og þeir athuga landabréfið, þá vona ég, að þeir hafi líka fyrir því að athuga atvinnuskýrslur úr þessum sveitum, sem hér er um að ræða, — athuga atvinnuskýrslur úr Hrafnagilshreppi og úr Hálshreppi til þess að fá hugmynd um það, hvaða atvinnuvegir það eru, sem eru stundaðir í þessum byggðarlögum,

og hversu afkoma bændanna er mismunandi í þessum tveimur sveitum. Þá held ég, að það hljóti að fara svo, að þeir sjái, að Fnjóskdælingar þurfa að auka bústofn sinn og hafa varla önnur úrræði en að fjölga sauðfé. Hins vegar munu þeir sjá, að bændur í Hrafnagilshreppi munu vera með tekjuhæstu bændum í landinu og hafa sínar höfuðtekjur af mjólkurframleiðslu. Sauðféð er aukaatriði hjá þeim.

Annars er það svo þetta, sem ég óska sérstaklega eftir, að n. athugi það spursmál, hvort þörf er á lagasetningu, og ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að þörf sé á lagasetningu, þá hvort ekki er rétt að hafa í sambandi við lagasetninguna ákvæði um það, að hlutaðeigandi bændur, sem mundu þá verða fyrir því, að afrétt ætti af þeim að taka, gætu haft rétt til þess að krefjast álits dómkvaddra eða tilkvaddra manna um þörf sína og mótaðilans fyrir að nytja landið, svo að það verði ekki aðeins sjónarmiðið, hvort sauðfjársjúkdómanefnd telur rétt að heimila upprekstur til þess að forða sýkingu, heldur hitt, hvort fjárhagsleg nauðsyn er á upprekstrinum.

Hv. frsm. taldi, að ég hefði vafasamar heimildir, þar sem ég hef aðallega vitnað til orða oddvitans í Hálshreppi og lesið upp úr bréfi frá honum. Mér þykir þetta ómaklega mælt í garð oddvitans, því að hann er merkur maður, áhugasamur um hag sinnar sveitar, eins og oddvitar eiga að vera, og til greina tekinn í sínu héraði.

**Flm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. byrjaði ræðu sína nú áðan á því að tala um þá breytingu, sem gerð var með ráðherrabréfi á umráðunum yfir vestri Bleiksmýrardal. Ég fór ekki með annað í þessu efni heldur en það, sem ég vissi sannast og réttast, og mér hefur nú borizt í hendur bréf sóknarprestsins á Akureyri, sem er að vísu privatbréf, skrifað til frænda hans, sem á sæti hér á Alþ., og ég mun því ekki lesa allt, en ég skal lesa þó hér byrjunina á því og nokkuð fram eftir því, og þá geta menn séð, að það, sem ég sagði, er nákvæmlega það sama og kemur hér fram hjá sóknarprestinum. Bréfið er dagsett á Akureyri 22. okt. s. l. og hljóðar svo, það sem ég ætla úr bréfinu að lesa:

„Út af Bleiksmýrardalnum er þetta að segja: Hrafnagilskirkja forna átti Bleiksmýrardal hálfan. Ekki veit ég, hvernig hún hefur eignazt hann. Líklega hefur eignarhald kirkjunnar verið síðan í kaþólskum sið, sektir, erfðir eða dánargjöf. Þegar Hrafnagilskirkja var niður lögð og byggð upp á Akureyri, voru allar eignir hennar færðar undir Akureyrarkirkju samkvæmt konungsbréfi, að mig minnir frá 1859, þó með því móti, að prestur Grundarþinga nyti ókeypis upprekstrar á Bleiksmýrardal. Svoleiðis var það að minnsta kosti praktiserað. „Pabbi“ — þ. e. a. s., fyrrverandi prestur á Hrafnagili var faðir núverandi sóknarprests á Akureyri — „rak alla sína búskapartíð á Hrafnagili á Bleiksmýrardal. Í brauðamatinu frá 1910 er séra Geir Sæmundssyni metið í heimatekjum ítakið á Bleiksmýrardal kr. 40.00, en ég held hann hafi endurleigt það bóndanum á Reykjum fyrir kr. 80.00 með þeim skilyrðum, að bændur úr Hrafnagilshreppi fengju þar upprekstur. Gengur nú svo til 1927. Þá deyr séra Geir, og Akureyrarprestakall er auglýst til umsóknar. Auglýsingin í Lögbirtingi var heimatekjumatið frá 1910 orðrétt. Heimatekjur voru metnar á 710 kr. Þær voru prestsmata af Möðruvöllum kr. 364.50, Grund og Miklagarði kr. 262.80, Glerá og Lögmannshlíð eftir verðlagsskrá, hálfur Bleiksmýrardalur 40 kr. Alls metið prestinum kr. 710.00. Þannig er mér veitt Akureyrarprestakall frá 1. des. 1927 og ekki minnzt á neina breytingu á heimatekjum. Adam var þó ekki lengi í Paradís. Skömmu eftir að ég kom norður í desember 1927, fæ ég tilkynningu frá kirkjumrh., sem þá var Jónas frá Hriflu, um, að hann hefði tekið Bleiksmýrardal undan Akureyrarkirkju og lagt hann undir Hálshrepp, sömuleiðis að heimatekjumatið á Akureyrarprestakalli hefði verið lækkað um eftirgjaldið af dalnum, kr. 40.00.

Því miður finn ég ekki þetta bréf. Það er einhvers staðar í pakka niðri í kjallara. Ég skrifaði kirkjumálarn. aðfinnslur við þessari ráðstöfun, en því var engu anzað. Ég ákvað því að bíta í það súra epli að hafast ekki að.“

Ég hygg, að þetta nægi til að sýna það, að ég fór með rétt mál, og ég er sannfærður um, að presturinn fer það líka. (Gripið fram í.) Hann misminnir ekki, hugsa ég, heldur er það þannig, að eftir að hann hefur skrifað mótmælin, hefur hann tilkynnt eitthvað um það, að hann yrði að sætta sig við þetta, og á því er ráðherrabréfið síðara byggt.

Þá skal ég víkja að ræðu hv. þm. S-Þ., með örfáum orðum þó. Hann taldi, að það, sem Fnjóskdælingar hefðu mest á móti því, að þetta héldist, að Hrafnagilshreppsbúar rækju á Bleiksmýrardal, væri ótti við sýkingarhættu, vegna þess að Hrafnagilshreppur væri næstur varnargirðingunum að vestan. Það er rétt, að Hrafnagilshreppur liggur að varnargirðingunum, sem liggja um þveran Eyjafjörð, og Akureyrarbæjarland liggur svo að nyrðri varnargirðingunni, sem er lítið eitt fyrir norðan Akureyri. En það eru engar sauðfjárpestir fyrir handan þessar varnargirðingar, svo að vitað sé, a. m. k. ekki mæðiveiki. Þessar varnargirðingar eru aðeins hafðar til varúðar. Og það er ekki einasta það, heldur er ekki vitað um neina mæðiveiki í hólfinu þar fyrir vestan og sem betur fer hvergi í landinu. Meira að segja hefur mæðiveiki aldrei verið hvorki inni í Saurbæjarhreppnum fyrir innan þessa varnargirðingu né heldur norðan við hina girðinguna í Eyjafirði. Ekki veit ég til þess, að hún hafi nokkru sinni komið þar, svo að ég held, að þessi hætta á sýkingu, að því er mæðiveiki snertir, geti ekki verið fyrir hendi, a. m. k. ekkert meiri af fé úr Hrafnagilshreppi heldur en hvar annars staðar, t. d. af Svalbarðsströnd eða úr Fnjóskadal sjálfum o. s. frv. Ef mæðiveiki kemur þannig upp, án þess að menn geti vitað nokkuð, hvernig hún á að hafa borizt, þá er ekki hægt að fullyrða neitt, en það getur ekki verið neitt meiri hætta. En um garnaveikina er það að segja, að þar er ekki um neina nýja sýkingarhættu að ræða, því að við rannsókn, sem fram fór í haust, hefur það sýnt sig, því miður, að garnaveiki á sér stað í Fnjóskadal. Og mér finnst nú miklu líklegra, að hún hafi borizt frá Svalbarði og af Svalbarðsströnd heldur en innan

úr Hrafnagilshreppi, því að það vissi enginn til, að hún væri þar, ef ég man rétt, fyrr en eftir að hún kom upp á Svalbarði.

Hv. þm. talaði um það, að það *væri lítil* mjólkurframleiðsla í Fnjóskadal og ekki nema á sumrin og þess vegna, að mér skildist, kæmi það lítið þessu máli við. En það er nú svo samt, að vitanlega eykur það þær mjólkurafurðir, sem mjólkursamlag Eyfirðinga verður að selja, og gerir þar með örðugra fyrir um mjólkurframleiðslu. Ég er ekki að telja það eftir, að þeir fái að nota mjólkursamlag Kaupfélags Eyfirðinga, en mér finnst bara, að þeir eða þeirra forsvarsmaður ætti þá ekki að vera jafnóbilgjarn í þessu máli og hann hefur verið.

Skrýtin þótti mér sú kenning hv. þm., þó að hann virtist viðurkenna, að þetta hefði verið eign Hrafnagilskirkju og síðan Akureyrarkirkju, að með ráðherrabréfinu hefði sú eign verið upphafin. Ég veit ekki til þess, að ráðherra hafi nokkurn tíma haft eða hafi heimild til þess án laga að afhenda eignir kirkna eða prestssetra. Ég þekki það ekki. Hafi það verið meiningin að breyta um eignarrétt á þessu landi með ráðherrabréfinu, þá er það vitanlega markleysa. En ég skil nú ekki ráðherrabréfið svo, að það hafi nokkurn tíma verið meiningin að breyta eignarréttinum, heldur er aðeins ákveðið að breyta umráðaréttinum.

Þá sagði hv. þm., að kirkjan hefði ekkert með landið að gera. Það er auðvitað rétt, að kirkjan sem slík á ekki sauðfé, og það þarf ekki að reka til afrétta. En eins og ég gat um í minni framsöguræðu, þá er allmikill hluti af Hrafnagilshreppi í Akureyrarsókn, og svo er ekki hægt að sjá, að gamall réttur, sem fylgt hefur alveg sérstaklega Hrafnagili, sem er ekki nú í Akureyrarsókn, verði tekinn af með einu ráðherrabréfi. (Gripið fram í.) Ja, ég fæ nú ekki séð það. Ég held, að slíkt geti ekki samkv. íslenzkum lögum átt sér stað nema með fjárnámi — með opinberar eignir að vísu með lögum, en hér er tæplega um opinbera eign að ræða að þessu leyti.

Svo um þennan mikla ágang, sem hv. þm. talaði um að Fnjóskdælingar yrðu fyrir af Eyfirðingum. Ef þessi mikli ágangur á heimalönd þeirra á sér stað af fé úr Eyjafirði, þá þykir mér það nú undarlegt, að þeir skuli þá bæta á heimalönd sín með því að sleppa fénu heima á sumrin. Það er nú orðið allt öðruvísi en áður var um ágang af sauðfé. Það eru flestir nú, og svo mun einnig vera í Fnjóskadal, sem girða bæði tún og a. m. k. beztu engjarnar. Ágangurinn ætti þá að vera á beitilöndin, og þá sýnist mér það alveg fráleitt út af ágangi úr Eyjafirði að bæta í heimalöndin með því að sleppa þar fénu. Ég held þeir ættu þá frekar að reyna að koma bæði sínu fé og fé annars staðar frá inn á afréttinn.

Hv. þm. bað nefnd þá, sem fær málið til meðferðar, að athuga um breytingar á því, þannig að hann hugsaði sér einhvern dómstól, sem ætti að meta það, hvort búskaparleg þörf krefðist þessara áframhaldandi réttinda, ellegar þá búskaparleg þörf Fnjóskdælinga krefðist þess, að frá þessu væri horfið. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki setja mig upp á móti því, þótt einhver slík ákvæði væru sett í frv., ef tryggilega væri um þann dómstól búið, að hann væri óhlutdrægur í þessu efni. Ég mundi ekki telja þann dómstól óhlutdrægan, sem skipaður væri t. d. tómum Þingeyingum eða *tómum Eyfirðingum. En ef hægt væri að finna* leið til þess, að það væru óhlutdrægir menn í þessu efni, sem ættu að meta þetta, þá mundi ég ekkert hafa á móti slíku, og ekki sízt ef hv. þm. S-Þ. og hans umbjóðendur, íbúar Fnjóskadals, gætu þá sætt sig við frv. á eftir.

Hv. þm. minntist á orð, sem ég hafði viðhaft um oddvitann í Hálshreppi. Ekki var það ætlun mín að fara neitt niðrandi orðum um hann. Ég þekki hann vel, og ég veit, að það er heiðursmaður, en ég veit líka, að hann er kappsmaður, og það er nú svona, að málfærslumenn geta verið út af fyrir sig heiðarlegir menn, þó að þeir dragi nokkuð stíft fram málstað sinna umbjóðenda í málafærslu sinni. Það er síður en svo, að ég vilji draga sæmd þessa heiðursmanns nokkuð í efa, en hitt finnst mér, að hann hafi sýnt nokkra óbilgirni í þessum viðskiptum, eftir því að minnsta kosti, hvað mér er tjáð um þær samningatilraunir, sem farið hafa fram á milli oddvita Hálshrepps og oddvita Hrafnagilshrepps.

**Forseti (GíslJ):** Hv. þm. S-Þ. hefur talað tvisvar, og þó að þetta sé 1. umr. málsins, þá vil ég nú samt sem áður leyfa honum að gera stutta aths., einkum ef hann vildi þá nota hana til þess að ræða um kjarna málsins. Hv. þm. tekur til máls.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta nema örfá orð og reyna að halda mig við kjarnann, en annars finnst mér nú, að við höfum, hv. frsm. og ég, gefið ýmsar upplýsingar, sem er nauðsynlegt fyrir þá að vita, sem eiga að meta kjarnann seinna.

Hv. frsm. las hér upp bréf frá presti Akureyrar og af því vona ég að hv. dm. hafi heyrt, að presturinn hefur a. m. k. sætt sig við og samþykkt ráðstöfunina á yfirráðum landsins, svo að þess vegna þarf ekki að vera neinn ágreiningur eða ímyndun um, að hér hafi verið beitt langvinnu ofbeldi. Hins vegar getur margt misminnzt á 25 ára tíma, og t. d. kom það í ljós, að presturinn man ekki nákvæmlega, hvenær bréf voru út gefin. Ég hygg óumdeilanlegt, að það sé réttara, þegar á að miða við það, sem gerzt hefur fyrir 25 árum, að halda sig þá við það, sem stendur svart á hvítu eins og bréf það, sem ég hef hér í höndum frá ráðuneytinu.

Hv. frsm. taldi, að það hefði verið kjarni málsins hjá mér, að Fnjóskdælingar óttuðust, að sauðfjársýki gæti borizt með fé úr Hrafnagilshreppi austur í Fnjóskadal hraðar en ella, en hann vildi leiða rök að því, að þetta væri ekki. Nú skulum við sættast á það, að við séum að tala um orðinn hlut að því er garnaveiki snertir, þó að á ýmsan hátt megi vitanlega tefja för hennar milli sveita. Hún er komin á þetta svæði að meira og minna leyti, en um mæðiveikina gegnir öðru máli, og ég vil segja frá því hér, að þegar rn. úrskurðaði, að Hrafnagilshreppsbúar mættu reka á Bleiksmýrardal í vor sem leið, þá byggði rn. úrskurð sinn á bréfi frá sauðfjársjúkdómanefnd, sem ég því miður hafði ekki með mér hingað á fundinn, en á afrit af. Og þar rökstyður sauð-

fjársjúkdómanefnd þarfirnar fyrir áframhaldandi vörnum vestan Hrafnagilshrepps með því, að enn sé ekki fullséð, hvort mæðiveiki hafi ekki getað borizt inn á svæðið, og hún rekur sögu til fjárkaupa, sem hafi verið gerð inn á svæðið, frá Hólmavík. Ég mun lána hv. landbn. þetta bréf, því að það sannar, að mergurinn málsins fyrir úrskurðinum var einmitt hætta, sem gæti stafað af mæðiveiki vestan við girðinguna.

Það skiptir ákaflega litlu máli, hver er eigandi landsins, eins og nú er. En mér virðist, að þó að ráðherrabréfið hafi kannske ekki upphafið samstundis eignarrétt Akureyrarkirkju, þá hefur það þó fært þessa eign yfir í flokk þann, sem kallaðar eru þjóðjarðir, og þar sem þetta hefur nú gilt í 25 ár, þá finnst mér ákaflega óvenjulegt að líta svo á, að kirkjan hafi eignarlegan umráðarétt yfir þessu landi eftirleiðis. Hún hefur heldur ekkert með hann að gera, og sjálfsagt hefur hún fengið eignarréttinn á sínum tíma, löngu liðnum, af þeirri ágirnd til fjármuna, sem við nú orðið viljum ekki telja eðlilegt að kirkjunnar menn hafi fyrir hennar hönd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 155).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Hér er um það að ræða að setja í lög ákvæði, sem tryggja það, að bændurnir í Hrafnagilshreppi, sem hafa notað Bleiksmýrardal vestan ár sem upprekstrarland um margra áratuga skeið, geti gert það nú á næstunni, þrátt fyrir það þó að sauðfjárveikivarnirnar eftir þeim almennu einangrunarreglum eða varnarreglum, sem í lögum eru, geri það lítt mögulegt. Það ber öllum saman um það, að sýkingarhætta við notkun afréttar þarna, eins og nú er, sé engin, þó að menn hins vegar vilji ekki uppnema þau ákvæði úr almennum lögum, sem reyna að styðja að því, að hvert girðingarhólf falli sér hvað fjársamgöngur snertir.

Aðstæður þarna eru þær, að fyrir framan Reyki í Fnjóskadal er nú ekki byggð, og bóndinn á Reykjum hefur fyrir hönd kirkjujarðasjóðs nú umráðarétt yfir þessu landi. Hann mun hafa það á leigu fyrir ákveðið gjald og leigja það aftur út til þeirra, sem afréttarlandið nota, fyrir nokkru hærra.

Fnjóskadalurinn er sú sveit hér á landi, sem hefur einna rýmstan afrétt. Norður af dalnum liggur Flateyjardalsheiðin, sem er önnur fallegasta afréttarlandsheiði, sem ég hef farið yfir hér á landi. Sú fallegasta er Búrfellsheiði, milli Hólsfjalla og Þistilfjarðar, en þar næst kemur Flateyjardalsheiðin, og hún hefur í raun og veru stækkað við það, að þeir bæir, sem áður voru í byggð á Flateyjardal, eru komnir í eyði. Það er þess vegna óþrjótandi afréttarland, sem hreppurinn þar á. Í hinum endanum á hreppnum eru þrír dalir. Bleiksmýrardalur er vestastur, og það er landið á honum, fyrir vestan á, sem Hrafnagilskirkja átti og kirkjujarðasjóður nú hefur umráð yfir, eins og fjöldamörgum öðrum kirkjujörðum og kirkjueignum víðs vegar um landið. Það er þessi hluti af vestasta dalnum, sem hefur verið notaður sem upprekstur fyrir Hrafnagilshrepp og stundum líka Öngulsstaðahrepp að nokkru leyti. Frv. þetta fer ekki fram á annað en að þessir hreppar hafi heimild til að nota það áfram fyrir álíka mikla fjártölu og þeir hafi notað það undanfarið. Við settum um það brtt. við frv., að þar væri álíka mikil fjártala. Brtt. hljóðar svo: „Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.“ Það er því ekki eftir þessu hægt að reka þangað meira. En auk þessa dals, þess hluta, sem Hálshreppur ekki hefur not af, þá hefur hann rétt á að nota Bleiksmýrardal fyrir austan á, ef hann vill. Hann hefur ekkert rekið þangað. Það hefur engin kind úr Hálshreppi verið rekin þangað í mörg ár, eitthvað kannske runnið þangað, en ekkert rekið þangað. Hreppurinn hefur einnig afnot af næsta dal, sem heitir Hjaltadalur, þar var bær samnefndur, sem var þó nokkuð stór jörð á sínum tíma; hún er nú komin í eyði fyrir löngu, og sá dalur er afréttardalur. Svo kemur þriðji dalurinn, Timburvalladalurinn, austasti dalurinn fram af Hálshreppnum, sem er líka langur og grösugur dalur. Hvorki Hjaltadalurinn né Timburvalladalurinn eru notaðir núna fyrir annað fé en fé frá Snæfoksstöðum og Sörlastöðum, sem rennur þangað fram eftir, enginn rekur þangað. Það er þess vegna líka í þessum enda hreppsins alveg yfirfljótanlegt afréttarland, ekki bara eins og nú er, heldur líka í ófyrirsjáanlegri framtíð, og þess vegna alveg sjálfsagt að leyfa Hrafnagilshreppi, sem enga afrétt á, nema lítinn þröngan dal, sem heitir Skjóldalur og er afgirtur núna með öðru fjárskiptahólfi og þeir fá ekki að reka á, — og aðra afrétt eiga þeir ekki, — að nota þennan Bleiksmýrardal eins og þeir hafa gert. Ef bærnir í Fnjóskadal telja sig verða fyrir ágangi, þegar fé er að renna af afrétt og á, sem vel getur verið, því að þá rennur það meðfram nokkrum fremstu bæjunum í dalnum, þá er náttúrlega vandalaust að girða fyrir afréttinn í dalinn; það hefur víða verið gert. Það geta þeir gert og eiga náttúrlega að gera skilyrðislaust, og verður gert. Þótt það verði ekki gert núna í ár eða að ári kannske, þá er það alveg gefinn hlutur, að það verður að girða afréttirnar meira frá heimalöndum, þegar tímar líða.

Ég held, að nm. séu allir sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., en að það verði hnýtt við það brtt., sem takmarki þann fénað, sem þeir megi reka í það eða Reykjabóndinn megi leyfa þeim að reka í það, miðað við það, sem var áður, á meðan þeir ráku þangað að staðaldri, og ekki meira. Annars get ég getið þess sjálfur, að ég persónulega tel, að Hrafnagilshreppurinn eigi að fá þetta land keypt, en það má vera, að það sé ekki tímabært að gera það núna strax, en annars er ég alveg ákveðinn með því, að Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppar eigi að fá þetta land keypt. Þeir þurfa á landinu að halda, en Fnjóskdælingar ekki. En inn á það skal ég ekki fara núna.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir skjóta og frá mínu sjónarmiði góða afgreiðslu þessa máls. Ég skal þó taka það fram, að ég hefði talið æskilegra, að brtt. hv. n. hefði verið dálitið nákvæmari. Ég skil að vísu brtt. svo, að sú heimild, sem nefnd er í 1. gr. og n. leggur til að nái aðeins til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið, þýði það, að það sé miðað hér við lengri tíma, en alls ekki allra síðustu ár, því að það væri vitanlega ósanngjarnt að miða við allra síðustu ár, þegar þeir bæir, sem hér um ræðir, voru svo að segja sauðlausir vegna niðurskurðar og fjárskipta. En ef engin aths. kemur við þann skilning frá hv. n., þá sé ég ekki ástæðu til að hafa neitt á móti því, að þessi brtt. verði samþ. óbreytt, ef nefndin skilur þetta á sama hátt og ég.

Þó að það komi ekki beinlínis málinu við, eins og það liggur nú fyrir, þá vildi ég þó út af ummælum, sem hér komu fram við 1. umr. um það, að gamalt ráðherrabréf mundi hafa upphafið eignarrétt Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal vestan Fnjóskár, benda á það, að síðan hefur annar kirkjumrh. skrifað bréf, sem snertir þetta mál, og ef eitt ráðherrabréf getur breytt einhverju til um eignarrétt í þessu efni, þá hlýtur síðara ráðherrabréf, ef það kemur í bága við það hið fyrra, að upphefja það; hvorugt getur að vísu átt sér stað, því að eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, þá er auðvitað ekki hægt að breyta eignarrétti í þessu efni, nema með lögum a. m. k., og þá einna helzt lögum um fjárnám. En þetta síðara ráðherrabréf er dagsett 20. maí í ár og undirskrifað af Hermanni Jónassyni landbúnaðar- og kirkjumálaráðherra. Og þar segir m. a. í lok bréfsins:

„Að fengnum till. sauðfjársjúkdómanefndar og þar sem samkomulag hefur ekki náðst, vill ráðuneytið hér með samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. 7. gr. sömu laga, mæla svo fyrir, að hreppsnefnd Hrafnagilshrepps skuli heimilt að láta reka í afrétt í landi Akureyrarkirkju í vestri Bleiksmýrardal sumarið 1953 allt að 1200 sauðfjár, þar í talin lömb."

„Í landi Akureyrarkirkju", stendur hér skýrum stöfum, undirskrifað af kirkjumálaráðherra, sem að vísu gefur þetta bréf út sem landbúnaðarráðherra, en það er lítt hugsanlegt, að þegar sami maðurinn er landbrh. og kirkjumrh., þá hafi hann aðra skoðun á málinu sem kirkjumrh. heldur en hann hefur sem landbrh. Hér er það alveg skýrt og ákveðið, að ráðh. viðurkennir eignarrétt Akureyrarkirkju á þessu landi, enda er ekkert í hinu fyrra ráðherrabréfi um það, að Akureyrarkirkja sé svipt eignarrétti yfir landinu, heldur aðeins um það, að hreppsstjóranum í Hálshreppi er falið eins konar umboð yfir landinu.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Ég hef nú því miður þá afstöðu, gagnstæða við hv. síðasta ræðumann, að ég hef ekkert að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu í þessu máli. Einstök atriði hef ég þó að þakka frsm., sem ég mun koma að seinna.

En út af því síðasta, sem hv. 1. þm. Eyf. var að segja hér í sambandi við tvö ráðherrabréf, þá gæti nú auðveldlega ráðh. sá, sem ritaði síðara bréfið, hv. þm. Str., upplýst það, hvort í því komi fram nokkur úrskurður snertandi umráðarétt eða eignarrétt á landi því, sem hér er um að ræða. Ég lít svo á, að það bréf út af fyrir sig beri ekki í sér neinn úrskurð. Hins vegar var hitt bréfið ráðstöfun á landinu, og ég hef það að þakka hv. frsm. m. a., að hann sagði, að hreppsstjórinn í Hálshreppi hefði ráðstöfunarrétt á þessu landi f. h. kirkjujarðasjóðs, og það hygg ég hið rétta í málinu, að nú sé það í raun og veru kirkjujarðasjóður, sem eftir eðli málsins sé eigandi landsins, því að prestur Akureyrarkirkju hefur fengið úrskurðuð laun í stað landsréttar.

Hv. frsm. sagði, að það stafaði engin veikindahætta af því, að búendur í Hrafnagilshreppi notuðu Bleiksmýrardal fyrir fé sitt. En nú er það svo, að það bréf, sem landbrh. gaf út og heimilaði eða úrskurðaði Hrafnagilshreppi upprekstur á Bleiksmýrardal fyrir árið 1953, byggði á bréfi frá sauðfjársjúkdómanefnd, sem óskar eftir því, að úrskurður fáist um þetta, af því að ekki megi upphefja varnir vestan Hrafnagilshrepps, sökum þess að enn sé ekki hægt að vita, nema smitun kunni að hafa borizt með fé frá Hólmavík á svæðið vestan þessarar girðingar, austan Héraðsvatna, og þá er það vitað mál, að hættan af því svæði austur á við er fyrst og fremst fyrir jaðarinn að austan, þ. e. Hrafnagilshrepp. Og bændur í Fnjóskadal litu svo á, að með því að heimila Hrafnagilshreppsbúum upprekstur í þeirra land, þá væru þeir að hættunni til settir á sama svið og Hrafnagilshreppur, en Eyjafjarðará mundi ella hamla ágangi fjárins úr Hrafnagilshreppi og fjarlægja þá hættunni. Þetta er því ekki hárrétt ályktun hjá hv. 1. þm. Eyf.

Hv. frsm. sagði, að Hálshreppurinn væri einn þeirra hreppa í landinu, sem hefðu óþrjótandi afréttarland. Og það er rétt, að Hálshreppur hefur mikið afréttarland, en hann er þannig settur, að hann getur ekki notað fyrir alla sína bæi nema ákveðin afréttarsvæði. Á Flateyjardalsheiði er sá góði afréttur, sem frsm. minntist á, en hann geta tæplega notað nema norðurbyggjar dalsins. Hreppurinn er skorinn sundur að endilöngu með svonefndri Fnjóská. Báðum megin árinnar að norðan er notaður afrétturinn á Flateyjardalsheiði, en syðri hluti hreppsins notar og þarf að nota, ef rétt er á haldið, afréttarlöndin fram með ánni, vestari hlutinn að vestan og austari hlutinn að austan. Og þeir víðáttumiklu dalir, sem frsm. minntist á, eystri Bleiksmýrardalur, Timburvalladalur og Hjaltadalur, eru austan árinnar. Þess vegna koma þeir ekki að notum nema austurbyggjum, en vesturbyggjarnir þurfa að nota vestari Bleiksmýrardal og sérstaklega meðan ekki er búið að brúa Fnjóská frammi í dalnum, eins og þó er gert ráð fyrir að kunni að verða; þar er brú á brúalögum ætluð. Og ef það verður niðurstaðan, sem ekki er nú ólíklegt, af því að n. fylgist vel að í málinu, að frv. þetta verði samþ., þá vil ég vænta þess, að þeir, sem

það samþykkja, verði stuðningsmenn þess, að áin verði brúuð, svo að vestari byggjarnir geti vikið fyrir þeim, sem leyfður er upprekturinn samkv. frv., og notað eystri afréttinn.

Þá er eitt, sem ég vildi þakka hv. frsm. fyrir, og það er það, að hann viðurkennir, að ágangur geti orðið að fé Eyfirðinga út með Fnjóská í heimalönd þeirra, sem búa vestan árinnar. Og hann sagði, að það væri vandalaust að girða fyrir dalinn. Ég vil skilja það svo, að hann telji, að girðingarskyldan fylgi með upprekstrinum og þeir, sem áganginn væntanlega veita, eigi að girða. Eitt sinn var það, að girðing var sett þarna upp, en hún er nú fyrnd orðin og niðurbrotin. Ég vil þess vegna lýsa því yfir, að ég treysti því, að það megi gera kröfu til þess, að Eyfirðingar girði fyrir ágang sinn, ef þeir fá með lögum rétt til þess að reka þarna austur á Bleiksmýrardal.

Hv. frsm. sagði, að það væri sjálfsagt að veita Hrafnagilshreppsbúum þennan rétt, af því að þá vantaði upprekstrarland, en ekki Fnjóskdæli, og þess vegna sjálfsagt að samþykkja þetta frv. En ekki er það nú sjálfsagðara en það, að hv. 1. þm. Eyf. upplýsti, að rn. væri ófúst að kveða upp úrskurð í annað sinn um rétt þeirra til upprekstrar. Ég skil það svo, og það verður ekki öðruvísi skilið en svo, að rn. hafi fundizt þetta allvafasamt. Og mér þykir reyndar töluvert djarft, ef allir hér í þessari hv. d. telja sig kunnuga aðstæðum, að þeir telji einboðið að setja um þetta lagaákvæði, úr því að rn. taldi þetta svo vafasamt, að það vildi ekki kveða upp úrskurð í annað sinn.

Þá vildi ég minnast aðeins á brtt. Ég hef það sama við hana að athuga og 1. þm. Eyf., að hún heimilar upprekstur svipaðrar fjártölu og áður. En þannig er nú háttað í Hrafnagilshreppi, að þar hefur búnaður mjög breytzt og bændur hafa tekið upp kúabú, en fækkað sauðfé. Ég tel það nokkuð opna löggjöf að heimila þeim upprekstur eins og á fyrri árum ótakmarkað, ef þeim skyldi þóknast að fjölga fé sínu, en fækka nautpeningi, þar sem Fnjóskdælir aftur á móti hafa þá aðstöðu, að þeir geta ekki breytt til í búnaði, og Hálshreppur hlýtur um ófyrirsjáanlega framtíð að leggja áherzlu á það að fjölga sauðfé sínu, eftir því sem landkostir leyfa. Ég ætla ekki að flytja neina brtt. við þessa umr., en áskil mér rétt til þess að flytja um þetta brtt. síðar, nema n. vilji taka það upp að ákveða upprekstrarheimildina við tiltekna fjártölu, eins og rn. gerði í úrskurði sínum s. l. ár. Ég teldi það réttara en að hafa upprekturinn svona takmarkalausan eins og hann verður með þessu orðalagi. Af því að búnaðarhættir hafa breytzt, þá er þetta óeðlilega ótakmarkað. Enn fremur er ég að velta því fyrir mér, hvort ekki væri rétt að flytja brtt. í þá átt, að Hálshreppsbúar gætu skotið máli sínu til úrskurðar um það, hvort þeir geta ekki orðið fyrir búkreppu af of mikilli skerðingu á landi því, sem tilheyrir þeirra sýslu og þeirra hreppi, með þessum ákvæðum.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð vegna þess, að það er hér um það deilt, hvort ég hafi sem ráðherra fellt einhvern úrskurð um það, hver eigi þetta afréttarland, sem hér er deilt um.

Það hefur verið upplýst í þessu máli, að það var einn af fyrrverandi kirkjumálaráðherrum, sem tók ráðstöfunarrétt af Akureyrarkirkju, sem virtist þá hafa ráðstöfunarrétt yfir þessu landi og kannske eignarrétt, og afhenti ráðstöfunarréttinn, eins og hefur komið fram í þeim skjölum, sem hér hafa verið lesin upp.

Ég hef síðan sem kirkjumálarh. skrifað undir bréf, þar sem er sagt, að landið sé eign Akureyrarkirkju, — gert ráð fyrir því, að það sé eign Akureyrarkirkju, réttara sagt. Á þessu stendur þannig, að þegar landið er afhent af einum af fyrrv. kirkjumálaráðherrum, þá virðist vera ráð fyrir þessu gert, og þess vegna þótti rn. ekki rétt að gera ráð fyrir öðru en að Akureyrarkirkja ætti þetta land, því að þegar Akureyrarkirkja var afhent, þá hefði þurft að taka fram um það við afhendinguna, hvort þetta land væri af kirkjunni tekið eða afhent með kirkjunni. Og ef það hefði verið tekið af kirkjunni, þá væri það náttúrlega eign kirkjujarðasjóðs, en um þetta hafa ekki fundizt skjöl í rn. og ekki enn þá verið hægt að upplýsa, hvort þetta hefur verið gert eða ekki. Meðan þær upplýsingar lágu ekki fyrir, og þær munu ekki liggja fyrir enn, þykir réttara að gera ráð fyrir því, að kirkjan eigi eða hafi haft umráðarétt yfir þessu landi, eins og var gert ráð fyrir í bréfi fyrrv. kirkjumrh., þegar hann tók landið af Akureyrarkirkju og afhenti ráðstöfunarréttinn öðrum, eins og komið hefur hér fram. Það geta þess vegna enn fundizt gögn í rn., sem sýni það, að landið hafi raunverulega verið tekið undir kirkjujarðasjóð á sínum tíma, en þau gögn liggja ekki enn fyrir, og þess vegna er það formlega rétt að gera ráð fyrir, að landið sé eign kirkjunnar, þó að annað kunni síðar að upplýsast.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég get ekki varizt því, þegar ég hlusta á þessar umræður, að spyrja, hvort þetta mál sé hér ekki alveg á röngum vettvangi. Er þetta mál, sem Alþingi getur með þeim hætti, sem hér er ætlazt til, skorið úr? Er þetta ekki dómstólamál? Er ekki hér verið að ræða um eignarrétt yfir tilteknum verðmætum, sem ekki er hægt að svipta aðila, nema því aðeins að þeir fái fullar bætur fyrir? Og ef þörf er á að setja þessa löggjöf, vegna þess að ekki sé án þess heimilt að reka féð á þessar slóðir, verður þá ekki jafnframt í þeirri löggjöf að vera ákvæði um bætur til handa aðilum, til þess að lögin fái staðizt og verði metin gild? (Gripið fram í.) Jú, þau eru vitanlega um eign, og það er um notkun á eign annarra manna; annars er frv. gersamlega þýðingarlaust. Það er vitanlega um notkun á eign annarra manna. Þetta er í raun og veru atriði, sem fyrst og fremst heyrir undir dómstóla landsins að skera úr. Það er ekki hægt að taka hvorki eign né not á eign af mönnum, nema því aðeins að þar komi lögáskildar bætur fyrir, þannig að ef það er talin þörf á því að gera eignarnám á notum þarna tiltekinn tíma, þá verður þar með að fylgja bótaréttur til handa þeim, sem hlut eiga að. — Það kann að vera, að ég misskilji alveg það, sem um er að

ræða, en þá er mjög mikil nauðsyn, að það sé betur útskýrt en enn þá hefur verið gert í umr. við meðferð málsins.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Ed., 13. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þótt það komi ekki þessu frv. við, sízt beinlínis, þá hefur því verið blandað inn í umræðurnar, hvernig væri um eignarrétt á vestri Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár. Það var við 1. umr. málsins, að hv. þm. S-Þ. hafði það á orði, að breyting hefði orðið á eign þessa lands við ráðherrabréf, sem gefið var út fyrir mörgum árum. Ég sýndi nú fram á það þá, *hvílík fjarstæða það væri, að eitt* ráðherrabréf gæti breytt eignarheimildum. Til þess þarf a. m. k. lög og einna helzt lög um fjárnám, eins og hv. þm. ætti að vera ljóst. Það var einnig vikið að þessu atriði að nokkru leyti hér í gær, bæði af hv. þm. Str. og hv. þm. S-Þ. Það kom nú alveg fram í gær — og þarf ekki að fara fleiri orðum um það — m. a. af því, sem hv. þm. Str. sagði, og af kafla úr bréfi, sem hann hafði *undirskrifað sem landb.- og kirkjumrh.*, að hann a. m. k. viðurkennir í því bréfi, að umrætt land sé eign Akureyrarkirkju, sem það og er. Nú heldur hv. þm. S-Þ. því fram, að landið sé orðið eign kirkjujarðasjóðs og að presturinn hafi fengið það að fullu bætt. Það mun nú ekki vera neins staðar nein heimild fyrir því, að landið sé eign kirkjujarðasjóðs, og þetta gamla ráðherrabréf, sem gefið var á sínum tíma út af Jónasi Jónssyni, er ekkert *um það, heldur aðeins um það*, að umboðið yfir þessu landi sé fengið hreppsstjóra Hálshrepps, ef ég man rétt. Og ég tel það mjög vafasamt, að það geti verið eign kirkjujarðasjóðs og eigi að meðhöndla sem slíkt, sökum þess að þessi eign veitti ýmsum mönnum ákveðinn rétt, sem ég sé ekki að sé hægt af þeim að taka öðruvísi en þá með fjárnámsheimild og komi fullar bætur fyrir. Það eru engar bætur til annarra en prestsins, *þó að það hafi verið tekið tillit til þess í* hans launum, að þessar heimatekjur eru fallnar burt. Það eru til fleiri með rétt til þess að reka sauðfé sitt í þetta land, og það getur ekki, að ég hygg, neitt ráðherrabréf afnumið slíkan gamlan rétt.

Þá vék hv. þm. S-Þ. að sýkingarhættunni, sem gæti af því stafað, að Eyfirðingar rækju fé sitt á Bleiksmýrardal, af því að Hrafnagilshreppur *væri við jaðarinn á varnargirðingunum, eins og* hann orðaði það. Hv. frsm. landbn. svaraði nú þessu: að Hrafnagilshreppur, Öngulsstaðahreppur og Þingeyjarsýsla austur að Skjálfandafljóti eru í sama hólfinu að því er sauðfjárveikivarnir snertir og engin trygging fyrir því, að fé gangi ekki yfirleitt saman innan þessa hólfs. Ég dreg það mjög í efa, að hættan sé mest við jaðarinn í þeim skilningi, sem hv. þm. talaði um, þ. e. a. s. *við varnargirðingarnar yfir þveran Eyjafjörð*. Ég gæti haldið, þó að ég sé ekki mjög kunnugur fyrir innan byggðirnar, að það gæti alveg eins komið fyrir, þótt það eigi ekki að vera, að fé úr Þingeyjarsýslu og Skagafirði hittist inni á öræfum, þótt náttúrlega eigi að verjast því, að svo sé.

Hv. þm. S-Þ. talaði um, að það gætu ekki nema fáir bæir rekið á hin miklu afréttarlönd inn af Fnjóskadal, sem tilheyra Fnjóskadal alveg ómótmælanlega. Ég get ekki fallizt á þetta. Mér finnst, að menn að vestanverðu í Fnjóskadal alllangt inn í dalinn gætu rekið austur fyrir ána, yfir brúna á Fnjóská og svo inn í dalina. Það er stuttur rekstur samanborið við það, sem það er að reka fé vestan úr Hrafnagilshreppi á Bleiksmýrardal. Og svo er ekki þar með sagt og mun aldrei hafa verið, að þó að þessi réttur Eyfirðinga til að reka í þetta land hafi verið fyrir hendi, að enginn Fnjóskdælingur geti rekið einnig vestan árinnar. Það mun hafa verið svo um aldir, að einhverjir Fnjóskdælingar hafa rekið í þetta land einnig, og svo mundi að sjálfsögðu enn geta orðið, *þó að þessi réttur skerðist*.

Hv. þm. minntist á það, að mér skildist, ef þetta frv. yrði samþ., þá bæri Eyfirðingum skylda til að girða fyrir þetta land. Það eru til sérstök lög um girðingar og girðingarskyldu, og mundi sjálfsagt verða farið eftir þeim. En frv. fer nú ekki fram á annað en það, að gamall réttur haldist um takmarkaðan tíma. Ef til vill þarf ekki á þessu að halda á þessum grundvelli nema næsta *ár eða tvö ár t. d., og mundi það þá vera nokkuð* hart, virðist mér, að skylda Eyfirðinga til þess að fara að girða og það að öllu leyti á eigin kostnað fyrir þennan afrétt. Hitt er allt annað mál, ef Eyfirðingar fengju þennan rétt til frambúðar og þetta landssvæði væri viðurkennt þeirra eign. Þá væri auðvitað sjálfsagt, að þeir girtu fyrir dalinn.

Hv. þm. minntist á það, að rn. hefði þótt vafasamt að *veita Eyfirðingum sama rétt næsta eða* næstu ár eins og á s. l. sumri. Rn. taldi, að að vísu væru heimildir til þess í núgildandi lögum um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, en sú heimild væri ekki svo ótvíræð eins og lögin hljóða nú, að það vildi endurtaka sinn úrskurð frá í vor. Það kaus heldur að fá ótvíræðari lagaheimild. Og frv. gengur ekki út á annað en það að gera þau lagaákvæði, *sem fyrir eru, ótvíræð í þessu efni*, m. ö. o., að sú meining, sem er í 43. gr. þessara laga, komi ótvírætt fram. Þetta er þannig ekki neitt nýmæli.

Ég held það hafi verið algerður misskilningur, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh., að þetta mál, eins og það liggur hér fyrir hv. d., ætti að vera nokkurt dómsmál. Frv. fjallar aðeins um breytingu — og hana ekki stórvægilega — á þessum *lögum, sem ég nefndi áðan, og hafi Alþingi* haft rétt til þess að setja t. d. 43. gr. þeirra laga, þá hefur það án efa jafnmikla heimild til þess að samþykkja þetta lagafrumvarp. Hitt er annað mál, og ég býst við, að það hafi vakað fyrir hæstv. ráðh., að hér ætti að fara að breyta eignarheimildum, — og býst ég við, að það gæti orðið dómstólamál. En þó að það hafi borizt í tal og hæstv. ráðh. sjálfsagt heyrt það, að um þetta *væri rætt hér, þá liggur það ekki fyrir í frv.* til samþykktar eða synjunar, svo að það getur ekki komið til mála, að Alþingi sé ekki bært um að setja þessi lagaákvæði, sem hér er farið fram á að setja, alveg eins og það setti lagaákvæði, sem gengu í sömu átt, með sauðfjársjúkdómalögun-

um. En það gæti svo sem komið til þess, að mál viðvíkjandi eignarrétti á Bleiksmýrardal gæti orðið dómstólamál, eignarrétti á dalnum sjálfum eða þessu landi sjálfu, og líka um rétt manna til að nota þetta land. Það er ákaflega einkennilegt, — það er nú skýrt tekið fram í stjórnarskránni, — að Alþingi getur ekki svipt menn eign eða ákveðnum réttindum með lögum, nema almenningsheill krefji og fullar bætur komi fyrir, en það er engu líkara en að sýslunefndir geti þetta með einfaldri breytingu á reglugerð, fjallskilareglugerð. Og það er vitanlega mjög athugandi, bæði fyrir löggjafarvaldið og jafnvel kannske dómstólana, hvort slíkt fær staðizt, að sýslunefndir megi og geti svipt menn kannske eign eða sama sem eign að minnsta kosti og réttindum, sem Alþingi er algerlega óleyfilegt að gera, — að sýslunefndir séu að þessu leyti voldugri en Alþingi.

Ég álít það þess vegna mjög vafasamt, að með þessu fjallskilareglugerðarákvæði hafi sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu haft nokkurn rétt til þess að svipta menn — og óhætt að segja sérstakt landssvæði — réttindum, sem það hefur haft í aldir. Ég dreg það mjög í efa. Og þetta gæti að sjálfsögðu orðið dómstólamál, eins og hæstv. dómsmrh. var að tala um, en lagafrv. kemur ekki nálægt þessu í raun og veru, og þess vegna er í sjálfu sér rangt að vera mikið að fjölyrða um þessa hlið málsins, því að hún liggur ekki fyrir, en þetta hefur nú borizt í tal í sambandi við frv.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Eftir því, sem ég veit bezt, þá finnst ekkert um eignarheimild fyrir Bleiksmýrardal fyrr en 1318. Þá var Bleiksmýrardalur fyrir vestan á og fyrir framan þverá, sem heitir, að mig minnir, Högná og rennur í Fnjóskadalsána skammt fyrir framan bæi, orðinn eign Hrafnagilskirkju og er það síðan óslitið í hverjum máldaga, og hvenær sem um kirkjuna er talað, þá er hann alltaf talinn eign Hrafnagilskirkju. Þegar jarðatal Johnsens var gefið út, þá leigir Hrafnagilskirkja afnot af landinu fyrir 8 ríkisdali til hreppsbúa Hrafnagilshrepps. Seinna veit maður svo, að prestur á Hrafnagili, séra Jónas Jónasson, leigði það fyrir 80 kr., sjálfum var honum metið það á 40 kr. upp í heimatekjur, afnot af dalnum, sem hann leigði aftur til hreppsfélagsins fyrir 80 kr. Sama gerði svo séra Geir á Akureyri, eftir að Hrafnagilskirkja lagðist niður og dalurinn fór undir Akureyrarkirkju. Eftir það var hann tekinn frá kirkjunni, eins og gert var með fjölda af kirkjujörðum, og látinn undir hreppsstjóra. Hefur hann leigt hann Gunnari á Reykjum fyrir 25 kr. á ári, sem renna í kirkjujarðasjóð, en Gunnar hefur svo aftur leigt hann út til þeirra, sem hafa notað hann, bænda úr Hrafnagilshreppi og Öngulsstaðahreppi. Ég held, að það sé ekkert um það að deila, hvað það snertir, að þessi afrétt hefur um aldir verið notuð af þessum mönnum og talin eign Hrafnagilskirkju og horfið frá yfirráðum hennar og yfir í kirkjujarðasjóðinn, eins og fjöldamargar kirkjujarðir hafa gert hringinn í kringum land. (Gripið fram í.) Að hún hafi farið yfir í kirkjujarðasjóðinn? Ja, það leiðir af sjálfu sér, þegar það er búið að taka hana undan prestinum og setja hana undir stjórnarráðið beint og hreppsstjórana eins og aðrar kirkjujarðir.

Þá kemur eitt spursmál í þessu máli. Það er það, hvort þörf sé á því, að Fnjóskdælingar hafi þennan afrétt og megi ekki missa hann, hvort þá vanti svo afrétt, að þeir geti ekki misst hann. Þá vil ég endurtaka það, sem ég sagði í gær, að þeir hafa norðanvert við Fnjóskadalinn Flateyjardalsheiðina með mörgum, mörgum eyðibýlum og núna þar að auki allan Flateyjardalinn, og það er sú langsamlega bezta afrétt að undantekinni Búrfellsheiði, sem ég hef farið yfir hér á landi, og hef ég farið yfir þær margar. Það er óþrjótandi land þar og fram úr skarandi gott land þar. Það er náttúrlega heldur seint hægt að reka á hana á vorin, hún er snjóasöm, en þó er það nú ekkert ákaflega seint. Dalurinn er allur snjóasamur. Það er sagt, að það sé langt að reka á hana fyrir þá, sem búa fremst í dalnum. Það er mikið rétt. Dalurinn allur er langur — ætli hann sé ekki uppundir 40 km, og er það nú ágizkun, svona ekki langt frá lagi eftir því, hvað menn eru lengi að ríða það. Þó hafa fjöldamargir menn miklu lengri upprekstur á afrétt heldur en það, t. d. Út-Bárðdælingar, ef þeir vilja nota sinn afrétt, og allir Árnesingar, ef þeir vilja nota sinn afrétt, o. s. frv., o. s. frv., svo að það er ekki nein frágangssök. En svo þurfa þeir þess ekki heldur, því að í hinum enda Fnjóskadalsins, framdalnum, er líka afrétt. Þar er fyrst og fremst þessi Bleiksmýrardalur, sem deilt er um, deilt um hann annars vegar við ána, en ekki hinum megin. Að vísu á Grund að gömlu lagi uppreksturá Bleiksmýrardal fyrir austan ána, en það mun ekki hafa verið notað árum saman, og mun því vera fyrntur sá réttur, sem Grund hefur átt þar. Ég hygg, að Bleiksmýrardalurinn sé uppundir 30 km langur frá bæjum og fram í botn, og annan helminginn, annars vegar við ána, er hér deilt um og talað um að láta Eyfirðinga nota eða fá að nota, en hinn helminginn eiga Fnjóskdælingar að halda áfram að nota, enda þótt þeir hafi nú ekki gert það; þeir hafa ekkert rekið í hann. Svo kemur Hjaltadalurinn, næsti dalur, hann er ekki eins langur, hann er alveg eins grösugur, heldur breiðari, en nær ekki eins langt fram, og svo kemur austast Timburvalladalurinn, sem er þeirra breiðastur, þeirra grösugastur og nær þeirra lengst fram, og hvorugur þessara tveggja dala eða Bleiksmýrardalurinn fyrir austan á eru yfirleitt notaðir neitt núna, svo að það er ekki hægt að tala um það, að Fnjóskdælingana vanti afrétt, — það er síður en svo, — en það er það, sem Eyfirðingana vantar, reyndar víðar en í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi; þeir eru yfirleitt ákaflega afréttasnauðir. Það er þess vegna enginn vafi á því, að þörfin er meiri á að láta Eyfirðingana fá hana heldur en Fnjóskdælingana, og í öðru lagi er ekkert í veginum fyrir að gera það frá almennu sjónarmiði séð, því að hún er tvímælalaust eign, sem hið opinbera hefur umráð yfir eins og öðrum kirkjujörðum.

Þá getur verið tvennt enn í veginum fyrir að samþ. þetta frv., annars vegar það, að það stafaði af því svo mikil sjúkdómshætta, að það að

lofa Hrafnagilshreppnum að reka yfir í þetta land gæti orðið til þess, að sjúkdómar, sem væru í fénu í Hrafnagilshreppnum, en ekki í Fnjóskadalnum, bærust á milli. Ja, ég held nú, að eftir því sem ég veit bezt, þá sé hæltan öll Hrafnagilshreppsmegin. Það er fundin garnaveiki allvíða í Fnjóskadal og á Svalbarðsströnd, sem á féð, sem gengur þarna á þessari heiði, en ekki nema í tveim kindum á einum bæ í Hrafnagilshreppnum, sem strax voru skornar niður, og hefur ekki orðið vart við það síðan. Þannig eru meiri líkur fyrir, að kindur úr Hrafnagilshreppnum smituðust þarna, ef þær væru þangað reknar, af garnaveiki af Fnjóskdælafé eða Svalbarðsstrandarfé heldur en að þær bæru veikina á milli. Um hina sjúkdómana, sem nú er búið að skera fyrir og á að vera búið að útrýma úr landinu, veit maður nú ekkert um, hvernig hefur heppnazt; það hefur ekki orðið vart við þá, síðan það varð vart við þá á Hólmavík, veikin gaus upp þar, þ. e. mæðiveikin; síðan hefur ekki orðið vart við hana, og ég tel líkurnar fyrir því, að hún komi upp einhvers staðar, vera litlar og fjarri því, að það sé þeirra vegna nokkur ástæða til þess að loka þarna á milli. Það er eðlilegt, að sauðfjársjúkdómanefndin vilji hafa varnirnar áfram á milli fjárhólfanna, svo að hægt sé að grípa til varna í einu hólfi, ef pestin kemur upp, án þess jafnframt að þurfa að fara í hólfin í kring, en hér er um sama hólfið að ræða. Hrafnagilshreppurinn og Bleiksmýrardalurinn eru í sama hólfinu, svo að það er ekki neinar samgöngur þar um að ræða á milli hólfa.

Ég tel alveg fráleitt, að sýslunefnd geti haft vald til þess að banna t. d. einhverjum kunningja mínum í Þingeyjarsýslu að taka af mér tvo hesta í hagagöngu. Við skulum segja, að ég væri hér í Reykjavík og ætti tvo reiðhesta og að það atvikaðist svo, að ég ætlaði mér að vera erlendis sumarlangt og hefði ekkert að gera með hestana, og ég bæði Karl Kristjánsson að taka þá fyrir mig í haga; hann væri bóndi norður í Þingeyjarsýslu. Hann má það ekki eftir fjallskilareglugerðinni. Ég tel það fjarri lagi og að það sé bara óaðgæzla, að slíkt hafi komizt inn í fjallskilareglugerðina, og að það sé sjálfsagt fyrir okkur að samþ. þetta frv., þannig að Hrafnagilshreppsbúar geti notað þessa afrétt eins og þeir hafa gert.

Enn gæti það komið til, að menn vildu ekki samþ. þetta frv., og þar stend ég nú anzi nærri, satt að segja, þar eð þetta frv. nái allt of skammt, því að þetta frv. veitir þeim ekki leyfi til annars en að reka í landið svipaða fjártölu og þeir gerðu, meðan fé þeirra var frískt og þeir ráku þangað, náttúrlega ekki svipaða tölu og þeir gerðu, á meðan ekkert fé var, því að þá ráku þeir ekkert; það þarf ekki að tala um það. En þegar varnirnar falla niður, og það ættu þær að gera eftir svona 4—10 ár, þegar búið væri að halda þeim í 10 ár yfirleitt, eftir að fjárskipti hefðu farið fram, þá tel ég, að það sé ekki ástæða til að leggja í þann kostnað að halda þeim lengur, og það hygg ég að dýralæknar landsins séu yfirleitt sammála um. Þá detta þær niður, en þá er líka um leið rétturinn, sem þetta frv. veitir, dottinn niður, því að það er einungis á meðan þeim er varnað að nota sitt eigið land, Skjóldalinn og Finnastaðadalinn, sem frv. gildir. Ég hef ákaflega mikla tilhneigingu til þess að stíga sporið lengra, fyllra, og lofa þeim að kaupa þetta land og reka í það alltaf, ekki bara á meðan það stendur bann um að reka á Finnastaðadalinn og Skjóldalinn, eins og núna er, heldur líka í framtíðinni. En aðrir líta svo á, að það sé ekki tímabært, eins og stendur núna, að gera það, og vilja heldur taka málið upp á ný, þegar að því kemur, að vörnunum verður aflétt, og ég ætla nú ekki að sækja það með neinu kappi og fylgi þess vegna frv. eins og það er, enda þótt ég hefði miklu heldur kosið hitt, að geta leyft þeim að fá afréttinn alveg strax til sinna ráða, svo að þeir hefðu getað girt hann og gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, sem þeir þurfa að gera og eiga að gera, þegar þeir hafa framtíðarafnot af honum, en geta varla gert, þó að þeir fái afnot af honum í fáein ár, eins og þeir fá eftir þessu frv.

Ég skal svo endurtaka það, að n. mælir með þessu frv. óbreyttu. Ég skal fyrir nefndarinnar hönd lofa að taka til athugunar, hvort það muni þurfa eitthvað frekara viðvíkjandi brtt. n., hvort það þurfi að breyta henni eitthvað við 3. umr. Ég held þess þurfi ekki, en ég skal athuga það, og ef við sjáum, að það sé nauðsynlegt, þá skulum við koma með brtt. við það. Ég held, að það þurfi ekki, því að með svipaða fjártölu og þeir áður höfðu í landinu; það segir sig sjálft, að það er engin fjártala, þegar þeir ráku ekkert, það er fjártala á meðan þeir ráku og notuðu það, fjártala, sem veltur þetta frá 1200 og upp í 1800 fjár á ári. Það var það, sem þeir yfirleitt ráku þangað.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, en legg til sem sagt, að frv. verði samþykkt.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. minntist lítils háttar á eignarréttinn. Ég tel, að hv. frsm. hafi nú svarað og gert skilmerkilega grein fyrir því, að eftir eðli málsins og venju hér á landi sé eignin fallin til kirkjujarðasjóðs, enda sé ég ekki, að eftir því, sem nú er orðið með kirkju í landi okkar, hafi hún, eins og ég hef raunar áður tekið fram í þessum umræðum, neitt með land að gera nema undir sjálfa sig, þ. e. kirkjuhús sitt og garð sinn. Það kemur sem sé ekkert við í þessu máli, hvernig henni tekst að ala sína herrans hjörð, svo að maður vitni til orða Bólu-Hjálmars, og það býst ég við að hv. 1. þm. Eyf. sé mér samdóma um undir niðri, þótt honum þyki henta að leggja áherzlu á það, að Akureyrarkirkja ætti að hafa umráð á þessu landi, af því að hann telur, að það væru þar hægari heimatök fyrir bændur þá, sem hann ber fyrir brjósti í Hrafnagilshreppi, að semja. En þetta er veraldlegt mál, en ekki kirkjulegt.

Hann sagði, að hv. þm. Str., sem var landbrh. og gaf út bréf um afnotarétt handa Hrafnagilshreppsbúum fyrir Bleiksmýrardal á þessu ári, hefði viðurkennt, að landið sé eign Akureyrarkirkju. Þetta er ekki rétt skilið, en til þess að réttlæta orðalag í bréfi sínu færði hann rök að því, að það væri ekki hægt að slá neinu föstu um eignarréttinn. Hann viðurkenndi sem sé aðcins, að Bleiksmýrardalur kynni að geta verið

eign Akureyrarkirkju. — Hv. 1. þm. Eyf. afhendir mér hér bréf, sem hann las upp úr í gær, en þess þurfti ég ekki með, því að orðalagið þar er á þá leið, að það er rétt, sem ég hef verið hér að halda fram, að þar er aðeins lauslega talað um landið sem eign Akureyrarkirkju, í óbeinu sambandi við aðalefni bréfsins, sem er um afnotaréttinn, og hv. þm. Str. réttlætti það orðalag í gær, þó að hann hins vegar tæki skýrt fram, að hann teldi það ekki fullrannsakað, hver væri nú eigandi landsins. Og ég hygg, að hv. 1. þm. N-M., frsm. n., hafi alveg hitt naglann á höfuðið í ræðu sinni áðan, þegar hann lýsti því yfir, að landið væri gengið undir kirkjujarðasjóð, eins og fleiri lönd kirkjunnar hefðu þangað gengið með svipuðum hætti.

Ég hef hreyft mótmælum gegn þessu frv. fyrir beiðni sveitarstjórnarinnar í Hálshreppi, og ég lít svo á, þó að ég sé ekki kunnugur þessum afréttarlöndum, að það séu fullar ástæður til að ætla, að sveitarstjórnin viti betur um þörf sinna hreppsbúa — hreppsbúanna í Hálshreppi — heldur en hv. alþm. í þessari d. Það er ekkert undarlegt, þó að því sé haldið fram af þeim, sem sækjast eftir að fá land þetta til beitar, að þörfin sé ekki brýn hjá Hálshreppsbúum til þess að hafa þetta land. En ég álít hins vegar, að það hafi verið færð full rök fyrir því, bæði af mér og ekki sizt af oddvitanum í bréfköflum þeim, sem ég las eftir hann við umræður hér í hv. d., að tímarnir séu mjög breyttir frá því, sem áður var. Það er ekki nægilegt að vitna í það, að lengi hafi verið notuð beit á vestri Bleiksmýrardal úr Hrafnagilshreppi, því að búnaðarhættir voru allt aðrir fyrrum en þeir eru nú. Þá lifðu bændurnir, bæði í Hálshreppi og Hrafnagilshreppi, aðallega á sauðfjárrækt. Nú er svo komið, að bændurnir í Hrafnagilshreppi lifa aðallega á nautgriparækt, en bændurnir í Hálshreppi halda áfram að þurfa að lifa á sauðfjárrækt. Bústofn hefur stórlega aukizt, túnrækt hefur mjög aukizt; túnin í Fnjóskadal hafa margfaldazt að stærð, jarðirnar bera miklu meiri fjárfjölda en áður, og þörfin fyrir afréttarland hefur þess vegna færzt út þeim megin, en hins vegar minnkað hjá bændum í Hrafnagilshreppi. Mér er sagt að norðan, að í Hrafnagilshreppi séu í raun og veru aðeins tveir bændur, Grundarbændur svonefndir, sem sérstaklega óski eftir upprekstri úr Hrafnagilshreppi á Bleiksmýrardal. Ætli það sé ekki rétt? Þessir bændur hafa mikinn kúastofn, en þeim þykir henta að hafa sauðfé líka og hafa víst á fjórða hundrað fjár. Bændunum í Hálshreppi, sem telja kreppt að sér að því er beit snertir fyrir sauðfé, þykir hins vegar að vonum hart, ef hv. Alþ. ætlar með löggjöf að heimila þessum stórbændum Eyjafjarðar, sem hafa beztu skilyrði til nautgriparæktar, enda hafa hana í stórum stíl, upprekstur fyrir sauðfé inn á lönd í Hálshreppi. En þar að auki er það svo, að í löndum Hálshrepps taka sér beit Eyfirðingar úr Öngulsstaðahreppi, og að því er ekki sérstaklega fundið. Göngur fjár eru þannig. Einnig leggja Hálshreppsbúar íbúum Svalbarðsstrandarhrepps til afrétt í stórum stíl og verða að gera það áfram, og Grýtubakkahreppsbúar sækja enn fremur þangað afrétt. Þótt löndin, sem Hálshreppsbúar hafa þess vegna yfir að ráða, séu allviðáttumikil og allgóð sumarbeitilönd, þá eru það margir, sem til þeirra leita og þeir þurfa landfræðilega að sjá fyrir í afréttarmálum. Þessi Bleiksmýrardalur, sem er — eftir því sem upplýst var áðan — allstórt land, var metinn til upprekstur fyrir 2000 fjár, og telja hreppsnefndarmennirnir í Hálshreppi, að hann hafi verið ofbeittur úr Eyjafirði og þoli ekki sama fjárfjölda og áður. Þeir bæir í Hálshreppi, sem sérstaklega þurfa á beit að halda á vestri Bleiksmýrardal, eru suður með Fnjóskánni að vestan. Þeir eru átta talsins, og eftir því sem oddvitinn upplýsir, þá er það land, sem þarna er um að ræða, ekki meira en svo, að það sé sæmilegt land til beitar fyrir þeirra fénað og þann fénað, sem rennur inn á landið og ekki verður fyrir byggt, m. a. frá Eyfirðingum. Það er þess vegna ekki eins mikil útilokunarstefna í málafærslu Hálshreppsbúa eins og látið hefur verið í skína. Þrír hreppar sækja í stórum stíl not af afréttarlöndum, auk Hrafnagilshrepps, og þeir amast ekkert við öðrum en Hrafnagilshreppsbúum, af því að þeir telja óþarft, að þeim sé veitt aðstaða til upprekstur hjá sér, þeirra búnaðarhættir séu þannig, að þeir þurfi ekki á þeirri sauðfjárrækt að halda, sem krefst stærra lands en þeir hafa yfir að ráða. M. a. benti oddvitinn í Hálshreppi á það í morgun í símtali við mig, að þessir stórbændur í Hrafnagilshreppi, bændurnir á Grund, hefðu 40—50 hross í högum hjá sér 9 mánuði ársins, en fengju land fyrir þau 3 mánuði ársins á Bleiksmýrardal, og við því mundi ekki verða amazt. Hann sagði enn fremur, að ágengnin í þetta land, sem landfræðilega tilheyrir Hálshreppi, líktist því ákaflega mikið, að verið væri að seilast eftir lambi fátæka mannsins af ríka manninum. Ég tel rétt, að þetta komi hér fram, til þess að hv. þdm. viti, hvers vegna ég er hér að mótmæla þessu frv. Það er fyrir eindregnar óskir heiman úr Hálshreppi.

Ef nú þetta frv. verður samþ. hér í þessari hv. d. við 2. umr., þá mun ég athuga það sérstaklega, hvort ekki sé rétt fyrir mig að koma við 3. umr. fram með brtt., sem tryggi það, að girðing verði gerð til þess að hindra það, að fé það, sem rekið er á vestri Bleiksmýrardal, gangi í heimalönd þeirra áður nefndu átta jarða, sem þurfa í raun og veru óhjákvæmilega á Bleiksmýrardal að halda, en verða, eins og nú standa sakir, að kúlda fé sitt í heimalöndum. Hv. 1. þm. Eyf., flm. frv., telur, að þessir bæir geti rekið austan árinnar á framandali. Það er löng leið, afleitt að venja fé á þá ferð. Reksturinn er í gegnum Vaglaskóg og mjög torveldur. Hins vegar verður ekki annað sagt en ef brú yrði byggð á Fnjóská framarlega í dalnum, eins og gert er ráð fyrir í brúalögum, þá mundi það bæta nokkuð úr skák, og ég ætla að taka upp aftur það, sem ég tók fram í gær, að ég vænti þess, að verði þetta frv. samþ., þá verði þeir hv. þm., sem það samþ., fúsir til þess að bæta úr þeim óleik, sem þeir gera Hálshreppsbúum með samþykkt frv., á þann hátt að greiða fyrir því, að þeir fái brúna byggða í framdalnum til þess að auðvelda rekstur fjárins á austurafréttinn.

Hv. frsm. n. gat þess, að hann hefði reyndar

viljað stiga svo langt spor að heimila Eyfirðingum að kaupa vestri Bleiksmýrardal. Ég undrast, að þetta skuli hafa hvarflað að honum, að vilja samþykkja heimild til þess að ekki betur rannsökuðu máli en þetta mál er hér. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að þó að hv. þm. sé nú flestum mönnum fróðari um landrými og ástand í búnaðarmálum, þá skjöplist honum í þessu efni. Það er mjög fráleitt, að svo langt væri nokkurt vit í að ganga. Hins vegar hef ég skorazt undan því að verða við þeirri ósk Hálshreppsbúa að taka upp flutning þess, að þeir fái að kaupa vestri Bleiksmýrardal, og það er vegna þess, að ég vil, að það sé fullkunnugt áður, hverra er mest þörfin fyrir þetta land. Af sömu ástæðu tel ég, að það sé allt of langt gengið í þessari hv. d. að samþykkja það, áður en nokkur rannsókn fer fram, að taka réttinn af Hálshreppi til notanna og afhenda hann Eyfirðingum, eins og þetta frv. ætlast til.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd, enda mun ég ekki hafa rétt til fullkominnar ræðu. — Ég verð nú að segja það, að mér finnst það dálitið hæpið hjá hv. þm. S-Þ. að líkja Eyfirðingum í þessu efni við ríka manninn, en Fnjóskdælingum við fátæka manninn. Ég held, hvað sem efnahag íbúa þessara sveita líður almennt séð, þá sé ekki nokkur vafi á því, eins og hv. frsm. n. hefur nú ljóslega sýnt fram á, að í þessu efni eru einmitt Fnjóskdælingar ríki maðurinn og Eyfirðingar fátæki maðurinn að því er eign afrétta snertir. Og allt tal hv. þm. um, hve mikil nauðsyn Fnjóskdælingum væri á þessu afréttarlandi, finnst mér falla um koll, þegar þess er gætt, að þeir nota ekki afréttarlönd sín. Ég hef alveg fullkomna vitneskju og sannanir fyrir því, að þeir sleppa í heimahaga. Meira að segja austan Fnjóskár gera þeir það, þar sem engin vandkvæði eru fyrir þá að reka inn á þá dali, sem hv. frsm. n. talaði um, eða út á Flateyjardal, og það þrátt fyrir fyrirskipanir hreppsnefndarinnar til þeirra um það að reka fé sitt á afrétt yfir sumarið. Meðan svo er, þá getur það varla skeð, að Fnjóskdælingar megi ómögulega sjá af þessari sumarbeit til Eyfirðinga um takmarkaðan tíma.

Hv. þm. heldur enn við það, að þetta land, sem hér um ræðir, sé orðið eign kirkjujarðasjóðs. Ég held, að það liggi ekkert fyrir um það, eins og ég sagði áðan. Það mun ekki einu sinni liggja fyrir ráðherrabréf um það, hvað þá annað, og að það hafi orðið af sjálfu sér, það fæ ég ekki skilið, vegna þess að þetta tilheyrði prestssetursjörð og var að því leyti eins konar hluti af henni, og það er enginn vafi á því, að það, sem hv. þm. Str. hefur sagt hér í bréfi sem ráðherra, landbrh. að vísu, eins og hv. þm. tók nú fram, hefur hann einnig sagt sem kirkjumrh., því að hann var það líka. Hann segir hér skýrum orðum í bréfinu: „í landi Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal".

Ég hefði nú haft fleira að segja, en ég vil ekki misnota leyfi hæstv. forseta, og skoðast þetta aðeins sem **athugasemd.**

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. — Ég vil fyrst af öllu benda á það, að þessir átta bæir, sem þm. S-Þ. talaði um, hafa aldrei rekið á Bleiksmýrardal; þeir hafa haft fé sitt heima núna í meira en 30 ár, án þess nokkurn tíma að reka það þangað. Ingólfur sálugi í Fjósatungu rak það þangað tvisvar sinnum sína búskapartíð eða svo, hinir ekki. En vitanlega hafa þeir nóg land til að reka í, því að þeir eiga Bleiksmýrardalinn að austanverðu, og þeir geta rekið í Hjaltadalinn, og þeir geta rekið á Timburvalladalinn, og þegar komin er brú á Fnjóská, eins og það er orðað í brúalögunum, „framarlega í Fnjóskadal", þá efast ég um, að hún komi að gagni til þessa. Hún getur komið að gagni fyrir þá til að reka yfir á brúnni og fram hjá Sörlastöðum og fram á austanverðan Timburvalladal, en þá er bæði tungan á milli Hjaltadalsár og Fnjóskár ónotuð, eins og hún er núna, og tungan á milli Hjaltadalsár og Timburvallaár ónotuð, eins og hún er líka núna. Þær eru báðar ónotaðar núna, og aldrei kemur kind í hvoruga þeirra, og er stórt og mikið land í báðum. Þess vegna er það ekkert annað en mannskapsleysi að reka þangað ekki, ef þeir á annað borð kæra sig um það. En þeir hafa Vaðlaheiðina fyrir ofan túngarðinn og láta nægja að sleppa í hana; það er sannleikurinn. Alveg eins og bóndinn á Brjánslæk er ekki að hugsa um að reka fram í Vatnsdal, hann sleppir fénu heima, og það fer fram í Vatnsdal sjálft, ef það vill, þegar hann er búinn að sleppa því, rýja það og sleppa því, alveg nákvæmlega sama á sér þarna stað um fé, því er bara sleppt heima.

Hv. þm. heldur, að ég mundi breyta afstöðu, ef ég rannsakaði málið betur, hvað það snertir að vilja vera með því, að þeir fengju þetta land keypt. Nei, ónei. En ef ég ætlaði í „logikina" þeirra Bernharðs, þm. Eyf., og Karls, þm. S-Þ., sem eru að deila um, hver hafi átt umráð yfir landi, þá mundi ég hugsa mig tvisvar um, áður en ég flytti frv. til l. um kaup á Heiðarhúsum, því að það var hjáleiga frá Laufási og Svalbarðsströndin á ekkert upprekstrarland. Það er bara löngu hætt að vera hjáleiga frá Laufási og komið undir kirkjujarðasjóð, alveg á nákvæmlega sama hátt og dalurinn, sem við erum um að ræða. En það var hjáleiga frá Laufási, og Svalbarðsströndina vantar afrétt tilfinnanlega og mætti gjarnan fá hann á Flateyjardalsheiði.

ATKVGR.
Brtt. 155 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 168).

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. Mönnum hér í þessari hv. d. er nú e. t. v. farið að finnast, að Bleiksmýrardalur sé nokkuð mikið umræddur, en það er bót í máli, að dalurinn er sögufrægur. Espólín segir frá því, að síðasta raunverulegt hestaat á Íslandi hafi farið fram á Bleiksmýrardal 1625. Bóndinn á Illugastöðum í Fnjóskadal,

Sveinn að nafni, átti bleikan hest, sem hann æfði til víga, og bóndinn á Garðsá í Eyjafirði, sem hét Sigmundur, átti vindóttan hest, sem hann líka æfði til víga. Með þessum bændum í Hálshreppi og Eyjafirði risu úfar metnaðar og ríkilætis, og þeir stofnuðu til hestaats og leiddu saman hesta sína einmitt á Bleiksmýrardal. Atinu lauk þannig, segir sagan, að Bleikur Sveins á Illugastöðum reif Vind Sigmundar á Garðsá á hol. Ekkert slíkt gerist vitanlega í þessu máli, þótt deilt sé um dalinn, og ekki vil ég blása þar að kolum ófriðar milli arftaka Sveins og Sigmundar, en ættmenn þeirra munu margir vera í þessum sýslum. Hálshreppsbúar, sem hafa sterkari rétt til dalsins en Eyfirðingar, munu sigra, þótt seinna verði, þegar landkreppa íbúa Hrafnagilshrepps leysist heima fyrir, eins og frv. gerir ráð fyrir.

En ég vil leyfa mér að bera hér fram litla brtt. við frv. Hún er skrifleg, en ég vænti þess, að hún verði tekin til greina.

Sveitarstjórnin í Hálshreppi hefur, eins og ég hef reyndar margtekið fram, lýst því yfir, að hún líti svo á, að bændur í Hálshreppi þurfi á Bleiksmýrardal að halda til beitar fyrir fé sitt, en með samþykkt þessa frv. er þörf íbúa Hrafnagilshrepps í Eyjafirði metin meiri um stundarsakir. Í öðru lagi telja íbúar Hálshrepps sig verða fyrir skaðlegum usla í ofbeittum heimalöndum af ágangi fénaðar Eyfirðinga, sem rekinn er á Bleiksmýrardal. Engin sanngirni er í því að ætla Fnjóskdælingum að búa við slíkan ágang á heimalöndin. Allir hljóta að geta fallizt á, að það verði að fyrirbyggja þennan ágang svo sem unnt er, en það verður ekki gert með öðru móti en því að girða fyrir hann að meira eða minna leyti.

Bóndinn á Reykjum, sem er fremsti bær í Fnjóskadal vestan ár og á land, sem liggur að Bleiksmýrardal, hafði fyrir allmörgum árum gert girðingu úr Fnjóská upp í klettabelti. Sú girðing er um 300 faðmar að sögn. Þessi girðing kom í veg fyrir það, að fé af Bleiksmýrardal og stóðið þar rynni út með ánni og út í heimalönd bændanna vestan Fnjóskár. Nú hefur girðingunni ekki verið haldið við, og hún hefur níðzt niður, en í henni er efni, sem mætti nota, og þarna blasir við möguleiki til þess að girða að verulegu leyti fyrir áganginn. Hins vegar getur ekki orðið að fullu girt fyrir hann með þessari girðingu, þótt hún væri upp sett, en til þess að girða að fullu fyrir hann er mér sagt að þurfi helzt um 5 km langa girðingu uppi á fjallinu. Nú þætti mér undarlegt, ef þeir hv. þm., sem kunna að telja við eiga að heimila Hrafnagilshreppsbúum upprekstur á Bleiksmýrardal, vilja ekki jafnframt leggja þeim einhverja kvöð á herðar um að girða fyrir ágang af fé sínu í heimalönd Hálshreppsbúa, og þess vegna leyfi ég mér nú að bera fram þessa litlu brtt., sem ég gat um áðan. Hún hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Skylt er slíkum notendum afréttarlands að setja upp, ef krafizt er, girðingar og viðhalda þeim til þess að koma í veg fyrir ágang afréttarfjár síns í heimalöndum þeirra, sem afrétturinn er tekinn hjá, enda sé þeim aðilum, er girðinganna krefjast, skylt að kaupa þær samkvæmt verðmati dómkvaddra manna, þegar úr gildi fellur beitarnotaheimild þessara laga.“

Það er að vísu undantekning frá girðingalögum að gera þeim, sem afrétt nota, alla skyldu við að setja upp girðingu og viðhalda henni. En það mun líka vera undantekning að heimila með sérstökum lögum afnot lands gegn vilja þeirra, sem að landinu standa, svo að hér er jöfnuður á. Kvöðin, sem yrði lögð á þá, sem landsnotin eru heimiluð, er hemluð með því, að ekki er hægt að krefjast þessa af þeim nema taka á sig þá skyldu að kaupa girðinguna aftur eftir mati dómkvaddra manna, þegar afnotarétturinn fellur niður. Ég vænti þess, að hv. þm. telji sanngjarnt að bæta þessari málsgr. inn í lögin, og ég vona líka, að flm. frv. telji það sanngjarnt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 169) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Forseti (GíslJ):** Ég tel, að það sé eðlilegast að fresta umr. um þetta mál, þar til þessari till. hefur verið útbýtt meðal þingmanna. Þá gefst þeim tækifæri til þess að athuga till. Sumir af hv. þm. hafa fengið fjarvistarleyfi, og auk þess kynni að vera, að þeir vildu gera brtt. við till., þegar þeir sjá hana, og gæti þá n. tekið hana til athugunar. **(Gripið fram í:** Hún hefur verið athuguð.) Já, mér þykir samt sem áður rétt að fresta umr. um málið, þar til till. hefur verið útbýtt. Að sjálfsögðu er hægt að halda umr. áfram, ef hv. 1. þm. Eyf. — af því að hann var að kveðja sér hljóðs — vill tala nú. Ég mun hins vegar fresta umr., þar til till. hefur verið útbýtt.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. byrjaði ræðu sína á því að segja hér sögu af hestavígi, þar sem þingeyskur hestur reif eyfirzkan hest á hol, og í endi þeirrar sögu gat maður svona skilið, að í þessu fælist eins konar hótun, að eins mundi fara í þessu máli, a. m. k. síðar. Ég tel nú réttara að halda sér við gamla málsháttinn: „Hælumst minnst í máli, metumst heldr of val felldan.“ Ég skal ekkert segja um framtíðina í þessu efni, en hv. þm. sagði, að Fnjóskdælingar hefðu sterkari rétt en Eyfirðingar og þess vegna mundu þeir sigra í þessu. Þetta hefur nú töluvert verið rætt hér áður, og ég tel mig hafa fært full rök fyrir því, að þetta er alveg öfugt. Þetta er land, sem Eyfirðingar hafa átt og ég lít svo á að þeir eigi enn, og þeir hafa um aldaraðir haft rétt til að reka fé sitt í þetta land. Þess vegna er það, ef að algerlega réttu væri farið, þá ættu Eyfirðingar ekki einasta að fá þarna tímabundinn rétt, eins og frv. fjallar nú um, heldur rétt til frambúðar.

Þá fór hv. þm. að tala um, að Fnjóskdælingar óttuðust ofbeit í heimalönd sín, og af þeim ástæðum bar hann fram þessa skriflegu brtt., sem hér var lýst áðan. Þetta hefur áður borizt í tal, og það er ákaflega einkennilegt, að þeir skuli þá sjálfir sleppa fé sínu í heimalöndin, ef þeir óttast ofbeit í þau. Það eru ekkert nema firrur, að þeir gætu ekki komið því til afréttar; það vitum við báðir, og allir þeir, sem nokkuð eru kunnugir í Fnjóskadal. Það á enginn bær í Fnjóskadal svo

langt til afréttar, þótt ekki væri rekið á vestri Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, að margir aðrir hafi ekki miklu lengri leið að reka fé til afréttar, og afréttirnar eru miklar og góðar, eins og hér hefur verið tekið fram, m. a. af hv. frsm. landbn., sem mun vera þarna alveg eins kunnugur og þm. kjördæmisins.

Till. er um það að leggja þá skyldu á þá menn, sem nota beitiland á afréttum samkvæmt frv., að girða fyrir afréttina. Væri hér um frambúðartilhögun að ræða og einangrað við Eyfirðinga og Bleiksmýrardal, þá hefði ég ekkert við þessari till. að segja, mér fyndist hún þá eðlileg og sanngjörn. Ef frv. væri t. d. á þann veg, sem hv. frsm. landbn. taldi réttara, m. ö. o., að Hrafnagilshreppur og Öngulsstaðahreppur í Eyjafjarðarsýslu fengju dalinn til eignar og hann væri síðar lagður undir fjallskilaumdæmi Eyjafjarðarsýslu, þá væri till. alveg sjálfsögð. En mér þykir það nokkuð hart að gengið, þótt menn fái rétt til upprekstrar um takmarkaðan tíma, e. t. v. eitt ár, e. t. v. tvö og e. t. v. eitthvað fleiri ár, en þó um mjög takmarkaðan tíma, að þá sé þessi kvöð lögð á þá, og ég þekki ekkert dæmi til þess, þó að menn úr annarri sveit fái að reka fé sitt til afréttar, að það sé lögð skylda á þá að girða fyrir afréttinn. Það væri þá sá, sem nýtur teknanna af þessum afrétti. Það er greitt afgjald af honum, og ég skil ekki annað en að það ætti að vera frekast skylda þess aðila, hvort sem það er kirkjujarðasjóður eða Akureyrarkirkja. Og mér er ómögulegt að skilja, hvernig hv. þm. hugsar sér þetta í framkvæmd. Nú mun standa víðar svipað á eins og um upprekstur Eyfirðinga á Bleiksmýrardal, og það er vel hægt að hugsa sér, að utansveitarmenn reki á afrétt samkv. þessari heimild, sem hér er farið fram á að veita, en það, sem þeir reka á tiltekinn afrétt, sé ekki nema lítill hluti þess fjár, sem á afréttinum er, — við skulum segja ⅓ fjárins, en innansveitarmenn reki ⅔ hluta fjárins. Þá virðist það vera svo eftir þessari till., að þessir utansveitarmenn, sem kannske nota afréttinn að ⅓ hluta eða enn minna, eigi að girða, en hinir, sem nota hann meira, séu þá lausir allra mála. Ég held, að hv. þm. hafi bundið sig of mjög við þetta einstaka tilfelli og ekki gætt þess, að það getur víðar staðið svipað á heldur en þarna er, fyrir utan það, að þessi till. fer algerlega í bága við hin almennu girðingalög, eins og hann viðurkenndi sjálfur; þar er gert ráð fyrir, að eigendur girði, og til þess að þetta gæti staðizt, yrði þá að viðurkenna eign Eyfirðinga á dalnum. Ég ætla því að vona, að hv. d., sem hefur skilið nauðsyn þessa máls, fari ekki að breyta um og gera málið að engu með því að samþ. þessa till., því að það er ekki aðgengilegt fyrir þá, sem nota þennan upprekstur, að leggja í þann kostnað að girða, ef búast má við því, að þeirra réttur standi ekki nema eitt eða tvö ár. Niðurlag till. á nú að vísu að bæta úr þessu, þar sem þeir, er girðinganna krefjast, eiga að vera skyldir til að kaupa þær aftur samkv. verðmati dómkvaddra manna. En ég veit ekki, hvort þetta bætir svo mikið úr, þegar nánar er aðgætt. Það er ekki tekið fram í till. neitt um það, við hvað eigi að miða, þegar girðingin er metin. Svo er annað atriði: Dómkvaddir menn eru kvaddir af lögreglustjóra þess umdæmis, sem málið heyrir undir, í þessu sérstaka tilfelli yrði það af sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, og ég efast ekki um, að yfirvaldið mundi gera sér far um að velja í dóminn samvizkusama menn. Samt sem áður er efasamt, hvort slíkur dómur, tilnefndur af sýslumanninum í Þingeyjarsýslu og sjálfsagt skipaður Þingeyingum, gæti talizt óhlutdrægur dómur. Menn geta verið heiðarlegir menn, þó að löggjöfin treysti þeim ekki til þess að kveða upp réttláta dóma í sjálfs sín sök. Þannig t. d. verður héraðsdómari og hvaða dómari sem er að víkja úr dómarasæti, ef málið snertir hann persónulega.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Ed., 17. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 168, 169).

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Brtt. á þskj. 169 frá hv. þm. S-Þ. virðist mér dálítið einstæð í sinni röð. Tilgangurinn með henni er auðvitað auðsær, og hann er sá að gera þeim, sem hingað til hafa haft rétt til að reka á Bleiksmýrardal, svo erfitt fyrir um það sem verða má með því að ætla þeim, jafnvel þó að þeirra réttur standi ekki nema eitt eða tvö ár, að girða fyrir afréttinn á sinn kostnað að öllu leyti. Að vísu telur flm. þessarar till. sig milda þetta dálítið með því, að öðrum aðilum beri skylda til að kaupa girðinguna, þegar þessi not hverfa úr sögunni, en þó á það að vera eftir mati dómkvaddra manna, sem auðvitað yrðu þá dómkvaddir af yfirvaldi annars aðilans og sennilega nákomnir málinu að einhverju leyti. Ég held, að till. sem þessi sé alveg einstök, eins og ég sagði áðan. Ég held, að það hafi aldrei tíðkazt að krefja þá menn, sem hafa rekið á afrétt gegn fullu hagagjaldi, um það, að þeir girtu. Að minnsta kosti þekki ég ekki til þess, og hef ég þó fengizt fyrir nokkru alllengi við svipuð mál eins og þetta er. Það er vitanlega sá, sem tekjurnar hefur af landinu, sem skyldan hvílir á, en ekki þeir einstaklingar, sem reka þangað gegn fullu gjaldi. En þó að tilgangur hv. flm. þessarar till. sé auðsær, þá virðist mér nú ekki alveg víst, að tilgangurinn næðist, jafnvel þó að þessi till. yrði samþ.

Í till. stendur: „Skylt er slíkum notendum afréttarlands að setja upp, ef krafizt er, girðingar og viðhalda þeim til þess að koma í veg fyrir ágang afréttarfjár síns í heimalöndum þeirra, sem afrétturinn er tekinn hjá.“

Þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé almenns eðlis og geti átt víðar við, þá er það öllum þm. hér í hv. d. vitað, að þessi till. er borin fram út af Fnjóskdælingum sérstaklega, og þá vildi ég nú spyrja hv. flm. þessarar till. að því, hjá hverjum afrétturinn er tekinn, ef um slíkt er að ræða. Mér virðist, að það hljóti að vera eigandi afréttarins, sem hann er tekinn hjá, og hér hefur ekki verið talað um aðra eigendur en Akureyrarkirkju sem arftaka Hrafnagilskirkju ellegar þá kirkjujarðasjóð, sem sumir hafa haldið fram að væri orðinn eigandi landsins. Þá ætti það vitanlega að vera annar hvor þessi aðili, sem ætti að krefjast girðingarinnar. Ég geri nú

ráð fyrir, af því að ég veit líka, að flm. till. er mjög hygginn maður, að hann hafi séð þá veilu, sem að þessu leyti er í till., en huggað sig við það, að valdið yfir afréttinum hefur — með vafasömum rétti, vil ég fullyrða — verið fengið hreppsstjóranum í Hálshreppi, svo að þar af leiðandi telji hann það sama, hvort það er Hálshreppur eða sá rétti eigandi landsins, sem hér kemur til greina.

Mér virðist, að þessi till. sé með öllu óþörf. Það eru til ákveðin lög, sem kveða á um það, hvernig að skuli fara, ef þeir aðilar, sem telja þörf á að fá land girt á merkjum, krefjast slíkrar girðingar, og það eru ekki neitt gömul lagaákvæði. Girðingalögin eru frá 1. febrúar í fyrra, 1952, og það er þar skýrt tekið fram, ef krafizt er girðingar fyrir afrétt, að þá skuli eigendur eða notendur landsins leggja fram ¾ kostnaðar við girðinguna, en þeir, sem girðingarinnar krefjast, sem er gert ráð fyrir að séu næstu bæir við afréttina, leggja fram ¼. Mér virðist, að ekki sé ástæða til þess í þessu tilfelli að fara neitt lengra í þessu efni heldur en girðingalögin ákveða, og það fráleitast þó af öllu að ætla að sleppa þarna eiganda landsins við að girða, sem girðingalögin kveða skýrt á um að skuli taka þátt í því, þó að ekki sé nákvæmlega tiltekið, hvernig því skuli skipt á milli eigenda og notenda. Mér hefði því þótt réttast af hv. d. að fella þessa till., þar sem ég tel hana óþarfa. En ef d. vildi nú endilega fara að samþ. eitthvað um þetta, þá hef ég hugsað mér að bera fram brtt. við þessa brtt. á þskj. 169, og er hún svo hljóðandi:

„Meginmál till. orðist svo: Um skyldu til að setja upp girðingar fyrir slík afréttarlönd og um kostnað við uppsetningu þeirra og viðhald fer eftir ákvæðum girðingalaga, nr. 24 1. febr. 1952, þó þannig, að ef aðilar eru sinn úr hvoru sýslufélagi og komi til matsgerðar samkv. 6. gr. þeirra laga, skulu gerðarmenn frá upphafi skipaðir samkv. 2. málsl. 2. málsgr. þeirrar greinar."

Þessi brtt. mín gerir ekki raunverulega breyt. nema aðeins síðasti hluti hennar. Í fyrri hlutanum er vísað til þeirra laga, sem nú gilda, og að eftir þeim skuli farið. Það er aðeins um þetta, þegar aðilarnir eru sinn úr hvoru sýslufélagi, eins og er að því er Bleiksmýrardal snertir, að þá líkar mér það ekki, að eins konar fulltrúi annars aðilans skipi gerðardóminn, fyrst í undirmati úttektarmann nærliggjandi hrepps og síðan skipi sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu gerðardóminn. Þess vegna legg ég til, að ef aðilar eru sinn úr hvoru sýslufélagi og komi til matsgerðar samkv. 6. gr. þeirra laga, skuli gerðarmenn frá upphafi skipaðir samkv. 2. málsl. 2. málsgr. þeirrar gr., en hann er svo hljóðandi:

„Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn tvo menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið."

Í sjálfu sér er ekki önnur breyting í þessari till. minni heldur en þetta.

Ef aftur á móti eignarréttur Eyfirðinga yrði viðurkenndur fyrir þessu landi með einhverju móti og framtíðarnot þeirra af landinu til afréttar, þá mundi ég glaður ganga að því að víkja að því leyti frá girðingalögum, að þeim bæri að girða landið af. En hitt, að ætla mönnum að leggja í þennan kostnað fyrir kannske eitt eða tvö ár, og eigandi það á hættu að fá ef til vill ekki nema lítinn hluta þess kostnaðar endurgreiddan, það skil ég ekki í að hv. d. samþykki og sýni með því, ég hygg, dæmafáa ósanngirni.

Ég vil svo afhenda forseta þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 174) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Karl Kristjánsson:** Herra forseti. „Og enn kvað hann," má segja um hv. flm. þessa frv. Hann hefur flutt hér frv., sem vel má segja um að sé einstætt í sinni röð, og þarf hann þess vegna ekkert að undrast það, þó að það, sem er sagt í sambandi við það frv., sé að einhverju leyti óvenjulegt og að þær till. til breytinga við frv., sem fram koma, séu einstæðar með því. Hann heldur því fram, að till. sú, sem ég hef flutt til breytinga, sé miðuð við það að gera Hrafnagilshreppsbúum sem allra erfiðast fyrir. Þetta er ekki rétt. En till. er miðuð við það að taka af frv. ofur lítið af þeirri einhliða umhyggju, sem þar kemur fram fyrir hagsmunum Hrafnagilshreppsbúa. Ég hef lýst því og þarf ekki að endurtaka það, hvernig Hálshreppsbúar eru settir í þessu máli, og ég hef með till. minni viljað tryggja þeim og þó ekki freklega, að þeir gætu krafizt þess, að Hrafnagilshreppsbúar girði fyrir þann ágang, sem frv. hlýtur að leiða af sér af þeirra hendi. Ég hef farið svo vægt í þessar sakir, að ég hef gert ráð fyrir því, að ef Hálshreppsbúar krefjast girðinga, þá verði þeir að kaupa þær girðingar að sjálfsögðu fullu verði í því standi, sem þær eru, þegar Hrafnagilshreppsbúar hætta að veita áganginn. Hv. flm. frv. óttast það, að hér verði aðeins um stuttan tíma að ræða, sem Hrafnagilshreppsbúar fá að nota Bleiksmýrardal. Hins vegar hefur hv. form. landbn. gert ráð fyrir því, að jafnvel um áratug geti orðið að ræða. En hvort sem tíminn verður langur eða stuttur, hafa Hrafnagilshreppsbúar tryggingu fyrir því að fá greiðslu fyrir girðingar, sem þeir skilja eftir í landinu, þegar þeir hætta að nota það.

Hv. flm. óttast það, að menn, sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu dómkveður til að meta verðmætið, verði ekki óvilhallir. Hann segir að vísu, að það þurfi ekki vonda menn til þess, jafnvel dómarar þurfi ekki að ganga úr sæti stundum og setudómarar að koma í staðinn. Þetta er rétt. En mundi nú nokkur halda því fram, að dómari væri ekki skyldugur og mundi ekki yfirleitt reyna að velja óvilhalla menn til þessara verka, einmitt þá menn, sem hafa hliðstæða afstöðu og setudómarar, þegar þeir eru kvaddir til? Mál getur verið þannig, að dómari sé svo nákominn því, að setudómara þurfi til. En dómari, sem kveður menn til að meta þetta, hefur aðstöðu til þess að velja mennina þannig, að þeir séu ónákomnir. Það er til þess ætlazt og ekki ástæða til að tortryggja slíkt, að mér virðist.

Hv. flm. sagði, að þó að tilgangurinn væri auðsær með brtt. minni, þá væri ekki víst, að hann

næðist, og benti á, að í till. er talað um, að þeir hafi réttinn til kröfunnar, sem afrétturinn er tekinn hjá, og hann spyr: Hjá hverjum er afréttarinn tekinn? Og hann svarar, að afrétturinn sé auðvitað tekinn hjá eiganda landsins. Þetta þykir mér undarlegt að heyra frá jafnrökvísum manni og hv. flm. er. Hér er frv. fram komið vegna þess, að Þingeyingar höfðu rétt þennan. Þeir höfðu hann fyrst og fremst vegna þess, að hreppsstjórinn hafði umráð yfir landinu. En það er ekki nóg. Þeir höfðu hann af því, að bóndinn á Reykjum hefur landið á leigu. Það eru þó ekki þyngstu rökin. En þeir höfðu hann vegna þess, að þau ákvæði eru í fjallskilareglugerð Suður-Þingeyjarsýslu, staðfestri fjallskilareglugerð, sem gefa þeim réttinn. Þess vegna er það skýlaust, að það eru bændurnir í Hálshreppi, sem rétturinn er tekinn hjá, mennirnir, sem búa í þeirri sveit, sem telja má að landið liggi í. Það er enginn vafi á því, og hann þarf engar áhyggjur að hafa af því, að tilgangurinn náist ekki. En tilgangurinn er ekki illur. Hann er aðeins til að tryggja þeim mönnum, sem á að taka rétt af, ofur lítinn sanngjarnan rétt á móti.

Flm. heldur því fram, að ákvæðin í till. minni séu í raun og veru óþörf, og vitnar í því sambandi til girðingalaganna frá 1. febr. 1952, því að þar segir hann, að „ábúendur og eigendur" jarða hafi rétt til þess að setja upp girðingar og krefjast þátttöku. Þetta er að nokkru leyti rétt, en þó er breytt einu orði í ívitnun laganna. 7. gr. girðingalaganna, sem inniheldur ákvæði um þessi efni, ræðir um þetta á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar."

Hér er ekki talað um „ábúendur og eigendur", heldur „ábúendur eða eigendur". Og það er ekki alveg ljóst og sízt af öllu í þessu tilfelli, á hverjum skyldan hvílir, „eigendum eða notendum". Fyrst og fremst er nú ekki ágreiningslaust, hverjir eru eigendur þessa afréttarlands. Og í öðru lagi liggur það ljóst fyrir, að „eigendur og notendur" í þessu tilfelli eru ekki hinir sömu. Mér virðist, að þar sem á að taka þetta land til nota fyrir Hrafnagilshrepp samkvæmt frv. og tímabundið, þá geti það orðið óþægilegur eltingarleikur fyrir bændurna í Hrafnagilshreppi, sem verða fyrir ágangi af fénaði þeim, sem rekinn verður á Bleiksmýrardal, að gera rétt sinn gildandi, því að svo óljós eru lögin, að þátttökuskyldan snertir annaðhvort „eigendur eða notendur". Það mundi geta tekið þann tíma, sem ósanngjarnt væri að ætla þeim að bíða eftir þátttöku undir þessum kringumstæðum. Ég hef viljað með till. minni fyrirbyggja þetta. Ég verð að segja það, að mér finnst brtt. hv. flm. sem viðbótartill. við frv. alveg óþörf. Hún vísar aðeins til laganna. Vitanlega þarf ekki að vísa bændum á þessi lagaákvæði. Hitt er það, sem þarf að gera og mín till. gerir, ef hún verður samþ., að tryggja þeim girðingar jafnskjótt og þeir verða fyrir því, að af þeim er tekinn afrétturinn. Ég vona þess vegna, að hv. þdm. samþykki mína brtt., en felli brtt. hv. flm. frv. Og mér þætti það í raun og veru jafnvel nálgast það að vera hlægilegt, ef hún yrði samþ., þótt að vissu leyti væri það í samræmi við þá flækju mála, sem innleidd er með frv. þessu, — frv., sem er miðað við einstakt atriði, einstakt efni, aðstæður á einum stað, en búið út með orðaleik eins og það væri almennt ákvæði.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. N. hefur að sjálfsögðu ekki séð till. hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem kom hér fram skriflega á þessum fundi, og þess vegna ekki rætt hana neitt.

Till. þm. S-Þ. (KK) á þskj. 169 hefur n. að vísu lesið og athugað lítils háttar, en hefur um hana óbundnar hendur, eins og málið liggur fyrir núna, og þess vegna hafa nm. alveg óbundnar hendur um báðar þessar till. og ekki tekið afstöðu til þeirra.

Mér sjálfum er næst skapi að taka nú bara upp Bleiksmýrardal vestan ár inn í heimild til sölu handa Hrafnagilshreppi.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Það mun vera aðeins athugasemd, sem ég hef rétt til að gera hér. Skal ég reyna að haga mér samkvæmt því.

Það er rétt, að ég hélt því fram, að þessi till. hv. þm. S-Þ. væri óþörf, og ég hef áður bent á það, að hún væri óþörf, því að þeir, sem kunna að verða fyrir ágangi af afréttinum, hafa sinn sanngjarna rétt samkvæmt girðingalögunum, og það eru ekki nema tæp tvö ár síðan við vorum báðir með því að samþ. þessi girðingalög, og var vandað til þeirra, og áttu þau að sjálfsögðu að taka til þeirra ástæðna, sem hugsanlegar væru að því er girðingar snertir.

Hv. þm. minntist á þann gerðardóm, sem vikið er að í minni till. og hér hefur borizt í tal, og þótti honum mín till. um það efni óþörf. Ekki hafa höfundar girðingalaganna litið svo á, að ákvæði um þetta væru óþörf. Þess vegna er sett hér í 2. málsgr. 6. gr. girðingalaganna: „Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn tvo menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti. Hinir framkvæma svo matið." Þetta er vitanlega sett vegna þess, að öðrum sýslumanninum er ekki fyllilega treyst til þess að tilnefna þennan dóm. Það getur nú verið, að mín till. um þetta atriði sé að sumu leyti óþörf, en ekki af þeim ástæðum, sem hv. þm. nefndi, því að það er ómögulegt að segja annað en að Bleiksmýrardalurinn, ef menn halda sér við hann sérstaklega, liggur á mörkum sýslufélaga, svo að sennilega mætti beita þessu ákvæði samkv. girðingalögunum, þó að ekkert væri um það samþ. En skýrara er það þó að tiltaka það hér í þessu frv., ef það verður samþ. á annað borð. Og þetta ákvæði hefur hv. þm. samþykkt og ég líka.

Það er einn höfuðmisskilningur hjá hv. þm. S-Þ., sem öll hans barátta í þessu máli byggist á, og það er, að hann annaðhvort telur eða a. m. k. segist telja, að rétturinn sé hjá Þingeyingum, nánar tiltekið Fnjóskdælingum, í þessu máli. Hann nefndi þrjár ástæður, tvær þær fyrri sagði hann að væru þó ekkert aðalatriði í þessu máli,

aðalatriðið væri ákvæði í fjallskilareglugerð Þingeyjarsýslu. Ég hef nú áður vikið að þessu, að með þessu ákvæði í fjallskilareglugerðinni hefur sýslunefndin gengið lengra í því að skerða rétt manna heldur en Alþingi nokkurn tíma leyfir sér að gera, án þess að fullar bætur komi þá fyrir. Ég vil ekki beygja mig fyrir slíku. Ég tel réttinn vera þeirra megin, sem um ómunatíð hafa notað þennan afrétt. Hér er einmitt um það að ræða, að fyrst hefur sýslunefnd Þingeyjarsýslu sett reglugerðarákvæði, sem gerði mögulegt fyrir stjórnarvöldin í Hálshreppi að gera tilraun til að ræna Eyfirðinga réttindum. Það er sannleikurinn í málinu.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að hér væri talað um ábúendur eða notendur, sem ættu að girða, þá er það rétt, það stendur þannig. En það gefur að skilja, að það er átt við báða þessa aðila, eigendur eða notendur. Ætti því að fara að girða þarna fyrir Bleiksmýrardal samkv. girðingalögunum, þá yrði það að sjálfsögðu þannig, að bændur í Fnjóskadal legðu til ¼ kostnaðarins, eigendur afréttarins, Akureyrarkirkja eða kirkjujarðasjóður, hvort heldur sem stæði nú fyrir því, meginhlutann auðvitað, en bændur í Hrafnagilshreppi, þeir sem nota afréttinn, einhvern hluta.

Hv. þm. sagði, að mín till. væri óþörf, því að hún vísaði aðeins til laganna. Þetta er nú að nokkru leyti rétt. En það er ekkert dæmalaust, að í lögum sé sagt, að um þetta og þetta atriði fari eftir ákvæðum í öðrum lögum. Það er mjög algengt í lagasetningu, að um atriði skal fara eftir ákvæðum þessarar og þessarar greinar í einhverjum öðrum lögum. Það þarf ekki að lesa mikið í stjórnartíðindum og lögum síðustu ára til að sjá slík ákvæði. En síðasti málsl. minnar till. er þó ekki að öllu leyti tilvísun í girðingalögin. Þó að þar sé að vísu ákveðið, að í þessu sérstaka tilfelli skuli fara eftir vissu ákvæði þeirra, þá er þetta ákvæði í minni till. nauðsynlegt, eins og sakir standa, til að koma í veg fyrir það, að dómur annars aðilans í málinu verði látinn nægja.

**Forseti (GíslJ):** Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs. — Mér þótti rétt í gær að fresta umræðum, vegna þess að borin var fram skriflega brtt. á þskj. 169, og bíða þar til hún lægi fyrir prentuð. Nú er hér önnur till. skrifleg frá hv. 1. þm. Eyf. Hún er aðeins um það, hvernig skuli skipa í ákveðinn dóm, ef til kemur, og sé ég því ekki ástæðu til þess að fresta umræðunum vegna þessarar fram komnu till., og er því umr. þessari lokið.

ATKVGR.

Brtt. 174 samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, IngF, JK, LJóh, PZ, SÓÓ, GíslJ.

**nei:** AE, FRV, KK.

HG greiddi ekki atkv.

6 þm. (BBen, BrB, GÍG, HermJ, JJós, VH) fjarstaddir.

Brtt. 169, svo breytt, felld með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JK, LJóh, SÓÓ, BSt.

**nei:** IngF, KK, PZ, FRV, GíslJ.

HG, AE greiddu ekki atkv.

6 þm. (HermJ, JJós, VH, BBen, BrB, GÍG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Páll Zóphóníasson:** Ég tel bæði till., eins og hún er prentuð á þskj. 169, og eins skriflegu till., sem var samþykkt, til skemmda á frv. eins og það er, tel bezt, að það sé samþykkt óbreytt, og segi þess vegna nei.

**Bernharð Stefánsson:** Eins og ég hef lýst í umr., þá taldi ég þá till., sem hér var til atkvæða, algerlega óþarfa, og ég er sömu skoðunar og er því í mjög miklum vafa um, þó að mín brtt. við hana hafi verið samþykkt, hvernig ég á að greiða atkv., en vegna niðurlags hennar segi ég þó já.

Frv. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IngF, JK, LJóh, PZ, SÓÓ, AE, BSt, GíslJ.

**nei:** KK.

FRV, HG greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBen, BrB, GÍG, HermJ, JJós, VH) *fjarstaddir.*

Frv. afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., 19. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er komið frá Ed. og er flutt þar af hv. 1. þm. Eyf. (BSt). Eins og hv. þdm. sjá, er hér um að ræða breyt. á 7. gr. laga um útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, og er breyt. í því fólgin, að ákveðið er, að einstökum jörðum eða upprekstrarfélögum skuli heimilt að nota til upprekstrar þau afréttarlönd, sem þeir hafa haft afnot af til þessa, svo lengi sem þessir aðilar eru sviptir sjálfir með aðgerðum sauðfjársjúkdómavarnanna aðgangi að eigin afréttarlöndum.

Mér þykir rétt að skýra örlítið nánar þau atvik, sem að því liggja, að þetta frv. er fram borið. En til þess er sú ástæða, að nú um mjög langt árabil hafa bændur í einum hreppi Eyjafjarðarsýslu, Hrafnagilshreppi, notað upprekstrarland á svokölluðum Bleiksmýrardal, sem tilheyrir Þingeyjarsýslu, en er eign Akureyrarkirkju. Þetta land hefur verið notað af þessum aðilum, eins og ég sagði, um mjög langt skeið til upprekstrar. Upprekstrarland Hrafnagilshrepps er mjög lítið, og auk þess bætist það við, að nú standa svo sakir, að þeir eru með sauðfjársjúkdómavörnunum hindraðir í því að nota stóran hluta af því upprekstrarlandi, sem þeir annars mundu hafa.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er sú, að hreppsnefnd Hálshrepps í Þingeyjarsýslu hefur nú neitað um leyfi til þess, að þessir bændur úr Hrafnagilshreppi fái að nota þetta upprekstrarland, og þar með valdið því, að ef ekki verður um breytt, þá er augljóst, að þeir bændur, sem notað hafa þetta upprekstrarland,

verða að drepa niður sitt sauðfé, því að þeir hafa engan aðgang að öðru landi. Það liggur ótvírætt fyrir, að bændur í Hálshreppi hafa ekki þörf fyrir þetta upprekstrarland, a. m. k. ekki á nokkurn hátt frekar en þeir hafa áður haft, og hafa þeir þó ekki hreyft andmælum við því, að landið væri notað af þessum bændum úr Hrafnagilshreppi.

Í fyrra var þetta vandamál leyst á þann veg, að landbrh. notaði heimild í 7. gr. laga um sauðfjársjúkdómavarnir til þess að úrskurða, að bændur í Hrafnagilshreppi hefðu heimild til að nota þetta land það sumar. Landbrh. telur hins vegar, að heimild sú, sem var í lögunum, sé svo hæpin, að það muni þurfa skýrari lagaákvæði til þess að gera það ótvírætt, að bændurnir hafi þennan rétt. Af þessum sökum er þetta frumvarp fram borið. Hér er ekki að því miðað á hinn minnsta hátt að skerða þau réttindi, sem bændur í Hálshreppi að undanförnu hafa haft til afréttarlanda, né að veita bændum úr Hrafnagilshreppi aukinn rétt, heldur er aðeins, eins og hv. þdm. sjá, með frv. gert ótvírætt, að meðan svo standa sakir, að þeir hafa ekki nein önnur úrræði til að bjarga sínu sauðfé til beitar á sumrin, þá hafi þeir rétt til þess að nota þetta sama land eins og þeir hafa notað það í marga undanfarna áratugi.

Af þessum sökum vildi ég leyfa mér að mega mjög vona það, að hv. d. gæti fallizt á þá skoðun, sem staðfest hefur verið í hv. Ed., að hér sé um að ræða tvímælalaust réttlætismál, sem eðlilegt sé og rétt að fá ótvíræða lagaheimild um.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en geri ráð fyrir því, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 206).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Bjarnason):** Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv., og eins og hv. þm. vita, þá felur frv. það í sér, að sauðfjáreigendum, sem að einhverju leyti hafa verið sviptir sínum beitilöndum með þeim girðingum, sem eiga að vera til vörzlu gegn sauðfjársjúkdómum, er heimilað samkvæmt þessu frv. að nota beitarlönd, sem þeir hafa ýmist notað eða ekki notað á undanförnum árum, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við sauðfjársjúkdómavarnir. Þetta getur átt við víðar en á einum stað hér á landi, og það er vitað t. d., að afréttarlönd Húnvetninga hafa bændur ekki getað notað vegna þess, að það hefur legið girðing þvert fyrir framan löndin, svo að þeir hafa ekki getað rekið fé sitt til fjalls. Þannig mun víðar vera hér á landi, að sauðfjáreigendur hafa ekki getað notað sín afréttarlönd til fullnustu. En sums staðar hagar þannig til, að hægt er að nota afréttarlönd, sem liggja í öðrum héruðum, en skortur er á nógu ákveðnum lagafyrirmælum um þetta. Frv. er því fram komið til þess að taka af öll tvímæli um þetta og leyfa sauðfjáreigendum að nota afréttarlönd, sem vafi hefur leikið á, að þeir mættu, ef það brýtur ekki í bága við sauðfjárveikivarnirnar.

Landbn. hefur rætt þetta frv. einnig við framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, og telur hann nauðsynlegt, að þetta frv. nái fram að ganga. Einnig eru nm. allir samþykkir því, að frv. nái fram að ganga, en hv. þm. N-Þ. hefur áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., ef fram kæmu.

Ég vil mælast til þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. frv. eins og það nú er, því að ekki má láta neitt ógert til þess að tryggja sauðfjárræktina og öryggi gegn þeirri hættu, sem frá sauðfjársjúkdómum stafar.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Í grg. fyrir frv. þessu er tekið fram, að það sé flutt að beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu til þess að greiða úr aðsteðjandi vandræðum þar í hreppi vegna vöntunar á beiti- og afréttarlöndum fyrir sauðfé. Þá er tekið fram í grg., að víðar geti staðið eins á og þar er lýst, þó að frv. sé fram borið vegna ástæðna í einum hreppi sérstaklega.

Ég sé ástæðu til þess að láta það koma fram við þessa umr., að fjáreigendur á Akureyri eiga nú í sömu vandræðum og bændurnir í Hrafnagilshreppi vegna afréttarleysis. Það má segja, að Glerárdalur, sem gengur upp af Akureyri, sé eina afréttarlandið, sem eigendur sauðfjár á Akureyri hafi fyrir sauðfé sitt, eftir að þeim hafa verið meinuð afnot af Bleiksmýrardal vestan Fnjóskár, en til margra ára hafa fjáreigendur á Akureyri rekið fé sitt á Bleiksmýrardal á það land, sem Hrafnagilskirkja og síðar Akureyrarkirkja á þar á dalnum. Það má segja, að þessi afnot dalsins hafi gert mörgum Akureyringum mögulegt að eiga sauðfé. Glerárdalur er nú eina afréttarlandið, sem þessir menn hafa fyrir bústofn sinn.

Fyrir alllöngu var komið upp sauðfjárveikivörnum á Glerárdal ofarlega. Hefur þessi girðing mjög takmarkað afnotin af dalnum, þar sem tvisvar í viku er rekið frá girðingunni og fénu stuggað niður allan dal. Kemur þetta beitiland því ekki núna nema að hálfum notum miðað við það, sem áður var.

Ég vildi nú aðeins láta það koma fram, að sauðfjáreigendur á Akureyri munu nota sér þann rétt, sem felst í frv. þessu, nái það fram að ganga. Þeir hafa til margra ára notað Bleiksmýrardal vestan Fnjóskár til sumarbeitar fyrir sauðfé sitt, og það hefur lengst af verið átölulaust af Þingeyingum, sem eru ekki í neinum vandræðum með mikil og góð afréttarlönd fyrir fé sitt. Vegna mæðiveikigirðingarinnar á Glerárdal kemur dalurinn ekki lengur að svipuðum notum og áður og ekki um neitt land annað að ræða í Eyjafjarðarsýslu, sem gæti komið í staðinn.

Ég vildi því lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv., sem kemur til með að leysa mikil

vandræði, nái það fram að ganga, sem allar líkur benda nú til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 237).

---

## 45. Víxlar.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 19. júní 1933, um víxla** [73. mál] (þmfrv., A. 97).

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, þarf í rauninni ekki frekari skýringa við en þeirra, sem fram koma í greinargerð þess.

Eins og hv. þm. er öllum kunnugt, þá var fyrir nokkru breytt vaxtafæti bankanna, þannig að almennir víxilvextir voru hækkaðir úr 6 upp í 7%, og var í því sambandi gerð breyting, sem óhjákvæmilegt var að gera á lögum um vexti, dráttarvexti og bann við okri til þess að hækka þau takmörk, sem í þeim lögum voru áður. Hins vegar hefur ekki verið breytt í samræmi við þetta lögum um víxla, þannig að eftir sem áður eru víxilvextir festir í 6%, þ. e. a. s., að eftir að víxlar eru komnir í vanskil, þurfa menn ekki að greiða nema 6% af því, sem þeir þurftu að greiða 7% af, meðan víxlarnir voru í skilum, þannig að það gefur auga leið, að hér er um mjög óeðlilegt ástand að ræða, sem tvímælalaust er nauðsynlegt að breyta, því að það auðvitað nær ekki nokkurri átt, að menn komist betur út úr því með sínar skuldir, ef þeir lenda í vanskilum með greiðslur. Í þessu frv. felst sem sagt það eitt að taka af þennan hemil, sem er í víxillögum og bundinn er við 6%, og heimila að tildæma mönnum vexti af víxlum í vanskilum samkv. því, sem gildir um almenna víxilvexti í bönkum, ef þeir eru hærri en 6%. Hins vegar þótti okkur flm. ekki ástæða til að vera að breyta þeim ákvæðum laganna, að venjan væri sú, að vextir væru 6%, til þess að þurfa ekki að vera að gera aftur lagabreytingu, ef víxilvextir breyttust á nýjan leik, heldur að taka inn nýtt ákvæði, sem gæti verið almenns eðlis og um það hljóðaði, að ef svo væri ástatt að víxilvextir væru hærri en 6%, eins og segir í 48. og 49. gr. laganna, þá skuli heimilt að krefja um vexti í samræmi við það, ef víxlar lenda í vanskilum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Mun öllum ljóst vera, hygg ég, að hér sé um eðlilega og sjálfsagða breytingu að ræða. En ég vil að lokinni þessari umr. óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 210).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi áttað sig á því, að breyt. sú, sem hér er lagt til að gerð verði á víxillögunum, er bæði eðlileg og réttlát *eins og fram kemur í umsögn Landsbankans um* þetta mál. En það má segja, að samkv. orðanna hljóðan eða ákvæðum laganna, eins og þau eru í dag, þá gætu vextir af vanskilavíxlum verið lægri en venjulegir víxilvextir. Það er vitnað í grg. frv. í 48. og 49. gr. víxillaganna, sem kveða á um þetta og segja, að viðkomandi geti krafizt 6% vaxta af víxlunum, eftir að þeir eru komnir í vanskil, eins og þar um ræðir, og er þess vegna full þörf á að leiðrétta þetta. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það þurfi að hafa um það fleiri orð. Nákvæmlega sama máli gegnir um næsta mál á dagskránni, en fjhn. leggur til um bæði þessi mál, að þau verði samþ. óbreytt, og mun ég því ekki tala sérstaklega um hitt málið, þ. e. a. s. breyt. á tékkalögunum, þar sem það er alveg eins vaxið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 271).

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Í 48. og 49. gr. núgildandi víxillaga, nr. 93 19. júní 1933, er svo tekið fram, að ef vanskil verða á víxlum, þá skuli víxilskuldari skyldur til þess að greiða 6% af víxilupphæðinni frá vanskiladegi og þar til greiðsla fer fram. Þetta ákvæði er tekið óbreytt upp úr sameiginlegum víxillögum Norðurlanda, þar sem almennir víxilvextir voru lægri en þessi upphæð, og voru 6 prósentin því nokkurs konar refsirenta fyrir vanskilin. Nú er svo komið, að víxilvextir í bönkunum eru orðnir hærri en þessi upphæð, og þykir þá allsendis óviðunandi, að menn séu beinlínis verðlaunaðir fyrir að standa í vanskilum, og hafa orðið nokkur brögð að því, að menn hafi af ásettu ráði trassazt við að greiða víxla til þess að fá lægri vexti en venjulegir bankavíxilvextir eru. Það er því lagt til, að á eftir 49. gr. l. komi ný gr. þess efnis, að ef almennir víxilvextir í banka séu hærri en 6%, þá skuli heimilt að krefja um þá vexti þrátt fyrir ákvæði 48. og 49. gr. laganna.

Mér finnst þetta alveg sjálfsagður hlutur, enda hefur fjhn. Ed. orðið sammála um að leggja til, að þetta ákvæði verði samþ. óbreytt, og leyfi ég mér fyrir hennar hönd að leggja til við d., að svo verði gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 294).

---

## 46. Tékkar.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 19. júní 1933, um tékka** [74. mál] (þmfrv., A. 98).

Á 13. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Ég get látið mér nægja um þetta frv. að vísa til þess, sem ég áðan sagði um frv. okkar hv. þm. Ak. um breyting á lögum um víxla. Hér er um alveg hliðstæða breytingu að ræða á lögum um tékka. Í þeim er nú bundið um tékka, sem lenda í vanskilum, að það er ekki hægt að krefja um meira en 6% vexti af þeim. Nú liggur það raunar í augum uppi, að það er því meiri ástæða til þess með tékka en jafnvel víxla, að það sé fylgt ströngustu reglum varðandi vanskil, að menn geti ekki komizt undan því að borga a. m. k. eðlilega vexti, því að fyrir viðskiptalífið í landinu er það vitanlega mjög mikils virði, að ekki komi til þess, að vanskil verði með tékka. Því miður er það svo, og það er allmikið alvörumál, að það mun færast mjög í vöxt, að út séu gefnir tékkar, án þess að innstæður séu fyrir. Þetta atriði er þess eðlis, að raunverulega væri ástæða til að taka það til athugunar að setja um það þyngri viðurlög en nú eru í lögum, því að það vitanlega skapar mjög mikið öryggisleysi, ef fólk almennt missir trú á tékkum sem greiðslumáta, og því mikils um vert, að það sé tryggt á hverjum tíma, að menn misnoti ekki þetta greiðslufyrirkomulag.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er sem sagt um það eitt að ræða, að heimilt verði á hverjum tíma að taka af tékkum í vanskilum fulla víxilvexti.

Ég mun ekki orðlengja frekar um þetta, en vil leggja til að lokinni þessari umr., að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 211).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 272).

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Um þetta mál er alveg nákvæmlega sama að segja og um mál það, sem var til umr. hér næst á undan viðvíkjandi breytingu á víxillögunum. Ég sé því ekki ástæðu til að endurtaka það, en leyfi mér f. h. fjhn., sem er sammála um þá till., að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 295).

---

## 47. Skemmtanaskattur.

Á 24. fundi í Ed., 26. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1954** [109. mál] (þmfrv., A. 191).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Menntmn. flytur þetta frv. að beiðni hæstv. menntmrh. Þetta frv. er gamall kunningi hér í Alþ., því að það fer ekki fram á annað en það, að framlengdir verði þeir viðaukar á skemmtanaskatti samkv. l. frá 1927, sem gilt hafa undanfarið. Hins vegar er ekki nein breyt. í frv. um það, hvernig skiptingunni á því fé, sem inn kemur samkv. þessum lögum, skuli hagað.

Það er venja, þegar nefndir flytja frv. að beiðni ráðh., að í grg. er þess getið, að nm. hafi óbundið atkv. um málið, og fer þá athugun fram í þeirri hinni sömu n., venjulega eftir 1. umr., um það, hvort n. vill raunverulega mæla með málinu eða ekki. Að því er þetta snertir, þá er þess ekki getið í grg., að nm. hafi óbundið atkv., enda er svo ekki. Ég vil taka það fram, að n. hefur þegar tekið ákvörðun um málið, að mæla með því. Þess vegna er ekki að vænta neins sérstaks nál. frá n. um þetta mál. Hins vegar er það auðvitað, að ef brtt. skyldu koma fram frá öðrum hv. þm., mundi n. að sjálfsögðu taka þær til athugunar og segja álit sitt á þeim.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en legg til, að frv. gangi óhindrað til 2. umr. og áfram, því að eins og ég sagði áðan mun n. ekki gera frekari tillögur um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 263).

**Frsm. (Halldór Ásgrímsson):** Herra forseti. Frv. þetta er að beiðni hæstv. menntmrh. flutt af hv. menntmn. Ed., og hefur sú deild afgr. málið óbreytt til þessarar hv. d. Með þessu frv. er ekki farið fram á annað en að framlengdir verði eins og áður þeir viðaukar við skemmtanaskattinn samkv. lögum frá 1927, sem gilt hafa nú um margra ára skeið.

Það er öllum ljóst, að fjárþörf þeirra, sem njóta þessa skatts, fer í raun og veru vaxandi ár frá ári, en ekki minnkandi, og því leggur hv. menntmn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þess má geta, að við afgreiðslu málsins í n. var hv. 3. landsk. (HV) fjarstaddur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 300).

---

## 48. Þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóður o. fl.

Á 22. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna** [101. mál] (þmfrv., A. 166).

Á 23. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 166, er, eins og fram er tekið í grg., undirbúið og flutt að tilhlutun þfkn., enda þótt ekki séu nema þrír þm., sem í henni eru, flm. að því. Hinir tveir, sem í n. eru, eru háðir í Ed. og eru hv. þm. Mýr. (AE) og hv. 10. landsk. (GÍG).

Það hefur á undanförnum árum verið svo, að það hefur verið allmikið á reiki, hvernig farið hefur verið með þau kjör, sem þm. hafa búið við, og lögin, sem um þetta eru, eru frá 1919, svo að það er ósköp eðlilegt, að það sé orðinn dálítill ruglingur á því, hvernig með þessi mál hefur verið farið, enda er það svo, að það er í mjög mörgum liðum, sem þingfararkaup alþm. er reiknað út. Núna á síðustu þingunum er svo komið, að þingfararkaupið er töluvert fyrir neðan almennt verkamannakaup, t. d. vegavinnukaup. Ég held nú, að það sé almenn skoðun, a. m. k. í þfkn., að þetta sé mjög óeðlilegt, og ég held, að það virði það enginn, að það sé með þessi mál þannig farið. Meira að segja hef ég og margir hv. alþm. orðið þess varir, að þeir, sem ekki eru kunnugir þessum málum, trúa ekki, að þetta sé svona lágt eins og það raunverulega er. Nú vill þfkn. koma þessu í fast horf, og þess vegna hefur hún flutt þetta frv., en aðalatriðin í því eru, eins og hv. þm. sjá, í 1. gr. og 4. gr.

Ég skal ekki fara neitt út í það, hvort það muni vera hér stungið upp á réttri tölu varðandi það, sem hér er ákveðið í 1. gr., en það mun þó samkvæmt öllu því, sem gerist í launamálum og kaupgjaldsmálum í okkar landi, ekki vera talið, að þarna sé frekt í farið samkv. þeim ákvæðum, sem í 1. gr. frv. eru, sem eru 130 kr. á dag.

Í 4. gr. frv. er komið fram með nýmæli, sem hefur ekki verið í lögum áður, og það er það, að fyrrv. alþm., sem hafa verið þrjú kjörtímabil eða lengur samfleytt á þingi eða verið þar 15 ár samtals, þótt það hafi slitnað í sundur, eigi rétt til eftirlauna, ef þeir hafa ekki þann rétt fyrir önnur störf. Nú er það kunnugt, að eftirlauna- og lífeyrisréttur í okkar landi er orðinn ákaflega viðtækur, og það hefur oft og einatt verið mjög undarlegt að sjá það og vita, að héraðshöfðingjar, sem komnir eru á gamalsaldur og búnir eru að sitja mjög lengi á Alþingi og eyða ævi sinni í félagsmálastörf að mjög miklu leyti, hafa engan rétt til lífeyris, en hvaða aðili sem hefur komizt á laun hjá ríkinu, hvort það er hjá stofnunum ríkisins eða hvarvetna annars staðar og jafnvel hve stutt sem hann hefur verið, hefur rétt til þessara hluta.

Nú gætu einhverjir hv. þm. haldið, að þessi till., sem hér er flutt, mundi verða töluvert kostnaðarsöm nú þegar. Ég skal ekki alveg um það fullyrða, hvað margir kæmust undir þessi ákvæði eins og sakir standa, en við lauslega athugun á þingmannatalinu og þeirri þekkingu, sem ég hef á því, hverjir af fyrrverandi þm. gætu nú komizt undir þetta ákvæði, þá hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að það væru nú ekki nema fimm menn. Og ég sé ekki neitt við það að athuga, þótt ég nefni nöfn þessara fimm manna, sem þarna gætu komið til greina og hafa verið þetta lengi á Alþingi. Það eru Þorleifur í Hólum, Hákon í Haga, Páll Hermannsson, Sigurjón Á. Ólafsson og Stefán í Fagraskógi. Sjötti maðurinn, sem ég hygg að þetta þyddi einhverja dálitla hækkun hjá, er Halldór Steinsson, fyrrv. læknir, sem hefur eftirlaun samkv. eftirlaunaskipuninni.

Ég vil nú fyrir hönd þfkn. og þá náttúrlega fyrst og fremst fyrir hönd okkar flm. hér í þessari hv. d. óska þess, að þetta mál fái sem skjótasta afgreiðslu, og ég vil óska þess jafnframt, að það verði ekki af hálfu hv. þm. farið af stað með brtt. við þetta frv., nema haft sé samráð við okkur í þfkn., sem höfum um þetta mál fjallað. Málið er þess eðlis, að það er heppilegra, að það sé ekki farið að þræta hér um einstakar brtt., hvort sem þær eru til hækkunar eða lækkunar, án þess að það sé um það haft samráð við þá menn, sem hafa undirbúið málið.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 254, 255).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og orðið á einu máli um að mæla með því, að það verði samþ. með fáeinum breyt., sem hún flytur á þskj. 255. Skal ég fyrir n. hönd fara fáeinum orðum um þessar brtt.

Fyrsta brtt. er við 1. gr., um að fella þar úr eitt orð, sem hefur valdið nokkrum misskilningi, en það er orðið „fullrar" og á við verðlagsuppbót. Það hefur valdið þeim misskilningi eða getur valdið þeim misskilningi, að það væri einhver önnur regla á þessu höfð en almennt er. Það var aldrei ætlun þfkn., að það gilti um það nein önnur regla, og þessi brtt. er því til þess að koma í veg fyrir, að þetta geti valdið misskilningi.

Við 2. gr. flytur n. brtt. um það að taka upp í þetta frv. ákvæði, sem er í lögum nú, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að byggja þingmannabústað, og er það ekki nein breyting frá því, sem nú gildir. Margir hv. þm. hafa áhuga fyrir, að þetta verði gert hið allra fyrsta, og nokkuð hefur verið um það rætt að fara inn á þessa leið, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það í þessu sambandi, því að það kemur þá fyrst til athugunar, þegar farið væri um það að ræða, hvort viðkomandi hæstv. ríkisstj. mundi nota þessa heimild.

3. gr. frv. orðar n. upp, og er það í rauninni aðeins til þess að gera hana skýrari og í samræmi við þá reglu, sem gilt hefur á þessu sviði.

Þá er það 4. brtt., sem er umorðun á 4. gr. og er í rauninni aðalbrtt., sem n. flytur. Hún er um breyt. á þeim ákvæðum, sem lögð eru til í frv. varðandi eftirlaunarétt þingmanna, og er 1. brtt. þar í sú, að miðað sé við 10 ára lágmarksþingsetu í stað þess, að í frv. er miðað við þrjú kjörtímabil, og telur n. þetta öllu skýrara, vegna

þess að kjörtímabil eru nokkuð breytileg. Í öðru lagi er það tekið inn í þessa till., að þá fyrst komi þessi réttur til greina, þegar maðurinn er orðinn 65 ára, eins og tíðkast á öðrum sviðum, og í þriðja lagi er svo breytt til um það, að þessi réttur sé miðaður við, að það séu 60% af þingkaupinu eins og það er á hverjum tíma og miðað við fimm ára meðaltalslengd þingtímans. Fannst fjhn., að með þessum hætti yrði þetta meira í samræmi við þær algildu reglur, sem gilda á þessu sviði, enda þótt þar sé töluvert mikið lækkaður rétturinn frá því, sem í frv. er. Þetta mundi þýða það, að t. d. þeir fyrrv. alþm., sem kæmu undir þetta og nú eru farnir af þingi, mundu að þessum lögum samþykktum fá þennan rétt í samræmi við það þingkaup, sem þessi lög ákveða, ef samþ. verða, og svo áfram mundi þetta breytast frá ári til árs með þá menn, sem undir þetta kunna að koma.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar brtt. hv. fjhn., en vænti þess og mæli með því fyrir hennar hönd, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem á þessu þskj. eru lagðar til.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er út af einu atriði í sambandi við þetta mál, sem ég vil segja nokkur orð. Á Alþingi eiga nú sæti allir, sem kosnir eru til þess að setjast á þing, og auk þess ráðherrar, þótt þeir séu ekki þingmenn. Mér finnst það vera fullkomið réttlætismál, að ráðherrar, sem eru ekki alþm., fái þingfararkaup þann tíma, sem þeir eru ráðherrar. Þeir eiga að sitja hér á þinginu og verða að gera það, verða að fylgjast með þingstörfum og taka þátt í þeim í raun og veru sem ráðherrar.

Ég ætla að leyfa mér að flytja hér ásamt hv. þm. G-K. (ÓTh) skriflega brtt. um, að inn í 1. gr. þessa frv. verði bætt ákvæði um þetta. Ég vænti þess, að hv. þm. finnist þetta vera fyllsta sanngirnismál, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Nú er aðeins sá hængur á, að það mun líða hálf mínúta eða svo þangað til ég hef skriflegu brtt. tilbúna, en vona, að það komi ekki að sök og hæstv. forseti vilji doka við.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 267) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er aðeins út af þessari brtt. — Ég held það sé ekki rétt, ef hæstv. ríkisstj. finnst nauðsynlegt, að þeir ráðh., sem eru ekki þm., fái kaup þann tíma, sem setið er á þingi, að orða það „þingfararkaup". Mér skilst, að það geti ekki aðrir haft þingfararkaup en þeir alþm., sem kosnir eru af þjóðinni til að sitja á þingi. Hitt er svo aftur annað mál, að ef hæstv. ríkisstj. finnst rétt, þá er auðvitað hægt að greiða þeim ráðh., sem sæti eiga í ríkisstj., en ekki eru þm., kaup til viðbótar, sem samsvarar þingfararkaupi. En mér finnst þetta ekki rétt orðalag, „þingfararkaup", og ég hefði nú viljað skjóta því að hæstv. ráðherrum að athuga þetta betur og hafa þá heldur till. við 3. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil bara benda á það, að ráðherrar eiga sæti á Alþingi og fara því til þings. Þess vegna finnst mér ekkert órökrétt við það að kalla þingfararkaup, sem þeir fá. Annars get ég vel fallizt á að taka till. til baka til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 267 tekin aftur.
— 255,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 255,2 samþ. með 23:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,3 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 255,4 (ný 4. gr.) samþ. með 18:1 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 268, 269).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 269 samþ. með 18:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 286).
Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hygg, að það geti ekki leikið á tveim tungum, að þingfararkaup sé nú almennt of lágt og fullkomin þörf sé á endurskoðun núgildandi ákvæða. Hins vegar er ég ekki jafnviss um, hvort sú breyting, sem hér er lögð til, er fyllilega réttmæt eða fær staðizt. Það er t. d. mjög hæpið, hvort það er rétt að lögbjóða eins konar eftirlaun fyrir þm., eins og gert er hér, meðan t. d. ráðherrar njóta ekki þess réttar, og það er mikill vafi á, hvort þingið verður ekki samhliða því, sem þessi ákvæði eru sett, sem hér eru ráðgerð, að setja þá hliðstæð fyrirmæli til handa ráðherrum. Þetta er eitt atriði málsins.

Annað er það, að mjög er vafasamt, hvort verjanlegt er að veita öllum þm. þá kauppuppbót, sem hér um ræðir, og vil ég þá aftur nefna ráðherra. Ef gert er ráð fyrir því, að kaup þeirra fyrir þeirra starf sé nægilegt, — það er mál út af fyrir sig, sem verður að athuga og ég skal ekki rekja hér, — en ef gert er ráð fyrir því, að það sé nægilegt, þá virðist í raun og veru vafasamt að ástæða sé til að hækka sérstaklega þingfararkaup þeirra. Ég tek þá einungis sem dæmi vegna þess, hve ákaflega ólíkt stendur á um þingmenn.

Það er enginn vafi á því, að ef þm. þarf að láta af starfi, meðan á þingtímanum stendur, og kaupa mann til þess að gegna sínu aðalstarfi á meðan í staðinn, þá er núverandi þingfararkaup allt of lágt. Ef hann hins vegar getur haldið starfskaupi sínu að fullu þrátt fyrir dvöl sína á þingi, eins og t. d. er um ráðherra og fjöldamarga aðra embættismenn og starfsmenn hér í Reykja-

vík og ýmsa embættismenn úti um land, að þeir borga ekki sínum staðgengli, þá er ákaflega hæpið, að ástæða sé til þess að hækka þingfararkaupið, alveg jafnrík ástæða og það er að bæta upp þeim mönnum, sem hafa ekki annað til að lifa á en það kaup, sem þeir fá fyrir dvöl sína á þingi. Það má segja, að það sé erfitt að gera hér upp á milli, en það verður að horfast í augu við þessar staðreyndir sem aðrar eins og þær liggja fyrir og gera sér grein fyrir því, að kauphækkun þm. hafi ekki í för með sér almennt óheppilegar afleiðingar eða vitnað verði til hennar um það, að almennar kaupbreytingar í landinu þurfi að eiga sér stað.

Þessar ábendingar vildi ég láta koma fram við 1. umr., af því að þær varða meginatriði þess máls, sem hér um ræðir, og biðja hv. n. að athuga þær. Það getur verið, að það séu slíkir framkvæmdargallar í þessu, að erfitt sé að finna á þeim lausn; ég játa það sjálfur, að það kann að vera mjög erfitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 286, n. 321).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., var engin framsaga höfð um málið. Málið var flutt af þremur hv. þm. í Nd., og var því vísað umræðulítið til hv. fjhn. þessarar d. og til 2. umr. Mér þykir því rétt að gera hér nokkra grein fyrir efni frv., áður en ég lýsi þeim brtt., sem fjhn. er sammála um að bera fram eða hefur borið fram á þskj. 321.

Það hefur jafnan verið sagt, að Alþ. ætti að vera og sé spegilmynd þjóðarinnar á hverjum tíma. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt að uppfylla tvö meginskilyrði: Annað, að í landinu séu frjálsar kosningar, og hefur það skilyrði verið uppfyllt árum saman, eins og kunnugt er. Hitt, að öllum þegnum þjóðfélagsins sé gert mögulegt að sitja á þingi, hvort sem þeir eru févana eða fésterkir, ef þeir að öðru leyti hafa til þess hæfileika og tiltrú þeirra manna, sem vilja senda þá til þings. Þetta eru tvö meginatriði, sem þarf að uppfylla, til þess að þingið sé nokkurn veginn mynd af þjóðarheildinni.

Hið síðara atriði hefur ekki verið uppfyllt. Þm. hafa nú, eins og kunnugt er, um 125 kr. á dag, þegar reiknuð eru grunnlaun og verðlagsvísitala. Þetta er litlu meira en almennur verkamaður hefur og engan veginn jafnmikil laun, þegar miðað er við þann vinnutíma, sem alþm. verða að leggja að sér á hverjum tíma. Því hefur að vísu verið komið inn hjá þjóðinni að meta nokkuð starfstíma alþm. eftir þeim tímum, sem fara í fundarhöld á hverjum degi, en þetta er reginmisskilningur. Langflestir alþm. vinna frá kl. 9 að morgni, sumir fyrr, og margir hverjir langt fram á kvöld og oft fram á nætur, vegna þess að störfin eru ekki eingöngu þau, sem eru fyrir opnum dyrum á þingfundum, heldur einnig nefndarstörf, undirbúningur undir samningu frumvarpa, undirbúningur undir tillögur og ýmis mál, sem þarf að undirbúa, áður en þingfundir eru hafnir. Og því betri sem þessi undirbúningur er, því styttri verða sjálfir fundirnir og því betur hafa málin verið undirbúin í hendur á Alþ. til þess að ganga frá þeim.

Sameiginlegur meðalkauptími alþm. undanfarin ár hefur verið milli þrír og fjórir mánuðir, um hundrað eða rúmlega hundrað dagar, og meðalkaupið því um 15 þús. kr. En allmikill tími fer hjá þm. fram yfir þann tíma, sem þeir eingöngu nota til þess að vera á Alþingi, ef þeir eiga að rækja þingstörf sín sæmilega. Skal ég þá fyrst nefna, að svo að segja fyrir hvern þm., a. m. k. þá menn, sem eru þingfulltrúar fyrir hinar dreifðu byggðir, fara árlega 3—4 vikur í fundarhöld til þess að skýra mál fyrir kjósendum, ræða þeirra áhugamál og vita, hvaða þarfir og óskir þeir hafa í sambandi við málin. Þar að auki fer langur tími allt árið um kring til þess að afgreiða ýmis erindi, sem þessir sömu fulltrúar verða að afgreiða fyrir kjósendur sína og eru beint áframhaldandi af þeirra þingstörfum. Það má því segja, að þingstarfið taki ekki minna en a. m. k. sex mánuði á ári, og má geta nærri, hversu sanngjörn laun það eru, að fyrir það sé ekki greitt nema samtals 15 þús. kr. Enginn maður, sem ekki hefur einhver önnur laun eða efni til þess að ganga á, getur því setið á Alþ. með þeim launum, sem nú eru greidd fyrir það starf, enda hefur það farið svo, að umboðið hefur færzt meira og minna yfir á hendur þeirra manna, sem hafa laun fyrir önnur störf en þau að sitja á Alþ., og hafa því getað eytt til þess tíma, eins og kunnugt er. Nú er það síður en svo, að ég vilji með þessum orðum segja, að úr þeirri stétt hafi ekki verið ágætir og mætir þm. Það er síður en svo. En ég vil tvímælalaust halda því fram, að þá fyrst sé þingið spegilmynd þjóðarinnar, þegar hægt er að taka úr hvaða stétt þjóðfélagsins sem er menn inn á þingið, ef þeir hafa til þess hæfileika, og að þá séu launin slík, að þeim sé gert fært að sinna þingstörfum eins og öðrum mönnum. Þetta er raunverulega höfuðástæðan fyrir því, að þetta frv. er borið fram hér á Alþ., þ. e., að fátækustu mennirnir séu ekki útilokaðir frá því að taka þátt í löggjöf þjóðarinnar.

Þetta vildi ég hafa sagt um málið í heild, áður en ég lýsi þeim breytingum, sem n. leggur til að gerðar verði á frv.

Fjhn. hefur haft þetta mál til umr. og varið alllöngum tíma til þess að ræða um það og athuga það og gerir á því nokkrar breyt., eins og sést á nál. á þskj. 321, er ég skal nú nokkuð skýra frá.

Með 1. brtt. er gert ráð fyrir að breyta allmikið 1. gr. frv., en þó er þar meira um formsbreytingu að ræða en efnisbreytingu. Liggur þetta mest í því, að færð eru til úr öðrum greinum frv., eins og það er á þskj. 286, þau ákvæði og þær greinar, sem eru um sama efni, þ. e. um kaup alþm. almennt. 1. málsgr. í brtt. er því sama og 1. málsgr. frv. á þskj. 286. Aftur á móti er 2. málsgr. í brtt. sama og 5. gr. frv., vegna þess að n. taldi, að það ákvæði ætti heima í þeirri gr. Og

3. málsgr. er sama og 6. gr. frv. Er því hér aðeins um tilflutning að ræða, en engar efnisbreytingar. 4. málsgr. er sama og 2. málsl. 1. málsgr. 1. gr., þó nokkuð breytt hvað snertir þinghlé, og skal ég lýsa þeirri breyt. nokkuð, sem hér er á gerð.

Það er sagt hér í þessari grein:

„Þingmenn halda kaupi sínu að fullu, þó að Alþ. sé frestað um stundarsakir, þó ekki lengur en 30 daga auk fría um hátíðar, svo og þann tíma, sem þeir þurfa til að komast frá heimilum sínum til þings og heim aftur frá þingi."

Það hefur verið venja undanfarið, að hafi þingi verið frestað lengur en aðeins hátíðisdagana, þá hafa þó þm. verið greidd full laun, sem og eðlilegt er. Það er ekki unnt að láta aðra starfsmenn þingsins fara frá þeim störfum, sem þeir hafa verið ráðnir til, og verður því að greiða þeim laun, og þá þykir ekki heldur eðlilegt eða rétt að greiða ekki þm., þó að það dragist eitthvað fram yfir sjálfa hátíðisdagana, að þing komi aftur saman, enda væri það útilokað, að þeir gætu á nokkurn hátt tekið upp aðra vinnu á því tímabili. N. þykir þó rétt að takmarka þetta við 30 daga, þannig að ef t. d. aðalþing er sett samkv. stjórnarskránni 15. febr. og því væri svo frestað t d. til hausts, þá er að sjálfsögðu ekki réttlátt að láta þm. hafa kaup allan þann tíma. Sé því hins vegar frestað yfir hátíðar eða af einhverjum öðrum ástæðum um nokkuð lengri tíma, þá þykir rétt, að þm. haldi kaupi sínu, eins og ég hef þegar skýrt frá.

Þetta er sú efnisbreyt., sem hefur verið gerð hér á þessari gr., að ákveða, hvað þetta frí megi vera langt til þess, að þm. hafi ekki misst rétt til daglauna.

2. brtt. frá n. er við 2. gr. frv. Er gr. orðuð nokkuð um. 1. og 2. málsgr. samkv. tillögunum eru sama efnis og 2. málsgr. 2. gr., nema hér er nokkru fastar kveðið á um, hvernig skuli undirbúa byggingu fyrir þingmannabústað. Samkv. frv. á þskj. 286 er ríkisstj. heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað. Þessi heimild hefur verið í lögum síðan 1943, og er ekki vitað til þess, að enn hafi nein af þeim hæstv. ríkisstj., sem setið hafa síðan, hafið neinn undirbúning undir að láta reisa hús eða kaupa hús til þessara afnota. Þó er það vitað, að það ástand, sem hér ríkir, er gersamlega óþolandi. Þm. hafa verið og eru sumpart búandi á hótelum, sem raunverulega kostar Alþ. allmikið fé, sums staðar verða þeir að koma sér fyrir í einkahúsum, en hvergi hafa þau vinnuskilyrði, sem séu samboðin löggjöfum þjóðarinnar. Þeir eru raunverulega hér hálfgerð útigangshross um sjálfan þingtímann, þegar þeir eiga að gegna jafnvandasömum störfum og að semja lög og reglur, sem þjóðin verður að byggja afkomu sína á. Þetta telur n. ekki mega lengur vera þannig, og þess vegna hefur hún breytt þessu ákvæði þannig, að það skuli reisa þingmannabústað, svo fljótt sem því verði við komið, og að undirbúningurinn, svo sem staðarval, uppdrættir o. fl., skuli þegar hafið á n. k. ári og vera lokið á því ári. Það verður svo að sjálfsögðu hlutverk næsta reglulegs Alþ. að taka ákvörðun um það, þegar sá undirbúningur liggur fyrir, hve mikið fé þingið sér sér fært að veita til slíkrar byggingar á ári hverju. En það er ekki til sæmdar, hvorki fyrir þingið né fyrir neina hæstv. ríkisstj., að ekki sé reynt að leysa þessi mál fyrir framtíðina. Það er svo mjög aðkallandi mál.

3. brtt. er um tvær nýjar gr., sama efnis og 1. málsgr. 2. gr., nokkuð breytt og nokkru ýtarlegri. Þessar gr. báðar eru einnig um þingbústaðinn, að hv. þm. skuli eiga kröfu og rétt á því að fá þar hæfilegt húsnæði með húsgögnum, þegar honum hefur verið komið upp, og svo einnig um það, að á meðan slíkt er ekki komið til framkvæmda, skuli ríkisstj. sjá alþm. fyrir hæfilegu húsnæði til íbúðar, alþm. að kostnaðarlausu, nema því aðeins að alþm. kjósi sjálfir að velja sér slíkan bústað, og þá skuli það heimilt og kostnaður þá greiddur eftir reikningi, sem þfkn. úrskurðar.

4. brtt., sem er ný gr., er sama og 3. gr. frv. nú, nokkuð breytt. Hún er þess efnis, að alþm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eigi rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað eftir reikningi, sem þfkn. úrskurðar, svo og dvalarkostnað samkvæmt ákvörðun sömu n. En hér er sett inn nýtt ákvæði, sem n. leggur til að samþykkt verði, þar eð þetta ákvæði gildir þó ekki um þá alþm., sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf meðan Alþ. stendur yfir, þótt þeir eigi heimilisfang annars staðar. Það er að sjálfsögðu ekki sanngjarnt, að ef alþm. hefur fast starf í Reykjavík, full laun fyrir það starf, hefur hér bústað, en á heimilisfang á öðrum stað, þá geti hann samt sem áður gert kröfu um fæðiskostnað í Reykjavík eins og þeir menn, sem verða að fara frá heimilum sínum til þess að dvelja hér, því að þá hefur hann raunverulega heimili hér í bænum, þótt lögheimili standi annars staðar, en þetta þótti n. rétt að taka upp í frv.

Þá er einnig hér sett ný málsgr., að vilji alþm. ekki hlíta úrskurði þfkn. samkvæmt lögum þessum, þá geti hann skotið honum til sameinaðs Alþ., sem þá fellir endanlegan úrskurð um ágreiningsmálið, en fyrr í gr. er sagt, að þfkn. skuli úrskurða alla reikninga samkvæmt þessum fyrirmælum. Hins vegar getur farið svo, að einhver hv. þm. sé ekki ánægður með þann úrskurð, og þykir því rétt, að unnt sé að skjóta honum til Alþ., sem þá mundi úrskurða það að sjálfsögðu á lokuðum fundi í Sþ.

Þetta er meginefnið í þeim köflum, sem teknir hafa verið upp úr sjálfu frv. á þskj. 286, fært yfir í annað form og í annarri niðurröðun samkv. óskum nefndarinnar.

Þá leggur n. einnig til, að 4. gr. frv., sem er á þskj. 286, verði breytt allmikið, þ. e., að í stað hennar komi 7 nýjar gr., en allar þessar gr. eru um eftirlaun alþm. Þessi ákvæði eru nú í frv. á þskj. 286 í einni gr. Er ákveðið, að þeir fyrrv. alþm., sem hafa átt sæti á Alþ. a. m. k. í 10 ár samfleytt eða 15 ár, þó að það hafi ekki verið samfleytt, og séu þá orðnir 65 ára, eigi rétt til 60% eftirlauna af þingfararkaupi sínu, eins og það hefur verið á hverjum tíma, og síðan er ætlazt til þess, eins og segir í gr., að ekkjur alþm., sem höfðu rétt til eftirlauna, hafi tilsvarandi rétt, og ekki nánar getið um það, hvernig þessu skuli hagað, að öðru en því, að ríkissjóður skuli greiða kostnaðinn af þessum eftirlaunum. Þetta

hefur fjhn. ekki getað fallizt á. Hún vill hins vegar leggja til, að stofnaður sé sérstakur lífeyrissjóður fyrir alþm. Hún telur, að það fyrirkomulag sé miklu heppilegra. Það sé eðlilegt, að þeir greiði lífeyrisgjald af sínum tekjum eins og hverjir aðrir embættismenn, en vegna þess, að hér stendur alveg sérstaklega á, verður þessi sjóður að vera sérdeild, getur ekki blandazt saman við aðra sjóði annarra embættismanna eða hinn almenna lífeyrissjóð embættismanna, og verða því að setjast um hann alveg sérstakar reglur.

N. leggur til, að alþm. greiði 4% af þeim launum, sem þeir fá, sbr. 1. gr., þ. e. a. s. aðeins af þingfararkaupinu, en að sjálfsögðu ekki af fæðispeningum né ferðakostnaði, eins og þessi laun eru á hverjum tíma, að upphæðin verði dregin frá þeim mánaðarlega, eins og gert er almennt um embættismenn, og að greitt sé á móti frá ríkissjóði 6%, eins og gert er við aðra embættismenn, og þær upphæðir séu reiknaðar með kostnaði til Alþingis, enda hluti af þingfararkaupi, sem greitt yrði á sérstakan hátt.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að það mun ekki vera almenn regla, að þm. fái orlofsgreiðslur á fé sitt, og er þó mjög vafasamt, hvort þeir eiga það ekki samkvæmt orlofsl. Það hefur verið álit a. m. k. einstakra manna í n., að ef um það yrði leitað úrskurðar dómstóla, mundi ekki vera hægt að neita þeim þm. um orlofsfé, sem ekki eru árlangt í opinberu starfi, en það hefur nú ekki verið gert að krefjast þess, og væri þá ekki hér um að ræða aðra eða meiri hækkun á þingfararkaupi þeirra en það, sem þeir ættu kröfu á samkvæmt lögum.

Þá er ákvæði í þessari gr., sem yrði 6. gr., um að lífeyrissjóðinn skuli ávaxta í sérstakri deild hjá Tryggingastofnun ríkisins, og skal sú stofnun annast um allar greiðslur úr sjóðnum, innheimta iðgjöldin og ávaxta eignir hans. Tryggingastofnunin skal einnig annast bókhald sjóðsins, en forsetar Alþ. hafa með höndum stjórn sjóðsins ásamt Tryggingastofnuninni.

Í 7. gr. er ætlazt til þess, að alþm., sem hefur látið af þingmennsku, er 65 ára að aldri eða öryrki, eigi rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 8. gr., og það sama gildi um alla núverandi og fyrrverandi alþm., sem á lífi eru, þegar lögin öðlast gildi, að þá njóti þeir einnig þessa réttar, þótt þeir hafi ekki greitt iðgjöld til sjóðsins. — En í 8. gr. er sagt, að alþm., sem uppfyllir ákvæði 7. gr., eigi rétt á lífeyri eftir þessum reglum: að fyrir þriggja kjörtímabila eða 10—20 ára þingsetu eigi hann rétt á 50 af hundraði, en fyrir meira en 20 ára þingsetu eigi hann rétt á 60 af hundraði, en hundraðshlutinn miðist jafnan við dagkaup alþm. eins og það er greitt á hverjum tíma, margfaldað með þeim dagafjölda, sem hlutaðeigandi alþm. sat á Alþ. síðustu 5 árin, og síðan skuli þeirri tölu deilt með 5, en þingárið sjálft eða sá tími, sem reikna ber frá því maðurinn hafði tekið sæti, sé frá þeim degi, sem alþm. var kosinn.

Mér þykir rétt í sambandi við þessi ákvæði hér að taka hér dæmi til skýringar á, hvernig þetta kæmi út nú með því kaupi, sem nú yrði greitt eftir þessum l. Þá yrði útkoman þannig, að alþm., sem hefði setið 3 kjörtímabil eða 10 ár og væri orðinn 65 ára, fengi 130 kr. margfaldað með vísitölu, eða alls 180 kr. á dag. Næmu árleg eftirlaun hans þá 9000 kr., ef hann hefði að meðaltali setið 100 daga á þingi í 5 ár. Hefur það þá ekki áhrif, hvort hann situr eitt árið 150 daga og annað árið aðeins 50 daga, ef hann hefur aðeins setið að meðaltali í 100 daga á 5 árum. Fyrir þetta hefur hann þá greitt, eftir að l. öðlast gildi, allt að 1000 kr. á ári í iðgjald, eftir því hve langur tími er, sem hann hefur setið á þingi á hverju ári. Maki hans fengi hins vegar ekki nema 4500 kr., þ. e. a. s. helminginn af hans eigin eftirlaunaupphæð. Ef aftur á móti maðurinn hefur setið meira en 20 ár, hækkar þetta þannig, að hann fengi 10800 kr., eða 1800 kr. hærra, og maki hans fengi þá 5400 kr. — Þetta þykir mér rétt að láta koma fram hér, svo að menn geti frekar áttað sig á, hvað um er að ræða.

Í 9. gr. segir, að alþm., sem setið hefur á Alþ. skemur en 3 tímabil eða 10 ár, eigi ekki rétt til lífeyris. Er það í samræmi við ákvæði lífeyrissjóða embættismanna, að þeir fái ekki eftirlaun að réttu úr lífeyrissjóðnum, ef þeir hafa ekki verið embættismenn í 10 ár. Hins vegar geta þeir þá fengið endurgreitt sitt iðgjald, og það er einnig gert ráð fyrir því hér, að þm. geti aftur fengið endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld sín, þegar hann lætur af þingstörfum, hafi hann verið á þingi skemur en 10 ár.

Sagt er í 10. gr., að halli sá, sem verða kann á lífeyrissjóðnum vegna lífeyrisgreiðslnanna samkvæmt þessum l., skuli greiddur úr ríkissjóði og að sjálfsögðu teljast með alþingiskostnaði. Þessi halli verður að sjálfsögðu meiri fyrstu árin, alveg eins og það var á sínum tíma þegar lífeyrissjóður embættismanna var stofnaður, en þá voru gömlu embættismennirnir á eftirlaunum, sem ríkissjóður varð að greiða. Seinna, er lífeyrissjóðirnir stækkuðu, færðust lífeyrisgreiðslurnar yfir á þá. Er ætlazt til þess í framtíðinni, að lífeyrissjóðirnir verði svo öflugir, að þeir geti staðið undir hæfilegum lífeyrisgreiðslum til embættismannanna. Hér verður því meiri greiðsla frá ríkinu fyrstu árin, og ekki hvað sízt vegna þeirra manna, sem eru nú fyrrverandi þm. og eru enn á lífi. Hef ég ekki getað leitað mér upplýsinga um, hve margir alþm. eru á lífi, sem koma undir þau ákvæði að hafa setið í 10 ár á Alþ., en þeir eru þó nokkrir og munu margir þeirra vera embættismenn, en há tala mun þetta ekki vera; annars er nú hægt að fá um það upplýsingar.

Í 11. gr. er sagt, að maki alþm., sem hefði rétt til lífeyris samkvæmt lögum þessum, eigi rétt á 50%, þ. e. a. s. helmingi, af lífeyri makans, eins og hann fékk hann, meðan hann var á lífi, og hef ég skýrt frá, hvernig það kæmi út, ef þessar reglur yrðu samþ. — Þá er einnig sagt, að sá maki látins fyrrv. alþm., sem á lífi er, þegar þessi lög öðlast gildi, eigi sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazt, ef maki hans hefði þá verið á lífi, og er ekki nema sjálfsagt að hafa það ákvæði í lögunum.

Í 12. gr. er svo fyrir mælt, að greiðslur samkv. lögum þessum skerði ekki rétt til greiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum, enda haldist greiðsluskylda

til þeirra óbreytt. Hér er um allmikla efnisbreytingu að ræða frá frv. á þskj. 286, og skal ég skýra það nokkru nánar. Þetta atriði var mjög rætt í n. Var aðallega rætt um það, hvort það væri yfirleitt eðlilegt að láta þessar lífeyrisgreiðslur skerða lífeyrisgreiðslur frá öðrum lífeyrissjóðum, og n. öll er sammála um, að það beri ekki að gera. Skal ég færa að því eftirfarandi rök:

Það er að vísu rétt, sem hefur verið haldið fram, að í fyrstu sýnist það nokkuð óviðeigandi að bæta hér allt að 10 þús. kr. — það er nú sjálfsagt mjög sjaldan yfir 10 þús. kr. — eftirlaunum við full eftirlaun embættismanna, sem vel geta verið allt að 30, jafnvel 36 eða yfir 36 þús. kr. En ég vil taka hér dæmi, sem skýrir, að þetta mundi ekki valda ríkissjóði verulegum útgjöldum. Ef við hugsum okkur embættismann með 50 þús. kr. launum, sem svarar núna nokkurn veginn til prófessorslauna, en þau eru með hærri launaflokkum í landinu, þá hefur sá maður, fái hann full eftirlaun úr lífeyrissjóðum, þar sem sameiginlegur starfsaldur hans og hans eigin aldur er 90 ár, um 30 þús. kr. í eftirlaun úr lífeyrissjóði. Til viðbótar fengi hann samkvæmt þessum lögum þá 9500 eða 10800 kr., eftir því hvað langan tíma hann hefði setið á þingi. Miðað við, að þingseta hans hefði verið um 100 dagar á ári að meðaltali og kaupgjaldið sé eins og það er nú, þá yrðu samt sem áður ekki eftirlaun þessa manns nema 39500 kr. Nú hefur reynslan sýnt okkur, að allir slíkir embættismenn sitja a. m. k. með þessi eftirlaun, ef ekki meira, vegna þess að svo að segja alls staðar er sett inn launaviðbót til þeirra fram yfir lífeyrissjóðsgreiðslurnar á 18. gr. fjárl., og það mun ekki síður verða gert, ef um væri að ræða þm., sem setið hefur á þingi minnst 10—20 eða yfir 20 ár, svo að frá mínu sjónarmiði eykur þetta ekkert greiðslur úr ríkissjóði, því að það yrði sjálfsagt tekið tillit til þess, þegar meta skyldi aukalífeyri á 18. gr., að hann hefur rétt til þessara greiðslna. Frá þessu sjónarmiði sýnist mér það vera sjálfsagður hlutur að láta lífeyrisgreiðslurnar ekki skerða önnur eftirlaun embættismanna, en ef svo er, hversu miklu síður á þá ekki að skerða aðrar lífeyrisgreiðslur til annarra manna? Ég tel því, að lífeyrisgreiðsla til alþm., sem látið hefur af störfum, sé einskis virði, ef hún t. d. á að skerða lífeyrisgreiðslur úr ellisjóði frá Tryggingastofnuninni; þá sé þetta pappírsgagn, sem ekki er þess vert að fá samþ. á Alþingi. Og ef það á að skerða lífeyri makans, sem ekki væri þó nema 4500 eða 5000 kr., þannig að upphæðin drægist frá ellilaunum eða örorkulífeyri, þá eru þessi réttindi honum einskis virði.

Það er nú þannig í dag, að embættismenn, sem hafa lífeyri, eða aðrir aðilar, sem hafa lífeyri úr ákveðnum lífeyrissjóðum, eru friir við að greiða iðgjöld til tryggingana. Því þykir rétt að breyta með þessum l. þannig, að viðkomandi aðilar hafi enn þá greiðsluskylduna til þessara lífeyrissjóða óbreytta og haldi þar af leiðandi þeim rétti, sem þeir fá þar. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við till. n. um lífeyrissjóðinn.

Ég vildi nú mjög mælast til þess fyrir hönd n., sem er alveg sammála um þessi mál, að hv. alþm. sæju sér fært að samþ. till. á þskj. 321. Ég geri ráð fyrir, að ef yrðu verulegar breyt. á þessum till., yrði n. að taka málið aftur til athugunar fyrir 3. umr. og þá vafasamt, hvort samkomulag verður um að afgreiða málið, fyrr en búið væri að fá fullkomið samkomulag um öll einstök atriði, en ekki látin ráða hending um það, hvort þetta héldist eða hitt. N. telur, að þetta form á lífeyrisgreiðslunum sé miklu eðlilegra og heppilegra en gert var ráð fyrir í upphafi og uppfylli miklu frekar þær kröfur, sem gerðar eru nú orðið almennt í sambandi við lífeyrisgreiðslur, og það er þess vegna, sem hún hefur lagt allmikla vinnu í það að breyta frv. í það horf, sem það nú er í.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál meira, en legg til fyrir hönd n., að brtt., eins og þær koma fram á þskj. 321, verði allar samþykktar.

ATKVGR.

Brtt. 321,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 321,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 321,3 (2 nýjar gr., verða 3.—4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 321,4 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 321,5 (7 nýjar gr. í stað 4. gr., verða 6.—12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 321,6 (5. gr. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 321,7 (6. gr. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.

7.—8. gr. (verða 13.—14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 321,8 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.**

---

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 323).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 323, 335).

**Frsm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem búið var að ganga hér í gegnum hv. d., hefur tekið allmiklum breytingum í hv. Ed. og að miklu leyti verið orðað um og fleiri breyt. á því gerðar, sem eru þó meira orðabreytingar en efnisbreytingar. Þó eru í því tvær verulegar efnisbreytingar. Önnur er sú, að ráðgert er í frv., að undirbúa skuli byggingu á þingmannabústað á næsta ári, og hin er sú, að það er með

frv. eins og það er nú stofnaður lífeyrissjóður alþm.

Fjhn. þessarar hv. d. hefur nú athugað þetta mál, og enda þótt hún telji, að ýmislegt af þessum orðabreyt. hv. Ed. séu lakari en var, þegar frv. fór héðan, þá er n. því samþykk að ganga að frv. eins og það er, að öðru leyti en 12. gr., sem n. flytur á þskj. 335 till. um að fella niður. Að við leggjum til að fella þessa gr. niður, stafar af því, að um þessi mál er talsverð deila og ónægja varðandi aðra og sérstaklega þá menn, sem fá styrk á 18. gr., að það er dregið frá hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þessi mál eru þess vegna á því stigi, að það verður innan skamms að leysa þau yfir alla línuna, og fjhn. lítur svo á, að það sé ekki hægt að samþ. það hér, að fyrrverandi alþm., sem koma undir þessi l., fái þarna neinn hærri rétt en almennt er viðurkenndur fyrir aðra.

Þeir menn, sem við höfum talað við úr hv. Ed., halda því fram, að með þessum hætti, sem hér er stofnað til, sé þetta keyptur réttur, vegna þess, að það á að vera prósentugjald af þingfararkaupi, sem lagt er í þennan sjóð, og það er út af fyrir sig alveg rétt varðandi framtíðina. En varðandi þá menn, sem kæmu undir þetta og nú eru farnir af þingi, þá gildir þetta ekki, og þess vegna telur fjhn., að það sé betra að láta þetta atriði vera óafgert í þetta sinn, og við höfum ástæðu til að ætla, að hv. Ed. gangi inn á þetta sjónarmið og samþ. frv., ef það verður afgr. hér á þennan hátt, sem ég vil mega vænta.

ATKVGR.
Brtt. 335 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 336).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég sé, að það hefur verið gerð svo gagnger breyting á þessu frv. í Nd., að mér finnst ekki rétt, að það verði afgr. sem lög frá Alþ., án þess að það fái frekari athugun í nefnd, og vildi því leggja til, að málinu yrði frestað og hv. n. sæi sér fært að taka málið til athugunar á ný.

**Forseti (GíslJ):** Út af ummælum hv. 2. landsk. vil ég taka það fram, að það hefur verið haft samráð við n. frá hv. Nd. Ég sé því ekki ástæðu til þess að vísa málinu til n., nema því aðeins að hv. þm. vilji halda fast fram að fá atkvgr. um það. Var það till. frá hv. þm., sem hann óskar að sé borin upp til atkv.? (Gripið fram í: Það voru fyrst og fremst tilmæli.) Ég sé ekki ástæðu til þess að fresta afgreiðslu málsins, með þeim skýringum, sem ég þegar hef gefið, og er málið því til umr. hér og verður afgreitt á þessum fundi

ATKVGR.
Till. um að vísa frv. til nefndar felld með 10:2 atkv.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HG, IngF, JK, KK, LJóh, PZ, SÓÓ, VH, AE, BBen, GislJ.
BrB, FRV greiddu ekki atkv.
3 þm. (HermJ, JJós, BSt) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

**Brynjólfur Bjarnason:** Ég hefði kosið, að það yrðu gerðar breytingar á þessu frv. Ég tel, að það hafi verið gerðar slíkar gerbreytingar á frv. í hv. Nd., að það sé mjög erfitt fyrir þessa d. að afgreiða málið sem lög frá Alþ., án þess að það fái nánari athugun, og greiði því ekki atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég tel, að frv. hafi verið stórskemmt með þeirri breytingu, sem á því er gerð í Nd., og sú breyting gangi sérstaklega út yfir þá, sem sízt skyldi, þ. e. a. s. þá, sem ekki hafa rétt til annarra eftirlauna en lífeyris, sem almannatryggingalögin veita.

Hins vegar, þar sem ég veit, að meiri hl. þings vill afgreiða málið nú, áður en þinghlé hefst, og þar sem ég tel sjálfsagt, að þetta atriði verði endurskoðað á næsta ári, einnig í sambandi við endurskoðun almannatryggingalaganna, þá mun ég þó greiða frv. atkvæði þrátt fyrir þennan ágalla á því.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég segi já, og það byggist á því, að þingfararkaup alþm. undanfarin 8 ár hefur verið greitt ólöglega og ekki fylgt neinum lögum. Með því að setja þessi lög, þá vænti ég, að það verði greitt löglega hér eftir, og þess vegna segi ég já, enda þótt ég sé ósamþykkur sumum ákvæðum frumvarpsins.

*Gísli Jónsson:* Ég er sammála því, að frv. sé allmikið skemmt með niðurfellingu á 12. gr., en í trausti þess, að um þetta verði samkomulag síðar, vil ég þó ekki vera á móti frv. og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 339).

---

## 49. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra** [90. mál] (þmfrv., A. 133).

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

**Flm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga.

1949 voru sett lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Í þeim lögum var gert ráð fyrir, að ef sveitarfélög vildu setja á stofn gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, fyrst og fremst miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem þörfnuðust vistar og umönnunar um langan tíma, þá skyldi úr gæzluvistarsjóði greiða stofnstyrk ⅝ kostnaðar. Í þessum gæzluvistarsjóði er nú hátt á þriðju millj. króna. Samkv. lögunum renna til hans 750 þús. af ágóða áfengisverzlunarinnar á hverju ári. Hins vegar munu aðeins um eða rúmar 300 þús. hafa verið notaðar úr þessum sjóði til þess að reisa hælið á Úlfarsá.

Okkur flm. virðist, að eðlilegt sé, að gæzluvistarsjóður ríkisins reisi og reki slík hæli, en að því sé ekki komið yfir á sveitarfélögin að leggja fé til stofnunar og rekstrar slíkra hæla. Þeim mun fremur virðist ástæða til þess, þar sem þarna er fyrir hendi sjóður, sem nú er sem sagt hátt á þriðju millj. króna, ónotaður að mestu.

Grein er gerð fyrir þessu máli í ástæðum frv., og vil ég vísa til þeirra og tel ekki ástæðu til að rekja þetta frekar, en legg til, að málinu sé vísað til heilbr.- og félmn. Af sérstökum ástæðum gat ég ekki flutt framsöguræðu við 1. umr. málsins, og málið var þá látið ganga áfram til 2. umr. Tel ég rétt, þó að málið sé komið á þetta stig, að þá sé því milli 2. og 3. umr. vísað til hlutaðeigandi nefndar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 133, n. 315).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á þskj. 133 á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. með þeirri breyt., að 13. gr. orðist um og orðist svo:

„Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir l. nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.“

Í 13. gr. l. frá 1949 er ákveðið, að kostnaðurinn greiðist á sama hátt og fyrir sjúklinga á öðrum sjúkrahúsum ríkisins, en það er nokkuð óákveðið orðalag og segir ekki afdráttarlaust fyrir um það, hvernig þessi kostnaður skuli greiddur, og þess vegna leggur n. til, að gr. sé orðuð um eins og ég nú las.

Einn nm., hv. þm. A-Sk. (PÞ), áskilur sér rétt til að fylgja brtt. við þetta frv., ef hún skyldi koma fram.

Í l. nr. 55 25. maí 1949 er mælt svo fyrir, að sveitarfélög reisi og reki slík hæli sem hér er rætt um, en njóti til þess styrks frá ríkinu eftir l. um sjúkrahús. Reynslan hefur sýnt, að ekkert sveitarfélag hefur þó treyststst til þess að ráðast í byggingu hælis á grundvelli þessara l. Okkur virðist bygging hælisins svo aðkallandi, að það megi ekki lengur dragast, sérstaklega þar sem nú þegar eru handbærar um 3 millj. kr. í gæzluvistarsjóði, en með þessu frv. er lagt til, að fé hans sé varið til þess að reisa og reka hæli fyrir þá sjúklinga, sem ætla má að þarfnist langrar hælisvistar.

Það er nú almennt viðurkennt, að þessir sjúklingar þurfi lækningu, sem oft er bæði vandasöm og tekur langan tíma og þarf auk þess góð ytri skilyrði, ef hún á að heppnast. Lækna greinir að vísu nokkuð á um aðferðir við lækningu þessara sjúklinga, en öllum þeim aðferðum, sem ég þekki, er það sameiginlegt, að nauðsynlegt er að eiga aðgang að hælisvist um lengri eða skemmri tíma fyrir mikinn hluta sjúklinganna. Lækningaaðferðir við þennan sjúkdóm eru tiltölulega nýjar, en eðli sjúkdómsins þannig, að búast má við, að alllangur tími líði þar til full reynsla fæst um ágæti þeirra. Þó er nú talið, að unnt sé að lækna 50—80% af þessum sjúklingum með viðeigandi meðferð.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál, en það er von okkar, að samþykkt þessa frv. með þeirri breyt., sem við leggjum til, megi verða til þess að flýta fyrir því, að þessir sjúklingar fái nauðsynlega umönnun og að þeim þeirra, sem unnt er, verði bjargað.

ATKVGR.
Brtt. 315 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 325).

Á 38. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., og var fullkomið samkomulag um afgreiðslu þess þar í þeirri mynd, sem það er núna. Nú eru fáir fundir þangað til þingi verður frestað, og hefur mér þess vegna dottið í hug að fara þess á leit við þessa hv. d. að reyna nú að nota þennan stutta tíma, sem eftir er af þinginu fyrir jólin, til þess að lögfesta þetta frv. Dettur mér í hug, að það megi takast, þar sem samkomulag var milli allra flokka í Nd. um frv. eins og það er útlítandi.

Það hefur oft verið rætt um þörfina fyrir drykkjumannahæli, og er það ekki að ástæðulausu. Það er ekki sæmandi að láta lengur reka á reiðanum í þessu efni. Það verður nú þegar

að hafast eitthvað að, og ég held, að það væri gott verk núna, áður en þinginu væri frestað, að gera þetta frv. að lögum, svo að strax nú í þinghléinu megi fara að undirbúa þetta mál og gera það að veruleika í framkvæmd.

Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Það er gert ráð fyrir að reisa og reka gæzluvistarhæli með því fé, sem þegar er komið í gæzluvistarsjóð, og því fé, sem kemur árlega í sjóðinn. Nú munu vera um 3 millj. kr. í gæzluvistarsjóði, og árlega bætast í hann sjö, átta eða jafnvel níu hundruð þús. kr. af áfengisgróðanum. Þessu fé er vel varið í því skyni að byggja og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, þessa ógæfumenn, sem nú er ekki hægt að meðhöndla eins og vera ber, vegna þess að það er ekki til stofnun, sem getur veitt þeim viðtöku. Það sýnist líka vera ástæðulaust að láta þetta fé, sem þegar er komið í gæzluvistarsjóð, vera lengur ónotað.

Ég sem sagt leyfi mér að mælast til þess við hæstv. forseta þessarar d. og hv. þm. þessarar d., að þeir bregðist nú vel við og afgreiði frv., geri það að lögum áður en þinginu lýkur. Mér dettur í hug, hvort hv. þm., með tilliti til þess allsherjar samkomulags, sem var í hv. Nd., gætu fallizt á að láta frv. ganga hér fram í gegnum d. án þess að það færi til nefndar.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það er nú aðallega til að leita mér upplýsinga, sem ég stend upp. Og það kann nú vel að vera, að það sé e. t. v. ekki rétt að gera það, af því að ég get náttúrlega fengið þær upplýsingar að nokkru leyti annars staðar, en ekki nema að nokkru leyti. En mér datt ekki í hug, að þetta mál yrði hér á dagskrá, og hafði þess vegna ekki aðgætt að afla mér þeirra.

Ef ég man rétt, — ég segi, ef ég man rétt, þá veit ég ekki betur en að það sé búið að leggja í sjóð til að koma svona hæli upp síðan 1949 og að það sé í þeim sjóði nokkuð á fjórðu milljón og að sá sjóður hafi verið stofnaður til þess að styrkja að hálfu leyti stofnkostnað eða kosta að hálfu leyti stofnun drykkjumannahælis, sem Reykjavíkurbær ætlaði sér að koma upp og borgarstjórinn í Reykjavík þá taldi sig hafa mikinn áhuga fyrir og taldi alveg sjálfsagt að reisa, ef styrkur fengist. Þetta minnir mig. Nú var ég að fá lögin inn rétt þegar ég fór, svo að ég vil ekki alveg ábyrgjast, að þetta sé rétt minni, en ég held það samt. En Stjórnartíðindin eru komin þarna á borðið hjá mér frá því ári, svo að það er nú hægt að sjá, hvort þetta er ekki rétt. Ef þetta er rétt minni, þá vil ég spyrja: Hvað hefur tafið? Hvers konar andskotans áhugaleysi hefur það verið hjá — **(Forseti:** Má ég minna hv. þm. á, að slíkt orðbragð er ekki þinglegt?) ja, það er áherzluorð bara, — hjá bæjarstjórn Reykjavíkur að hafa ekki notað sjóðinn öll þessi ár? Það langar mig til að vita, af hverju það hefur stafað. Ja, það er nú víst enginn hér úr bæjarstjórn, sem getur svarað því. En ráðh., sem virðist nú hafa áhuga fyrir málinu, getur þá vafalaust svarað því, því að hann hefur þá sjálfsagt reynt, síðan hann varð ráðh., að ýta á það, að bæjarstjórnin hirti sjóðinn og færi að byggja, — eða ráðh., sem hefur verið á undan honum, líklega hefur gert það. Og þá langar mig til að vita hjá þeim, hvað hefur tafið þetta, á hverju hefur staðið, að sjóðurinn hefur ekki verið notaður öll þessi ár. Það er spurningin, sem mig langar til að fá að vita, og satt að segja vil ég beinlínis rannsaka það, áður en ég er með frv., komast að því. Ef það er virkilega tilfellið, að það sé ekki nokkur einasti áhugi í bænum til að nota þetta fé, hvorki hjá bæjarstjórn né bæjarbúum yfirleitt, — sjóðurinn hefur staðið þeim til boðanna til þess arna, — þá vil ég fá að vita það, því að þá er ég ekkert ginnkeyptur fyrir því að vera að samþykkja þetta sérstaklega.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil að gefnu tilefni mega beina máli mínu til hv. 1. þm. N-M. (PZ). Mér þykir leitt að verða að benda honum á, að slíkar áherzlur eru ekki þinglegar, og þess vænzt, að hann noti þær ekki framvegis, og er hann hér með víttur fyrir slíkt orðbragð.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er rétt, að lög um gæzluvistarsjóð voru sett 1949. Það er einnig rétt, sem ég sagði áðan, að nú eru í sjóðnum 3 millj. kr., en verða væntanlega eftir næstkomandi áramót, þegar búið er að leggja í sjóðinn eins og lög gera ráð fyrir, hátt á fjórðu milljón kr. Það er alveg rétt. Það er einnig rétt, að gert var ráð fyrir því í þessum lögum, að bæjar- og sveitarfélög legðu nokkuð á móti í byggingu slíkra hæla. Þessi lög voru ekki stíluð á Reykjavíkurbæ einan, heldur almennt bæjar- og sveitarfélög, að mig minnir, án þess að ég hafi nú flett upp í þessum lögum nýskeð.

Nú vil ég ekki og get ekki svarað því, hvers vegna Reykjavíkurbær hefur ekki hafizt handa eða önnur sveitarfélög til þess að byggja eftir þessum lögum. Ég get ekki svarað því. En mér finnst eðlilegt frá eigin brjósti að svara á þann veg, að það er eðlilegt, að byggt sé eitt landshæli fyrir drykkjusjúka menn, en ekki það, að hvert sveitarfélag fyrir sig eða þótt ekki væri nema stærstu kaupstaðir færu að reka og reisa svona hæli, þótt þeir fengju styrk úr gæzluvistarsjóði. Slíkt yrði dýrara og óhentugra fyrirkomulag en að það væri eitt landshæli, sem um væri að ræða. Og sé það nú þannig, að byggt verði eitt landshæli, vegna þess að það skapi ódýrari rekstur og heppilegra fyrirkomulag á allan hátt, þá eru fallnar í burtu forsendurnar fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög eigi að leggja í eða geti lagt í þessa byggingu. Þá virðist rétt vera, að þetta hæli sé byggt fyrir sameiginlegan sjóð eða fyrir sameiginlegt fé landsmanna, eins og hér er gert ráð fyrir, þó að ætlazt sé til, að gæzluvistarsjóður standi undir því að öllu leyti, því að í þetta hæli eiga allir drykkjusjúkir menn að fá inngöngu, sem þörf hafa fyrir það, hvar svo sem þeir eiga heima.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) var að tala um það hér áðan, að það væri einkennilegt, að þetta skyldi ekki vera komið lengra áleiðis, þar sem ætla mætti, að bæði fyrrverandi og núverandi heilbrmrh. hafi haft áhuga fyrir þessu máli. Ég reikna alveg með því, að fyrrv. heilbrmrh. hafi

haft áhuga fyrir málinu, enda þótt það hafi ekki komizt áfram í hans ráðherratíð, og hef ég reyndar heyrt það á honum, að hann er þessu máli mjög hlynntur. Ég fyrir mitt leyti hef gert mér grein fyrir því, að þetta er nauðsynjamál, sem snertir ekki aðeins Reykjavíkurbæ, heldur þjóðina í heild. Og þetta þarf þess vegna að komast áfram, og hv. Nd. hefur verið sammála um að flýta málinu og koma því áfram í því formi, sem það er nú.

Hvort áhugi bæjarstjórnar Reykjavíkur fyrir þessu máli hefur verið mikill eða lítill undanfarið, skal ég ekkert um segja, en það vil ég upplýsa, ef einhver hv. þm. hér í d. veit ekki um það, að frv. er flutt af borgarstjóranum í Reykjavík og sýnir, að hann hefur áhuga fyrir málinu nú, hvernig sem það hefur verið áður. Og mér finnst, að við eigum nú ekki að vera að metast mikið um þetta og um það, hvers vegna Reykjavíkurbær hefur ekki áður byggt hæli og notað sér þessi lög. Ef við erum sammála um mikla þörf fyrir að koma þessu þjóðnytjamáli áfram, þá skulum við ekki tefja málið, heldur gera það að lögum núna, áður en þinginu er frestað. Hitt er svo ekki nema eðlilegt, að menn geri sínar athugasemdir eins og hv. 1. þm. N-M. Það er alltaf heilbrigt og eðlilegt, en ég veit, að þessi hv. þm. er það sanngjarn, — og hann hefur áreiðanlega gert sér grein fyrir því þjóðfélagsböli, sem drykkjuskapurinn veldur, og því vandræðaástandi, sem drykkjusjúklingar eiga nú við að búa, — hann er það sanngjarn maður, að ég veit, að hann vill ekki setja fótinn fyrir þetta mál, þótt hann nú hafi séð ástæðu til þess að rifja upp aðgerðaleysi í málinu áður.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Ég þykist á því sjá, að áhugi borgarstjórans í Reykjavík beinist að því fyrst og fremst að losa bæinn undan því að þurfa að taka þátt í byggingarkostnaðinum, og það er virðingarvert og ekkert við því að segja. En samt langar mig til að fá upplýsingar enn í þessu sambandi. Ég man það, að það var tekin af tilraunaráði búfjárræktar, held ég, jörð, sem heitir Úlfarsá, til að reisa þar drykkjumannahæli. Og ég held, að ríkið hafi átt þá jörð, og ég held, að ríkið reki það. Sambandið hér á milli langar mig til að vita um. Ég hef heyrt sagt, að það mundu vera fáir menn þarna, stundum engir, og mig langar til að vita um sambandið milli þess og þessa væntanlega drykkjumannahælis, sem hér á að reka, áður en ég get fylgt málinu.

Þá minnir mig það, fullyrði það ekki heldur, en mig minnir það, að það væri á síðustu fjárl. eða árið þar áður veitt af ríkinu fé til þess að styðja að kaupum á bæ eða þorpi, sem hét Kvíabryggja og liggur vestur við Grundarfjörð, og þegar um það var rætt, var sagt, að það væri vegna þess, að þar ætti að koma upp drykkjumannahæli fyrir þá menn, sem þyrftu á því að vera, og sérstaklega þó þá, sem þar ættu að vinna af sér barnsmeðlög, því að þeir áttu þá sjálfsagt að vinna í Grafarnesi, sem er tiltölulega skammt frá Kvíabryggju, því að á Kvíabryggju gátu þeir ekki unnið neitt að ráði, nema kannske eitt til tvö ár að túnrækt, því að það eru engin skilyrði til vinnu fyrir lengri tíma. Hvað hefur orðið úr þessu? Hvað eru margir af þessum drykkjumannarónum þar niður komnir núna til þess að vinna af sér meðlög eða til þess að læknast, kannske hvort tveggja? Það langar mig líka til að vita um.

Er þá meiningin að hafa hælin enn þá fleiri? Þau eru nú komin þarna þrjú. Mig langar til að vita um það, áður en ég á að fylgja þessu, hvernig eiginlega er farið með þessi hæli. Ég veit ekki annað en að ríkið eigi og reki Úlfarsá. Ég veit ekki annað en að ríkið hafi lagt fé í að kaupa Kvíabryggjuna til þess að koma þar upp einhvers konar hæli. Og ég veit ekki annað en að ríkið hafi haft handbæran sjóð, sem ég hélt og áðan var staðfest að mundi verða nú um áramótin töluvert á fjórðu millj. kr. og hefur staðið bæjarfélögum og þá náttúrlega sérstaklega því bæjarfélaginu, sem rónarnir eru í, — þeir eru nú yfirleitt ekki nema hérna, — opinn til þess að fá úr helming af stofnframlagi, en ekki hafi verið notaður. En svo kemur sjálfur borgarstjórinn, sem hafði þennan helming alltaf í annarri hendinni til að byggja fyrir, ef hann vildi, helming stofnkostnaðarins, með nýtt frv. um það, að nú skuli ríkið kosta það eitt, — það er eina brtt., — ríkið skuli kosta það eitt að öllu leyti. Það er eðlilegt, að hann hafi áhuga fyrir því, en það er ekki af áhuga fyrir rónunum, sem það frv. er komið fram.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Mér þykir mjög furðulegt að heyra svo greinagóðan þm. og fjölfróðan vera jafnókunnugan þessum málum, sem hann er að tala um, eins og hv. 1. þm. N-M. (PZ) er auðsjáanlega þessu máli, og er nú ólíkt honum. Það hefur aldrei fyrr borið við í þessari d., að hann hafi ekki vitað um þær staðreyndir, sem hann hefur fullyrt. En svo ber nú samt við að þessu sinni.

Í fyrsta lagi er það alveg rangt hjá honum, að ríkið hafi lagt nokkurt fé til að kaupa Kvíabryggju. Í það hefur ekki verið lagður einn eyrir af hálfu ríkisins. Það, sem þar hefur átt sér stað, er það, að samið hefur verið við Reykjavíkurbæ um, að hann keypti jörðina og kæmi þar upp fullkomnum húsakosti og aðbúnaði, til þess að hægt væri að reka stofnun, sem ríkið síðan tæki við rekstrinum á. Úr þessari yfirtöku hefur enn þá ekki orðið, vegna þess að dómsmrn. telur, að húsakostur og aðbúnaður í Kvíabryggju sé enn ekki með slíkum hætti, að þar sé hægt að reka þá stofnun, sem til var ætlazt. Þess vegna hefur ríkið enn þá ekki haft neinn tilkostnað af þessari stofnun. (PZ: Heimildin er í lögunum.) Það hefur aldrei verið veitt heimild til þess að leggja fé í stofnkostnað á Kvíabryggju, svo að sú heimild er ekki fyrir hendi. Hitt er allt annað mál, að það hefur verið veitt fé á fjárl. til þess að standa undir rekstrinum, og því fé hefur ekki verið eytt, af því að stofnunin er ekki komin í gagnið enn þá.

Það var ekki aðeins, að þetta væri misskilningur hjá hinum glöggskyggna og alvitra þm., heldur hitt einnig, að það hafi nokkru sinni staðið til, að þessi stofnun yrði drykkjumannahæli. Hennar verkefni hefur verið fyrirhugað allt

annað. Í landslögum hefur lengi verið það ákvæði, að ríkið hefur verið og er skylt til að sjá fyrir aðstöðu til þess að láta þá, sem skulda barnsmeðlög, vinna þau af sér, ef þeir fást ekki til þess að greiða þau með öðrum hætti. Um alllangt árabil hefur ríkið ekki getað fullnægt þessari skyldu sinni, af því að fangelsin, þar sem menn áður afplánuðu þessar skuldir, hafa verið svo úskipuð mönnum, sem hafa haft refsidóma, og hinir orðið að mæta afgangi. Þess vegna var þessi samningur gerður við Reykjavíkurbæ, að hann kæmi upp þessari stofnun og ríkið síðan fullnægði þeirri skyldu, sem á því hefur hvílt langa hríð, að standa undir kostnaðinum af afplánun manna á barnsfaðernisskuldum, og ég veit sannast sagt ekkert, hvort þeir, sem það skulda, eru frekar óreglumenn eða drykkjumenn en bindindismenn, góðtemplarar; það hefur engin athugun átt sér stað á því. Það er alveg óháð því, hvort menn eru hneigðir til áfengisdrykkju eða ekki, hvort þeir eiga börn og enn fremur hvort þeir borga meðlög með börnunum. Hér er því, eins og ég sagði, um gersamlega ólíkt mál að ræða, sem kemur drykkjumannavandamálinu ekki neitt við.

Ég vonast til þess, að Reykjavíkurbær nú í vetur eða á næsta vori komi Kvíabryggju í viðunandi horf. Dómsmrn. mun ekki taka við stofnuninni eins og hún enn er útbúin, þótt Reykjavíkurbær hafi viljað afhenda hana. Ég tel ómögulegt að reka þá stofnun nema með frekari aðgerðum, en þegar búið er að koma henni í samningshæft horf, verður hún rekin fyrst og fremst fyrir þessa menn, sem skulda barnsmeðlög, þ. e. skulda bæjarsjóði Reykjavíkur. Að öðru leyti gæti komið til mála að taka þar menn, sem skulda barnsmeðlög annars staðar á landinu, og í þriðja lagi þá menn, sem eiga að afplána sektir eða minni háttar refsidóma. En að blanda drykkjusjúklingum þar saman við, tel ég ekki að komi til neinna mála og hefur aldrei verið rætt um.

Þessar upplýsingar vildi ég að kæmu hér fram, af því að minn ágæti og glöggskyggni vinur, hv. 1. þm. N-M., hafði hér mjög blandað málum.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég að öðru leyti segja það, að ég hef örugga sannfæringu fyrir, að það er full þörf á því, að sú stofnun komist í horf, og mér þykir sannast sagt mjög merkilegt, að hv. 1. þm. N-M. skuli finna að því, að nú skuli eiga að gera gangskör að því að koma viðhlítandi skipun á þessi mál, því að m. a. hefur blaðið Tíminn mjög rækilega bent á nauðsyn aðgerða í þessum efnum, og þó að margt, sem þar segir um áfengismálin, sé heldur haldlítið, þá eru þessar aðfinningar og ábendingar réttar. Hitt hefur verið alger misskilningur hjá því mæta blaði, að ásaka bæjarstjórn Reykjavíkur eða dómsmrn. fyrir aðgerðaleysi í þeim efnum. Þetta mál hefur heyrt undir og heyrir enn undir heilbrmrn., en ekki dómsmrn., og það er í raun og veru engin von til þess heldur, að Reykjavíkurbær taki að sér stofnun slíks hælis, þar sem nú er áætlað, að ríkið hafi meira en hálft hundrað milljóna kr. í ágóða af áfengisverzluninni, og það virðist vera sú minnsta krafa, sem hægt er að gera á ríkið þar á móti, að það standi undir kostnaðinum við að koma slíkri stofnun upp. Það var mjög eðlilegt, að það stæði í öðrum mönnum að fara að taka þann kostnað á sig, og mér finnst það mjög til bóta, að þetta frv. hefur nú loks náð samþykki Nd. og verður vonandi afgr. hér, áður en þingi verður frestað, þannig að þessu nytjamáli verði borgið.

**Haraldur Guðmundsson:** Mér skildist hæstv. forseti gera ráð fyrir því, að þetta mál gengi hér nefndarlaust í gegnum deildina. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á það, eins og málið er vaxið, því að það er æskilegt, að málið geti lokizt nú fyrir þinghlé, en þá þykir mér einnig rétt að gera með nokkrum orðum grein fyrir afstöðu minni til málsins nú þegar við þessa umr.

Ég mun greiða þessu frv. atkvæði, ekki út af fyrir sig þess vegna, að ég telji lögin frá 1949 óeðlileg, heldur vegna hins, að þetta mál virðist komið í það öngþveiti, að litlar líkur séu til, að úr framkvæmdum verði svo skjótt sem nauðsyn krefur, nema höggvið sé á hnútinn á einn veg eður annan.

Með þessu frv. hér er gert ráð fyrir því, að gæzluvistarsjóðurinn, sem hefur allmikið fé til umráða, reisi hælið, og þá þarf ekki lengur um það að deila, hvaða aðili skuli gera það. Um rekstur þess og annað, sem ekki eru bein fyrirmæli um í lögum, verður svo ákveðið í framtíðinni, en fyrst er að sjálfsögðu að fá hælið upp og nota það fé, sem til er, til þess að því nauðsynjaverki sé hrint í framkvæmd. Ég mun því greiða þessu frv. atkvæði með það fyrir augum, að þetta sífellda ágreiningsmál milli ríkisstj. og bæjarstjórnar Reykjavíkur sé leyst og framkvæmdir tryggðar hið skjótasta í málinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Páll Zóphóníasson:** Ég vil nú fyrst og fremst þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf gagnvart Kvíabryggju, og trúi því vel, að fyrir honum vaki ekki, að þangað fari sérstaklega menn, sem þurfa að fara þangað sem drykkjumenn. Þó mun það nú reynast svo, að oft fer það saman, að menn eiga að sendast þangað til þess að vinna af sér barnsmeðlög og þeir þurfi líka að komast burt frá víni til lækninga.

En ég fékk ekkert svar viðvíkjandi Úlfarsá. Ég veit vel, að það er lítið pláss þar, og hafa fáir menn verið þar. Það var ekki talað um, þegar hún var stofnuð, að það mundi þurfa rúm nema fyrir svona 6—10 manns, og þegar hún var tekin og hælið var flutt frá Kumbaravogi og svo Kaldaðarnesi og svo áfram, — það er nú búið að flytja það hingað og þangað, — þá var talið, að hún væri fullnægjandi, og ég held það hafi komið til þingsins álitsgerð bæði landlæknis og Helga Tómassonar um það mál á sínum tíma. Nú er

ég ekki alveg hreint viss um nema þá greini hér eitthvað á, þá lærðu menn, sumir þeirra haldi, að það þurfi alveg tvö sjálfstæð hæli, annað hæli, *sem á séu þeir, sem þeir kalla ólæknandi drykkju*sjúklinga, en á hinu séu þeir, sem þurfi að vera skemmri tíma og von sé um að hægt sé að koma aftur það á laggirnar, að þeir geti orðið starfandi þegnar í þjóðfélaginu, en ekki bara illgresi þar, sem ekkert gagn er í, nema síður sé. Og það er þá kannske meiningin að koma hælunum tveimur í anda þeirra lækna, sem halda, að þau eigi að vera tvö. Svo munu aðrir halda, að það eigi bara að vera eitt hæli fyrir alla drykkjusjúklinga. Vafalaust ber þá að skoða þetta svo, og það vona ég að ráðherrann upplýsi, að fyrir ríkisstj. vaki nú að koma upp tveimur, nema þetta nýja hæli eigi bara að vera stækkun á Úlfarsá. Ég er yfirleitt ákaflega ófróður um þetta.

En ég vil nú fylgja þessu frv., og ber þar tvennt til. Annars vegar það, að ég hef meðaumkun með þessum drykkjumönnum og vil reyna að gera þá aftur að nýtum mönnum í þjóðfélaginu. Og svo *í öðru lagi hitt, að þriggja ára reynsla er búin* að sýna, að það þýðir ekki fyrir Alþ. að bjóða fram fé og ætla bæjarstjórninni í Reykjavík, eins og hún hefur verið skipuð, að sjá um framkvæmdina. Það er þýðingarlaust. Og það er fyrst og fremst það, sem gerir það að verkum, að ég fylgi frv. og vil þá heldur láta ríkið sjá um það allt en ætla bænum að gera nokkurn hlut af því eins og hefur verið.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vil einungis geta þess, að ég svaraði ekki fsp. hv. þm. út af Úlfarsá vegna þess, að hún hvorki heyrir né hefur nokkru sinni heyrt undir mitt rn. og er mér að því leyti með öllu óviðkomandi. Úlfarsá og allar aðgerðir þar, síðan hún var tekin til þessara nota, hafa heyrt undir heilbrmrn. og gera það enn þá. Það er því ýmist núv. eða fyrrv. hæstv. heilbrmrh., sem verða að svara fsp. varðandi það mál. Hvort nokkur ágreiningur á sér stað um rekstur þess hælis milli sérfræðinga, um það er mér ókunnugt. Hitt veit ég, að það stóð alltaf til og var ákveðið, þegar löggjöfin var sett um þetta mál 1949, að hælin yrðu tvö. Annars vegar hæli hliðstætt því, sem nú er komið upp á Úlfarsá, og hins vegar önnur hæli; ég sagði, að þau yrðu tvö, og þá á ég við, að þau yrðu tvenns konar, hælið á Úlfarsá, sem nú er, og svo hæli, sem sveitarstjórnir og ríki kæmu upp í sameiningu. Það hefur ekki orðið samkomulag milli ríkis og sveitarstjórna um að koma upp slíku hæli, og ég tel það, alveg eins og ég taldi þá, mjög ósanngjarnt að ætlast til þess, að sveitarstjórnirnar taki þennan kostnað á sig. Það eina, sem e. t. v. mætti finna að í þessum efnum, er það, ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefur einhvern tíma léð máls á því að reisa slíkt hæli. Hafi hún gert það, þá hefur hún gert það vegna þess, að ekki voru *fjármunir* til annars staðar frá til að koma því upp. Með l. frá 1949 var hins vegar efnt til þess að safna fé til að koma upp þvílíku hæli. Það er að vísu ráðgert, að það yrði í sameiningu og samvinnu við sveitarsjóði, en reynslan sýnir, að það hefur safnazt svo mikið fé í þennan sjóð, að það er nóg til þess að hefja framkvæmdir með ríkisframlaginu einu. Og úr því að það fé er nóg og þar sem ríkið hefur hinar gífurlegu tekjur af *áfengissölunni hvert einasta ár, þá verða allir* að játa, að það væri mjög úr vegi að fara að leggja sérstaka skatta á borgarana í Reykjavík til þess að koma hælinu upp. Það eina sanngjarna og eðlilega er, að ríkið standi undir þessum kostnaði. Þess vegna er þetta frv. fram komið, og mér skilst, að um það sé nokkurn veginn samkomulag og að það sé meira vegna þess, að minn ágæti vinur vilji hrista úr klaufunum, ef svo má segja, heldur en að ætla að stangast á móti málinu, sem hann heldur uppi þessu málþófi hér í deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 341).

---

## 50. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Ed.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum** [123. mál] (þmfrv., A. 283).

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Hv. form. sjútvn., þm. Vestm., er veikur, hringdi til mín áðan og bað mig að gera grein fyrir því, að frv. þetta er flutt eftir beiðni atvmrn. og n. mun að sjálfsögðu taka það til nánari athugunar á milli umr., alveg eins og það hefði verið stjórnarfrv. og nú vísað til nefndarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Ég þarf eiginlega enga framsögu að hafa í þessu máli, því að ástæðum fyrir því, að það er fram komið, er lýst í grg., enda er það framhald af því ástandi, sem verið hefur, gjaldið á lagt í sérstöku augnamiði, og verður víst svo að vera,

þangað til sú stofnun er upp komin, sem um er að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr þar.
Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 283, n. 332).

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Það hefur nú um nokkurt árabil verið unnið að því að koma hér upp rannsóknarstofnun á vegum Fiskifélags Íslands. Til þess að koma þessu áfram hefur Fiskifélagið notið nokkurs stuðnings af útflutningsgjaldi sjávarafurða, sem sé ⅛%.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér það eitt, að til þessara framkvæmda renni áfram um fjögurra ára bil ⅛ hluti af útflutningsgjaldi sjávarafurða. Það er aðeins um að ræða framlengingu á þeim ákvæðum.

Það er þegar komið nokkuð áleiðis um að byggja þessa rannsóknarstöð og að því stefnt, þegar byggingunni er lokið, að þá verði búið að sameina þar á einn stað allar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. Hér er um ákaflega þýðingarmikið mál að ræða, svo mjög sem Íslendingar eiga undir því að geta aukið fjölbreytni í meðferð, nýtingu og verkun sjávarafurða sinna.

Sjútvn. leggur eindregið til, að þetta frv. verði samþ., og leggur á það áherzlu, að frv. verði afgreitt, áður en þingi verður nú frestað fyrir jólin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 345).

---

## 51. Verðjöfnun á olíu og benzíni.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni** [146. mál] (þmfrv., A. 377).

Á 50. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 4. marz, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vildi leyfa mér að beina þeirri ósk til hv. formanns allshn. deildarinnar, hvort hann sæi sér ekki fært að láta afgreiða sem fyrst 146. mál. Það er frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, og var vísað til n. 25. febr. Hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir, að málið yrði afgr. sem fyrst, og vildi ég biðja hv. form. að athuga, hvort hann gæti afgreitt það fyrir næsta fund eða næstnæsta fund.

---

Á 57. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 433).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Þetta frv. er ekki stórt að vöxtum, það er aðeins breyting á þremur orðum í lögum, sem nú gilda um verðjöfnun á olíu og benzíni. Og breytingin er í því fólgin, að í staðinn fyrir orðin „missiri í senn" komi: þrír mánuðir í senn, — eða með öðrum orðum, að sú stjórn, sem fer með verðjöfnunarsjóðinn á olíu og benzíni, hefur að fenginni reynslu talið það hentugra, meðan reynsla er að fást um framkvæmd á þessu atriði, að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrir skemmri tíma en missiri, eða eins og gert er ráð fyrir með þessari breytingu að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrir þrjá mánuði í stað missiris áður.

Það er m. a. ástæða til breytingarinnar, að það sé óeðlilegt, að svo háar innstæður safnist í verðjöfnunarsjóðinn sem nú safnast, ef verðjöfnunin er ákveðin fyrir hálft ár í senn. Það er víst lítill vafi á því, að þetta er eðlileg breyting, og hefur allshn. verið á einu máli um að mæla með því, að frv., eins og það liggur fyrir, verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 438).

---

## 52. Sóknargjöld.

Á 24. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Ed.:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld** [122. mál] (þmfrv., A. 282).

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Eins og lofað var við 1. umr. þessa máls, hefur menntmn. tekið frv. til athugunar. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það er ekki mjög mikil breyting, sem frv. gerir frá gildandi lögum, þar sem aðeins er farið fram á það, að frá því að nú er hámark 6 kr., sem heimilt er af sóknarnefndum að leggja á sem kirkjugjöld, er þetta fært upp í 12 kr. Það hefur áður verið rætt um þessi mál hér í d., sérstaklega í sambandi við frv. til l. um kirkjubyggingasjóð, og má það öllum ljóst vera, að kirkjunum veitir sannarlega ekki af að fá þennan aukna rétt og mun auðvitað ekki hrökkva til þar, sem miklar framkvæmdir standa til, eins og það að byggja kirkju að nýju. Fleiri ráðstafanir þarf að gera í þessu efni, en það liggur ekki fyrir nú. En bót mun að því að samþykkja þetta frv., þó að segja megi, að það sé ekki mjög mikið gagn að því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 282, 320).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Herra forseti. Menntmn. flytur brtt. á þskj 320. Þykir henni réttara, að þau ákvæði séu tekin upp í frv., þó að brtt. breyti í sjálfu sér engu frá því, sem frv. var hugsað. Sóknargjöldin, eins og þau eru ákveðin í 1. gr. frv., 3—12 kr. á ári, eru miðuð við það, að þetta séu grunngjöld og þrefaldist, eins og yfirleitt var fyrir gengislækkunina um slík gjöld og mundi sennilega verða áfram, þó að frv. væri samþ. óbreytt, ekki síst þar sem þetta er skýrt tekið fram í grg. frv. En brtt. n. er um að taka þessa þreföldun upp í lögin sjálf, að í staðinn fyrir 3—12 kr. komi 9—36 kr., og er þá auðvitað ætlazt til, að þessi gjöld verði ekki þrefölduð af sjálfum sér.

Ég held, að þetta þurfi ekki nánari skýringar við, og um málið sjálft hefur ekki ágreiningur komið fram hér í hv. deild. Tel ég víst, að allir geti á það fallizt, að skýrara sé, þar sem þessi þreföldun er nú ekki alls staðar viðhöfð lengur, eftir að gengislögin voru sett, að taka það skýrt fram í lögunum.

ATKVGR.
Brtt. 320 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 27. fundi í Sþ., 16. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 329).

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 18:1 atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 5. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 329, n. 415).

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Núgildandi lög um sóknargjöld eru frá 1948. Í þeim er svo ákveðið, að hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er í þjóðkirkjusöfnuði, skuli árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, sem hann á sókn að, 3—6 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar. Þessi upphæð breyttist svo að sjálfsögðu við gengisbreytinguna 1950, þannig að þetta telst þá grunngjald og varð raunverulega 9—18 kr. á safnaðarmeðlimi. Nú hefur það komið í ljós síðan, að þessi upphæð sóknargjalda nægir hvergi nærri fyrir útgjöldum safnaðanna víða um land. Því hefur verið farið fram á það, að hámark yrði hækkað úr 18 kr. í 36 kr., þannig, að gjaldið yrði eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar 9—36 kr. á ári. Á þetta bætist svo vísitala eins og áður samkv. l. frá 1948.

Það hefur komið í ljós, að nokkuð hefur á skort hjá ýmsum söfnuðum og þá alveg sérstaklega hjá stærsta söfnuði landsins, dómkirkjusöfnuðinum í Rvík, að tekjur samkv. þessum sóknargjöldum hrykkju fyrir útgjöldum.

Þetta frv. um að breyta hámarkinu úr 18 kr. upp í 36 kr. er flutt í hv. Ed. að tilhlutun kirkjumrh., og varð í þeirri hv. d. fullt samkomulag um málið. Menntmn. þessarar d. hefur fengið frv. til meðferðar og mælir einróma með því, að það sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 446).

---

## 53. Stjórn flugmála.

Á 45. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála** [137. mál] (þmfrv., A. 359).

Á 46. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 48. fundi í Ed., 18. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það skýtur nú ef til vill nokkuð skökku við, að ég skuli fara að tala um þetta frv., þar sem það er flutt að tilhlutan starfsbróður míns, hæstv. flugmrh. En ég vil þó benda hv. n. á, að það embættisheiti, sem hér er ráðgert að taka upp, flugmála- og flugvallastjóri, er ákaflega ólipurt, bæði til lestrar og tungutaks. Þetta eru alveg samfelld störf. Það er skiljanlegt, að það sé talað um póst- og símamálastjóra, sem hefur á hendi alveg ólík störf, tvenns konar, stjórn pósts og síma, en stjórn flugmála og flugvalla er svo skylt, að ég trúi ekki öðru en hægt sé að finna eitthvert orð ósamsett, er nái yfir þá hugmynd. Ég vildi því beina því til hv. nefndar, sem málið fær til meðferðar, að hún reyndi að finna liprara orð yfir þetta embætti. Mér skilst að vísu, að vel væri við það unandi að kalla manninn áfram flugvallastjóra ríkisins, en ef svo er ekki, þá er a. m. k. lítil bót að bæta öðru heiti framan við og halda þó þessu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.

**Sigurður Ó. Ólafsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 359, er um breyt. á l. nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála. Frv. er flutt af samgmn. Nd. og komið hingað í þessa hv. deild. Það er flutt að tilhlutun eða samkv. beiðni flugmrh. og er um það, eins og í 1. gr. segir, að í stað orðanna „flugvallastjóra ríkisins“ á fjórum stöðum í 2. gr. laganna komi: flugmála- og flugvallastjóra. — Í grg., sem fylgir frv., segir, að með lögum nr. 119 28. des. 1950 var lagt niður embætti flugmálastjóra sem sérstakt embætti. Jafnframt voru störf þess embættis sameinuð embætti flugvallastjóra, en embættisheiti hans þó ekki breytt. Með því að núverandi

embættisheiti gefur engan veginn rétta hugmynd um störf þessa embættismanns, segir enn í grg., þykir rétt að breyta heitinu svo sem greinir í frv., m. ö. o. að breyta heitinu „flugvallastjóra ríkisins“ í „flugmála- og flugvallastjóra“.

Þegar þetta frv. var til 1. umr., þá kvaddi hæstv. dómsmrh. sér hljóðs og beindi því til n., sem fær þetta mál til meðferðar, þ. e. samgmn., hvort ekki væru möguleikar á að finna eitthvert heppilegra nafn á þetta embætti heldur en í frv. segir, benti á, að nafnið væri stirt og samsett og heppilegt væri að finna annað nafn, ef mögulegt væri. Nefndin tók þetta til athugunar, og þrátt fyrir það að hún athugaði þetta töluvert mikið og átti tal við orðhaga menn um þetta, kom nú ekki fram neitt betra nafn, sem nefndin gæti fallizt á að kæmi í staðinn fyrir þetta, sem í frv. segir. N. hefur einnig átt tal við flugmrh., og leggur hann til, að frv. sé samþykkt eins og það liggur fyrir, en mundi vilja athuga, ef brtt. kæmi fyrir 3. umr. Það mundi einnig nefndin athuga, ef til kæmi. Að öðru leyti leggur hún til, að frv. verði samþ. og síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég benti á það við 1. umr., að hér væri verið að lögfesta mjög stirt embættisheiti allsendis ástæðulaust. Mér skilst að vísu, að hv. nefnd hafi athugað þetta, en ekki treyst sér til að gera á því breytingu. Ef ekki er hægt að finna aðra betri breytingu, þá sýnist mér eins hægt að kalla embættið „flugmálastjóra“, það tekur yfir hvort tveggja. Mér sýnist að vísu frv. í mesta máta óþarft, en ef menn vilja breyta þessu, þá er betra að hafa það heiti, sem nær yfir hvort tveggja, heldur en að hafa embættisheitið samsett.

Ég mun því leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að bera fram skriflega brtt.

**Sigurður Ó. Ólafsson:** Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. um þetta mál, þá hafði nú n. athugað þetta og ekki fundið neitt nafn, sem henni þætti heppilegra en þetta, sem hér er stungið upp á. En þar sem nú er komin fram brtt. frá hæstv. dómsmrh. um að breyta nafninu í „flugmálastjóra“ og það einmitt komst til tals í nefndinni, en fékkst ekki samkomulag, þá vildi ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann frestaði þessari umr., til þess að n. gæfist frekara tækifæri til þess að athuga brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 424) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Umr. frestað.

Á 56. og 57. fundi í Ed., 4. og 5. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 9. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 359, 424).

**Sigurður Ó. Ólafsson:** Herra forseti. Þegar mál þetta var tekið til 3. umr. í s. l. viku, kom hæstv. dómsmrh. með skriflega brtt. við frv., sem prentuð er á þskj. 424, að í stað orðanna „flugmála- og flugvallastjóri“ í frv. komi: flugmálastjóri. — Ég fór þá fram á, að umr. yrði frestað, til þess að samgmn. gæfist kostur á að taka afstöðu til brtt. Samkomulag náðist ekki í n. um að taka afstöðu til till., og hafa nm. óbundnar hendur um atkvgr. málsins. Annars, eins og fram hefur komið áður, er þetta frv. flutt í Nd. að tilhlutun hæstv. flugmrh. og samþ. óbreytt þar. Samgmn., sem fjallaði um þetta mál, kom ekki með neina brtt. við það þrátt fyrir ábendingu hæstv. dómsmrh. við 1. umr. Annars var þessu frv. ekki fylgt úr hlaði, þegar það var lagt hér fyrir þessa hv. d., en hæstv. flugmrh. hefur ekki óskað eftir því við samgmn., að breyt. yrði gerð á frv. En þar sem ég sé nú, að hæstv. ráðh. er mættur hér í d., þá geri ég ráð fyrir, að hann segi eitthvað um þetta mál.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Þetta frv. er ekki stórmál. Það er flutt eftir beiðni flugvallastjóra ríkisins. Hann heldur því fram, að það heiti, sem nú er á embætti hans, gefi ekki rétta hugmynd um það starfssvið, sem hann á að starfa á, og hefur hann sérstaklega orðið var við þetta, þegar hann er erlendis. Með frv. þessu er lagt til, að í stað „flugvallastjóra ríkisins“ komi: flugmála- og flugvallastjóri. — Þetta er dálítið langt nafn og sumir segja áferðarljótt heiti, en það er nú varla hægt hjá því að komast, ef orðið á að ná út yfir það starfssvið, sem þessi embættismaður hefur.

Eins og hv. þd. veit, þá voru upphaflega tveir menn, sem gegndu því starfi, sem flugvallastjóri ríkisins gerir nú. Það voru flugmálastjóri og flugvallastjóri. Síðan var þetta embætti sameinað undir einn mann af sparnaðarástæðum, og var það vitanlega vel og rétt gert að sameina það, enda þótt víða erlendis sé þessu embætti skipt, ekki aðeins milli tveggja, heldur milli fleiri manna, en þá er um meira að ræða heldur en hér á Íslandi, þessar tiltölulega fáu flugvélar, sem við höfum yfir að ráða. En vegna þess að þetta voru áður tvö embætti, þá þykir ýmsum ekki heppilegt að breyta embættisheiti flugvallastjóra aðeins í flugmálastjóra, því að það grípur þá tæpast yfir allt það verksvið, sem honum er ætlað, á meðan mönnum er enn í fersku minni, að áður var hér sérstakur embættismaður með heiti flugvallastjóra, enda þótt annar maður hefði heitið flugmálastjóri. Ég hef rætt um þetta við flugvallastjóra, og það er hans ósk, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd. og eins og það hefur verið samþ. við tvær umr. í þessari hv. d., en að sjálfsögðu geri ég þetta ekki að neinu kappsmáli. Ég vil þó taka undir það, sem flugvallastjóri segir, að það geti verið dálítið

varhugavert og skapað honum óþægindi, ef bæði orðin eru ekki höfð í embættisheitinu, a. m. k. að svo stöddu. Og það eru þó ein rök enn, sem ég hef ekki dregið fram og eru kannske veigamest, og það er, að það eru ýmsir starfsmenn á flugvöllunum, sem gjarnan vilja fá heitið flugvallarstjórar. Það eru t. d. menn, sem vilja gjarnan heita flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar, flugvallarstjóri Keflavíkurflugvallar, flugvallarstjóri Sauðárkróksflugvallar, flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar, flugvallarstjóri Akureyrarflugvallar. Þeir vilja fá þessi heiti og þá um leið hækkuð laun. Og flugvallastjóri ríkisins hefur tjáð mér, að hann ætti ef til vill erfiðara með að standa gegn þessum kröfum, ef hann sjálfur bæri ekki sérstaklega þetta heiti.

Ég vil aðeins taka þetta fram, en án þess að leggja sérstaka áherzlu á það, og ég geri ráð fyrir því, að þó að hæstv. dómsmrh. hafi borið hér fram till. um að fella niður heitið flugvallastjóri, af því að það fer betur í málinu, að það sé aðeins talað um flugmálastjóra, þá leggi hann ekki heldur neitt sérstakt kapp á það, að sú brtt. verði samþ., a. m. k. ekki ef hann gæti sannfærzt um það, að hitt hjálpaði til að halda niðri auknum kröfum um laun og að það gæti auðveldað flugvallastjórastörfin að bera heitið flugvallastjóri og flugmálastjóri í stað þess að heita aðeins flugmálastjóri.

ATKVGR.
Brtt. 424 samþ. með 9:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 39. fundi í Sþ., 10. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 445).

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 445).

---

## 54. Verðlagsskrár.

Á 36. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

**Frv. til l. um verðlagsskrár** [128. mál] (þmfrv., A. 316).

Á 38. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið.— Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Andrés Eyjólfsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og er flutt af mér og hv. þm. V-Sk. (JK), er á þskj. 306, 128. mál. — Ég tel, að ekki sé þörf á langri framsögu. Frv. þetta er ekki margbrotið og er auk þess að mestu byggt á l. um undirbúning verðlagsskráa frá 16. nóv. 1897, en þau lög eru enn í gildi, en auk þess á þeirri venju, sem skapazt hefur um framkvæmd þeirra laga.

Það hefur verið uppi orðrómur um, að afnema bæri þessi lög, þar sem notkun þeirra í daglegum viðskiptum væri niður fallin. Svo mun líka vera í sumum héruðum. En við eftirgrennslan hefur þó komið í ljós, að svo er ekki alls staðar á landinu. Enn munu verðlagsskrár sums staðar vera lagðar til grundvallar fyrir viðskiptum manna í nokkrum tilfellum, einkum í sambandi við jarðaleigu. Þótti því sýnt, að eigi væri tímabært að afnema þær að svo stöddu.

Hér kom og einnig til greina það sjónarmið ýmissa, að landauraviðskiptin ættu sögulegan rétt á sér og þá einnig verðlagsskrárnar í sambandi við þau. Þetta er sjónarmið, sem ekki er hægt að ganga á snið við að öllu leyti. Það er vitanlegt, að viðskipti manna á milli og einnig við hið opinbera fóru að langmestu leyti fram í landaurum frá öndverðu og fram til okkar daga og viðskiptin voru miðuð við verðlagsskrárnar. Það hafa því komið fram till. um, að landaurakerfið bæri að taka upp að nýju og leggja það til grundvallar viðskiptum manna. Sú kenning mun enn eiga sér forsvarsmenn, en þetta er annað mál, og skal eigi meira um það rætt.

Þá kom til athugunar það sjónarmið að gera samningu verðlagsskrárinnar einfaldari og fyrirhafnarminni. Í lögum nr. 16 frá 6. nóv. 1897, sem enn eru í gildi, er svo fyrir mælt, að þriggja manna nefnd í hverju sveitarfélagi eða bæjarfélagi skuli semja verðlagsskrá í októbermánuði ár hvert. Í nefndum þessum áttu sæti formaður skattanefndar, prestur og svo þriðji maður, sem kosinn var af hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Verðlagsskýrslan úr hverjum hreppi sendist síðan sýslumanni, er semur upp úr þeim öllum eina verðlagsskrá fyrir allt verðlagskrárumdæmið. Skýrslu sína ásamt fylgiskjölum á sýslumaður svo að senda stiftyfirvöldunum (frá 1904 vitanlega stjórnarráðinu), sem staðfestu hana. Þetta eru þau lög, sem enn gilda, og eru þau byggð á konungsúrskurði frá 16. júlí 1817, sem fyrirskipar samningu verðlagsskráa á sama veg í grundvallaratriðum, þó að framkvæmd undirbúningsins væri nokkuð á annan hátt.

Eins og getið er um áður, þá er frv. þetta fram borið til þess að gera samningu verðlagsskránna fyrirhafnarminni í framkvæmd. En jafnframt ætti sú tilhögun að stuðla að meira samræmi milli hinna einstöku héraða.

Ef bornar eru saman verðlagsskrár frá því fyrir aldamót og verðlagsskrár þær, sem nú gilda, eða árið 1953, þá er varla hægt að verjast þeirri hugsun, að nokkuð muni vera kastað höndunum til um samningu þeirra. Er það og skiljanlegt, þar sem þýðing þeirra í viðskiptalífinu er orðin sáralítil. Þannig er meðalalin í verðlagsskrárumdæmum árið 1897 lægst 45 aurar, en hæst 56 aurar, en þá voru ýmis opinber gjöld og viðskipti manna á milli miðuð við landaura. Að vísu var þá orð á því haft, að nokkur tilhneiging væri í þá átt að gera verðlagsskrána ekki allt of háa. Það er líka um aldamótin síðustu, sem höfundur Alþingisrímna lætur einn frambjóðanda við alþingiskosningar segja við kjósendur sína:

„Verðlagsskráin verður lág,
vondu minnka gjöldin,
ef þið viljið lið mér ljá“ o. s. frv.

Þessi mismunur, sem þá var nálægt 20%, bendir til, að nokkurt samræmi hafi verið í verðlagningunni, því að mismunandi aðstaða, vænleiki búfjár o. fl., gerir eðlilega nokkurn mismun milli héraða.

Séu verðlagsskrár þær, sem gildandi eru í ár, athugaðar, kemur í ljós, að lægsta meðalalinin er kr. 6.44, en sú hæsta kr. 14.11. Sýnist þar vera nokkuð breitt bil á milli, þar sem er tölurvert meira en helmingsmismunur.

Hitt atriðið, sem ég nefndi, að gera samningu verðlagsskránna óbrotnari og fyrirhafnarminni, er þó höfuðtilgangur þessa frv. Hér er yfirskattanefndum hvers verðlagsskrárumdæmis gert að semja verðlagsskrá, er gildir fyrir það allt. Hverfur þá nefndarstarfið heima í sveitunum og fyrirhöfn sýslumanns að vinna úr þeim skýrslum og skapa úr þeim eina verðlagsskrá fyrir umdæmið. Í stað þess semji yfirskattanefndin verðlagið í einu lagi og færi í skrárnar. Nú er það verk yfirskattanefnda að semja um sama leyti skrá um verðlag á búfénaði og afurðum íbúa síns héraðs vegna framtals til tekju- og eignarskatts. Er því sú vinna, sem þeim er lögð á herðar samkvæmt þessu frv., lítið önnur en sú að færa fundnar tölur inn á verðlagsskrárform. Hér mun því verða um léttara starf að ræða og a. m. k. ekki verr af hendi leyst en er eftir núgildandi lögum.

Um önnur atriði frv. þessa er fátt að segja. Þau eru ýmist nálega samhljóða núgildandi lögum eða þá að lagt er til, að lögfest verði venja, sem skapazt hefur við framkvæmd l. frá 1897. Svo er t. d. um skiptingu landsins í verðlagsskrárumdæmi svo og hitt, að sýslumaður hvers umdæmis hafi forustu um samningu verðlagsskrár og annist sendingu hennar til fjmrn. Reglurnar um verðlagningu þeirra búfjártegunda og vara, er teljast til verðlagsskráa, eru hinar sömu og tíðkazt hafa og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Það er nýmæli í 4. gr. frv., að gert er ráð fyrir því, að ef fjmrn. telur samningu verðlagsskrár að einhverju leyti ábótavant, þá geti það sent verðlagsskrána til ríkisskattanefndar til athugunar. Geri ríkisskattanefnd till. til breytinga á verðlagsskránni, skal rn. taka þær til greina og staðfesta hana samkvæmt þeim. Þykir rétt að taka upp þessi ákvæði, og er það í samræmi við þær reglur, sem nú gilda um framtalsskýrslur til tekjuskatts og eignarskatts, þar sem úrskurðarvaldið er hjá ríkisskattanefnd.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Óska ég þess, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 373, 354).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Eins og menn muna frá framsögu þessa máls, þá er þetta frv., sem breytir þeim ákvæðum, sem gilt hafa um samningu verðlagsskráa. Þær hafa verið samþykktar fyrir hvert verðlagsumdæmi á landinu undanfarandi frá gamalli tíð og eru upprunalega gerðar heima í hreppunum af presti, hreppsstjóra og þriðja manni, sem til þess er kosinn, og voru á sínum tíma ákaflega mikils virði fyrir ýmisleg gjöld á milli manna. Þetta hefur minnkað meira og meira, og hvort það var nú heppilegt eða ekki, þá hefur orðið sú þróun, að nú hafa þessar verðlagsskrár ákaflega lítið gildi. Það eru þó á nokkrum stöðum enn þá í landinu greiddar eftir þeim landskuldir, og á öðrum stöðum fá menn að kaupa af sér leigu eftir þeim, svo að það er ekki hægt að fella þær burt. Þess vegna hafa flm. þessa frv. komið með það og færa þar með samningu skránna í nýtt horf, — horf, sem fellur inn í það fyrirkomulag, sem nú viðgengst yfirleitt í landinu um ákvörðun á verðlagi til skattmats. Nú er það svo, að það þarf að meta margt af því, sem metið er í verðlagsskránum, til skatts, sumt til eignar og annað til tekna eða frádráttar frá tekjum. Þetta er sumpart gert af yfirskattanefndinni heima í héruðunum og sumpart af ríkisskattanefndinni, og í janúarmánuði ár hvert þurfa yfirskattanefndirnar í hverju einstöku lögsagnarumdæmi, eftir að þær eru búnar að fá till. frá ríkisskattanefndinni um það, sem henni ber að gera í þessum málum, að koma saman og ákveða verð á þessum hlutum, og þá er það hugsað svo í frv., að þá um leið semji þeir verðlagsskrá, sem gildi fyrir umdæmið. Er þess vegna mjög vel til fallið að setja þetta svona saman og eðlilegt í alla staði.

N. hefur nú rætt þetta frv. og athugað það, hún hefur líka rætt við hagstofuna, sem hefur reiknað út meðaltal af öllum verðlagsskrám árlega, og eru allir aðilar með því að samþykkja frv. Flm. frv. hafa sjálfir gert brtt. við 1. gr., sem er á þskj. 354, og leggja til, að henni sé breytt eins og þar stendur. N. er samþykk þeirri breyt. og mælir með því, að hún verði samþykkt.

Tvær smávægilegar orðabreytingar hefur n. gert, og um þær hefur verið rætt við flm. Þær breyta engu meginefni málsins og kannske engu efni þess yfirleitt, en þær gera það, a. m. k. að áliti sumra, dálítið greinilegra. Þessar brtt. eru á þskj. 373, og er sú fyrri við 3. gr. Þar er talað um innkaupsverð. Það er nú svo, að eins og nú er hagað sölu með þessar vörur, þá er dálítið erfitt að segja, hvað er innkaupsverð. Það er dálítið erfitt að segja, hvað er innkaupsverð á ull, sem er tekin yfirleitt í umboðssölu hjá öllum kaupfélögum og mörgum kaupmönnum — ekki alveg öllum — með áætluðu verði og svo endanlegt verð borgað út, þegar búið er að selja ullina. Hvað innkaupsverðið áhrærir, er dálítið erfitt að segja um það. Það er a. m. k. tvísýnt, hvort það orð á við það verð, sem borgað er út á hana strax eða endanlega, og sama gildir um margt fleira, það gildir um gærur og það gildir um fisk og það gildir um fleira og fleira. Það er ekki einu sinni enn þá komin uppbót á fisk, a. m. k. ekki til ríkisskattanefndarinnar, sem seldur var á árinu 1952. Það er dálítið erfitt að segja um, hvenær endanlegt verð kemur á hlutina, en til þess að sýna þó, hvað við væri átt, og það er það

sama og vakti fyrir flm., þá leggjum við til, að þessu sé breytt og í staðinn fyrir innkaupsverð komi eins og stendur í 1. tölulið á þskj. 373: „til grundvallar það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína". — Okkur fannst það ná betur því, sem meint er, heldur en „innkaupsverð", og það er það, sem ætlazt er til að þarna sé gert og á að gera, og þá áætla það, ef það er ekki til staðar, sem vel getur verið að það ekki sé, þegar skráin er samin.

Hin brtt. er varðandi orðatiltækið í 4. gr., þar sem stendur: „sé rétt samið". Það getur verið rétt samið, en það má a. m. k. deila um það óendanlega, hvort verðlagsskrá er rétt samin eða ekki, en það vakir ekki heldur beint fyrir flm., að okkur skildist, og okkur fannst betra að ná þessu með því að setja í vald ríkisstj., hvort henni þætti ástæða til að víkja þeim til ríkisskattanefndarinnar til athugunar eða ekki, af hvaða ástæðu sem það nú væri.

Í hvorugu þessu held ég að sé nokkur efnisbreyting. Það er a. m. k. ekki hugsuð nein efnisbreyting. Þó að það megi kannske túlka það þannig, að það sé aðeins efnisbreyting, þá held ég að það hafi ekki verið hugsað þannig af flm. hálfu. Og með þessum breytingum leggjum við til að frv. sé staðfest.

Annars er ástæða fyrir þá menn, sem eru mikið inni í pólitíkinni og þessu opinbera lífi, að athuga með landauraverðið, því að það heldur hér samanburðargildi sínu meðan peningagildið er oft á hverfanda hveli. Það heldur alltaf sínu gengi hvað gagnvart öðru, hvað sem krónum líður, og ég held það sé heldur illa farið yfirleitt, að það er alltaf verið að útrýma landauraverðinu meira og meira úr okkar þjóðlífi. Þetta frv. gerir hvorki til né frá með það. Það bara léttir það starf, sem verður að hafa við að semja verðlagsskrárnar.

**Andrés Eyjólfsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér fyrir hönd okkar flm. þessa frv. að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu málsins. Þær orðabreytingar, sem n. hefur gert á frv. og hv. frsm. hefur nú lýst, getum við vel fallizt á, enda breyta þær í engu efni frv. Það er bara e. t. v. ljósara orðalag, sem þar kemur fram.

Við flm. höfum borið fram brtt. við 1. gr. frv., en sú gr. skiptir landinu í verðlagsskrárumdæmi. Var sú skipting, eins og hún er í frv., gerð samkv. þeirri venju, sem skapazt hefur nú um langa tíð. Formaður Félags héraðsdómara, Jón Steingrímsson sýslumaður, benti hins vegar á, að heppilegra væri, að ein verðlagsskrá gilti fyrir umráðasvæði hvers sýslumanns, enda var svo í frv., að undanteknum Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, en fyrir það lögsagnarumdæmi höfðu verið samdar tvær verðlagsskrár. Sama var að segja um Skaftafellssýslur. Féllst hv. meðflm. minn á þetta, en hann er, eins og hv. þdm. er kunnugt, sýslumaður Skaftafellssýslna. Við höfum því borið fram brtt. á þskj. 354. Vonum við, að hv. þdm. geti fallizt á að samþykkja hana, enda er hún í samræmi við ákvörðun annarra verðlagsskrárumdæma. Má þar t. d. nefna Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur, Húnavatnssýslur og Þingeyjarsýslur, sem hafa aðeins eina verðlagsskrá sameiginlega fyrir bæði sýslufélögin í hverjum stað.

Frv. þetta miðar að því, þó að í litlu sé, að létta störfum af sveitarfélögunum. Er það að vísu öfugt við flest þau lög, sem frá Alþ. hafa verið afgreidd á síðari tímum og snert hafa sveitarfélögin. Þau hafa flest verið þess eðlis að leggja auknar vinnukvaðir á sveitarstjórnir og skattanefndir. En auk þess að gera samningu verðlagsskrárinnar fyrirhafnarminni og einfaldari ætti þetta frv., ef að lögum verður, að stuðla að meira samræmi milli verðlagsskrárumdæma en oft hefur verið og gefa réttari mynd af verðlagi í landinu, eins og það er á hverjum tíma.

Vil ég að svo mæltu leyfa mér að óska þess, að hv. d. geti fallizt á að samþ. frv.

ATKVGR.
Brtt. 354 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 373,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 373,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 13 shlj. akv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 382).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 467).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Eftir því sem peningaviðskipti aukast manna á milli, því minna gildi hefur landaurareikningur í viðskiptalífi þjóðarinnar. Samt sem áður mun ekki fært enn sem komið er að fella niður verðlagsskrár þær, sem ákveðið er að staðfesta skuli ár hvert, en lög um það atriði eru frá 1897. Í þeim lögum er það ákveðið, að undirbúningi verðlagsskráa skuli hagað þannig, að prestur, formaður skattanefndar og einn maður, er hreppsnefnd kýs í hverjum hreppi, skuli semja skýrslu um verðlag og senda til sýslumanns í því lögsagnarumdæmi, sem í hlut á. Sýslumenn eiga síðan að taka meðaltal af því verðlagi, sem þeim berst þannig úr hreppunum, og senda það með skilríkjum til stjórnar-

ráðsins, sem staðfestir síðan verðlagsskrá fyrir hvert lögsagnarumdæmi fyrir sig.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, var flutt í hv. Ed., og þar er lagt til að gera undirbúning verðlagsskráa einfaldari og óbrotnari en verið hefur á þann hátt að fela yfirskattanefnd í hverju lögsagnarumdæmi að ákveða það mat, sem inn í verðlagsskrá er fært, en heimilt er að leita umsagnar ríkisskattanefndar, áður en verðlagsskrá er staðfest, ef rn. þykir ástæða til.

Fjhn., sem hefur athugað þetta mál, telur frv. stefna í rétta átt og mælir með því einróma, að það verði samþ. í þeim búningi, sem það barst hingað frá hv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

---

## 55. Sala jarða í opinberri eigu.

Á 11. fundi í Ed., 29. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja þjóðjarðirnar Eyvindará og Heiðarhús** [78. mál] (þmfrv., A. 107).

Á 12. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Þetta litla frv. ætti ekki að þurfa að valda mikilli fyrirhöfn eða ágreiningi. Það inniheldur ekkert vafamál, hvað þá vandamál að mínu áliti.

Flateyjardalsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu liggur á milli Fnjóskadals að sunnan og Flateyjardals að norðan, en að austan eru Kinnarfjöll og Náttfaravíknafjöll, en að vestan Leirdalshnjúkar. Á þessari heiði voru fyrrum nokkur kotbýli, sem nú eru farin í eyði fyrir alllöngu og engar líkur eru til að byggist aftur, vegna þess að þessi heiði er undirlögð miklu vetrarríki og snjóalögum. Þarna á heiðinni er talið að tvö eyðibýlin séu þjóðjarðir, Eyvindará og Heiðarhús. Heiðarhús voru síðast í byggð 1903, en Eyvindará löngu áður farin í eyði. Þarna eru engin hús uppistandandi eða mannvirki, meira að segja engar túnslægjur lengur, en löndin eru orðin af sjálfu sér afréttarlönd. Hálshreppur í Fnjóskadal nytjar aðallega heiðina sem afréttarland og hefur fulla þörf fyrir það. Í Hálshreppi, þótt gengið hafi saman um þessi kotbýli, hefur verið sókn í búnaðarmálum, og þar hafa risið upp á síðustu árum 8 nýbýli. Aðalatvinnuvegur Hálshreppsbúa er og hlýtur að verða í framtíðinni sauðfjárrækt, vegna þess að þótt þar sé dálítil mjólkurframleiðsla, miðast hún við sumarmarkað á Akureyri og getur aldrei orðið mikil, vegna þess að vegir til Akureyrar lokast á vetrum. Fyrir þessa sauðfjárrækt sína þurfa þeir afréttarlönd, bæði norðan og sunnan dalsins, norðurbyggjar Flateyjardalsheiði.

Hreppsnefndin óskar þess að fá keypt þessi eyðibýli, Eyvindará og Heiðarhús, til afnota fyrir sumarbeit handa fénaði hreppsbúa. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um það innan sýslu, að þessi hreppur sé réttur aðili til að eignast löndin.

Það bendir til þess, að þarna er ekki um neina fjármuni að ræða, að við síðasta fasteignamat voru þessi eyðibýli hvort um sig metin á kr. 100.00. Það er þess vegna aðallega pennafyrirhöfn fyrir ríkið að eiga löndin og að mínu áliti sjálfsagt að veita ríkisstj. heimild til að selja þau. Samkvæmt l. um þjóðjarðasölu má ríkisstj. ekki selja þessi lönd, af því að þau eru ekki ábýli, og því verður að leita sérstakrar heimildar. Ég hef talið eðlilegt, eins og er í 1. gr. tekið fram, að sýslunefnd segi um það, hvort hún telur rétt, að þessi sala fari fram. Enn fremur hef ég talið rétt, að ekki sé meira fyrir haft en að semja milli hreppsnefndar og ríkisstj. um verð fyrir þessi lönd, af því að hér er um svo litla fjármuni að ræða, að varla tekur því að dómkveðja menn til þess, ef samningar takast. En ég hef þó sett inn í næstsíðustu málsgr. 1. gr., að ef ekki semjist, þá komi til mat tveggja dómkvaddra manna. Það er varúðarákvæði, sem ég hugsa þó að ólíklegt sé að til þurfi að taka. Í síðustu málsgr. hef ég tekið fram, að námuréttindi séu undanskilin. Það tel ég rétt að gert sé, þótt ekki sé vitað um, að nein verðmæti séu þarna í jörð.

Ég vænti þess, að hv. d. geti samþ. þetta frv., og óska þess, að því verði vísað til hv. landbn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 107, n. 154, 136, 137, 144, 157).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. N. hefur orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt. Það liggja fyrir nokkrar brtt. við það. Til þeirra hefur n. ekki tekið endanlega afstöðu, vildi gjarnan heyra fyrst grg. þeirra manna, sem flytja þær. Eins hefur verið talað við n. um fleiri brtt. en þær, sem komnar eru hér fram, og til þeirra hefur n. ekki tekið afstöðu heldur, en gerir ráð fyrir að heyra grein fyrir þeim brtt., sem menn vilja koma að við frv., undir þessari umræðu. Ég skal geta þess, að þó að þessar jarðir báðar séu kallaðar þjóðjarðir þarna, þá mun n. ekki gera neina aths. við það, en í gömlum máldögum sést, að Heiðar-

hús hafa legið undir Laufáskirkju á Svalbarðsströnd.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 144 um sölu þjóðjarðarinnar Holts í Dyrhólahreppi. En vegna ágreinings, sem hefur risið um ábúð jarðarinnar og það mál er nú fyrir dómstólunum, dómur er ekki uppkveðinn enn þá, þá hef ég fallizt á að draga till. til baka að þessu sinni.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég flyt hér brtt. á þskj. 136 ásamt hv. 1. þm. N-M. um það, að heimilað verði að selja jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Hreiðari Eiríkssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali. Þar að auki flyt ég einn brtt. á þskj. 137 um það, að auk Grísarár verði heimilað að selja jörðina Ytri-Bægisá I í Glæsibæjarhreppi ábúandanum frú Jóhönnu Gunnarsdóttur.

Um Grísará stendur þannig á, að í áratugi var hún nytjuð af bóndanum á næsta bæ, Kroppi, og hann átti báðar jarðirnar, en seldi þær ríkinu samkvæmt l. um jarðakaup ríkisins. Ábúandinn í Grísará, Hreiðar Eiríksson, hefur þar af leiðandi ekki búið þarna, þ. e. a. s. hann hefur ekki átt heima á Grísará, því að jörðin er húsalaus, heldur hefur hann verið í eins konar húsmennsku á öðrum bæ, en nytjað jörðina. Nú er það ætlun þessa bónda að byggja á jörðinni og setjast þar að, stofna þar nýbýli, þar sem um eyðijörð er í sjálfu sér að ræða. Mundi vel vera hægt, þó að jörðin sé lítil, að gera þarna mjög lífvænlegt býli fyrir fjölskyldu. Ég sé því ekki annað en að frá þjóðhagslegu sjónarmiði sé það til mikilla bóta, að þarna rísi upp myndarlegt býli, og treysti ég Hreiðari Eiríkssyni vel til þess að ganga svo frá og framkvæma það á jörðinni, að þetta verði myndarlegt býli, og álít ég, að það sé þjóðhagslega betra en að jörðin sé nytjuð frá annarri jörð, sem einnig er það mikið í, einkum þegar ræktun eykst þar, að það er vel lífvænlegt, þó að svo væri hér áður, að sami bóndinn hafði tvær jarðir og rak þar enda stórt bú.

Um þá till., sem ég flyt einn viðvíkjandi Ytri-Bægisá í Glæsibæjarhreppi, er þau ein rök að færa, að ábúandinn, frú Jóhanna Gunnarsdóttir, sem er prestsekkja og orðin öldruð, hefur verið þarna afar lengi, víst í ein 50 ár, þykir vænt um jörðina, vill gjarnan bera þar beinin, eins og maður hennar hefur þegar gert, og geta ráðstafað jörðinni eftir sinn dag. Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram, að þessi gamla kona muni hefja stórframkvæmdir á jörðinni, en mér virðist, að það sé ekki annað en sanngirnismál, að hún fái eignarhald á þessari jörð eða jarðarhluta og fái þessum vilja sínum framgengt, fyrst og fremst að tryggja sér til æviloka, að hún geti verið þar, og í öðru lagi það, að hún megi ráðstafa jörðinni eftir sinn dag, að svo miklu leyti sem lög um ættaróðul heimila. En hv. frsm. landbn. hefur lýst því yfir, enda stendur það í nál., að landbn. muni ekki taka afstöðu til brtt. þeirra, sem fyrir liggja, fyrr en við 3. umr. málsins. Ég leyfi mér því að taka þessar till. aftur til 3. umr., bæði till. á þskj. 136 og till. á þskj. 137.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj 107, er þess efnis, að selja megi tvær jarðir, sem ríkissjóður á. Stendur hér í 1. gr. frv., að söluverð jarðanna fari eftir því, sem um semst, eða eftir mati tveggja dómkvaddra manna, ef samningar takast ekki. Ég hef litið svo á, að það vaki fyrir hv. flm. frv., að ef frv. verður samþykkt óbreytt, þá verði þessar jarðir ekki háðar því skilyrði að gerast að ættaróðali. Hins vegar er sýnilegt á þeim brtt., sem fram hafa komið á þskj. 137 og 136, að flm. þeirra till. ætlast til þess, að þær jarðir verði gerðar að ættaróðali, þótt þæri verði seldar eftir mati eða með sömu skilyrðum og gert er ráð fyrir upphaflega í frv. Það er því sýnilegt, að þessi ákvæði samrýmast ekki, og tekur hv. landbn. þetta væntanlega til athugunar við 3. umr., þar sem viðkomandi hv. flm. hafa lýst því yfir, að þeir taki till. aftur til 3. umr.

Ég hef hér á þskj. 157 borið fram brtt. Fyrst, að á eftir 2. tölul. komi ný málsgr., er orðist svo: Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja jörðina Moshlíð á Barðaströnd ábúandanum, Reyni Hjartarsyni. — Og síðan nr. 2, að fyrirsögn frv. breytist: Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu. — Þessi till. mín er stíluð við frv. sjálft, og ber því að skilja hana svo, að ef hún verður samþykkt ásamt frv., þá fylgi ekki sú kvöð að gera jörðina að ættaróðali, heldur verði jörðin seld eftir mati tveggja dómkvaddra manna eða eftir samningum á milli kaupanda og seljanda. Það er mín skoðun, að það sé raunverulega ekki um neina sölu að ræða á ríkisjörðunum, ef það á að fylgja þessu ákvæði að gera jarðirnar að ættaróðali og jarðeigandi sé síðan skyldugur til þess að selja jörðina aftur, þegar hann hættir að uppfylla þá kvöð. Ég þekki það nokkuð af reynslu um einstaka jarðir, sem hafa gengið kaupum og sölum þannig, og fullyrði, að það hafi ekki verið náð þeim tilgangi með þessu ákvæði, sem löggjafinn á sínum tíma hefur ætlazt til. Ég þekki til dæmis um eina jörð í Barðastrandarsýslu, sem var seld fyrir 5000 krónur eftir fasteignamati, og fylgdu þessi ákvæði með. Síðan þegar eigandi jarðarinnar deyr og enginn úr ættinni er til þess að taka við, þá á að selja jörðina aftur, og þá verða ýmiss konar vandræði í sambandi við söluna. Það má ekki selja hluta ríkisins fyrir neitt annað en fasteignamat. Hins vegar átti ábúandi og eigandi ýmis mannvirki á jörðinni, og síðan eru mannvirkin seld og jörðin í heild eins og það væri á frjálsum markaði. Þetta vildi ég gjarnan að hv. n. athugaði, þegar hún afgreiðir þetta mál. Að selja manni eign með þeirri kvöð, að kaupandi hefur leyfi til þess að meðhöndla hana sem sína eign, á meðan hann lifir, og aðrir af hans ættingjum, en strax ef einhver annar á að taka við, má ekki ráðstafa henni, er raunverulega sama og selja hana ekki, þar sem þá eru um leið sett svo hörð skilyrði gagnvart byggingum á jörðinni, að það bókstaflega hamlar viðkomandi aðilum að gera nokkrar verulegar framkvæmdir eða breytingar á eigninni. Ég hef óskað eftir, að þessi till. mín yrði samþykkt, og það er vegna þess, að ábúandi jarðarinnar hefur sótt það mjög fast að fá jörðina keypta, en

hann hefur nú lífstíðarábúð á jörðinni. Hann telur sig vera heftan að gera ýmsar framkvæmdir, sem hann vill ekki gera á annarra eign, þar sem hann hafi ekki nægilega tryggingu fyrir því að geta verið frjáls um sölu þeirra framkvæmda, úr því að hann má ekki selja jörðina sjálfa, og hefur þessi skoðun ekki einungis risið upp hjá honum, heldur og hjá fjöldamörgum öðrum bændum, — enda er það sýnilegt svo að segja um allt land, að þar sem bændurnir eru ekki að fullu ráðandi yfir jörðunum, er hægt að þekkja þær jarðir úr. Þar eru ekki sams konar framkvæmdir og þar sem bændurnir eiga jarðirnar kvaðalausar.

Ég hef rætt við hv. formann landbn. um þessa till. Sagði hann, að það væri sá ljóður á í sambandi við þetta mál, að þessi jörð ætti ekki neitt upprekstrarland. Þessi jörð er hjáleiga frá Brjánslæk, sem einu sinni var prestssetur, en meðferð landbrn. undanfarið og þeirra manna, sem fjalla um þau mál, er slík, að enginn prestur fæst til þess að sækja um brauðið. Það er búið að taka jörðina af prestinum og skipta henni milli kirkju og bónda. Skilst mér, að hann hafi fengið lífsábúðarrétt á jörðinni gegn öllum lögum og öllum rétti, landinu einnig skipt gegn lögum og rétti, húsið tekið handa bóndanum til íbúðar og þannig farið með allt prestssetrið, að það getur enginn prestur látið sér detta í hug að fara á jörðina, og þetta mun þó vera ein af allra beztu jörðunum í Barðastrandarsýslu. Mér er kunnugt um, að það eru ýmsir prestar og ýmsir kandídatar, sem hafa viljað fara á þessa jörð nú í seinni tíð, en þegar þeir hafa kynnt sér ástandið á jörðinni og kynnt sér þá samninga, sem hafa verið gerðir í sambandi við núverandi ábúanda, hafa þeir allir horfið frá því og vilja heldur kjósa allt annað en það að eiga að ganga inn í þessa samninga, sem þar hafa verið gerðir.

Ég sé enga erfiðleika á því, að Moshlíð sé seld ábúandanum, þótt beitiland kunni að vera óskipt. Úr því má bæta með því að skipta beitilandi úr jörðinni Brjánslæk og láta það fylgja Moshlíð. Ef það er ekki hægt vegna aðstöðunnar, sem vel má vera, þá má gefa ábúanda eða kaupanda sama rétt til beitarlands í Brjánslækjarlandi eins og hann hefur sem ábúandi. Viðkomandi aðili mundi að sjálfsögðu sætta sig við það. En ég legg megináherzlu á það, að honum verði seld jörðin, m. a. vegna þess, að eins og nú stendur eru mjög litlar byggingar á jörðinni. Þetta er ungur bóndi, sem hugsar sér að byggja þarna upp, hefur ekki löngun til að byggja þar upp á ríkiseign, og það gæti orðið til þess, að jörðin færi aftur í eyði, ef hann gæti ekki fengið kauparéttinn eins og hann hefur óskað eftir.

Ég hygg, að þetta séu nægilegar skýringar fyrir hv. n. til þess að geta myndað sér hugmynd um það, hvort hún eigi að mæta þessum óskum ábúanda.

**Forseti (GíslJ):** Ég heyrði á hv. frsm. n., að hann taldi eðlilegast, að þessar till. væru teknar aftur til 3. umr., og lofaði þá að athuga málið. Ég teldi nú heppilegra að fresta umr., þangað til n. er búin að athuga málið, og mun því gera það. Ég mun fresta umr. og óska eftir því, að hv. form. n. athugi till. ásamt sínum meðnm., svo að liggi fyrir nokkurn veginn umsögn n. um málið, áður en þessari umr. lýkur.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., 16. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta frv. og tillögurnar, sem hér liggja fyrir.

Í frv. sjálfu er talað um tvær jarðir, Eyvindará og Heiðarhús. Það eru hvort tveggja eyðijarðir, sem liggja á Flateyjardalsheiði. Ég hef ekki getað fundið, hvernig Eyvindaráin er leigð. Sá maður, sem sér um leigu kirkjujarðasjóðsjarða, Friðgeir Björnsson, veit ekkert um það, — ekki heldur um Heiðarhús. En árið 1951 hafa verið borgaðar 50 kr. í leigu fyrir Heiðarhús, greiddar af hreppsstjóranum í Hálshreppi fyrir hönd hreppsins, að ríkisféhirðir heldur, svo að það lítur út fyrir, að Hálshreppur hafi Heiðarhús á leigu. En það er ekki um það neitt sjáanlegt, hvort þessar 50 kr. eru fyrir eitt ár eða mörg ár. Aðrir segja bóndann í Fagrabæ hafa Heiðarhús í 10 ára leigu og nota til upprekstrar. En ekki vita þeir í ráðuneytinu um það. Þessar jarðir eru báðar inniluktar í afrétt og eðlilegt og sjálfsagt, að hreppurinn eignist þær og fái þær. Öll n. er þess vegna sammála um að mæla með því.

Grísaráin var eign Davíðs sáluga Jónssonar á Kroppi, sem lagði hana undir Kropp og gerði eina jörð úr báðum. Þegar lögin um jarðakaupasjóð voru stofnuð, þá var hann hugsjónamaður, sem vildi taka sínar jarðir úr braski í framtíðinni og sjá, að þær hækkuðu ekki, heldur yrðu þeirra hlunninda aðnjótandi, sem þar væru gerð, án þess að í raun og veru þyrftu ábúendur að standa undir síhækkandi rentu á jörðunum, og seldi þess vegna báðar jarðirnar jarðakaupasjóði. Grísará er með sérstökum, ákveðnum landamörkum, og þegar hann seldi jarðakaupasjóði þessar jarðir eftir matsverði, þá voru engin hús á Grísará, ekki nein. Í landi Grísarár er ofur lítil velgja, og er hún vel fallin til garðræktar. Hún var byggð 1949 fyrir 323 kr. á ári til fimm ára, með því skilyrði þó, að á þeim tíma yrði byggt upp á jörðinni. Það hefur ekki verið gert enn. En Grísaráin er heldur lítil jörð til þess að reka á henni búskap eins og algengast er að búa hér á landi. Hins vegar er hún nægilega stór til þess að geta búið þar með sæmilegu kúabúi, svona tíu, tólf kúm, og mikilli garðrækt. Garðræktarskilyrði eru þar ágæt. Og bóndann, sem núna hefur hana á leigu, langar til þess að fá hana keypta og gera hana að ættaróðali fyrir sín börn. Hann hefur þá aðstöðu, að hann getur búið hvort heldur hann vill hjá venzlafólki sínu í Reykhúsum, eins og hann gerir núna, eða á Kroppi. Og það, sem ég hef lagt til í till. á þskj. 136, er það, að hann fái Grísará keypta eins og hún núna er að landamærum til, en ekki eins og hann hefur hana leigða, því að hann hefur leigt land frá Kroppi, sem Kroppur má ekki missa, og hann er ásáttur um að fá bara Grísará eins og hún er með sínum landamörkum — eða var áður en hún var lögð undir Kropp — keypta og gera hana að

ættaróðali og þá eðlilega á fasteignamatsverði. Nú vil ég taka það fram, að það hafa jarðir verið seldar eins og Grísará, sem ekki er til á sérstakt fasteignamat. Þá leiðir af því, að ríkisstjórnin verður að ákveða söluverðið og láta fara fram millimat, millifasteignamat. Það er óhjákvæmilegt að gera það. En hún er núna komin inn í Kroppsmatið, af því að það var búið að leggja hana undir þá jörð, þó að hún enn þá hafi sín ákveðnu landamerki eftir landamerkjabréfum, sem ekki hafa verið ógilt hvað það snertir, nema meðan sami eigandinn var að báðum jörðunum og notaði þær náttúrlega jafnhliða. Nefndin er sammála um að leggja til, að till. á þskj. 136 verði samþykkt og leyfð sala á Grísaránni.

Þá kemur önnur till., á þskj. 137, sem er eins og till. á þskj. 136 hvað Grísará snertir, en bætir við Syðri-Bægisá í Glæsibæjarhreppi. Þar býr nú prestsekkja, ekkja séra Theódórs, sem þar var prestur langa tíð. Henni hefur verið byggð jörðin til lífstíðar, þegar maður hennar lézt, fyrir kr. 144.55, og það er jörð, sem er miklu betri en Grísará og er sæmilega hýst. Það er nú kannske of skarpt að orði kveðið reyndar, að hún sé sæmilega hýst hvað útihús snertir, þau eru léleg, en íbúðarhús gott. Nú langar þessa prestsekkju til þess fyrst og fremst að tryggja sér að vera þarna, að mér skilst, og það er búið að tryggja henni það með því að leigja henni jörðina sína lífstíð á 144.55 kr. Það er leiga, sem hún mundi þurfa að borga á einum mánuði fyrir eina litla kompu hér í Reykjavík. Aðstæðurnar þarna eru þær, að það eru ekki líkur til þess, þó að þessi jörð væri seld sem ættaróðal, að neinn verði til að taka við því ættaróðali, þegar gamla konan fellur frá. Það eru uppkomnar dætur, sem ekki eru líkur til, eins og málið liggur fyrir nú, að muni eiga erfingja, sem taka við jörðinni, svo að það, þótt prestskonan vilji gera hana að ættaróðali fyrir ættina, er þýðingarlaust, eftir því sem ég bezt get séð. Hins vegar er búið að sjá þannig um ekkjuna hvað hennar samastað snertir með því að tryggja henni jörðina til lífstíðar fyrir þetta eftirgjald, að ég sé enga ástæðu til þess að vera að selja henni jörðina, því að fyrirsjáanlegt er, að hún með því mundi seljast aftur, að vísu þá til einhvers, sem tæki við jörðinni sem ættaróðali að nýju eftir hennar dag, en ég tel það alveg þýðingarlaust, og n. getur ekki lagt til, að þessi till. sé samþykkt.

Þá er till. frá hv. þm. Barð (GíslJ) á þskj. 157 um að heimila að selja Moshlíð í Barðastrandarsýslu ábúandanum þar. Þetta er allt saman hálfgert vandræðamál, hvernig á að fara með það. Moshlíðin er gömul hjáleiga frá Brjánslæk. Á sínum tíma, fyrir ekki löngu, var ákveðið að skipta Brjánslæk og gera þar nýbýli úr hálfum Brjánslæk. Það var farið vestur eftir, og landinu var skipt. Og þá var Moshlíðarlandi skipt úr, sem áður hafði átt sameiginlegt beitiland með Brjánslæk, svo að nú er Moshlíðarlandið út af fyrir sig og á ekki lengur sameiginlegt beitiland með Brjánslæk. En hins vegar er mér sagt, að byggingarbréf bóndans á Brjánslæk muni enn vera hjá skrifstofustjóranum í kirkjumálaráðuneytinu, Gústafi A. Jónassyni, og ekki búið að skrifa undir það. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hefur byggt sumarbústað inni á eyðibýli, sem heitir Hella og liggur dálítið fyrir innan Brjánslæk inn með firðinum. Það er út af fyrir sig ágætt, að þar er komin byggð, því að stóri gallinn á Brjánslæk hefur frá alda öðli verið sá, að þar hefur verið ákaflega flæðihætt, og skerin, sem mest hætta er á að flæði á, eru skerin undan Hellu, bæjarstæðinu þarna, og öðru bæjarstæði, sem Þverá heitir. Úr því kemur fram í ágústmánuð, þá kostar það bóndann á Brjánslæk alltaf fjóra tíma á hverri fjöru að fara með sjónum og reka frá, svo að fé ekki flæði. Þetta þurfti ekki á meðan þessi tvö eyðibýli voru byggð. Nú er mér sagt, að sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu óski ákveðið eftir því, að Hella, þar sem hans sumarbústaður stendur, verði aftur metin sér í fasteignamati, — hún hefur við síðustu möt fallið inn í Brjánslæk, — og hann fái hana til ábúðar og láti vera þar ráðsmann að staðaldri. Og í sambandi við það er mér líka sagt, að það sé talað um það, hvort eigi ekki að taka upp skiptingu á þessum löndum að nýju, þannig lagað, að Moshlíð fái meira land en hún nú hefur, sem er ákaflega lítið, og löndin skiptist einhvern veginn öðruvísi á milli þessara Brjánslækjarparta og Hella komi þá þar inn og fái þá sitt land. Hvað úr þessu verður öllu saman, veit ég ekki. En ég held nú, að það sé athugandi að minnsta kosti, hvort það eigi ekki að bíða með að ákveða nokkuð um sölu á Moshlíð, þangað til maður sér, hvað úr þessu verður. Ég ætla nú að hringja vestur til að vita, hvað Moshlíð er byggð fyrir. Hún hefur verið byggð upprunalega, að haldið er, af séra Bjarna Símonarsyni sem hjáleiga frá staðnum, Brjánslæk, og það er líklega núna í vörzlum hreppsstjórans, Hákonar Kristóferssonar, sem ég hef nú ekki talað við, en hér ekki hægt að fá það upp á stjórnarráðsskrifstofunum, hvað Moshlíð er leigð fyrir sér. Ég hefði því haldið, að það væri heppilegra, án þess að ég fullyrði það, að það væri beðið með þetta, þangað til maður sæi, hvernig þessum Brjánslækjarmálum þarna lyktaði, og a. m. k. vildi ég fara fram á það við flm., að hann tæki till. aftur til 3. umr., ef hann ekki vill alveg taka hana aftur, svo að ég gæti þá athugað hana betur.

Niðurstaðan verður þess vegna sú, að við leggjum til, að ein brtt. verði samþykkt, — um þá brtt., sem var tekin alveg aftur, þarf ég ekki að tala, — það er brtt. á þskj. 136. N. mælist til, að brtt. á þskj. 157 verði tekin aftur til 3. umr. Og við leggjum til, að brtt. á þskj. 137 verði felld.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir það, að hún mælir með brtt. okkar hv. 1. þm. N-M. á þskj. 136. Aftur á móti vill hún ekki mæla með þeirri till., sem ég flyt einn á þskj. 137, um að heimila að selja jörðina Ytri-Bægisá I í Glæsibæjarhreppi ábúandanum, frú Jóhönnu Gunnarsdóttur. Ég verð að sætta mig við þetta, og atkv. verða að ganga um þetta hér í hv. d., annaðhvort nú eða við 3. umr.

En ofur lítið hef ég að athuga við það, sem hv. frsm. landbn. sagði. Hann tók það fram, að það stæði allt öðruvísi á með Ytri-Bægisá heldur en Grísará, því að það væru sæmileg hús á Ytri-

Bægisá. Það er nú rétt, að það er sæmilegt íbúðarhús þar, sem ég veit ekki betur en að ábúandinn eigi. Séra Theódór Jónsson byggði það hús, eða þau hús, réttara sagt, og mun hafa átt þau, og ekkjan á þau auðvitað nú eða hans dánarbú. En útihús eru, held ég, mjög lítils virði og varla að hægt sé að segja, að þar séu nokkur útihús til. Hv. frsm. sagði, að prestsekkjan hefði lífstíðarábúð og þess vegna væri tryggt, að hún fengi að vera þarna til æviloka. Það kann nú að vera, að byggingarbréf hennar segi þetta, en það er nú ekki alveg víst, að hún eigi þann kost samt að vera til æviloka. Kona á níræðisaldri getur ekki verið ein á jörð og nytjað hana, og jafnvel ekki heldur, þótt hún hafi dóttur sína hjá sér, sem ekki er nema annað slagið. Og ég býst við, a. m. k. lítur frúin svo á sjálf, að það að fá umráð yfir jörðinni sé skilyrði þess, að hún geti verið þarna kyrr. M. ö. o.: Með því eina móti getur hún ráðstafað jörðinni á þann hátt, að hún geti dvalið þar. Það býst ég við að allir hv. þm. hér í d. geti skilið, að svo getur staðið á.

Þá sagði hv. frsm., að það væri enginn til að taka við, þegar prestsekkjan félli frá. Ja, hún á tvær dætur. Önnur þeirra er gift ágætum manni, — manni, sem hefur allt sitt líf fengizt við búskap og er hinn mesti ráðdeildarmaður og búmaður. Það get ég fullyrt, því að ég þekki þann mann mætavel. Það má kannske segja, að ekki séu líkur til þess, að þau hjón eignist afkomanda, en það kemur stundum fyrir, að hjón taka kjörbörn, og þau njóta sama réttar og eigin börn. Þess vegna getur hv. frsm. ekkert um það fullyrt, nema það verði til viðtakendur jarðarinnar. Hvað er hægt að fullyrða um það um ung hjón, til dæmis, hvort þau muni eignast barn eða ekki, og þó mundi ekki vera haft á móti því, að þau fengju jörð til að gera hana að ættaróðali. Svo er yngri dóttir þessarar öldruðu prestsekkju. Hún er ógift, og hún er ekki komin á þann aldur, að það sé með öllu útilokað, að hún geti eignazt afkomendur, svo að ég held, að þetta sé staðhæfing út í loftið bara. En hv. þm. verða að gera það upp við sig, og skal ég ekki fara fleiri orðum um þetta, hvort þeir vilja meta óskir þessarar gömlu konu um að fá fulla tryggingu fyrir að geta borið þarna beinin og dvalið þar til æviloka eða hvort þeir ekki vilja sinna því. Mér skildist á hv. frsm., að hann fyrir hönd n. legði til, að þessi till. væri felld. Er það ekki rétt? (PZ: Jú.) Úr því að svo er, þá sé ég ekki ástæðu til þess að taka hana aftur til 3. umr. Ég sé ekki annað en þá geti gengið atkv. um hana nú, því að n. mun að því leyti líkjast drottni, að hún sér sig væntanlega ekki um hönd.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að þakka hv. frsm. landbn. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér í sambandi við till. á þskj. 157. Hann telur, að það sé ekki hægt að afgreiða málið í n. fyrr en frekari upplýsingar liggja fyrir um það, hvort sinnt verði óskum sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um að fá eyðijörðina Hellu til ábúðar eða jafnvel til kaups. Ég skil ekki, að það hafi mikil áhrif á þetta mál, hvort samningar takast á milli sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og eiganda Hellu um það, hvort hann megi í orði kveðnu hafa bú á þessari jörð, því að vitanlega ætlar hann sér ekki að fara að búa þar. Sá sumarbústaður, sem hv. þm. talaði um, að hann hefði byggt á Hellu, — það má nú öllu nafn gefa, — er ekki annað en skúr, sem komast inn í 2—3 menn, ef þeir standa þar, og fluttur hefur verið þangað á litlum flutningsbíl og getur aldrei orðið neitt frambúðarhúsnæði fyrir ábúanda, enda þannig frá honum gengið, að hægt er að kippa honum með sér hvenær sem maður vill. Hef ég haft tækifæri til þess að skoða það reisulega hús. Þessi bústaður út af fyrir sig sé ég ekki að komi mikið þessu máli við. Ég hygg líka, að á bak við liggi það hjá sýslumanni að fá yfirráðarétt yfir þessu stóra landflæmi, sem fylgir þarna, til þess að geta m. a. ráðið því, hvort nokkrir aðrir nota landið, en ekki af því að hann eða hans fjölskylda ætli að fara að búa þar. Ég sé því ekki, að það mál út af fyrir sig komi nokkurn skapaðan hlut við afgreiðslu minnar till. á þskj. 157.

Þá sagði hv. frsm. einnig, að byggingarbréfið fyrir bóndann, sem nú er á Brjánslæk, væri enn ekki undirritað. Ég vildi gjarnan heyra frá einhverjum, er vissi um, hver er ástæðan fyrir því. Ætli ástæðan sé ekki sú, sem ég minntist nokkuð á hér um daginn, að það væri búið að fara svo með þessa jörð, ef bréfið yrði undirskrifað og skiptin og gerningurinn látinn haldast, að þá væri ómögulegt á eftir að fá nokkurn prest að Brjánslæk? Og þá furðar mig ekkert á því, þó að skrifstofustjórinn fyrir kirkjumálaráðuneytinu dragi það dag eða viku eða mánuð að undirskrifa slíkt byggingarbréf. Reynslan hefur þegar sýnt það, að það er útilokað að fá nokkurn prest á jörðina, ef á að uppfylla þá samninga, sem búið er að gera um þessa jörð í sambandi við ábúanda. Ég átti tal um þetta á sínum tíma við þá nefnd manna, sem hafði til athugunar frv. um breyt. á prestaskipunarlögunum, sem samþ. var hér fyrir nokkru, og einn nm., Sveinbjörn Högnason, og raunar fleiri nm. tóku mjög eindregið undir það, að það væri alveg ófyrirgefanleg ráðstöfun, sem þá hefði verið gerð af viðkomandi aðilum, að fara með Brjánslæk eins og búið var að fara með hann, því að það er alveg útilokað, að þangað fengizt nokkur prestur, og þess vegna yrði jörðin að vera í slíkri niðurníðslu eins og hún hefur verið um mörg ár og ómögulegt væri að rétta það við. Ég vildi nú mega biðja hv. form. og frsm. að athuga það, hvort hann getur ekki átt sinn þátt í því persónulega, að öllu þessu yrði kippt til baka. Ég veit ekki, hvað mikinn þátt hann hefur átt í því, að farin var þessi leið, en hann gæti þá kannske átt einhvern þátt í því að gera hér á þá nauðsynlegu leiðréttingu, svo að allir þeir samningar yrðu upphafnir og byggingarbréfið verði aldrei undirritað. Það væri nú það bezta fyrir alla aðila og mest til sóma fyrir þá menn, sem hafa haft með þetta mál að gera áður.

Ég sé því ekki, að hvorugt þetta mál komi nokkurn hlut við afgreiðslu minnar till. Það er engan veginn óeðlilegt og ekkert því til fyrirstöðu að selja ábúandanum jörðina með því landi, sem honum hefur verið úthlutað sem beitilandi sem ábúanda, því að ef það er nægilegt fyrir

jörðina, að hann hafi það beitiland eingöngu sem ábúandi um aldur og ævi og jafnvel hans niðjar, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að það sé einnig nægilegt, að hann hafi það sem eigandi jarðarinnar. Það breytir engu um möguleika til þess að búa á jörðinni, hvort landið er selt honum eða hvort það er afhent honum með þeirri kvöð, að hann verði að láta það aftur af hendi, þegar jörðin gengur úr ættinni eða hann fer þaðan. Ég sé því ekki, að það séu neinir erfiðleikar á því að selja jörðina með því landi, sem þegar hefur verið skipt til hans sem beitilandi. Ef hann hins vegar á einnig rétt á því að hafa ítök í Brjánslæk sem ábúandi á jörðinni, þá sé ég ekki heldur, að það megi ekki líka selja þau ítök, svo að það getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að gengið sé frá málinu nú þegar, en ég vil hins vegar mjög gjarnan fá um það efnislega afgreiðslu.

Ég skal gjarnan verða við þeim tilmælum hv. frsm. að taka till. aftur til 3. umr. og fá þá efnislega afgreiðslu um það, hvort d. vill mæla með því að selja jörðina án þeirrar kvaðar, að hún sé gerð að ættaróðali. Það er út af fyrir sig kjarni málsins fyrir kaupanda. Ég sé engan hag fyrir kaupanda eða ábúanda að breyta til og kaupa jörðina, ef hann á að vera háður því skilyrði, sem mér skilst að hv. frsm. haldi fast við, að jörðina verði að gera að ættaróðali. Þá getur hann alveg eins búið á jörðinni. Það hvetur hann ekkert til að byggja upp dýrar byggingar á þessari jörð, ef hann verður svo að ganga frá henni og láta hana í hendur ríkisins aftur með fasteignamati, þegar hann fer, og það er þess vegna, sem ég vil fá um það efnislega afgreiðslu og vænti þess, að það komi fram hjá n., þegar hún afgreiðir málið, hvort hún er því fylgjandi. Væri t. d. meiri hl. n. með því að vilja ekki samþ. það, þá getur vel verið, að ég taki till. alveg aftur, að fullu og öllu, því að ábúanda er enginn hagur í því að fá jörðina keypta með þeirri kvöð. Og ég er raunverulega alveg hissa á því, að það skuli ekki hafa verið gert út um það hér í þinginu nú síðari árin, hverjir það eru, sem fylgja þessari stefnu. Þessi stefna í jarðasölumálunum, að menn skuli skyldir til þess að lúta slíku ákvæði, hefur sýnt sig að vera ákaflega óholl. Hún bætir ekkert úr því, sem bæta þarf úr, að mennirnir fái hvöt til þess að endurbæta jarðirnar og til þess að eiga jarðirnar.

Hv. frsm. sagði hér áðan, að eigandinn á Grísará hefði verið slíkur hugsjónamaður, að hann hefði selt jarðakaupasjóði jörð sína, til þess að ekki væri hægt að braska með hana síðar. Já, sér er nú hver hugsjónin, segi ég. Ég vissi ekki betur en ásæknin á jarðakaupasjóðinn á sínum tíma væri svo mikil, að nærri helmingurinn af bændum landsins vildi selja jarðirnar, ef sjóðurinn hefði viljað kaupa. Það voru kannske allt saman hugsjónamenn. Ég þekki a. m. k. þó nokkrar jarðir í Barðastrandarsýslu, sem jarðakaupasjóður keypti á þeim tíma. Ég skal nú ekki segja, hvort á bak við það hefur legið frekar löngun til þess, að jarðakaupasjóður eignaðist jarðirnar, eða löngun til þess að hjálpa bændunum út úr erfiðleikum. En hitt veit ég, að sjóðurinn keypti jarðirnar og að þessar sömu jarðir eru bændur nú að kaupa aftur. Sumar hverjar hafa verið seldar þeim aftur, en hinar, sem enn þá eru í eign jarðakaupasjóðs, — og það má alveg benda á þær, þegar farið er um hreppana, hverjar þær eru, — eru í þeirri megnustu niðurníðslu, að það er ómögulegt að láta búa á þeim, vegna þess að jarðakaupasjóður vill ekkert fyrir jarðirnar gera. Á sama tíma sem notaðar eru allar leigur, sem ríkissjóður eða jarðakaupasjóður fær af jörðunum, verður að gefa stóra fúlgu með þeim á hverju ári. Og ég teldi vera miklu betur varið því fé til einhvers annars en að halda þessu kerfi við. Væri nauðsynlegt, að það væri gert út um það sem fyrst, hverjir vildu breyta þessu fyrirkomulagi og hverjir ekki.

Ég brosti nú, þegar ég heyrði þessi rök frá hv. frsm., því að einu sinni var nú sú tíð, að ég seldi sjálfur jarðakaupasjóði jörð, og þá var nú hans ágæti flokkur ekki lengi að halda um það stórar ræður og skrifa um það langar greinar, að það hefði nú ekki verið allt saman hugsjón, sem hefði legið á bak við, þegar sú jörð var seld. En ef það hefði verið nokkur meining í því, sem hv. þm. sagði áðan, þá hefði þó hans flokkur að minnsta kosti átt að stuðla að því, að jörðin lenti ekki í braski, og láta kaupin ekki ganga til baka, hvað sem verðinu leið, sem var þó ekki hærra en það, að þegar ég lét kaupin ganga til baka, voru margir um boðið, er vildu fá jörðina á sama verði. Og þá eiga líka allir þessir ágætu menn, sem stóðu að því að fá þeim samningum rift, sök á því, að sú jörð gæti lent í braski, úr því að þeir vilja endilega hafa það orð yfir það. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram hér, af því að hv. frsm. lagði svo mikla áherzlu á það, að þessi ágæti eigandi jarðarinnar hefði verið svo mikill hugsjónamaður að vilja selja jarðakaupasjóði jörðina.

Ég skal gjarnan taka till. aftur til 3. umr., till. á þskj. 157, en ég óska mjög eftir því, að málið verði efnislega afgr. í n., hvort n. öll eða hverjir úr henni eru því sammála, að jörðin verði seld kvaðalaust annaðhvort fyrir það verð, sem semst um, eða fyrir matsverð. Að öðru leyti óska ég ekki eftir því, að heimild til sölu jarðarinnar verði gefin, nema því aðeins að hún sé algerlega kvaðalaus.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Ég vil enn á ný benda hv. þm. Eyf. á það, að þegar nú prestsekkjan hefur jörðina til lífstíðarábúðar, þegar önnur systirin þar er gift manni, sem hann býst nú við að vilji búa þar, a. m. k. eftir hennar dag, að mér skildist á honum, þá ætti það að vera nokkur trygging, ef hún fengi að vera þar, meðan hún lifir. Ég sé ekki, að það sé neitt, sem bendir í þá átt, að það sé ástæða til þess að ætla, að þar komi ný ætt til sögunnar eða hennar ætt verði þar áframhaldandi á jörðinni með því að gera hana að ættaróðali.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Barð. skal ég nú ekki segja mikið, en einstaka atriði voru þó í ræðu hans, sem ég vil ekki láta alveg ómótmælt þegar á þessu stigi. Hann talaði að vísu um það, að hann mundi taka till. aftur til 3. umr., og ég er honum þakklátur fyrir það, því að það er ein hlið á málinu enn þá, sem ég þarf að athuga,

áður en ég vil slá föstu um mína afstöðu til sölunnar á Moshlíðinni.

En það, sem hann sagði viðvíkjandi opinberri eign á jörðum, ættaróðulum fyrst og fremst, og eign einstakra manna, var það atriði, sem ég vildi gjarnan segja nokkur orð um. Ég vil þá fyrst benda honum á það, að jarðir og lóðir hækka í verði af mörgum ástæðum. Það var sú tíð hérna í Reykjavík 1931, að það var ákveðið að selja allar lóðir. Það var stefna meiri hlutans í bæjarstjórn Reykjavíkur þá, sjálfstæðismannanna, að selja þær, til þess að þeir, sem keyptu þær, gætu aftur selt þær hærra verði og grætt á því. En af því lóðarverði verða þeir, sem á lóðunum búa, að borga leigu, beint eða óbeint. Þess vegna er það til bölvunar fyrir þjóðfélagið í heild að skrúfa verð á opinberum fasteignum, opinberu landi, sem öll matvælaframleiðsla og allir menn þurfa á að halda sér til lífsnauðsynja, — að skrúfa það meira upp en eðlilegt er. En það skrúfast þær ævinlega við allar sölur. Nú dettur íhaldinu í Reykjavík ekki í hug að selja lóðir. Það hefur það vitkazt síðan 1931. Þegar verið var að selja Eimskipafélagslóðirnar hérna niðri á uppfyllingunni, var verið að rífast um það hérna niðri í gamla íþróttahúsinu, sem núna er búið að rífa, hérna skammt frá, og því var haldið fram af íhaldinu, að það væri alveg sjálfsagt að selja þær. Nú mundi ekki einn maður reyna að forsvara það, og ekki einu sinni þm. Barð. Nú er hann búinn að öðlast þann skilning. Menn vitkast með aldri og reynslu. En nákvæmlega sama gildir um jarðirnar.

Ég bý á jörð — einhverri jörð — mína lífstíð, látum það vera 20, 30, 40 ár, og geri jörðinni eitthvað til góða. Það er sama, hvort það er mikið eða lítið, jörðin batnar við það í verði. Það má segja, að þessi verðhækkun, sem verður á jörðinni fyrir þetta, sé mín eign, ég hafi lagt hana fram, en jafnframt áður hefur ríkið lagt veg um sveitina, það hefur lagt síma um sveitina, það hefur stutt að því, að það kæmist rafmagnsleiðsla um sveitina o. s. frv., og þetta allt saman verður til þess, að jörðin hækkar líka í verði. Að liða í sundur, hvað hún hækkar í verði fyrir hvað eina, er ákaflega erfitt, en hún hækkar í verði fyrir þetta hvort tveggja og raunar líka margt fleira.

Kannske getum við bezt áttað okkur á því, hvað hún hækkar í verði, við það að líta á lóðir eins og t. d. lóðirnar, sem eru undir Hofsósi. Þær eru svolítill hluti af Hofi. Það var selt á 30 þús. kr. rétt fyrir 1920 og þótti hátt. Ríkið byggði þar bryggjur, sem hreppurinn hefur lagt á móti. Ríkið hefur lagt veg um sýsluna, sem liggur um Hofsós. Og núna, þegar ríkið keypti landið, svolítið brot af Hofslandinu, það sem er undir kaupstaðnum, þá gaf það fyrir það eitthvað hátt upp í 1 millj. kr., ég veit ekki nákvæmlega hvað. Það er verðhækkun, sem Hofsbóndinn hefur ekki átt nokkurn einasta þátt í að öðru leyti en það, að hann átti eignarrétt á landinu. Hann hefur ekki hreyft litla fingurinn til þess að láta þessa verðhækkun verða á þessu landi.

Nákvæmlega sama er t. d. núna að verða á Þórshöfn. Einstakur maður á þær lóðir allar saman. Það er ekki gert neitt til að láta þær hækka. Nú er kominn vegur þangað og í gegnum hana og áfram. Þar er verið að gera hafnargerð. Ríkið leggur í hana árlega. Og hvað skeður? Landið hækkar í verði og hækkar áframhaldandi í verði, og allir þeir, sem þurfa að búa þar, þegar búið er að selja lóðirnar næst, þurfa að borga meira, þeir þurfa að leggja meira á sína vinnu, þeir þurfa hærra kaup, þeir þurfa að selja sína vöru hærra, af því að þeir þurfa að standa undir meiri útgjöldum, sem væri hægt að losa þá alveg við með því að láta landið eiga það og verðið ekki hækka vegna þess arna.

Þess vegna er það, að ég mun aldrei verða með því a. m. k., hvað sem n. gerir, að selja hvorki Moshlíð né aðrar jarðir án þess að gera þær að ættaróðali. Það mun ég aldrei verða. En ég skal hvenær sem vera skal vera með því að selja jarðir og gera þær að ættaróðali. Það er alveg sama, hvort menn erfa ábúð á jörðunum hjá ríkinu eða erfa ættaróðul. Það er alveg sama, því að þegar ættaskipti verða á jörðunum, þá er það metið, sem ættin hefur gert á jörðinni, og það borgað. Þá fyrst og fyrr ekki hækkar leigan, og í framtíðinni þarf að standa undir hærri útgjöldum og fá hærra verð fyrir afurðirnar, sem framleiddar eru á henni, þá fyrst, en fyrr ekki. Og það getur verið lengi, sem það er. Þetta sjá nú allir og skilja. Að þessu er nú unnið, t. d. í Þýzkalandi alveg ákveðið og markvisst og víðar í heiminum, og yfirleitt eru menn farnir að skilja þetta. Það eru ekki nema einstaka menn, sem enn þá eru þannig gerðir, að þeir vilja fá að eiga fasteignina, hvort sem það er lóð eða jörð, til að vera vissir um að geta seit hana og fengið í sinn vasa það, sem ríkið kann að hafa gert til þess að láta lóðina eða jörðina hækka, en ekki láta heildina njóta neins með því að geta búið hægara og öruggara að öllu í framtíðinni með því að láta verðið ekki hækka.

Þess vegna þýðir ekkert hvað mig snertir að fresta málinu í von um það, að ég verði nokkurn tíma með því að selja þessa jörð án þess að gera hana að ættaróðali. En það getur vel verið, að ég geti verið með því að selja hana, ef hún er gerð að ættaróðali. (**Dómsmrh.**: Hvar er Moshlíð?) Það er gömul hjáleiga frá Brjánslæk, liggur rétt hjá Brjánslæk. (**Dómsmrh**: Eru horfur á kaupstað þar?) Nei, en mín afstaða stendur í sambandi við það, hvað jarðirnar eru orðnar hærri en þær voru. Þær hækka, þótt hægara sé en lóðirnar.

Ég held ekki, að ég kæri mig um að segja meira um málið, en mér þykir vænt um það, að till. er tekin aftur til 3. umr., því að það eru viss atriði í henni, sem ég vil athuga, áður en ég tek afstöðu um, hvort ég er með því að selja jörðina eða ekki.

Það er náttúrlega með jarðir eins og Moshlíð, þar sem búið er að skipta núna öllu landi út, mjög litlu landi, að þær jarðir, sem þannig eru settar og eiga að byggjast eingöngu á sauðfjárrækt, eru í hálfgerðu hallæri, sérstaklega þegar þær eru eins og á Barðaströndinni, þar sem eiginlega enginn upprekstur er til, sem hreppsfélagið á, heldur er það lítið, sem hægt er að reka á, upprekstur einstakra manna, sem þá verða að leyfa hann. En það skal ég athuga betur seinna, og skal ég ekki fara frekar út í það núna.

ATKVGR.
Brtt. 157 tekin aftur til 3. umr.
— 137 felld með 8:6 atkv.
— 136,1 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 136,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðir í opinberri eigu.**

---

Á 22. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 170, 157, 171).

Afbrigði um brtt. 171, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Mér skilst, herra forseti, að bæði till. á þskj. 157 og eins till. um Miðhúsin á þskj. 171 þurfi að orðast um og stílast, eins og nú er komið, við frv. eins og það er prentað eftir 2. umr. Þess vegna hefði ég nú talið réttast, að málinu væri frestað núna og flm. till. á þskj. 157 og 171 orðaði þær um og stílaði þær við frv. eins og það er núna á þskj. 170 og það kæmi fram þannig hér í d. Það er ekki hægt að samþ. þær inn í frv. eins og þær eru. N. hefur að vísu komið saman og tekið afstöðu til Moshlíðar. Þessi jörð er tiltölulega nýlega byggð á 250 kr. á ári. Árgjaldið hefur verið greitt af henni seinast 1949 og er greitt gegnum prestinn á Patreksfirði, sem hefur gefið út fyrir jörðinni fyrir hönd ríkisstjórnarinnar byggingarbréf, sem núna liggur uppi í kirkjumrn. hjá Gústafi A. Jónassyni, sem á aðeins eftir að skrifa undir það, og verður sent heim aftur, svo að Reynir Hjartarson er sama sem búinn að fá jörðina til lífstíðarábúðar með 250 kr. eftirgjaldi. Þrátt fyrir það sér n. ekkert athugavert við það, að honum sé seld þessi jörð með þeim ummerkjum, sem hún er nú búin að fá, með þeim landskiptum, sem þarna hafa farið fram, og þá um leið með því skilyrði, að hún verði gerð að ættaróðali. Þá væri hún ekki seld eftir mati, heldur eftir lögunum, sem um það gilda, samkv. fasteignamati, og gerð að ættaróðali. En þetta þyrfti að breytast alveg. 3. *málsgr.* í frv. þyrfti þá að orðast svona: Enn fremur er ríkisstj. heimilt að selja jarðirnar Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Hreiðari Eirikssyni og Moshlíð í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu ábúandanum Reyni Hjartarsyni, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðali. — Og þá þarf að koma ný brtt. við sjálft frv. eins og það er núna. Og ég vil mælast til þess, að forseti taki málið út núna, og gera ráð fyrir, að n. komi þá með svona brtt. næst og þá kannske líka um Miðhús.

Ég skal játa það, að mér er ekki ljóst með Miðhúsin. Þetta er gömul eyðijörð, sem hreppsstjórinn í Gufudalssveit hefur séð um byggingu á. Það liggur ekkert fyrir hér í Reykjavík, hvað hún hefur verið byggð fyrir, og ekki heldur neitt nánara um það. Land jarðarinnar mun vera heldur lítið og báðum megin fjarðarins. Hún er ekki metin á nema 900 kr., húsalaus að vísu. Hús eru þar engin. Hefur jörðin verið leigð hinum og þessum sitt á hvað, var við síðasta fasteignamat byggð lausamanni eða leigð lausamanni, sem þá var á Þórustöðum, mun nú vera leigð manni, sem er í Djúpadal, og ég er ekki viss um, hvort jörðin er það stór, að það sé rétt að selja hana til þess að gera hana að ættaróðali, — hafi nóg land til þess að geta orðið almennilegt býli fyrir neina ætt til að lifa á af búskap. Það á ég eftir að rannsaka nánar. En ef það reyndist við rannsókn, að hún væri það, þá mundi ég vilja setja hana inn í sem þriðju jörðina, sem ríkisstj. þá væri heimilt að selja með því að gera að ættaróðali. Ef hún aftur á móti reynist svo lítil, að það sé ekki fært eiginlega að gera hana að sjálfstæðu og almennilegu býli, þá veit ég ekki, hvort það væri nokkuð betra gert við hana en að lofa mönnum að nota hana svona sitt á hvað, sem eru lausamenn og eiga einhverjar skepnur, eins og hefur verið sýnilega núna um 20—30 ára skeið.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Hv. frsm. n. óskaði eftir því, að umr. um þetta mál yrði frestað. Mér finnst eðlilegt, að slík ósk sé tekin til greina. Mér þykir þá einnig eðlilegt, að ég mæli hér nokkur orð fyrir till. minni á þskj. 171, áður *en umr. er frestað.*

Till. mín á þskj. 171 er þess efnis að afla heimilda fyrir ríkisstj. til þess að selja jörðina Miðhús í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu Samúel Zakaríassyni í Djúpadal, er nú nytjar jörðina. Að ég hef stílað þessa till. á eftir 2. tölul. í 1. gr. stafar beinlínis af því, að ég tel, að það sé ekki hægt að setja það skilyrði fyrir sölunni að gera þessa jörð að ættaróðali, eins og hv. frsm. einnig kom nokkuð að. Og það er einmitt af þeirri ástæðu, að ég hef ekki flutt þessa brtt. sem viðbót við brtt. mína á þskj. 157 eða gert eina brtt. úr báðum till. Ef hv. n. kæmist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unnt að gera þetta að sérstöku býli, og ég hygg, að hv. frsm. sé ekki langt frá þeirri hugsun að viðurkenna það, þá á að sjálfsögðu till. heima í 1. gr. á eftir 2. tölulið og á því að berast upp þannig. Hins vegar hefur n. lýst því yfir, að hún muni ekki vilja mæla með því, að jörðin Moshlíð verði seld án skilyrða, og verði það niðurstaðan, að sú jörð verði aðeins seld með því skilyrði að gera hana að ættaróðali, þá á hún að sjálfsögðu að berast upp og bætast við síðasta málslið 1. gr. Það er því ekki hægt að sameina till. og því rétt, að þær séu bornar upp hvor í sínu lagi, eins og ég einnig hef gert ráð fyrir. Ég sé því enga ástæðu til þess að fresta málinu til þess að geta borið upp till. á þskj. 171, nema síður sé. Hins vegar getur verið ástæða til þess að fresta málinu, ef hv. n. vill sjálf gera brtt. við mína brtt. á þskj. 157, og þykir mér rétt, að sú meðferð verði höfð á málinu.

Ég vil svo að síðustu í sambandi við till. mína á þskj. 171 upplýsa, að þessi jörð er, eins og hv. frsm. gat um, svo lítil að landi, að ógerlegt er að hafa þar sjálfstæðan búskap, nema eitthvað annað eða *meira komi til.* Jörðin *er núna* leigð manni, sem er í húsmennsku í Djúpadal, og Djúpadalsjörðin er nytjuð þannig, að þar situr oddviti hreppsins og býr á nokkrum hluta jarð-

arinnar, en tveir húsmenn, sem þar eru, Samúel Zakaríasson og Gísli Gíslason, búa einnig á jörðinni og á Miðhúsum. Hefur Samúel fengið Miðhús leigð, og án þess, að þetta fylgdi Djúpadalnum, þyldi sú jörð ekki þann búskap, sem þar er rekinn. Ég tel því, að það sé heppilegast að selja þessa jörð frjálsri sölu, svo að viðkomandi aðilar þurfi ekki að raska þeim búskaparháttum, sem þeir hafa þarna á Djúpadal, og eigi það ekki á hættu, að öðrum sé seld jörðin og þar með fyrirmunað að halda áfram sínum búskap. Læt ég svo þetta nægja í sambandi við till.

En úr því að ég hóf hér máls, þykir mér rétt að minnast nokkuð á einstök atriði, sem hv. frsm. n. (PZ) sagði hér við síðustu umr. Ég hafði þá talað tvisvar og hafði ekki leyfi til þess að svara við þá umr., en mun nú nota tíma minn hér til þess að svara nokkrum af þeim atriðum, sem hann gat þá um í sambandi við sölu þjóðjarða almennt. Hann gat þess, að það væri til bölvunar fyrir þjóðina að skrúfa upp verð á jörðum, og taldi, að þetta fyrirkomulag, að banna sölu þjóðjarða nema að setja það skilyrði, að þær væru um leið gerðar að ættaróðulum, kæmi alveg í veg fyrir verðhækkun, — verðhækkun, sem á sér stað, *oft og tíðum fyrir aðgerðir hins opinbera*, eins og hv. þm. tók réttilega fram. Til sönnunar sínu máli benti hann á, að nú mundi engum manni detta í hug að selja lóðir í Reykjavík, nú væru þær eingöngu leigðar, og kom svo með ýmis önnur dæmi, svo sem um verðhækkun á Hofsós og Þórshöfn og víðar.

Ég vil út af þessum ummælum benda hv. alþm. á, að það fyrirkomulag, sem nú er haft á sölu þjóðjarða, fyrirbyggir á engan hátt, að slíkt komi fyrir eins og hér er á minnzt af hv. 1. þm. N-M., og skal aðeins taka hér nokkur dæmi máli mínu til sönnunar.

Ég veit ekki betur en að jörð sú, sem þorpið Skagaströnd stendur á, sé í dag og hafi lengi verið ríkiseign, það hafi verið byggt ákveðnum aðila til lífstíðar og ekki selt. En þegar átti að fara að taka þessar lóðir til þess að nýta þær fyrir ríkið sjálft, þar sem það var að byggja á Skagaströnd, þá varð ríkið að kaupa sín eigin lönd fyrir okurverð, alveg eins og íbúarnir á Hofsós hafa orðið í dag að kaupa lóðirnar á Hofsós fyrir okurverð af jarðeiganda. Það er bara sá munurinn hér á, að íbúarnir á Hofsósi urðu að kaupa þetta af öðrum eiganda, en ríkissjóður varð að kaupa sínar eigin eignir með okurverði, *og það kemur einfaldlega til af því*, að umráðarétturinn er um ótakmarkaðan tíma, eða a. m. k. mjög langan tíma, í höndum annars aðila, sem ekki á landið, og ekki hægt að taka af honum þennan umráðarétt nema borga fyrir það eins mikið fé eins og verið væri að selja sjálft landið. Þetta veit hv. þm. um.

Við vitum einnig um, að ríkissjóður á allar lóðir í Vestmannaeyjum og á Siglufirði. En það vita líka jafnframt allir, að allar þær eignir, sem standa á þessum lóðum, eru seldar við mjög mismunandi verði eftir því, hvar þær standa á þessum löndum. Þegar aðstaðan hefur batnað fyrir aðgerðir þess opinbera í sambandi við vegi, hafnir og fleiri mannvirki, þá hefur verið boðið miklu meira í leigu eða í kaup á þeim eignum, sem standa nálægt þeim stöðum, þar sem framkvæmdirnar hafa orðið, og sú verðhækkun kemur engan veginn til góða fyrir landeiganda, hvorki í einu né öðru þorpi. Það nákvæmlega sama gildir um lóðir í Hafnarfirði, sem allar eru í eigu bæjarins. Þó að ekki sé tekið nú í leigu í Hafnarfirði nema 10 aurar af hverjum fermetra af lóð, hvar sem hún stendur í bænum, þá er það vitanlegt, að þegar húseigandi selur eign á lóð í Hafnarfirði, sem stendur við athafnasvæði eða aðalgötur, þá fær hann margfalt meira verð fyrir þessa eign, bara vegna þess að hún stendur á þessari lóð, og lóðareigandi hefur engan ágóða fyrir verðhækkunina.

Auk þess er um allt annað að ræða hér í sambandi við ríkisjarðirnar eða um lóðir almennt. Lóðir, hvort heldur er um að ræða í Reykjavík eða annars staðar, eru leigðar, og allt það, sem gert er á lóðinni, er gert á kostnað þess aðila, sem hefur lóðina á leigu, og hann getur notið *verðhækkunar á þeim mannvirkjum, ef hann* hefur tryggt sér lóðarréttindi, svo að ekki þurfi að fara með eignirnar burt innan ákveðins tíma.

En í sambandi við jarðirnar er allt öðru máli að gegna. Þar er ekki einungis landið leigt, heldur eru *einnig mannvirkin* leigð, húsin, jarðabæturnar, girðingar o. fl., o. fl., ef það er í eign eða að svo miklu leyti sem það er í eign ríkissjóðs. Og vegna þess að ríkissjóður hefur brugðizt skyldu sinni um það að byggja upp á þessum jörðum, þá hefur ekki heldur verið hægt að leigja að fullu mannvirkin, vegna þess að ríkissjóður hefur ekki átt nema brot af þeim, og allt er það svo mikill hrærigrautur í sambandi við þessi mál, að það sætir undrum, að Alþ. skuli ekki fyrir löngu hafa sett um þetta aðra og hollari löggjöf. Og það er einmitt vegna þess, að það er sífellt stríð á milli jarðareiganda og ábúanda um framkvæmdirnar, vegna þess að ríkissjóður sér sér ekki fært, sem ekki er eðlilegt, að setja í stórar framkvæmdir á slíkum jörðum, fá aðeins 3% í leigu fyrir það fé, sem hann lætur í slíkar framkvæmdir, og getur svo ekki haft neitt eftirlit t. d. með viðhaldi þessara eigna. Þetta er oft og tíðum nítt svo niður, að það er lítils virði, eftir að búið er að leigja þetta mönnum ákveðið tíma*bil*, svo að *hér er raunverulega um allt annað* að ræða en um lóðir í kaupstöðum.

Ég gæti vel fallizt á það, að þessum l. yrði breytt þannig, að ríkið ætti landið sjálft og um það yrðu gerðir samningar til 99 ára, eins og gert er um lóðir almennt, og að lóðargjaldið eða landgjaldið þannig yrði ekki hækkað, og þetta væri leiguréttur, sem gengi frá manni til manns, alveg eins og gert er um lóðir í kaupstöðum, en það er allt annars eðlis en það, sem nú er gert í sambandi við þessi mál.

Mér þykir rétt, svona mönnum til gamans, að gefa nokkra hugmynd um, hvernig þetta dæmi kemur út reikningslega fyrir ríkissjóð. Árið 1942 voru allar tekjur af ríkisjörðunum kr. 293530.35. Þetta eru heildartekjurnar af öllum ríkisjörðum í landinu. En kostnaðurinn á sama ári er um kr. 782011.90. Þetta eru nú þessi viðskipti hins opinbera. Og hvernig er svo þessum kostnaði mætt? Honum er mætt á þann hátt, að það eru seldar jarðir fyrir kr. 141000.00. Nú á þessi söluupphæð

að ganga til þess að mæta ákveðnum verkefnum, og það sést ekki í ríkisbókhaldinu, hvort þetta fé hefur verið greitt út aftur til þeirra aðila, sem eiga að taka á móti því, og sé því innifalið í þessum kr. 782000.00, og ef svo væri, þá hefur ríkissjóður orðið að skulda einhvers staðar þessa sömu upphæð. Mér skilst nú helzt á bókhaldinu, að það hafi verið notað til viðhalds og annars kostnaðar og væri því skuld við viðkomandi aðila, sem á að taka á móti þessum upphæðum. En síðan er lagt frá ríkissjóði kr. 350000.00, og þannig koma út kr. 784000.00 til þess að mæta gjöldunum.

Það sér nú hver maður, sem vill líta á þetta réttlátum augum, að svona rekstur frá ríkisins hálfu er náttúrlega algerlega óverjandi ár eftir ár, og ofan á þetta er þó greiddur jarðabótastyrkur, sem á að bætast við þessa upphæð. Það er raunverulega ekkert annað að gera en að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því, að þessi mál verði tekin til meðferðar, það verði hætt að gefa með þessum jörðum, eins og hefur verið gert á hverju ári. Hér hefur verið gefið nærri kr. 400000.00 með jörðunum árið 1952, og það er sýnilegt á fjárlagafrv. fyrir árið 1954, að það er ætlazt til þess, að þessi upphæð fari hækkandi. Það er því sjálfsagður hlutur að taka þetta mál rækilega til athugunar, þótt það sé ekki í sambandi við afgreiðslu þessara till., sem hér liggja fyrir, og hætta að ausa þannig að óþörfu úr ríkissjóði, og það alveg sérstaklega þegar vitað er, að þetta kemur ekki heldur bændunum að neinu gagni, því að eins og ég sagði hér í gær, má svo að segja þekkja þessar jarðir úr í landinu vegna þess, hversu þær eru langsamlega mest niðurníddar af öllum jörðum í landinu af þeim ástæðum, sem ég hef þegar tekið fram.

Það má fara allt aðra leið til að tryggja það, að verðhækkun á eignum í landinu fari ekki að öllu leyti í vasa eigandans, sem ég fyrir mitt leyti tel ekki óeðlilegt, að gert yrði, og um það vildi ég gjarnan mega hafa samráð við þá menn, sem hafa hug á því að koma þeim málum eitthvað áfram. En þessi aðferð er ekki til þess að fyrirbyggja það á einn eða annan hátt.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Mér skildist á síðasta ræðumanni, þm. Barð., forseta d., að hann væri því enn þá mótfallinn, að málinu væri frestað nú, og þá verð ég að koma með brtt. skriflega f. h. nefndarinnar um það, að 3. málsgr. 1. gr. orðist svo:

„Enn fremur er ríkisstj. heimilt að selja jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eirikssyni og Moshlíð í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu ábúandanum Reyni Hjartarsyni, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðulum."

Miðhúsa höfum við ekki tekið afstöðu til, og fyrst forseti vildi ekki fresta málinu, þá verður ekki heldur af n. tekin afstaða til þess, hún hefur um það óbundnar hendur, hvað hún segir um Miðhúsin.

Viðvíkjandi því, sem síðasti ræðumaður, þm. Barð., var að segja almennt um málið, þá vildi ég gjarnan benda honum á það, að hann gáir ekki að því, að þegar samkomulag varð um það í Alþ. að setja lög um erfðaábúð og óðalsrétt, þá var þar með slegið föstu, að þeim kostnaði, sem hann er að tala um, og þeirri kvöð, sem hann vildi láta ríkið taka á sig með því að byggja á ríkisjörðunum, opinberu jörðunum, var létt af að öllu leyti með því, að manni var heimilt að fá lán út á jörðina eins og hann ætti hana sjálfur — fá sams konar lán til að byggja á henni og rækta á henni eins og hann ætti hana sjálfur, og heimild að lögum að veðsetja jörðina fyrir slíku láni. Þess vegna var þá einmitt gengið út frá því, að það yrði komið því fyrirkomulagi á með jarðeignirnar annars vegar, að þær væru eign þess opinbera og þá byggðar með erfðafestu, og ef þær væru ekki eign þess opinbera, heldur seldar, þá gerðar að ættaróðulum, til þess að sama ættin gæti notið jarðarinnar án frekari verðhækkana á meðan hún yfirleitt vildi. Í þessum l. eru svo ákvæði um það, að þegar ætt fellur frá, þegar enginn er til af ættinni til að taka við jörð, sem er í ættaróðali, þá fer fram nýtt fasteignamat, og þá tekur hin nýja ætt, sem við jörðinni tekur, við henni eftir mati. Á sama hátt fer um erfðaábúðarréttinn. Þegar enginn er til að taka við honum, þá fer líka fram nýtt mat, fasteignamat, og nýja ættin, sem tekur við erfðaábúðinni, tekur við jörðinni með því mati. Hitt er svo annað mál, og það er það, sem þm. ruglar saman, að af því að þetta er tiltölulega nýtt og þó að eftirgjaldið sé ekki nema 3% af matsverði jarðarinnar, sem á að byggja jörðina fyrir eftir lögunum um erfðaábúð, þá hafa ekki enn þá nema sárafáar jarðir af opinberu jörðunum tekið erfðaábúð. Þær eru með lægra afgjald en 3%, sumar miklu lægra afgjald, eins og við heyrðum um Bægisá í gær, sem er svolitið á annað hundrað króna afgjald á ári, og þess vegna hafa menn heldur viljað hafa það svo en að taka erfðaábúðina og tryggja ættinni til frambúðar rétt á jörðinni, — eða um Moshlíðina núna, sem er með 250 kr. afgjald á ári. Það er svo létt, og hann hefur þó ekki fengið nema lífstíðarábúð, hann hefur ekki beðið um erfðaábúð. Hann mundi strax fá erfðaábúð, ef hann beiddi um hana, og þá getur hann veðsett Moshlíðina, alveg eins og Gísli Jónsson veðsetti sitt hús. Þegar hann ætlar að taka lán út á hana til að byggja fyrir, þá hefur hann rétt og leyfi til þess að gera það.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í þetta mál nánar. Þetta er umdeilt mál, ekki á milli flokka, það á formælendur innan Sjálfstfl., sem eru heitari eða eins heitir og ég í málinu, eins og t. d. Jón á Reynistað o. fl., svo að það er ekki neitt flokksmál, heldur er það mál, sem menn bara líta misjafnlega á eftir því, hvað mikinn skilning þeir hafa á því, hvernig landið er undirstaða undir allri framleiðslunni og lífsþörf mannanna, hve mikil bölvun það er fyrir heildina, þegar það er sprengt upp í verði með endalausum kaupum og sölum. Þó að einstaka menn geti grætt á því, þá verður heildin að blæða fyrir það með því að borga hærra verð fyrir þær nauðsynjar, sem jarðnæðið þá lætur í té.

Ég skal svo leyfa mér að afhenda forseta þessa till., en með því er því slegið föstu frá n. hálfu, að hún hefur óbundnar hendur um Miðhúsin og hefur ekki tekið afstöðu til Miðhúsanna.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér sérstaklega í deilu um það, hvaða jarðir eigi að selja eða ekki. En út af frv., sem hafa komið hér fram um sölu á þjóðjörðum, er eitt atriði, sem ég finn í þessum frv., sem hér liggja fyrir, af þeirri tegund, sem ég ætla sérstaklega að ræða um. Menn virðast ekki gera sér það ljóst, að það eru tvær heimildir um sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Það er í l. um erfðaábúð, eins og hv. þm. virðast gera sér grein fyrir. En það eru til önnur l. frá Alþ. um þetta efni, og þau eru nr. 4 frá 1946. Þessi l. hafa verið framkvæmd undanfarið eins og ákvæði þeirra segja til, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að benda á þessi ákvæði 1. gr. og lesa þau hér upp:

„Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. l. nr. 116 30. des. 1945 um ættaróðal og erfðaábúð og auk þess eftirfarandi skilyrðum.“ Hér í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að það verði gefin út lög um það, að ábúandi fái jörð keypta gegn því að gera hana að ættaróðali. Það eru lög fyrir þessu nú þegar. Þessi lög hafa alltaf verið framkvæmd, og ég skýrði frá því hér einmitt, þegar verið var að ræða um sölu jarða, að þessi lög frá 1946 hefðu verið framkvæmd jafnhliða lögunum um erfðaábúð og ættaróðul og þess vegna þyrfti ekki á þessum heimildum að halda. Það er sú stefna, sem tekin hefur verið hér á Alþ., að það megi selja jarðirnar, ef þær eru gerðar að ættaróðali og komið í veg fyrir, að þær séu seldar aftur. Hins vegar virðist sú stefna gægjast hér fram að selja jarðir, ekki samkvæmt fasteignamati, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum og lögunum um erfðaábúð, heldur samkvæmt sérstöku mati, en það er næstum því útilokað, að hægt sé að gera það. Ef jarðirnar eru metnar til verðs og seldar með venjulegu gangverði, þá kæra menn sig alls ekkert um að kaupa jarðirnar undir þeim kringumstæðum og gangast undir þær kvaðir, sem lögin um erfðaábúð gera ráð fyrir, enda verða það að vera fjársterkir menn, ef þeir geta keypt jarðirnar eftir mati og jafnframt gengizt undir þær kvaðir, sem lögin um erfðaábúð gera ráð fyrir, þar sem er ekki heimilt að veðsetja jarðirnar nema að mjög litlu leyti og auk þess kemur til ýmislegt fleira. Þær jarðir, sem sérstaka heimild þarf til að selja, og það kemur líka fram hér í þessu frv. og brtt., eru þær jarðir, sem ekki eru í löglegri ábúð, annaðhvort í eyði eða nýttar, án þess að þær séu í löglegri ábúð. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, vegna þess að það virðist ekki vera öllum ljóst hér í hv. d.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 176) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Mér finnst það svo athyglisverðar upplýsingar, sem hv. þm. Str. gaf hér, að full ástæða sé til þess að fresta nú málinu og að n. taki það atriði til athugunar, hvort þörf er yfirleitt á þessari löggjöf, sem stendur til að setja hér. Ég segi fyrir mig, — að vísu stend ég ekki að þessu frv., en hef þó síðan 1946 borið fram frv. um sölu þjóðjarða, — að ég hafði skilið þessi lög þannig, að eitt af því, sem kaupandinn þyrfti að fullnægja, væri að búa á jörð með erfðaábúð, en það kann að vera misskilningur. Og eftir því sem þm. Str. hefur skýrt þetta, þá virðist svo vera, og þá er auðvitað ekki rétt að vera að setja löggjöf um það, sem engin lög þurfa til, ef svo væri.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég sé nú ekki að það sé nein ástæða til þess að fresta umr. um þetta mál fyrir þær upplýsingar, er komu fram frá hv. þm. Str. Það er alveg ljóst og hefur öllum hv. þm. verið ljóst, að þessi lög eru til. En það er líka ákveðið í þessum lögum, að það skuli uppfylla sérstök skilyrði, m. a. er ekki hægt að selja jörð, nema viðkomandi aðili hafi búið á henni áður í 3 ár. Um Moshlíð er það að segja, að þessu ákvæði hefur ekki verið fullnægt, og svo er e. t. v. um fleiri ákvæði. Það eru þess vegna sett önnur ákvæði í sambandi við þessi l., og ef þau ákvæði eru ekki fyrir, þá er ekkert óeðlilegt að bera fram sérstakt frv. um það að heimila að selja jarðirnar, þó að öðrum ákvæðum sé ekki fullnægt en þeim að gera jörðina að ættaróðali. Ég hygg, að hvenær sem hefur verið óskað eftir sérstakri heimild frá Alþingi, þá hefur það verið af þeim ástæðum, að það hefur ekki verið hægt að öllu leyti að fylgja ákvæðum laga frá 1946. Hins vegar er það vitað, og það veit hv. þm. Str. máske langbezt, að ráðuneytið hefur líka selt eignir án þess að þessum ákvæðum væri fullnægt, þ. e. a. s. án þess að hafa haft heimild til að selja þær. (Gripið fram í.) Það var t. d. Kaldaðarnesið. Það voru aldrei uppfyllt þessi ákvæði af ábúanda, því að það var enginn ábúandi á Kaldaðarnesinu. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og sé þess vegna enga ástæðu til þess að fresta umr. af þeim ástæðum.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Það er vissulega alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að það þarf sérstaka lagaheimild til þess að selja jarðir án þess að gera þær að ættaróðali. Það er, eins og ég sagði líka í þeim orðum, sem ég lét falla hér áðan, að sú stefna gægðist hér fram að taka upp þá söluaðferð og afla heimildar til þess. En það, sem ég var að benda á, stendur vitanlega óhaggað, að það þarf enga heimild til þess að selja jarðir, þar sem ábúendurnir eiga rétt á því að fá þær keyptar, hvort sem þær eru í erfðaábúð eða venjulegri leiguábúð. En ég vil benda á, að það er ekki ástæðulaust, að ég minntist á þetta, vegna þess að það hefur verið aflað þessara heimilda á Alþ. fyrir menn, sem búa á ríkisjörðum, og var sett inn ákvæði í hv. Nd. um, að verðið á jörðunum skyldi fara eftir mati, en þeir skyldu gera þær að óðalseign. Þeir sögðu undireins, ábúendurnir, samkvæmt því sem eðlilegt var: Við höfum réttinn til að kaupa jarðirnar fyrir fasteignamat og gera þær að óðalseign, og við kaupum vitanlega ekki eftir sérstöku mati. Þetta þurfum við nú ekki að ræða frekar, því að þetta eru skýr ákvæði, að ég hygg, sem ekki verða vefengd.

Viðvíkjandi sölu Kaldaðarness, þó að það snerti mig nú ekki neitt, því að ég framkvæmdi

ekki þá sölu og hef aldrei framkvæmt sölu nema eftir skýrum lagaheimildum, — þá vildi ég nú geta þess, vegna þess að sá ráðherra, sem það framkvæmdi, er ekki hér, að maðurinn, sem keypti Kaldaðarnes, bjó á og hafði skýlausan rétt til þess að búa áfram á ríkisjörð, var búinn að búa þar meira en í þrjú ár, sem er sá tími, er þarf til þess að hafa réttinn til að kaupa. Og af þeim lögfræðingum, jafnvel skrifstofustjórum, sem sá ráðh. leitaði til, var álitið, að það væri óhætt að lögjafna til þessa atriðis, — fyrst maðurinn væri með sérstökum ráðstöfunum hrakinn burt af jörðinni, sem hann hafði rétt til að kaupa, þá væri eðlilegt, að hann fengi rétt til þess að kaupa aðra jörð. Þetta var sú lögjöfnun, sem þarna var álitin heimil, og ég skal ekkert um það dæma, hvort sú lögjöfnun fær staðizt eða ekki. En ég vil samt sem áður að gefnu tilefni skýra frá því, að þetta var sú heimild, sem sá ráðherra taldi sig hafa til þess að selja jörðina.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þm. Str. lítur svo á, að það sé ekki þörf á því að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, nema að því leyti sem það snertir Eyvindará og Heiðarhús, eða mér skilst það. Ég held, að þetta sé misskilningur að nokkru leyti a. m. k. Hvað snertir Grísará í Eyjafirði, þá hefur sá, sem þar er nú, eða sá, sem nytjar það land nú, fengið það leigt frá ríkissjóði ásamt hluta af landi frá annarri jörð. Hann býr núna á pörtum af tveimur jörðum, og hann hefur engin hús á Grísará, hann er þar ekki skrifaður til húsa, hann er skrifaður til húsa í Reykhúsum. Þar hefur hann búið, síðan hann fékk afnot af Grísará, og stjórnarráðið fékkst ekki á sínum tíma til að byggja honum Grísarána lengur en til 6 ára, frá 1949—55. Ég álít þess vegna a. m. k., að það muni orka nokkuð tvímælis, hvort hægt er að láta hana heyra undir 1. gr. laga um ættaróðul og erfðaábúð, þar sem tekið er fram heilmargt, sem þarf að vera til staðar, til þess að salan verði heimil eftir l. frá 1946, og það a. m. k. sé mjög vafasamt, hvort ekki þurfi að taka það sérstaklega fram hvað Grísará snertir. (Gripið fram í.) Nei, hann býr þar ekki. Þess vegna þarf að taka Grísará í frumvarpið, ef sala á að vera heimil.

Öðru máli gegnir um Moshlíðina. Ég get búizt við, að hann geti átt rétt á að kaupa hana, þó að það væri ekki neitt tekið fram um það í þessum l., og því sé ekki beint þörf á því að hafa hana þarna með. Hins vegar sakar það ekki, þótt hún sé tekin þarna með, svo að ég sé ekki ástæðu til að breyta frv. þess vegna.

Það kann vel að vera, að það sé ekki alveg rétt að kalla Reyni ábúanda á Moshlíðinni, af því að hann hefur engin hús þar og býr þar ekki, er þar ekki sjálfur til húsa, ekki skrifaður þar heimilisfastur, þó að hann hafi jörðina á leigu. Ég held, að það valdi nú ekki misskilningi. En ef það væri ástæða til, þá mætti náttúrlega fella orðið „ábúanda“ burt í fyrra tilfellinu, og stæði þá aðeins Hreiðari Eiríkssyni, ef talið væri, að það væri alveg rangt að kalla hann ábúanda, og það er það að nokkru leyti. En ég held, að það geri nú ekki neitt til, þó að það standi.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Ed., 19. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 170, 153, 171, 176).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Ég mæltist til þess við síðustu umr. að fá að athuga svolítið nánar viðvíkjandi Miðhúsum í Gufudalssveit. Ég hef gert þetta nokkuð, en því miður ekki getað komið því við að hafa fund í n. síðan, og þess vegna hefur n. algerlega óbundin atkvæði viðvíkjandi Miðhúsunum. En ég skal í stuttu máli segja það, sem ég veit um þetta réttast.

Þessi jörð er lítil jörð. Hún var áður metin fá hundruð á landsvísu, ég ætla, að hún hafi verið *metin á tólf hundruð*, þegar hún komst hæst, og svo átta. Hún liggur upp að landi Djúpadals og á land beggja vegna við fjörðinn, sundurskorið af landi Djúpadals. Það var lítið tún, sem fóðraði svona nokkurn veginn eina kú. Það hefur náttúrlega þessi ár, sem hún hefur verið í óbyggð, ekki batnað, ekki fengið búfjáráburð. En sá, sem núna hefur afnot af jörðinni, hefur girt það og borið á það tilbúinn áburð síðustu árin og mun fá af því núna í kringum 30 hesta. Útgræðslumöguleikar eru heldur lélegir. Þó er hægt að stækka það tún. Maðurinn, sem var talað um hér að fái kauparétt á henni, er einhleypur, 36 ára gamall, og hefur nytjað jörðina í 8 ár. Áður var jörðin nytjuð af öðrum einhleypum manni, sem var til húsa á Þórustöðum. Þannig hefur hún verið notuð sitt á hvað af ýmsum mönnum og höfð svona fótaþurrka. Langléttast liggur að nota hana frá Djúpadal, því að þar liggur landið upp að, en náttúrlega fær sú jörð ekki framtíðarrétt til notkunar, þó að einhleypur lausamaður, sem er þar til húsa fyrir tilviljun, fengi hana keypta. Ef ég í dag ætti að segja um það, hvort jörð þessi uppfylli 1. gr. l. um óðalsrétt og selja mætti hana eftir lögum frá 1946, sem þm. Str. minntist á hér í deildinni, væri ég ekki tilbúinn til að segja um það nú, en yrði að fá frest í málinu. Það er óvíst, hvort það sé hægt að selja þessa jörð eftir lögunum frá 1946, því að það er hæpið, hvort hægt er að telja þann ábúanda á jörð, sem hefur hana ekki nema til landsnytja, býr þar ekki, en er annars staðar, og hefur þar ekki neinar skepnur nema til beitar, flytur allt hey burt o. s. frv. Ég mun þess vegna, eins og sakir standa, ekki geta verið með till. um Miðhús á þskj. 171. Ef í dag væri spurt um það, hvort Miðhús gætu heyrt undir þau ákvæði, sem tekin eru fram í 1. gr. í l. um ættar- og óðalsjarðir — hvort það ætti að selja þau eða ekki, þá mundi ég verða að taka mér frest og afla mér betri upplýsinga en ég núna hef, áður en ég gæti svarað því.

Ég geri ráð fyrir því, að þm. Barð. taki aftur till. á þskj. 157, 2. liðurinn er nú náttúrlega algerlega óþarfur og dettur af sjálfu sér, því að það er búið að samþykkja hann inn í frv. En þegar landbn. kemur nú með till. á þskj. 176, þar sem hún *leggur til*, að Moshlíð verði seld ábúandanum, að vísu með því skilyrði, að hún sé gerð að ættaróðali, þá geri ég ráð fyrir, að hann taki sína till. á 157 aftur. Landbn. stendur saman að þessari till. á þskj. 176 og væntir þess, að hún verði samþykkt.

Annað held ég að ég hafi ekki um þetta að segja. Ég ætla ekki að fara út í almennar umræður um þetta, þó að ræða þm. Barð. gæti gefið tilefni til þess síðast, sérstaklega af því að það er misskilningur hjá honum, allt sem hann sagði, og því á að leiðrétta, en ég held, að það þurfi ekki að vera að því. Það yrði allt of langt. Einungis skal ég geta þess, að þegar hann var að vitna í lóðir eins og á Siglufirði og Skagaströnd, þá gáði hann ekki að því, að það voru lóðir, sem var nýbúið að láta í vitleysu og á erfðafestu af ráðherra, sem vildi láta þá græða, sem erfðafestuna fengu.

ATKVGR.
Brtt. 171 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BBen, IngF, JJós, JK, LJóh, BSt, GíslJ.
**nei:** BrB, HG, HermJ, KK, PZ, SÓÓ, VH, AE.
2 þm. (FRV, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 157 tekin aftur.
— 176 samþ. með 13:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 26. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 181).
Á 27. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 11. marz var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 447, 358, 448).

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Til landbn. hefur verið vísað tveim frv. um sölu jarða í opinberri eigu. Annað frv. er flutt hér í hv. d., það er 66. mál þingsins, en hitt er komið frá hv. Ed. og er 78. mál þingsins. Auk þessara frv. hefur n. haft til athugunar brtt. á þskj. 358 við frv. það, sem komið er frá hv. Ed. Sömuleiðis hafa n. borizt erindi um kaup jarða, svo sem nánar er tilgreint í nál. á þskj. 447, og hefur hún einnig tekið þessi erindi til athugunar, þó að þau hafi ekki verið flutt í þinginu.

Um þessi mál hefur n. leitað umsagnar þeirra aðila, sem venjulegt er að spyrja um álit í slíkum málum sem þessum. Fengin hefur verið umsögn hjá hlutaðeigandi ráðuneyti, og fengnar hafa verið umsagnir frá landnámsstjóra, og sum þessara mála hafa verið borin undir biskupinn. Um sum þessara mála hafa n. einnig borizt sérstök erindi frá hlutaðeigandi aðilum, bæði skrifleg og munnleg.

Eftir að n. nú hafði athugað þessar umsagnir, sem ég hef áður nefnt, og önnur gögn, sem hún hafði í höndum, þá varð það niðurstaðan, að hún leggur til, að frv., sem komið er frá hv. Ed., verði afgreitt með þeirri breytingu, sem felst í till. n. á þskj. 448. Verði sú brtt. samþ., er um að ræða sölu þriggja jarða, en þær eru Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu, Betanía (Kot) í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Mosvellir í sama hreppi í sömu sýslu.

Um aðrar jarðir, sem lagt hefur verið til að seldar yrðu, er það að segja, að n. treystist ekki til þess að svo stöddu að mæla með sölu þeirra. Vil ég í því sambandi fyrir hönd n. vitna til þeirra umsagna, sem ég hef áður nefnt. Það er um þær jarðir allar að segja, að ágreiningur er meiri eða minni um sölu þeirra milli þeirra, sem hér eiga hlut að máli, en hins vegar má segja, að sala þeirra þriggja jarða, sem nefndin leggur til að seldar verði, sé nokkurn veginn ágreiningslaus.

Þó að n. leggi ekki til að sinni, að seldar verði nema þessar þrjár jarðir, þá má vel vera, að síðar kynnu að koma fram gögn varðandi einhverjar af hinum, sem hefðu þau áhrif, að niður félli ágreiningur um sölu þeirra. En eins og sakir standa, þá hefur n. talið rétt að taka þá afstöðu sem ég nú hef lýst.

Varðandi það frv. sérstaklega, sem flutt var hér í hv. d., 66. mál, þá sér n. ekki ástæðu til þess að afgreiða það, að fengnum upplýsingum um, að ekki muni gerast þörf lagasetningar um sölu þeirrar jarðar, en það er framkvæmdaratriði hjá rn., hvort sú jörð verður seld eða ekki.

Hv. 3. landsk. skrifar undir nál. með fyrirvara.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég var ekki á fundi, þegar n. gekk frá þessu máli, en skrifaði undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn er þess efnis, að ég er yfirleitt andvígur því, að ríkis- og kirkjujarðir séu seldar einstaklingum, nema einhverjar knýjandi ástæður liggi til. Ég tel þann stóra ókost fylgja einstaklingseign á jörðum, að vandkvæðið af því að greiða andvirði jarðarinnar fylgir þá hverri kynslóð, ungur maður þarf sífellt að greiða út andvirði jarðarinnar, stendur oft í skuldabasli út af því langt fram eftir sínum búskaparárum, og svo þegar hann hefur kannske komizt úr skuldafjötrunum, þá eiga hans börn, eitthvert þeirra eða fleiri, eða vandalausir að taka við að nýju og brjótast um í sama skuldafeninu, alltaf hafin ný barátta um sömu erfiðleikana. Fram hjá þessum vandkvæðum er hægt að komast með einu móti og aðeins einu móti, með því að ríkið eigi jarðirnar og láti þá, sem jarðarafnotin hafa, — og það er í raun og veru jafngildi eignarréttarins, — hafa jarðirnar með eins vægu afgjaldi og hugsazt getur, og þá geta jarðirnar rentað sig með mjög lágu jarðarafgjaldi. Hitt er svo annað mál, að það þyrfti að búa betur að því, að ríkið tæki þátt í að byggja þær jarðir sæmilega.

Ég hef ekki fengið vitneskju um það, að nein knýjandi nauðsyn lægi fyrir að selja einstaklingi kirkjujörðina Mosvelli í Mosvallahreppi í Önundarfirði eða jörðina Kot í sama hreppi. Ég held, að það væri ábúendunum affarasælast, það hvíli á þeim minni byrði með því jarðarafgjaldi, sem þeir nú þurfa að borga árlega til ríkisins, heldur en með því að taka á sig að þurfa að ávaxta kaupverð, með því, sem svo fylgir þar af fyrir þá, sem síðar verða að kaupa slíkar jarðir af þessum einstaklingum. Kirkjujörðin Selárdalur í Suðureyrarhreppi er eyðijörð, og held ég, að hún sé langbezt komin í eigu ríkisins, en ekki

í eign einstaklinga, þannig að hún fari að ganga kaupum og sölum til einstaklinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 448 (ný 1. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
— 358 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 465).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

---

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til einnar umr.

*Forseti (GíslJ):* *Ég vil leyfa mér að benda á, að málinu nr. 78, á þskj. 107, hinu upphaflega frv., hefur nú verið breytt þannig, að það situr ekkert eftir af málinu eins og það fyrst var borið fram í þessari hv. deild. Ég mun því taka málið út af dagskrá í dag til athugunar á því, hvort þetta verður ekki að teljast nýtt mál, og verður því málið ekki rætt frekar hér í dag.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Forseti (GíslJ):** Áður en 4. mál á dagskrá kemur til umræðu, vildi ég mega tilkynna það, sem hér fer á eftir:

Frv. það, sem er á þskj. 465 og er nr. 4 á dagskránni, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðir í opinberri eigu, var tekið út af dagskrá þann 18. þ. m., þar sem nokkur efi þótti á því, hvort hér væri um nýtt mál að ræða eftir þá breytingu, sem samþ. hafði verið við 2. umr. í Nd. Út af þessu vil ég taka fram eftirfarandi:

Málið, sem merkt er nr. 78, mál Ed., var upphaflega flutt þar af Karli Kristjánssyni, sbr. þskj. 107. Fyrirsögn frv. var þá: Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja þjóðjarðirnar Eyvindará og Heiðarhús. — Ýmsar brtt. komu fram við frv. í Ed., sbr. þskj. 136, 137, 144, 157, 171 og 176. Brtt. á þskj. 136 er ein samþykkt við 2. umr., en allar aðrar ýmist felldar eða teknar aftur. Hafði fyrirsögn frv. og þar með verið breytt til samræmingar þeirri efnisbreytingu, sem frv. hafði þá tekið. Í Nd. tekur frv. þeim breytingum, að tvær af þremur jörðum, er Ed. heimilar sölu á, eru felldar niður úr frv., en tveimur öðrum bætt inn í frv. Fyrirsögn frv. er enn óbreytt, enda efni þess það sama og það var eftir 2. umr. í Ed., þ. e. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðir í opinberri eigu. Því úrskurðast hér með: Þingmál nr. 78, á þskj. 465, skoðast ekki sem nýtt þingmál þrátt fyrir þær breytingar, sem á því hafa verið gerðar í Nd. Málið er því tekið fyrir hér til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 530).

---

## 56. Eignarnám erfðafesturéttinda í Dalvíkurhreppi.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps** [166. mál] (þmfrv., A. 459).

Á 62. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jónas Rafnar):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur frv. þetta eftir beiðni hæstv. ríkisstjórnar. Í grg. er skýrt frá ástæðunum fyrir flutningi þess, en þar er m. a. tekið fram, að frv. sé borið fram samkv. ósk hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, en almennur hreppsfundur í Dalvíkurhreppi, haldinn á s. l. ári, skoraði á hreppsnefndina að afla sér heimildar til að láta leigunám fara fram á lóðum og lendum í landi hreppsins, eftir því sem hreppsnefndinni þætti ástæða til. Ég held, að grg. skýri nægilega ástæðuna fyrir flutningi málsins, og fjölyrði því ekki frekar um það, en ég óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. En málið er flutt af nefnd, eins og ég hef getið um, og mun n. að sjálfsögðu athuga málið nánar á milli umræðnanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 64. fundi í Ed., 19. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 459, n. 534).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Eitt hið allra nauðsynlegasta fyrir kaupstaði og kauptún er að eiga það land, sem þessar byggðir eru reistar á. Með því móti, að þessi sveitarfélög eigi landið, getur orðið jafnrétti fyrir íbúa sveitarfélaganna að því er rétt til landsins snertir og gjöld fyrir afnot landsins. Þó að lóðir hækki í verði fyrir félagslegar framkvæmdir og vöxt og útfærslu þessara byggða, þá verður sú hækkun ekki óverðskuldaður gróði einstaklinga og tækifæri til þess að okra á lóðum, heldur fellur í skaut sveitarfélagsins og kemur því til góða með hærri leigu. Því miður eru lóðamál kaupstaða og kauptúna hér og þar ekki í svo góðu lagi sem skyldi að því er þetta snertir.

Dalvík við Eyjafjörð er vaxandi kauptún. Árið 1947 keypti Dalvíkurhreppur af ríkinu jörðina Böggvisstaði, og stendur meiri hluti kauptúnsins síðan á eigin landi. En sá galli er þó þar á, að einstaklingar höfðu, áður en ríkið seldi Böggvisstaði, fengið mikinn hluta af landi þessu í stærri og smærri skikum á erfðafestu til langs tíma með mjög lágri ársleigu. Landið allt var selt, án þess að erfðafesturéttindin högguðust, og nú selja þessir einstaklingar afnotarétt erfðafestulanda sinna háu verði undir vegi og hús, en eigandi landsins, Dalvíkurhreppur, getur ekki hækkað áður umsamin erfðafestugjöld. Þetta er mjög óviturlegt og óeðlilegt ástand, og til þess að bæta úr þessu og gera Böggvisstaðaland Dalvíkurhreppi að þeirri eign, sem vera ber, er frv. það flutt, sem hér liggur fyrir að ósk hreppsfundar um, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps verði heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps eftir þeim lögum, er um eignarnám gilda.

Nd. hefur þegar samþ. þetta frv., og heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þó að ég sé ekki flm. þessa máls, þá var það þó á sínum tíma lagt fyrir Alþ. að tilhlutun okkar þm. Eyf. Ég vil því leyfa mér að þakka hv. n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu málsins, ekki einasta fyrir mína hönd og míns samþingmanns, heldur og fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Dalvíkurhreppi og hreppsbúa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

---

## 57. Búnaðarbanki Íslands (frv. landbn. Nd.).

Á 34. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands** [119. mál] (þmfrv., A. 256).

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt sökum þess, að landbn. gerir sér ekki miklar vonir um, að þau frv., sem flutt hafa verið um stóraukin verkefni og fjárframlög til veðdeildar Búnaðarbankans, nái fram að ganga á þessu þingi. N. tók því þann kost að taka út úr og reyna að leysa þann þáttinn, sem allir voru sammála um að væri mest aðkallandi að leysa eins og sakir standa, en það er að greiða fyrir þeim mönnum, sem þurfa að kaupa sér jarðnæði til eigin afnota.

Eins og segir í greinargerðinni, þá var það algengt hér áður fyrr, að frumbýlingar tóku jörð á leigu með nokkrum kúgildum og hófu búskap og stundum því nær með tvær hendur tómar að öðru leyti. Þrátt fyrir það farnaðist þessum mönnum alloft vel. Nú eru þessar aðstæður ekki lengur fyrir hendi. Flestir, sem nú byrja búskap og ekki hafa fengið jörð eða jarðarpart að erfðum, verða að byrja á því að kaupa sér jarðnæði til ábúðar. Og aðrir, sem hafa stundað búskap og þurfa af einhverjum ástæðum að flytja af ábýlisjörð sinni, verða annaðhvort að kaupa sér jarðnæði eða þá að bregða búi. Jafnframt þessu hefur jarðarverð stórhækkað í verði, fyrst og fremst fyrir aukna ræktun og svo fyrir bætt húsakynni og enn fremur sökum þeirrar lækkunar á verðgildi peninga, sem við þekkjum allir. Það er þess vegna svo komið, að nú þarf miklu hærri fjárhæðir til jarðarkaupanna en áður þekktist.

Það eru fæstir svo efnum búnir, að þeir geti greitt jarðarverð af eigin fé, og þeir verða þess vegna að fá lán til jarðarkaupanna eða þá leggja árar í bát að öðrum kosti og flytja á mölina, en því hefur verið þannig háttað nú um langt skeið og fer heldur versnandi, að lánsfé til jarðarkaupa hefur ekki legið á lausu. Það má heita, að þess hafi verið enginn kostur, nema að því leyti sem veðdeild Búnaðarbankans hefur reynt að hlaupa

undir bagga og þó af litlli getu. En nú er svo komið, að þessi brunnur er svo að segja þurrausinn, því að veðdeildin er komin í miklar skuldir við sparisjóðsdeild bankans, svo að þetta er að lokast.

Það er ekki neinum efa undirorpið, að margt fólk hefur yfirgefið sveitirnar á undanförnum árum gegn vilja sínum, sökum þess að það fékk hvorki leigujarðnæði né átti kost á nauðsynlegu fé til jarðarkaupa, og það er þess vegna áríðandi, að þetta mál fái mjög skjóta úrlausn. Og margir bíða aðeins eftir því, hvort nokkuð rætist úr í þessu efni, áður en þeir leita burt til annarra starfa, sem mundi að sjálfsögðu verða sveitunum til óbætanlegs tjóns.

Sú leið, sem n. hefur valið til þess að leysa þetta, er í raun og veru ekkert nýmæli, því að t. d. í ræktunarsjóðslögunum frá 1935 segir, að ríkisstj. skuli semja sérstaklega við Landsbanka Íslands um það, að hann kaupi verðbréf sjóðsins, jarðræktarsjóðsins eða ræktunarsjóðsins, er nemi allt að 1 millj. og 400 þús. kr. Og enn fremur er þar mælt svo fyrir, að fé brunabótasjóðs og fleiri stofnana skuli nota að nokkru til þess að kaupa slík bréf.

Með lögum um Búnaðarbanka Íslands frá 1941 voru þessi ákvæði um verðbréfakaup Landsbankans numin úr gildi, enda mun Landsbankinn þá hafa verið búinn að inna það af hendi, sem á hann var lagt með fyrrgreindum lögum. En hins vegar hygg ég, að ákvæðin um, að opinberir sjóðir keyptu verðbréfin, hafi ekki komið til framkvæmda, enda muni ekki hafa verið eftir því gengið. Eftir því sem n. hefur verið tjáð, þá keypti Landsbankinn árlega, meðan samningurinn gilti, jarðræktarbréf fyrir um 300 þús. kr., sem mætti nú áætla að jafngiltu allt að 3 millj. kr. á ári. Þetta er ekki nein smáræðis upphæð, og þegar litið er á ástæður Landsbankans nú, þá finnst nefndinni ekki vera til mikils mælzt, þó að bankinn keypti árlega á næstu árum veðdeildarbréf fyrir meginhluta þeirrar upphæðar, sem hér er lagt til að verði keypt, því að hér er áreiðanlega um að ræða ástand, sem allir hljóta að vera sammála um að sé óheillavænlegt fyrir landbúnaðinn og verði undir öllum kringumstæðum að ráða fram úr hið allra fyrsta.

Nefndin hefur ástæðu til þess að ætla, að ríkisstj. sé velviljuð þessu máli, og væntir þess vegna, að það geti gengið greiðlega fram í gegnum þingið og verði afgr. á þessu þingi sem lög frá Alþingi.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég held, að þeir menn, sem vilja berjast fyrir því að fá lán til landbúnaðarins, eins bráðnauðsynlegt og það er, verði af fullri alvöru að horfast í augu við, hvaða vald það er, sem verður að berjast við í þessu sambandi. Það er alveg rétt, eins og frsm. gat um, hv. 2. þm. Skagf., að það hafa komið fram margar till., bæði á síðasta þingi og þessu þingi, um lán til landbúnaðarins, og hafa yfirleitt allar haft við rök að styðjast. Og ég heyri það alveg á honum, að hann er farinn að örvænta um, að það verði mögulegt að fá í gegn við ríkisstj. nokkuð meira en það, sem felst í þessu frv. Ég verð að segja, að mér finnst það ákaflega lítið og það vera ákaflega hart, ekki sízt með tilliti til þess, að ég býst við, að þeir flokkar, sem eiga hvað mest fylgi á meðal bænda, telji sig standa að þessari ríkisstj., — mér finnst það ákaflega hart, ef hv. landbn. treystir sér ekki til þess að knýja ríkisstj. til meiri fjárframlaga í þessu sambandi heldur en hérna er farið fram á.

Það var ekkert smáræði, sem var látið og knúið í gegn við síðustu kosningar, og við munum allir saman, hvernig það gerðist. Það gerðist með því móti, að eftir að einn þm. Sósfl., Ásmundur Sigurðsson, var búinn að flytja frv. um allmikil framlög til Búnaðarbankans, og við sósíalistar síðan fluttum við meðferð fjárlaganna aftur slíkar till. og Framsfl. felldi þær þá, en hins vegar fluttu þingmenn Framsfl. í Ed. tillögur um allmikil fjárframlög til Búnaðarbankans, auðsjáanlega í því skyni, að þær færu ekki í gegn, — þá þorði Framsfl. ekki annað, af því að kosningar voru í nánd, en að setja þær till. í gegn í þinginu að lokum, eins og hæstv. núverandi forsrh. upplýsti í útvarpsumræðunum fyrir kosningarnar. En nú mun nokkuð langt að bíða kosninga, og nú heldur auðsjáanlega hæstv. fjmrh. fastar í peningana, og þeir, sem með bankana hafa að gera, eru tregari til þess að láta nokkuð undan.

En ég vil minna hv. þd. á, að það er Alþingis að ákveða, hvaða lán eru veitt. Þessi stofnun, Alþingi, hefur enga afsökun í þessum efnum. Það er hún, sem hefur valdið til þess að segja bankastofnunum landsins fyrir um, hvað á að lána, og það er þeirra að hlýða. Allar þær bankastofnanir, sem hér eru, eru búnar til með lögum frá þessari stofnun. Þær starfa samkv. lögum frá þessari stofnun, og þegar Alþ. setur þeim lög, þá geta þær ekkert annað en hlýtt þeim, því að þær eru til í krafti Alþingis og einskis annars. Við erum ekki að eiga hér við neinar stofnanir, sem eru einhverjar voldugar fjármálastofnanir einstakra ríkra manna. Við erum bara að tala við stofnanir, sem eru okkar eign, sem eru eign ríkisins, eign Alþingis, eign þjóðarinnar, búnar til af Alþ. og þjóðinni og undir þeirra yfirráðum. Og það er okkar að segja þeim fyrir um, hvernig þetta eigi að vera. — Þetta höfum við gert áður. Við höfum áður hér tekið ákvarðanir í þessu efni, þegar við vorum hér á árunum að setja í gegn bæði ræktunarsjóðinn og nýbýlasjóðinn og annað slíkt, — það var oft maldað í móinn, — svo ég tali ekki um, þegar við vorum að setja í gegn stofnlánadeild sjávarútvegsins. Það hefur svo sem verið maldað í móinn af þessum peningastofnunum. Það hefur verið mótmælt, og það hefur verið beitt áhrifum þeirra hér inni á Alþingi. En ef Alþ. er nægilega ákveðið í þessum málum, þá er það það, sem ræður. Þess vegna er það auðséð einmitt af ræðu hv. frsm., hv. 2. þm. Skagf., að það stendur á ríkisstj. að vilja nota það vald, sem hún hefur í þessum efnum.

Viðvíkjandi peningum, þá eru nógir til, og það er engin afsökun til viðvíkjandi því. Mér er ósköp vel kunnugt um það, að t. d. Landsbankinn á nú um 200 millj. kr. í skuldlausum eignum, mestmegnis í sjóðum. Það er næstum því eins mikið og hans seðlaútgáfa. Og það er enginn smáræðis auður, þannig að það er ekkert spurs-

mál um það, að peningarnir eru til til þess að veita þessi lán. Mér er líka kunnugt um það, að t. d. gróði Landsbankans eins, svo að ég tali ekki um hina bankana, er milli 30 og 40 millj. kr. á hverju ári. Það þarf enginn að segja manni, að það sé ekki hægt að veita meira af lánum út til atvinnuveganna heldur en gert er. Það er engin spurning um það. Það er bara spurning um, með hvað mikilli festu þeir menn, sem ráða hér á Alþ., sækja sín mál. Ég veit ósköp vel, að það þarf enga smáræðis festu til. Mér er ósköp vel kunnugt um það frá þeim tímum, sem við tókum þátt í ríkisstj., sósialistar, hvað það kostar að fást við peningastofnanir landsins. Það tók heilt ár að knýja í gegn einar einustu 100 millj. kr. til þess að stofna stofnlánadeild sjávarútvegsins og kaupa alla þá togara, sem nú standa undir atvinnulífi landsins. Það tók heilt ár, og meira að segja hálf ríkisstj. var hrædd við þetta, — meira að segja meiri hl. ríkisstjórnarinnar. Við urðum að flytja frumvarpið um það eftir beiðni eins ráðh. af hálfu fjhn. Ég veit ósköp vel, að það þarf átök til þess að koma þessum hlutum í gegn. En mér finnst hv. landbn. sætta sig við fulllítið í þessum efnum.

Ég skal undirstrika það við ræðu hv. 2. þm. Skagf., frsm. þessa máls, að það er sannarlega fram á lítið farið. En mér finnst nú, að landbn. ætti að athuga það alvarlega, hvort hún ætti ekki að hækka þetta, og ég vildi hér við 1. umr. málsins láta það koma fram. Ég trúi varla öðru en að ef hv. landbn. fer fram á meira, þá verði það samþ. hér. 800 þús. kr. á ári til þessa, það eru ekki stórir peningar nú, og það er ekki mikið gagn að þeim, þegar á að fara að lána mönnum þetta til að kaupa jarðir. Það stendur í 2. gr., að það megi engum lána meira heldur en 35 þús. kr. Hvað eru 35 þús. krónur? Ja, fá menn eitt herbergi í Reykjavík fyrir 35 þús. kr.? Það held ég ekki. Ég held menn fái ekki eitt herbergi í Reykjavík fyrir 35 þús. kr. í dag. Menn fá kannske hálft herbergi í Reykjavík, sæmilega stórt, fyrir 35 þús. kr. Mér finnst það ákaflega lítið að ætla það til þess að reyna að gera þeim, sem hafa áhuga á að byggja áfram sveitirnar, mögulegt að gera slíkt.

Ég held þess vegna, um leið og ég auðvitað lýsi mig samþykkan þessu frv. út af fyrir sig, að landbn. ætti alvarlega að athuga það, hvort hún treystir sér ekki til þess að fara þarna hærra. Og ég vil minna á eitt í þessu sambandi. Ég vil minna á það, að hæstv. núverandi ríkisstj. er raunverulega með eitt einasta „prógram“ í sambandi við atvinnumál, og það er að koma raforku sérstaklega út í sveitirnar. Ég býst ekki við, að það eigi að verja minna til þess en a. m. k. 6 millj. kr. sem hreinum gjöfum árlega frá Alþingi, bara í línurnar, sem á að leggja, og verði samt ekki nema nokkur hundruð bænda, sem njóta þess eftir kjörtímabilið. Ég geng út frá, að það sé reiknað með, að það, sem ríkið aðeins leggur fram sem sitt framlag til stauranna og línanna, séu 4—5 þús. kr. á hvert býli. Og ef nú ríkisstj. álítur, að það sé eðlilegt að gefa 45 þús. kr. til hvers býlis til þess að koma rafmagni á það, þá er það nú anzi hart, ef ekki er hægt að láta þá fá að láni heldur meira fé til þess að gera þeim mögulegt að byggja býli, að starfrækja það. Ég er hræddur um, að það verði skakkt hlutfall á milli þeirra stóru fyrirrætlana í raforkumálunum og þeirra lánveitinga, sem þurfi að gera nú á næstunni, ef ekki er þarna tekið heldur dýpra í árinni. Ég álít þess vegna, að það væri ákaflega heppilegt, ef hv. landbn. vildi reyna að hækka ofur lítið takmarkið 800 þús. kr. og hækka ofur lítið í 2. gr. 35 þús. krónurnar. Hins vegar var það ekki mín ætlun að neinu leyti að tefja fyrir þessu máli, en þessu vildi ég aðeins skjóta fram við þessa umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég gat um það við 1. umr. þessa máls, að mér fyndist þær upphæðir, sem hér eru tilgreindar, vera nokkuð lágar, og ég vildi leyfa mér að bera fram við þessa umræðu brtt. um að þær yrðu hækkaðar, að í staðinn fyrir „800 þús. kr.“ í 1. gr. komi: 2 millj. kr. — og í staðinn fyrir „35 þús. kr.“ í 2. gr. komi: 100 þús. kr. — Ég held, að það sé engum sérstökum erfiðleikum bundið fyrir hæstv. ríkisstj. að semja við Landsbankann eða aðrar stofnanir um að tryggja veðdeild Búnaðarbankans 2 millj. kr. að láni á ári. Við vitum það ósköp vel, að aðeins gróði Landsbankans er á hverju ári á milli 30 og 40 millj. kr., þó að það sé ekki nema stundum, sem hann er uppfærður á reikningunum 29 millj. kr., og ég held þess vegna, að ef það væri lögð virkileg áherzla á það að tryggja þetta fé, þá mundi það vera fáanlegt. En ég held hins vegar, að það veiti ekki af slíku fé til þeirra ráðstafana, sem þarna er um að ræða.

Ég minntist á það, hvaða erfiðleikum það væri yfirleitt bundið að knýja fram lán til þeirra atvinnugreina, sem halda atvinnulífi landsins uppi, og að það væri Alþingis að láta til sín taka sem húsbóndans í þessum efnum. Það er Alþingi, sem ákveður það og ræður því og veldur því, hvers konar lánsfjárpólitík er rekin í landinu. Hér er engin önnur lánsfjárpólitík rekin en sú, sem Alþingi raunverulega markar. Hér er engin önnur lánsfjárstofnun til en sú, sem Alþingi hefur skapað, og ég held þess vegna, að það sé alveg spursmálslaust, að það þarf að taka fastari tökum á þessu heldur en almennt er gert hér. Og það dugir ekki fyrir þá, sem vilja af góðum vilja berjast fyrir því að tryggja, hvort heldur það er landbúnaðinum, sjávarútveginum, iðnaðinum eða öðrum atvinnugreinum, lán, að láta fæla sig frá því eða láta veita sér of lítið með þessum eilífa són um það, að ekki séu peningar til, því að það er engin meiri blekking til í þessu landi heldur en það, að ekki séu nógir peningar til. Ég held þess vegna, að það ætti ekki að vera neinum sérstökum erfiðleikum bundið að tryggja í staðinn fyrir 800 þús. kr. að fá 2 millj. kr.

Í síðari gr. er gert ráð fyrir að veita lán þeim

bændum, sem ætla að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði, eða þeim leiguliðum, sem geta fengið ábýlisjarðir sínar keyptar. Þetta lán á eingöngu að verða til jarðarkaupanna, og það er talað um 35 þús. kr.; það má ekki veita neinum hærra. Ég verð að segja, að það er nú ekki stórt, ef það á að kaupa hús á einni jörð og jörðina sjálfa líka, að setja hámarkið 35 þús. kr. Það þykir a. m. k. ekki mikið hér í Rvík, ef það á að kaupa íbúð. Ég held þess vegna, að það væri nauðsynlegt að hækka þetta og það megi varla vera minna en 100 þús. kr., en ég býst líka við, að þá verði það að virkilegu gagni.

Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja fram svo hljóðandi brtt., að í 1. gr. komi í stað „800 þús. kr." 2 millj. kr. — og í 2. gr. komi í stað „35 þús. kr." 100 þús. kr.

Þessar brtt. eru of seint fram komnar, og ég vildi leyfa mér að æskja þess, að hæstv. forseti fengi afbrigði fyrir þeim; þær eru auk þess skriflegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 314) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Sigurðsson):** Herra forseti. Það er vegna þeirra brtt., sem nú hafa fram komið, að ég vildi segja hér fáein orð. Það er að vísu allra góðra gjalda vert, að hv. þm. leggur til, að það sé gerð þarna mjög veruleg hækkun á framlaginu til bankans. En því er nú þannig háttað, að landbn. telur sig eiga nokkurn veginn víst að geta fengið þetta afgr. nú, og af því að þörfin er svo knýjandi og brýn, þá leggjum við mikla áherzlu á, að það dragist eigi úr hömlu. Fyrir okkur vakir: Það er betri einn fugl í hendi en tíu á þaki. Hitt er svo annað mál, að síðar meir yrðu kannske ástæður og tækifæri til þess að fá þetta hækkað, og þá er sjálfsagt að sæta því.

Viðvíkjandi hámarki lánanna vil ég láta þess getið, að ég hef — og við fleiri nm. — fengizt talsvert við milligöngu um útvegun slíkra lána, og flest þessi lán hafa verið undir þessari upphæð, mjög algengt, að það séu 20—25 þús. kr., og hefur komið að góðum notum og bjargað, þegar svo hefur staðið á. Þegar ekki er um hærri upphæð til útlána að ræða, þá gefur það auga leið, að þá verður líka að sníða hámarkslánsupphæðina eftir því, og það er einmitt við það miðað í till. okkar. Af þessum ástæðum leggjum við til, að það sé ekki haft hærra nú að sinni heldur en þetta, og ég vil leyfa mér f. h. nefndarinnar að mælast til við þá, sem hafa áhuga fyrir því, að það fáist þó einhver úrlausn nú þegar á næsta ári, að styðja till. n., því að við höfum von um, að þær verði raunverulegar. En verði brtt. samþ., þá eru a. m. k. miklar líkur fyrir því, að þær verði ekki raunhæfar og komi í raun og veru landbúnaðinum ekki að neinum notum fyrst um sinn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Mér skilst eiginlega á ræðu hv. 2. þm. Skagf., að það liggi við, að landbn. hafi eins konar samning við ríkisstj. um þessa upphæð. Hann talar svo ákveðið um það, að landbn. hefði mjög ákveðna von um að fá þetta í gegn, ef það væri bundið við þessa upphæð, en ekki ef það væri hærra.

Ég verð að segja, að ef svo er, að hæstv. ríkisstj. í eins konar samningum við hv. landbn. hefur ekki treyst sér til þess að fara lengra en 800 þús. kr., þá er af ríkisstj. hálfu ekki hugsað sérstaklega hátt viðvíkjandi landbúnaðinum. Og ég verð að segja, að það hafa áður verið samþ. hér lög í þinginu viðvíkjandi lánum til landbúnaðarins og að tryggja hann, þegar Framsfl. hefur ekki verið í ríkisstj., og raunverulega einhver þau róttækustu og beztu lög, sem samþykkt hafa verið til hagsbóta fyrir landbúnaðinn. Mér finnst þess vegna ákaflega lágt stefnt af hálfu Framsfl., ef hann treystir sér ekki að fara hærra en þetta í lánsútvegunum til eins þýðingarmikils atriðis eins og hér liggur fyrir, ekki sízt á þeim tíma, sem talað er um það af hálfu hæstv. ríkisstj., að það sé eitt af hennar stóru málum að hrinda í framkvæmd lagningu orkuleiðslu og háspennulínu og rafmagnslínu út um allt land, tryggja bændum meira rafmagn, vitandi, að aðeins til þess þarf að leggja fram um 45 þús. kr. að meðaltali á hvert það býli, sem fær rafmagn. Það virðist nú vera undarlegt ef ríkið treystir sér af sinni hálfu til að leggja fram 45 þús. kr. á hvert það býli, sem á að fá rafmagn og þarfnast þess nauðsynlega, en ekki er hægt að knýja bankana til þess að lána hærri upphæð en hér hefur verið um að ræða til þess að tryggja þeim, sem vilja fara að setjast að í sveitunum og eignast sínar jarðir, að geta keypt þær.

Ég veit, að það eru oft ekki miklar útborganir í sambandi við jarðirnar. En það er þá líka svo, að þeir menn, sem kaupa þær, eru oft, a. m. k. ef það eru menn úr kaupstöðunum, sem langar til að flytja í sveit, alveg í vandræðum með að tryggja sér áhöfn, kaupa sér fé. Og ég held, að þó að lánin væru sett hærri en 35 þús. kr., eins og ég legg til, enda er þarna um að ræða hámark, sem talað er um, þá mundi það yfirleitt þýða, að menn hefðu þá betri efni til að útvega sér þá áhöfn og þær vélar, sem þeir þyrftu til jarðarkaupanna. Ég held það sé ekkert spursmál um það, að það, sem fyrst og fremst stendur í veginum fyrir, að sveitirnar séu meira byggðar og meiri framleiðsla þar, er fjárskorturinn. Það er kannske annað, sem er að verða álíka erfitt mál, og það er markaðurinn, þegar framleiðslan fer að aukast þar, en að svo miklu leyti sem við höfum trú á, að hægt sé að leysa þau vandamál, þá er það áreiðanlega fjárskorturinn til jarðarkaupanna, sem mest stendur þarna fyrir þrifum.

Ég held þess vegna, að það að samþ. mína brtt. þarna mundi aðeins þýða, að Alþingi legði fyrir ríkisstj., enda er 1. gr. orðuð svo frá hálfu hv. landbn., að hún gerði þetta. Og ég veit ósköp vel, — og það vita allir hv. þm., — að það eru fullir möguleikar til þess, ef viljann ekki vantar. Ég held þess vegna, að það sé aðeins beinn stuðningur við þá viðleitni, sem fyrir hv. landbn. vakir, að samþ. mínar brtt. í þessu efni og að ríkisstj., sem segist bera landbúnaðinn eins mikið fyrir brjósti og núverandi hæstv. ríkisstj. segir, verði ekki skotaskuld úr því að tryggja þetta fé til hans.

**Ásgeir Bjarnason:** Herra forseti. Það er síður en svo, að ég hafi nokkurn hlut á móti till. hv. 2. þm. Reykv., en við nánari athugun efast ég um, að þær séu til mikilla bóta frá því frv., sem hér um ræðir, vegna þess að eingöngu er um að ræða bráðabirgðaákvæði, á meðan veðdeild Búnaðarbankans er ekki séð fyrir nægjanlegu fjármagni á öruggari hátt.

Það er vitanlega ávallt gagnslaust að samþ. lög hér á Alþingi, sem síðan er enginn vegur að framkvæma, og ég sé ekki betur, þó að þetta frv. sé samþykkt, en leiðin til þess að útvega veðdeild Búnaðarbankans aukið fé sé opin jafnt eftir sem áður. Þetta er eingöngu lágmarkskrafa frá landbn. Það er lágmarkskrafa að fá 800 þús. kr. á ári til veðdeildarinnar og að því fé, sem á þann hátt fæst, verði varið á þann hátt, sem um er getið í frv., og svo það, að ekkert lán megi vera hærra en 35 þús. kr., en það fyrirbyggir það ekki, ef hægt er að útvega veðdeild Búnaðarbankans meira fé, að það megi lána 100 þús. kr. eða meira. Þess vegna finnst mér, að till. landbn., sem hér liggja fyrir, sé vel hægt að samþ., því að þær fyrirbyggja það alls ekki, að hægt sé að útvega landbúnaðinum meira fé en hér er gert ráð fyrir. Leiðin, eins og ég gat um áðan, er opin jafnt eftir sem áður, og ég efast ekki um, að þeir menn, sem fjalla um þessi mál, bæði ríkisstj. og bankaráð Búnaðarbankans, hafa ávallt opin augun fyrir því, ef einhvers staðar er hægt að ná í aukið fjármagn til veðdeildarinnar.

Okkur mun það öllum kunnugt, að hinar einstöku deildir Búnaðarbankans, byggingarsjóður og ræktunarsjóður, fá að mestu leyti fé sitt frá erlendum bönkum sem lán úr mótvirðissjóði. En ég hygg, að það sé þannig með mótvirðissjóð, að það megi ekki taka fé úr honum til veðdeildarinnar, vegna þess að það á að nota það fjármagn eingöngu til framkvæmda eða umbóta á jörðum. En það er ekki beint hægt að segja, að það fé, sem veðdeildin hefur, megi nota til framkvæmda, en aftur á móti til annarra hluta, þ. e. a. s. til jarðarkaupa eða til þess, að menn geti á einn eða annan hátt komizt yfir jarðnæði. Í þessu frv. eru reistar skorður við því, að það sé hægt að nota veðdeildarlánin til framkvæmda, vegna þess að meðan deildin hefur ekki yfir meira fé að ráða en hefur sýnt sig á undanförnum árum, þykir það ekki eðlilegt. En ég vil benda hv. þd. á það, að þetta frv. brýtur ekki á nokkurn hátt í bága við, að það sé hægt, ef fjármagn fæst, að útvega veðdeild Búnaðarbankans það og að þá geti bændur fengið hærri lán en um getur í þessu frv.

ATKVGR.
Brtt. 314,1 felld með 15:7 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 314,2 tekin aftur.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 450).

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þetta frv. var flutt inn í Alþingi af landbn. Nd. og samið þar af hv. 2. þm. Skagf., Jóni á Reynistað, a. m. k. aðallega. Það er flutt af því, að veðdeild Búnaðarbankans, sem ætlað er að lána út á fasteignir, sérstaklega fasteignir, sem menn þurfa að kaupa og fá lán út á til annars en húsabóta eða jarðabóta, hefur verið tóm nú um nokkurt skeið.

Það er öllum ljóst, að það eru á hverju ári margir menn í landinu, sem af ýmsum ástæðum þurfa að ná sér í jarðnæði. Laust eftir 1930 rannsakaði ég með aðstoð sýslumanna landsins, hve víða yrðu ábúendaskipti á jörðum í sveit, og þá var það á líðlega þrjú hundruð jörðum. Þetta stenzt sjálfsagt ekki, ef maður rannsakaði það ár eftir ár. Ef maður miðar við venjulega „promille“-tölu á dauðsföllum, þá ættu þetta ekki að vera nema dálitið á annað hundrað bændur. En hver sem talan er, þá vitum við, að það eru nokkuð margir menn á landinu, sem þurfa að taka við jörð, annaðhvort jörðum, sem þeir hafa tekið í arf, en þurfa að svara út hluta af arfinum til annarra meðerfingja, jörðum, sem þeir geta af einhverjum ástæðum fengið keyptar, kannske jörðum, sem þeir hafa búið á og geta ekki búið á lengur nema fá þær keyptar. Af ýmsum slíkum ástæðum er það, að það eru til á hverju ári í landinu nokkuð margir bændur, sem bókstaflega verða að hætta að búa, af því að þeir geta ekki fest sér jarðnæði. Það er líka til, að börn verða að hrökklast frá ættarleifð sinna foreldra, af því að sum þeirra þurfa að fá sinn hluta arfsins útborgaðan og ekkert þeirra er þess megnugt að taka við jörðinni og borga hana út til hinna erfingjanna, og svo koma óskyldir menn og kaupa hana.

Þeim var það ljóst, nm. í Nd., sem fluttu þetta frv., að 800 þús. hrykkju skammt í þessu skyni. Þeir gerðu ráð fyrir því, að hæsta lán mætti vera um 35 þús. kr., og ef það væri það, þá væru það líðugir 20 menn, sem mundu geta fengið lán á ári. Þeim er líka ljóst, að þetta frv. er ekki ætlað til frambúðar; það er ætlað sem millibilslausn til að reyna að leysa úr ákaflega brýnni þörf, þangað til hægt er að sjá veðdeildinni fyrir fé á einhvern annan hátt. En þessi upphæð, sem sett er í Nd., 800 þús. kr., leggjum við til að verði hækkuð upp í 1200 þús. kr., og það er gert eftir

að hafa rætt málið allýtarlega við helztu menn, sem fjármálum ráða í þessu landi, fjmrh. og ýmsa aðra, og gert með tilliti til þess, að það yrði þá hægt að koma til móts við heldur fleiri menn en eins og frv. er núna, en þó vitandi vits, að það væri hvergi nærri hægt að fullnægja þeirri eftirspurn, sem fyrir hendi væri.

Það eru settar nokkuð strangar skorður fyrir því, hverjir geti fengið þetta lán hjá veðdeildinni, ef í peningana næst. Það eru ekki aðrir en þeir bændur, sem eru að byrja búskap og þurfa að kaupa sér jarðnæði þess vegna. Það eru þeir bændur, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að halda áfram, því að annars verða þeir að fara. Það var t. d. einn bóndi hjá mér í vikunni sem leið, sem er verið að reka af jörðinni, sem hann hefur búið á, ekki af því að það sé neitt athugavert við hans búskap, heldur einungis af því, að eigandinn, sem er Reykvíkingur, vill fá meiri aðgang að þeim hlunnindum, sem jörðinni fylgja, og hann gáði ekki að taka nógu mikið undan, þegar hann byggði hana. Og það er ætlazt til þess, að það séu þeir bændur, sem þurfa að innleysa hluta frá meðerfingjum og eru í vandræðum þess vegna. Loks er ætlazt til, að það séu þeir leiguliðar, og þá helzt leiguliðar í opinberri leigu, sem geti fengið ábýlisjarðir sínar keyptar.

Okkur a. m. k. sumum í n. í Ed. finnst 1. gr. dálítið óviðfelldin, af því að hún segir til um það, að þetta séu bráðabirgðalög, og hefðum þess vegna kannske óskað eftir að breyta henni, en þetta eru brbl., sem ekki er ætlað að standa nema þangað til hægt verður að finna aðra leið til þess að útvega veðdeildinni lánsfé, og þess vegna sáum við ekki ástæðu til að vera að koma með brtt. við hana. Ég játa líka, að þessi upptalning á þessum fjórum tegundum manna, sem geta komið til greina að fá lánað hjá veðdeildinni, er ákaflega leiðinleg. Ég hefði helzt ekki viljað hafa hana neina. Er ekki t. d. gróflega hart að geta ekki fengið lán, ef þetta verður handa manni, sem keypti jörðina sína í fyrra, en hefur ekkert getað borgað í henni enn, en sá sem seldi, er alltaf að ganga eftir, að hann borgi hana, og hótar að láta kaupin ganga til baka, ef það er ekki gert? Hann er orðinn löglegur kaupandi, og af því getur hann ekki komið þarna undir. Þess vegna þykir mér þau ákvæði líka þröng. En þrátt fyrir það vildum við nú ekki eiga meira við frv. heldur en þetta, að leggja til að hækka heildarupphæðina. Og það er gert í von um það, eftir viðtali við þá menn, sem fjármálunum stjórna, að það muni vera hægt að ná í þessa viðbót, svo að það geti þá orðið 1.2 millj. kr., sem veðdeildin fær til umráða

Þá er okkur líka ljóst, að 35 þús. kr. eru sums staðar á landinu ákaflega lítill peningur. Það er nú svo, að síðan fasteignamatið fór fram 1942 hafa aðstæður til samgangna breytzt ákaflega mikið, og það, sem tekið var tillit til þeirrar aðstöðu við síðasta fasteignamat, er núna langsamlega allt of lítið. Tvær jarðir núna, sem bera svipað bú, geta verið seldar svo misjafnt, að önnur þeirra sé bókstaflega óseljanleg með öllu, ef hún t. d. liggur norður í Sléttuhreppi eða á einhverjum álíka stöðum, meðan önnur jörð getur verið seld dýru verði, sem liggur sem menn kalla vel við samgöngum og vel við sölu afurða. Þetta hefur orðið enn þá meira áberandi heldur en áður. Annars hefur þessi mismunur á verðgildi jarða eftir því, hvar þær liggja, vaxið með hverju ári svo að segja alla leið síðan jarðamatið fór fram 1920, og reyndar löngu fyrr. Okkur er það ljóst, að þar sem jarðarverðið er hæst, þar ná þessar 35 þús. kr. ósköp skammt og meira að segja mjög hæpið, hvort þær geta gert nokkra verulega úrlausn, þegar um er að ræða þau svæði á landinu, þar sem verðlagið er allra hæst, þar sem ekki fæst jörð fyrir minna heldur en nokkur hundruð þús. kr., þegar búið er að byggja hana upp. En hin svæðin eru líka stór, þar sem jarðarverðið er ákaflega miklu lægra og 35 þús. kr. mundu koma að mjög miklu gagni. Stundum er það líka herzlumunurinn einn, og þarf ekki að vera stór, sem getur ráðið úrslitum. Það var hjá mér kona í morgun, t. d. að taka, sem var að tala um sín vandræði, og þau voru í því fólgin, að þau hjónin vantaði um 20 þús. kr. lán til þess að geta skapað sér þá aðstöðu, að þau gætu verið kyrr á þeirri jörð, sem þau búa á, og það var fyrir austan fjall, þar sem jarðarverð er hátt. Þau hefðu getað náð sér í þetta, hefðu þau getað átt aðgang að veðdeildinni, en það liggja nú ekki þannig sakir þar, að þau komist undir neitt af þessum ferns konar ákvæðum, sem leyfa að lána úr veðdeildinni.

Þess vegna er það, að þrátt fyrir það að ég hefði óskað þess og við allir í n., að fjárupphæðin væri hærri en 35 þús. kr., þá höfum við nú ekki gert um það brtt. Við áttum tal um þetta við forsrh., og eiginlega er það í samkomulagi við bæði hann og fjmrh., að ekki var farið hærra með heildartöluna heldur en í 1.2 millj. kr. Og í Nd., í n., sem kemur til með að fá þetta frv. aftur, ef því verður breytt hér, voru a. m. k. menn, sem voru tregir að fara hærra upp en í 35 þús. kr. sem hámark á lánunum. Þess vegna er orðið nokkurs konar samkomulag að láta þetta frv., sem ekki er nema bráðabirgðafrv. og ekki ætlað að gilda nema þangað til finnst önnur leið til að útvega veðdeildinni peninga, fara áfram í því formi, sem við nú leggjum til að það verði.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég er mjög sammála því, að það er þörf á að útvega fé í því skyni, sem hér um ræðir, og sú athugasemd, sem ég vil hér bera fram, á þess vegna ekkert skylt við það, að ég dragi úr því, að nauðsyn sé á ráðstöfunum í þessu skyni. En mér finnst eitt veigamikið atriði í þessu máli vera óupplýst, og það er: Af hverju þarf að leita út fyrir Búnaðarbankann til fjáröflunar í þessu skyni, og eru aðrar peningastofnanir í landinu betur fjármagni búnar til þess að standa undir hæfilegri fyrirgreiðslu í þessum efnum heldur en Búnaðarbankinn sjálfur? Það er vitað mál, að Búnaðarbankinn hefur ekki aðeins þá sjóði undir höndum, sem á að verja til langra útlána, þ. á m. þá veðdeild, sem hér á að greiða fyrir að geti starfað, heldur rekur hann einnig sparisjóðsdeild, sem er verulegur þáttur í starfsemi bankans og er einnig verulegur móttakandi alls sparifjár landsmanna. Reikningar sýna, að spari-

féð stendur svo staðfastlega inni hjá bankanum, að engin hætta er á því, að það sé skyndilega tekið út frekar hjá honum heldur en hjá Landsbankanum eða jafnvel tryggingastofnunum, sem hér er vitnað til, almannatryggingastofnun eða brunabótafélagi eða öðrum slíkum, sem hér geta komið til mála. Ég hafði hugboð um það, og sé það við mjög skjóta athugun á skýrslum Landsbankans fyrir 1952, sem nýlega var útbýtt til okkar hér á Alþingi, að sparifé Búnaðarbankans hefur á árunum 1948—52 aukizt hlutfallslega meira en hvort heldur Landsbankans eða Útvegsbankans. Jafnframt sést af þessari skýrslu, að útlán Búnaðarbankans eru tiltölulega minni en annarra banka, sem er eðlilegt, vegna þess að bæði Landsbankinn og Útvegsbankinn eru lánveitendur til atvinnuveganna og verja sínum sparisjóðsinnstæðum til þess að lána í rekstur landbúnaðar, sjávarútvegs, iðnaðar og verzlunar. Sannleikurinn er sá, að Búnaðarbankinn annast ekki hliðstætt verkefni með sinni sparisjóðsdeild til þess að leysa úr rekstrarfjárþörf landbúnaðarins. Og það er sannast sagt mjög mikill grunur á því, að hans fé sé varið til ýmissa miður nauðsynlegra hluta, sem gefa betri arð, heldur en til slíkra verðbréfakaupa, sem hér um ræðir. Ég vil ekki vera með neinar getsakir í þessu efni, og skal þess vegna ekki rekja það mál frekar, en ég tel, að það sé með öllu óverjandi að samþ. þetta frv. fyrr en fyllri skýrsla liggur fyrir um það, í hvað sparifé Búnaðarbankans er varið. Hvernig er því mikla fjármagni, sem þar er lagt inn, ráðstafað, til hvaða þarfa gengur það? Er ekki aukning þess á seinni árum svo mikil, að það væri algert smáræði fyrir bankann að taka að sér þetta, ef vilji er fyrir höndum?

Ég þykist vita, að n. hafi ekki íhugað þetta til hlítar, og ég vildi þess vegna stinga upp á því, að þessu máli verði frestað og sú hlið málsins, sem ég hér hreyfi, verði athuguð nánar og skýrslur lagðar fyrir menn, annaðhvort þingnefnd eða deildina, um þetta, þannig að hægt sé að ræða um það á grundvelli staðreynda, en ekki getsaka, meira og minna út í bláinn. En það er vitað mál, að ef Landsbankinn á að verja fé í þessu skyni, þá getur hann ekki tekið það, að því er mér skilst, af öðru en því sparifé, sem menn hafa lagt inn hjá honum. Kvaðirnar á Landsbankanum eru hins vegar svo miklar, sparifjáraukningin tiltölulega lítil, kvaðirnar á sparifjárdeild Búnaðarbankans tiltölulega litlar, en aukningin hins vegar svo mikil, að mér virðist, meðan önnur gögn liggja ekki fyrir hendi, að af öllum peningastofnunum hér á landi hljóti Búnaðarbankinn sjálfur, þ. e. a. s. hans sparisjóðsdeild, að vera sá aðili, sem sé hæfastur og sterkastur til þess að fullnægja þessari skyldu.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég tel, að tilgangur þessa frv. sé á allan hátt hinn lofsverðasti og að það sýni, að flutningsmönnum og hæstv. ríkisstj., sem mun að þessu standa eða viss hluti af henni, sé ljóst, í hvert óefni er komið með öflun nauðsynlegra fasteignalána hér í landinu. Hv. frsm., 1. þm. N-M., sagði átakanlega sögu hér af konu, sem hefði virzt vanta 20 þús. kr. til þess að geta haldið ábýlisjörð sinni, sem hann taldi að sjálfsögðu illa farið, en bætti því við, að þetta frv., þó að það yrði nú að lögum, hefði ekki leyst hennar vandræði, skildist mér. (**Gripið fram í:** Nei, því miður.) Því miður, já. En ég hygg nú, án þess ég skuli nokkuð draga úr erfiðleikum þessarar konu, að þá sé því miður hennar saga aðeins lítil og tiltölulega ekki mjög áberandi mynd af því ástandi, sem hundruð og jafnvel þúsundir manna eiga við að búa í þessu efni.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að tryggð sé affallalaus sala á bankavaxtabréfum veðdeildar Búnaðarbankans allt að ákveðinni upphæð, 800 eða 1200 þús. kr. á ári. Ég er alveg sammála flm. þessa frv. eða hv. frsm. um, að þetta sé hin allra mesta nauðsyn. En jafnvel þó að þetta væri gert, þá leysir það ekki öll vandræði einu sinni þeirra, sem við landbúnað fást, eftir því sem frsm. upplýsir. Ég er því sammála þessu frv. að meginefni til og álít að vissu leyti gott, að það er fram komið og málinu þar með hreyft, því að sannleikurinn er sá, að það, sem þetta frv. tekur fyrir af erfiðleikum landsmanna í þessu efni, er ekki nema örlítill skekill af stórri húð.

Veðdeild Landsbankans, sem var hugsuð upphaflega sem aðalfasteignalánastofnun landsmanna, er hætt störfum svo að segja. Að vísu veitir hún lán stundum í veðdeildarbréfum — ákaflega lág miðað við verðmæti eignanna. En þau bréf hygg ég séu ekki seljanleg nú — ef þau eru seljanleg — fyrir meira en eitthvað milli 60 og 70% og kannske varla það. Væri ekki nauðsyn á að reyna að tryggja affallalausa sölu á þessum bréfum engu síður en veðdeildarbréfum Búnaðarbankans? Byggingarsjóður verkamanna gefur út bréf með vöxtum frá 5 og upp í 5½%. Um þessi bréf er svipað að segja og veðdeildarbréfin: þau eru ekki seljanleg nema með gífurlega miklum afföllum. Byggingarsamvinnufélög, sem er fjöldi af í landinu og njóta ríkisábyrgðar upp að vissu marki, hafa gefið út bréfaflokka, sem eru með 6, 6½%, allt upp í 7%, til 10, 15 og 20 ára. Þessi bréf eru óseljanleg nema með miklum afföllum, jafnvel meira en 20%. Þetta sýnir, hversu ástandið í þessum efnum er gífurlega erfitt og ég vil segja alveg fullkomlega óviðunandi. Í þessu frv. liggur viðurkenning á þessum vandræðum, að því er snertir þann tiltölulega þrönga hóp, sem leitar til veðdeildar Búnaðarbankans til þess aðallega að „konvertera“ eldri lánum eða koma fyrir í sambandi við búaskipti og arf, eins og frsm. gat hér um áðan. Ég verð að segja það, að með þeim lofsverða áhuga, sem flm. sýna fyrir að leysa vandræði þessara manna, þá er mér alveg óskiljanlegt, hvernig þeir geta talað um þetta atriði út af fyrir sig án þess að líta á hitt, sem er margfalt stærra fyrir þjóðina í heild sinni og allan almenning í landinu. Ég held ég muni það rétt, að í samningi hæstv. ríkisstj. hafi því verið lofað, að þegar væri búið að afla fjár til sementsverksmiðjunnar, hvar á einhver snurða mun vera nú, að því er sagt er, þegar búið væri að afla fjár til rafvirkjananna, 100 milljóna eða eitthvað þess háttar, þá skyldi snúizt að því með fyllstu einbeitni og dugnaði að afla fjár til íbúðabygginga. Ég hygg, að það séu allir sammála um, að það sé sízt minna að-

kallandi að afla fjár til íbúðabygginga með nokkurn veginn sómasamlegum kjörum heldur en að leysa vandræði þess tiltölulega fámenna hóps, sem þetta frv. hérna snýst um.

Hæstv. dómsmrh., sem án efa er þessum málum kunnugur og er einn aðili að þeim samningi, sem ég gat um áðan, taldi, að það væri óeðlilegt að leggja þessa endurkaupakvöð affallalausa á aðrar stofnanir en Búnaðarbankann, sem hefði allmikið fé handa á milli. Ég get vel skilið sjónarmið hæstv. ráðh. í þessu og tel það fullkomlega rannsóknarefni, sem hann bendir á í þessu sambandi, af því að hér er um takmarkaða upphæð að ræða, sem ekki heimtar ákaflega mikið átak. Hins vegar verð ég að segja það, að mér virðist einkennilegt, að ríkisstj. skuli sérstaklega vísa á þær þrjár stofnanir, sem nefndar eru þarna í frv. í 1. gr., Brunabótafélag Íslands, Söfnunarsjóð Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, sem kaupendur að þessum bréfum. Ég hefði nú talið, að fyrst í röðinni kæmi í öllu falli Búnaðarbankinn, — ég verð nú að segja það alveg eins og er. Að því er Tryggingastofnun ríkisins snertir, þá hefur í einu tilfelli verið borið fram frv. um svipað atriði og greinir í þessu frv., þ. e. í sambandi við byggingar verkamannabústaða til að bæta húsnæðisástandið í bæjunum. Það frv. náði ekki fram að ganga, og var þá m. a. bent á, að það væri ekki heppilegt að setja ákvæði um ráðstöfun á þessu fé. Við það bætist svo það, að eins og málefni Tryggingastofnunarinnar standa nú hér í þinginu, nú á þessum degi, þá er útlit fyrir, að Tryggingastofnunin verði með 5—6 millj. kr. halla á yfirstandandi ári, og það eitt út af fyrir sig útilokar náttúrlega með öllu, að það sé annað en sýndarávísun ein, sem gefin yrði á hennar sjóði, þó að þetta frv. hér yrði samþykkt.

Ég get sem sagt fyrir mitt leyti fallizt á, að þetta frv. verði samþykkt, en tel rétt, að sú athugun, sem hæstv. dómsmrh. vikur að, fari fram, þannig að séð verði, hvort ástæða er til að vísa á aðrar lánsstofnanir en Búnaðarbankann í þessu efni, áður en það er afgreitt. En ég vildi þá mega skoða þetta frv., ef afgreitt verður, sem upphaf að því að tryggja þeim, sem þurfa fasteignalán í landinu, skapleg kjör eitthvað hliðstætt því, sem hér er farið af stað með í þessu frv., því að það er engin ástæða til þess að skapa þeim hópi manna, sem frv. á að taka til, algera séraðstöðu umfram alla aðra landsmenn, að tryggja þeim affallalausa sölu á bankavaxtabréfum, þegar aðrir landsmenn verða að sætta sig við að taka stórfelld afföll, upp í þriðjung og kannske meira af verðinu.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þetta er nú 2. umr. um málið, svo að það ætti að vera ósköp auðvelt fyrir dómsmrh. að fá upplýsingar við 3. umr., og ætti ekki þess vegna að fresta umræðu nú. Ég skal reyna að láta þær liggja fyrir við 3. umr.

Ég skal þá ekki snúa mér að dómsmrh. fyrst, heldur að hv. síðasta ræðumanni, 4. þm. Reykv. Það eru náttúrlega allir sammála um, að þörf fyrir fasteignaveðslán er nú ákaflega mikil og þörf brýn fyrir miklu fleiri menn en þá, sem þetta frv. kemur til með að fullnægja, sem er ákaflega takmarkaður hringur. Hins vegar verð ég að segja það frá mínum bæjardyrum séð, að ég tel gróflega mikinn mun á því, hvort einhver maður, húseigandi hér í Reykjavík t. d., sem á óveðsett hús, getur fengið fasteignaveðslán út á húsið sitt til þess t. d. að setja upp verzlun eða bara til þess að setja í eitthvað, t. d. fyrirtæki, eða hvort maður, sem er að hrekjast af jörð, af því að hann fær ekki umráðarétt yfir henni, geti fengið aðstöðu til að sitja þar kyrr og haldið áfram að framleiða í landinu. Þess vegna er allt annað frá mínu sjónarmiði séð, hvort maður samþykkir þetta frv. með þessum takmörkuðu möguleikum, sem það gefur, þessum þrönga hóp manna, sem annars verður að yfirgefa jarðir sínar og hætta búskap, ef hann getur ekki fengið lán, eða hvort maður færir það út yfir alla fasteignalánastarfsemi í landinu, eins og hv. 4. þm. Reykv. vildi láta gera með því og taldi þurfa, og það náttúrlega þarf. Það vita allir, að veðdeild Landsbankans er lokuð og hefur ekkert lánað nema bréf með miklum afföllum, sem ómögulegt er að koma í verð. Ég skal ekki fara meira út í það, en ég geri mikinn mismun á þessu.

Dómsmálaráðherra vil ég benda á það, að þetta er 2. umræða um *málið og milli umræðna* ætti að vera auðleyst að útvega honum þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og ég skal reyna að sjá um það. Ég veit reyndar ekki, hvað það er mikið, sem hann vill fá. Það er hægt að segja honum það strax, að veðdeild Búnaðarbankans skuldar núna sparisjóðsdeildinni mikið á þriðju millj. kr., af því að það hefur verið reynt að pína í menn, sem hafa verið í nauð og hafa verið að fara frá jörðum, sem fara þá í eyði. Það er hægt að segja honum líka núna strax, að sparisjóðsdeildin skuldar bæði ræktunarsjóði og byggingarsjóði. Allir þeir peningar, sem hann lofaði frá Ameríku, hafa ekki komið fyrr en eftir dúk og disk, og þó að þeir komi, þá hrökkva þeir ekki til að borga það, sem búið er að lofa af lánum. Þetta er hægt að segja honum allt núna strax. Hvernig sparisjóðsfé annars skiptist í útlánum, hvað er í hlaupareikningi og hvað er mikið í lánum eða hvað er hjá kaupmönnum og hvað er hjá verzlunarmönnum og hvað það er hjá bændum o. s. frv., það veit ég ekki, og ég veit ekki einu sinni, hvort það er hægt að fá nokkurt yfirlit yfir það í skyndi, en ég skal athuga, ef hæstv. ráðh. vill, hvernig það skiptist, ef það er eitthvert skilyrði frá hans hálfu fyrir að fylgja frv. Ég efast um, að það sé hægt. En svo vil ég benda honum á það, að þessu frv. er ekki beint stefnt að Landsbankanum. Hann hefur ekki lesið 1. gr. **(Dómsmrh.:** Ég hef lesið hana.) Nú jæja, það stendur „við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir“, og ein af þeim öðrum peningastofnunum, sem um er að ræða, er Búnaðarbankinn. Það er eftir samningum við Landsbankann og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt, og þá eru m. a. þessar þrjár stofnanir, sem ríkið á, Brunabótafélag, Söfnunarsjóðurinn, sem ekkert gerir nú annað en kaupa veðdeildarbréf, og tryggingarnar. Ég held þess vegna, að það sé ákaflega hættulítið fyrir hæstv. ráðh. að leyfa

frv. að ganga til 3. umr. og sjá, hvort ekki er hægt að útvega honum upplýsingar á milli umræðnanna, og forsetinn tekur það þá ekki aftur á dagskrá fyrr en ég og dómsmrh. erum sammála um, að hann geti nú fengið þær upplýsingar, sem honum eru nægilegar. Hann getur látið það liggja á milli umr. á meðan. Þá held ég, að það sé óhætt að hleypa því til 3. umr., og vildi nú vonast til þess, að ráðh. gerði það, því að það er ekki þörf á að draga það þess vegna lengur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta. Það er alveg rétt, sem hér var sagt áðan af síðasta hv. ræðumanni, 4. þm. Reykv., að þetta frv. leysir ekki þörf nema ofur lítils hóps af þeim mönnum, sem þurfa að fá fasteignaveðslán árlega. En það leysir þann hópinn, sem verður að kippa að sér höndum og hætta við að framleiða og reyna að fara yfir í atvinnu hjá öðrum mönnum, ef ekki er hægt að leysa þeirra vanda. Það eru þeir fjórir flokkar, sem taldir eru upp í 2. gr. Þess vegna er þessi hópur þeirra, sem þurfa að fá lán út á fasteignir, tekinn út úr, en ekki af neinu öðru.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég er ekki neitt sérstaklega riðinn við þetta mál, hef ekki flutt það og á ekki sæti í þeirri nefnd, sem hefur fjallað um það. Þess vegna þarf ég ekki að svara fyrir frv. En það var þó út af orðum hæstv. dómsmrh., sem ég kvaddi mér hljóðs. Hann spurðist fyrir um það, hvers vegna farið væri út fyrir Búnaðarbankann, þegar talað væri um tekjuöflun til að fullnægja ákvæðum þessa frv., og taldi síðan nokkrar ástæður til þess, að Búnaðarbankinn ætti að vera einfær um að sjá fyrir þessu. Hv. frsm. n. hefur nú nýskeð svarað þessu að nokkru, en ég vil þó bæta því við, að mér finnst það ekki undarlegt, þó að bæði í þessu efni og sumum öðrum sé sérstaklega vísað til Landsbankans, og þá skil ég það svo, að það sé sérstaklega vísað til seðladeildar hans. Seðlar Landsbankans eru gefnir út á ábyrgð þjóðarheildarinnar, en Landsbankinn fer með þá og nýtur tekna af þeim, að svo miklu leyti sem þeir eru í umferð, og hann hefur einkarétt, eins og allir vita, á seðlaútgáfu. Það eru svo mikil hlunnindi fram yfir aðra banka landsins, að það út af fyrir sig finnst mér réttlæta það, að gert er jafnvel ráð fyrir, að Landsbankinn veiti öðrum bönkum lán eða kaupi af þeim verðbréf, og mun það vera í samræmi við það, sem gert er í öllum löndum. Ég hygg, að alls staðar sé það svo, að þjóðbankarnir, seðlabankarnir, láni öðrum bönkum fé.

Ég er ekki miklu kunnugri hag og rekstri Búnaðarbankans en aðrir þingmenn hér, þó að ég fáist við rekstur lítillar greinar af honum. En eins og hv. frsm. n. benti á, þá er sparifé Búnaðarbankans þegar bundið töluvert mikið í lánum til ræktunarsjóðs og til byggingarsjóðs, sem lögum samkv. á þó að sjá fyrir fé á annan hátt, en það er vitanlega svo, að sparifé er ekki vel til þess fallið að verja því að neinu verulegu leyti í kaup verðbréfa, sem greiðast eftir langan tíma. Það veit enginn, hvenær að því kemur, að sparifé er heimtað aftur. Aftur á móti er það fé, sem seðladeild Landsbankans hefur, fastur stofn, sem hún á ekki á hættu að þurfi að skila aftur hvenær sem er. Sama er í raun og veru að segja um tvær aðrar stofnanir, sem hér er bent á í 1. gr., Tryggingastofnun ríkisins og Brunabótafélag Íslands. Vitanlega hafa þessar stofnanir útgjöld á hverju ári, en þó ekki eins óvíst um þeirra greiðslur og um greiðslur sparisjóða eða sparisjóðsdeilda í bönkum.

Hæstv. ráðh. sagði, að Búnaðarbankanum væri ekki ætlað sama hlutverk til fyrirgreiðslu atvinnuveganna eins og hinum bönkum landsins. Ég kannast ekki almennilega við þetta. A. m. k. í þeirri starfsemi, sem ég þekki bezt til viðvíkjandi Búnaðarbankanum, þá er það algerlega látið sitja fyrir að veita fé til þeirra, sem landbúnað stunda, og vegna þess að ekki hefur verið til veðdeild og engin ákveðin lánsstofnun, sem bændur geta leitað til um föst lán, þá hefur sú stofnun, og ég tel víst Búnaðarbankinn í heild sinni, neyðzt til þess að lána töluvert af sparifé á þann hátt, sem hefði í raun og veru átt að vera veðdeildarlán.

Annars verð ég að segja það, að ég viðurkenni fyllilega þá nauðsyn, sem hér er fyrir hendi um þetta frv. Það er ekki nóg að útvega ræktunarsjóði og byggingarsjóði fé til útlána, ef enginn er til að búa á jörðunum, og auðvitað er bændastéttin dauðleg eins og aðrar stéttir, og það hljóta alltaf að verða skipti á eigendum jarða. Og mér er alveg fullkunnugt um, að það er að verða helzt alveg ómögulegt fyrir ungan mann, efnalítinn, eins og flestir ungir menn eru, að hefja búskap, nema þá hann taki við af föður sínum og sé einna helzt einbirni, því að í nútímabúi, a. m. k. víða um landið, með jörðinni og öllum mannvirkjum á henni, bústofni og verkfærum, liggur orðið svo mikið fjármagn, að það er ekki hægðarleikur að kaupa slíkt. Jafnvel þó að það sé sonur, sem tekur við af föður sínum, ef hann á systkini og þarf að leysa út til þeirra kannske ⅔ hluta af verði jarðarinnar með öllu tilheyrandi, þá er það flestum ofvaxið á unga aldri, jafnvel þótt ráðdeildarmenn séu. En einmitt vegna þess, hvað mér er ákaflega ljóst, hvað hér er mikill vandi á ferðum, ekki einasta fyrir bændastéttina sem slíka, heldur þjóðfélagið, þá verð ég að segja það eins og það er, að mér þykir fremur lítið til þessa frv. koma, þó að það kynni að bæta úr í einstaka tilfelli að einhverju leyti, en fyrir marga mundi það koma að sáralitlu gagni. Bæði er sú fjárupphæð, sem ráðgert er að útvega, svo lítil, að jafnvel þó að miðað sé við 35 þús. kr. hámark á hverju láni, þá yrði það ekki til ýkja margra, og í öðru lagi er 35 þús. kr. hámark í mörgum tilfellum svo lítið, að menn eru jafnnær eða næstum því alveg jafnnær, hvort þeir fá það eða ekki. Það er orðið algengt, að jarðir seljast fyrir mörg hundruð þús. kr., og svo er bústofninn og annað, sem tilheyrir. Þá eru 35 þús. kr. tiltölulega lítil hjálp, og ef menn, sem slíkar jarðir þurfa að kaupa, geta á annað borð sjálfir útvegað sér allt nema 35 þús. kr., — við skulum segja, að þeir þurfi hálfa milljón, sem ekki er að verða með öllu óalgengt að menn þurfi til þess að geta hafið sómasamlegan búskap, — ef þeir geta lagt fram eða útvegað sér á einhvern hátt 465 þús. kr., þá býst ég við, að þeir

hefðu líka einhver ráð með þessar 35 þús. kr., sem á vantaði. Hitt kann að vera, eins og hv. frsm. n. minntist á, að í sumum héruðum landsins sé þetta öðruvísi, þar sem jarðir eru í lægra verði og bústofn kannske ekki heldur eins dýr, að þá geti féð orðið töluverð hjálp, þó að þetta hámark sé, en ég veit, að víða verður það mjög lítil og sama og engin hjálp.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég get fallizt á það, sem hv. frsm. fór fram á, að láta frv. ganga til 3. umr., ef hann kýs það frekar, ef nefndin vill afla þeirra upplýsinga, sem ég bað um, vegna þess að ég tel, að hér sé um að ræða mjög mikið nytjamál, sem nauðsynlegt sé að nái fram að ganga, og ég vil alls ekki fallast á eða taka undir þau ummæli hv. 1. þm. Eyf., að þetta mál sé í raun og veru lítilsvirði. Við sjáum það, ef við berum saman smáíbúðirnar í kaupstöðunum, sem mér er kunnugra um en ástandið í sveitum, að þar mun hafa þótt gott, ef smáíbúðarlán væri 35 þús. kr. Og það er enginn vafi á því, að sú þátttaka ríkisins að útvega þau lán, þótt ekki væru hærri, hefur ráðið algerlega úrslitum um það, að hundruð manna hafa getað ráðizt í þær framkvæmdir, sem ekki hefðu getað það ella, þannig að þar hefur með ekki meiri lánsfjárhæð verið leyst úr brýnni þörf og margra manna vandræði leyst. Hitt getum við svo allir fallizt á, að það væri betra, ef við hefðum efni á að gera betur í þessum efnum. En ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel meginefni frv. vera mjög til bóta; ég er því eindregið fylgjandi, og ég vil segja það strax, að jafnvel þó að ekki fáist leiðrétting á því atriði, sem ég hreyfði hér, þá mun ég verða með frv. út úr deildinni, svo að enginn misskilningur sé um það. En það breytir ekki því, að ég get ekki fallizt á, að gögn liggi fyrir um það, að Búnaðarbankinn sé ekki megnugur að leysa þetta sjálfur.

Ég tel — hef ef til vill ekki sagt það nógu skýrt áðan — að Búnaðarbankinn hafi ekki sams konar skyldur við aðrar atvinnugreinar í landinu eins og hinir bankarnir hafa, vegna þess að hans skylda sé fyrst og fremst við landbúnaðinn og hann eigi að verja því fé, sem hann hefur yfir að ráða, ekki aðeins í hinum umtöluðu sjóðum, heldur einnig sparisjóðsinnstæðunum, til þess að greiða úr vandræðum landbúnaðarins, alveg eins og hv. 1. þm. Eyf., sá ágæti vinur landbúnaðarins, segist hafa gert í þeirri deild Búnaðarbankans, sem hann sjálfur ræður yfir. Nú er það skoðun mín, að sé ekki nægilega fylgt þeirri sömu stefnu hér í aðalbankanum í Rvík. Ég er sannfærður um það, þangað til ég sé gögn um annað, að það er ærið fé, sem Búnaðarbankinn hefur yfir að ráða, sem hann gæti varið betur til hagsældar landbúnaðinum en hann gerir. Og það er ekki einhlítt að vitna þar um, að Landsbankinn eigi þarna að hlaupa undir bagga og seðlabankinn láni alls staðar öðrum fé. En hvernig er það nú samkv. þessari skýrslu, sem ég vitnaði í, síðustu skýrslu Landsbankans? Þá er það að vísu þannig, að Útvegsbankinn er í des. 1952 í hér um bil 69 millj. kr. skuld við seðladeild Landsbankans, að því er ég fæ séð, en Búnaðarbankinn á þar inni 4½ millj. kr., og ég spyr nú: Væri ekki nær að verja því fé, sem þarna stendur, til þess að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem hér er um að ræða, heldur en að láta féð standa inni með þeim hætti, sem fram kemur í skýrslu Landsbankans. (**Gripið fram í:** Er það sama og sjóður Búnaðarbankans?) Ja, sama og sjóður Búnaðarbankans, það kemur fram hjá Útvegsbankanum, hvernig hann fer að. Ég skil það ákaflega vel, að minn góði vinur, hv. þm. Seyðf., sem er málaflutningsmaður hér í bænum og vill hafa góðan aðgang að Búnaðarbankanum til þess að hjálpa sínum vinum hér í margs konar viðskiptum, vilji hafa Búnaðarbankann rekinn eins og hann er rekinn, en þeir, sem eingöngu hugsa um það að útvega sem mest fé í landbúnaðinn, geta ekki litið á það mál með augum málaflutningsmanns í Reykjavík, hversu mætur og gegn maður sem hann annars er. Og það er fyllilega orðið tímabært, að þetta mál sé tekið til rækilegri umræðu en verið hefur.

Hingað til hefur því verið haldið fram, að það sé ekki hægt að ætlast til þess, að sparisjóðsdeildin hjá Búnaðarbankanum kaupi löng lán, af því að það sé svo oft skipt um og menn megi búast við, að sparisjóðsinnstæðurnar standi ekki nema stuttan tíma. Hvað segir reynslan um þetta? Segir reynslan það, að sparifé hjá Búnaðarbankanum sé mjög óstöðugt og hafi sveiflazt mjög, t. d. til minnkunar, frá ári til árs? Ég hygg, að skýrslur sýni allt annað, og ég veit það. Sjálfur er ég nú búinn að vera eitt eða tvö ár í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur, sem ver fé sínu nær eingöngu til þess að lána löng lán, fasteignalán, til 10 ára a. m. k., og það verður vitanlega að hafa þarna vissan varasjóð við höndina upp á að hlaupa til þess að mæta úttekt sparifjár á tilteknum tíma. En reynslan er auðvitað búin að sýna, að það eru ekki nema tiltölulega takmarkaðar sveiflur, sem eiga sér stað, og meginhluti sparifjárins stendur alveg eins örugglega inni í sparisjóðunum eins og í nokkurri annarri peningastofnun í landinu. Þess vegna er einungis um að ræða þarna vilja — og ef til vill, hvað menn vilja að Búnaðarbankinn græði mikið í beinu fé, en það tel ég að geti ekki skipt meginmáli í þessu sambandi, heldur verði að líta á hitt: Er ekki eðlilegra, að það mikla fé, sem hleðst inn í Búnaðarbankann hér í Rvík, sé tekið út úr venjulegum Reykjavíkurviðskiptum, sem að vísu gefa kannske betri og meiri ágóða, en sé í ríkara mæli en fram að þessu varið til hags landbúnaðinum sjálfum og þá þar með að einhverju leyti létt á öðrum peningastofnunum skyldum við landbúnaðinn.

Ég segi þetta af fullkominni góðvild til Búnaðarbankans, umhyggju fyrir því, að landbúnaðurinn fái sem mest fé, en tel, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að Alþingi komist ekki hjá því að skoða það betur en gert hefur verið fram að þessu, og það gleður mig, að hv. þm. N-M., sá skörulegi framkvæmdamaður, hefur lofað að útvega okkur skýrslur um þessi efni, og ég bíð eftir því af mikilli fróðleiksfýsn að fá þær til skoðunar.

**Forseti (GíslJ):** Hæstv. dómsmrh. óskaði eftir því, að þessari umr. yrði frestað, þar til þessar

upplýsingar lægju fyrir. Nú hefur hann tekið þá ósk sína til baka aftur. Ég tel hins vegar, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða, að ég tel rétt að fresta umr., þar til þessi gögn liggja fyrir. Það er einn maður á mælendaskrá, og það hafa verið boðaðir flokksfundir kl. hálf tvö. Ég mun því fresta umr. og taka málið út af dagskrá og taka það ekki á dagskrá aftur, fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir, sem um hefur verið rætt, en skal hins vegar lofa, að það skal ekki tefja málið við 3. umr. Ég skal sjá um, að það verði haldinn sérstakur fundur, ef á þarf að halda, þó að það væri kvöldfundur eða eftirmiðdagsfundur, til þess að tefja ekki. Málið er því tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þegar umr. um þetta mál var frestað fyrir nokkrum dögum, þá stóðu málin þannig, að hæstv. dómsmrh. hafði óskað eftir vissum upplýsingum, nokkuð óákveðnum þó, um lánastarfsemi bankanna, áður en hann fyrir sitt leyti gæti samþ. þá brtt., sem hér lá fyrir, en hún var sú að hækka það lánsfé, sem veðdeild Búnaðarbankans yrði útvegað, úr 800 þús. í 1.2 millj. Ég hef síðan reynt að afla mér upplýsinga um útlán bankanna, og í þessu sambandi er það þó sérstaklega sjálfur Búnaðarbankinn, sem hæstv. ráðh. óskar upplýsinga um. Það er nú úr hörðustu átt að vísu, að ráðh. biðji um þessar upplýsingar, því að þessar upplýsingar eru alltaf annað slagið gerðar upp í bönkunum og sendar hæstv. ríkisstjórn sem algerlega heimulegt plagg, sem helzt ekki er óskað eftir að sé birt. En þegar ráðh. biður mig nú um þessar upplýsingar, þá kemst ég ekki hjá því að nefna þær, þó að þær eigi að vera hálfheimulegar. En til þess að gera þær sem minnst opinberar, þá ætla ég að fara með þær í prósenttölu, en hins vegar nefna ekki neinar krónuupphæðir.

Hvað Búnaðarbankann snertir, þá voru um áramótin — en þá var síðasta skýrslan — 58.1% af útlánum hans bundið við landbúnaðinn, 1% í sjávarútvegi, 12.5% hjá kaupmönnum og kaupfélögum, 10.8% hjá iðnaðarmönnum, 5.2% í byggingum, 0.4% í samgöngum, — þetta er allt prósentvís, — 1% hjá ríkinu, 3.3% hjá bæjar- og sveitarfélögum og 7.7% í ýmsu, og af þessum 7.7% er óhætt að bæta við landbúnaðinn nokkru, því að það er í ýmsum greinum, sem standa honum mjög nærri, og sama mætti segja um iðnaðinn, svo að talan af lánsfénu, sem stendur í landbúnaðinum, er í raun og veru hærri en þessi 58.1%. Á sama tíma stóð svo hjá Landsbankanum, að 5.6% af hans útlánum voru í landbúnaði, 34% í sjávarútvegi, 26.2% í verzlun, 4.1% í iðnaði, 2.8% í byggingum, 2% í samgöngum, 10,4% hjá ríkinu, 7.4% hjá bæjar- og sveitarfélögum, 3.2% í ýmsu og 3.8% hjá ríkisverksmiðjunum. Og hjá Útvegsbankanum voru 0.5% í landbúnaði, 49.6% í sjávarútvegi, 24.8% í verzlun, 13.8% í iðnaði, 3.9% í byggingum, 0.2% í samgöngum, 1.7% hjá bæjar- og sveitarfélögum, 5.5% í ýmsu.

Svona var nú útlánunum hagað um áramótin. Svona fóru þau prósentvís í atvinnuvegina.

Nú virtist mér ráðh. telja, að það, sem einkum vekti fyrir honum, væri, hvort Búnaðarbankinn væri ekki með sína lánastarfsemi á rangri hillu, þannig að hann gæti dregið úr lánastarfsemi t. d. hér í Reykjavík og tekið þessa 1.2 millj. úr sjálfs hendi, sem ætlazt er til að frv. geri mögulegt að bændurnir geti fengið til lána úr veðdeildinni.

Viðvíkjandi þessu er nú það að segja fyrst og fremst, að það er náttúrlega alltaf matsatriði, hvort þetta er hægt eða ekki. Þegar við lítum nú á bankana og samanburðinn, þá kemur t. d. fram, að varasjóður Landsbankans fyrir utan seðlana er meira en tífaldur á við Búnaðarbankans, og þó er það svo, að eins og 4. þm. Reykv. sagði hér við síðustu umr., þá kallar þörf að byggja hús, íbúðarhús, og að geta veitt lán úr veðdeild ekkert minna á í bæjum heldur en í sveit. En þrátt fyrir þetta hefur Landsbankinn með sína miklu varasjóði og sinn milli 30 og 40 milljóna króna hagnað árlega ekki séð sér fært að lána veðdeild bankans neitt af sínu fé, svo að hún gæti lánað meira út. Þvert á móti átti veðdeildin um áramótin inni hjá bankanum. Aftur á móti hefur Búnaðarbankinn, til þess að reyna að leysa vandræði þeirra manna, sem reynt er að leysa hér með þessu frv., lánað veðdeildinni hjá sér úr sparisjóði á þriðju millj., til þess að hún gæti leyst vandræði manna, sem var allra verst ástatt með og líkur voru til, að hætta yrðu beinlínis búskap, ef þeir gætu ekki fengið veðdeildarlán. Aðstaða þessara tveggja banka til þess að fullnægja þessari lánaþörf manna, sem þurfa á veðdeildarlánum að halda, hefur þess vegna verið ákaflega misjöfn. Og Búnaðarbankinn hefur a. m. k. sýnt þar viðleitni, sem er þess eðlis, að það er engin ástæða fyrir hv. alþm. annað en að viðurkenna hana og hjálpa til, að hann geti gert hana sem bezta. Enn fremur hefur Búnaðarbankinn úr sínum sparisjóði lánað byggingar- og ræktunarsjóði, sem báðir eru í vörzlum bankans, og átti útistandandi hjá þeim, sem talið er í landbúnaðarlánunum í síðustu greininni, sem ég nefndi áðan, milli 9 og 10 millj. um síðustu áramót, líka til þess að þeir menn, sem væru að byggja yfir höfuðið á sér í sveitinni, og þeir menn, sem eru að rækta í sveitinni, gætu haldið áfram með það, þó að bankinn væri fjárvana, deildirnar, sem áttu að lána, væru fjárvana, og þess vegna hefur hann með sparisjóðnum gert þetta. Nú veit maður ekkert, hvernig þetta verður í framtíðinni og hve létt verður fyrir hann í framtíðinni að lána svona lagað úr sparisjóðnum til að geta komið á móti beiðnum manna. En hvort tveggja þessi dæmi sýna, að Búnaðarbankinn hefur mjög sterkan vilja á að gera það og sterkari en Landsbankinn, sem þó ætti að hafa betri aðstöðu til þess að geta veitt úrlausn í sinni veðdeild, sem hann ekki hefur gert, — og ég er ekkert að álasa honum fyrir það sérstaklega, það er mikið fé, sem þar er um að ræða, og það er Alþingis að sjá fyrir því, — en hann hefur heldur engan vilja sýnt á því.

Nú veit ég ekki, hvort hæstv. ráðh. óskar, að ég fari nánar út í þessa sálma. Ég hef reynt að skýra, hvernig lánsfé bankanna allra þriggja,

sem útistandandi var um áramótin, skiptist á milli atvinnuveganna. Ég hef sýnt fram á, að Búnaðarbankinn hefur ekki, eins og mér virtist helzt koma fram hjá honum, hliðrað sér hjá að lána út um sveitirnar, heldur lána hér í bæinn. Það er meiri hlutinn af hans útlánum um áramótin út um sveitir, og mikill meiri hluti, þegar tillit er tekið til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs. Hjá Útvegsbankanum eru bara 49.6% í sjávarútvegslánum, hitt er í öðru. Hjá Landsbankanum eru bara 34% í sjávarútvegslánum o. s. frv., svo að ég sé ekki, að það sé á nokkurn hátt með nokkrum sanni hægt að segja, að Búnaðarbankinn hafi þarna sniðgengið sitt hlutverk og eigi að hefnast fyrir það með því að útvega honum ekki í veðdeildina þetta fé, sem hér er farið fram á í frv. Ég treysti þess vegna því, að frv. verði samþykkt.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég mun hafa kvatt mér hljóðs við fyrri hluta þessarar umr. út af ummælum, sem þá féllu, einkum frá hæstv. dómsmrh. Nú skal ég játa það, að þar sem nokkrir dagar eru liðnir síðan þetta var, þá er sumt af þessu fallið í fyrnsku, og ég hefði þar af leiðandi raunar getað fallið frá orðinu. En ég man þó það, að út af þeim orðum mínum, að þetta frv. mundi ekki verða til mjög mikillar hjálpar fyrir suma þá, sem það ætti þó að hjálpa, og sums staðar á landinu, þá fór hæstv. ráðh. að bera saman smáíbúðalánin og þetta frv. og taldi, að þetta frv. væri a. m. k. eins mikið til hagsbóta fyrir bændur og smáíbúðalánin fyrir þá, sem þar koma til greina. Og mig minnir, að hv. 4. þm. Reykv. væri þá að taka í sama streng um þetta. En ég vona nú, að það þurfi ekki langra skýringa við, að hér er ólíku saman að jafna. Ef þetta frv. væri aðeins um það að veita lán til smáíbúðarhúsa í sveitum, á minni jörðum o. s. frv., þá mætti auðvitað bera þetta tvennt saman. En hér er ekki um slíkt að ræða, heldur er hér um það að ræða að veita hjálp með þægilegu láni til þess ef til vill að kaupa jörð með íbúðarhúsi, útihúsum, verkfærum, bústofni og öllu tilheyrandi, og það held ég að sé dálítið ólíkt því að koma upp litilli íbúð í kaupstað. Þó að svo undarlega vilji til, að það mun nú víða ódýrara að byggja í sveitum heldur en t. d. hér í Rvík, þótt varla sé hægt að skilja, hvernig á því stendur, þar sem flutningskostnaður á efni bætist við í sveitunum, þá mun vera þannig samt, að íbúðarhús í sveit og öll útihús, sem nauðsynleg eru á nútímajörð, kosta æði miklu meira en smáíbúð í kaupstað.

Að því er seðladeild Landsbankans snertir, þá sá ég ekki annað við fyrri hluta umr. en að hæstv. ráðh. sannaði einmitt mín orð, þar sem hann upplýsti, að á ákveðnum tíma hefði Útvegsbankinn skuldað seðladeild Landsbankans nærri 70 millj. kr., á sama tíma sem Búnaðarbankinn átti þar inni 4 millj. Þessi innieign Búnaðarbankans í seðladeildinni var þar auðvitað á hlaupareikningi og aðeins ætluð til þess að tryggja sparisjóð bankans. Það hefði litlu skipt, þó að hann hefði haft þetta í sjóði, frekar en á hlaupareikningi í Landsbankanum. Mundi þá enginn hafa haft við það að athuga, þó að hann hefði haft 4 millj. kr. hærri sjóð. En mér finnst þetta alveg sanna það, að seðladeildin er, eins og ég sagði, ekki einasta ætluð til þess, að með hennar fé sé starfað í Landsbankanum, heldur er hún ætluð til þess einnig að lána öðrum bönkum, eins og seðlabankar allra landa veraldarinnar hafa sem hlutverk að lána bönkum þjóðanna og hafa viðskipti við þá. Og þar sem seðladeild Landsbankans getur lánað Útvegsbankanum upp undir 70 millj. kr., þá sýnist mega vænta þess, að hún geti innt þær skyldur af hendi, sem ætlazt er til að hún geri eða Landsbankinn með þessu frv., því að það er ekki farið fram á svo mikið hér.

Út af því, sem barst í tal um sparifé á milli okkar, hæstv. ráðh. og mín, þá vil ég endurtaka það, sem ég sagði við fyrri hl. umr. og ekki hefur verið hrakið, að ég tel ekki, að sparifé sé yfirleitt vel fallið til að lána það um langan tíma eða til að kaupa verðbréf fyrir það, nema þá fyrir varasjóð sparisjóða. Hæstv. ráðh. nefndi það, að Sparisjóður Rvíkur hefði lánað mikið af fasteignaveðslánum til langs tíma, að hann sagði, eða a. m. k. til 10 ára. Og það kann vel að vera með slíkan sparisjóð, að það sé óhætt fyrir hann að lána fasteignaveðslán til 10 ára, en 10 ára lán teljast ekki löng lán, og þó mun vera gætt þar nokkurrar varúðar, jafnvel með svo stutt lán, þar sem sparisjóður er rekinn af fyrirhyggju.

Hæstv. ráðh. er hér ekki viðstaddur, og get ég ekki gert að því og sá ekki ástæðu til að vera að hætta við þessar athugasemdir af þeim sökum.

Um þetta mál í heild sinni vil ég að lokum segja það, að ég játa, að það er nú þegar allvel séð fyrir lánum til bænda, til nýbygginga og ræktunar, í gegnum byggingarsjóðinn og ræktunarsjóðinn, en mér hefur lengi verið það áhyggjuefni, hvernig muni takast til, þegar eigendaskipti hljóta að verða á jörðunum, og ég er þegar farinn að reka mig á ákaflega mikil vandræði í því efni. Ég skil þetta frv. svo, að aðaltilgangur þess sé að hjálpa ungum mönnum til að koma fyrir sig fótum, geta byrjað búskap. Og eins og verðlag er nú í landinu á jörðum og öðru, sem þarf til þess að hefja búskap, þá sé ég ekki annað en það sé alveg rétt, sem ég sagði við fyrri hl. umr., að þessi hjálp mundi víða koma að litlu gagni vegna þess, hve hámark lánanna er lágt og féð lítið. Ég þekki ýmis dæmi til þess, að það er ekki annað sýnna en að t. d. ungir og efnilegir bændur verði að fara frá jörðum sínum og hætta búskap, ef þeir geta ekki fengið nokkru hærra lán en hér er nefnt með sæmilegum kjörum.

Ef til vill hef ég verið misskilinn eitthvað á dögunum út af ummælum mínum um þetta. Þau var ekki þannig að skilja, að ég væri að mótmæla þessu frv. og ætlaði ekki að vera með því. Ég viðurkenni það, að lítið er betra en ekkert og að þetta getur komið að notum sums staðar og einhverjir bændur og bændaefni haft gagn af því, þó að ég efist mjög um, að viðtækt gagn verði af því. Þess vegna mun ég, þrátt fyrir þær athugasemdir, sem ég hef gert, að sjálfsögðu greiða atkvæði með þessu frv.

**Forseti (GíslJ):** Þegar þetta mál var hér til umr. á síðasta fundi, þá óskaði hæstv. dómsmrh.

eftir því, að umr. væri frestað, þar til vissar upplýsingar lægju fyrir, og lofaði ég þá sem forseti að taka málið ekki á dagskrá fyrr en vitað væri, að þær lægju fyrir hér til umr. Málið var tekið á dagskrá í dag; upplýsingarnar hafa verið gefnar. Hæstv. ráðh. hefur ekki beðið mig um sérstaka frestun á framhaldi umr., og sé ég því ekki ástæðu til annars en að slíta þessari umr. Honum gefst að sjálfsögðu tími til þess að athuga þær upplýsingar, sem fram hafa komið, fyrir 3. umr. Með því að enginn hefur kvatt sér hljóðs, er þessari umr. slitið, og verður gengið til atkvæða.

ATKVGR.
Brtt. 450 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 466).

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég var svo kvefaður í gær, að ég gat ekki komið hingað. Ég sé, að hér eru komnar upplýsingar, en mér hefur vitanlega ekki gefizt færi á að athuga þær og vildi nú mælast til þess, að málið yrði tekið út af dagskrá í dag, til þess að það mætti skoða þessar upplýsingar og hafa það þá strax á fimmtudaginn aftur.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég þakka hv. frsm., 1. þm. N-M., þær upplýsingar, sem hann gaf hér á dögunum. En það er sá galli á gjöf Njarðar, að þær eru í raun og veru utan við það málefni, sem um var spurt. Sú skipting, sem hann telur þar á því, í hvaða skyni Búnaðarbankinn láni sitt fé, tekur sem sé til hinna föstu sjóða hans líka, en ekki sparisjóðsins eins. Það verður til þess, að hundraðstalan, sem fer til landbúnaðar, er miklu hærri en hún er hjá sparisjóðnum einum, og er þó eftirtektarvert, að jafnvel með þeim tölum, sem hv. þm. var með og hann hefur sagt mér að miðist við sparisjóðinn og alla sjóðina, eru þó ekki nema tæp 60% af fé Búnaðarbankans, sem er veitt til landbúnaðar. Hitt er veitt í hin og önnur því óskyld efni. Og þetta er þeim mun eftirtektarverðara sem það segir berum orðum í lögunum um Búnaðarbanka, í hvaða skyni bankinn starfar. Í 2. gr. laga um Búnaðarbanka segir:

„Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu."

Bankinn hefur engan annan tilgang, en samt er það þannig, að þó að teknir séu með allir sérsjóðirnir, ræktunarsjóður og annað slíkt, samkv. upplýsingum hv. þm., þá eru ekki nema um 60% af fé bankans varið í þágu þessa atvinnuvegar. Og það stoðar ekki í því sambandi, eins og mér skildist að hv. þm. hefði gert, að vitna í Útvegsbankann og segja: Útvegsbankinn lánar í fleira en útveg, — vegna þess að með Útvegsbankann er berum orðum tekið fram, hvert hans verkefni á að vera. Hann á að styðja útveg, verzlun og iðnað. Og það kemur á daginn samkv. þeirri skýrslu, sem hv. þm. gaf, að meginútlán þess banka eru einmitt í þessar þrjár atvinnugreinar.

En ég hef ekki hér verið að tala um þessa sérsjóði Búnaðarbankans. Ég efast ekki um, að þeim sé varið tilgangi sínum samkvæmt. Það, sem ég hef verið að ræða um, er sparisjóðurinn. Ég hef ekki skýrslur um það, en það er alveg ljóst, að það er ekki nema lítill hluti af honum, sem er varið sérstaklega til landbúnaðarframkvæmda. Ég hef skýrslu um það, í hvað aukningunni frá 30/9 1952 til 31/12 1953 hefur verið varið, aukningu sparisjóðsdeildarinnar. Og þá er það, að landbúnaðurinn fær ekki nema tæpan þriðja part af þeirri aukningu. En það eru aðrir, sem fá líka bróðurpartinn af því, og það eru kaupmenn. Þeir fá helminginn, ekki einu sinni samvinnufélögin, heldur kaupmenn fá helminginn. Og ég spyr nú: Er þetta í samræmi við tilgang Búnaðarbankans? Ég er ekki á móti því að lána fé í verzlun, síður en svo. En það eru aðrir bankar hér, sem fyrst og fremst eiga að annast það verkefni. Búnaðarbankinn hefur ákveðið verkefni, og það er að lána til landbúnaðarins.

Það er sannast sagt alveg farið öfugt að, þegar það liggur fyrir, eins og ég hef hér sýnt fram á, að Búnaðarbankinn ver sínu sparisjóðsfé ekki nema að litlu leyti til landbúnaðarins, að þá skuli hann vera að koma og vilja láta skylda aðrar stofnanir til þess að annast það verkefni, sem hann hefur ærið fé til þess að gegna og ekki með nokkru móti hægt að komast fram hjá. Og það er svei mér ekki svo lítið fé, vegna þess að á síðustu fimm árum t. d. hefur verið stöðug hækkun á sparisjóðsdeild Búnaðarbankans, þannig að í árslok 1948 stóðu þar ekki inni nema tæpar 50 milljónir. Nú eru þar inni rúmar 111 milljónir. Og á síðasta ári var aukningin hvorki meira né minna en 29 millj. Mundi nú banka, sem hefur svo mikið fé yfir að ráða, muna um að hjálpa sinni eigin veðdeild um þær 800 eða 1200 þús. kr., sem hér er um að ræða?

Sannleikurinn er sá, að það eru sjálfsagt margar stofnanir hér á landi, sem eru einkennilega reknar og þyrftu skoðunar við, en ég efast um, að það sé nokkur stofnun, sem er einkennilegar rekin en Búnaðarbanki Íslands og er fjær því í sinni starfrækslu að fullnægja því verkefni, sem hún á að annast. Ég efast ekki um, að hann sé vel rekinn sem gróðastofnun. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé neitt óheiðarlegt, sem eigi sér þarna stað. En hv. þm. Eyf. sagði, að auðvitað væri þeim litla anga bankans, sem hann ræður yfir, fyrst og fremst varið til landbúnaðar, og gerði grein fyrir því með dæmum hér, hvernig hann annaðist um það. En sá stóri, fíni banki hér í Rvík er rekinn á allt öðrum grundvelli. Hann er fyrst og fremst rekinn sem verzlunarbanki hér í bænum, og það er ástæðulaust að vera að kvarta undan því, að ekki sé fé til landbúnaðarins, meðan þetta mikla fé er í höndum þessara manna og þeir lögum samkv.

eiga að verja því til landbúnaðarins. Hvaða skýring er á því, að það er ekki gert? Ja, það er von, að hv. 1. þm. N-M. þegi; hann hefur stundum kallað fram í, hann gerir það ekki núna. Það er engin skýring til á þessu.

Ég skal ekki vera að rekja þetta frekar. Þetta er mál, sem sjálfsagt þarf að upplýsa menn miklu betur um en hér hefur verið gert, og það er einungis af þessu tilefni, að ég hreyfi þessu hér nú, en málið er svo merkilegt, að það er sjálfsagt eitt af furðuverkunum í íslenzku þjóðlífi.

Ég vil ekki amast við því frv., sem hér liggur fyrir, þó að það samkv. þeim upplýsingum, sem nú eru fram komnar, sé í raun og veru að fara yfir bæjarlækinn til þess að sækja vatn. Látum það eiga sig. Ég vil greiða fyrir því, að það nái fram að ganga, vegna tilgangs málsins, hann er svo góður. En ég tel, að það sé sjálfsagt að breyta frv., og þær allra minnstu breytingar, sem ég get hugsað mér að komi til greina, felast í skriflegri brtt., sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp. Það er við 1. gr., að orðin „Landsbanka Íslands og aðrar“ falli niður, þannig að það verði bara leitað samninga við „peningastofnanir“ og þá þar með auðvitað fyrst og fremst Búnaðarbankann sjálfan, — og svo á undan orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ og þeim, sem þar eru taldir upp að sé hægt að skylda til að kaupa þessi bréf, þá komi fyrst: „sparisjóðsdeild Búnaðarbankans“, að ríkisstj. geti skyldað hana til þess að kaupa bréfin, ef svo lízt og samningar nást ekki. Það má treysta því, að ríkisstj. mun ekki misbeita sinni heimild í þessu, en það er alveg ótvírætt, að fjárreiður Búnaðarbankans eru svo rúmar, að hann munar ekkert um að leysa þetta verkefni, ef nokkur vijli er fyrir hendi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 483) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 466, 483).

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hv. þd. á því, að það gætir talsverðs misskilnings í þessari brtt., sem hér hefur komið fram. Ég gat nú af sérstökum ástæðum ekki verið viðstaddur þær umr., sem fóru fram um þetta mál hér í gær, en ég hef séð í blöðum sagt frá því, hvers efnis þær hafi verið.

Það er, að mér virðist, meginuppistaðan í þeim umræðum, að það sé of lítið lánað úr sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands til bænda eða yfirleitt út um landið. Það hefur verið gefin skýrsla hér um það, hvernig lánum Búnaðarbankans er háttað, og kemur þar í ljós, að meiri hluti þeirra lána, sem hann veitir, eru veitt bændum. Enn fremur er auðvitað, án þess að það hafi verið gefin nein skýrsla um það, veitt mikið af lánum óbeint til bænda, með því að verzlununum, sem selja vörur út um land og lána þar meira og minna t. d. til bygginga allt árið og fjöldamargt fleira, — það er reynt að mæta þessum lánum, sem bændum eru veitt, meðan á byggingum og framkvæmdum stendur, með því að lána þeim fyrirtækjum, sem lána þeim verzlunum úti um landið, sem hafa slíka lánastarfsemi með höndum. Það er auðsætt mál, að bankinn getur naumast hagað lánum sínum með öðrum hætti en hann hefur gert í þessu efni, enda hefur lánapólitik bankans verið margrædd í bankaráðinu og enginn ágreiningur um það, að það bæri að ganga eins langt í því og unnt er að veita því fé, sem bankinn hefur yfir að ráða, í lán til bænda. Meðal annars höfum við, eins og hefur nú komið fram hér, núna til bráðabirgða veitt þessum deildum bankans, veðdeildinni, byggingarsjóði og ræktunarsjóði, bráðabirgðalán, til þess að þær geti innt af hendi þá lánastarfsemi, sem er nauðsynleg, til bænda. Það hefur oltið á 9—12 millj., sem þessar deildir þrjár hafa verið í skuld við sparisjóðinn. Á þennan hátt er sparisjóðurinn notaður til þess að hlaupa undir bagga til bráðabirgða.

Það, sem menn verða að gera sér ljóst, er það, að lánapólitik til bænda hefur verið gerbreytt frá því, að bankinn var stofnaður í upphafi. Eins og flesta mun reka minni til, voru lán veitt þannig, að vextir voru svipaðir af lánum til bænda eins og öðrum lánum, en til íbúðarhúsabygginga voru langt fram eftir veittir óafturkræfir styrkir. Þessari lánapólitík til landbúnaðarins var gerbreytt, þannig að nú eru tekin 2 og 2½% af lánum úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði og úr veðdeild 4½%. Og það sjá náttúrlega allir, að bankinn mundi ekki halda lengi áfram starfsemi sinni, ef hann ætti að taka við peningum til geymslu í sparisjóð og til ávöxtunar með 5% vöxtum lægst, 6% og upp í 7% og lána síðan út með 2%, 2½% og 4½%. Slík bankastarfsemi yrði ekki rekin mjög lengi. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það er tekið, eftir því sem hægt er, tillit til þess að verja peningunum til útlána til landbúnaðarins eins og mögulegt er út frá því sjónarmiði að reka jafnframt ábyrga og heilbrigða bankastarfsemi. Það er vitanlega hægt að taka það til greina, ef óánægja ríkir út af því hér í þessum bæ, að veita lánunum meira út um land. Það er sjálfsagt þörf fyrir stutt lán víða úti í kaupstöðunum og þorpunum. En það er alveg auðsætt mál fyrir hvern mann, sem um það vill hugsa, að þau lán, sem nú eru lánuð úr sparisjóði með 7½%, eru ekki lán, sem bændur sækja eftir nema til bráðabirgða, og þeir fá vitanlega þau lán til bráðabirgða alveg eins og aðrir og sitja fyrir þeim meira að segja, þangað til þeir fá lán með lægri vöxtum, venjulega í árslok.

Ég vil ekki vera að hreyfa því neitt hér, en ég get sagt þessari hv. d. frá því, að við höfum látið sérfróða menn reikna það út, hvernig starfsemi byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs vegnar undir því skipulagi, sem hv. Alþ. hefur haft á peningaútvegun til Búnaðarbankans. M. ö. o.: Bankinn hefur tekið núna svo tugum milljóna skiptir að láni peninga og heldur áfram að taka núna úr mótvirðissjóðnum með 5½% vöxtum og er látinn lána út með 2½% og 2%. Ég vil alls ekki birta þær tölur hér, þær niðurstöður, sem eru

að verða af þeirri lánastarfsemi og þeirri bankapólitík. Ég kæri mig ekkert um að fara inn á umræður um það. Og það er alveg auðsætt mál, að þetta, að segja við bankann, að hann eigi að ávaxta peninga með 5%, 6% og 7% og lána það út með 4½%, er sama og að segja við bankann, að hann eigi að stefna að sínu eigin tapi og — ef gert er í nægjanlega ríkum mæli — gjaldþroti.

Ég held satt að segja, að það hafi ekki verið víða mikill ágreiningur um það, að það hafi verið reynt að stjórna þessum banka samvizkusamlega og þannig, að hann væri rekinn á þann hátt, að í samræmi væri við fjármál ríkisins. Ég fullyrði það, að það hafi verið tekið mjög mikið tillit til þess. Það má gjarnan segja það hér, og ég er ekki þar með að deila á neinar lánsstofnanir eða aðra banka, að þegar hafa verið athuguð hér fjármál okkar þjóðfélags og okkar bankastarfsemi, þá hefur það a. m. k. — og er þá vægt tekið til orða — aldrei komið fram í þeirri athugun, að nokkur lánsstofnun og nokkur banki hafi verið rekinn betur, að þeirra áliti, heldur en Búnaðarbankinn. Við gerum okkur það fyllilega ljóst, að fólkið, sem trúir bankanum fyrir sparifé. gerir það vegna þess, að það álítur, að bankinn sé sæmilega rekinn. Og þó að þar sé ríkisábyrgð á bak við, þá hefur fólk alltaf einhverja tilfinningu fyrir því, hvar það vill ávaxta sitt fé. Þess vegna höfum við talið það skyldu okkar og munum halda áfram að telja það okkar skyldu að hafa bankann, þó að það kosti hann verulega fjármuni, þannig rekinn, að hann sé alltaf, sem kallað er, greiðslufær. Til þess verður bankinn að hafa geysilega mikinn sjóð.

Við höfum lítið þurft á því að halda að nota lánsfé Landsbankans. Við höfum aldrei rekið bankann þannig að hafa sjóð okkar svo tæpan, að við höfum þurft að grípa til þess nema til bráðabirgða, svo að það er ekki hægt að segja, að við höfum níðzt á þjóðbankanum. Þjóðbankinn hefur nú um 300 milljónir í seðlum vaxtalaust, svo að það er náttúrlega dálitið önnur aðstaða en fyrir þennan litla banka, sem Búnaðarbanki heitir, og menn geta gert sér í hugarlund, enda sést það nú á tölunum á þeim gróða, sem bankarnir skila á hverju ári, að þetta segir til sín.

Næststærsta gróðalindin fyrir hina bankana eru umboðslaunin á sölu erlends gjaldeyris. Við höfum ekki viljað sækjast eftir því að fá tekjur af því að selja erlendan gjaldeyri. Það hafa verið þrætur um það, og við höfum ekki sótzt eftir því til þessa.

Eini möguleikinn fyrir bankann til þess að standa undir sínum rekstri er gróðinn á sparisjóðnum. Fyrst og fremst er það þessi starfsemi, sparisjóðurinn, sem stendur að verulegu leyti undir rekstri bankans og þeim gróða, sem af honum er. Þess vegna er það, að það getur vitanlega ekki komið til mála, að við getum tekið á móti tugum milljóna af fé, sem lagt er inn í Búnaðarbankann, og lánað það síðan út í veðdeild með lægri vöxtum en við greiðum eigendum peninganna. Þess vegna er það, að ég held, að því meira sem málið er athugað, því greinilegar sjáum við, að þetta er, eins og einn þm. orðaði það, þegar þessi brtt. kom fram, nákvæmlega sama og að fyrirskipa að fóðra kýr á eigin mjólk. Það er alveg nákvæmlega það sama, að við eigum að taka úr sparisjóði fé, sem er ávaxtað á miklu hærri vöxtum en við fáum af útlánunum, og lána það út til þess að tapa á því svona upp í 3%. Við eigum að borga allt að 3% með lánum, því að það er talsvert af fé hjá okkur, sem fólk hefur bundið lengi, eins og vikið var að.

Um þörfina á að samþ. þetta frv. er enginn vafi, og um þörfina á veðdeildarlánum er enginn vafi. Það koma að minnsta kosti ekki færri en tíu beiðnir inn á hverjum degi um þessi veðdeildarlán frá fátækum bændasonum og frá fátæku fólki, sem vill stofna til búskapar, en getur ekki keypt jarðir, og sér nú, að þetta frv. er komið fram. Það yrðu áreiðanlega mikil vonbrigði, ef það yrði fellt eða limlest á þann hátt, sem hér er stefnt til, sem er nákvæmlega sama og að fella það. Og þó að þetta frv. yrði samþykkt, þá er nú skuld veðdeildarinnar við sparisjóðinn 2 millj. núna af þeim ástæðum, að það hefur ekki verið hægt þrátt fyrir þau neyðarúrræði, sem það er að lána út fé á þennan hátt, sem ég hef lýst, með lægri vöxtum en bankinn ávaxtar það, annað en neyðast til þess að fara lítillega inn á þessa pólitík vegna neyðar fólksins. En það er reiknað með því alveg eins og með lánin til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, að þetta sé aðeins til bráðabirgða og að þessum peningum verði fljótlega skilað aftur. Undir öðrum kringumstæðum væri algerlega óverjandi að festa spariféð á þennan hátt. Ég vil þess vegna mælast til þess, að hv. þd. sýni þá sanngirni að fella þessa brtt. og samþ. frv. eins og það liggur fyrir, því að á þann eina hátt kemur það þó að nokkru gagni.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Þó að mikið megi um þetta segja og sé reyndar búið að segja, skal ég nú ekki fara að lengja þessar umr. mikið. Það virðist að sumu leyti óþarfi og kannske að öllu leyti óþarfi.

Hæstv. dómsmrh. vitnaði í grein í lögunum um Búnaðarbankann og sagði, að tilgangur bankans væri að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu. Þetta er rétt. Hann sagði enn fremur, að það væru þverbrotnar af bankanum allar þær reglur, sem til hafði verið ætlazt að hann starfaði eftir, og hann væri þar algerlega á rangri línu, starfaði frá öðrum sjónarhól en honum hafi verið ætlað með því að lána mikið í annað en landbúnaðinn.

Nú langar mig til að heyra af munni hæstv. ráðherra skilgreininguna á þessu, að lána til að styðja landbúnað og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu, hver hún væri. Ég veit vel, að það er reynt annað slagið að flokka útlánin eftir því, til hvaða atvinnurekstrar er talið að það sé. En mér skilst, að sú flokkun sé ákaflega hæpin og nái ekki út fyrir öll tilfelli, og skal nefna nokkur dæmi til að útskýra fyrir ráðherranum, hvað ég meina.

Ég skal nefna kaupmann hérna í Reykjavík, sem á frystihús. Hann kaupir í það kjöt frá a. m. k. tveimur ákveðnum verzlunum úti á landi

á haustin, og þar með aflar hann sér birgða yfir veturinn og gerir kaupmönnunum, sem selja honum þetta kjöt, mögulegt að borga það út til bænda. En til þess að þetta geti orðið, þá þarf kaupmaðurinn, sem kaupir kjötið í Reykjavík, að fá lán. Er það veitt til að greiða fyrir viðskiptum fyrir þá, er stunda landbúnaðarframleiðslu, eða fyrir verzlunina? Það er sett í flokk lána, sem eru veitt til verzlananna, kaupmannanna. Lánið er allhátt, og ég nefndi það sem dæmi þess vegna.

Ég vil nefna annað dæmi. Það er verið að reyna að fá vélar til landsins. En hæstv. ríkisstj. hefur reynt að setja fót fyrir það, eins og hún hefur getað, alla tíð þangað til kannske nú í ár, ég veit það ekki enn þá. Hún lét setja þau skilyrði í fyrra, að það kæmi ekki til mála, að það yrði látið út leyfi fyrir neinni slíkri vél, nema borgaður yrði meginhluti af andvirði hennar áður en hún væri pöntuð og nokkrum mánuðum áður en hún kæmi. Bændurnir þurftu að fá lán til þess að geta borgað þetta. Og það var búið að undirstinga Búnaðarbankann af ríkisstj. um, að hann mætti ekki lána úr ræktunarsjóði til slíkra hluta. Hann gat það ekki. En það þurfti lán, til þess að hægt væri að borga vélarnar og fá leyfið, því að Búnaðarbankinn hefur aldrei fengið aura fyrir að fara með gjaldeyri; það hafa verið sérréttindi hinna bankanna. Það eru sérréttindi þeirra að fá að taka 2—4% af öllum gjaldeyri, sem landbúnaðurinn fær. Búnaðarbankinn hefur ekki fengið það. Það eru hinir bankarnir, sem hafa haft ágóða af því. Og þeir bændur ýmsir, sem ekki gátu tekið út úr sparisjóðnum strax eða verzlunum sínum hingað og þangað til þess að geta borgað löngu áður en þeir fengu vélarnar, — en það urðu þeir að gera vegna aðgerða ríkisstj., — urðu að fá lán í bili, og munu þau talin til verzlunarlána. Voru þetta lán til landbúnaðarins? Til hvers voru þau veitt? Þau eru ekki flokkuð undir landbúnaðarmál. En til hvers voru þau veitt?

Svona grípur þetta hvað inn í annað. Ég held þess vegna, að þegar hæstv. ráðh. fullyrðir, að það sé ekki nema lítill hluti af þessum útlánum Búnaðarbankans í landbúnaðinum, það sé í ýmsu öðru, þá sé erfitt að segja, hvað mikið það sé, en hluti landbúnaðarins sé alltaf til muna meiri en tölurnar segja til um, eins og þeim er skipt niður, þegar verið er að flokka útlánin í bönkunum eftir atvinnulífinu.

Þá vil ég leyfa mér, án þess þó að fara langt út í það mál, að benda á einstaka atriði, sem ræða ráðherrans gefur tilefni til, en ég ætlaði mér alls ekki að fara út í. Ég skal þá fyrst benda á það, að Búnaðarbankinn hefur skyldur til þess að reyna að veita mönnum stofnlán bæði úr byggingar- og ræktunarsjóði. Veðdeild Landsbankans hefur skyldur til að reyna að veita mönnum lán út á fasteignir, veðdeildarlán. Búnaðarbanki Íslands hefur varasjóð, sem núna er orðinn nokkrar milljónir, — hann er orðinn svona líklega þrítugasti hluti af þeim varasjóði, sem Landsbankinn á, fyrir utan þó seðlana, sem Landsbankinn hefur þar fram yfir. Búnaðarbankinn hefur lánað þessum tveimur sjóðum, byggingar- og ræktunarsjóði, sem eiga að lána svona lán, úr sparisjóðnum hér um bil átta milljónir og alltaf eitthvað núna í síðastliðin þrjú ár. Hvað hefur Landsbankinn með að minnsta kosti 50 sinnum meiri möguleika lánað mikið úr sparisjóði frá sér til veðdeildarinnar? Hvað er það há upphæð, herra ráðherra, sem hann hefur lánað? Hvernig hefur Landsbankinn reynt að greiða fyrir sínum viðskiptamönnum, þ. e. þeim, sem þurfa að halda á veðdeildarlánum? Hann hefur ekki gert neitt. Hann hefur ekki einu sinni talað um, að það þyrfti að fá nýjar „seríur“ í veðdeildina, og ekki gert neina tillögu um, hvernig ætti að gera bréfin söluhæf, og ekki lánað einn einasta eyri úr sínum varasjóði, sparisjóði eða seðlabankanum til þess. Undir Útvegsbankann heyrir sjóður, fiskveiðasjóður, sem ætlað er að lána í báta og hefur gert það. Hann er líka þurrausinn eins og aðrir sjóðir. Hefur bankinn lánað mikið af sparifé sínu til þess að hjálpa honum til að hlaupa undir bagga um að lána, síðan hann varð félaus? Búnaðarbankinn hefur lánað nú um áramótin seinustu liðugar 2 millj. í veðdeildina úr sparisjóðsdeildinni fram yfir það, sem til var í henni. Hefur Útvegsbankinn gert það sama til þess að reyna að koma á móti mönnum, sem alveg nauðsynlega þurfa að fá sér nýja báta eða lán úr fiskveiðasjóði? Hefur hann fundið, að hann hefði sömu skyldum að gegna eftir lögunum eins og Búnaðarbankinn hefur fundið? Ég held ekki. Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef aldrei séð í reikningunum, að Landsbankinn hafi lánað einn einasta eyri til veðdeildarinnar. Þvert á móti, veðdeildin á alltaf inni í sparisjóðnum. Ég hef ekki heldur séð, að sparisjóður Útvegsbankans hafi lánað einn eyri til fiskveiðasjóðs, heldur hið gagnstæða.

Ég held þess vegna, að það sé ákaflega missagt, að Búnaðarbankanum hafi verið stjórnað ákaflega illa. Ég held honum hafi eiginlega verið stjórnað langbezt af þessum bönkum hvað þetta snertir. Það kynni þá að vera frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja láta lána sér og síðan fá eftirgjöf á skuld sinni. Maður sér á hverju einasta ári, að það er gefið eftir mikið af skuldum, bæði í Landsbankanum og Útvegsbankanum, sem taldar eru tapaðar, og skiptir það milljónum. Og maður sér líka meira, því að orðunefndin venjulega „honorerar“ þá, sem fá eftirgjöf hjá bönkunum, með því að veita þeim kross fyrir það, hvað þeir hafa verið duglegir að fá þar gefið eftir. Það hefur aldrei komið fyrir Búnaðarbankann. Hann hefur ekki gefið neitt eftir. Hann hefur engri skuld tapað. Honum hefur verið stjórnað þannig, að hann hefur ekki þurft að gefa neitt eftir. Að þessu leyti hefur honum verið öðruvísi stjórnað en hinum bönkunum. Og það er kannske þess vegna, sem ráðherrann vill ekki, að hinir bankarnir, sem hafa fé aflögu, eða aðrar stofnanir, sem hafa aflögu, hlaupi hér undir bagga og sjái um, — ekki að leysa þörfina fyrir veðdeildarlán, því að þessar lánsstofnanir geta aldrei gert það með þessu, — það er bara svolítill angi af þeim fyrir þá, sem eru allra mest þurfandi og annars yrðu að hverfa úr framleiðslunni og yfir á mölina og ganga í hóp verkamanna til þess að reyna að fá atvinnu. Það er aðeins brot af þeim hóp manna, sem annars gera þetta,

sem reynt er að greiða fyrir með þessu frv., og annað ekki.

Ég held þess vegna, að það sé ákaflega mikill misskilningur að halda, að Búnaðarbankanum að þessu leyti hafi verið stjórnað illa, honum hafi þvert á móti verið stjórnað ágætlega, honum hafi verið stjórnað þannig, að hann hafi farið fram yfir það, sem lagaákvæði segja, í því að reyna að greiða fyrir þeim mönnum, sem ætlað er sérstaklega að skipta við bankann, bændunum. Hann hefur lánað af sparisjóðsfénu bæði í byggingarsjóð og ræktunarsjóð um s. l. áramót um 8 millj. og enn fremur í veðdeildina um 2 millj. Tilsvarandi skyldur ættu að hvíla á bankastjórn Landsbankans gagnvart veðdeildinni og bankastjórn Útvegsbankans gagnvart fiskveiðasjóði, sem ættu þá að lána þessum stofnunum af sínum varaforða og sínu sparisjóðsfé til þess að geta sinnt þörfum manna svipað og Búnaðarbankinn hefur gert, en það hafa þær ekki gert, og að því leyti tel ég að þeim hafi verið verr stjórnað. Hins vegar hafa þær lánað með lélegum tryggingum og tapað skuldum og afskrifað af lánunum á þann hátt, og það er kannske það, sem ráðherranum finnst vera betur gert hjá þeim bankastjórum heldur en hjá bankastjóra Búnaðarbankans.

Ég vona, að menn fleyti þessu litla frv. óbreyttu í gegn. Það bjargar ekki miklu, það getur þó bjargað milli 30 og 40 mönnum á ári frá því að þurfa að hætta búskap og hverfa yfir á mölina og í hóp verkamanna. Og allir segja nú, að það séu nógir þar fyrir, jafnvel þó að haldið sé uppi Keflavíkurvinnu til að láta menn hafa eitthvað að gera. En allir eru, held ég, sammála um, að frekar eigi að halda mönnum að framleiðslunni en fjölga verkamönnum á mölinni.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vil fyrst eindregið mótmæla því, sem hv. þm. Str. sagði, að brtt. mínar væru þess eðlis, að betra væri að fella frv. heldur en að samþykkja þær. Jafnvel út frá sjónarmiði þeirra, sem telja, að Búnaðarbankinn sé ekki aflögufær í þessum efnum, er alger fjarstæða að halda því fram, sem hv. þm. Str. gerði, vegna þess að ríkisstj. getur, ef hún telur rök standa til, þrátt fyrir samþykkt till. látið Búnaðarbankann algerlega sleppa við þessa skyldu, þannig að þessari heimild verður því aðeins beitt, að það sannist að athuguðu máli, að Búnaðarbankinn sé aflögufær. Og vitanlega er eðlilegt, að hann komi ekki síður til greina í þessu sambandi en þær stofnanir, sem þarna eru taldar. Það væri hugsanlegt frá sjónarmiði hv. þm. Str. að halda því fram með nokkrum sennileik, að frv. yrði ónýtt, ef min till. yrði samþykkt, ef ætti að taka allar hinar stofnanirnar út. En þegar svo er ekki, heldur á einungis að bæta einni stofnun til viðbótar við hinar og ákvæðin að öðru leyti standa í frv., þá er þetta alger fjarstæða og sýnir, að hv. þm. Str. af einhverjum ástæðum hefur löngun í þessu máli til þess að rugla um fyrir mönnum í stað þess að skýra málin, svo sem vænta hefði þó mátt af honum með þá yfirgripsmiklu þekkingu, sem hann hefur einmitt á þessum efnum.

Það var mjög eftirtektarvert hjá honum, að hann ruglaði saman tveimur algerlega óskyldum atriðum. Annars vegar því, að veðdeildin og aðrar fasteignalánadeildir Búnaðarbankans láni fé út með svo lágum vöxtum, að þær geti ekki borið sig með því að greiða fulla vexti fyrir fé, sem þær taka að láni í þessu skyni, og hann sagði, að ástandið af þessum sökum væri svo alvarlegt, að hann vildi ekki gera það hér að umræðuefni. Það er vissulega efni, sem við verðum að ræða um og horfast í augu við, vegna þess að það krefst lausnar. Það er alveg greinilegt, að þessar stofnanir geta ekki til lengdar haldið áfram að lána út fé fyrir miklu lægri vexti en þær verða að borga. Hv. þm. gat um þetta á síðasta þingi. Þegar hann var landbrh., kom í ljós, að hann hafði af því þungar áhyggjur varðandi framtíðina, þó að ekki væri til hlítar úr því bætt, en að nokkru leyti er bætt úr þessu með stórkostlegum styrkjum úr ríkissjóði til þessara stofnana til þess að borga þann vaxtamismun, sem á sér stað í þessu sambandi, svipað og t. d. gert er varðandi byggingarsjóði verkamannabústaðanna, þar sem stvrkur ríkissjóðs m. a. fer til þess að greiða slíkan vaxtamismun alveg hliðstæðan þessu. Að þessu leyti er það rétt, að Búnaðarbankinn eða einstakar deildir hans eru í vandræðum, og menn verða að gera sér grein fyrir, hve mikið fé það kostar og hver á að borga það fé, sem í framtíðinni þarf til þess að standa undir þessum mismun. Það er verkefni fyrir sig, og það get ég ekki skorazt undan að eiga þátt í að leysa af minni hálfu, og ég veit, að hv. þm. Str. er allra manna ljósast, að þarna er mikið verkefni fyrir höndum. En það kemur bara þessu frv. ekki nokkurn skapaðan hlut við, vegna þess að í þessu frv. stendur hvergi, að þær stofnanir, sem hér á að skylda til að veita þessi lán, eigi að gera það með óeðlilega lágum vöxtum. Og ég spyr: Er það ætlunin að skylda t. d. Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélagið og Söfnunarsjóðinn til þess að lána í þetta fé langt undir sparisjóðsvöxtum? Er það ætlunin? Ef það er, hvaða vit er þá í því að taka einmitt þær stofnanir út úr? Verðum við ekki þá frekar að horfast í augu við það, að þarna er fé, sem verður að borga á milli og verður að útvega til þess að geta staðið undir þessari lánapólitík, sem hv. þm. Str. hér gerði grein fyrir? En ég hafði ekki skilið það svo, að það ætti að skylda þessar stofnanir til þess að lána þarna fé langt undir gangverði. Ég hafði skilið frv. þannig, svipað og hv. 1. þm. N-M. talaði um, að verið væri að leita eftir, hvar væri umframfé, sem væri hægt að verja í þessu þarfa skyni, og svo ætti að sjá fyrir því með opinberum ráðstöfunum að öðru leyti að borga vaxtamismuninn í þessu tilfelli eins og öðrum.

Við komumst ekki hjá því að gera okkur það ljóst, að það verður ákaflega mikil brotalöm á allri rökfærslunni hjá hv. þm. Str. og hv. þm. N-M., vegna þess að annars vegar láta þeir svo sem Búnaðarbankinn sé eina bankastofnunin í landinu, sem sé svo vel stjórnað, að hún hafi peninga aflögu, hún eigi peninga inni, hún hafi alltaf stóra sjóði, segir hv. þm. Str., stóra sjóði, sem hún liggi með sér til stórkostlegs tjóns, og

hv. þm. N-M. segir: Hinum bönkunum er svo illa stjórnað, að þeir eru alveg peningalausir. — Samt er það þannig, að þeir vilja fara í peningalausu stofnanirnar til þess að útvega þaðan peninga í þá stofnun, sem þeir segja sjálfir að hafi yfirfljótanlega peninga, eigi alltaf peninga inni hjá Landsbankanum. Það er ákaflega gaman að vera svo vel stæður að geta átt peninga inni hjá Landsbankanum, en ég veit ekki, hvort þeir menn, sem eiga peninga inni hjá Landsbankanum, eiga þá að ganga fyrir um lán. Eiga þeir ekki fyrst að taka peningana, sem þeir eiga inni hjá Landsbankanum, og verja þeim til útlánanna? Það er það, sem ég held fram, og ekkert annað.

Þetta mál er líka margþættara en að það varði einungis veðdeildina og svipaðar deildir innan Búnaðarbankans. En þó vildi ég spyrja hv. þm. Str., sem er formaður bankaráðsins: Hvað á sparisjóðsdeildin mikið af verðbréfum? Hvað liggur hún með mikið af verðbréfum í sínum sjóði, og hverrar tegundar verðbréf eru það þá, sem sparisjóðsdeildin liggur með? Það er fróðlegt að heyra það út af fyrir sig.

En málið er miklu margþættara en það. Við höfum heyrt mikið um það talað og sjálfsagt réttilega, að landbúnaðinn skorti rekstrarfé, og það er eitt atriði í samningi núverandi ríkisstj., að það eigi að útvega rekstrarlánafé til bænda. Það var ákaflega fróðlegt að heyra skýringar þeirra tvímenninganna, hv. þm. Str. og hv. þm. N-M., á því, hvernig bankinn fer að nú. Hann fer þannig að, að hann lánar kaupmönnum, sem aftur lána bændum. Ég gæti ákaflega vel skilið þessa rökfærslu, ef hún stæði í málgagni Verzlunarráðs Íslands eða heildsalafélagsins. Það er vissulega ákaflega mikið til í þessu, það er rétt, en það er alveg nýtt úr munni þessara manna, að bezta ráðið til þess að sjá fyrir rekstrarlánaþörf bændanna sé fyrst að lána kaupmönnunum, til þess að þeir láni svo aftur bændunum. Ætli að því hafi ekki verið haldið fram hingað til af þessum mönnum, að það hefði einhver milliliðagróði verið tekinn í slíkum viðskiptum?

En það, að þessir hv. þm. þurfa að skjóta sér undir svona röksemdir, sýnir, hversu þeir eru hér staddir á ákaflega hálum ís. Hv. þm. Str. kemst ekkert áfram með því að hóta því, að mín ummæli hér verði til þess, að það verði hætt að lána Reykvíkingum úr þessum banka. Ég er alveg óhræddur að halda minni skoðun fram, þó að formaður bankaráðsins í Búnaðarbankanum segi, að Reykvíkingar skuli ekki fá lán úr bankanum, ef kvartanir komi héðan um, að Reykvíkingum sé lánað of mikið. En það var eftirtektarvert, hverjir hann sagði að ættu þá að fá lánin. Það voru ekki bændurnir. Nei, það var fólk í kaupstöðum og kauptúnum. Það má ekki undir neinum kringumstæðum fara eftir lögum Búnaðarbankans og lána bændunum! Þetta þurfum við að hlusta hér á hjá formanni bankaráðs Búnaðarbankans, manni, sem er í flokki, sem þykist þess umkominn að deila á bankamálastjórnina í landinu fyrst og fremst fyrir það og kenna sjálfstæðismönnum algerlega ranglega um það, að fjármagni sé of mikið varið til sjávarsíðunnar, en ekki sveitanna. Þarna hafa þessir menn eigin bankastofnun, með sinn frambjóðanda sem bankastjóra, með sinn formann sem formann bankaráðsins, með einhvern annan mann með til þess að mynda meiri hlutann í bankaráðinu, og áhuginn er þessi fyrir því að lána út til sveitanna, að hv. þm. N-M. tók af mér og öðrum sanngjörnum mönnum, sem viðurkenna gildi verzlunarinnar, ómakið við að svara mörgum árgöngum í Tímanum til þess að gera grein fyrir því, hvað verzlunin hefði mikla þýðingu fyrir bændur, og að það kæmi alveg í einn stað niður, þótt verzluninni væri lánað, það kæmi allt bændum að gagni. Það er ákaflega gaman að heyra þetta, en það væri betra, að þeir skrifuðu að staðaldri svona í Tímann og segðu það ekki aðeins þegar þeir eru í vandræðum hér á Alþingi. Það, að þeir eru lentir í vandræði með frammistöðu sinni í málinu, sannast bezt á því, að hv. þm. Str. skuli taka af slíkum fjandskap og ofurlæti þeim sanngjörnu og mjög hófsamlegu brtt., sem ég hef hér borið fram.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í umræðurnar um stjórn bankanna, hverjum sé bezt stjórnað og hverjum sé verst stjórnað, eins og það var orðað hér, og ekki heldur leggja neina palladóma á hugarfar eða vinnubrögð einstakra bankastjóra. Ég skal þó taka það fram í sambandi við ummæli, sem féllu um það efni, að mér finnst alveg sjálfsagt og skylt að viðurkenna, að það er ekki hægt að festa allt eða meginhlutann af fé sparisjóðsdeildarinnar í löngum landbúnaðarlánum. Eðli þess innstæðufjár er að sjálfsögðu þannig, að það er ekki nema ákveðinn hluti, sem fer eftir mati á hverjum tíma, sem fært er að festa af slíku fé í löngum lánum. Hins vegar vil ég líka taka það fram, að mér finnst alveg sjálfsagt og eðlilegt, að einhver hæfilegur, ákveðinn hluti af fé sparisjóðsdeildarinnar sé einmitt bundinn við þá höfuðstarfsemi, sem bankanum er ætluð, þ. e. e. s. löng lán við landbúnaðinn, til að greiða fyrir öðrum deildum bankans, sem veita löng lán, að bæta úr þörfum, eftir því sem fært er á hverjum tíma. Það virðist mér alveg augljóst mál, að það er tilgangur stofnunarinnar.

Eins og umræðurnar hér hafa nú snúizt, þá virðist mér, að ekki sé eingöngu um það að ræða, hvaða aðili sé eðlilegt að festi fé í þessum lánum, heldur líka, hvaða aðili eigi að bera vaxtamun bréfanna miðað við venjulega vexti í landinu.

Hæstv. dómsmrh. virtist mér í ræðu sinni nú áðan gera ráð fyrir því, að ekki væri um vaxtatap að ræða í sambandi við kaup á þessum bréfum, því að ég hygg, að það sé alveg augljóst; ég hef þá misskilið hæstv. ráðh. Það stendur í frvgr., að það skuli tryggja affallalausa sölu á bréfum veðdeildarinnar, en vextirnir af veðdeildarbréfunum eru, að ég ætla, ekki nema 5%, þ. e. a. s. undir venjulegum sparisjóðsvöxtum og langt undir venjulegum útlánsvöxtum.

Ég skal þá víkja að brtt. hæstv. dómsmrh. á þskj. 483. Ég hlýddi á ræðu hans hér við fyrri hluta umr. og varð því nokkuð hissa á þessari brtt. þegar hún kom fram. Mér skildist á þeirri ræðu, að það væri ekki ætlunin að girða fyrir

það, að leitað yrði samninga við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir um fyrirgreiðslu við sölu þessara bréfa, enda væri ætlunin að bæta sparisjóðsdeild Búnaðarbankans í þá upptalningu, sem nú er í frv. Nú sé ég, að brtt. er sú, að Landsbanki Íslands falli niður í fyrri málslið, en í seinni málslið bætist aftur inn: sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands, þ. e. a. s., það er gert ráð fyrir því, að það sé alls ekki leitað samninga við Landsbanka Íslands um að greiða fyrir sölu á þessum bréfum.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að bæði eftir brtt. hæstv. ráðh. og samkvæmt frvgr. eins og hún nú er, þá er gerður reginmunur á því, hvort í hlut eiga lánsstofnanir eins og Landsbankinn og þær aðrar, sem þar eru taldar upp, eða þær stofnanir, sem um getur í síðari málsliðnum, þ. e. Söfnunarsjóður, Brunabótafélagið og Tryggingastofnun ríkisins. Við hina fyrrtöldu, bankana, á samkv. frv. að semja um fyrirgreiðslu í þessu efni, en um hinar síðartöldu stofnanir getur ríkisstj. ákveðið, að þær skuli kaupa. Mér finnst býsna mikið gert upp á milli þessara tveggja aðila, sem þarna er um að ræða.

Ég hef því leyft mér að skrifa hér brtt., sem ég satt að segja hélt að hæstv. menntmrh. mundi geta fallizt á, og hún er á þá leið, með leyfi hæstv. forseta, að á undan „Landsbanka Íslands" í fyrri málsl. 1. gr. komi: sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands — og svo málsgr. áfram, og b-liður, að síðari málsl. greinarinnar falli niður. Ef þessi till. yrði samþ., þá mundi málsgr. hljóða þannig: „Skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalausa sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega a. m. k. 1200000 krónum." Ég sé ekki annað en að þetta sé alveg nóg, nema sú sé meiningin með orðalagi greinarinnar að undirstrika það, að einhverjir skuli geta fyrirskipað þeim stofnunum, sem í seinni málsl. hermir, að veita lánið, jafnvel móti tillögum forráðamanna þeirra stofnana, því að í fyrri málsl. er gert ráð fyrir, að samið sé við þær alveg eins og bankana og þá aðra, sem nefndir eru í fyrri málslið.

Þetta er efni brtt. minnar, að bætt sé inn í fyrri málslið til samninga sparisjóðsdeild Búnaðarbankans og að Landsbankinn haldist þar, og það er út frá því, sem ég áðan sagði, að ég tel alveg rétt og eðlilegt, að ákveðinn hluti af innstæðufé sparisjóðsdeildarinnar sé beinlínis ætlaður til þess að styðja og efla þá sérstarfsemi Búnaðarbankans, sem hinum einstöku deildum hans er ætlað að fullnægja og sparisjóðsdeildinni líka. En að sjálfsögðu ber að viðurkenna, að það er ekki hægt að festa nema einhvern hluta af fé sparisjóðsdeildarinnar á þennan hátt vegna þess, hvernig það fé er tilkomið og hversu laust það jafnan hlýtur að vera hjá bankanum og verður að vera. Ég sé ekki, að þetta séu nein spjöll á frv. og ekki neitt dregið úr þeim líkum, sem fyrir hendi eru til þess, að þetta fé fáist. Þó að síðari málsl. sé felldur niður, þá er opið fyrir ríkisstj. að semja við þær stofnanir, sem þar greinir, eftir að hún hefur rætt við bankana, ef þörf gerist, og leita eftir fénu þar.

En það er vissulega óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því, að hvaða stofnun sem tekur þessi bréf affallalaust, eins og í greininni segir, tekur á sig þann halla, sem af því leiðir, í mismun á vöxtum. Það er ekkert sérstakt fyrir sparisjóðsdeild Búnaðarbankans. Það er kvöð, sem lögð yrði á hverja aðra stofnun, sem þessi bréf yrði látin kaupa, og þá er það ákaflega vafasamt atriði í mínum augum, að það ætti að lenda á stofnunum eins og þeim, sem hér fara á eftir, t. d. Tryggingastofnun ríkisins, sem getur ekki veitt einu sinni lán neitt svipað því, sem eftir er sótt og ætlazt er til að hún láni beint samkvæmt lögunum. Hún á eftir lögunum að veita lán með lágum vöxtum til sjúkrahúsa, til elliheimila og til öryrkjahæla og annars slíks, og það er sótt í því efni um hærri upphæðir en Tryggingastofnunin getur orðið við á hverjum tíma. Það fé, sem yrði af henni tekið og lagt til þessarar starfsemi, yrði til að draga úr möguleikum hennar til þess að veita hin önnur lán. Auk þess eru nú, eins og ég benti hér á við fyrri umr., horfur á því, ef ekki verður eitthvað breytt um afgreiðslu mála hér á þingi, að hún geti engan eyri lánað til neins, ef henni er ætlað að bera 4—6 millj. kr. halla af rekstrinum á yfirstandandi ári, og liggur það í augum uppi.

Ég skal ekki blanda mér í umr. um bankamál almennt eða á hverju byggist sú lánastarfsemi, sem rekin er hér í allstórum stíl og þannig er háttað, að lánin eru veitt með stórum lægri vöxtum en jafnvel þau lán, sem tilsvarandi stofnanir sjálfar verða að taka til starfsemi sinnar, eins og t. d. hinar ýmsu deildir Búnaðarbankans og eins og t. d. byggingarsjóður verkamanna, sem hæstv. menntmrh. nefndi hér áðan í þessu sambandi. Mér fannst satt að segja hv. þm. Str. tala eins og það væri verið að gera hér einhverja sérstaka nýja uppgötvun, að slík bankastarfsemi, sem lánaði gegn lágum vöxtum og borgaði háa vexti, gæti ekki haldið áfram til lengdar. Ég held, að þetta sé engin ný uppgötvun. Ég held, að þetta hafi verið ljóst, bæði þegar lögin voru sett um byggingarsjóð verkamanna og um Búnaðarbankann, að til þess að slík starfsemi gæti haldið áfram, þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir, sem líka voru gerðar samhliða. Það, hvort og hversu lengi slíka lánastarfsemi er hægt að hafa með höndum, er að sjálfsögðu undir tvennu komið: Undir því, hversu mikill mismunurinn er á þeim vöxtum, sem stofnunin þarf að greiða, og þeim, sem hún fær, og í öðru lagi, hvernig hlutfallið er á milli eigin fjár og lánsfjár, þegar talið er fram það starfsfé, sem stofnunin hefur. Nú hefur t. d. Búnaðarbankinn gegnum ríkisframlög ár frá ári og gegnum nokkurn hagnað á starfseminni safnað verulegu eigin fé, sem skiptir nokkrum tugum milljóna. Það er þetta fé ásamt hinum opinberu framlögum úr ríkissjóði, sem stendur undir og gerir fært að halda slíkri lánastarfsemi áfram. Það er einfalt reikningsdæmi, hversu lengi er hægt að halda slíkri starfsemi áfram og í hversu víðtækum mæli. Þetta var ljóst, þegar lögin voru sett, og er því ekki ný uppgötvun, sem gerð er núna í sambandi við rekstur bankans. Alveg sama gildir um byggingarsjóð verkamanna. Það, sem gerir

fært að halda þeirri starfsemi áfram, er sú eign, sem hefur safnazt gegnum framlögin, sem koma frá ríkissjóði og sveitarsjóðum, og gegnum hin árlegu framlög, sem ganga til þess að greiða þennan vaxtamun. Þegar svo er komið, þá er á hverjum tíma matsatriði, hversu mikils fjár er hægt að afla til þess að jafna þennan mismun, og eftir því fer að sjálfsögðu, í hve víðtækum mæli starfsemi slíkra lánsstofnana getur haldið áfram.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt., og vil ég mega vænta þess, að hv. dm. veiti afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 495) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Hermann Jónasson:** Það er nú ýmislegt dálítið skemmtilegt, sem kemur fram í þessum umr. Það er eitt meðal annars uppistaðan hjá hæstv. dómsmrh., að Búnaðarbankinn láni of mikið til Reykjavíkur, en of lítið út um land, eftir því sem hans blað a. m. k. skýrir frá umr. í gær. Það var fróðlegt að heyra það, og á því getur maður séð, af hvaða einlægni ástæða er til að halda að þetta sé mælt. Og þegar rætt er um þessi mál, þá vil ég halda því fram, að ég hafi ekki farið út fyrir það að ræða um þau af fyllstu einlægni. Það væri fróðlegt að heyra, hvernig syngi í sumum mönnum, ef tekin hefði verið upp sú pólitík, sem raunverulega er verið að fara fram á að Búnaðarbankinn fylgi, að festa sparifé, sem hann tekur á móti, aðallega hér í Reykjavík, í 30 og upp í 42 ára lánum með 2½% og með 4½%. Hvað haldið þið, að hefði verið sagt? Hv. 4. þm. Reykv. tók á þessu með fyllstu sanngirni. Hvað haldið þið, að hefði verið sagt, og hvað haldið þið, að það hefði tekið langan tíma að koma bankanum í strand, ef slík bankastarfsemi hefði verið rekin eins og verið er að finna að, að bankinn skuli ekki reka? Hvað haldið þið, að bankinn hefði lengi haldið því trausti, sem hann hefur núna til að safna sér sparifé? Ef Búnaðarbankinn hefði rekið þá pólitík, sem hæstv. dómsmrh. telur að hann eigi að reka — hvað þá? Það hefði verið blað eftir blað og ár eftir ár ráðizt á Búnaðarbankann fyrir slíka pólitík og með réttu, af þeirri einföldu ástæðu með réttu, að það er ekki hægt að reka slíka bankapólitík án þess að setja bankann ekki aðeins í hættu, heldur út í alveg vissa stöðvun eða í þá aðstöðu, sem sumar aðrar bankastofnanir hafa komizt í, að þurfa stöðugt að leita til þjóðbankans til þess að geta haldið sér á floti. — Sannleikurinn er sá, að það hefur verið lánaður úr Búnaðarbankanum til landbúnaðarins og til starfsemi hans hver einasti eyrir, sem hefur verið fært að gera, um leið og hefur verið fylgt heilbrigðum reglum um örugga bankastarfsemi, en aldrei farið út yfir þau mörk. Þessar tvær höfuðreglur verður bankinn að setja sér og má út af hvorugri víkja. Hann verður að fara eins langt í því að styrkja landbúnaðinn með sinni lánastarfsemi og hann getur án þess að setja sig í hættu, en hann má heldur aldrei setja fjármuni sína í hættu, þannig að hann eigi ekki skilið það traust, sem hann hefur hjá sparifjáreigendum, sem trúa honum fyrir sínu sparifé. Þetta hefur nú verið rakið m. a. af hv. 1. þm. N-M., sem hefur sýnt fram á þetta. Ég hef ekki rætt hér um aðrar lánsstofnanir og starfsemi hinna bankanna, ég hef ekki gert það með einu einasta orði. Ég hef sagt, að allir, sem hafi litið á starfsemi Búnaðarbankans, hafi verið sammála um, að hann sé a. m. k. eins vel rekinn og nokkur önnur lánsstofnun í landinu.

Viðkomandi öðrum lánsstofnunum hefur það verið upplýst af öðrum en mér, að þær sérdeildir, sem eiga að lána, t. d. í þjóðbankanum til húsabygginga. veðdeildin, eigi inni í bankanum, en kaupi þó ekki veðdeildarbréf.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég væri að státa af ríkidæmi Búnaðarbankans. Það er alveg þvert á móti. Ég hef sýnt fram á það, að við höfum örlitla möguleika samanborið við þjóðbankann, sem liggur með 300 millj. í vaxtalausum seðlum, sem hann hefur vaxtalaust frá ríkinu, og getur hver maður reiknað út, hvað margar miljónir það eru á ári í tekjum. Við eigum ekkert slíkt, við eigum sparifé frá almenningi, sem hann trúir okkur fyrir, og höfum farið þannig með það í okkar starfsemi, að bankinn hefur vaxið að trausti. Við höfum ekki haldið því fram, að við værum neitt svipað því eins sterkir og hinir bankarnir að þessu leyti. En þegar við lítum á málið út frá þessu sjónarmiði, sem hv. 1. þm. N-M. upplýsti hér, þá er það svo, að þjóðbankinn, sem hefur þetta fjármagn, hefur ekkert lagt til sinnar veðdeildar, þó að við höfum stundum lagt okkar veðdeild allt að 2 millj., heldur er það jafnframt upplýst, að sérdeildin í Útvegsbankanum, sem á að lána til báta og er alveg hliðstæð því að lána til jarðakaupa, hefur ekkert fengið lánað úr sparisjóði bankans. Eftir þessum upplýsingum, sem 1. þm. N-M. kemur hér með, hafa þess vegna báðir þessir bankar rækt á allt annan hátt sérskyldu sína heldur en Búnaðarbankinn.

Viðkomandi því, sem hæstv. ráðh. og hv. 4. þm. Reykv. töluðu um, að það væri engin ný uppfinning, að það væri ekki hægt að reka bankastarfsemi þannig að ávaxta fé með hærri vöxtum í sparisjóði en bankinn fær af þeim lánum, sem hann veitir úr sama sjóði, þá er það sjálfsagt rétt, að það er ekki ný uppgötvun. En það virðist ekki vera nein vanþörf á því að rifja það upp hér í þessari hv. d., að í þennan knérunn er búið að höggva í Búnaðarbankanum, eins og hæstv. dómsmrh. kannaðist við, og það ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur hvað eftir annað. Ég lét í ljós og hafði ástæðu til að láta í ljós áhyggjur mínar út af því máli hér s. l. vetur, einmitt hér í þessari hv. d., þegar rætt var um þessa lánastarfsemi. Og ég hef upplýst það hér án þess að fara nánar inn á rökræður um það atriði, að við höfum að sjálfsögðu látið athuga það, hvað við getum lengi staðið undir þessari starfsemi með okkar sérsjóðum í byggingarsjóði og ræktunarsjóði og þeim óafturkræfu lánum, sem mynda að vísu um leið sjóði og eign hjá bankanum. Við höfum athugað það, og ég fullyrði, að með því

að höggva enn í þennan sama knérunn og láta bankann taka á sig vaxtahallann af því fé, sem verður lánað úr sparisjóðnum til veðdeildarinnar, er lengra gengið en hægt sé við að una.

Það eru alveg rétt rök hjá hæstv. ráðh., að hann sagði: Ja, þetta fé, sem frv. gerir ráð fyrir, verður tekið annars staðar og þá sennilega með hærri vöxtum en veðdeildin lánar það út. — Um það atriði er mér ekki kunnugt. Ég hef álitið, að þetta frv. hafi komið frá ríkisstj. og hún hafi verið sammála um það í meginatriðum, og ég hef gert ráð fyrir því, að hún hafi rætt um það, hvernig ætti að mæta þessum vaxtamismun, sem verður þarna á milli útlána úr veðdeild og vaxtanna af þeim lánum, sem verða tekin í þeim stofnunum, sem frv. gerir ráð fyrir. Og ef það er ætlunin, að sparisjóðurinn fái með einhverju móti greiddan vaxtamismuninn, þá horfir þó málið að því leyti öðruvísi við. En þegar talað er um hitt atriðið, að við höfum næga peninga til þess að festa, þá er því heldur alls ekki þannig háttað. Bankinn hefur að vísu vaxtalaust fé meira en flestar aðrar lánsstofnanir, það er rétt. En hæstv. ráðh. segir, að ég sé að státa af því, að við höfum stóra sjóði. Þetta er alls ekki satt, af þessu hefur mér ekki dottið í hug að státa. Ég hef sagt, að við værum neyddir til að hafa svo stóra sjóði í okkar litla banka, að við gætum alltaf svarað þeim kröfum, sem sparifjáreigendur gera til okkar, og það er að geta greitt út sparifé, hvenær sem sparifjáreigendur óska, og ég get upplýst það viðvíkjandi okkar tryggingum, sem hér er spurt um, að okkur er skylt að hafa, eftir lögum bankans, 15% af okkar sparifé í ríkisskuldabréfum eða ríkistryggðum bréfum, og mikill meiri hluti eða næstum allt í þessum öryggissjóði eru ríkisskuldabréf eða ríkistryggð bréf. Það er hægt að segja það hér til þess að vera ekki að fara með neinar ónákvæmar tölur, að það er á milli 9 og 10 millj. af 14—15, sem við eigum að hafa, svo að það er ekki neinum blöðum um það að fletta. En þegar þess er nú jafnframt gætt, að bankinn þarf til viðbótar að hafa verulegan sjóð til þess að geta, eins og ég sagði áðan, greitt út sparifé, þegar þess er krafizt, og a. m. k. þarf hann að hafa annað eins í sjóði, þá geta menn séð, að það fer að saxast á það, sem bankinn hefur til þess að ráðstafa á annan hátt, þegar tekið er tillit til þess, hvað við lánum í landbúnaðinn, eins og hér hefur verið upplýst.

Það hefur nú komið hér fram hjá hæstv. ráðh. undarleg túlkun á ummælum mínum, sem féllu hér áðan viðkomandi bankastarfseminni, og sýnir eiginlega, hvernig slegið er úr og í og leikið tveim skjöldum af hæstv. ráðh., sem hann gerir nú kannske ekki oft, en hefur til að bregða fyrir sig. Uppistaðan í árásinni hér á Búnaðarbankann er sú, að hann láni ekki nægilega mikið út um land, eftir því sem blað ráðherrans segir, að hann hafi sagt hér í gær, og sama segir hann nú. Orð mín féllu þannig áðan, að ef umboðsmönnum Reykjavíkur og þm. Reykv. þætti það sérstaklega athyglisvert, að of lítið væri lánað út um land, en of mikið í Reykjavík, þá væri að sjálfsögðu hægt að taka þá kröfu til athugunar. En þegar ég þannig tek undir hans eigin ummæli, að það sé hægt að taka það til athugunar, þá túlkar hann það þannig hér í þessari hv. d., að þetta sé hótun til Reykvíkinga um að draga úr útlánum til Reykjavíkur. En þetta er sú krafa, sem hann færði hérna fram sjálfur, eða er það ekki satt? Hann sagði að vísu, að ég hefði sagt, að það væri ekki hægt að lána bændum, það sýndi tvísönginn. En ég sýndi fram á það í minni ræðu, að vitanlega sitja bændur fyrir lausavíxlum í Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem þeir þurfa með, meðan þeir eru að koma áfram þeim framkvæmdum, sem þeir venjulega ljúka að hausti. En þegar þeim er lokið, þá koma þeir og taka lánin úr byggingarsjóði eða ræktunarsjóði og kvitta víxlana í sparisjóðnum. Og ef hæstv. ráðh. heldur því fram, að pólitík Búnaðarbankans sé að því leyti röng, að við lánum of lítið út um land, eða ef hann vill hafa það heldur þannig, að við lánum bændum of lítið af sparifénu, þá væri æskilegt að fá að heyra frá honum, eftir að hann hefur heyrt skýrsluna um það, hvernig lánum okkar er háttað, hvernig við ættum í Búnaðarbankanum að haga lánastarfsemi til bænda.

Það rétta í þessu máli er það, að bankinn hefur rekið heilbrigða lánastarfsemi og reynt að fara þannig með þetta sparifé, sem hann hefur, að þar væri réttlátlega að unnið og með fyllsta hlutleysi gagnvart öllum. Hann hefur lánað eins mikið fé til landbúnaðarins og frekast er hægt, þannig að ekki sé gengið út yfir þau mörk að halda uppi heilbrigðri starfsemi. Og það kemur satt að segja, að mínu áliti, án þess að ég sé nokkuð að kvarta undan því, úr allra hörðustu átt, þegar deilt er á þessa bankastarfsemi Búnaðarbankans. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. N-M. segir, að það hafa liðið áratugir án þess, að Búnaðarbankinn hafi tapað einum eyri af því, sem hann hefur lánað út. Og það væri óskandi, að það væri hægt að segja svipað um aðra lánastarfsemi. Um þetta ætla ég svo ekki að fjölyrða frekar. En það er um hitt atriðið, að láta Búnaðarbankann taka lán með miklu hærri vöxtum en hann sjálfur tekur af útlánum, að það er alveg tvímælalaust, að ekki er hægt að halda áfram á þeirri braut. — Viðkomandi brtt. hv. 4. þm. Reykv. er það að segja, að vitanlega er það þannig, að ef hún nær fram að ganga með því að fella niður seinustu málsgr. 1. gr., þá er tekið allt vald frá ríkisstj. til þess að gera nokkuð í þessu máli og ríkisstj. gerð að öllu leyti valdalaus til að koma fram því, sem er gert ráð fyrir að hún hafi þó vald til að koma fram, ef frv. verður samþykkt, eða a. m. k. meira vald til að koma fram, ef frv. verður samþ., þó að orðalagið sé náttúrlega að sumu leyti nokkuð óákveðið. Og þar kemur fram þetta sama, að bæta sparisjóðsdeild Búnaðarbankans inn í, en ég hef fært rök að því, að það er ekki hægt að halda þeirri starfsemi áfram. Það er búið að gera það of oft og er ekki hægt að halda þeirri starfsemi áfram að láta sjóði Búnaðarbankans standa undir því að lána út fé með lægri vöxtum en hann borgar sjálfur af fénu, sem hann tekur að láni.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það er alltaf gott að hafa umr. um mál og ræða þau hreinskilnislega. Og ég tel tvímælalaust, að þessar umr. hafi orðið til góðs. Það hefur sitthvað skýrzt í þeim. Hv. þm. Str. játaði í seinni ræðu sinni, að það eru alveg tvö ólík atriði, sem hann þó blandaði saman í fyrri ræðunni, hver eigi að borga vaxtamismuninn og hver eigi að leggja til peningana.

Ég segi það með fullri vinsemd og virðingu til hv. þm. Str. og kunnugleika á hans störfum, að ég treysti honum mjög vel til að ganga svo ríkt eftir í sókn mála fyrir hönd bænda, að nauðsynleg milligjöf fáist þarna, þegar á henni er þörf, ef sjálft meginféð er fyrir hendi. En það er aðeins önnur hlið málsins, þ. e. milligjöfin. Hitt er að útvega fé. Og það er sá hluti málsins, sem ég hef rætt í þessum umr., hreyfði hér fyrst við 2. umr. og síðan aftur við fyrri hluta þessarar umr., að ég tel, að Búnaðarbankinn ekki aðeins geti, heldur sé honum skylt að leggja þetta fé fram. Ef hann getur ekki fullnægt þeirri skyldu án þess að fá til þess ríkisstyrk, þá er það hans að leita til stjórnarvaldanna um það, í hvaða formi sá ríkisstyrkur á að vera.

Eins og ég gat um í ræðu minni í gær og hv. þm. N-M. gerði mér þann greiða að rifja hér upp, þá stendur í 2. gr. laganna um Búnaðarbankann: „Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.“ — Þetta er tilgangur bankans. Það á að reka hann sem landbúnaðarbanka, en ekki sem almennan verzlunar- og viðskiptabanka. Ef það er orðið úrelt og ekki hægt að reka hann sem landbúnaðarbanka, þá á að breyta lögunum. Þá á að gera mönnum það ljóst, að þetta ákvæði á ekki lengur við og því sé ekki hægt að fullnægja.

Það er eins og ég segi: Hv. þm. Str., sá mjög skarpskyggni þm., þegir um sum atriði í þessu sambandi. Ég spurði hann alveg af ásettu ráði og sagði þá ekki meira. Ég spurði hann: Hvað á Búnaðarbankinn mikið í verðbréfum? Þá tók hv. þm. það eins og ég væri að efast um það, að Búnaðarbankinn væri „liquid“. Það hefur mér aldrei dottið í hug. Ég hef einmitt lýst yfir því, að ég teldi, að bankinn væri sem verzlunarbanki mjög vel rekinn, sjálfsagt rík og öflug stofnun, þó að hún hafi brugðizt sinni skyldu sem landbúnaðarbanki. Hv. þm. valdi þann kostinn að skilja það svo sem ég hefði verið að efast um, að bankinn væri „liquid“, og ég væri hér með aðdróttanir í garð bankans. En ég spurði um þetta vegna þess, að það segir í 8. gr. bankalaganna: „Sparisjóðsdeild skal eiga a. m. k. 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, jarðræktarbréfum, veðdeildarbréfum Búnaðarbankans eða Landsbankans“ o. s. frv. — Hv. þm. sagði, að það væri meiri hl. af þessu í ríkisskuldabréfum. Ég segi nú: Hvernig væri, að bankinn tæki þetta í veðdeildarbréfum Búnaðarbankans, eins og lögin sjálf segja? (**HermJ:** Má ég taka fram í? — Heldur ráðh., að 4½% bréf séu það, sem hann kallar „liquid“ bréf og seljanleg?) Með þessu sannast aðeins það, sem ég sagði: Ef lögin eru ekki lengur framkvæmanleg, þá á hv. þm. að reyna að fá lögunum breytt, alveg eins og ég er hér að burðast við að fá breytt áfengislögum, af því að ég tel þau ekki framkvæmanleg eins og þau eru. Á sama hátt á hv. þm., sem er settur til að framkvæma búnaðarbankalögin eins og þau eru, að fá lögunum breytt, ef hann getur ekki framkvæmt þau. En svo kemur hér til viðbótar, að hann hefur þann möguleika og hefur verið óspar á fyrir þau málefni, sem hann hefur beitt sér fyrir, að koma til ríkisins og segja: Ég verð að fá ríkisstyrk til þessa, ríkisstyrk til hins. — Einhvern tíma hefur það nú heyrzt, að hv. þm. hafi gerzt talsmaður slíks.

Ég segi nú: Ef ekki hefði verið tekin nema bara prósentan af aukningunni, sem sparisjóðurinn fékk á síðasta ári, en þá jukust innlán þar um 29 millj. kr., þó ekki hefði verið tekinn nema nokkur hluti af því, sem bankanum var skylt að kaupa í verðbréfum til þess að standa á móti þessu, þá gat hann margfaldlega fullnægt þeirri skyldu, sem hér er um að ræða, með því að kaupa þau bréf veðdeildar Búnaðarbankans, sem eru talin upp í sjálfum lögunum og nú er verið að reyna að útvega einhvern kaupanda að.

Það er einmitt þetta, sem ég segi og hefur verið meginkjarni míns máls, að Búnaðarbankinn hefur sjálfur skyldu til þess að verja sínu fé í þágu landbúnaðarins. Hann hefur meira að segja beina lagaskyldu til þess að verja 15% til þess að kaupa bréf, m. a. sérstaklega veðdeildarbréf frá Búnaðarbankanum sjálfum. Og meðan bankinn fullnægir ekki þessari skyldu, þá er það að fara yfir bæjarlækinn að leita eftir vatni að fara að leggja á aðrar lánsstofnanir þessa skyldu, sérstaklega þegar það liggur fyrir og hefur verið marglýst yfir, það getur skeð, að það hafi verið misheyrn hjá mér, að hv. þm. væri að státa af því, — en því hefur verið marglýst yfir af honum, að Búnaðarbankinn væri ákaflega vel staður, þannig að hann hefði reiðufé, væri ekki í neinum vandræðum með að standa við sínar skuldbindingar. Og þó að hann hefði ekki sagt, að hann vildi bera sig neitt saman við aðra banka, þá hefur það ekki leynzt, að hann hefur talað með töluverðri ánægju um sjálfan sig, sem hann líka má, mótsett við aðra banka. Þetta hefur engum dulizt. Þess vegna er það, sannast sagt, dálitið skrýtið að vera að fara frá þeirri stofnun, sem hv. þm. segir að sé svona vel stjórnað, — en þar sem aðal-„góðstjórnin“ á að liggja í því að fara á móti lögum, fylgja ekki beinum lagafyrirmælum um fyrirgreiðslu við landbúnaðinn, heldur að gera bankann að almennum verzlunarbanka, — að vera að fara úr þessum vel stjórnaða banka yfir í þær stofnanir, sem hv. þm. gefur hér mjög í skyn og hans samróðrarmaður í þessu máli, hv. þm. N-M., berum orðum sagði að væri mjög illa stjórnað. Ég verð að segja það: Ég skil ekki þennan hugsunarhátt, því að hv. þm. kemst ekki með neinu móti fram hjá því, að Búnaðarbankinn hefur brugðizt ekki aðeins þeirri skyldu, sem eðlilega hvílir á honum, heldur beinum lagabókstaf um stuðning við landbúnaðinn.

Hv. þm. lætur svo sem ég hafi gerzt talsmaður þess, að öllu sparifénu yrði varið til kaupa á bréfum, sem eiga að standa til langs tíma.

Vitanlega hef ég aldrei lagt slíkt til. Ég tók það berum orðum fram, að það yrði vitanlega að hafa hóf í þessu eins og öðru og gæta þess, að bankinn yrði ætíð „liquid“. Hitt er vitað mál, að hann getur keypt miklu meira en sem svarar 15% af innstæðufé sínu. Landsbankinn á eftir réttum lögum að kaupa 30%. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert það, en ef hann hefði gert það, þá hefði hann forðað mjög frá því öngþveiti varðandi fasteignalán, sem hér er. Og það er vitað mál, að flestum sparisjóðum landsins er varið til þess að lána út fasteignalán, og hví í ósköpunum skyldu innstæðurnar vera lausari í Búnaðarbankanum heldur en í öllum öðrum bönkum og sparisjóðum? Ég skora á hv. þm. að nefna dæmi þess og þá hve mörg, að innstæður hafi farið minnkandi frá ári til árs í Búnaðarbankanum. Ég gat hér um í gær, að ég hef skýrslu um síðustu fimm ár, og á þeim fimm árum hafa þær stöðugt farið vaxandi og meira að segja stórkostlega vaxandi, og ég held einmitt, að bankinn hafi það álit á sér sem vel rekinn, við skulum segja verzlunarbanki, að menn séu óhræddir við að láta peninga standa þar inni. Það er alveg áreiðanlega rétt.

En þeim mun meiri möguleikar eru til þess fyrir hv. þm. að beita áhrifum sínum til þess, að l. um bankann verði fylgt, og í því sambandi vil ég taka fram, að því fer fjarri, að það þyrfti einungis að fara fram með þeim hætti að veita fasteignalán. Það er vel hugsanlegt líka að framfylgja l. með því að veita bændum rekstrarlán, og við vitum það, hv. þm. Str. og ég, báðir mjög vel, að það er brýn þörf á því að bæta úr rekstrarlánaskorti bænda. Það er einmitt eitt af höfuðverkefnum núverandi ríkisstj. að bæta úr því. Því í ósköpunum beitir Búnaðarbankinn sér þá ekki til þess að leysa þetta verkefni og þar með framfylgja l. um sinn tilgang, sem hann hefur ekki gert nú um langt árabil? Hv. þm. Str. þegir að vísu af skiljanlegum ástæðum, en eftir stendur, að bankinn hefur gefizt upp við að framfylgja l. Hann getur gert það á fleiri vegu en þann að veita fasteignaveðslán. Hann getur gert það með þessu, eins og ég segi, að hafa forustu um heilbrigð rekstrarlán til bænda, til þess að menn þurfi ekki að vera háðir hvort heldur kaupfélögum eða kaupmönnum um sín rekstrarlán. Hv. þm. Str. taldi áðan, að það væri fullvel séð fyrir því með því að lána kaupmönnum, sem aftur lánuðu bændum. Hann nefndi nú ekki kaupfélag í þessu sambandi. (Gripið fram í: Ég sagði verzlun.) Nei, hann sagði nú kaupmönnum, og hann nefndi ekki kaupfélög í þessu sambandi. Og þótt skrýtið sé, þá held ég, að kaupfélög hafi ekki ákaflega mikil lán í þessum banka, a. m. k. er það svo samkvæmt því yfirliti, sem ég hef fengið yfir aukninguna á sparifénu rúmlega síðasta eitt árið, að þá fer helmingurinn af henni í kaupmenn, en ekkert í samvinnufélög.

Ég verð að segja það, að þetta eru ákaflega fróðlegar upplýsingar fyrir okkur, sem höfum verið að lesa um það í Tímanum, að sjálfstæðismenn stjórnuðu bankamálum þjóðarinnar þannig, að þeir afskiptu kaupfélögin og létu kaupmennina fá allt of mikið. Þarna hafa framsóknarmenn banka, þar sem þeir eru sannast sagt ótruflaðir, ráða allir öllu einir, alveg sérstaklega þetta síðasta ár, því að þá tryggðu þeir sér meiri hluta í bankaráðinu. Áður var þó einhver aukning hjá samvinnufélögunum, er mér sagt, nú hamast þeir við að lána bara kaupmönnum, um leið og þeir skamma okkur hina fyrir það, að við lánum samvinnufélögunum allt of lítið.

Hitt er svo annað mál, sem ég vil segja hér, að það er auðvitað mjög rangt að tala um þessi bankamál sem verandi á ábyrgð eins eða annars flokks, vegna þess að þótt t. d. bankastjóri sé í tilteknum flokki, þá er engan veginn þar með sagt, að hann noti stöðu sína flokkslega. Ég held slíku ekki fram um bankastjórann í Búnaðarbankanum, þó að hann sé einn af frambjóðendum Framsfl. En ég held hins vegar, að hv. þm. Str. eigi ákaflega erfitt með að gleyma því, að hann er formaður Framsfl., þegar hann er í bankaráðinu. Það er svo rikt í honum að gagna sínum flokki. Ef það á að tala um, að bankar séu á valdi einhverra flokka, þá er það þó einn banki, sem er fyrst og fremst á valdi eins flokks, þ. e. Búnaðarbankinn á valdi Framsfl. Flokkurinn hefur fyrirmæli um það, að bankinn eigi að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu. Þetta kemur þannig út, að sparisjóðsaukningin á síðasta ári eftir þeirra eigin skýrslum fer að ⅓ til landbúnaðar eftir þeirri skýrgreiningu, sem þeir sjálfir gefa, en að helmingi til kaupmanna. Það kann að vera, að það sé allt með felldu um þetta. En ef hinir bankarnir hafa gert of mikið að því að lána í verzlunina og of lítið að því að lána til bænda, eins og málgögn Framsfl. halda fram, þá hefur Framsfl. og hv. þm. Str., form. hans, ákaflega brugðizt þeim trúnaði, sem hans flokkur hlýtur að bera til hans, með því að láta ekki Búnaðarbankann rétta þennan hlut í stað þess að gerskekkja hann svo mjög sem raun ber vitni um.

Hv. þm. vildi bera af sér, að hann hefði verið með hótanir um það, að Reykvíkingar skyldu ekki fá lán í bankanum, úr því að ég væri að krefjast þess, að þeim væri ekki lánað, og sagðist enga slíka hótun hafa borið fram. Hv. þm. sagði berum orðum, að það væri hægt að lána þetta í kaupstaði og kauptún úti á landi. Hann nefndi ekki bændurna. Það átti sem sagt beinlínis að fara að hefnast á Reykvíkingum í þessu sambandi, af því að ég hafði á því aðra skoðun, hvernig ætti að stjórna þessum málum, heldur en hv. þm. Str. Hann um það, ef hann vill nota sína aðstöðu í því skyni. Ég ber það traust til hans og segi það í fullkominni einlægni, að þegar hann skoðar sinn hug, þá muni hann nú ekki framfylgja þessari hótun. Hann er allt of mikill maður til þess, að honum detti það í hug. En ef svo heimskulega væri farið að, þá mundu Reykvíkingar vafalaust kunna að svara fyrir sig. Þó að ég sé þm. Reykvíkinga og sé óhræddur við að tala þeirra málstað og hafi stundum sætt ámæli hér í d. fyrir að standa á þeirra rétti, þá tel ég mér

skylt að tala fyrir hönd annarra landsmanna líka, þegar á þá er hallað og ranglega að farið. Það er ótvírætt, að Búnaðarbankinn hefur af einhverjum ástæðum, ef til vill verjanlegum, ef til vill ekki verjanlegum, ekki framfylgt þeirri skyldu að vera landbúnaðinum sú hjálparhella, sem hann á að vera lögum samkvæmt. Þetta er staðreynd, sem er ómögulegt annað en að vekja athygli á, og ef hv. þm. telur, að það sé afsakanlegt, að bankinn hefur brugðizt þessu, þá á hann, eins og ég segi, að beita sér fyrir lagabreytingu, en ekki halda uppi svo veikum vörnum sem hann hefur gert hér.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Ég held, að þessar umr. beri vott um það, að það ríki töluverður misskilningur í málinu, sérstaklega þó af hendi hæstv. dómsmrh. Hann hefur mjög rætt um það, að Búnaðarbankinn lánaði öðrum en þeim, sem landbúnað stunda. Ég hygg, að þau lán séu aðallega víxlar til stutts tíma, og byggist það að sjálfsögðu á því, að það þykir ekki fært að binda sparisjóðsfé mjög í löngum lánum, eins og hv. þm. Str. og fleiri þm. hafa tekið fram og ég einnig við 2. umr. málsins.

Ég efast ekkert um það, að bændur sitja fyrir um þessi víxillán, ef þeir fara fram á þau og setja góðar tryggingar, en það er einu sinni svo, að það eru ekki víxillán, sem bændur fyrst og fremst vanhagar um, heldur lán til langs tíma.

Þá minntist ég hér við 2. umr. á seðladeild Landsbankans eða seðlabankann, sem hæstv. dómsmrh. hefur ekki komið inn á. Ég tók það þá fram, og ég vil gera það enn, að hjá öllum þjóðum mun það vera svo, að seðlabankinn hefur vissar skyldur að rækja við aðrar lánsstofnanir síns lands, og hæstv. dómsmrh. upplýsti það hér í umr. áður, að fyrir ekki löngum tíma hefði seðladeildin átt hjá Útvegsbankanum 70 millj. kr. Nú vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh., hvað honum finnst óeðlilegt við það, að seðladeild, — ég er ekki að tala um seðladeild Landsbankans, heldur seðladeildina, — hvað honum finnst óeðlilegt við það, að seðladeildin jafnvel kaupi ofur lítið af bréfum þessarar fyrirhuguðu veðdeildar, því að ef nokkur stofnun í landinu getur keypt bréfin án þess að bíða nokkurn halla og án þess að fá nokkurn styrk til þess, þá er það seðladeildin, sem hefur fleiri hundruð millj. kr. frá ríkinu vaxtalaust.

Það er oft eins og menn setji Landsbankann og hina bankana alveg hliðstæða og gangi fram hjá því, að Landsbankinn hefur innan vébanda sinna deild, sem er hliðstæð þjóðbönkum annarra landa. Þetta er sjálfsagt fyrir það, að hér er því svo fyrir komið, að seðlabanki og almennur viðskiptabanki eru í einni og sömu stofnun, sem margir hafa talið óviturlegt.

En svo held ég, að hæstv. dómsmrh. misskilji alveg, hvaða áhrif hans eigin till. mundi hafa, ef samþ. yrði. Ég sé ekki annað en að hún hefði þau ein áhrif að takmarka það, sem Búnaðarbankinn mundi lána í sína eigin veðdeild. Það er upplýst, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans hefur lánað veðdeildinni og á hjá henni töluvert fé nú, hefur gert þetta ár eftir ár. En ef það á nú að fara að lögtaka það, að ríkisstj. eigi að semja við Búnaðarbankann um, að hann láni sinni eigin veðdeild eitthvað og eitthvað tiltekið, þá skilst mér, að það mundi verða útkljáð mál, þessi upphæð skyldi það vera, og þar með í sjálfu sér útilokað, að það yrði meira. Þess vegna get ég ekki skilið þessa till. hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að með henni sé það takmarkað hreint og beint, hvað Búnaðarbankinn megi lána sinni eigin veðdeild. Og þótt ekki væri annað, þá finnst mér töluvert hæpið að fara að setja slíkar takmarkanir í lög, því að við gætum hugsað okkur, að í framtíðinni geti Búnaðarbankinn ef til vill lánað veðdeildinni meira fé en hér er um að ræða og þolað það tap, sem af því stafar. Hann er að safna allálitlegum varasjóði, og hann er rekinn með hagnaði, og það gætu komið þeir tímar, að hann sæi sér fært að leggja til veðdeildarinnar, jafnvel þó að sparisjóðsdeildin tapaði á því. En með þessari till. hæstv. ráðh. sýnast mér vera sett takmörk fyrir því, að það megi gera þetta, nema að því marki, sem ríkisstj. semur um, og innan takmarka þessara laga.

***Hermann Jónasson:*** Hæstv. ráðh. dró nú að vísu nokkuð úr þeim ummælum, að ég hefði verið með einhverjar hótanir um það, að Reykvíkingum skyldi ekki veitt lán úr bankanum, enda liggur það nú í hlutarins eðli, að ef gerð er krafa um það, að sparifé sé lánað bændum eða út um land, þá verður það sama fé ekki lánað í Reykjavík. Það er ekki hægt að halda hvoru tveggja fram, að reyna að gera bankann óvinsælan út af því, að hann láni ekki nógu mikið fé út um land, og halda því fram, að það séu aðrir að hóta því, að Reykvíkingum skuli ekki verða lánað, því að þetta er krafa hæstv. ráðh. sjálfs.

Ég ætla nú ekki að þreyta neitt sérstaklega frekari umr. um, hvað sparisjóður bankans geti lánað. Það er þó hægt að benda á, að þegar 15% af sparifénu er í tryggum bréfum, eins og lög mæla fyrir, og um 15% er „liquid" sjóður, eins og venjulegast mun vera hjá bankanum og meira en það, og 30% í beinum lánum til bænda, þá eru engin ósköp eftir til annarra lána, þegar verulegur hluti af því, sem þá er eftir, er lánað óbeint líka til landbúnaðarins. Það er ekki hægt að taka einn sparisjóð og gera honum það að skyldu að hafa 15% „liquid" sjóð, 15% í ríkisskuldabréfum og reikna það svo sem útlán til Péturs eða Páls. Sjóður, sem má hreyfa, getur aldrei orðið með þessu móti nema um 70%.

Hann segir, að bankanum hafi verið breytt í verzlunarbanka og sé vel rekinn sem verzlunarbanki. Það er ekki hægt að reka neina bankastarfsemi og ekki hægt að reka nein fjármál, nema reka þau af þeim hyggindum, sem þarf, og það má kalla það verzlunarsnið.

Það er alveg auðsætt mál af þessu, sem hér hefur komið fram, að ef bankinn hefði aðeins sína sjóði, ræktunarsjóð, byggingarsjóð og veðdeild, og væri ekki leyft að reka sparisjóðsstarfsemi, eins og helzt er að heyra á hæstv. ráðh. að ætti nú að banna honum, því að það ætti að breyta honum í það horf, að hann væri

hreinn landbúnaðarbanki, en ekki með neinn sparisjóð, þá þýðir það, að það verður fyrst og fremst ekki hægt að reka bankann nema með tapi, því að sparisjóðurinn og þau viðskipti, sem rekin eru gegnum sparisjóðinn, standa nú að verulegu leyti undir starfseminni að öðru leyti, svo sem kunnugt er. En í annan stað er alveg auðsætt, að það mundu ekki verða lánuð þau 30% til bænda, sem lánuð eru úr sparisjóði, og það mundu ekki verða lánaðar þær 10—12 millj. kr., sem oft og einatt eru lánaðar á hverju ári til hinna deildanna til þess að geta haldið þeim á floti, byggingarsjóðs, ræktunarsjóðs og veðdeildar.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að hann efaðist ekki um, að bankinn væri rekinn þannig, þó að flokksmaður stjórnaði honum, að hann væri ekki rekinn með flokkslegum hætti, og það hygg ég að sé nú það réttasta, sem sagt hefur verið í þessum umr. Ef hæstv. ráðh. eða einhver þm. heldur, að bankaráðið hafi afskipti af útlánum, og ef það hafa verið látin liggja orð að því, að bankanum væri vel stjórnað, þá er það áreiðanlega ekki fyrst og fremst bankaráðið eða ég, það er bankastjórinn, og það er alveg óhætt fyrir hv. þm. og hæstv. ráðh. að leita sér upplýsinga um það, að lánin fara ekki í gegnum annarra hendur og eru ekki veitt í gegnum aðra en um hendur bankastjórans, enda ekki hægt að reka bankastarfsemi á annan veg. Það er ekki hægt að reka hana þannig, að bankaráðið skipti sér af daglegum útlánum, og þeirri reglu er áreiðanlega fylgt í Búnaðarbankanum.

Viðkomandi veðdeild Landsbankans er nú dálítið fróðlegt að líta á það atriði út frá þeim röksemdum, sem hér hafa komið fram hjá hæstv. ráðh. Landsbankanum er skylt að geyma 15—30% í tryggum bréfum. Landsbankinn hefur um 300 millj. kr. vaxtalaust frá ríkinu, eins og ég sagði áðan. Menn geta margfaldað 3 sinnum 6 eða 3 sinnum 7 og séð, hvaða tekjur það eru á ári.

Nú er okkur láð það í Búnaðarbankanum, að við teljum bréf veðdeildarinnar með 4½% vöxtum, sum til 30 ára, sum til 20 ára, vera bréf, sem eru „liquid“, sem eru seljanleg á hverjum tíma og hægt að breyta í peninga, þannig að bankinn geti borgað það út, sem sparisjóðseigendurnir krefjast. Hverjum dettur í hug, að þessi 4½% bréf séu „liquid“? Og ef Búnaðarbankanum er láð, að hann lítur ekki á þessi bréf sem „liquid“, hvernig stendur þá á því, að banki með 300 millj. kr. kaupir ekki inn í sína veðdeild veðdeildarbréf af húseigendum hér í Reykjavík, sem þó eru með hærri vöxtum, og lítur á þau sem „liquid“ fyrir sinn banka, landsbanka, sem hefur allt aðra aðstöðu? Vitanlega dettur honum ekki í hug að telja þetta „liquid“ bréf, og vitanlega væri það alveg ófyrirgefanlegt, ef við gerðum það.

Að lokum er það þetta, — það hefur ekki komið fram í þessum umr., — að viðkomandi þessum lánum, sem er farið fram á að við veitum úr sparisjóðnum, og viðkomandi tilgangi bankans, þá eru líka til önnur lög, ef ég man rétt. Það er ekki leyfilegt að binda lán lengur í sparisjóðum en tíu ár. Það er ekki leyfilegt, og hvers vegna er það ekki leyfilegt? Það er vegna þess, að það er ætlazt til þess, að sparisjóðirnir séu „liquid“. Það er því ekki einungis farið fram á, að við rekum óheiðarlega bankastarfsemi og óleyfilega bankastarfsemi í landinu, heldur brjótum landslög, ef við förum að ausa út úr sparisjóðnum á þann hátt, sem hér er farið fram á.

Nei, það er tvímælalaust, eins og hér hefur verið bent á af hv. 1. þm. Eyf., að það er auðvelt fyrir t. d. þjóðbankann, sem hefur yfir þessum peningum að ráða, að leggja Búnaðarbankanum þetta fé árlega, þar sem það er nú upplýst, að þessi banki, sem hér um ræðir, hefur aldrei gert kröfu til þess að nota einn einasta eyri, svo sem flestar aðrar lánsstofnanir eru búnar að gera, af seðlafúlgu Landsbankans. Af þessum 300 millj. kr. er upplýst, að aðrir bankar hafi stundum komizt upp í 70 millj. kr., sem þeir hafa þurft að nota af þessum seðlaforða. En hér er málum snúið þannig við, að við, sem höfum reynt að stjórna bankanum þannig, bankaráð og þó fyrst og fremst bankastjóri, að við höfum aldrei þurft að nota einn einasta eyri af þessu veltufé þjóðarinnar, samanborið við annan banka, sem notar, eftir því sem hér er upplýst, 70 millj. kr. stundum. En þegar farið er fram á 1200000 kr. af hálfu Búnaðarbankans, þá er það talið eftir og sagt: Þú getur tekið af þínu eigin sparifé, — sem þú borgar þó af miklu hærri vexti en þú lánar peningana út með.

Það mælir öll sanngirni með því, að þetta frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir, og Búnaðarbankinn fer ekki fram á að fá nema örlitinn skerf af þessari seðlaveltu, sem hann hefur aldrei notað og aðrir bankar hafa notað eins og hér hefur verið upplýst.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 466, 483, 495).

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Ég mun nú ekki á neinn hátt blanda mér í þær stórpólitísku umræður um bankamál, sem fram hafa komið hér í d. í sambandi við þetta litla og meinlausa mál. Ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir minni afstöðu til brtt. þeirra, sem hafa komið fram.

Ég vil taka það fram, að ég gerðist ekki stuðningsmaður þessa máls til þess á neinn hátt að leysa Búnaðarbanka Íslands undan þeirri skyldu og ég vil segja þeirri sjálfsögðu skyldu, sem hann hefur til þess að hlaupa undir bagga með veðdeildinni á hverjum tíma og eftir því sem aðstæður og ástæður bankans leyfa, enda er ekkert ákvæði í þessu frv., sem bendir í þá átt. Með þessu frv. er aðeins farið fram á að reyna að tryggja lágmarkssölu bankavaxtabréfa, 1200000 kr. á ári. Brtt. þær, sem liggja fyrir, bæði brtt. frá hæstv. dómsmrh. á þskj. 483, og einnig brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 495, leggja til, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans verði sett inn í frv. með þeim stofnunum, sem gert er skylt að fullnægja þessari lágmarkskröfu um sölu bankavaxtabréfa.

Ég lít svo á, að með þessu sé í raun og veru um takmörkun að ræða, m. ö. o., ef búið er að tryggja þessa sölu, jafnvel þó að meiri hlutinn af þeirri sölu færi fram utan bankans, þá væri bankinn sjálfur laus allra mála. En ég lít ekki þannig á þetta mál. Ég tel Búnaðarbanka Íslands skylt að hlaupa undir bagga eftir sem áður, eins og hann hefur gert og eins og hann að sjálfsögðu mun gera eftir fjárhagsgetu þrátt fyrir þetta frv. Ég vil þess vegna, af því að ég lít svo á, að þessar brtt. gætu orðið til takmörkunar fyrir veðdeild bankans, greiða atkv. gegn þeim og vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða málið í þeirri mynd, sem það er.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. virtist standa í þeirri meiningu, að ef brtt. mín á þskj. 495, a-liður, yrði samþ., þá væru fjáröflunarmöguleikar takmarkaðir í því skyni, sem frv. gerir ráð fyrir, frá því, sem nú er gert, eins og frv. er orðað. Á sama atriði minntist einnig hv. þm. Eyf. í ræðu sinni hér á síðasta fundi. Ég fæ ekki betur séð en að þetta sé eintómur misskilningur, því að það hefur engin áhrif á starfsemi sparisjóðsdeildarinnar að öðru leyti. Þetta yrði sú lágmarkskvöð, sem á hana yrði lögð og um semdist milli hennar og þeirra stjórnarvalda, sem sjá um framkvæmd laganna. Til enn frekari sönnunar því, að þetta sé réttur skilningur, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, minna á það, sem segir um þetta efni hér í grg. frv. Þar segir fyrst, að lánsfé til jarðakaupa hafi ekki legið á lausu, sú stofnun, sem hefði átt að hlaupa þar undir bagga, veðdeild Búnaðarbankans, sé nú þurrausin, eins og það er orðað. Sá brunnur er nú þurrausinn, og meira en það, segir í grg., því að veðdeildin er komin í talsverða skuld við sparisjóðsdeild bankans, og er því ekki frekari úrlausnar þaðan að vænta, fyrr en veðdeildin fær aukið fé til útlána í þessu skyni. — Það er augljóst, hvað fyrir flm. hefur vakað, að sparisjóðsdeildin væri nú þegar með því að lána veðdeildinni fé búin að setja í þetta svo mikla peninga, að þaðan væri ekki meira að hafa, enda kom það fram í framsöguræðu hér, ef ég man rétt, þegar málið kom hér fyrir fyrst, að þá skuld, sem stofnað hefði verið til við sparifjárdeildina vegna kaupa á þessum bréfum, yrði nú þegar að greiða upp, vegna þess að sparisjóðsdeildin þyrfti að hafa sitt fé til annars. Það er því augljóst, að tilætlun flm. hefur alls ekki verið sú, að því er grg. hermir og eftir því sem fram kom í framsöguræðu hér, að sparisjóðsdeildinni væri ætlað að leggja fram fé í þessu skyni. Ég lít aftur á móti svo á, eins og kom hér fram í minni fyrri ræðu, að sjálfsagt sé og eðlilegt, að einhver hundraðshluti af fé sparisjóðsdeildarinnar verði lagður til þessarar starfsemi, annaðhvort beinlínis sem lán, eins og gert hefur verið, til veðdeildarinnar sjálfrar, eða til kaupa á þeim bréfum, sem hún gefur út. En ég vil endurtaka það, sem ég fyrr sagði, að mér er það fullkomlega ljóst, að slíka bindingu er ekki hægt að leggja á nema einhvern hæfilegan hluta af því fé, sem sparisjóðsdeildin hefur á sínum innlánsreikningum á hverjum tíma, og það tiltölulega lága prósentu. En ef brtt. mín er samþykkt, þá liggur í hlutarins eðli, að til þess er ætlazt og því er slegið föstu af Alþ., að einhver hluti, eftir því sem um semst á milli hæstv. ríkisstj. og stjórnar bankans á hverjum tíma, sé beinlínis ætlaður til þessarar starfsemi af því innlánsfé, sem í sparisjóðsdeildina hefur safnazt. Því fer því alls kostar fjarri, að með þessu sé verið að takmarka fjárframlög sparisjóðsdeildarinnar í þessu skyni, því að ekkert bendir til þess, að endilega þyrfti að binda við, að sú upphæð, sem í frv. greinir, yrði lágmarksupphæðin, — það er alveg eftir mati ríkisstj. og bankastjórnar á hverjum tíma, með hliðsjón af því, hvernig högum sparisjóðsdeildarinnar er háttað og hversu auðleyst hennar fé er.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég vil ítreka það, sem ég benti á hér við fyrri umr., að mér finnst það með öllu óhæfilegt að gera þann mun á bankastofnunum og öðrum stofnunum, sem nefndar eru hér í 1. gr. frv., eins og þar er gert, þannig að ríkisstj. sé ætlað að semja við annaðhvort Landsbanka Íslands eða Landsbanka Íslands og sparisjóðsdeild Búnaðarbankans um fjárframlög til kaupa á bréfunum, en gagnvart hinum aðilunum, söfnunarsjóði, Brunabótafélagi og Tryggingastofnun, sé það lagt á vald ríkisstj. að ákveða, að þeir skuli kaupa affallalaust einhverja ákveðna upphæð af þessum bréfum.

Hv. þm. Str. sagði, að ef þessi síðari málsl. 1. gr. væri felldur niður, þá væri ríkisstj. svipt öllu valdi í þessum efnum. Mig furðar á þessu. Þó að síðari málsl. sé felldur niður, þá er ætlazt til þess, að ríkisstj. semji um þetta við Landsbankann, við sparisjóðsdeildina, ef það verður samþykkt, og við þessar stofnanir, sem þarna greinir, að *leggja fram fé allt* að 1200000 kr. í þessu skyni. Og ég verð að segja það, að mig furðar á því, ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess með samningum við þessa aðila að losa um 1200000 kr., — það er furðulega máttlítil ríkisstj., þegar litið er til þeirra upphæða, sem þarna er um að ræða, samanborið við þær geysifjárhæðir, sem hún telur sig geta ráðstafað til ýmissa hluta án nokkurrar sérstakrar heimildar. Ég held því, að þetta sé fyrirsláttur einn hjá hv. þm. Str., og vil leyfa mér að vænta þess, að það sé enginn vafi á því, að hæstv. ríkisstj. veitist það létt; þó að henni sé ekki gefið vald til þess að fyrirskipa þessum stofnunum að kaupa með undirverði bréfin, þá geti hún leyst málið, svo að viðhlítandi sé fyrir þá, sem lögin eiga að hjálpa, þó að ekki komi til valdboð í þeim efnum. Ég vildi því mjög mega vænta þess, að hv. þingmenn gætu fallizt á að fella niður þennan fyrirskipunarrétt hæstv. ríkisstj. í síðari málslið 1. gr.

Ef farið er inn á þessa braut á annað borð, að *leggja í vald ríkisstj. að fyrirskipa ýmsum* stofnunum, þessum sem þarna greinir og ýmsum fleiri, að leggja fram fé til ákveðinna hluta, þá er vandséð, hver endir getur orðið á því. Tryggingastofnunarinnar þekki ég bezt til. Ég veit, að hún hefur ekki núna, eins og högum hennar er háttað nú, nokkurt fé aflögu til slíkrar

útlánastarfsemi sem hér greinir, því að hún hefur ekki nægilegt fé til þess að sinna þeim útlánum, sem henni er ætlað samkv. þeim lögum, sem hún starfar eftir.

**Frsm. (Páll Zóphóníasson):** Herra forseti. Ég þarf nú ekki að segja margt, því að hæstv. dómsmrh. hefur ekkert hrakið af því, sem ég hef sagt. Hann hefur reynt að snúa út úr tvennu, sem ég finn ástæðu til að leiðrétta, en að öðru leyti ekki mótmælt neinu, sem ég sagði. Ég var að benda honum á það, að sú prósenttala, sem talin er í útlánum hjá atvinnuvegunum, væri nú svo veikt flokkuð, að hæglega gæti farið svo, að það, sem væri talið í einum flokki, lenti a. m. k. mjög inn á aðra flokka, og nefndi sem dæmi ákveðið tilfelli, þar sem banki lánaði kaupmanni peninga, til þess að hann gæti birgt sig upp með kjöt til árs, sem varð til þess, að þessi kaupmaður gat greitt fyrir viðskiptum þeirra, er landbúnað stunda, eins og stendur í lagagreininni að bankinn eigi að gera og hann sagði að væri þverbrotið af Búnaðarbankanum. Ég nefndi tvö dæmi til að sýna honum, að þessi prósenttala væri ekki einhlít, af því að einmitt svona löguð dæmi, með mörgum tilbrigðum, rugluðu skiptingunni á milli flokka, og þess vegna væri sú flokkun, sem þar kæmi, ekki einhlít og sannaði ekkert um það, að þau lán, sem talin væru í öðrum flokkum en til landbúnaðar, gætu ekki greitt fyrir viðskiptum fyrir þá, sem landbúnaðinn stunda. Þetta vildi þá ráðh. færa þannig út, að ég hefði talið, að það væri nauðsynlegt að lána kaupmönnum og Framsfl. hefði áður verið á móti því að lána kaupmönnum og nú væri hann búinn að söðla um, og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta er allt saman út í loftið sagt. Dæmið var bara tekið út úr veruleikanum eins og það lá fyrir s. l. haust, alveg nákvæmlega, til að sýna hæstv. ráðh., að ekki væri einhlít þessi flokkaskipting, sem höfð er í bönkunum á því, hvernig fé skiptist milli atvinnuvega. Ég get þá bætt því við, að náttúrlega hefði ég miklu heldur viljað, að þessir bændur hefðu átt aðgang að 5% rekstrarláni, eins og sjávarútvegurinn á, og getað fengið lán út á sitt kjöt beint hjá bankanum og ekki þurft að hafa þessa tvo milliliði, sem þarna voru báðir kaupmenn. Þetta var þess vegna ekkert annað en útúrsnúningur hjá ráðh., sem ég vil hér með mótmæla, og vænti þess, að það, sem ég sagði, skoðist og sjáist í sambandi við það, sem ég sagði það um.

Annað var það, að hann sagði, að ég vildi láta taka peningana hjá bönkunum, sem væru illa reknir og hefðu enga peninga, og færa þá í þann banka, sem væri vel rekinn og hefði nóga peninga. Þetta er líka mjög mikill misskilningur. Þó að ég benti á það, að bankarnir hinir báðir hefðu ekkert gert til þess að lána stofnunum eins og veðdeild Landsbankans fé, sem hún gæti lánað út á húsabyggingar, eins og Búnaðarbankinn hefur gert við sína veðdeild, þá sagði ég ekkert um það, að Landsbankinn hefði enga peninga. Ekki heldur sagði ég það viðvíkjandi fiskveiðasjóðnum. Hitt veit ráðh., að sá banki, sem hefur 300 millj. kr. vaxtalausar til þess að lána út, getur grætt meira en hinn, sem hefur sparisjóðsfé eitt til að lána út; það verður að borga af því innlánsvexti. Hann veit líka, að þeir bankarnir, sem hafa erlenda gjaldeyrinn og taka sína „provision" af honum, hafa allt aðra möguleika til að græða en sá bankinn, sem ekki hefur það. Þetta hvort tveggja veit hann. Og hann veit líka, að þrátt fyrir það, þótt rekstrarkostnaður bæði að tiltölu við höfuðstól, sem bankinn hefur yfir að ráða, að tiltölu við útlán, sem hann hefur yfir að ráða, og að tiltölu við veltu, sem á honum er, sé langminnstur hjá Búnaðarbankanum, þá græða hinir miklu meira af þeim tveimur ástæðum, sem ég hef nefnt, annars vegar vegna gjaldeyrisfjárins, sem þeir hafa og ekki bara taka sínar „provisionir" af, heldur fá inn til sín og geyma mánuðum saman vegna þeirrar fyrirframgreiðslu, sem þeir heimta að tillögu ríkisstj., um leið og vörurnar eru pantaðar. Þess vegna veit hann það, að þessir bankar báðir hafa miklu meiri gróða en hinn, og það er þess vegna ekki að taka úr neinum peningalausum bönkum og færa í þann, sem nóga peninga hefur; það er eins og önnur fjarstæða að segja það, enda aldrei sagt af mér.

Ég vildi gjarnan taka undir það með hv. þm. V-Sk. (JK), að ef till. eru teknar bókstaflega eins og þær liggja fyrir, þá er ekki hægt að segja annað en að Alþingi ætlaðist til þess, að meira yrði ekki lagt í veðdeildina en þessar 1200000 kr., og leysti þess vegna Búnaðarbankann undan því, sem hann hefur gert undanfarið. Það má deila um það, hvort honum er það skylt eða ekki. Við skulum segja, að honum sé það ekki skylt, og segja það til þess að milda framkvæmd hinna bankanna, sem hafa ekki talið sér skylt að fara svoleiðis með þær stofnlánadeildir, sem þeir hafa, veðdeild og fiskveiðasjóð. Við skulum segja, að honum sé það ekki skylt, sem hann hefur fundið sér siðferðislega skylt að reyna að leysa og þess vegna lánað eitthvað dálítið á þriðju millj. kr. veðdeildinni, til þess að hún gæti lánað út. Ef ríkisstj. færi að semja lög um, að veðdeildin skyldi hafa 1200000 kr. og þar í fé frá sparisjóði Búnaðarbankans, mætti líta þannig á, að hann væri leystur undan þessari skyldu. Ég veit, að Búnaðarbankinn finnur þessa siðferðislegu skyldu alveg eins, þó að hann fái þessar 1200000 kr., og síðan yrði því öllu varið til útlána og mjög líklegt, að hann smám saman bæti þar að auki við þetta, sem hann á núna hjá veðdeildinni. Annars kemur náttúrlega alltaf inn í veðdeildina eitthvað af vöxtum og afborgunum á hverju ári, svo að sú skuld annaðhvort getur staðið eða þá lækkað af því og mundi undir engum kringumstæðum verða látin lækka af þessu viðbótarfé, sem henni væri útvegað eftir þessu frv. Þess vegna held ég, að það sé misráðið að taka sparisjóð Búnaðarbankans þarna inn í. Stjórn bankans er búin að sýna það, að hún telur sér siðferðislega rétt að lána veðdeildinni og leysa þannig úr brýnustu þörfinni, þó að hún hafi ekki getað gert það fullnægjandi, og af því að hún hefur ekki getað gert það fullnægjandi, þá er reynt að bæta þessu við, svo að veðdeildin geti rækt hlutverk sitt betur, þó að hún geti aldrei rækt það fullnægjandi eins og nú horfir í landinu.

Ég vil þess vegna mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, og treysti því, að við nánari athugun sjái bæði 4. þm. Reykv. og hæstv. ráðh., að það er fyrir beztu, að það sé leyst þannig og till. þeirra felldar. Ekki ætlast ég til, að þeir viðurkenni það með því að taka þær aftur, en býst við, að þeir greiði þeim sjálfir atkvæði. En náttúrlega gerðu þeir réttast í að sitja hjá.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Fyrst vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort það mundi eitthvað vera að hljóminum hér í þessari hv. deild, þannig að það bærist öfugt, sem sagt er. Það er að gefnu tilefni, vegna þess að ég las í blaði í gær frásögn af minni afstöðu í þessu máli, þar sem sagt var í flestum atriðum gersamlega rangt frá henni. Þar sem þetta er blað samstarfsflokks sjálfstæðismanna í ríkisstj. og að því standa margir göfugir menn, sem ekki mega vamm sitt vita, þá held ég, að það geti ekki komið af illvilja eða löngun til þess að fara með rangt mál, heldur af því, að einhvern veginn sé svo háttað, að þeim hafi borizt algerlega öfugt það, sem sagt var.

Ég hef sem sagt ætíð lagt á það mikla áherzlu, að ég væri þessu frv. fylgjandi og ég teldi mikla nauðsyn á því, að það næði fram að ganga, þó að ég hins vegar vildi láta búa enn þá örugglegar um það en í frv. sjálfu er gert, að það komi að gagni. Það var aftur á móti hv. 1. þm. Eyf., sem gerði mjög lítið úr þessu frv. og taldi, að það væri nær einskis virði að samþykkja það. Það voru hans orð, en ekki mín, og ég mótmælti þeim strax og þau komu hér fram. Ég tel, að hér sé um mjög gott mál að ræða, nauðsynlegt, sem þurfi að komast fram. Ég lýsti því meira að segja yfir við fyrri stig málsins, að þó að athugasemdir mínar væru ekki teknar til greina, þá mundi ég engu að síður fylgja sjálfu málinu, vegna þess að ég tel, að málið sjálft sé gott. En því frekar er það óverjandi, að svo ranglega skuli vera túlkað út í frá, hvað hér hefur farið fram. Ef ekki er um missögn að ræða eða misskilning, þá sýnir það, að þeir, sem að því standa, hafa ekki hreint mél í pokanum og geta ekki tekið þátt í málefnalegum umræðum, heldur verða að verja mál sitt með rangfærslum, sem ég hirði ekki frekar að svara.

Það er auðvitað alger fjarstæða, sem hv. 1. þm. Eyf. bar hér fram fyrst um daginn og hv. þm. V-Sk. tók hér upp, og loksins var sá þriðji í þeirri einkennilegu lest hv. 1. þm. N-M., og héldu því allir fram, að ef brtt. mínar væru samþykktar, væri það takmörkun á skyldu Búnaðarbankans til þess að fullnægja sinni skyldu. Því fer fjarri, að svo sé. Það má segja, að brtt. mínar helgist af því, að ég tel og hef raunar sýnt fram á með óyggjandi rökum, að Búnaðarbankinn hefur ekki staðið við lagaskyldu sína í þessu efni og þess vegna sé ástæða til að hnippa í hann að standa sig betur í framtíðinni í þeim efnum heldur en hann hefur gert. En ég hef ekki ætlazt til, að það væri horfið frá því að eiga samstarf við aðrar peningastofnanir um lausn þessa máls, og ég er ekki fylgjandi till. hv. 4. þm. Reykv. um að fella niður þá heimild, sem ríkisstj. á að hafa til þess að skylda vissar peningastofnanir úti í bæ, ef svo má segja, til þess að kaupa þessi bréf, ef á þarf að halda. En ég hef talið rétt að bæta sparisjóðsdeild Búnaðarbankans þar við. Slíkt er ekki þrenging, slíkt er bæði rýmkun á frv. og léttir engum skyldum af Búnaðarbankanum. Það eru þess vegna fullkomnar tylliástæður, þegar það er borið fram til þess að vera á móti þeim auðsæilega sanngjörnu till., sem ég hef borið fram í þessu máli. Það getur verið skiljanlegt, að menn séu á móti þeim till., ég skal ekkert um það segja, en það er ekki frambærilegt að vera á móti þeim af svo auðsæilega gagnslausum fyrirsláttaratriðum eins og þeim, sem þessir hv. þm. hafa hér flutt. Það er þá miklu betra að segja það hreinlega, að þeir geri það af hlíf við Búnaðarbankann, að þeir vilji ekki láta Búnaðarbankann fá þá réttmætu áminningu, sem hann mundi fá með samþykkt minna till.: það er miklu betra að segja það hreinskilnislega heldur en að bera fyrir það, sem alls ekki fær staðizt með neinu móti.

Því hefur verið mjög á loft haldið hér, að ýmsum bönkum sé illa stjórnað öðrum en Búnaðarbankanum. Ég skal ekki fara út í þær umræður. En ég vil þó segja það, að út af fyrir sig þarf það ekki að vera sönnun fyrir því, að banka sé illa stjórnað, þó að hann verði fyrir tapi á einstaka viðskiptamanni. Bankinn starfar ekki eingöngu til þess að græða fé eða moka saman peningum, heldur til þess að greiða fyrir atvinnulífinu, þeim greinum atvinnulífsins, sem hverjum banka er falið á hendur að annast. Það er þess vegna mjög eðlilegt, ef ófyrirsjáanlegir atburðir eiga sér stað í atvinnulífi, þannig að töp verði, sem ekki var reiknað með, að bankastofnanir taki þátt í því ekki síður en þeir atvinnurekendur, sem fyrir skakkaföllunum verða. Og það var líka svo, að Búnaðarbankinn á sínum tíma undir stjórn hins ágæta manns Tryggva heitins Þórhallssonar varð fyrir stórkostlegum áföllum, vegna þess að hann hafði lánað út meira en bændur þá gátu borgað, og varð að stofna sérstaka kreppulánadeild til þess að standast þann halla. Slíkt kom ekki af því, að Tryggvi Þórhallsson út af fyrir sig væri verri bankastjóri heldur en sá, sem nú er, heldur vegna hins almenna atvinnuástands. Ég tel það sízt til sönnunar góðri bankastjórn Búnaðarbankans, þó að þannig sé haldið á, að bankinn verði ekki fyrir neinum skakkaföllum. Það sýnir það eitt, sem ég hef haldið fram, að hann er rekinn sem gróðastofnun, sem verzlunarstofnun, en ekki fyrir atvinnuveginn, sem hann lögum samkvæmt á að styðja, enda er það óumdeilanlegt og játað, og jafnvel verjendur Búnaðarbankans hafa ekki getað neitað, að hann hefur ekki farið eftir tvímælalausum lagafyrirmælum um það að vera fyrst og fremst bankastofnun fyrir landbúnaðinn, heldur er orðinn almennur verzlunarbanki, sem fyrst og fremst hugsar um það að græða fé og tapa aldrei einum eyri. En vitanlega helgast það, að bankarnir taka vexti og græða fé, af því, að þeir verða stundum fyrir skakkaföllum eins og öll mannleg fyrirtæki. Vitanlega er það þannig, að bankinn hefði vel efni á því að taka á sig þau skakkaföll, sem leiddi af því að kaupa þessar 1200000 kr. af hans eigin veðdeildarbréfum. Það

hefur verið sannað, að bankinn græðir milljónir ár hvert, eykur stöðugt við sína sjóði, og hann gæti vitanlega staðið undir þessu, ef nægur vilji væri fyrir hendi. Það er aðeins viljinn, sem skortir í þessum efnum.

En látum það vera. Ég hef ekki gert það að aðalefni þessa máls, heldur þvert á móti sagt, að það væri mál, sem yrði að leysa fyrir sig, hver ætti að borga þann vaxtamismun, sem hér á sér stað. Aðalefnið er það, að bankinn hefur yfir nægu fé að ráða, jafnvel án þess að takmarka á nokkurn veg aðra lánastarfsemi sína, til þess að lána þessar 1200000 kr., ef nokkur vilji er fyrir hendi. Það er einungis vegna þess, að viljann skortir, vegna þess að bankastjórnin, bæði bankastjóri og bankaráð undir forustu formanns Framsfl., hefur sannfærzt um það, að það er ekki hægt að reka heiðarlega og frambærilega bankastarfsemi hér á landi, ef það ætti að lána bændum, svo að vitnað sé í ummæli hv. formanns Framsfl., sem hann hefur margoft viðhaft hér. (**HermJ**: Ef við lánum með lægri vöxtum en —) Ja, þessi ummæli þingmannsins liggja fyrir, og við getum látið skoða þau. Ef hv. þm. hefur ekki látið breyta þeim, skulum við athuga, hvað hann hefur sagt.

Það hefur ekki heldur verið með einu orði vefengt, að Búnaðarbankinn hefur gersamlega vanrækt það að leysa úr rekstrarlánaþörf bænda. Hvað sem því líður, hvort hann gæti lánað bændum löng fasteignalán, — og hef ég þó sýnt fram á, að allar röksemdir verjenda bankans í þeim efnum eru hégómi einn, — þá er ótvírætt, að ef löngun og vilji væri fyrir hendi, þá gæti bankinn leyst úr hinni þörfinni. Hann hefur leitt þá þörf gersamlega hjá sér.

Svo er verið að tala um það, — og hv. þm. Str. var því mjög feginn, að ég lýsti því yfir, að ég teldi, að núverandi bankastjóri bankans hefði ekki á neinn hátt misnotað stöðu sína í pólitískum tilgangi. Ég stend við það. Ég hef enga vitneskju um það, að bankastjórinn hafi gert það. En vitanlega er það bankaráðið, sem ákveður þær stóru línur, sem lánin eru veitt eftir, og það er hv. þm. Str., sem manna mest ber ábyrgð á því ásamt bankastjóranum. Ég er hér ekki að sakast um einstakar lánveitingar. Ég er ekki heldur að sakast um það, þótt eitthvað af lánum hafi verið veitt í öðru skyni en lög bankans þó segja til um. En ég er að sakast um þann gersamlega misskilning á stöðu og eðli bankans, að hann skuli ekki sjálfur reyna að leysa ekki stærra atriði en felst í þessu frv., heldur reyna að knýja löggjafarþingið til þess að gera ráðstafanir í því efni. Vitanlega átti bankinn sjálfur að hafa þar forustuna, segja til um, hvað hann skorti á, ef hann gat ekki gert það. En bankinn er búinn að gleyma svo gersamlega, í hvaða tilgangi hann er stofnaður og hvað lögin segja til um hans starfsemi, að Alþ. þarf þarna að taka í taumana og reyna að hafa vit fyrir forráðamönnum bankans.

Hv. þm. Str. sagði hér á dögunum, — ég sé, að hann hefur látið taka það upp í blaði sínu, — að till. og ummæli hv. 4. þm. Reykv. væru af mikilli sanngirni mælt, en mínar till. væru af öðrum toga spunnar. Það væri maklegt að launa þetta með því að taka aftur seinni till. mína og fallast á seinni till. hv. 4. þm. Reykv. og vita, hvernig hv. þm. Str. þætti sú sanngirni vera, vegna þess að þá væri tekið úr frv. það aðhald, sem hv. þm. Str. í öðru orðinu viðurkenndi að ríkisstj. þyrfti að hafa til þess að knýja aðila til þess að hlýða því, sem lögin ætlast til í þessu. Ég vil þó ekki fara þannig að. Mér er það ljóst, að það kann á því að þurfa að halda að beita þvingunarráðstöfunum í þessu efni. Ég vil þess vegna ekki taka úr síðari hluta 1. gr., ég vil ekki fella hann niður. Ég tel, að það sé réttara að gera enn þá öruggara, að greinin komi að gagni, með því að samþykkja mína viðbót, en mun greiða atkv. á móti till. hv. 4. þm. Reykv. varðandi þetta atriði. En varðandi fyrri hl. gr. get ég alveg eins fellt mig við till. hv. 4. þm. Reykv. og mína og vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki bera hans till. upp á undan, og ég mundi þá greiða atkvæði með henni, vegna þess að ég tel, að hún nái alveg sama tilgangi þar eins og mín till.

**Forseti (GíslJ)**: Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs. Út af fyrirspurn hæstv. dómsmrh. til forseta um það, hvort nokkuð sé að hljómnum hér í deildinni, þá skal það verða athugað, t. d. hvort orð eins og já breytist inn á segulband og verði að neii eða hvort önnur orð og setningar breytist að efni til á annan hátt. Það er að sjálfsögðu mikils virði fyrir hv. þm. að vita um, hvort slíkt getur átt sér stað. — Umræðum um þetta mál er lokið og verður gengið til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 495,a felld með 9:7 atkv.
— 483,a felld með 12:5 atkv.
— 495,b felld með 13:4 atkv.
— 483,b felld með 9:7 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til einnar umr.

**Jón Pálmason**: Herra forseti. Þetta frv., sem er flutt af hv. landbn. þessarar d., hefur nú gengið í gegnum hv. Ed. og tekið þar þeim einu breytingum, að upphæðin, sem um er að ræða, er hækkuð um þriðjung, frá 800 þús. upp í 1200 þús. Eins og gefur að skilja, þá fagnar landbn. þessarar d. þessari breytingu, og vil ég fyrir nefndarinnar hönd mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 583).

## 58. Óskilgetin börn.

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt frá Nd.:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna** [107. mál] (þmfrv., A. 187).

Á 29. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Björn F. Björnsson):** Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, er flutt af heilbr- og félmn. samkvæmt beiðni félmrh. Félmrn. hefur samið þetta frv. og n. tekið að sér að flytja það hér í hv. þingi. Einstakir nm. hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði l. nr. 87 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, gátu mæður óskilgetinna barna, sem áttu barnsfeður úr hópi þeirra manna, sem verið höfðu í þjónustu eða á vegum hernaðaraðila hér á landi, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt úrskurðar um faðerni, með sama hætti og þegar varnaraðili eða barnsfaðir er farinn af landi brott. Síðar gat svo dómari heimilað barnsmóður samkvæmt rökstuddum úrskurði að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef barnsmóðir að áliti dómarans þótti hafa líkur með sér. Þegar svo barnsmóðirin hafði unnið eið eða drengskaparheit, var viðkomandi valdsmanni skylt að kveða upp úrskurð á hendur Tryggingastofnun ríkisins, sem skyldaði hana til þess að greiða barnsmóðurinni meðlag og annan styrk eins og venjan er um aðrar barnsmæður, sem meðlagsúrskurð hafa í höndum. Síðan átti svo Tryggingastofnunin að fá endurgreiddan barnalífeyrinn úr ríkissjóði.

Ákvæði þetta, bráðabirgðaákvæðið í l. frá 1947, var takmarkað við börn, sem fædd voru fyrir 31. des. 1947, enda hefði barnsmóðir þá snúið sér til dómara fyrir 31. des. 1949. Þessi takmörkun í bráðabirgðaákvæðinu hafði það í för með sér, að ákvæðið reyndist ekki lengur virkt frá 1. jan. 1950.

Ástæður þær, sem lágu til setningar þessa bráðabirgðaákvæðis á sínum tíma, eru enn fyrir hendi að verulegu leyti. Í landinu dvelja og hafa dvalið þetta tímabil erlendir menn í þjónustu hernaðaraðila eða með einhverjum hætti á vegum þeirra, erlendir menn, sem átt hafa börn með íslenzkum konum. Sýnist ekki ástæða til þess að greiða síður fyrir þessum konum en gert var með bráðabirgðaákvæðinu, sem áður hafði gildi. Í þessu frv. á þskj. 187 er því gert ráð fyrir, að bráðabirgðaákvæðið haldi áfram gildi frá 1. jan. 1950, og eina breyt., sem gerð er í frv. eins og það liggur hér fyrir, er sú, að nú er ekki nein tímatakmörkun um það, hvenær í síðasta lagi barnsmæður, sem svo stendur á fyrir, geta leitað til dómara og fengið nauðsynlegan úrskurð. Eins og horfir nú, er ekki vitað, hversu lengi enn erlendir menn kunna að vinna á vegum varnarliðsins, og hefur því þótt rétt að hafa bráðabirgðaákvæðið óbundið. Er þá hægurinn hjá við sjálfsagða endurskoðun þessa ákvæðis, þegar svo fer, að hinir erlendu aðilar hverfa úr landi brott.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt öllu meir. Mér virðist, að þessi framlenging á bráðabirgðaákvæðunum eigi rétt á sér. — Ég vil óska þess, að að lokinni þessari 1. umr. um málið verði því vísað til 2. umr. og væntanlega til heilbr.- og félmn., sem að vísu hefur nokkuð athugað þetta mál, en þó væntanlega ekki nægilega vel í einstökum greinum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 30. og 31. fundi í Nd., 27. og 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 9. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

**Frsm. (Björn F. Björnsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur þetta frv. á þskj. 187 samkvæmt beiðni félmrh. Ég hef í fyrri ræðu um þetta mál lýst nánar, hversu brýna nauðsyn ber til þess að koma til móts við þær stúlkur, sem eignazt hafa börn með varnarliðsmönnum utan hjónabands, en þeir síðan horfið af landi brott án þess að fullnægja meðlagsskyldu sinni. Samsvarandi ákvæði var í gildi til 1. jan. 1950 eins og hér er í frv., en frá þeim tíma hefur ekkert komið í þess stað, en þá var það óvirkt og átti þá við þá menn, sem unnu á vegum eða í þjónustu erlendra hernaðaraðila.

N. er ljóst, að það er hið fyllsta réttlætismál að rétta hlut hinna íslenzku stúlkna að þessu leyti, og hefur samþykkt að fylgja þessu ákvæði fram. Það er vitað, að í flestum tilfellum er útilokað, að barnsmæðrum takist að færa fram sönnunargögn á venjulegan hátt eða eins og þegar barnsfaðir er innanlands. Í þessum tilfellum er barnsfaðir farinn af landi brott og öll aðstaða móður til málssóknar hin erfiðasta, og hefur venjan því verið sú eða niðurstaðan, að slík mál hafa án árangurs fallið niður. Einasta leiðin sýnist því vera sú að auðvelda barnsmóður málssókn sína til meðlagsgreiðslu með þeim hætti, sem áður gilti og um er fjallað í frv. því, sem fyrir liggur. Hins vegar þykir rétt að hafa nokkurn hemil á um það, að barnsmóðir geri allt, sem í hennar valdi stendur til þess að afla meðlagsúrskurðar á venjulegan hátt á hendur barnsföður, áður en henni er auðvelduð leiðin til meðlagsgreiðslu af hálfu Tryggingastofnunar og síðan ríkissjóðs. Er viðkomandi dómara bezt til þess treystandi að segja fyrir um það, hvenær barnsmæður hafi af sinni hálfu gert nægilegar tilraunir í þessu efni. Þess vegna leyfi ég mér að flytja um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta, skriflega brtt., sem hljóðar á þennan veg:

Brtt. við 1. gr. Á eftir orðunum „og getur hún þá“ komi: að undangengnum árangurslausum tilraunum, að mati dómara, til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt. Síðan haldi setningin áfram. Í öðru lagi: Í stað „erlendra hernaðaraðila“ komi: hins erlenda varnarliðs.

Þessi brtt. er borin fram með vitund félmrn.

og í samráði við sakadómarann í Reykjavík, sem kemur til með að fjalla og hefur fjallað um slík mál sem þessi framar öðrum dómurum, og þykir eftir eðli máls nokkuð eðlileg, þó að hún kannske í raun og veru verði ekki praktísk, vegna þess að það er yfirleitt, eftir því sem reynslan kennir, útilokað fyrir barnsmæður undir þessum kringumstæðum að afla faðernissönnunar á venjulegan hátt og ekki sízt vegna þess, að sambandið milli aðila, stúlkunnar og viðkomandi varnarliðsmanns, er það laust í böndum, að þar verður ekki komið fram þeim gögnum, sem annars mætti fram koma, ef aðilinn væri staddur í landinu og hlítti lögsögu íslenzks dómara eða íslenzkra aðila.

Að öðru leyti sýnist mér ekki ástæða til að ræða þetta mál frekar. Það var gert ýtarlega þegar málið var til 1. umr., og þetta er, eins og ég gat um í upphafi, réttlætismál, sem ég vænti að hv. þm. geti fallizt á. Óska ég þess, að málinu verði svo að lokinni þessari 2. umr. vísað til hinnar 3.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 356) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 356 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 357, n. 554).

**Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hv. Nd. flutti þetta frv. að beiðni hæstv. félmrh.

Með þessu frv., ef að lögum verður, eru framlengd þau ákvæði, er hér giltu á stríðsárunum um hliðstæð efni. — Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 593).

---

## 59. Greiðslubandalag Evrópu.

Á 66. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um framlengingu á heimild ríkisstj. til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu** [177. mál] (þmfrv., A. 513).

Á 67. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er fáu við það að bæta, sem í grg. stendur viðvíkjandi þessu frv., en ástæðan til þess, að ríkisstj. í samráði við Landsbankann hefur verið sammála um, að þetta frv. væri flutt, er sú, að það þykir öruggara að hafa þessa heimild til hækkunar, ef á þyrfti að halda.

Eins og kunnugt er, þá er heimilt samkvæmt þátttöku Íslands í Greiðslubandalagi Evrópu að nota allt að 15 millj. dollara fjárhæð til greiðslujafnaðar, ef ríkisstj. Íslands er því samþykk, en fram að þessu hefur ekki verið lögfest hér heimild fyrir nema 4 millj. dollara samtals. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka heimildina upp í 8 millj. dollara. Nú er eðlilegt, að hv. þm. spyrji að því, hvort það sé þörf á að hækka heimildina eða hvort gjaldeyrishagur þjóðarinnar fari það mikið versnandi nú, að það sé nauðsynlegt að fara fram á þessa hækkun, þar sem 4 millj. dollara í yfirdrætti hafa nægt fram að þessu. Þá er því til að svara, að gjaldeyrisástandið í dag er sízt verra en það var á sama tíma í fyrra og þó nokkru betra. Innstæður Íslands í dollurum eru í dag hærri en sú upphæð, sem farið er fram á að megi yfirdraga hjá Greiðslubandalagi Evrópu. En það þykir eigi að síður nauðsynlegt vegna viðskipta við EPU-löndin að hafa þessa heimild fyrir hendi, ef á þyrfti að halda, þar sem gera má ráð fyrir, að framan af árinu komi lítill EPU-gjaldeyrir inn, þar sem, eins og kunnugt er, eru engar sölur núna til Bretlands eins og verið hefur áður og á s. l. ári var hallinn við EPU-löndin jafnaður með Marshallframlagi.

Nú er ekki um neitt Marshallframlag að ræða til þess að grípa til nú framan af árinu eða á miðju ári, og má þess vegna ætla, að það þurfi í bili að hækka yfirdráttarheimildina. Þar sem innstæða í dollurum er fyrir hendi, sem nemur þessari upphæð, þá getur ríkisstj. hvenær sem er greitt þessa skuld við EPU, en skuld við EPU í lok febrúar var samtals 3 millj. 870 þús. dollarar, eða hér um bil eins og heimildin er. Þar sem togararnir leggja nú allir afla sinn upp hér og fiskurinn er verkaður hérlendis, þá má reikna með því, að sá afli verði ekki seldur og það komi ekki gjaldeyrir fyrir hann fyrr en á miðju ári, eða kannske ekki fyrr en eftir mitt ár, en vegna þess að aflinn er lagður hér á land, má eigi að síður reikna með því, að það fáist meiri gjaldeyrir nú fyrir þann afla heldur en á meðan siglt var með hann til Bretlands eða Þýzkalands. Það er þess vegna ekki sérstök ástæða til þess að ætla, ef vertíðin heppnast sæmilega, eins og útlit er fyrir, að gjaldeyrisástandið versni eða verði verra en það hefur verið og að ekki séu möguleikar til að greiða þessa skuld við greiðslubandalagið, þótt yfirdrátturinn nú um tíma verði hækkaður. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. d. fallist á þetta frv., sem öll ríkisstj. stendur að ásamt Landsbankanum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 69 fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 69. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 513, n. 594).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Það er ekkert, er ég ætla um þetta að segja, annað en það, að ég vildi gera grein fyrir því, að fjhn. d. mælir einróma með því, að frv. verði samþ., og á grundvelli þeirra raka, sem fram koma í frv., að eins og gjaldeyrisástæður eru núna, er nauðsyn á því að hagnýta þá heimild, sem farið er fram á að veitt verði, sérstaklega vegna þess að skipting gjaldeyriseigna þjóðarinnar er þannig í bili, að það er hentast að hafa þennan hátt á vegna þurrðar á Evrópugjaldeyri. Aftur á móti stendur á bak við þetta, eins og gerð er grein fyrir í hinni upphaflegu grg. frv., öll sú gjaldeyriseign landsmanna, sem er dollaragjaldeyrir. — Fjhn. leggur sem sagt einróma til, að frv. verði samþykkt.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það hefði verið æskilegt, — gæti náttúrlega verið eins við 3. umr. um þetta mál, — að þm. hefðu fengið dálítið nánari upplýsingar viðvíkjandi því, hvernig hagar til með okkar gjaldeyrisinnstæður og stefnu ríkisstj. um hagnýtingu þeirra. Hér er sem sé farið fram á að hækka raunverulega yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu, sem undanfarin ár hefur verið 4 millj., upp í 8 millj. dollara, og það er tekið fram, að ríkisstj. áliti óhjákvæmilegt að stofna til bráðabirgðaskuldar við greiðslubandalagið næstu mánuði, því að annars yrði að takmarka verulega innflutning frá Vestur-Evrópu. Nú mundi ég vilja spyrja hæstv. ríkisstj., hvernig stendur okkar viðskiptajöfnuður við þau lönd í Austur-Evrópu, sem við höfum verið að auka mjög viðskiptin við upp á síðkastið. Mér er nær að halda, að við eigum, sérstaklega í Sovétríkjunum, inni allmikið fé. Og hvernig er stefna ríkisstj. um hagnýtingu á slíkum innstæðum, hvernig gengur það að tryggja, að við fáum einmitt frá þessum löndum, sem sé fyrir okkar fisk, þær vörur, sem okkur er nauðsynlegt að fá? Mér er nær að halda af kunnugleika mínum á öllum þessum málum, að innflytjendur hér á Íslandi, og ekki síst sterku innflytjendurnir í Reykjavík, vilji ákaflega gjarnan haga sínum viðskiptum á þann veg að verzla fyrst og fremst við sín gömlu viðskiptasambönd, ekki síst í Vestur-Evrópu. Og ég er hræddur um, að slíkt sé að nokkru leyti líka viðvíkjandi Bandaríkjunum, sem við höfum mjög neikvæðan verzlunarjöfnuð við upp á síðkastið, þó að greiðslujöfnuðurinn sé ofur lítið öðruvísi.

Það er vitanlegt, að hagsmunir ýmissa af þessum stóru innflytjendum gera það að verkum, að þeir vilja gjarnan viðhalda sínum gömlu samböndum, eins og vel er náttúrlega hægt að skilja. En þetta rekst bara á þá hagsmuni okkar Íslendinga sem heildar, að þau lönd, sem kaupa af okkur og eru jafnvel okkar stærstu markaðslönd nú, geti látið okkur þær vörur í té, sem við sérstaklega þyrftum að fá inn í landið.

Nú er það oft svo með t. d. vörurnar frá sósíalistisku löndunum, að til þess að geta hagnýtt þau viðskipti þurfum við að ákveða þau oft alllöngu áður. Ég þykist vita, við skulum segja, þegar hér er minnzt á raforkuframkvæmdir, t. d. spurninguna um rafala og annað slíkt, að þá sé varla hægt að fá þess háttar tæki yfirleitt frá nokkrum löndum nú nema með allmiklum fyrirvara, þannig að ríkisstj. þarf að áætla slík viðskipti þó nokkuð mikið fyrir fram. Ég álít, að það gæti verið varhugavert, þó að það þurfi ekki að vera það almennt, að fara inn á þessa braut, sem hér er lagt til, ef það yrði til þess, að það yrði farið að kaupa í stórum stíl að láni frá

löndunum í Greiðslubandalagi Vestur-Evrópu vörur, sem við máske gætum fengið frá hinum löndunum. Væri ákaflega gott að fá upplýsingar um, hvernig þetta stendur. Ef við færum inn á slíkt, þá mundi það enda með því, að við mundum eyðileggja okkar markað í þessum löndum. Það er gefið, að viðskipti við þessi lönd byggjast á vöruskiptum. Og þó að það sé í verzlunarsamningunum ákvæði um, að ef einhverju skakkar þarna, þá sé hægt að gera kröfu til þess að greiða það í sterlingspundum, þá mundi beiting slíkra ákvæða í samningum þýða, að slík skipti mundu meira eða minna hætta, því að grundvöllurinn er raunverulega vöruskipti.

Það væri a. m. k. í sambandi við þetta mjög gott að fá upplýsingar um þetta, annaðhvort nú eða við 3. umr., því að ég er alveg viss um það, að með fullri hagnýtingu á okkar mörkuðum og þeim mörkuðum, sem okkur standa til boða, þá þurfum við ekki að vera í vandræðum með gjaldeyri. Ég veit, t. d. hvað hraðfrysta fiskinn snertir, þá hafa verið uppi óskir um að fá meira af honum og fljótar afgreitt heldur en gert hefur verið. En ég þykist hins vegar líka vita um leið, að okkar inneignir í þessum löndum muni nú þegar skipta allmörgum millj. kr.

Mér þætti sem sé vænt um, ef hæstv. ríkisstj. vildi gefa upplýsingar um þetta annaðhvort nú eða við 3. umr., ef hún væri því ekki viðbúin núna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

---

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

---

## 60. Kirkjubyggingasjóður.

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð** [84. mál] (þmfrv., A. 120).

Á 14. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. þetta um Kirkjubyggingasjóð á þskj. 120, sem hér er til 1. umr., flutti ég á s. l. Alþ., þegar mjög var liðið á þingtímann. Var lokið 1. umr. um frv. og því vísað til nefndar, en tími vannst ekki til þess að taka það þar til meðferðar. Nú flyt ég, ásamt hv. þm. Mýr., þetta frv. á ný, lítið breytt frá því sem það var áður. Mér þykir hlýða að fylgja frv. úr hlaði með nokkrum orðum.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands segir svo: í 62. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hin evangeliska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda."

Í samræmi við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar ver ríkið árlega fé til kirkjumála. Er því fé varið til að launa presta þjóðkirkjunnar, kosta biskupsembættið, launa söngmálastjóra þjóðkirkjunnar o. fl. Upphæð sú, sem ríkið ver til kirkjumála samkv. fjárlögum þessa árs, er tæpar 6 millj. kr. En það er athyglisvert, að ekkert af þessu fé fer til kirkjubygginga, og er það af þeim ástæðum, að ríkisvaldið, sem samkv. stjórnarskránni skal þó vernda og styðja þjóðkirkjuna, hefur engin afskipti af kirkjuhúsunum, byggingu þeirra eða viðhaldi. Það viðfangsefni er fengið í hendur söfnuðum landsins, sem í flestum tilfellum eru eigendur kirknanna nú orðið.

Söfnuðir landsins eru misfjölmennir, en öllum er þeim lögð sú skylda á herðar að hafa innan sinna vébanda kirkjuhús, þar sem guðsþjónustur og önnur kirkjuleg starfsemi geti farið fram, halda kirkjunum við og kosta rekstur þeirra að öllu leyti, ásamt því að bera allan annan kostnað, sem af hinni kirkjulegu starfsemi innan safnaðarins leiðir, og má nefna m. a. laun organista, söngfólks og margt fleira. Til að standast þennan kostnað er söfnuðum heimilt, lögum samkvæmt, að leggja niefskatt, sóknargjald, á hvern gjaldskyldan meðlim safnaðarins, en gjaldskyldir í þessu tilfelli eru þeir sóknarmenn, sem náð hafa 16 ára aldri og ekki eru komnir yfir 67 ára aldur. Nemur þetta gjald með núverandi vísitölu nálægt 27 kr. á ári af hverjum manni. Þá er sóknarnefndum og heimilt að innheimta hundraðsgjald af útsvörum sóknarmanna, ef sóknargjöldin hrökkva ekki fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum.

Það, sem ég hér hef bent á, sýnir, að tekjur safnaðarins, sem ákveðnar eru með lögum, gera ekki betur en hrökkva fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum til guðsþjónustuhalds í sóknunum. Sé um meiri háttar kostnað að ræða, t. d. byggingu nýrra kirkna, mikla viðgerð þeirra eða endurbyggingu, ber viðkomandi söfnuði upp á sker hvað fjárhaginn snertir. Þetta er öllum ljóst, sem þessum málum eru kunnugir.

Þessum málum er því þannig varið nú, að því leyti sem söfnuðum landsins viðkemur, að ríkið launar prest safnaðarins, en skyldar söfnuðinn að kosta allt guðsþjónustuhald að öðru leyti, þar með að byggja kirkjurnar, en ákveðið er um leið, hverjar tekjurnar skuli vera, og eins og ég hef áður minnzt á, hrökkva þær ekki nema fyrir allra nauðsynlegustu útgjöldum og tæplega það. Þegar einn söfnuður ræðst í að byggja kirkju, þá er í fæstum tilfellum fé fyrir hendi, nema aðeins til byrjunarframkvæmda. Við framhald byggingarinnar er þá safnað fé innan safnaðarins og utan, eftir því sem möguleikar eru á. Um föst, ákveðin lán til kirkjubygginga er ekki að ræða, nema frá Hinum almenna kirkjusjóði, en þau eru mjög takmörkuð og lág miðað við hinn mikla núverandi byggingarkostnað. Það liggur því í augum uppi, að við það að byggja eða endurbyggja kirkju lenda viðkomandi söfnuðir

óhjákvæmilega í fjárhagslegum vandræðum þrátt fyrir framlög safnaðarfólks og annarra í peningum, ókeypis vinnu og ýmissi annarri fyrirgreiðslu, sem í fjölmörgum tilfellum hefur sýnt sig að vera ótrúlega mikil, þó að það hrökkvi ekki til.

Þegar þetta, sem ég nú hef bent á, er haft í huga og tillit er tekið til þess ákvæðis stjórnarskrárinnar, sem kveður á um, að ríkisvaldið skuli styðja þjóðkirkjuna og vernda, ber ekki að líta á það sem fjarstæðu, heldur sem eðlilegan hlut, þegar söfnuðir landsins snúa sér til ríkisvaldsins með fjárbeiðnir og fyrirgreiðslur, þegar um er að ræða kirkjubyggingar, sem í öllum tilfellum eru verkefni, sem þeim eru fjárhagslega ofviða, en skylt að inna af hendi, og sú skylda er þeim á herðar lögð af ríkisvaldinu, enda hefur orðið sú raunin á, að fyrir hv. Alþ. hafa legið fjárbeiðnir frá ýmsum söfnuðum, sem hafa staðið í kirkjubyggingum, þó að þeim beiðnum hafi í flestum tilfellum ekki verið sinnt. En það verður ekki endalaust staðið á móti þessum óskum safnaðanna um land allt, því að þær munu halda áfram að berast í stærri og stærri stíl, eftir því sem lengur er staðið á móti þeim, og allt eru þetta beiðnir um fjárstyrki, óafturkræft framlag frá ríkinu, sem halda áfram að berast, og endirinn hlýtur að verða sá, að ríkið kemst ekki hjá því að styrkja kirkjubyggingar í landinu á einhvern hátt.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að leysa þetta vandamál safnaða landsins, kirkjubyggingarnar, á þann hátt, að myndaður verði sjóður, sem hefur það verkefni að lána fé til kirkjubygginga.

Ég vil nú fara nokkrum orðum um frv. og leitast við að gera grein fyrir því, hvaða hjálp það ætti að veita við kirkjubyggingar, ef það næði fram að ganga.

Í 1. gr. er svo fyrir mælt, að stofna skuli sjóð, er hafi það hlutverk að veita söfnuðum landsins vaxtalaust lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Síðar segir, að ríkissjóður greiði í sjóðinn 1 millj. kr. á ári í næstu fimm ár og síðan árlega 500 þús. kr. í næstu 15 ár. Þegar þessum greiðslum er lokið, hefur ríkissjóður greitt í sjóðinn 12½ millj. kr. Miða skal lánsupphæð til kirknanna við stærð þeirra, og má lán nema 200 kr. á hvern rúmmetra kirkju, þó aldrei meiru en 1000 kr. á hvern fermetra gólfflatar. Lánið endurgreiðist sjóðnum með jöfnum afborgunum á 50 árum. Til endurbóta eldri kirkna má ekki veita úr sjóðnum hærri lán en sem svarar ¼ stofnkostnaðar. Þau lán séu til 20 ára. Í frv. er miðað við, að lánið nemi nálægt ⅙ til ⅔ af byggingarkostnaði kirknanna. Má segja, að þetta sé hóflega í sakirnar farið, þegar einnig er tekið tillit til þess, að ekki er um styrk að ræða, heldur lán, sem söfnuðirnir endurgreiða að fullu í hinn sameiginlega Kirkjubyggingasjóð, og kemur þannig hið sama fé til nota nýbyggingar kirkna, eftir því sem söfnuðirnir, þar sem kirkjur hafa verið reistar, endurgreiða Kirkjubyggingasjóði lánin. Auk þess sem telja verður höfuðtakmark sjóðsins að styðja að nýbyggingu kirkna, ber honum einnig að veita þeim kirkjum stuðning, sem viðgerðar eða varanlegra endurbóta þarfnast, með því að lána þeim vaxtalaust lán til 20 ára. Er þetta ákvæði sett til þess, að fremur verði látin fara fram viðgerð á kirkjunni, þar sem það telst hagfellt, heldur en að krefjast endurbyggingar á henni að öllu leyti, en á slíku væri nokkur hætta, ef til endurbyggingar fengjust hagkvæm lán, en engin til endurbóta eldri kirkna. Þá er gert ráð fyrir, að úr Kirkjubyggingasjóði verði greiddir vextir af lánum, sem söfnuðirnir hafa tekið til kirkjubyggingar og endurbyggingar á eldri kirkjum síðan dýrtíð tók að vaxa. Þykir eðlilegt að hlaupa undir bagga með þessum söfnuðum, sem mjög eru skuldugir vegna þessara framkvæmda.

Það hefur lauslega verið athugað og gerðar áætlanir um, hvað byggja þyrfti af kirkjum á næstu 20 árum. Sú athugun hefur leitt í ljós, að aðkallandi þörf væri á að byggja 130 kirkjur í sóknum með innan við 300 íbúa, 25 kirkjur í sóknum utan Reykjavíkur með yfir 300 íbúa og 5 kirkjur í sóknum í Reykjavík. Við athugun á mannfjölda í þessum sóknum og nauðsynlegum sætafjölda í kirkjunum kom í ljós, að rúmmál þeirra allra þyrfti að vera 57200 m³. Sé gert ráð fyrir, að byggingarkostnaður sé um 500—550 kr. fyrir hvern rúmmetra, yrði heildarkostnaður þessara kirkna rúmlega 30 millj. kr. Miðað við þessar áætlanir mundi framlag ríkisins í vaxtalausum lánum til kirkjubygginganna verða 11 millj. kr. eða nálægt því, og er það sem næst ⅓ af byggingarkostnaðinum að meðaltali.

Til þess að gefa hugmynd um kostnað við byggingu hinna smærri kirkna og hve mikill hluti þess kostnaðar yrði lán samkv. ákvæðum frv. um Kirkjubyggingasjóð, skulu nefnd nokkur dæmi.

1) Sóknarmenn eru 100. Kirkja, sem tæki ríflega helming sóknarmanna í sæti, verður um 50 m² að gólffleti og um 150³ að stærð. Byggingarkostnaður um 500 kr. á rúmmetra yrði 75000 kr. Þar af verður lán úr sjóðnum 200 kr. á rúmmetra eða um 30000 kr. Þetta er að vísu ekki mikil hjálp, og getur verið erfitt fyrir 100 manna söfnuð að leggja fram 45 þús. kr. Þó er þess að gæta, að framlög ættu að geta orðið í vinnu eða annarri fyrirgreiðslu, sem hægara væri að inna af hendi en beinar peningagreiðslur. Þá ætti einnig að fást nokkurt lán úr Hinum almenna kirkjusjóði, ef til vill 10—15 þús. kr.

2) Sóknarmenn 150. Kirkja, er tæki 75 í sæti, yrði um 65 m² að gólffleti og um 227 m³. Byggingarkostnaður um 113500 kr., þar af lán úr sjóðnum 45400 kr. Framlag safnaðarins 68000 þús. kr., eða um 450 kr. á mann, sama upphæð og í hundrað manna sókninni.

3) Sóknarmenn 600. Kirkja, er tæki 200 manns í sæti, yrði um 200 m² að gólffleti og um 1000 m³. Byggingarkostnaður 550 kr. á rúmmetra, 550 þús. Lán úr sjóðnum yrði 200 þús. Þurfa þá safnaðarmenn að leggja fram 350 þús. kr., eða um 600 kr. á mann.

4) Kirkja í Reykjavík. Sóknarmenn 5 þús. Kirkjan tekur 400 menn í sæti. Gólfflötur 440 m². Rúmmetrar 2640. Byggingarkostnaður 1 millj. 452 þús. kr. Lán úr sjóðnum 440 þús. Safnaðarmenn yrðu að leggja fram 1012000 kr., eða 202 kr. á mann.

Af dæmum þessum er sýnt, að enda þótt ekki sé farið fram á nema lítinn hluta af byggingarkostnaðinum, þá verði þetta eigi að síður nokkurn veginn nægilegt hjálp, til þess að söfnuðir landsins mundu á næstu árum sjá sér fært að byrja á nauðsynlegum kirkjubyggingum.

Ég vil að síðustu láta þá ósk í ljós, að hv. alþm. taki þessu frv. með skilningi og velvild. Ég efast ekki um, að þeim, eins og öllum öðrum, er ljóst, að nái það fram að ganga, leysir það mikinn vanda á sínu sviði, vanda, sem að dómi okkar flm. og fjölmargra annarra verður ekki leystur á öllu heppilegri hátt en þann, sem hér er bent á.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Þegar maður lítur á þetta frv., þá koma ákaflega margar spurningar fram í hugann. Ein sú fyrsta er náttúrlega sú, hvort ríkið eigi að vera að skipta sér af kirkjunni. Ég skal ekki fara neitt út í það núna, en það er náttúrlega mál, sem er þó þess vert, að því sé gaumur gefinn, og í raun og veru á að hugleiða í sambandi einmitt við þetta, sem nú liggur fyrir.

Þar næst er það, hvort sú sóknarskipting, sem er í landinu, sé á nokkru viti byggð. Landið hefur skipzt í sóknir nærri því að segja af handahófi. Langoftast hefur ráðið þar fjárgræðgi presta og preláta, sem að því hafa staðið á einn og annan hátt, og hefur endað með þeim ódæmum, að til er hér á landi bær, sem er annað árið í þessari sókninni og hitt árið í hinni, af því að prestarnir á sínum tíma sættust á það. Á öðrum stöðum eru til bæir, sem eiga að sækja yfir ófær vatnsföll til að komast á sinn kirkjustað, þó að rétt hjá þeim sé annar kirkjustaður, sem þeir geti gengið til þurrum fótum allan ársins hring. Á þann hátt hafa sóknirnar orðið til. Það er því ekkert vit í sóknaskiptingunni, sem núna er, bæði af því, að hún hefur aldrei verið gerð af viti hingað og þangað um landið, en líka af því, að aðstæðurnar hafa breytzt með brúm og vegum og öðrum aðstæðum, svo að kirkjurnar standa alls ekki á þeim stöðum, sem maður vildi staðsetja bær á í dag og taka tillit til þess, að sem haganlegast væri að sækja þangað kirkju fyrir söfnuðinn. Ég fullyrði, að enginn, sem kynnti sér legu kirknanna nú, mundi láta sér detta í hug að láta þær standa þar áfram, ef hann ætti að segja til um, hvar þær væru bezt settar, til þess að fólk gæti sótt þangað prestsþjónustu. Hann mundi færa margar þeirra til og hafa þær á allt öðrum stöðum, fækka þeim og breyta alveg sóknaskipulaginu, sem núna er ríkjandi í landinu. Af því leiðir þá aftur, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að alþm. fari að samþ. frv. um það að stofna hér sjóð, sem hver sókn geti hlaupið í og fengið lán úr til að byggja kirkjur, sem allir heilvita menn sjá að ekkert vit er að hafa á þeim stöðum í landinu, sem þær standa nú á. Áður en byrjað er á því að búa til sjóð og veita öllum sóknarnefndum landsins aðgang að honum til þess að fá úr honum lán til sinnar kirkju, þá þarf að vera búið að ákveða, að kirkjan sé þar, sem hún á að vera, og hafi það umdæmi í kringum sig, sem er hæfilega stórt, miðað við þörf landsmanna, til að reisa kirkjur og borga prestum. Mér finnst ekki koma til mála að sinna þessu frv. fyrr en búið er að athuga þessa hlið málsins, og ég vil biðja n. að athuga þetta vel. Það hafa flestir farið norður á Akureyri og séð í Miðfirði Staðarbakka- og Melstaðarkirkjur standa hvora við hliðina á annarri, enginn bær er á milli, en um 2—3 km. Það væri dálítið vit í því að fara að veita þeim báðum lán af almannafé til að byggja upp kirkjurnar þarna. Ég tek þetta dæmi af því, að flestir hafa séð þetta, en dæmin eru mjög svipuð víða annars staðar á landinu. Þess vegna þarf, áður en hægt er að samþ. svona frv. á Alþingi, að vera búið að ákveða, hvernig landið skiptist í sóknir og hvar kirkjurnar eigi að vera. Það er það fyrsta, sem þarf að gera í þessu máli, og að þessu vilja þeir náttúrlega vinna, sem vilja hafa kirkjuna áfram og ríkið í einu sálufélagi; hinir, sem ekki sjá neitt sérstakt eftirsóknarvert við það, fara sér náttúrlega hægt.

Annars er það dálítið einkennilegt við málið, sem var hér á dagskrá næst á undan, að þá deildu þeir mikið um það, þm. S-Þ. og hv. 1. þm. Eyf., hver hefði umráð yfir þessu afréttarlandi á Bleiksmýrardal, sem þeim bar nú saman um að kirkjan á Hrafnagili hefði átt. Já, kirkjan á Hrafnagili átti afréttina, og það upplýstist í umræðunum, að presturinn á kirkjustaðnum hafði hana til afnota, og honum var hún metin sem heimatekjur, eftirgjald kr. 40.00, en hann leigði hana á 80 kr. öðrum. Hann var ekki að láta kirkjuna græða á að leigja hana hærra út; nei, hann stakk því í eigin vasa. Og þær fáu kirkjujarðir, sem enn þá heyra undir prestana, eru hver einasta ein leigðar á tvöföldu til fimmföldu verði hærra en prestunum eru metin afnotin af þeim sem heimatekjur. Og enginn af prestunum er sá guðsmaður að láta kirkjuna njóta þess til að byggja sig upp eða koma henni í lag. Nei, ónei, þeir hafa það sjálfir sem aukatekjur fyrir sig. Svoleiðis er nú áhuginn á stöðunum þeim, þar sem þær enn þá eru. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að yfirráð í þessu efni séu dregin undan kirkjunni og í stjórnarráðið og tekjurnar renni beint í kirkjujarðasjóð. Og þeir eru þá ekki meiri okrarar í þessu heldur en okrarar á íbúðum, eins og þeir gera enn, þar sem þeir hafa það á sínu valdi.

Ég ætla að biðja n. mjög að athuga þetta, athuga það, að ég tel algerlega fráleitt, frá hvaða sjónarmiði sem litið er á málið, að það eigi að stofna almennan sjóð, sem allar sóknir geti gengið í og fengið lán úr, þegar þær þurfa að endurbyggja sína kirkju, áður en búið er að ákveða, að kirkjan sé á þeim stað, sem hún eigi að vera í framtíðinni, og hæfilega margar fyrir þjóðfélagið að standa undir og byggja.

**Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Það eru nú aðeins nokkur orð. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um ræðu hv. þm., sem hér talaði síðast. Hann byrjaði ræðu sína á því, að það væri rétt að velta þeirri spurningu fyrir sér, hvort ríkið ætti yfirleitt að skipta sér af kirkjum. Ég benti í framsöguræðu minni á stjórnar-

skrárákvæði, sem er í núgildandi stjórnarskrá íslenzka ríkisins, og meðan það stendur óbreytt, þá þarf hv. þm. ekki að vera í vafa um það, hvort ríkið eigi ekki að skipta sér af þessum málum.

Þá var það atriði í ræðu hv. þm., að ekki sé vit í að styrkja kirkjubyggingar eða mynda sjóð til þess að styðja kirkjur í landinu, fyrr en búið sé að endurskoða og þá væntanlega að breyta núverandi sóknaskipun. Það eru nú ekki mörg ár síðan hér fyrir hv. Alþingi lá frv. um skipun prestakalla. Ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. þm., sem hér eiga sæti í þessari hv. d., muni eftir þeim umr., sem fram fóru um málið bæði hér í þessari hv. d. og hv. Nd. Þessi hv. þm., sem hér talaði, átti einmitt sæti í mþn., sem fjallaði um þetta mál, og er þessum málum vitanlega mjög kunnugur. En það er sýnilegt, að hann álítur, að þau lög, eins og þau urðu í meðferð þings, þ. e. a. s. lögin um skipun prestakalla, nái ekki nokkurri átt og eigi alls ekki að vera eins og þau eru núna og þess vegna eigi að koma í veg fyrir, að kirkjur landsins, þó að þær væru á réttum stöðum að dómi hv. þm., væru byggðar eða endurreistar, og þar með á að gera viðkomandi söfnuðum, sem þær kirkjur eiga, ómögulegt að koma þeim upp, vegna þess að hætta geti verið á, að einhverjum kirkjum annars staðar, sem ekki standa á þeim stöðum, sem hv. þm. álítur vera hina réttu, sé ef til vill rétt hjálparhönd. Ég vil benda á í þessu sambandi, að í 3. gr. frv. um Kirkjubyggingasjóð segir:

„Ekki má veita lán úr sjóðnum samkvæmt 1. gr., nema teikning af kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna n., er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumrh. skipar.“

Þetta ætti að vera nokkurt aðhald að því, að lán úr sjóðnum yrði ekki veitt út í bláinn eða í hreina vitleysu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ummælum hv. þm. um prestastétt landsins ætla ég ekki að svara hér á þessum vettvangi.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég ætla bara að benda hv. síðasta ræðumanni og flm. þessa máls á það, að það er allt annað prestakallaskipun landsins eða sóknaskipun landsins. Prestakallaskipun landsins heyrir beint undir Alþingi, og þau lög höfum við verið að rífast um núna fyrir stuttu og ekki orðið sammála. Um sóknaskiptingu landsins hefur aldrei verið rætt á Alþingi, enda heyrir það ekki undir Alþingi, eins og þeim málum er nú komið, heldur undir safnaðarfundi og héraðsfundi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 193, 194, 203).

Afbrigði um brtt. 203, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. þetta til laga um Kirkjubyggingasjóð, sem hér er til 2. umræðu, hefur menntmn. haft til meðferðar og rætt á tveimur fundum. Einn nm., hv. 4. þm. Reykv., var ekki mættur á þessum fundum og á því engan þátt í þeirri afgreiðslu, sem málið fékk í n. Aðrir nm. voru meðmæltir frv. og gáfu út sameiginlegt nál., sem hér liggur fyrir á þskj. 193, þó með þeirri athugasemd, að einn nm., hv. 1. þm. Eyf., áskilur sér óbundið atkvæði um frv. og annar nm., hv. þm. Hafnf., áskilur sér rétt til að koma fram með brtt. Sú brtt. liggur nú fyrir, er á þskj. 194 og er um það að lækka tillag ríkisins til sjóðsins úr 1 millj. kr., eins og í frv. segir, í 500 þús. kr. á ári. Og er þá frv. orðið samhljóða því, sem það var á síðasta þingi, þegar það var fyrst flutt.

Við flm. gátum til samkomulags sætt okkur við þá lausn málsins, sem í þessari brtt. felst, þótt möguleikar sjóðsins væru með því mjög skertir til lánveitinga fyrstu árin. Við lítum svo á, að aðalatriðið væri að fá frv. samþykkt, hitt skipti ekki eins miklu máli, hvað sjóðurinn yrði sterkur fyrstu árin.

Það, sem fram kom að öðru leyti í menntmn. við meðferð málsins, var það, að eins og nál. ber með sér viðurkenndu allir viðstaddir nm., að nauðsyn bæri til að styrkja söfnuði landsins til kirkjubygginga, og enginn neitaði því, að ríkisvaldinu væri skylt samkv. stjórnarskrárákvæði að hlaupa hér undir bagga, en á hitt væri einnig að líta, að um leið og stofnað væri til útgjalda fyrir ríkissjóð, yrði að sjá fyrir tilsvarandi tekjum, og á þessu atriði mun fyrirvari hv. þm. Eyf. byggður, og einnig með þetta sjónarmið fyrir augum að nokkru leyti mun brtt. hv. þm. Hafnf. fram komin, sem miðar að því að lækka fjárframlag ríkissjóðs í þessu skyni. Við flm. álítum hins vegar, að þar sem ekki væru enn samþ. fjárlög fyrir n. k. ár, væru möguleikar, ef vilji væri fyrir hendi, til að taka þessi útgjöld inn á fjárlögin, án þess að mikill skaði væri skeður fyrir ríkissjóð.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meir að sinni. Um frekari rökstuðning fyrir málinu get ég vísað til framsöguræðu minnar við 1. umr.

Ég vil aðeins geta þess, að áskoranir hafa fjölmargar borizt úr flestum prófastsdæmum landsins um að samþ. þetta frv., skora á Alþingi að samþykkja frv. Nú er komin fram brtt., sem voru samþ. fyrir afbrigði núna áðan, um leið og málið var tekið fyrir, frá hv. þm. Barð. Þá brtt. get ég vitanlega ekki sagt um, því að ég hef ekki haft tíma til að lesa hana, og bíð átekta um það, hvað hún hefur að flytja í þessu máli.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Ég flyt brtt. við frv. um Kirkjubyggingasjóð. Ég var ekki að öllu leyti á sama máli og flm., þótt ég sé málinu hlynntur, og skrifaði því undir með fyrirvara og flutti brtt., sem er á þskj. 194. Ég segi, að ég var hlynntur frv., en tel þó, að með brtt., sem lögð er fram, að framlagið úr ríkissjóði verði sett í 500 þús. kr. á ári öll árin í stað þess, að það skuli vera samkv. frv. 1 millj. á ári fyrstu fimm árin, sé þetta heppilegra og því meiri líkur til þess, að það nái fram að ganga.

Svo lengi sem íslenzk þjóðkirkja er hér, ber ríkisvaldinu að hlúa að henni og þá með því, að

hægt sé að hafa kirkjurnar sæmilegar að útliti, bæði ytra og innra, en víða þarf að endurbyggja og endurbæta þær, og þau hagkvæmu lán, sem farið er fram á, eiga að hjálpa söfnuðunum til þess að framkvæma þetta hlutverk. Ég tel sjálfsagt, að Alþingi sjái sóma sinn í því að veita fé í áður nefndan Kirkjubyggingasjóð, en dragi slíkt ekki ár eftir ár. Ekki flýtir það fyrir framkvæmdum.

Það er komin fram nú brtt. frá hv. þm. Barð. Ég hef ekki nema rétt aðeins séð hana og get því ekki fyllilega áttað mig á henni eins og stendur, en það er líklegt, að hann flytji ræðu um þetta og skýri frá því, hvað hann telur heppilegast í þessu. Að vísu hef ég aðeins farið yfir þetta, en það væri fróðlegt að fá meira að heyra um þetta.

**Gísli Jónsson:** Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 203 borið fram brtt. við frv. það á þskj. 120, sem liggur hér fyrir til umræðu, um Kirkjubyggingasjóð. Legg ég þar til, að í staðinn fyrir fyrri málsgr. í 2. gr. komi tvær málsgr., er orðist svo:

„Ríkissjóður afhendir Kirkjubyggingasjóði allar þær fasteignir, sem kirkjan átti í landinu á sínum tíma og ríkissjóður er nú eigandi að. Skal sjóðnum heimilt að selja eignirnar á frjálsum markaði eða að ráðstafa þeim á annan hátt, og ganga tekjur allar, hvort heldur eru af sölu eignanna eða leigu, óskiptar til Kirkjubyggingasjóðs."

Seinni málsgr. hljóðar svo:

„Hafi ríkissjóður látið af hendi eitthvað af þeim fasteignum, er hann hefur tengið frá kirkjunni, eða tekið þær til afnota fyrir stofnanir, ber honum að afhenda Kirkjubyggingasjóði aðrar fasteignir sínar í þeirra stað, enda séu þær fasteignir eigi minna virði að fasteignamati."

Þessi till. mín er byggð á því, að ég er fullkomlega sammála hv. flm. um þá nauðsyn, sem er fyrir því, að fé sé fyrir hendi til þess að byggja upp kirkjur landsins. Ég tel það síður en svo sóma fyrir þjóðina að hafa vanrækt þennan þátt uppeldis- og menningarmálanna í landinu eins og raun ber vitni um. Hitt er vitað, að ef það á að sækja þetta fé til ríkissjóðs á hverjum tíma, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr., þ. e. að taka upp á fjárlög stórar fjárfúlgur, þá muni það mæta, sem eðlilegt er, allmikilli mótstöðu. Hitt er jafnvitað, að kirkjan sjálf á inni stórar eignir hjá ríkissjóði, þar sem honum hafa verið afhentar áður fyrr svo að segja allar eignir kirkjunnar, svo sem biskupsstólarnir, fjöldi af beztu jörðum í landinu o. s. frv., sem ríkissjóður er í dag eigandi að. Hér er um að ræða eignir, sem ekki eru til tekna fyrir ríkissjóð, hvorki á einn né annan hátt, heldur stórkostlegur baggi á ríkissjóði, eins og kom fram m. a. í umræðum hér um sölu ríkissjóðsjarða fyrir nokkru. Það eru því slegnar hér tvær flugur í einu höggi, annars vegar að létta stórkostlegri fjárhagslegri byrði af ríkissjóði með því að afhenda þessar eignir að fullu og öllu til hins rétta aðila, sem er kirkjan í landinu, og forða honum þar að auki frá því að leggja fram stórar fjárfúlgur til kirkjubygginga, eins og til er ætlazt með frv.

Mér þykir rétt að geta þess, að á s. l. ári átti ég ýtarlegt samtal um þessi mál við fyrrverandi biskup landsins, sem nú er nýlátinn, og einmitt á þeim grundvelli, sem ég hef nú lagt til, og hafði hann fullkomlega áhuga á því, að slík skipun málanna mætti takast, ef um það fengist samkomulag. Ég hygg, að með þessu móti fái kirkjan miklu öflugri fjárhagslega aðstoð en hún gæti fengið, jafnvel þótt frv. yrði samþ. óbreytt, en á sama tíma, eins og ég gat um áðan, yrði þetta enginn baggi á ríkissjóði, nema síður sé, því að eins og nú er vitað, þá hefur ríkissjóður allmikinn bagga af þessum jörðum.

Það mætti segja, að það þætti einkennilegt að halda því fram, að það geti verið tekjulind fyrir Kirkjubyggingasjóðinn, úr því að það er baggi fyrir ríkissjóð, en það er ætlazt til þess, að Kirkjubyggingasjóðurinn fengi fullt og óskorað vald yfir þessum eignum, mætti selja þær hvenær sem hann vildi á frjálsum markaði og gæti þá gert sér úr þessu mjög miklar fjárfúlgur og meiri en þær, sem ætlazt er til að ríkissjóður legði til samkv. frv. Þessu mundi verða vel tekið af öllum viðkomandi aðilum, sem nú sitja á þeim jörðum, sem hér um ræðir, og mundu þeir verða fúsir til þess að kaupa jarðirnar á sanngjörnu verði og Kirkjubyggingasjóðurinn þannig fá nægilegt fé til þess að inna þetta hlutverk af hendi, sem ég tel að sé mjög aðkallandi í sambandi við þessi mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða efnislega meir um þetta atriði. En vegna þess, hversu hér er um róttæka brtt. að ræða, þá þætti mér ekki óeðlilegt, að hv. flm. óskuðu eftir því og hv. form. n., að þessari umr. yrði nú frestað, nefndin fengi tækifæri til þess að athuga þessa brtt. og aðrar, sem fram eru komnar, nánar og m. a. aflaði sér upplýsinga um það hjá rn., hvað mikið af jörðum er í eigu ríkisins nú, sem kirkjan raunverulega hefur átt áður og af henni hafa verið teknar, hvað hér sé um mikla fjármuni að ræða og hvort ekki séu líkindi til þess, að Kirkjubyggingasjóður mundi fá eins mikla upphæð eða meiri en ætlazt er til með frv. óbreyttu. — Ég vil því vænta þess, að hv. form. og hv. flm. sæju sér fært að láta fresta umræðunni og teldu það beztu meðferð á málinu, og lengi ekki umræðurnar á þessu stigi frekar.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Þess er getið í nál. menntmn. á þskj. 193, að ég áskilji mér óbundið atkvæði um þetta mál, enda hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara.

Ég viðurkenni fúslega, að það er réttmæt krafa, að ríkið veiti með einhverjum hætti stuðning sinn til þess, að kirkjur geti orðið endurreistar eftir því, sem kröfur nútímans heimta, annaðhvort með löggjöf, sem eykur með einhverjum hætti tekjur kirknanna, ellegar þá með beinu fjárframlagi úr ríkissjóði. Og þetta er réttmætt af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi vegna þess, að þjóðkirkjan er samkv. stjórnarskrá landsins þjóðkirkja og ríkisvaldinu ber að styðja hana og efla, og í öðru lagi og ekki hvað síst vegna þess, eins og hv. þm. Barð. kom hér að, að eignum kirkjunnar var á sínum tíma rænt, og skal ég víkja síðar að því atriði.

Ástæðan til þess, að ég sá mér ekki fært að binda mig við samþykkt þessa frv., var einkum

sú, að hér er um töluvert fjárframlag að ræða fyrir ríkissjóð, og tel ég lítt forsvaranlegt, að þingið samþykki útgjöld í einstökum lögum, sem verða að koma inn á fjárlögin, öðruvísi en að það sé gert í samráði við þá menn, sem mest fjalla um fjárlögin, og vissa sé fyrir því jafnframt, að hægt sé að taka þá upphæð, sem þar um ræðir, inn á fjárlög næsta árs, ef lögunum er ætlað að öðlast þegar gildi, eins og hér er tilætlunin. Að sjálfsögðu bætir það töluvert úr, að hér er komin fram brtt. frá hv. form. n., þm. Hafnf., um að lækka þetta framlag um helming, en í grundvallaratriðum er þó það sama að segja um frv., jafnvel þótt sú brtt. yrði samþ., að það er um það verulega háa fjárhæð að ræða, að ég tel ástæðu til þess, að það væri athugað og haft samráð við hv. fjvn. og fjmrh. um það, hvort afgangur væri fyrir slíkan útgjaldapóst á fjárlögunum. Að öðru leyti viðurkenni ég fúslega, að ríkinu ber skylda til þess að haga svo löggjöf eða á annan hátt að tryggja, að hægt sé að endurreisa kirkjur landsins, þar sem þess er þörf.

Í því sambandi vil ég minnast á það, að mér finnst ekki endilega sjálfsagt, að þetta sé gert með því móti að veita sérstakt fé á fjárlögum *til kirkjubygginga, hvorki til einstakra kirkna* eða í almennan sjóð. Mér finnst, að það geti komið vel til mála að hækka kirkjugjöldin. Það er áreiðanlegt, að þegar tekið er tillit til gildis peninga, þá eru kirkjugjöld nú ekki nema sáralítið brot af því, sem kirkju- og prestsgjöld voru t. d. þegar ég var ungur. Nú hefur prestsgjöldunum verið aflétt eða gjöldum til prestlaunasjóðs, en kirkjurnar fá orðið þau gjöld, sem prestlaunasjóður fékk áður. Sú breyting var gerð núna fyrir fáum árum, en ég tel, að þetta mætti auka verulega enn, án þess að mönnum væri það verulega tilfinnanlegt. Ég man eftir því, þegar ég var unglingur, — ég held það hafi haldizt fram yfir tvítugsaldur minn, — að hver bóndi í prestakallinu var skyldur til þess að fóðra lamb fyrir prestinn, og efnaðri bændur áttu að fóðra tvö lömb, ef til vill sumir þrjú; ég er nú ekki svo fróður um það. Ég hygg, að lambsfóður nú muni ekki vera metið lægra en á 130 kr., og fleiri gjöld voru það þá, sem nú eru horfin, sem menn þurftu að greiða til prests og kirkju, enda voru laun prestanna þannig, að það voru sumpart tekjur af kirkjujörðum og sumpart bein gjöld frá sóknarmönnum. Ég hygg því, að það yrði enginn héraðsbrestur eða landsbrestur af því, þó að heimilað væri að hækka kirkjugjöld svo verulega, að hægt væri að efla Hinn almenna kirkjusjóð, sem m. a. *gæti þá haft það hlutverk að lána verulega* til kirkjubygginga. Á þetta benti ég undir meðferð málsins í n., en ég man eftir því, að hv. frsm. og flm. þessa máls leit svo á, að þó að þetta væri gert, þá veitti ekkert af þeim tekjuauka fyrir kirkjurnar, jafnvel þó að frv. væri samþykkt.

Ég mundi vera fús til þess að fylgja frv. um hækkun kirkjugjalda, og þó að ég geri ráð fyrir, að eiginlega engan munaði mikið um það, eins og allt er orðið hér á landi, þá vil ég þó benda á, að það mætti auðvitað, án þess að það raskaði miklu, undanþiggja tekjulægsta fólkið slíkri hækkun gjalda, þannig að ekki væri gengið að öreigum um slík gjöld, eins og var nú reyndar gert í gamla daga; það skipti ekki miklu, hvort bóndinn var efnaður eða fátækur, hann varð að fóðra sitt prestslamb, hvort heldur sem var, og munaði auðvitað ekki ákaflega mikið um að fóðra prestslambið, jafnvel ekki fátæka bændur.

Ég verð að segja það, að mér finnst till. hv. þm. Barð. á þskj. 203 stórum athyglisverð og réttmæt, það sem hún nær. En hún mun þó þurfa athugunar við og breytinga, ef um fullkomið réttlæti ætti að vera að ræða í þessu efni. Ég er því atriði í till. ekki sammála, að ríkinu ætti að vera skylt að endurgreiða kirkjunni með einhverjum hætti allar þær fasteignir, sem kirkjan átti um sinn, vegna þess að miklu af þessum eignum var rænt — ég kalla það rænt — að vísu af stjórnarvaldi, sem fór með Íslandsmál, en þó erlendum konungi. Sumt af þessum kirkjueignum, sem Danakonungur rændi hér eða tók eignarhald á, seldi hann aftur, og andvirðið rann í konungssjóð. Það, sem Ísland fékk fyrir það, þegar fjárskilnaður varð milli Íslands og Danmerkur, var ekki annað en það, sem Danir áætluðu í vexti af þeim höfuðstól, sem konungur hafði þannig fengið. Þessa vexti greiddu þeir nú ekki heldur lengur en til 1918, eins og við vitum. Þess vegna þyrfti eiginlega till. að orðast þannig, að í staðinn fyrir orðin „þær fasteignir, sem kirkjan átti í landinu á sínum tíma“ kæmi: sem kirkjan átti í landinu 1871, þegar fjárhagsskilnaðurinn var gerður á milli Íslands og Danmerkur, — því að mér finnst það varla vera skylda íslenzks ríkisvalds að standa undir því að bæta kirkju eða öðrum aðilum það, sem Danakonungur rændi. Auk þess má nú minna á það, að af þessum kirkjueignum eða afrakstri þessara kirkjueigna var prestum launað í fyrri daga, en nú hefur ríkið algerlega tekið að sér að launa prestana og þannig létt á. En þetta atriði, að kirkjunni sé hreint og beint skilað því, sem íslenzka ríkið tók við af henni, finnst mér samt stórum athyglisverð till. Mér finnst það eðlilegt, sem hv. flm. þessarar till. stakk hér upp á, að málinu yrði frestað nú hennar vegna, og auðvitað mætti hafa það eins þannig, að hann tæki hana aftur nú við þessa umr. og till. væri athuguð á milli umræðna, því að hugsunin í till. er réttmæt, og þá mundi Akureyrarkirkju sennilega verða skilað Bleiksmýrardal. Þó skal ég taka það fram, að það er ekki neitt aðalatriði fyrir mér og það er *svo smátt atriði í þessu máli*, að það hefur engin áhrif á mig, en mér finnst hugsunin, sem á bak við þessa till. liggur, alveg réttmæt. Það verð ég að segja, með þeim takmörkunum, sem ég hef þegar tekið fram.

**Landbrh. (Steingrímur Steinþórsson):** Herra forseti. Ég skal ekki fara að halda hér neina ræðu um þetta mál. En hvort tveggja það, að þetta eða svipað frv. hefur verið flutt oftar en einu sinni á Alþingi, og svo það, að hv. menntmn. hefur fallizt, að miklu leyti að minnsta kosti, á það, að nauðsynlegt væri að gera lög í þessa átt, þ. e. a. s. til þess að tryggja að einhverju leyti uppbyggingu kirkna hér hjá okkur, sýnir, að það er mikil þörf á athugun á þessu máli, enda vitum við, að margar kirkj-

ur eru því miður í sorglegu ástandi, gamlar og úr sér gengnar og hæfa því tæplega því veglega verkefni, sem þeim er ætlað að inna af höndum, og mun því vera full ástæða til þess að athuga þetta mál rækilega.

Ég ætlaði mér nú einmitt, eftir að ég sá þær brtt., sem fram voru komnar, sérstaklega brtt. á þskj. 203 frá hæstv. forseta þessarar d., að óska eftir því, að n. tæki þetta mál til rækilegrar athugunar aftur, af því að sú till. er svo stór í sniðinu, að það er náttúrlega engin leið að afgreiða hana að óathuguðu máli. Ég ætla ekkert að segja um þessa brtt. efnislega, en mun þó að svo stöddu máli ekki geta lið henni mitt fylgi. Ég álít, að það mál þurfi að athugast miklu betur. Ég held nú, að ef það ætti að fara inn á þetta, eins og það hér er lagt fyrir, þá væri ef til vill orðið tímabært að athuga með fullri alvöru um aðskilnað ríkis og kirkju um leið. Ef söfnuðirnir og kirkjan í landinu fengju þær eignir, sem kirkjan telur sig eiga, — ég tala nú ekki um, ef eitthvað væri farið aftur í tímann einnig, — þá væri það eðlileg afleiðing af því, að þá ætti kirkjan þar með að sjá um sig sjálf að öllu leyti. Ég segi þetta ekki sem mína skoðun á málinu, — ég er ekki viðbúinn með það, — en bendi á þetta, að það getur verið margt, sem kemur til athugunar, ef er farið að ræða jafnstórt mál og hér er um að ræða. En það styrkir mjög það, sem fram hefur komið frá ræðumönnum áður, að sjálfsagt sé að athuga þetta mál nánar og að hv. menntmn. taki því málið enn á ný til athugunar. Svo styður einnig þetta frá mínu sjónarmiði það, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á í sinni ræðu, að það gæti komið til mála að hækka kirkjugjöld frá því, sem verið hefur, til þess að afla meiri tekna. Það mun rétt, að kirkjugjöld hafa alls ekki fylgzt með annarri verðhækkun hér hjá okkur og eru á þann hátt orðin á eftir tímanum. En það var sérstök ástæða fyrir mig til þess að nefna þetta, vegna þess að dómprófasturinn í Rvík hefur núna fyrir fáum dögum lagt erindi fyrir kirkjumrn. með ósk um hækkun á kirkjugjöldum, og flytur þau rök fyrir því, að t. d. hvað snertir dómkirkjuna hér í Rvík, þá sé ekki nokkur leið að halda henni sæmilega við með þeim tekjum, sem hún hefur nú, og sýnir einnig fram á, að kirkjugjöldin séu orðin óhæfilega lág á við það, sem áður var, miðað við verðgildi peninganna nú. Þetta erindi prestanna hér í Rvík er nú í athugun hjá kirkjumrn., og það er ekki að fullu ákveðið enn þá, hvort það kemur frv. frá rn. um þetta. En mér virðist mjög eðlilegt, að þetta hvort tveggja fylgist nokkuð að, því að hvort tveggja þetta snertir sama málið, þó að nokkuð sé á sinn veg hvort. Ég taldi því rétt aðeins að skýra frá þessu hérna, og má búast við því, að eitthvað slíkt kunni að koma hér fram nú innan fárra daga á Alþingi, þó að ég þori ekki enn þá að segja það alveg ákveðið. En þetta erindi liggur fyrir með mjög sterkum rökstuðningi, að mér virðist, af hálfu dómprófastsins og yfirleitt prestanna hérna í Rvík.

Ég held það sé ekki annað, sem ég sé ástæðu til að taka fram á þessu stigi málsins, því að ég sé á því, sem aðrir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa sagt, að þessu máli muni verða frestað í bili og það verða tekið til nýrrar athugunar.

**Forseti (GíslJ):** Það hafa ekki komið fram neinar óskir um að fresta umræðunni strax. Ég teldi því rétt, að þeir menn, sem vildu ræða það hér, tala einu sinni í málinu, áður en frestað er, fengju tækifæri til þess.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að áður en þeir, sem annars vildu nú halda við þjóðkirkjunni og láta ríkið byggja upp kirkjurnar, gætu horfið að því, þá yrðu þeir að gera sér ljóst, hvar ætti að byggja upp kirkjurnar, hvort það ætti að byggja þær upp á þeim stöðum, þar sem þær standa nú, eða annars staðar, hvort ætti að fækka þeim, færa þær saman, eða yfirleitt hvernig sú framtíðarskipun ætti að verða. Mér var þá bent á það, að eftir 3. gr. sé nefnd, sem eigi um þetta að sjá. Þetta var misskilningur, sú nefnd á einungis að samþykkja teikningunа, sem af kirkjunni er gerð, og annað ekki.

En þegar þetta mál kemur fram nú, þá koma hér fleiri tillögur, og þá óneitanlega fer maður að hugsa meira um það, hvað er nú hin íslenzka þjóðkirkja, hvað er það, sem hún gerir, og hverri skoðun heldur hún fram. Er hún samstæð, þannig að það sé hægt að tala um hana sem eina heild? Ég held, að hún sé það ekki. Og ég held, að það sé hið mesta glapræði fyrir allt andlegt líf í landinu að halda við íslenzku þjóðkirkjunni og láta ekki kirkjuna vera alveg aðskilda frá ríkinu.

Ég skal útskýra þetta með einu dæmi af ótalmörgum, sem ég gæti tekið. Það er hér í Reykjavík ákaflega trúaður og góður maður, kallaður að vera, og er það vafalaust; hann vinnur í opinberri stofnun. Það var þegar svokallað Sigurðar Einarssonar-mál stóð yfir, að ég að morgni dags þurfti að finna þennan mann og fór í stofnunina, sem hann vann í, nokkru áður en vinnutími átti að byrja. Þá sat hann og las í Nýja testamentinu. Það gerir hann á hverjum morgni, áður en hann byrjar sína vinnu, allan ársins hring, og hefur gert í mörg ár. Þegar við svo fórum að tala saman, þá spurði hann mig, hvort ég vissi nokkuð, hvernig þetta Sigurðar Einarssonar-mál stæði. Nei, ég hafði ekki hugmynd um það. En ég lét eitthvað orð falla að því, að ég teldi nú Sigurð Einarsson þannig mann, að það væri nú ákaflega hæpið, hvort hann væri holl fyrirmynd fyrir prestsefnin, og hæpið, hvort hann væri nú rétt valinn sem kennari fyrir þá, sem ættu að verða prestar í landinu. Þá sagði þessi maður, þessi trúaði maður, sem er mjög áberandi í trúarlífi Reykvíkinga: Ja, það er nú einmitt það, hann hefur svo oft fallið, og hann hefur svo oft hrasað, og hann þekkir svo vel, hvað það er að fá fyrirgefningu á syndunum, að hann getur allra manna bezt prédikað fyrir mönnum og verið prestur. — Og þegar við fórum svo nánar að tala um þetta, þá kom það alveg greinilega í ljós, að hann trúði því, að það væri nákvæm-

lega sama, hvað maður gerði og hvernig maður breytti í dag, ef maður bara dæi ekki það fljótt, að maður gæti beðið um fyrirgefningu áður; gæti maður það, væri allt í finu lagi. Þetta var hans lífsskoðun. Svo mun hafa liðið kringum hálfur mánuður. Þá var ég kominn á ferðalag út á land og hlustaði á prédikun hjá prófasti í einu prófastsdæmi þessa lands, þar sem hann lagði út af orðunum: Af verkunum skuluð þið þekkja þá — og fordæmdi gersamlega, að menn gætu fengið slíka fyrirgefningu, sem hinn hafði talið aðalsáluhjálparatriðið, og lagði ríka áherzlu á það, að menn yrðu að vanda sitt líferni og lifa þannig eins og kristnum manni sæmdi. Þarna voru tvær ákaflega miklar andstæður, báðar innan þjóðkirkjunnar. Báðir voru ákaflega mikilsmetnir menn í þjóðkirkjunni, annar prófastur í sínu prófastsdæmi, hinn mjög mikils metinn maður hér í safnaðarlífi Reykjavíkur og öllu, sem að því laut. Ég gæti tekið ótalmörg dæmi svona. Ég gæti nefnt samtal við prest, sem taldi, að ég eiginlega ætti vísa leið að fara til helvítis, af því ég sagði, að mér dytti ekki í hug að trúa á meyjarfæðinguna. Að efa það, að meyjarfæðingin hefði átt sér stað, það taldi hann alveg dæmalaust og víst, að sá maður gæti ekki farið til himnaríkis, sem hefði þá trú. Þessi prestur lifir enn og er starfandi í þjóðkirkjunni íslenzku.

Ég gæti nefnt bunka af dæmum, sem sýna það, að þjóðkirkjan er samansafn af svo gerólíkum skoðunum, að þegar allir eiga að fara að standa saman um einhvern sameiginlegan samnefnara, sem á að vera það, sem þjóðkirkjan á að kenna og prédika, þá er hann ekki til.

Það er nokkuð langt síðan ég neyddist til þess einu sinni að lesa bæn við kirkju, þar sem átti að vígja prest af einum vígslubiskupi þessa lands, sem líka lifir enn þá. (Gripið fram í.) Já, neyddist til, af því að meðhjálparinn var ekki við. Ég sagði við víglubiskupinn, að ég gæti ekki eiginlega gert það, mér væri ómöglegt að lesa bænina eins og hún var orðuð með nokkurri andagt og nokkurri áherzlu. „Hvað gerir það til? Heldur þú, að maður sé ekki á hverjum einasta degi að prédika það, sem maður ekki trúir?“ — Það var annar af víglubiskupum landsins, sem sagði þetta. Það gerði ekkert til; það væri alltaf verið að prédika það, sem menn tryðu ekki. Svona er nú þjóðkirkjan. Og þegar svona er ástatt með hana, þá finnst mér koma ákaflega mikið til athugunar, hvort það eigi ekki að ganga inn á till. þm. Barð. á þskj. 203, náttúrlega breytta, því að það nær ekki nema þangað til við fengum umráð yfir kirkjueignunum og þær hafa runnið í ríkissjóð, lengra aftur í tímann getum við ekki náð, og svo lofa kirkjunni að eiga þessar eignir og sjá svo um sig sjálfa. Þá koma saman mennirnir, sem hafa sömu skoðanir, sömu lífsviðhorf, þá sameina þeir sig um prest, sem hefur sams konar lífsskoðanir og þeir. Þá eru þeir ekki neyddir til að hlusta á prest, ef þeir vilja annars fara í kirkju, sem prédikar alveg þveröfugt við það, sem þeir sjálfir trúa, og hefur ekki nokkur einustu áhrif í einu eða neinu á breytni þeirra eða lífsviðhorf yfirleitt. Þá mundu hverfa prestarnir, sem segja eins og prestur hátt á áttræðisaldri sagði við mig einu sinni, að hann hefði alltaf verið að vona það, að það væri til annað líf, allan sinn prestskap. Hann var nú aldrei viss, en hann var alltaf að vona það. En hann átti að gefa öðrum vissuna. Menn mundu þá ekki gefa sig í prestsþjónustu bara til þess að sitja í einhverju brauði, sem kallað er, og fá sín laun. Þá mundu ekki koma aðrir í þær stöður en menn, sem hefðu trú á því, sem þeir væru að prédika, og gætu þar af leiðandi haft áhrif á fólkið.

Ég held þess vegna, að það sé til athugunar fyrir þessa n., þegar hún nú heldur áfram sínu starfi, annaðhvort eftir þessa umr. eða á milli umræðna, ef þessari umr. verður frestað, hvort hún eigi ekki að breyta þessu öllu saman í það horf að leggja til, að það sé rannsakað, — ég hugsa nú, að það þurfi beinlínis mþn., — hverjar séu réttmætar eignir kirkjunnar, hvað ríkið hafi fengið mikið af kirkjueignum og hvernig því eigi að haga. Það er það fyrsta, sem þarf að upplýsa í málinu, og svo þar næst, hvernig það á að greiðast. Svo kemur til mála, hvort maður á ekki að gera kirkjuna sjálfstæða stofnun, lofa henni að vera út af fyrir sig með sínar skoðanir, skiptast eftir því, sem menn vilja um það, en ekki vera að þvinga fram þjóðkirkju og neyða alla til að vera í henni, þó að þeir séu alveg á öndverðum meið við þá af þjónum þjóðkirkjunnar, sem þeir þó verða að hlýða á og eiga að hafa not af. Þá mundi á þessu þingi ekki vera gert annað, — nema því aðeins að þetta sé minna verk en ég held það sé, — en að samþ. að láta rannsaka þetta. Ég held, að það hljóti að vera töluvert mikið verk að rannsaka, hvað mikið kirkjan á hjá ríkinu, hverjar hennar eignir séu, hvernig þær verði henni bezt afhentar, — afhenda henni þær og lofa henni svo sjálfri að byggja sig upp eins og hún vill, en ekki að vera að þvinga menn til þess að vera í þjóðkirkju, hvort sem þeir vilja eða ekki. (**Gripið fram í:** Það geta allir sagt sig úr þjóðkirkjunni.) Ég veit menn geta það, — geta það og geta það þó ekki, því að yfirdrepskapurinn og hræsnin eru nú orðin svo ríkjandi í þjóðfélaginu, að það er yfirleitt miklu betur séð, að menn hangi í þjóðkirkjunni, þó að þeir séu ósammála henni í öllum atriðum, heldur en að þeir segi sig úr henni. Það er miklu betur séð. Menn eru orðnir vanir við það, að þetta er þjóðkirkjan. Menn eru vanir við að vera í henni, — en þó að þeir séu á allt annarri skoðun, þó að menn fari aldrei í kirkju, þó að menn hafi ekkert gagn af að hlusta á þann prest, sem menn eiga að hlusta á, o. s. frv., og jafnvel þó að menn rífi það allt saman niður, það er allt annað mál, til þess tekur enginn. Það lítur enginn maður með neinni rýrð á manninn fyrir það, þótt hann þannig sé ósamkvæmur sjálfum sér. En ef hann stendur utan við þjóðkirkjuna eða borgar sérstaklega til háskólans, þá er það talin undarleg sérvizka að geta nú ekki verið í þeirri ákaflega rúmgóðu þjóðkirkju, sem enga skoðun hefur á neinu og lofar mönnum að vera eins og þeir vilja með sínar skoðanir.

Ég held, að það, sem núna ætti að gera, væri að undirbúa það, að málið yrði rannsakað fjárhagslega, þannig að á næsta þingi lægi fyrir, hvaða réttmætar kröfur kirkjan getur gert á ríkið, og þá bæri að athuga, hvort ekki ætti að lofa kirkjunni að fá þær eignir, finna einhverja leið til þess og lofa henni svo að vera með sínar skoðanir eins og henni sjálfri sýnist og láta ríkið hætta að skipta sér nokkuð af henni.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Ég var nú búinn að hugsa mér það, áður en þessi umr. hófst, þegar mér var kunnugt um, að brtt. frá hv. þm. Barð. væri komin fram, þó að ég væri ekki búinn að sjá hana, að biðja um, að þessari umr. yrði frestað.

Nú hafa komið fram tilmæli um það frá þeim hv. þm., sem hér hafa talað, sumum, að fresta þessari umr., og ég hef haft samráð um það við formann n. og hann er því samþykkur. Og einkum þar sem nú hafa einnig komið fram tilmæli frá hæstv. kirkjumrh., að n. taki málið og þær brtt., sem fram hafa komið, til nánari athugunar, þá óska ég eftir því, að málinu verði nú frestað.

Umr. frestað.

Á 48., 49., 50., 53. og 54. fundi í Ed., 18., 19., 22. og 26. febr., 1. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 120, n. 193, 194, 203, 403).

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Ég fór fram á það um daginn, að þessu máli yrði frestað. Ástæðan var sú, að ríkisstj. ætlaði sér að athuga málið og þær brtt., sem fram voru komnar. Nú hefur þetta mál verið athugað í ríkisstj., og niðurstaðan er sú, að stj. mælir með því, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem greinir á þskj. 194 og 403.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Það er nú ósköp fátt að segja um þetta. Það var aðallega rætt fyrr við 2. umr. En þá kom fram brtt. frá hv. þm. Barð. á þskj. 203, og það var tekið fyrir af n. til umr., en engin afstaða tekin um afgreiðslu.

Í frv. á þskj. 120 segir í 3. gr., að lánið skuli veitt gegn 1. veðrétti í kirkjuhúsinu. Það fær eigi staðizt, og er því komin brtt. fram á þskj. 403, að árlegar tekjur kirkjunnar skuli vera til tryggingar láninu.

Kirkjuráð mælir eindregið með frv., svo sem bréf þess vottar, og vil ég leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Úr fundarbók kirkjuráðs 19. febr. 1954. Eftir ósk mentmn. Ed. Alþingis lagði biskup fram til umsagnar frv. það um Kirkjubyggingasjóð, er nú liggur fyrir þinginu. Samþykkti ráðið einróma svofellda ályktun:

Kirkjuráðið telur hina mestu nauðsyn á, að sem ríflegastur styrkur verði af opinberri hálfu veittur til kirkjubygginga í sóknum landsins, og eins, að fullnægjandi lánsupphæðir standi þeim til boða. Vill það því mæla eindregið með frv. því um Kirkjubyggingasjóð, sem nú liggur fyrir Alþ., og telur að það, ef að lögum yrði, mundi mjög bæta úr brýnni þörf."

Þessi fundargerð kirkjuráðs ásamt fjölmörgum samþykktum sóknarfólks um land allt er ótvíræð sönnun þess, að um fullan vilja almennings er að ræða.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil aðeins stuttlega gera grein fyrir minu atkvæði, þótt ég reyndar hafi gert það áður.

Ég er á móti þessu frv., og það byggist á því í fyrsta lagi: Ég tel, að það eigi ekki að binda menn í ákveðinni kirkju, skylda þá inn í ákveðna þjóðkirkju, eins og nú er gert. Trúarbrögðin eiga að vera mönnum algerlega frjáls. Það má segja, að menn geti sagt sig úr þjóðkirkjunni nú til dags. Það má segja það. En það er nú ekki það sama, því að það er ekki kominn söfnuður upp strax, sem er í samræmi við skoðanir manns í þeim efnum, sem eru ákaflega mismunandi. Þess vegna eigum við að skilja að þjóðkirkju og ríkið og hafa það alveg frikirkju. Þá fyrst getur hver einstaklingur þroskazt eðlilega, en er ekki haldið niðri með því að lögbinda hann í þjóðkirkju með ákveðnar skoðanir. Þetta er það fyrsta, sem gerir það, að ég er á móti því, að ríkið sé að skipta sér af þessum málum, eins og hér er gert í þessu frv.

Annað er það, að ef maður fellst á það, að það eigi að skylda alla menn inn í ríkiskirkju og reyna að spyrða þá alla saman um sömu lífsskoðun hvað trúmál snertir, þá á það náttúrlega að gerast á þann hátt, að það sé ríkinu sem hagkvæmast og ódýrast, og ekki að hafa kirkjurnar eins og þær voru staðsettar fyrir mörgum hundruðum ára, þegar samgöngurnar og samvinnumöguleikarnir hér á landi voru allt aðrir en þeir eru núna. Þá voru óbrúaðar ár, er heftu ferðir manna, nú eru þær brúaðar og vegir orðnir það góðir, að allt annað er að ferðast um landið en var. Því eiga kirkjur nú að vera helmingi færri en áður var. Þar við bætist, að það er ekki messað í helmingnum af þeim nema innan við 20 sinnum á ári, þannig að notin fyrir þær þar að auki eru nú lítil samanborið við áður, þegar þær voru ávallt fullar. Áður en ríkið fer að skipta sér af því og styrkja með lánum menn til að koma upp kirkjunum, þar sem þær nú eru og söfnuðirnir nú hafa haft þær, þá þarf að fara fram ein allsherjarathugun á því, hvað kirkjurnar eiga að vera margar og hvar þær eiga að vera. Þær eiga að vera á allt öðrum stöðum en nú. Þær eiga ekki að standa bæ við bæ eins og þær standa núna á nokkrum stöðum á landinu, þar sem ekki eru nema 5 km og ekki það á milli kirknanna, af því að þá voru staðhættirnir þannig, þegar þær voru settar, að það var hægt að réttlæta þetta, en það er gersamlega ómögulegt núna. Þetta er önnur ástæðan til þess, að ég er alveg á móti því að stofna þennan sjóð.

Þriðja ástæðan er svo sú, að því aðeins þykir manninum vænt um það, sem hann hefur undir höndum og þarf að vinna að og með, að hann

sjálfur þurfi eitthvað á sig að leggja. Hann telur aldrei neitt varið í það, sem rétt er upp í hendurnar á honum honum alveg að fyrirhafnarlausu, að honum finnst. Það er því skilyrði fyrir því, að safnaðarlífið sé fjörugt, að mennirnir þurfi eitthvað sjálfir á sig að leggja fyrir söfnuðinn og finni, að þeir eru lifandi, starfandi meðlimir í honum, en ekki að ríkið rétti þeim þetta allt saman og þeir þurfi ekkert annað að gera en sitja þar og hlusta.

Fleira er það, sem veldur því, að ég er á móti frv., en höfuðatriðið er, að ég vil hafa fríkirkju, en ekki þjóðkirkju, svo að hver maður hafi tækifæri til að þroskast eins og honum er eðlilegast.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. *Ég skal nú ekki ræða mikið um þetta mál á* þessu stigi. Ég vil aðeins þakka hæstv. fjmrh. og þá ríkisstj. allri í heild fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér áðan. Má reikna með því, þegar þetta mál er komið á þetta stig, að það muni ná fram að ganga, og lýsi ég ánægju og þakklæti okkar flm. fyrir það.

Það hefði verið freistandi, ekki sízt út af ummælum hv. 1. þm. N-M., sem hann viðhafði núna, að minnast aðeins á allar þær áskoranir, sem hafa borizt hv. Alþingi hvaðanæva af landinu um framgang þessa máls, þar sem nú munu vera komin líklega um 130 undirskriftaskjöl og mörg með fjöldamörgum nöfnum, svo að þeir skipta hundruðum eða þúsundum, sem hafa sent viljayfirlýsingu sína til þingsins út af þessu máli. Þetta sýnir, að það eru ekki allir á sama máli um þetta og hv. þm., sem síðast talaði hér.

Hann segir, að ein ástæðan, sem hann hefur til þess að vera á móti þessu máli, sé sú, að svo aðeins þyki mönnum eitthvað varið í þann hlut, sem þeir eru að berjast fyrir að koma fram, að þeir þurfi eitthvað á sig að leggja sjálfir til þess að koma honum fram. Dettur hv. þm. í hug, að hér sé um fullan styrk að ræða, þó að þetta frv. yrði samþykkt og söfnuðir fengju þarna lán, því að ekki er um neinn styrk að ræða, heldur lán — lán til þess að byggja kirkjuhús? Og það er ekki gert ráð fyrir, að þetta lán sé nema ¼ af endurbyggingarkostnaði kirknanna, ¾ hvíla á söfnuðinum að öllu leyti. Það er ekki gert ráð fyrir í frv., að lán úr Kirkjubyggingasjóði verði til nýbygginga kirkna, nema — ja, það er ekki hægt að segja um það nákvæmlega, en líklegast um ⅝ byggingarkostnaðar í bezta lagi, ⅜ hvíla þá eingöngu á söfnuðum landsins. Nú er um engan styrk að ræða til kirkjubygginga, aðeins smávegis lán, sem hefur verið veitt úr Hinum almenna kirkjusjóði, og eitthvað lítils háttar til endurbyggingar kirkna, svo að þessi röksemdafærsla hv. þm., að söfnuðirnir þurfi ekkert á sig að leggja, fellur gersamlega um sjálfa sig. Lán úr Kirkjubyggingasjóði verður aðeins stuðningur, ekki annað. Söfnuðirnir verða áreiðanlega mjög mikið á sig að leggja fyrir því, þó að þetta frv. um Kirkjubyggingasjóð verði samþykkt.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en ég vil þakka hv. meðnm. mínum í menntmn. og eins öllum þeim hv. þm., sem hafa tekið þessu máli vel.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 203 tekin aftur.
— 194 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 403,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 403,2 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 425).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 425, n. 541, 444).

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Þetta frv. um Kirkjubyggingasjóð hefur verið rætt á fundum heilbr.- og félmn., og hefur n. samþykkt samhljóða að mæla með samþykkt þess.

Eins og fram kemur í grg. frv., þá eru kirkjur víða orðnar mjög lélegar og þurfa gagngerðra endurbóta eða endurbyggingar við, en margir söfnuðir hins vegar svo fámennir, að þeim er þetta torvelt eða ókleift, eins og byggingarkostnaði er nú háttað, nema þeir fái verulega aðstoð hins opinbera.

Mér virðist raunar, að nauðsynlegt sé að athuga vel í sambandi við kirkjubyggingar, hvort ekki sé skynsamlegt og sjálfsagt að byggja saman kirkju og skóla eða samkomuhús og kirkju, þar sem svo hagar til, að það gæti hentað. Við þetta verður kostnaður við byggingu þessara stofnana viðráðanlegri, einkum í fámenni. Og þó hefur reynslan sýnt, að þetta getur mjög vel farið saman. Þetta er raunar heldur ekki óalgengt, jafnvel hér í sjálfum höfuðstaðnum, að söfnuðir noti hátíðasali skólanna, sem hér hafa verið byggðir, fyrir messur sínar, og þó

hefði þetta verið miklu hægara, að nota hátíðasalina, ef í upphafi hefði verið ráð fyrir því gert, að þeir yrðu einnig notaðir sem kirkjur. Það er nokkuð byrjað á þessu úti um landið, að byggja saman skóla og kirkju. Ég hygg, að fræðslumálastjórnin hafi fallizt á, á einum tveimur stöðum á landinu a. m. k., að skólar, sem verið er að byggja, verði þannig, að jafnframt sé hægt að nota þá sem kirkjur.

Enn um sinn verður þó sennilega að byggja allmikið af nýjum kirkjum og þó einkum að hressa upp á og gera við þær eldri, þannig að þær séu viðunanlegar. Virðist sú upphæð, sem gert er ráð fyrir í frv., vera hófleg til þess.

Nefndin ræddi einnig um brtt. hv. þm. N-Þ. við frv. Þær fjalla aðallega um nefndarkosningu til ráðstöfunar þessa fjár, sem lagt verður í Kirkjubyggingasjóð, og töldu nm. óþarfa umstang að vera að kjósa til þess fimm manna nefnd, mundi vera nægilegt að láta þrjá menn úthluta fénu, eins og gert er ráð fyrir í frv., nefnilega biskup landsins, sem átti í raun og veru að vera í báðum þessum nefndum, húsameistara ríkisins og þriðja mann, sem kirkjumrh. skipar.

N. leggur sem sagt til, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við þetta frv. á þskj. 444.

Fyrri brtt. er um það, að stjórn Kirkjubyggingasjóðs sé skipuð fimm mönnum, biskupi landsins og fjórum mönnum öðrum, sem kosnir séu í landsfjórðungunum, einn úr hverjum landsfjórðungi, af sóknarprestum og formönnum sóknarnefnda samkv. reglum, sem um það eru settar. Hér verður um að ræða, ef frv. gengur fram, nokkuð stóra lánsstofnun, og virðist mér að naumast sé hægt að ætlast til þess, að biskup landsins taki það að sér einn að veita lán úr þessari stofnun, og því rétt, að þarna sé kosin stjórn af þeim, sem einkum fjalla um þessi mál í sóknum, sóknarprestunum og formönnum sóknarnefndanna, þannig að kosinn sé einn maður úr hverjum landsfjórðungi. Sumum kann að virðast þetta heldur þungt í vöfum, en ég vil benda á það, að til þess að slík kosning gæti farið fram, er ekki nauðsynlegt að boða til fundar, heldur gæti fyrirkomulagið verið eitthvað svipað og t. d. þegar biskup er kosinn, að menn fái senda atkvæðaseðla. En hvernig svo sem þessu yrði fyrirkomið, finnst mér það ekki óeðlilegt, að yfir þessum sjóði sé einhver stjórnarnefnd, eins og tíðkast þegar á að veita lán, jafnvel þó að um minni upphæðir sé að ræða heldur en þær, sem þessi sjóður fær nú til umráða.

Hin brtt. er við 3. gr. og er um lán til endurbóta eldri kirkna. Gert er ráð fyrir því í 2. málsgr. 3. gr., að til endurbóta eldri kirkna megi ekki veita hærri lán en sem svarar ¼ kostnaðar. Mér virðist, a. m. k. við fljóta athugun, að það sé ekki sanngjarnt, miðað við þau lán, sem á að veita til nýrra bygginga, að kveða svo á, að undir engum kringumstæðum megi lána meira en ¼ kostnaðar út á endurbyggða kirkju. Ég þekki dæmi þess, að kirkjur hafi verið endurbyggðar með mjög miklum tilkostnaði, þannig að heita mega sem nýjar. Þó er þar um endurbyggingu að ræða, og mætti samkv. þessu ákvæði ekki veita nema ¼ kostnaðar. Hins vegar treysti ég mér ekki að svo stöddu til þess að koma fram með brtt. um að setja þarna annað hlutfall í staðinn og lagði því til, að það væri á valdi sjóðsstjórnarinnar að ákveða lán til endurbóta á eldri kirkjum, því að þau lán er ekki hægt að veita samkv. sömu reglum og til nýrra kirkna. En ég hef nú í dag verið að ræða þetta við fleiri, sem hafa áhuga á að breyta þessu ákvæði, og þess vegna ætla ég að taka 2. lið brtt. aftur til 3. umr. Mun ég þá athuga nánar í samráði við aðra, sem áhuga hafa á þessu, hvort þetta gæti orðið eitthvað nánar tiltekið í nýrri brtt., sem fram væri borin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Brtt. 444,1 samþ. með 13:9 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 444,2 tekin aftur til 3. umr.
3.—4. gr. og bráðabirgðaákvæði samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 581).

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Það eru einkum tvö atriði í sambandi við þetta frv., sem nokkrum ágreiningi hafa valdið.

Það er í fyrsta lagi stjórn sjóðsins, hvort það skuli láta þar við sitja, eins og segir í upphaflega frv., að biskup fari með stjórn sjóðsins, eða hvort skipa skuli nefnd, sem fari með stjórnina.

Það er ekki alveg rétt, sem hér kom fram við umræðu í gær, að biskup sé algerlega einráður eins og upphaflega var í frv. um styrkveitingar úr sjóðnum, heldur voru þær bundnar því skilyrði, að nefnd, sem biskup að vísu átti sæti í, féllist á teikningar og breytingar á þeim kirkjum, sem ætlunin var að gera við, eða teikningar og áætlanir um nýbyggingu, ef um það væri að ræða. En það varð nú ofan á í þessari þd. í gær, að það skuli vera nefnd, sem stjórni sjóðnum. Og get ég fallizt á það, þó að heilbr.- og félmn. teldi það á sínum tíma óþarft. En ég vil leyfa mér að bera fram skriflega brtt., sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta.

Það er brtt. við frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð. Við 2. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

„Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en tveir stjórnarmenn skulu kosnir af Synodus til þriggja ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.“

Það, sem felst í þessari till., er aðallega það

að gera kosninguna einfaldari en er í þeirri till., sem samþ. var hér áður. Flm. ásamt mér að þessari till. er Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.

Þetta er eingöngu til að gera kosningu nefndarmanna einfaldari í framkvæmd. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir eins og var í till., sem hv. þm. N-Þ. flutti hér og samþ. var, að þeir séu kosnir sinn úr hverjum landsfjórðungi, því að það er ekki gert ráð fyrir, að það séu kosnir nema 2 menn auk biskups. En ég hygg, að það sé nú ekki svo áríðandi, að ekki megi komast af án þess, því að væntanlega mun biskup manna bezt vera kunnugur þessum málum, hvar skórinn helzt kreppir. Hann ferðast um landið og kynnist þessum málum manna bezt. Og væntanlega verður þar að auki sóttur fundur þessara nm. frá þeim söfnuðum, sem hafa í huga kirkjubyggingar eða endurbætur og viðgerðir á kirkjum, sem einhverju nema.

Hitt atriðið, sem nokkuð hefur verið deilt um, er um styrkupphæðina. Það er í þessu frv., að styrkupphæðin megi ekki fara fram úr 25% eða fjórðungi kostnaðar, ef um viðgerð er að ræða eða endurbyggingu.

Ég vil aðeins leyfa mér í sambandi við það að vekja athygli á því, að í frv. er ákvæði, sem bannar að veita nema 200 kr. á $m^3$ til nýrra kirkna. Eftir því sem kostnaður við kirkjubyggingar er nú, þá er talið, að það muni nema í kringum þriðjungi kostnaðar í hæsta lagi. Virðist n. við athugun á þessu ekki óeðlilegt, að hlutfallið væri nokkru lægra, þegar um endurbyggingu væri að ræða. Að minnsta kosti er óeðlilegt að veita hærra hlutfall til endurbyggingar heldur en til nýbyggingar, því að endurbygging eða viðgerð mun oftast mun viðráðanlegri fyrir söfnuðina heldur en ný bygging.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessi brtt., sem við 2. þm. N-M. flytjum hér, verði samþ. og frv. þannig breytt verði samþ. í þessari deild.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 595) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen:** Hv. þm. N-Þ. tók aftur hér í gær til 3. umr. síðari lið brtt. sinna, sem snerti ákvæði 3. gr. frv., og við höfum nú, hv. þm. N-Þ. og ég, leyft okkur að bera hér fram skriflega brtt. um þetta efni, og mun hann þess vegna endanlega taka aftur sína till.

Þessi brtt. okkar við 3. gr. er um það, að í stað þess, að þar er svo ákveðið, að lán til endurbótar kirkna megi ekki vera hærra en ¼ kostnaðar, þá leggjum við til, að í stað ¼ kostnaðar komi ⅖ kostnaðar. Það er vitað, að í mjög mörgum tilfellum munu endurbætur á kirkjuhúsum vera gerðar með þeim hætti að lagfæra þær byggingar, sem fyrir eru. Og kostnaður við það að gera þessar byggingar svo úr garði, að þær verði varanlegar og uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru nú til slíkra húsa, mun í mörgum tilfellum vera ærið þungbær, þó að léttara sé en að rífa kirkjuna af grunni og byggja hana upp aftur. Og þar sem svo hagar til, að hægt er að gera hin eldri hús góð og varanleg, þá er það sjálfsagt í mörgum tilfellum hagkvæmisatriði að fara þessa leið í málinu, og ætti því frekar heldur en hitt að stuðla að því, að svo væri gert. Með tilliti til alls þessa er það, sem við hv. þm. N-Þ. höfum leyft okkur að flytja þessa brtt.

Ég hef átt tal um þetta við þá menn í Ed., sem stóðu að flutningi þessa frv., og hafa þeir ekkert haft fyrir sitt leyti við þessa breytingu að athuga og viðurkenna, að rétt væri að færa málið í þetta horf. Það þarf þess vegna ekki að óttast það, að það valdi neinum ágreiningi milli deilda, þó að þessi brtt. okkar hv. þm. N-Þ. yrði samþykkt.

Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. okkar og biðja hann um að fá afbrigði fyrir því, að hún megi koma hér til umræðu og atkvæðagreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 596) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Gísli Guðmundsson:*** Herra forseti. Um leið og ég staðfesti það, sem hv. þm. Borgf. gat hér um áðan, að ég tek aftur síðari brtt. mína á þskj. 444, þá vil ég aðeins minnast á það, að komið hefur fram till. frá tveim hv. þm. um að kjósa stjórn Kirkjubyggingasjóðs með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frv., eins og það liggur nú fyrir.

Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir, að 4 stjórnarmenn séu þannig kosnir, að einn sé kosinn í fjórðungi hverjum af sóknarprestum og formönnum sóknarnefnda.

Hv. flm. brtt. leggja til, að stjórnarnefndarmönnum verði fækkað í 3 og að þeir 2, sem kosnir eru, verði kosnir á prestastefnu, þ.e.a.s. fyrir allt landið í senn. Það má nú e. t. v. segja, að þetta skipti ekki meginmáli, en mér virðist nú, að vera muni að sumu leyti auðveldara að kjósa þessa stjórnarfulltrúa heima í fjórðungunum heldur en að láta fara fram allsherjarkosningu fyrir allt landið í senn. Ég tel því, að brtt. sé ekki til bóta, þó að segja megi, að hún skipti e. t. v. ekki mjög miklu máli. Hv. þm. gera það að sjálfsögðu upp við sig, hvort þeir telja ástæðu til þessarar breytingar.

Ég tel, að með ákvæðunum í frv., eins og þau nú eru, séu áhrif landshlutanna á stjórn sjóðsins betur tryggð en með brtt., og það skiptir nokkru máli.

**Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson):** Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við síðara atriðið, sem ég raunar greindi nú frá hér áðan, þegar ég talaði fyrir till. okkar, — það er síðara atriðið, sem deilt hefur verið um í þessu máli, atriðið um það hlutfall, sem heimilast skal að lána úr sjóðnum. Ég skýrði frá því, að þegar um nýbyggingar væri að ræða, teldu fróðir menn, að hlutfallið, eins og það er í frv. núna, væri ⅓, sem mætti styrkja. En með till. þeirra hv. flm., sem komu hér með brtt., er gert ráð fyrir, að styrkja megi endurbyggingu eða við-

gerðir á kirkjum með %, þ. e. a. s. nokkru hærra hlutfalli. Það var það, sem ég vakti athygli á áðan að okkur fyndist nú ekki eðlilegt, sérstaklega þegar, eins og hv. þm. Borgf. viðurkenndi, að telja mætti víst, að það væri yfirleitt auðveldara fyrir söfnuðina að endurbyggja kirkjur og gera við þær heldur en ef þeir þyrftu að ráðast í nýbyggingu. Ég vildi bara vekja frekari athygli á þessu en ég gerði áðan, að okkur finnst ekki eðlilegt að hafa hlutfallið hærra um viðgerðir eða endurbyggingu heldur en um nýbyggingu.

**Pétur Ottesen:** Það verður ekki ráðið af ákvæðum frv., hvað miklum hundraðshluta lán megi nema af kostnaðarverði kirknanna miðað við rúmmál þeirra. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér um þetta, þá mun — þó að okkar till. verði samþ. — ekki farið fram úr því, sem heimild er til samkv. frv. að veita lán til nýbyggingar. Till. okkar er flutt með tilliti til þess, að sá stuðningur við kirkjubyggingar, sem í frv. þessu felst, verður í mörgum tilfellum notaður til þess að endurbæta þær kirkjur, sem fyrir eru, án þess að rífa þær til grunna. Þannig er það nú orðið mjög algengt, t. d. um timburkirkjur, — og eldri kirkjurnar eru flestar byggðar þannig, — að steypa utan um þessi hús og gera þau með þeim hætti að mjög varanlegum byggingum. En af þessu leiðir að sjálfsögðu, að það þarf líka að gera miklar breytingar og umbætur á kirkjunum innanvert, til þess að þær uppfylli þær kröfur, sem nú eru gerðar til þess, að slík hús séu hæf til messugerða. Það er vitað, að umbætur á kirkjukostinum með þessum hætti eru mjög kostnaðarsamar, en hins vegar þó með þessum hætti hægt að komast af með minni útgjöld heldur en að reisa kirkjurnar að nýju. Ég held þess vegna, að það sé rétt af Alþingi að stuðla frekar að því, að umbótunum verði, þar sem því verður við komið, beint inn á þessa braut, heldur en að vera að ýta undir það með lánsákvæðum frv., að farið verði í það að rífa kirkjur af grunni og byggja þær svo alveg upp að nýju með þeim mikla kostnaði, sem það hefur í för með sér. Ég vildi þess vegna mjög mælast til þess og teldi, að það væri hyggilegt af Alþingi að haga lánsupphæð til endurbóta á eldri kirkjum með þeim hætti, sem við hv. þm. N-Þ. höfum lagt til, og ég sé ekki, að það komi neitt í bága við ákvæðin um lánveitingar til þess að byggja kirkjur að nýju. Ég hef átt samtal við flm. þessa frv. í Ed., og hafa þeir látið í ljós við mig samþykki sitt við þessari brtt.

ATKVGR.
Brtt. 595 samþ. með 17:3 atkv.
— 596 samþ. með 14:9 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og endursent Ed.

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 597).

Á 75. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. um Kirkjubyggingasjóð tók smávægilegum breytingum í hv. Nd., og liggur það þess vegna nú hér fyrir til einnar umr.

Þessar breytingar eru þess eðlis, að við flm. höfum ekkert við þær að athuga, og óskum við því eftir, að hv. d. samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir á þskj. 597.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 643).

## 61. Lögsagnarumdæmi Húsavíkur.

Á 69. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkur** [182. mál] (þmfrv., A. 545).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Flm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér á þskj. 545 frv. um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkur á þá leið að leggja jörðina Kaldbak undir umdæmið. Kaldbakur er næsta jörð sunnan við Húsavík og nyrzta jörð í Reykjahreppi. Land jarðarinnar tekur við um 2½ km sunnan við Húsavíkurbæ eins og bæjarstæðið er nú. Í Húsavík er mikil túnrækt, og í sambandi við þessa túnrækt er þar allmikil kvikfjárrækt. Þar er allmargt sauðfé og enn fremur talsvert af kúm. Það er þröngt til beitar fyrir þennan búfénað í heimalandi bæjarins, sauðfé vantar beitiland að segja má á öllum tímum árs, og sumarhaga vantar handa kúm í heimalandinu. Til úrbótar í þessu efni keypti kaupstaðurinn árið 1949 jörðina Kaldbak, hann leigði hús jarðarinnar fólki frá Húsavík, sem fluttist þangað, og enn fremur tún jarðarinnar, en búfjáreigendur kaupstaðarins hafa heimild til beitar í landi jarðarinnar utan túns. Málin horfa þá þannig við, að Reykjahreppur á örðugt með að hafa eðlilegar sveitarfélagstekjur af jörðinni, sem áður veitti honum góða gjaldstofna, því að þar var vel búið. Enn fremur óttast hreppsbúar, að Húsavíkurhreppur geti komið af sér og á Reykjahrepp framfærsluskyldu fátæklinga með því að setja þá niður til heimilis í Kaldbak, og þeim þykir, Reykjahverfisbúum, illt að eiga slíkt yfir höfði sér. (**Dómsmrh.:** Eru þeir ekki sendir til Reykjavíkur aðallega frá Húsavík?) Það er nú of langt, enda verst Reykjavík furðanlega í þeim efnum, og okkur Húsvíkingum þykir frekar hallað á okkur í þeim viðskiptum og teljum það stafa af því, hvað Reykjavík er óeðlilega sterk í öllum efnum, líka að því er úrskurðarvald snertir. — En svo að ég tali um málið: Bæjarstjórnin í Húsavík telur ekki viðkunnanlegt að greiða af Kaldbak, sem er eign

bæjarins, gjald til annars sveitarfélags og að Húsvíkingar, sem nytja Kaldbak, þurfi að lúta kalli annars sveitarfélags um skyldur ýmsar, t. d. að því er snertir fjallgöngur, smalanir o. fl. Nú hefur orðið gott samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkur og hreppsnefndar Reykjahrepps um það að óska þess, að Kaldbakur verði lagður undir lögsagnarumdæmi Húsavíkur. Útdrættir þeir, sem fylgja grg. frv., bera þetta með sér.

Ég hygg, að í frv. sé tekið allt, sem nauðsyn krefur til þess að tryggja, að lögsagnarumdæmisbreytingunni verði samfara fullkomið uppgjör milli sveitarfélaganna að því er þessum málum viðkemur og að tekjurýrnun verði bætt því sveitarfélaginu, er fyrir henni verður.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þd. samþykki frv., og ég óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10:1 atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 545, n. 558).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. tók frv. þetta til athugunar og umræðu sama daginn og því var vísað til hennar. Samþykkti n. einróma að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég er sem flm. málsins að sjálfsögðu samnefndarmönnum mínum þakklátur fyrir svo skjóta og góða afgreiðslu. Ég sé enga ástæðu til þess sem frsm. n. að tala langt mál. Ég gerði grein fyrir frv. við 1. umr. í öllum höfuðatriðum og sé ekki án tilefnis þörf á að endurtaka þá greinargerð.

Í 1. gr. frv. er það ákveðið, að jörðin Kaldbakur, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skuli lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkur frá 1. maí þ. á. Um þetta er fullt samkomulag beggja sveitarfélaganna, sem hlut eiga að máli.

Í 2. gr. er mælt fyrir um það, að framfærsla fólks, sem öðlazt hefur eða öðlast kann framfærslurétt vegna dvalar eða fæðingar að Kaldbak, hvíli á Húsavíkurbæ. Þetta er venjulegt ákvæði og nauðsynlegt í svona máli.

Í 3. gr. er ákveðið, að gerðardómur úrskurði bætur til þess sveitarfélagsins, sem missir spón úr aski við lögsagnarumdæmisbreytinguna, og jafnframt settar reglur um, hvernig menn skuli nefndir í dóminn. Þetta eru þó aðeins varaákvæði, ef ekki skyldi takast samkomulag milli sveitarfélaganna um bæturnar.

4. gr. er um það, að lögin taki þegar gildi, enda eiga þau samkvæmt 1. gr. að koma til framkvæmda 1. maí n. k.

Heilbr.- og félmn. sá ekki ástæðu til þess að gera neina aths. við frv., eins og ég hef áður sagt, og mælir með samþykkt þess eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 73. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 545, n. 696).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 727).

---

## 62. Póstlög.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940** [118. mál] (þmfrv., A. 238).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af samgmn. þessarar hv. d. að beiðni póst- og símamálaráðherra.

Frv. er um það, að með reglugerð geti póst- og símamálaráðherra gert húseigendum skylt að setja upp bréfakassa í eða við hús sín. Það fer m. ö. o. í þá átt að gera auðveldari útburð á pósti og koma honum á rétta staði í þeim bæj-

um, sem póststjórnin eða símamálaráðherra mundi ákveða.

Ég skal ekki fara neitt út í þetta frv. eins og það liggur fyrir hér núna á þessu stigi, en geta þess, eins og segir í grg., að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Hygg ég, að það sé rétt og eðlileg meðferð á málinu, að að lokinni þessari umræðu verði því vísað aftur til samgmn. og hún fái tækifæri til þess að taka það til nánari meðferðar og gefa þá út nál.

Ég vil því leggja til, að þessi háttur verði hafður á að vísa málinu aftur til samgmn.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég vildi bara benda n. á það, að eins og 1. gr. er orðuð, þá gerir hún ráð fyrir því, að að hverju húsi sé einn eigandi, en það er langt frá því, að svo sé. Frv. þarf þess vegna að þessu leyti að breytast verulega. Það eru til hús hér í bænum, þar sem í búa 16 eigendur, kannske enn þá fleiri, og þegar svo er, þá er ekki hægt að tala í greininni um einn einstakan húseiganda, sem er skyldur að setja upp póstkassa við sínar dyr; þeir eru margir. Og þá er, hvernig á að koma fyrir fulltrúa frá eigendum hússins gagnvart póststjórninni og hver af eigendunum á að sjá um kassann. Það þarf að taka til athugunar. Þetta vil ég benda nefndinni á. Og úr því að frv. fer til n. aftur, þá hefur n. náttúrlega ágæta aðstöðu til þess arna, og ég vænti þess, að hún athugi þetta. Að öðru leyti hef ég ekkert við frv. að athuga, en það er ekki hægt fyrir þá, sem eiga að sjá um þessa kassa, að vita ekki, til hvers þeir eiga að snúa sér, þegar milli 10 og 20 manns búa í sama húsinu og á hver sína íbúð, eru allir eigendur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. þetta um breytingu á póstlögum, sem hér liggur fyrir, er flutt af samgmn. þessarar hv. d. að beiðni hæstv. póst- og símamálaráðherra. Tilgangur frv. er að auðvelda útburð og afhendingu á póstsendingum á þeim stöðum, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram. Það er ætlazt til, að þessum tilgangi verði náð með því, að póstmeistari geti með samþykki póst- og símamálastjórnar og eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húseigendum skylt að setja upp bréfakassa í eða við hús sín. Er nánar tekið fram um þetta í 1. gr. frv.

Rök fyrir því, að nauðsyn sé á lagasetningu um þetta efni, er að finna í grg., sem frv. fylgdi, en þar segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir því sem stórhýsum fjölgar hér á landi, sérstaklega í Reykjavík, veitist æ erfiðara að starfrækja útburð póstsendinga, svo að í viðunandi lagi sé, án tilfinnanlegs aukins kostnaðar fyrir hið opinbera. Í Reykjavík er það t. d. hinum mestu erfiðleikum bundið fyrir bréfberana að geta haldið réttum tíma, sem þeim er ætlaður, ef þeir þurfa að fara upp marga stiga og spyrjast fyrir á hverri hæð, því að venjulegast er, að aðeins húsnúmer eru sett á sendinguna, án þess að hæð í húsi sé tilgreind, enda oft engin nafnspjöld á hurðum eða við dyr. Tómlæti almennings í þessu efni er næsta furðulegt, og úr því virðist ekki geta orðið bætt, nema lagaheimild til aðgerða komi til."

Þá er bent á í grg., að ákvæði þessi séu að efni til tilsvarandi norskum lögum, sem nýlega hafa verið sett þar í landi til að ráða bót á tilsvarandi ástandi þar.

Um framkvæmd laganna er það að segja, að ætlazt er til, að ráðh. sá, er fer með póst- og símamál, gefi út reglugerð, sem segi til um, hvernig framkvæmdum skuli haga um gerð og uppsetningu bréfakassanna. Þá er einnig gert ráð fyrir, að yfirmaður pósthússins á staðnum leiti samþykkis póst- og símamálastjórnar til þess að fyrirskipa verkið og sé þá haft samráð við húseiganda. Það þykir óhjákvæmilegt, að póststjórnin hafi hönd í bagga með gerð kassanna.

Vegna þess að frv. þetta, ef samþ. verður, leggur fjárhagslega kvöð á húseigendur, og vegna þess að við 1. umr. málsins hér í d. lét hv. 1. þm. N-M. svo ummælt, að tæplega kæmi til greina að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, þótti samgmn. rétt að senda Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur frv. til umsagnar. Svar félagsins hefur nú borizt í bréfi, dags. 13. þ. m., og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fasteignaeigendafélaginu eru ljósir þeir erfiðleikar á útburði pósts, sem liggja til grundvallar þessu lagafrumvarpi, og mun því ekki hreyfa andmælum gegn þeirri kvöð, sem frv. leggur á húseigendur, í trausti þess, að framkvæmdin verði lipur og sanngjörn."

Bréf félagsins er nokkru lengra, og bendir það á nokkur atriði, sem eiginlega tilheyra nú framkvæmd málsins frekar en frv. sjálfu.

Ég vil þá einnig lýsa því yfir, að samgmn. leggur einróma til, að frv. sé samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. og 67. fundi í Nd., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 692).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og flutt þar af samgmn. að beiðni póst- og símamálaráðh. Efni þess er það, að póststjórninni verði heimilað, ef ástæða þykir til, að gera húseigendum skylt að hafa póstkassa á húsum sínum eða einhvern þann annan útbúnað, sem því samsvari, þannig að auðveldara verði um póstútburð.

Það er á það bent í grg. frv., að það hafi aukizt mjög kostnaður við útburð á pósti og í stórhýsum, einkum hér í Reykjavík, séu ýmsir erfiðleikar við það, að það skuli ekki vera neinir sérstakir póstkassar eða útbúnaður á hurðum til þess að setja þar póst. Þetta mun rétt vera, og er skiljanlegt, að af þessu stafi nokkur vandræði, og af þeim sökum hefur samgmn. þessarar hv. d. fyrir sitt leyti viljað mæla með því, að þetta frv. yrði samþ., þar sem þannig stendur á og hér er aðeins um heimild að ræða, sem má gera ráð fyrir að yrði ekki notuð, nema sérstaklega brýn nauðsyn þætti til bera og þá fyrst og fremst í sambandi við þau hús, þar sem eru margar íbúðir og þar af leiðandi erfitt um að koma pósti á réttan stað.

Í frv. segir, að póstkassa skuli setja á hús á þann stað, þar sem póstmeistari bendir á. Þykir n. nokkuð hæpið að orða það svo, að skylt skuli að setja kassann nákvæmlega þar, sem póststjórnin bendir á að hann skuli vera, því að það vitanlega er nokkuð mikið smekksatriði, hvar slíkur útbúnaður er settur og hvernig því er fyrir komið. Það má segja, að það skipti kannske ekki efnislega miklu máli, en n. þykir þó viðkunnanlegra, að það sé þannig orðað eins og hún leggur til í brtt. sinni á þskj. 692, að í stað orðanna „sem póstmeistari bendir á“ komi: „sem póstmeistari samþykkir“, þannig að það verði tillögur frá viðkomandi húseiganda um það, hvar eigi að koma slíkum kassa fyrir.

Það hefur verið á því vakin athygli, en snertir kannske ekki beinlínis þetta mál, heldur framkvæmd þess, þegar þar að kemur að setja um þetta reglugerð, að það er einn nokkur vandi, sem rís í sambandi við það, ef á að taka upp þetta póstkassakerfi, og það er um öll þau mörgu bréf, sem skakkt eru adresseruð. Til þessa hefur það ekki eins mikið komið að sök, þar sem póstarnir hafa komið í hverja íbúð með póstinn og hafa þá tekið þau bréf til baka, sem skakkt heimilisfang hefur verið á. En verði það almennt að póstkassar séu upp settir, þá er mjög hætt við, að það leiði af sér mikla erfiðleika um að koma slíkum bréfum til skila. Þessu vildi ég aðeins vekja athygli á og benda hæstv. póstmrh. á þetta atriði, sem má segja að sé nú kannske ekki veigamikið, en getur þó skipt nokkru máli í sambandi við framkvæmd málsins, þannig að þetta atriði þurfi að hafa í huga við setningu reglugerðarinnar.

Ég hirði ekki að orðlengja um þetta frekar, en tek fram, að n. mælir með frv. með þessari smábreytingu. Einn nm., hv. 5. landsk., var ekki á fundi, þegar málið var afgr. í n., en mun áður hafa lýst þeirri skoðun, að hann væri málinu sammála.

ATKVGR.
Brtt. 692 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 704).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 728).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 748).

---

## 63. Brúargerðir (frv. samgmn. Nd.).

Á 59. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um brúargerðir** [164. mál] (þmfrv., A. 442).

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til nýrra brúalaga, er samið af vegamálastjóra. Samgmn. beggja þd. hafa athugað það sameiginlega og orðið sammála um flutning þess. Hefur sá háttur verið á hafður undanfarin ár, þegar brúa- og vegalög hafa verið endurskoðuð, að samgmn. beggja d. hafa unnið sameiginlega að afgreiðslu þeirra. Hefur það sparað vinnu og þótt gefast vel.

Þetta frv. er lagt fram eins og það kom frá vegamálastjóra. Þýðir það að sjálfsögðu ekki,

að engar breytingar sé á því hægt að gera. Hafa nm. í samgmn. óbundnar hendur um að flytja brtt. við það og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En það er skoðun n. í heild, að til þess að endurskoðun brúalaga fari sem bezt úr hendi, sé í aðalatriðum rétt að fylgja tillögum vegamálastjóra. Á það má einnig benda, að þótt brýr yfir einstakar ár á þjóðvegunum séu ekki teknar upp í brúalög, er engin hætta á því, að það tefji framkvæmdir. Þegar vegur er að þeim kominn, er brúin oftast nær byggð, án þess að hún hafi verið tekin upp í brúalög.

Brúalög voru síðast endurskoðuð árið 1947. Sjö ár eru því liðin frá því að þeim var síðast breytt. Er því ekki óeðlilegt, að endurskoðun þeirra fari nú fram. Af þeim 285 brúm, sem nú eru taldar í brúalögum, hafa 206 verið byggðar, en 68 ár eru taldar óbrúaðar. Þar við má bæta 11 ám, sem byggðar hafa verið á bráðabirgðabrýr, þannig að samtals eru 79 af þessum 285 fyrirhuguðu brúm á núgildandi brúalögum óbyggðar. Í frv. er hins vegar lagt til, að 135 brýr, yfir 10 metra haf og lengri, verði teknar upp í ný brúalög. Bætast því samkv. frv. 56 nýjar brýr inn á brúalög.

Samkv. upplýsingum, sem vegamálastjóri gefur í grg., sem fylgir frv., hafa samtals á tímabilinu 1890, er fyrsta brúin var byggð, til ársloka 1953 verið byggðar 467 brýr lengri en 10 metrar á þjóðvegum. Enn fremur hafa verið byggðar 260 brýr, sem eru af lengdinni 4—10 metrar. Samtals hafa á þessu 63 ára tímabili þannig verið byggðar 727 brýr í landinu.

Það er mjög fróðlegt að sjá, hvernig brúarbyggingarnar skiptast niður á hina einstöku áratugi. Þannig eru byggðar 11 brýr á tímabilinu 1890—1910, 40 brýr á tímabilinu 1911—1920, 106 brýr á tímabilinu 1921—1930 og jafnmargar á tímabilinu 1931—1940. Á tímabilinu 1951—1953 eru byggðar samtals 64 brýr yfir 10 m á lengd.

Það er þannig auðsætt, að því lengra sem líður á tímabilið, því meiri verður hraðinn í þessum nauðsynlegu framkvæmdum fyrir samgöngur þjóðarinnar.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. á þessu stigi þess. Ég leyfi mér að vísa til hinnar ýtarlegu grg., sem fylgir því af hálfu vegamálastjóra. Af henni verður það ljóst, að mikil verkefni eru fram undan á sviði brúarframkvæmda í landinu. Enda þótt mikið hafi áunnizt þar síðastliðin ár, eru margar ár og lækir enn þá farartálmar á vegum þjóðarinnar. Að því verður að vinna af fyrirhyggju og ráðdeild að útrýma þeim.

Nefndin mun svo á milli umræðna taka málið í heild til frekari athugunar, en eins og ég sagði í upphafi, þá er það skoðun nm. beggja samgmn. þingsins í heild, að bezt fari á því, að tillögum vegamálastjóra verði í aðalatriðum fylgt. Hins vegar er eðlilegt að gera smávægilegar leiðréttingar og að sjálfsögðu einnig til athugunar að taka upp brtt. frá einstökum þm.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Sá hv. þm., sem mælti fyrir þessu frv. af hálfu samgmn., gat þess, að í frv. fælist það meðal annars, að taka ætti inn á brúalög 56 brýr, sem þar væru ekki nú. Ég geri ráð fyrir því, að þar sé þá að ræða um allar tegundir brúa, nema þá það, sem um er fjallað í III. lið 2. gr.

Nú er það auðvitað svo, að þess er enn mikil þörf að byggja brýr hér á landi, og er þá ekki eingöngu um það að ræða að byggja brýr þar, sem engar eru, heldur er nú líka svo komið, að ýmsar af elztu brúnum eru orðnar það ótraustar, að full þörf er á að endurbyggja þær sem fyrst, og sumar þeirra svo ótraustar að dómi þeirra manna, er til þekkja, að af þeim stafar áreiðanlega eða getur stafað allalvarleg slysahætta í sambandi við umferð um þær. Það er því ekki að ófyrirsynju, að flutt sé nú að tilhlutun vegamálastjóra frv. til nýrra brúalaga. En um þetta vil ég þó segja það, að ekki skipti meginmáli, hvort brú stendur einhvers staðar í brúalögum eða ekki, ef ekki er jafnframt séð fyrir einhverju fé til framkvæmdanna. Nú vil ég spyrjast fyrir um það hjá hv. samgmn., sem stendur að flutningi þessa frv., og beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort n. geri í sambandi við þetta mál ráð fyrir því að leggja til, að um einhverja nýja fjáröflun verði að ræða til brúa. Og í því sambandi vil ég minna á það, að ég hef nú fyrir nokkru leyft mér að flytja hér í hv. deild frv., sem varðar þetta mál og er um það að lögfesta sérstaka tekjuöflun til ákveðinna framkvæmda í brúamálum, þ. e. a. s. til þess að endurbyggja þær brýr, sem bein slysahætta stafar af, vegna þess að þær eru orðnar ótraustar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nú e. t. v. sá þáttur þessara mála, sem fyrst og fremst beri að gefa gaum að, — það eru þessar brýr, sem beint geta valdið slysum.

Því frv., sem ég hef áður nefnt og ég flutti hér í hv. d., var fyrir nokkuð löngu vísað til hv. samgmn., og frá henni hefur ekkert álit enn komið um það. Hins vegar virðist hún mjög í sama mund sem hún fékk það mál til meðferðar hafa fengið áhuga fyrir því að koma fram á þinginu nýjum brúalögum. Ég vil nú, eins og ég sagði, spyrjast fyrir um það hjá hv. samgmn., hvað hún hefði í huga varðandi fjáröflun til brúabygginga, og þá sér í lagi — því að ég vona, að það verði ekki talið koma í bága við þingsköp — spyrjast fyrir um það, hvað líði afgreiðslu hennar á þessu frv., sem ég hef flutt um sérstaka tekjuöflun til að endurbyggja brýr, sem slysahætta stafar af.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Hv. þm. N-Þ. (GíslG) beindi þeirri fsp. til samgmn., hvort n. hygðist leggja til nýja fjáröflun í sambandi við þá endurskoðun brúalaga, sem nú er fyrirhuguð. Spurðist hann í þessu sambandi einnig sérstaklega fyrir um afgreiðslu frv. þess, sem hann hefur flutt hér í hv. þd. um brúagjald af benzíni og legið hefur hjá samgmn. deildarinnar.

Ég vil fyrst svara beint fsp. hans um það, hvort n. hefði af sjálfsdáðum í hyggju að leggja fram einhverja nýja tilhögun á fjáröflun, þannig, að n. hefur ekki sem heild haft það til athugunar. Hins vegar hefur hún fjallað um frv. hv.

þm., sent það til umsagnar vegamálastjóra og fengið um það hans umsögn, þar sem fallizt er í aðalatriðum á hans hugmynd, að tvöfaldaðar verði tekjur brúasjóðs. Hins vegar er vegamálastjóri andvígur því í þessari umsögn sinni, að þessi fimm aura hækkun á benzínskatti verði látin renna í sérstakan sjóð. Hann vill, að það renni beint í brúasjóð og verði varið eins og segir í lögunum.

Ég vil taka það fram, að n. hefur ekki tekið afstöðu til þessa máls. Í henni ríkir fullur skilningur á þörfinni í þessum efnum, en hins vegar kemst n. ekki fram hjá því, að þarna er um nýja tollahækkun að ræða, sem getur haft verulega áhrif á flutningskostnað í landinu. Áður en n. tekur endanlega afstöðu til þess, sem ýmsir nm. hafa töluverða hneigð til að vilja, hafði hún ákveðið að ræða við ríkisstj. um málið. Og ég vil segja það sem mína persónulegu skoðun, að þó að ég hafi mikinn áhuga fyrir því að fá aukið fjármagn í brúasjóð eða til byggingar stórbrúa eða endurnýjunar eldri brúa, þá tel ég ekki ráðlegt að samþykkja hækkanir á benzínskattinum og stofna sérstaka sjóði með þeirri hækkun, án þess að hafa samráð við ríkisstj. um það.

Ég get lofað hv. þm. því, að n. mun afgreiða þetta mál fljótlega. Hún hefur fullan skilning á því máli, sem hann hefur flutt, en telur sig þurfa að ráðgast um það við hæstv. ríkisstj., hverja afstöðu skuli taka til þessa máls.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. N-Ísf. (SB) fyrir þau svör, sem hann veitti varðandi starfsemi hv. samgmn. En þar sem frv. um brúagjald af benzíni er ekki á dagskránni, mun ég ekki reyna á þolinmæði hæstv. forseta með því að fara að ræða það, þó að ummæli, sem hv. þm. N-Ísf. lét falla um sum atriði í því sambandi, hefðu e. t. v. gefið tilefni til þess, að ég hefði farið um það nokkrum orðum. Ég vil þakka honum þau svör, sem hann veitti um það, sem n. hefur aðhafzt eða ekki aðhafzt, og vil ég svo aðeins vænta þess, úr því að n. hefur fengið áhuga á brúamálunum, sem sýnilegt virðist nú vera af því frv., sem hér hefur verið lagt fyrir í dag, að ekki líði langt þangað til hún lætur uppi álit sitt á því frv., sem ég hef flutt. Annað fer ég ekki fram á á þessu stigi málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 442, 464, 472, 476, 487, 497).

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Samgmn. beggja þd. hafa fjallað um frv. það til brúalaga, sem hér liggur fyrir. Samkomulag hefur orðið um það innan nefndanna beggja að flytja nokkrar brtt. við það. Brtt. n. er í fyrsta lagi brtt. við 2. gr. a: Brýr yfir 10 m haf og lengri á þjóðvegum.

Þar er lagt til í fyrsta lagi, að Fnjóská fremri verði bætt inn í frv., en hún hafði áður verið á brúalögum, en fallið niður.

2. brtt. er leiðrétting við 22. lið: Á Austurlandi, þar stóð Tunguá í Stöðvarfirði, átti að vera Tunguá í Fáskrúðsfirði.

Þá er 3. brtt. við 1.D, þ. e. um að bæta við Hornafjarðarfljóti, ef fært þyki að undangenginni rannsókn. Hér er um mikið vatnsfall að ræða, sem ekki hefur verið gerð áætlun um, hvernig brúa skuli, en vegamálastjóri taldi rétt, að þar yrði brú, og það yrði tekið upp í brúalög með þessari klásúlu, sem fylgir í brtt.

Þá er enn fremur lagt til, að tvær aðrar ár í Skaftafellssýslum, Hverfisfljót í Fljótshverfi og Hólsá á Mýrdalssandi, verði teknar upp í frv. og enn fremur verði tekin þar upp brú á Ytri-Rangá á Suðurlandsvegi. Er hér um að ræða endurbyggingu eldri brúa á þessum vatnsföllum.

Loks leggur n. til í 4. brtt. sinni, að tekin verði upp brú á Hítará á Stykkishólmsvegi, en brú á því vatnsfalli er mjög hrörleg, og gegnir svipuðu máli um nauðsyn endurbyggingar hennar og um ýmsar þær ár, sem voru í frv. upprunalega.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar þessar brtt. Þær brýr, sem lagt er til að teknar verði upp í frv. samkv. till., eru allar á ám, sem eru á þjóðvegum.

Ég sé, að hv. þm. hafa flutt nokkrar brtt. Þess er fyrst að geta, að brtt. á þskj. 464 eru um brýr á ám, sem eru á sýsluvegum og eiga þess vegna ekki heima í frv., þar sem eingöngu er kveðið á um brýr á ám, sem eru á þjóðvegum. N. hefur þess vegna ekki getað mælt með því, að þær yrðu samþykktar. Svipuðu máli gegnir um brtt. þær, sem eru á þskj. 476.

Um brtt. á þskj. 497 vildi ég aðeins leyfa mér að segja það, þó að hv. flm. hafi ekki mælt fyrir henni, að til hennar hefur n. ekki tekið endanlega afstöðu. Hér er um að ræða geysimikið mannvirki, brú á Ölfusá við ósa hennar, mannvirki, sem sennilega kostar 25—30 millj. kr., enda þótt engin rannsókn liggi fyrir um það. Það liggur fyrir sérstakt frv. hér í hv. þd. um brú á þessa á, og n. mun annaðhvort taka afstöðu til þess frv. eða þá til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, við 3. umr. En ég vildi mælast til þess, að hv. flm. tæki hana aftur nú.

Að öðru leyti vil ég segja það, að n. mælir gegn því, að aðrar brtt. en hennar eigin verði á þessu stigi málsins samþ. í hv. þingdeild.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég þykist sjá á þessu frv., sem hér liggur fyrir og nú er til umr., um brúargerðir, að þeir, er að samningu þess standa, og einnig hv. samgmn. þessarar d., hafi hug á því að þoka brúarsmíðinni á fallvötnum landsins áleiðis, og er ekki nema gott eitt um slíkt að segja. Það er vissulega víða þörf á því, að þannig séu bættar samgöngurnar, ekki eingöngu með vegagerð, heldur og með brúarsmíði, og svo bezt kemur vegagerðin víða að fullu gagni, að smíði brúnna sé hraðað eftir því, sem tök eru á. Vafalaust má um þessar brýr segja, sem hafa verið teknar á þetta frv., að allra þeirra sé meiri og minni þörf.

Ég hef ekki þann kunnugleika alls staðar, að ég geti um það dæmt, hve mikil nauðsyn ráði um, hvað hún er brýn og hvað hún kann að bæta

mikið úr samgönguþörfinni. Hitt dylst mér ekki, að vafalaust geri þær það allar meira og minna. Og mér sýnist af hálfu hv. samgmn., að þá vilji hún gjarnan af sinni hálfu greiða fyrir því, að þetta megi takast. Það er vafalaust, að það má telja fyrirgreiðslu, að brúalög séu sett og þær brýr, sem hugsað er til að byggja á vatnsföllum landsins, séu teknar inn á brúalög, jafnvel þó að ekki sé fullljóst, hvernig það megi takast, það sé ég á brtt. hv. samgmn. Það er ósýnt, hvað auðvelt það er eða jafnvel hvort það megi takast, en samt sem áður tekur n. þessa brtt. upp og leggur til, að hún komi inn á brúalög. Hér á ég við brúarsmíði á Hornafjarðarfljót. Þetta álít ég vel farið, einmitt að mæta þessari nauðsyn hjá mönnum víðs vegar um landið af fullum skilningi. Vitaskuld verður ekki hægt að byggja þessar brýr allar í einu, og það tekur vafalaust langan tíma. En þó að brýrnar standi á brúalögum, þá étur það ekki fé. Það ætti fremur að vera mönnum hvöt til þess að flýta þessari smíði, og með því að setja þær á brúalög er þó verið að minna á, að þetta sé ógert og það þurfi að gera.

Nokkuð af þessum ástæðum hef ég leyft mér að flytja brtt., sem er á þskj. 497. Hjá hv. samgmn. hefur legið núna lengri tíð till. frá mér um að taka þessa brú, brúna í Óseyrarnesi, inn á brúalög. Og þegar nú hér koma ný brúalög, sem ætlazt er til að séu sett nú á þessu Alþingi, þá hefur hv. n. ekki fram að þessu tekið ákvörðun um það að taka hana inn á brúalögin. En ég hjó eftir því hjá hv. frsm. n., að n. er ekki búin að taka endanlega ákvörðun um málið. Ég mun nú í lengstu lög vona hið bezta af hv. n., en ekki get ég neitað því, að mér finnst nokkuð á skorta, þegar þetta mál er nú komið til 2. umr. og aðeins þá ein umr. eftir að henni lokinni og till. er búin að liggja fyrir hjá n. síðan snemma á þessu þingi, að einmitt um þetta atriði hefur hv. n. ekki tekið enn endanlega ákvörðun. Vera má, að þetta stafi nú að nokkru leyti af því, að þetta mannvirki, er það verður reist, kostar mikið fé. En ég ætla, að ástæðurnar fyrir því, að haft er á orði að byggja þessa brú, séu meiri og mikilvægari til þess, að það verði gert eða a. m. k. prófað, hvort hægt er að gera það, heldur en nokkra aðra brú af þeim brúm, sem talað er um nú að leggja yfir vatnsfall í landinu. Og vil ég engan veginn gera lítið úr ástæðum fyrir því um margar þær brýr, sem á frv. standa, að það sé mikil þörf á þeim. — Það má vel vera, að ég eigi nokkra sök á þessu, að hv. n. hefur ekki séð sér fært að taka ákvörðun um málið, og þá vildi ég núna með nokkrum orðum reyna að bæta úr því, sem áfátt er.

Ég hef ekki svo mjög talið fram allar þær ástæður, sem í raun og veru, ef mögulegt er, gera það knýjandi, að þessi brú verði byggð undireins og möguleikar eru á því. Og þegar ég segi það, þá á ég ekki við, að öll önnur brúarsmíði í landinu eigi að bíða eða sitja á hakanum. Ég álít, að hún verði að ganga með eðlilegum hraða, en af hálfu Alþingis verði gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeirri fjárþörf, sem kemur við smíði þessara brúa, þegar í það verður ráðizt.

Brú á Ölfusá í Óseyrarnesi er ekki brúarsmíði í venjulegum skilningi með aðeins samgönguþörf eina, sem hér er um að ræða. Það má miklu fremur telja, að smíði þessarar brúar lúti að atvinnuöryggi þriggja kauptúna á Íslandi. Og höfuðástæðan er ekki að stytta mönnum leið frá Þorlákshöfn yfir ána í Óseyrarnesi, heldur að gera þremur þorpum mögulegt að bjargast og tryggja tilveru þeirra á þessum stað. Og að þessu atriði vil ég lítið eitt víkja.

Íbúatala á Stokkseyri mun vera nú 500—600 manns, eitthvað á sjötta hundrað; ég get ekki sagt það nákvæmlega, síðasta manntal liggur ekki enn fyrir. Áður mun það hafa verið yfir sjö hundruð manns. Fimm bátar eru gerðir út frá Stokkseyri, tveir þeirra eru 25 tonn, en hinir munu vera 15—20 tonn. Í Þorlákshöfn eru gerðir út nokkrir bátar, — það er nú tveimur færra en til stóð að yrðu á þessari vertíð, en svo illa tókst til í suðaustanroki, að bátarnir slitnuðu upp, annar gerónýttist og hinn það mikið, að hann kemur ekki að neinum notum á þessari vertíð. Ég hygg, að þeir muni vera einhvers staðar í kringum sjö; mig minnir, að mér hafi verið sagt það. Frá Eyrarbakka eru gerðir út sex bátar, en tveir af þeim hafa verið fluttir til Þorlákshafnar og eru gerðir út þaðan. Í báðum þessum kauptúnum er íshús, bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka. Með byggingu þeirra var ætlazt til að tryggja hirðingu og meðferð sjávaraflans. Nú hagar þarna svo til í þessum kauptúnum, að skerjaklasi er fyrir framan bæði kauptúnin. Það er búið um langa stund og á mælikvarða þessara kauptúna er búið að verja miklu fé til lendingarbóta, en það eru aðeins smálagfæringar, og þó að miklu fé sé varið til slíkra umbóta, getur það þó ekki orðið annað en smálagfæringar. Ef ætti að gera höfn örugga, þannig að unnt væri að sækja sjó í venjulegu tíðarfari, í hóflegu tíðarfari getur maður sagt, þá mundi á hvorum staðnum sem væri slík hafnargerð kosta tugi milljóna, hvað mikið vil ég ekki nefna í tölum, en ég þykist vita, eftir þeirri aðstöðu, sem þarna er, að þá geti það ekki kostað minna.

Öðruvísi er háttað um Þorlákshöfn að þessu leyti. Þar er byrjað á hafnarsmíði og búið að verja allmiklu fé. Aðstaða þar til sjósóknar yrði, þegar höfn væri komin, enn fullkomnari en hún er enn, því að það má segja, að þetta sé ekki nema vísir að höfn enn. Þá mundi þetta reynast, eins og áður hefur verið öldum saman, einhver bezta fiskistöð hér við land. Það er ekki nema örskammt út á fiskimiðin. Langoftast, ef nokkur fiskigengd er, gengur fiskurinn inn á grunninn, svo að það eru ekki meira en svona fimm til tíu mínútur úr höfninni út á fiskimiðin. Því mannvirki verður haldið áfram, að stækka og bæta þessa höfn, og þegar komið væri í land með smíði þess, þá er aðstaða til sjósóknar þarna hin æskilegasta. Þá mundu menn úr kauptúnunum, Stokkseyri og Eyrarbakka, gera sína báta út frá Þorlákshöfn, en flytja aflann til vinnslu í kauptúnunum eystra og nota þau mannvirki, sem reist hafa verið í því skyni að hirða um aflann, og fólkinu veitt atvinna við slík störf. Bæði þessi kauptún, Stokkseyri og Eyrarbakki, byggja allmikið á sjósóknninni, stunda

dálítið landbúnað, en það er mjög takmörkun bundið, hvað unnt er að hafa mikinn búskap sakir þess, að landrými er ekki það mikið, að þessi mannfjöldi, sem í þorpunum býr, geti haft fulla atvinnu eða fullt framfæri af landbúnaði einum og náttúrlega ekki nærri því. Þess vegna þarf að stunda sjávarútveginn með. En það hefur löngum reynzt mjög misbrestasamt með sjósókn úr þessum kauptúnum. Þannig hefur það stundum farið sum ár, að það hafa ekki verið nema örfáir róðrar, sem menn hafa komizt á sjóinn sökum brims.

Ég þori ekki að segja, hvaða vetur það var, en það er mjög stutt síðan, hvort það var í hittiðfyrra eða svo, að ég ætla, að það hafi verið eitthvað fjórir, fimm róðrar, sem menn komust á sjóinn af Eyrarbakka, en nærri alltaf var sjór sóttur þá úr Þorlákshöfn.

Það sér líka á, þetta öryggisleysi og erfiðleikar hjá fólkinu að komast af. Ég nefndi áðan fólkstöluna á Stokkseyri og hvað þar færi fækkandi fólki, en það hefur orðið í enn stærri stíl á Eyrarbakka. Þar var útgerð meiri, þó að ætið hafi hún verið áhættusöm og hæpin, og þar var verzlun um eitt skeið mikil, og þá mun íbúatala Eyrarbakka hafa verið nærri 1000 manns. Ekki fyrir löngu var íbúatalan um 700, en nú er hún komin niður í 500, — ég ætla, að það sé í kringum 520, — eitthvað þess konar er íbúatala Eyrarbakka. Og eftir þeirri aðstöðu, sem er til atvinnu og lífsbjargar hjá fólki, má nærri geta, hvort ungt fólk hugsar sig ekki um tvisvar, áður en það sezt að á stöðum, sem hafa þetta erfiða afkomumöguleika, verða að byggja afkomu sína á sjónum að allmiklu leyti, en eiga það ef til vill á hættu, meira að segja í sæmilegri tíð, að helzt væri aldrei á sjóinn komizt.

Fjarlægðirnar út í Þorlákshöfn frá Eyrarbakka eru í kringum 12 km, en frá Eyrarbakka um Selfoss og út í Þorlákshöfn munu vera rúmir 50 km, og það er það mikil vegalengd og kostnaður við slíkar ferðir og flutninga er það mikill, að það er engin leið að ætla sér að gera út frá Þorlákshöfn og flytja fiskinn á bílum þessa vegalengd yfir í kauptúnin til þess að vinna að aflanum þar. Það er ekki til neins að gera ráð fyrir slíku. Það er búið að sýna sig. Þetta hefur verið prófað, og það er búið að sýna sig, að kostnaðurinn við slíka flutninga er það mikill, að slík starfsemi er fyrir fram dauðadæmd.

Nú mun verða leitað á af hálfu Stokkseyringa og Eyrbekkinga um að lagfæra lendingarnar hjá sér og verja til þess talsverðu fé, ef engin eða lítil von er um, að það heppnist að stytta þeim leið út í Þorlákshöfn og þeir geti haft sínar bækistöðvar þar. Það liggur í hlutarins eðli. Ef nú erfiðleikar þar að auki verða mjög miklir á afkomu fólksins, þá mun verða leitað þaðan, eins og frá öðrum byggðarlögum, þegar slíkt kemur fyrir, til hins opinbera um fyrirgreiðslu og fjárframlög til bjargar fólkinu. Og ég hygg, að hvorki ríkisstj. né Alþingi geti skorazt undan að verða við slíkum óskum. En mundi nú þá ekki vera fullt svo hyggilegt að mæta óskum fólksins á þann veg að greiða fyrir því, að það geti bjargað sér sjálft, hjálpa því til sjálfsbjargar, allra hluta vegna? Held ég, að það sé ekkert vafamál, að það sé æskilegra, og í rauninni á ekki annað að koma til greina.

Eitt get ég bent á líka í þessu sambandi, að hvað áhrærir afkomumöguleika á hafnarstaðnum í Þorlákshöfn, þá mundi þetta gerbreyta aðstöðunni þar. Núna er þannig háttað, að sakir útgerðarinnar í Þorlákshöfn getur hún ekki snúizt við þeim vanda, sem því er samfara, ef aflast verulega, öðruvísi en að ráða marga menn, og það verða að vera fastráðnir menn sem kallað er, því að fjarlægðir eru svo miklar. Ef grípa þarf til manna, þó að ekki sé ætið, þá er engin leið að sækja þá langar leiðir í burtu og óviðbúna þá oft og einatt, og þess vegna er ekki um annað að ræða, eins og sakir standa nú, heldur en að hafa þá fastráðna. En þetta veldur því starfi, sem þar fer fram, miklum erfiðleikum og verður miklu dýrara en annars þyrfti að vera.

Þetta kemur þá til viðbótar við þær ástæður, sem ég hef drepið á viðvíkjandi þorpunum fyrir austan ána, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Nú stendur til, eins fljótt og nokkrir möguleikar eru á, að gera breytingar í Þorlákshöfn á því mannvirki, sem komið er, og tryggja betur legu báta þar en nú er.

Viðvíkjandi svo aðstöðunni til þessa mannvirkis, þá skal ég ekki fara mörgum orðum um það. Ég veit til þess, að það hefur verið athugað af hálfu vegamálastjórnarinnar, hvernig brúarstæði muni vera þarna, og ég veit ekki betur en að það sé gott. Ég ætla, að það hafi sýnt sig, og það kemur reyndar ekki á óvart kunnugum mönnum þarna á þessum slóðum, að það sé klöpp mikið til í ánni, svo að aðstaðan til brúarsmíðarinnar er að því leyti góð. Samt sem áður dettur mér ekki í hug, að hrapað sé að slíku mannvirki sem þessu, áður en ýtarleg og nákvæm athugun hefur farið fram á því. Það dettur mér ekki í hug, því að ef það sýndi sig, að teljast mætti mjög óöruggt og hæpið, að það stæðist, dytti mér ekki í hug að vera að flytja þetta mál og gera till. um, að horfið yrði að brúarsmíði yfir ána á þessum stað. Reyndar væri enginn skaði skeður, þó að till. um þetta efni væri tekin á brúalög, því að aldrei dytti neinum manni, sem ætti að annast þessa framkvæmd og sjá um hana, í hug að ráðast í slíkt mannvirki öðruvísi eða fyrr en búið væri að rannsaka nákvæmlega, hvar öruggt brúarstæði væri.

Viðvíkjandi svo vegarstæði, þá er það að segja, að þetta er malarrif frá Þorlákshöfn og austur á tangann, austur að ánni, og það er það hart nú, að ég veit til þess, að eftir sandinum fara bílar. Vitaskuld þarf að gera þarna upphleyptan veg, en það held ég að þurfi ekki að óttast, að það sé neinum vandkvæðum bundið eða vegarstæði þarna sé ekki öruggt. Öldum saman hefur þessi tangi verið með þeim ummerkjum, sem hann hefur. Það eru einhver munnmæli um það, að áin muni hafa fallið til sjávar eitthvað vestar en hún gerir nú. Það hef ég heyrt, en ég veit ekki til, að neinn geti nefnt þess dæmi, á hvaða tíma eða hvenær það hafi verið, og er því ekki mikið upp úr því að leggja. Svo mikið er víst, að Ölfusmegin við þennan malarkamb er áin búin að bera það mikið undir sig, — því að áður féll hún þar með vesturlandinu á löngum kafla,

— að nú er þar á löngum kafla upp af malarrifinu að verða gróið land, og bendir það þá ótvírætt til þess, að áin muni falla þar sem hún gerir nú, að austanverðu. En hvað sem um þetta allt er, þá er sjálfsagt, að slík athugun fari fram. En viðvíkjandi vegarstæðinu þar veit ég fyrir fram, að það þarf ekkert að óttast.

Mér er nú sagt, að það hafi borið á góma, m. a. hjá hv. samgmn., og haft eftir öldruðum manni, sem er kominn talsvert á níræðisaldur, að malarkambur þessi muni vera nokkuð mjúkur og því muni vera betra að gjalda varhuga við þessari smíði allri. Ég veit nú ekki, þó að það hafi kannske verið sagt í alvöru, að neinn maður, og sízt af þeim, sem til þekkja, hafi tekið þetta alvarlega. Svo mikið er víst, að það hlýtur að vera langt síðan þessi maður kom á malarkambinn og sá, hvernig hann lítur út.

Ég býst nú við, að þegar þetta er fært fram, þá sé það nú svona meir sagt til gamans en að menn meini þetta alvarlega, því að það er ósköp einfaldur hlutur, — það er ekki það langt frá, og mannvirkið á nú að koma á þessum stað, — að fara um þetta og sjá, hvernig það er útlits. En annars er þetta atriði, þó að ég aðeins drepi á það, svona til þess að minna á, hvað fram er stundum borið, kannske í alvöru, en hjá þeim, er til þekkja, hlýtur það að verða álitið sem meira af gamansemi. Hjá þeim, sem kynnu að gera það í alvöru, bendir það til, hvað langt er sótt, ef koma á góðu og þörfu máli fyrir kattarnef.

Nú vil ég vona, að hv. samgmn. fylgi þessari till. minni. Vel má það vera, að mér hafi yfirsézt í því að benda ekki rækilegar á þau höfuðatriði, sem liggja fyrir um nauðsyn þessa máls, og þykir mér nú miður, að ég skuli ekki hafa gert það. En nú vil ég mega vænta þess, að hv. samgmn. fylgi þessari till., svo að hún komist inn á brúalög. Með þeirri athugasemd, sem ég hef látið fylgja till., ætti að vera óhætt að samþ. hana, því að ef hv. n. ætlar sér ekki alveg endilega að drepa málið undir öllum kringumstæðum, en einhvern veginn af sinni hálfu að greiða fyrir því með öðru móti, þá getur hún ekki fundið aðrar ástæður, sem máli skipta, heldur en það, sem ég færi fram hér með till., og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp till., eins og ég legg til, að hún verði orðuð, þ. e., að það komi einn nýr rómverskur liður, það fellur ekki undir brýr á þjóðvegum. Þetta er ekki á þjóðvegi, eins og kunnugt er. Það er ekki mín sök. Ég hef flutt hér áður á þinginu till. um að gera veginn frá Þorlákshöfn austur að á að þjóðvegi. Alþ. afgreiddi það mál ekki, en að því get ég ekki gert, og þarf það ekki að breyta eða raska forminu, að það séu aðeins brýr á þjóðvegum, eins og bæði hefur nú komið áður fram hér og kom fram, að ég ætla, af hálfu hv. frsm. Reyndar er það nú ekki alveg rétt, að þær séu allar á þjóðvegunum þessar till. um brýr, sem fyrir liggja, en mér finnst, að það skipti engu máli. Ég tek það svo af hálfu n., eins og rétt er, það á að meta nauðsynina á mannvirkinu, en ekki að hanga í einhverju formi, sem er í þessu falli a. m. k. einskis virði. Till. hljóðar þá svo:

„Á eftir tölul. I kemur nýr rómv. liður (verður töluliður II), svolátandi (og breytist liðatalan á eftir samkvæmt því): Ölfusá hjá Óseyrarnesi, enda leiði rannsókn í ljós, að brúarstæðið sé öruggt og brúarsmíðin sé mikill þáttur í að tryggja afkomu íbúanna í sjávarþorpunum austan fjalls.“

Ég ætla, að með þessu sé vikið að höfuðatriðunum, sem eru þess valdandi, að maður er með till. um brú á Óseyrarnesi. Og þarna kemur til viðbótar því, eins og ég hef nú dregið fram, enn ýtarlegri og nákvæmari athugun á því, hvað það mundi kosta að gera verulegar umbætur á lendingunum bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Þá kemur mér það ekki á óvart, að það sýni sig, að það kostar afar mikið fé, og ef brúarstæðið á Ölfusá reynist öruggt, sem ég er alveg sannfærður um, þá ætla ég, að það væri miklu betur varið þeim fjármunum, þ. e. a. s. miklum fjármunum, í því skyni að koma brúnni á en að káka við lendingarbætur á stöðunum eystra, sem þó gætu aldrei orðið veruleg lausn, nokkur hjálp fyrir fólkið, en alls engin trygging.

Nú skildist mér á orðum hv. frsm., að gjarnan hefði hann kosið, að þessi till. kæmi ekki til atkv. við þessa umr. Ég er nú áður búinn að láta í ljós, hvað mér þykir þetta miður, en sé þess enginn kostur, að hv. n. geti nú náð saman og tekið ákvörðun við þessa umr., þá mun ég þó heldur verða við tilmælum hv. frsm. og taka hana aftur til 3. umr., en þá í fullu trausti þess, að vænta megi fullkomins drengskapar og skilnings af hálfu hæstv. samgmn., því að vitaskuld kysi ég, ef n. ætlar að snúast gegn till., heldur að fá úrslit um slíkt við 2. umr., og hefði ég þá í huga að velja mér nýja vígstöðu í þessu máli við 3. umr. En með því að slá því á frest með atkvgr., þá auðvitað er maður meira afvopnaður með slíkar ráðstafanir, og það þykir mér miklu miður. En samt mun ég verða við tilmælum hv. frsm., í fullu trausti þess, að vænta megi fullkomins skilnings af háttvirtri samgmn. og drengskapar í jafnþýðingarmiklu máli. Ég ætti ekki að þurfa að minna á það, að menn þekkja dæmi þess, að allfjölmennar sveitir, þó að ekki séu margar, hafa tæmzt af fólki. Og úr því nú að dæmi um slíkt liggja fyrir, þykir mér ekki ætlanlegt, að hv. samgmn. vilji nú koma í þann hópinn, sem daufheyrist við því, sem gera þarf til þess að koma í veg fyrir, að fólk á vissum svæðum í landinu verði landflótta.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Það mun nú vera flestum hv. alþm. kunnugt, að þær samgöngubætur á landi hér, sem einna mest eru aðkallandi víða, eru brúargerðir, og það er komið svo, að það eru ákaflegir örðugleikar, sem því valda fyrir ýmsa menn, að svo stendur, að jafnvel smáár eru ekki brúaðar. Íslenzka þjóðin er nú búin að búa í þessu landi í 1080 ár, en það eru ekki nema tæp 40 ár af þeim tíma síðan bifreiðasamgöngur hófust hér. Allan hinn tímann var aðalsamgöngutæki landsmanna á landi hesturinn, og meðan svo stóð, þá var það þannig, að það hafði ekki ákaflega mikla þýðingu, hvort það var brú eða ekki brú á ýmsum smáám, sem nú er sterk og mikil nauðsyn til að fá brúaðar til þess að koma í veg fyrir það,

að þeir, sem búa handan við, þurfi að taka flutninginn eða fólkið af bílunum og á hestana, sem oft er miklum örðugleikum bundið, og þeir, sem ekki eru kunnugir, láta sér varla til hugar koma, hvað þeir örðugleikar eru miklir.

Ég hef leyft mér að flytja hér þrjár smábrtt. við þetta frv., sem er í rauninni skrá yfir það, hvaða brýr það eru á landinu, sem í framtíðinni beri að byggja. Þessar brtt. minar eru á þskj. 464. Hin fyrsta þeirra er ekki annað en leiðréttíng um það, að í staðinn fyrir „Sléttá í Svínadal" komi: Sléttá við Auðkúlurétt í Húnavatnssýslu. Vegna þess flyt ég þessa till., að Sléttá er ekki í Svínadal, og þetta er aðeins leiðréttingaratriði.

2. brtt. er um það að taka inn á skrána Laxá hjá Skrapatungu í Húnavatnssýslu. Þannig stendur á á þessum stað, að handan við ána af vegi og á veginn hinum megin eru fjórir bæir og þessir bæir hafa enga möguleika eins og sakir standa til þess að koma við öðru samgöngutæki en hestunum, vegna þess að það er ekki fært, nema kannske alveg um hásumarið, á bifreiðum yfir þessa á. Þarna er búið að gera áætlun og athuga brúarstæði, svo að það er ekkert í veginum hvað þetta snertir, en þessi á er á sýsluvegi, og kem ég síðar að athuga um það.

3. brtt., sem ég flyt á þessu sama þskj., er að brúa Svartá nálægt Barkarstöðum í Húnavatnssýslu. Þannig stendur þarna á, að þetta er brú af þjóðvegi og yfir á hreppsveg, og stendur þar þannig á, að þar eru sex bæir að vestanverðu við ána, sem hafa eins og stendur engan möguleika til þess að koma ökutækjum að alloftast, vegna þess að það vantar brú á ána. Ég skal taka það fram, að þarna er ekki búið að ákveða um brúarstæði, því að það getur víða komið til greina, því að þetta er engin stórá.

Nú heyrði ég það hjá hv. frsm. samgmn., að hann mælti það á móti þessum till., að þessar ár væru ekki á þjóðvegi, og það er rétt. En því þá að fara hér á Alþ. að ganga frá brúalögum, vitandi það, eins og tekið er hér fram í 2. gr. frv., rómv. III, að brýr á sýsluvegi eiga að vera kostaðar alveg af ríkinu, ef þær eru af ákveðinni stærð, og því þá að vera að ganga frá brúalögum hér án þess að taka upp alveg eins þær brýr, sem eru á sýsluvegum, eins og hinar, sem eru á þjóðvegum? Við skulum segja, að það væri eðlilegt, að hv. samgmn. hefði á þann hátt að hafa sýsluvegabrýr undir sérstökum flokki á l., en ég tel ekki vera réttmætt að ganga fram hjá þeim, því að það er víða svo, bæði varðandi þá brú, sem ég flyt hér till. um, og víða annars staðar, að það er engu síður og jafnvel miklu frekar þörf á að fá brúaða á, þó að það sé á sýsluvegi, eins og þjóðvegabrýrnar, en það mun áreiðanlega verða tekið svo af mörgum mönnum úti um landið, þegar þeir heyra lesna þessa skrá yfir ár, sem eigi að brúa, að hinar eigi að sitja á hakanum, þær sem séu á sýsluvegi. Þetta álít ég þess vegna alveg rangt, að ganga fram hjá sýsluvegabrúnum, og ég mun skoða það svo, að mín till. um brú á Laxá hjá Skrapatungu, þegar hún kemur til atkv. hér, muni skoðast sem bending um það, hvort sýsluvegabrýr skulu takast inn á frv. eða ekki.

Varðandi hinar brýrnar, sem eru annaðhvort af þjóðvegi yfir á sýsluveg eða þjóðvegi yfir á hreppsveg, eins og hér eru dæmi um, þá gætu þær líka verið undir öðrum flokki á l., en eiga þar að vera, því að úr því að farið er hér inn á það að afgr. brúalög og á að vanda dálítið til þeirra, þá álít ég að eigi að telja upp á þeim allar þær brýr, sem eru yfir ákveðið metratal, og það án tillits til þess, á hvaða vegaflokki þær eru, hvort þær eru á þjóðvegi, sýsluvegi eða af þjóðvegi á sýsluveg eða yfir á hreppsveg.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa brtt., en vonast eftir, að hv. samgmn. átti sig á því, að þetta muni vera réttari aðferð, og að hv. þdm. taki það til greina, þegar atkvgr. fer hér fram.

**Sigurður Ágústsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 472 að bera fram brtt. við frv. það, sem hér er tekið til meðferðar. Þessar brtt. eru, að teknar verði upp í 2. gr. frv., rómv. II. a, um endurbyggingu brúa á þjóðvegum, brú á Hítará á sýslumörkum Hnappadalssýslu og Mýrasýslu og í öðru lagi brú á Haffjarðará í Hnappadalssýslu. Ég sé, að hv. samgmn. hefur tekið upp í brtt. sínar á þskj. 487 Hítará á Stykkishólmsvegi, svo að það er í lagi hvað þá brú snertir. Hins vegar eru mér nokkur vonbrigði, að hvorki vegamálastjórnin né hv. samgmn. skuli hafa tekið upp Haffjarðará í Hnappadalssýslu, því að fyrir 2—3 árum gerði vegamálastjórnin till. til hv. fjvn. um það, að sú brú yrði endurbyggð þá strax, og óskaði að veittar yrðu til hennar um 250 þús. kr. á fjárl. Hv. fjvn. sá sér ekki fært á þeim tíma að samþ. þessa endurbyggingu eða framlag til að standast kostnað við endurbygginguna, og var því aðeins gert lítils háttar við þessa brú, sem er þó ein af elztu bogabrúm hér á landi. Hún var byggð árið 1912, svo að það segir sig sjálft, að þessi brú fullnægir hvergi nærri þeim kröfum, sem gerðar eru um styrkleika brúa á þessum árum. Sérstaklega er brúin allt of veik fyrir þá bíla, sem fara yfir hana, bæði á leið til Stykkishólms og Ólafsvíkur og vestur hreppana, og er það því almennt álit manna, að það þurfi nauðsynlega að styrkja hana mjög og helzt af öllu, eins og vegamálastjórnin gerði till. um, að endurbyggja hana algerlega að nýju. Ég vil því mjög eindregið mælast til þess við hv. samgmn., að hún taki upp í till. sínar brú á Haffjarðará eða heimild til þess, að hún verði endurbyggð ásamt fleiri brúm, sem þar er rætt um.

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. í tilefni af nokkrum atriðum, sem komið hafa fram í ræðum þeirra hv. þm., sem til máls hafa tekið.

Hv. 1. þm. Árn. (JörB) fannst nokkuð skorta á röggsemi hjá samgmn. að hafa ekki tekið afstöðu til Óseyrarnesbrúarinnar. Ég skil hv. þm. vel, að hann hefur mikinn áhuga fyrir því að

koma þessu máli fram. En ég vil, að hann og hv. þd. viti það, að afstaða samgmn. byggist að mestu leyti á því, að vegamálastjóri hefur lagzt á móti því, að þessi brú yrði að svo stöddu tekin upp í brúalög. N. hefur samt ekki viljað ganga endanlega inn á það að hafa þann hátt á, og þess vegna er það, sem ég óskaði þess, að hv. 1. þm. Árn. tæki till. sína aftur til 3. umr. Ég þakka honum fyrir það, að hann hefur orðið við þeirri ósk.

En varðandi hitt, að hann þurfi að harma það, að sér hafi yfirsézt að gera fyrr en nú grein fyrir höfuðatriðum þessa máls, vil ég aðeins segja það, að í samgmn. komu mörg af hans mjög glöggu rökum fram. Bæði átti þar sæti hv. samþm. hans, hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), og eins dró vitamálastjóri, hv. 5. landsk. (EmJ), sem einnig á sæti í n., fram ýmis þessara raka, sérstaklega þau, sem snerta þýðingu slíkrar brúar fyrir sjávarútveginn á Stokkseyri og Eyrarbakka í sambandi við hafnarskilyrði á þessum stöðum annars vegar og hins vegar í Þorlákshöfn.

Ég fullvissa hv. þm. um það, að samgmn. vill líta á þetta af sanngirni. En hins vegar hlýtur hún auðvitað að hlýða einnig á rök þess embættismanns, sem fyrst og fremst hefur verið falið að fjalla um þessi mál, vegamálastjórans. En sem sagt, n. mun taka þessa brtt. hans til endanlegrar athugunar fyrir 3. umr.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) kvartaði undan því, að ekki væri kveðið á um það í frv., hvar brú skyldi byggð yfir Sléttá. Hann hefur flutt brtt. um það, að hún skuli byggð við Auðkúlurétt. Vegamálastjóri taldi ekki rétt að ákveða það í frv., hvar yfir ána brúin skuli byggð, og afstaða n. byggist á því.

Um ósk hv. þm. Snæf. (SÁ) um það, að endurbygging brúar á Haffjarðará verði tekin inn í frv., vil ég aðeins segja það, að það eru náttúrlega ýmsar brýr fleiri en þær, sem nefndar eru í frv., sem þörf er á að endurbyggja á næstunni. En þeirri stefnu hefur verið fylgt að taka aðeins fáar þeirra, helzt þær, sem eru á fjölförnustu leiðum og brýnust nauðsyn ber til að verði endurbyggðar. Ég held nú, að það geti ekki verið neitt úrslitaatriði fyrir hv. þm. að fá þessa brú tekna inn í frv. Það verður snúizt við því að endurbyggja hana eins fljótt og auðið er og ekki líklegt, að það ráði úrslitum, hvort hún verður tekin inn í frv. nú eða ekki.

Ég vil svo aðeins segja það, að það hefur orðið misprentun í brtt. samgmn. Þrír síðustu stafliðirnir í 3. brtt. eiga að berast upp sem brtt. við II., þar sem þar er um endurbyggingu á brúm að ræða. Ég held, að vegna þessarar misprentunar sé rétt að láta ekki atkvgr. fara fram um málið nú, og vil beina því til hæstv. forseta, en að sjálfsögðu verður svo séð um, að brtt. n. verði prentaðar upp og liggi réttar fyrir hv. þm. er til atkvgr. kemur. Ég vil svo endurtaka það, að n. mælir gegn samþykkt allra annarra brtt. en þeirra, sem hún flytur sjálf, og brtt. hv. 1. þm. Árn. um brúna á Óseyrarnesi, sem hún hefur óskað eftir að hann taki aftur til 3. umr., og hann hefur orðið við.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég skal nú ekki ítreka neitt þau rök, sem ég flutti hér áðan varðandi brýr á sýsluvegum, en ég heyrði það hjá hv. frsm., að n. muni ekki ætlast til þess að taka neitt af þeim brúm inn á brúalögin, og þykir mér það leitt, en þar með er náttúrlega ekki sagt, að aðrir hv. þm. séu bundnir við það að greiða atkv. eftir fyrirskipun þeirrar n. En varðandi þetta litla atriði um leiðréttingu, sem ég tel bara hreina leiðréttingu varðandi Sléttá, þá er það þar eins og annars staðar, að það dettur auðvitað engum manni í hug að færa veginn, því að brúin verður að koma þar, sem vegurinn liggur að, og það er rétt við Auðkúlurétt. Sú á, sem þarna er um að ræða, er lítil spræna, og veltur ekkert ákaflega á miklu um, hvort brúin er 20—100 metrunum ofar eða neðar, en aðalatriðið, sem réð því, að ég flutti þessa brtt., er það, að Sléttá er alls ekki í Svínadal, heldur í Sléttárdal, og þess vegna getur það ekki staðizt að láta þetta nafn standa óbreytt eins og það er í frv. hv. nefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 464,1 felld með 16:12 atkv.
— 464,2.a felld með 16:10 atkv.
— 464,2.b felld með 15:8 atkv.
— 487,1—4 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 476,1 felld með 16:5 atkv.
— 497 tekin aftur til 3. umr.
— 472 tekin aftur til 3. umr.
— 487,5.a—b samþ. með 24 shlj. atkv.
— 476,2 felld með 15:3 atkv.
— 487,5.c samþ. með 22 shlj. atkv.
— 476,3 felld með 18:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 525, 472, 497, 527, 537).

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Samvn. samgm. hefur rætt þetta mál milli umr. og athugað þær brtt., sem fram hafa komið. Samkomulag varð um það í n. að mæla með samþykkt tveggja brtt., sem fyrir liggja frá hv. þdm., þ. e. í fyrsta lagi brtt. á þskj. 537 frá hv. þm. Rang., um þá breyt. á 2. gr. frv., að þar sem segir í 23. lið d: „Hólsá hjá Ártúni í Landeyjum“, skuli koma: Hólsá í Landeyjum.

Nefndin hefur rætt við vegamálastjóra um þessa breyt., og telur hann, að hún sé sanngjörn, þar sem ekki sé fullráðið, að brúin verði byggð hjá Ártúni. Þess vegna sé eins skynsamlegt, að því sé ekki slegið föstu í l.,

hvar í Landeyjum hún skuli byggð, en þjóðvegur liggur að ánni, þannig að brúin verður á þjóðvegi, þegar hún verður byggð, og þjóðvegur liggur þar nú þegar að. N. mælir því með, að þessi till., sem er nánast sagt leiðrétting, verði samþykkt.

Þá er brtt. á þskj. 527 frá hv. þm. A-Húnv. (JPálm), fyrri brtt. við 2. gr. frv. um, að fyrir „Sléttá í Svínadal" komi: Sléttá í Sléttárdal. — Nokkur ágreiningur hafði verið milli flm. og n. við fyrri umr. um þessa brtt. En hann hefur nú flutt hana nokkuð breytta, og n. hefur í samráði við vegamálastjóra fallizt á það, að rétt sé að gera þessa breytingu á, að í staðinn fyrir „Sléttá í Svínadal" komi: Sléttá í Sléttárdal. — Þetta skiptir nú víst ekki meginmáli, þar sem Sléttárdalur mun vera hluti af Svínadal, eða a. m. k. lítur vegamálastjóri þannig á. En sem sagt, sættir hafa nú tekizt milli n. og vegamálastjóra annars vegar og hv. þm. A-Húnv. hins vegar á þeim grundvelli, að þessi breyting verði gerð. Mælir n. því með, að fyrri till. á þskj. 527 verði samþ.

Hins vegar leggur n. gegn síðari till. við 2. gr. frv., að upp í endurbyggingu brúa á þjóðvegum verði tekin Blanda um Blönduós. Vegamálastjóri upplýsir að vísu, að þessi brú sé nú ein hinna elztu, sem byggðar hafi verið, en telur hana traustbyggða og sterka brú og ekki meiri ástæðu til þess að taka hana upp í brúalög nú undir þessum lið en fjöldamargar aðrar brýr. N. leggur þess vegna gegn því, að þessi brtt. verði samþ.

Þá er hér brtt. frá hv. þm. Snæf. (SÁ), sem mér skilst að hann hafi endurflutt, þ. e. um að taka brýr á tvær ár upp í endurbyggingarkafla frv., Hítará og Haffjarðará. Um hina fyrri er það að segja, að samkv. till. n. var hún tekin upp í frv. við 2. umr., en n. mælti þá gegn því, að Haffjarðará yrði tekin þar upp, og er hún nú sem fyrr andvíg því og mælir því gegn samþykkt þeirrar brtt.

Þá er loks brtt. sú, sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) flutti við 2. umr. og nú einnig við 3. umr., um brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, nýjan lið. Þar sem þessi brú var ekki á þjóðvegi, taldi n. við 2. umr., að hún gæti ekki mælt með því, að hún yrði tekin upp í frv. Nú milli umr. hefur hún svo tekið hana til athugunar að nýju, en ekki náð um hana samkomulagi. Nm. hafa því óbundnar hendur um fylgi eða andstöðu við till., þannig að ég get ekki fyrir hönd n. mælt með henni eða móti. Hv. þm. hafa heyrt þau rök, sem hafa komið fram með og móti því að taka þessa brú upp í brúalög, og tel ég óþarft að endurtaka þau. En eins og ég sagði, náðist ekki samkomulag um afstöðu til hennar í n., og hljóta því hv. þm. jafnt og nm. í samgmn. að hafa óbundnar hendur um afstöðu til hennar.

Að öðru leyti vil ég undirstrika það, að n. væntir þess, að þær brtt., sem hún hefur mælt gegn, verði ekki samþ. og að málið fái sem skjótasta afgreiðslu út úr hv. þingdeild.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru felldar allar till. um það að taka sýsluvegabrýr inn á þessi brúalög, og er náttúrlega ekkert við því að segja, því að í raun og veru er það ekki kannske neitt aðalatriði, hvort ein brú er á brúalögum eða ekki. Hitt er meginatriði, hvaða fjárveitingar eru lagðar fram til þess að byggja upp brýr. En hinu er ekki að neita, að víða er það svo, að það er jafnmikil þörf á að byggja upp brýr á sýsluvegum eins og þjóðvegum, og ríkissjóður á að kosta hvort tveggja að fullu, eftir því sem verið hefur upp á síðkastið og gert er ráð fyrir samkv. þessum lögum.

Varðandi þær tvær smábrtt., sem ég hef flutt á þskj. 527, þá vil ég nú mótmæla því, sem fram kom hjá hv. frsm. samgmn., að Sléttárdalur sé hluti af Svínadal. Það eru tveir dalir, og það er þar háls á milli, og dettur engum kunnugum manni í hug að jafna því saman, og er í raun og veru merkilegt, að ein 5 manna n. hér á hv. Alþ. skuli ekki vera betur að sér í landafræðinni en það að geta ekki gert sér grein fyrir því, hvað dalirnir heita í landinu. En n. ætlar nú að ganga inn á þetta, svo að það verður nú sjálfsagt leiðrétt, því að þetta er nú ekkert annað en leiðrétting.

Varðandi brúna á Blöndu er það að segja, að hún er ein af elztu brúm landsins og mun vera byggð 1896. Hún er miklu mjórri en æskilegt væri og nú er tíðkanlegt á þeim brúm, sem byggðar eru upp, og það hefur hvað eftir annað þurft að endurbæta hana. Þetta er ekkert sérlega löng brú, og stöplarnir eru náttúrlega í góðu lagi. Þetta er járnbrú. En þegar farið er að setja skrá um það, hvaða gamlar brýr skuli endurbyggja í næstu framtíð, þá fannst mér það eðlilegt og sjálfsagt, að þessi brú yrði tekin þar með, en ég geri nú ráð fyrir, að mikill hópur af þeim brúm, sem hér eru taldar upp í þessu lagafrv., hljóti að bíða töluvert lengi, þangað til þær verða byggðar, en sem sagt fannst mér það ósköp eðlilegt, að þessi brú kæmi undir þann kafla, þar sem taldar eru upp þær gamlar brýr, sem æskilegt er að endurbyggja. Annars má gera ráð fyrir því, úr því að hv. n. getur ekki fallizt á þessa till., að þá verði hún felld, og það verður þá að hafa það.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Í rauninni er það óþarft fyrir mig að taka til máls í sambandi við till. á þskj. 537, þar sem frsm. samgmn. hefur lýst því, að samgmn., eftir að hafa rætt við vegamálastjóra, fellst á till. Það má segja, að till. sé lítið annað en leiðrétting; hún fer ekki fram á nein fjárframlög fram yfir það, sem væri, ef brúin á Hólsá væri byggð þar, sem brúarstæðið er nú ákveðið. En ástæðan til þess, að við þm. Rang. flytjum þessa brtt., er sú, að brúarstæðið hjá Ártúni er ekki eins hagstætt og ætlað var í fyrstu og reynslan hefur sýnt, að það er jafnvel hættulegt að þrengja ána hjá Ártúnum fyrir ofan Djúpóssfyrirhleðsluna; af því gæti stafað hætta fyrir Djúpóssfyrirhleðsluna.

Með þessari brtt. er gert ráð fyrir að brúin verði byggð allmiklu neðar, en þar sem ekki hefur verið mælt nákvæmlega fyrir brúarstæðinu, er ekki nánar tiltekið með þessari till.,

hvar brúin skuli byggð, heldur en það, að hún skuli byggð í Landeyjum, við þjóðveginn í námunda við Þykkvabæ.

Ég vil aðeins láta þetta koma fram hér, vegna þess að brúin er búin að vera í brúalögum í nokkur ár, og hefur ekkert fjárframlag fengizt til hennar nú á síðustu árum. Einu sinni hafði verið veitt til hennar að mig minnir 80 þús. kr., en vegna þess, hversu brúarstæðið þótti alltaf vafasamt, hefur ekki enn verið byggð þarna brú, og nú upp á síðkastið ekkert fé veitt til hennar. Við teljum þess vegna, flm., að það sé ekki forsvaranlegt, úr því að verið er nú að endurskoða brúalögin og samþ. hér lög um margar brýr, sem skuli byggðar í náinni framtíð, að láta brúarstæðið enn vera ákveðið hjá Ártúnum yfir Hólsá, þrátt fyrir það þótt reynslan hafi sýnt okkur og kennt, að þetta brúarstæði sé vægast sagt vafasamt.

Þakka ég svo hv. samgmn. fyrir góðar undirtektir í sambandi við þessa till.

**Björn F. Björnsson:** Herra forseti. Við þm. Rang. fluttum allmargar brtt. við frv. til l. um brúargerðir, sem liggur fyrir hv. d. frá samgmn. Þessar till. okkar voru felldar við 2. umr. málsins að undanskilinni einni, sem fjallaði um endurbyggingu á brú yfir Ytri-Rangá við Hellu og samgmn. tók upp í sínar till.

Í frv., eins og 1. flm. till. á þskj. 537, hv. 1. þm. Rang. (IngJ), gat um, er gert ráð fyrir nýrri brú yfir Hólsá hjá Ártúnum í Rangárvallahreppi eða efst við þessa á, en á þessum stað mun fáum eða engum heimamanna hafa dottið í hug brúarstæði á Hólsá. Áður og allt til þessa tíma hefur verið gert ráð fyrir því, að brú kæmi á Hólsá á allt öðrum stað og miklu neðar við þetta mikla vatnsfall, sem þrjár stórár falla í, þ. e. Eystri- og Ytri-Rangá ásamt Þverá úr Fljótshlíð. Brúarstæðið við Ártún, eins og frv. gerir ráð fyrir, veldur því nokkurri undrun kunnugra manna.

Með því að þetta mál er stórfellt hagsmunamál héraðsins, vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum frekar til viðbótar því, sem hv. 1. þm. Rang. hefur fram tekið varðandi brtt. okkar á þskj. 537 og fjallar um það að ákveða brúnni stað neðar við Hólsá, eða í Landeyjum, eins og orðað er í till. okkar, og þannig stefnt í rétta átt miðað við hagsmuni héraðsbúa og fyrri hugmyndir manna um brúarstæði við þessa á. Skal vikið hér fáeinum orðum að samanburði á brúarstæði við Ártún og svo brúarstæði samkvæmt tillögu okkar þm. Rang.

Það var fyrst á árunum 1938—41, að hugmyndin um ákveðið brúarstæði við Hólsá varð skýr og fyllilega afmörkuð. Þáverandi þm. Rang. báru fram á hv. Alþ., í sambandi við breyt. á vegal., till. um framlengingu Ásvegar, sem liggur frá Suðurlandsbraut móts við Meiritungu um Þykkvabæ að Brú á Hólsá við Unhól í Þykkvabæ. Þessi till. þm. var fram komin fyrir beiðni flestra þeirra mörgu bænda, sem hagsmuna áttu að gæta um, að samgönguerfiðleikar þeirra leystust á viðunandi hátt, og ekki er vitað, að neinn aðili máls hafi við þessa lausn haft nokkuð að athuga, heldur hafi þeir verið mjög einhuga um þessa till. sem hina þörfustu og vafalausa. Áttu þáverandi þm. Rang. tal um þetta samgöngumál við vegamálastjóra, og hafði hann talið líklegra, að brúin yrði sett nokkru ofar, eða móts við Ytri-Hól í Vestur-Landeyjum, og er í till. okkar þm. Rang. einmitt svigrúm fyrir brúna á þessum stað.

Einmitt á þessum slóðum er fjölbýlast, og þarna eru einhverjar blómlegustu byggðir héraðsins, bæði vestan og austan árinnar. Hið myndarlega og vaxandi sveitaþorp í Þykkvabæ er annars vegar árinnar, og með brú í Vestur-Landeyjum kemst byggðin í báðum Landeyjum í hið beinasta samband við neðri byggðir héraðsins að vestanverðu, en að brú yrði reist við Ártún í Rangárvallahreppi kom engum þá til hugar, og svo mun vera enn í dag að því er varðar heimamenn velflesta.

Með brú við Ártún eru augljósir hagsmunir Landeyinga og Þykkbæinga að þarflausu fyrir borð bornir, en gömul áform og ákvarðanir um lausn geysimikils hagsmunamáls fjölda Rangæinga að engu haft. Leiðir Landeyinga hafa að fornu og nýju legið til Þykkvabæjar um Hólsá neðanverða, en víðs fjarri Ártúnum, sem sýnir ljóslega, hvar þeir, Landeyingarnir, fyrr og síðar töldu sér hentast að fara yfir þessa miklu á. Öllum Þykkbæingum mundi, eins og fyrr er á drepið, verða til hinnar mestu gagnsemdar á ýmsa lund, að brúin kæmi nær þeim. Staðháttaathugun staðfestir þetta álit.

Í þessu sambandi má geta þess, að fá sveitarfélög hafa lagt meira á sig en einmitt Þykkbæingar til þess að gera sveit sína byggilegri, og við bættar samgöngur munu framtíðarmöguleikar þar vera nær ótæmandi.

Þess má hér geta, að hjá Ártúnum er geysimikil flóðhætta, eins og hv. 1. þm. Rang. drap á, og þegar þar væri búið að þrengja farveginn að miklum mun vegna brúargerðar, mætti sannarlega við því búast, að af gæti hlotizt hið mesta tjón. Áveitukerfi Safamýra er einmitt á þessum slóðum og væri við þrengingu árinnar við Ártún í stórlegri hættu, sérstaklega flóðgarðarnir, auk þess sem þjóðvegurinn, sem liggur þarna að vestanverðu niður árbakkann, mundi fara í vatn yfir lengri eða skemmri tíma, a. m. k. síðla vetrar og fram eftir í vorleysingum.

Af framansögðu verður það ljóst, að alveg að nauðsynjalausu hefur verið breytt um stefnu í þessu máli, eftir því sem fram kemur í frv., og að mínu áliti alveg gersamlega öndvert hagsmunum þeirra, sem við eiga að búa, brotið í bága við æskilegt og fyrirhugað vegakerfi, sem leiða mundi til mikilla bóta í samgöngumálum þéttbýls og þýðingarmikils landssvæðis. Auk þess er eigi séð né gert sannanlegt á neinn hátt, að brúarstæði við Ártún í Rangárvallahreppi væri að neinu leyti ódýrara eða tryggara en á þeim stað, sem við flm. gerum ráð fyrir, þ. e. a. s. á hentugum stað í Vestur-Landeyjum, en hins vegar miklar líkur til þess, að brúargerð við Ártún mundi verða til ófyrirsjáanlegs tjóns bæði á þjóðvegi og

stórfelldum ræktunarmannvirkjum, sem þar í grennd hafa verið reist á undanförnum árum og áratugum.

Við þm. Rang. fluttum sem fyrr segir till. um brúarstæði á Hólsá við Þykkvabæ, sem var fullkomlega inn í því „plani", sem var uppsett fyrir nærfellt áratug og enginn hefur áður hreyft mótmælum gegn, en þessi till. okkar var við 2. umr. málsins felld, illu heilli tel ég, en eins og komið er máli, er ekki um að sakast. Og til þess nú að bjarga því, sem bjargað verður, — og allajafna er hálfur skaði skárri en allur, — þá flytjum við þessa till. á þskj. 537, þ. e., að brúnni á Hólsá verði ákveðinn staður í Vestur-Landeyjum, en ekki við Ártún, eins og fram kemur í frv., og þannig er að minu áliti með nokkrum hætti og sæmilega góðum stefnt að hinu rétta og upphaflega setta marki.

Vænti ég þess, að hv. þm. sjái sér fært að greiða þessari till. okkar atkv. sitt. Og þá fer svo, að framtíðinni er ætlað að skera úr um nánara val á brúarstæðinu.

Þá vil ég að lyktum þakka hv. samgmn. d. mjög vel fyrir það, hversu skörulega og vel hún hefur tekið þessari till. okkar, svo sem ljósast mátti verða af ræðu hv. frsm.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Frsm. samvn. samgmn., hv. þm. N-Ísf. (SB), skýrði frá því hér áðan og réttilega, að n. hefði ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu brtt. á þskj. 497, um brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, og þess vegna hefðu nm. allir óbundið atkv. um afgreiðslu þess máls.

Mér þykir þess vegna rétt að skýra með örfáum orðum frá því, hvers vegna ég hef ákveðið að greiða till. atkv. Svo hagar til á ströndinni þarna, að eini staðurinn, þar sem til mála kemur að gera höfn, sem það nafn getur verðskuldað, er Þorlákshöfn, en á milli Þorlákshafnar, sem er að heita má óbyggður staður eða lítt byggður a. m. k. enn þá, og sjávarplássanna Eyrarbakka og Stokkseyrar er þessi mikli þröskuldur, Ölfusá, sem ekki er hægt að komast yfir nema með því móti að fara upp að Selfossi og yfir núverandi brú þar og síðan niður til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þessi leið er, eftir því sem ég veit bezt, hátt í 50 km löng, en leiðin frá Þorlákshöfn og til Eyrarbakka mun ekki vera nema rétt rúmir 10 km. Sjá allir þess vegna, hversu mikil óþægindi það eru fyrir þá, sem hygðust nota Þorlákshöfn sem útgerðarstað, en eiga þó heimili sín á Stokkseyri og Eyrarbakka, að fara þessa löngu leið til að komast þarna á milli.

Það, sem þess vegna í stuttu máli er ástæðan til þess, að ég hef ákveðið að vera till. fylgjandi, er það, að ég tel brúna svo afar nauðsynlega fyrir sjávarplássin austan Ölfusár og sambandið þaðan við Þorlákshöfn. Hinu er ekki heldur að neita, að á síðari árum hafa verið uppi raddir bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka um endurbætur á höfnunum þar, eða lendingunum, sem er kannske réttara að kalla það þar, vegna þess að þeim sárnar mjög að horfa á það dag eftir dag og kannske viku eftir viku að geta ekki róið til fiskjar frá Eyrarbakka og Stokkseyri, þó að vel fært sé frá Þorlákshöfn. En ef þeir mundu eygja þann möguleika, að brú kæmi á Ölfusá, þá hygg ég, að allt tal um hafnargerð á þessum tveim stöðum -- svo að nokkru næmi a. m. k. — mundi niður falla.

Ég tel þess vegna, að það sé nauðsynlegt þegar á þessu stigi málsins, að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum að byggja brúna, sé öruggt brúarstæði á ánni þarna og komi í ljós, að brúargerðin geti orðið til þess að tryggja íbúum Stokkseyrar og Eyrarbakka þá afkomu, sem þeir óska eftir að fá, með beinu sambandi við Þorlákshöfn, og þá sé með þessari viljayfirlýsingu Alþingis fenginn grundvöllur fyrir því, að hafnargerðir á þessu svæði verði að mestu eða öllu látnar á einn stað, þ. e. a. s. Þorlákshöfn, og ekki hugsað um það á hinum stöðunum, enda tel ég, að það mundi ekki verða, a. m. k. fyrir þær upphæðir sem eygjanlegar eru, nema kák eitt. En hins vegar er ég nærri viss um það, að ef viljayfirlýsing eins og þessi væri ekki gefin af Alþ., þá mundu báðir þessir staðir reyna að bæta úr lendingum sínum, eftir því sem þeir mögulega gætu, vegna þess að þeir sæju fram á það, að brúin kæmi ekki.

Hafnargerð í Þorlákshöfn hefur miðað allvel áfram síðustu árin, og lenda þar nú til afgreiðslu allstór millilandaskip, sem bæði geta látið þar í land vörur og tekið þar aftur fisk og fiskafurðir til útflutnings. Það, sem mest bagar þar, er öruggt legusvæði fyrir róðrarbáta, en einnig það stendur til bóta, og verður væntanlega hægt að bæta úr í náinni framtíð, svo að sækja megi sjó þaðan frá öllum þessum plássum á einum stað, ef tengiliðurinn yfir Ölfusá er fyrir hendi.

Nú er mér að vísu ljóst, að þessi brúargerð á Ölfusá er dýr, þó að ekki liggi fyrir um hana neinar kostnaðaráætlanir, en undir hana renna svo margar stoðir, að ég tel, að það ætti þrátt fyrir það að geta orðið viðráðanlegt.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna ég og nokkrir aðrir nm. í samgmn. hafa ákveðið að fylgja þessari till., þó að ekki hafi náðst samkomulag um hana í nefndinni.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt til hv. samgmn., þeirra manna sérstaklega, er hafa mælt með till. minni, að hún yrði samþ. inn á frv. Hv. frsm. gat þess, að n. hefði óbundið atkv. og mælti ekki beinlínis öll með samþykkt hennar, en mér fannst einhvern veginn það liggja í ummælum hans, að þótt svona væri hóflega til orða tekið, þá mundi nú n. öll vera till. fylgjandi, og tel ég það vel farið.

Hv. 5. landsk. (EmJ) drap nú á höfuðatriðin, sem snerta þetta mál og eru þess valdandi, að miklu varðar, að menn fái von í kauptúnunum eystra um það, að þetta mannvirki komi á sínum tíma. Það gefur mönnum vonir um að heyja sína baráttu á þessum stöðum. Þó að það komi ekki strax að því, að áin verði brúuð, þá getur það samt sem áður gert sitt gagn, einmitt til þess að byggðin haldist þarna við og fremur blómgist en hitt. Og það er mikils vert að veita fólkinu þá von.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið nú. Höfuðatriði þess hafa komið hér fram, það sem ég tel að mestu máli skipti, og

ég vil vona, að hv. d. fallist á að samþykkja þessar breytingartillögur.

ATKVGR.
Brtt. 527,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 537 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 497 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 472 felld með 15:9 atkv.
— 527,2 felld með 16:8 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 606).

Á 74. og 75. fundi í Ed., s. d. og 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 606, n. 698).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Frv. það, er hér liggur fyrir á þskj. 606, um brúargerðir, er samið af vegamálastjóra og flutt af samgmn. hv. Nd. Áður en frv. þetta var lagt fyrir hv. Alþ., var það til athugunar í samvn. samgmn., þ. e. í samgöngumálanefndum beggja deilda.

Hefur sá háttur verið hafður á, þegar um hefur verið að ræða verulegar breytingar á vega- eða brúalögum o. fl. Hefur þá verið reynt að samræma sjónarmið og vilja hv. þm., sem verið hafa með brtt. viðvíkjandi kjördæmum sínum, sem þeir hafa óskað að koma fram, og nefndirnar þá gert tillögurnar að sínum, eftir því sem möguleikar hafa verið á. Annars hefur í þessu tilfelli að mestu verið farið að tillögum vegamálastjóra um þetta frv.

Brúalög voru fyrst sett árið 1919 og 1932. Gilda þau enn með nokkrum breytingum frá 1943 og 1947. Það eru því 7 ár síðan þeim var síðast breytt. Er því ekki óeðlilegt, að lögin séu nú endurskoðuð, felldar úr lögunum brýr, sem þegar hafa verið byggðar, en bætt inn í óbyggðum brúm á þjóðvegum og víðar. Óbyggðum brúm á þjóðvegum hefur fjölgað, m. a. vegna þess, að nýir vegir hafa verið teknir inn í þjóðvegatölu, nú síðast 1951, og við það bætzt allmargar óbrúaðar ár á þjóðvegina.

Í frv., eins og það liggur nú fyrir, eftir að hafa fengið afgreiðslu í hv. Nd., eru í 2. gr. taldar upp allar óbrúaðar ár á þjóðvegum, þær sem þurfa 10 m langar brýr og lengri, og eru þær 115 að tölu; auk þess brýr, sem þarf að endurbyggja, 20 talsins. Eru þetta samtals 135 brýr. — Þá eru einnig taldar upp aðrar brýr í þessari gr., sem ríkissjóði ber að kosta ýmist að öllu leyti eða að nokkru leyti, þ. e. brýr á fjallvegum og sýsluvegum. Það má gera þessar brýr að öllu fyrir fé úr ríkissjóði, og brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði gegn því, að það fé, sem á vantar, komi annars staðar frá. — Þá eru taldar upp í b-lið 2. gr. brýr, sem eru 4 m og allt að 10 m, og kostar ríkissjóður þessar brýr að öllu leyti á þjóðvegum og fjallvegum, og á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

Samtals eru nú 467 brýr, sem eru 10 m og lengri. Þessar brýr hafa verið byggðar á árunum 1890—1953, og við þessa tölu bætast allmargar bráðabirgðabrýr, sem einnig hafa verið byggðar.

Vegamálastjóri segir um þetta í grg. fyrir frv., að vegna mikilla breytinga, sem hafa orðið á þessum lögum, og vegna fram kominna brtt. við brúalögin á yfirstandandi þingi hafi þótt rétt að semja ný brúalög, þar sem þetta var sameinað, teknar upp í lögin nýjar brýr, sem breyttar aðstæður gerðu nauðsynlegt, og aðrar felldar af, sem búið var að byggja.

Samkvæmt aths. vegamálastjóra, sem fylgja frv., eru nú óbyggðar 135 brýr á þjóðvegum, 50 brýr á sýsluvegum og 4, sem hann telur hér á fjallvegum. Þetta eru samtals 189 brýr. — Það er einnig farið nokkuð í grg. út í kostnaðinn við byggingu á þessum brúm, en ég ætla að sleppa því núna og álít ekki vera ástæðu til þess að fjölyrða um þá hlið málsins á þessu stigi.

Eins og nál. á þskj. 698 ber sér, þá hefur samgmn. þessarar hv. d. haft frv. á ný til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., 4. þm. Reykv. (HG), var ekki á fundi, þegar málið var tekið fyrir, og hefur hann því ekki skrifað undir nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 749).

---

## 64. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 64. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins** [172. mál] (þmfrv., A. 480).

Á 65. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt að tilmælum stjórnar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hefur hún samið frumvarpið.

Efnisatriði frv. eru tvö. Hið fyrra er það, að eftir að sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld í 30 ár til sjóðsins, þá skuli iðgjaldagreiðsla hans falla niður, þó að hann haldi áfram störfum og hafi ekki náð því aldursmarki, sem veitir honum rétt til lífeyris. Stjórnin er á einu máli um það, að ekki sé eðlilegt, að sjóðfélagar greiði iðgjöld lengur en 30 ár til sjóðsins, enda allir útreikningar á lífeyri miðaðir við þann hámarksstarfsaldur, en 30 ára starfsaldur gefur rétt til fulls lífeyris, þegar látið er af störfum, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Hitt atriðið er það, að ef sjóðfélagi, sem er orðinn 65 ára og á rétt á lífeyri, heldur áfram störfum og frestar að taka lífeyri, þá skuli lífeyrisupphæðin hækka um 2% fyrir hvert ár, sem lífeyristökunni er frestað. Þetta er gert í því skyni að hvetja menn til að halda áfram störfum, þó að þeir hafi náð þeim aldri og starfsaldri, að þeir eigi rétt á lífeyri. Eins og l. eru nú, þá hefur maður, sem hefur byrjað mjög ungur, við skulum segja 25 ára eða þaðan af yngri og unnið óslitið hjá ríkinu, þar til hann er 60 ára, fengið samanlagt í aldur og starfsaldur 95 ár og getur því hætt með fullum lífeyri. Þjóðfélaginu er enginn fengur í því, að sextugur maður við góða heilsu láti af störfum og fari strax að taka eftirlaun, en fyrir manninn getur það í vissum tilfellum borgað sig, ef hann getur fengið störf annars staðar. Með því að hækka lífeyrisgreiðslur að nokkru fyrir hvert ár, sem hann frestar að taka lífeyri, telur stjórn lífeyrissjóðsins nokkrar líkur til þess, að maðurinn haldi áfram störfum lengur, meðan hann hefur fulla starfsgetu og stjórnarvöldin telja, að hann ræki starf sitt eins og til er ætlazt. Það hámark, sem sjóðfélagi gæti þannig komizt í með því að fresta lífeyristöku, væri 7½ ár, sem gæfi 15% hækkun á lífeyri, og fyrir mann, sem hefði full réttindi til lífeyris 60 ára, þýðir það, að hann gæti með því að vinna áfram til 75 ára komizt upp í 75% af lífeyrisupphæðinni. Slík dæmi eru að sjálfsögðu sárafá, en allmargir menn halda áfram störfum til 70 ára aldurs, og þeir mundu þá geta fengið um 20% hækkun á sínum lífeyri með því að halda áfram starfi svo lengi. Að öðru leyti skýrir grg. efni frv. fullkomlega, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta. Þetta kostar sjóðinn áreiðanlega engar aukagreiðslur, vegna þess að hann sparar meira á því að fresta lífeyrisgreiðslunum heldur en sem nemur þeirri hækkun, sem kemur á lífeyrinn vegna frestunarinnar, eftir þeim útreikningum, sem fyrir liggja.

Ég vil leyfa mér að leggja til að lokinni þessari umr., að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn., og vænti skjótrar afgreiðslu frá nefndinni.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég hef einu sinni áður hér á hv. Alþ. bent á það, að ég teldi, að annaðhvort af tvennu gæti átt sér stað: hækkun á eftirlaunum manna úr lífeyrissjóðnum ellegar lækkandi iðgjald í sjóðinn. Ég hélt þá og held enn, að það safnist meira fé í tryggingarsjóðinn en ástæða sé til til að láta hann standa undir sínum skuldbindingum. Hann tekur nú þarna að sér að vísu dálítið auknar skuldbindingar, ekki miklar, en dálitlar, sem hann vafalaust getur vel staðið undir og ég tel í alla staði réttmætar og sjálfsagðar. En ég vildi mjög fara fram á það, að n., sem fær þetta mál til athugunar, ekki sízt þar sem í henni er nú flm. og sá maðurinn, sem bezt er inni í þessum málum, athugaði þessa hlið. Mér virðist eftir því, hvað lífeyrissjóður embættismanna vex ört, að það geti ekki hjá því farið, að annaðhvort séu iðgjöldin í hann óþarflega há ellegar eftirlaunin óþarflega lág, og að það þurfi að finna á því réttlátara hlutfall heldur en nú er. Það var eðlilegt, þegar hann var fyrst stofnaður og fyrst framan af, meðan starfsárin voru fá og menn vissu ekki, hver meðalaldur lífeyrismanna yrði o. s. frv., að það væri reynt að hafa þetta þannig, að sjóðurinn væri alla vega tryggður. En nú er hann búinn að starfa það lengi, að ég skil ekki annað heldur en að hægt sé að finna nokkurn veginn hæfilegt hlutfall þarna á milli, sem vitanlega á þó að vera þannig, að sjóðurinn sé alltaf tryggður.

**Flm. (Haraldur Guðmundsson):** Herra forseti. Það er sjálfsagt, að n. taki til athugunar tilmæli hv. þm. N-M., en annars eru í l. sjálfum, eins og hv. þm. sjálfsagt veit, ákvæði um endurskoðun á iðgjöldum sjóðsins með tilliti til skuldbindinga hans á hverjum tíma. Sú endurskoðun á að fara fram á 5 ára fresti, og í lok ársins 1953 eða á þessu ári, 1954, eru 10 ár síðan sjóðurinn tók til starfa samkvæmt gildandi l. Það eru aðeins 10 ár síðan sjóðurinn tók til starfa samkv. þeim l., sem nú gilda, en eftir þeim l. var tryggingasviðið víkkað stórkostlega, þannig að það eru um ferfalt fleiri meðlimir sjóðsins nú en eftir gömlu lífeyrissjóðslögunum frá 1920, því að þá voru það aðeins lögskipaðir embættismenn, sem þar voru, en nú eru það starfsmenn hins opinbera yfirleitt. Þessi endurskoðun eða útreikningar á hag sjóðsins fara nú fram, og ég geri ráð fyrir, að einhvern tíma á þessu ári verði þessum útreikningum lokið, þannig að fyrir liggi, hvernig hagur sjóðsins í raun og veru er. En ég er ekki á sama máli af þeirri lauslegu athugun, sem gerð hefur verið, eins og hv. þm. um það, að hagur sjóðsins sé óþarflega góður. Ég hygg þvert á móti, að hagur sjóðsins sé fremur of tæpur heldur en hitt. Menn gera sér nú kannske ekki grein fyrir því, að iðgjöldin til sjóðsins eru ekki að öllu leyti öll sama eðlis. Iðgjöld sjóðfélaganna eru 4% af launaupphæðinni, og ríkissjóður leggur aðra 4 á móti, þannig að það, sem sjóðurinn fær til að mæta sínum áfallandi skuldbindingum, er um 8% af launum, og með þeim reglum, sem gilda fyrir sjóðinn, held ég, að þetta sé mjög tæpt áætlað, sérstaklega með tilliti til barnalífeyris, sem er töluvert hár. En þeim 2%, sem ríkissjóður greiðir til viðbótar í sjóðinn, þannig að heildargreiðslur eru 10%, er ætlað að standa undir þeim halla, sem af því leiðir, að eldri starfsmenn, sem greitt hafa í sjóðinn eftir eldri lögum og miklu lægri iðgjöld, eiga að fá sömu réttindi og þeir, sem nú eru meðlimir

sjóðsins og hafa greitt eingöngu samkvæmt hinum nýju l. frá 1943, og það er víst, að þessi 2% nægja ekki til þess að bæta upp það, sem greiða þarf meira hinum eldri meðlimum sjóðsins heldur en það, sem þeir hafa til hans greitt.

En sem sagt, þetta verður athugað núna á þessu ári og grundvöllur sjóðsins reiknaður út, enda er svo fyrir mælt í l., að ef slík athugun og rannsókn á sjóðnum leiðir til þess, að annaðhvort þarf að hækka iðgjöldin eða lækka, þá skuli það gert, ef ekki verður þá breytt fríðindum sjóðsins, þannig að jafnvægi náist á tekjum hans og gjöldum eftir því, sem frekast væri hægt að áætla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 480, n. 571).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, á þskj. 480, er um það að lögbjóða, að sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, skuli ekki skyldaður til þess að halda áfram iðgjaldagreiðslum, þar sem samkv. 12. gr. l. er talið, að hann hafi náð fullum réttindum, þ. e. að fá í lífeyri 60% af meðallaunum, eins og segir í þeirri grein.

Eins og kemur fram í grg. frv., þá hefur orðið nokkur ágreiningur um þetta meðal sjóðfélaga annars vegar og sjóðsstjórnarinnar hins vegar, enda gerir ekki 10. gr. l. beinlínis ráð fyrir því, að iðgjaldagreiðslur skuli falla niður, og mætti meira að segja skilja svo þá grein, að það væri ætlazt til þess, að iðgjaldagreiðslurnar héldu áfram, þótt þær gefi ekki frekari rétt en 12. gr. segir til um. Þess vegna hefur hv. flm. ætlazt til þess, að gr. yrði breytt og nú yrði skýrt kveðið á um það, að iðgjaldagreiðslurnar skyldu niður falla.

Hitt efni frv. er, að ef frestað verði lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga, þá skuli þær hækka um 2% á hverju ári svo lengi sem frestunin stendur yfir.

Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til meðferðar og rætt bæði þessi atriði. Hún hefur verið alveg sammála um að leggja til, að 2. gr. frv. yrði samþykkt; um það er enginn ágreiningur. Það er til hagsbóta bæði fyrir sjóðfélaga sjálfan og einnig fyrir sjóðinn, að þeirri skipun yrði komið á og sú breyting gerð. Hins vegar hefur n. ekki orðið sammála um, að 1. gr. frv. yrði samþykkt. Meiri hl. n. vill, að hún verði felld niður úr frv., og færir fyrir því þau rök, er ég skal nú greina frá.

Það er sýnilegt, að með þeim breytingum, sem orðið hafa á þessum málum hin síðari ár, þ. e., að menn hafa tekið starf hjá ríkinu miklu yngri í seinni tíð en þeir gerðu fyrr á tímum, þá er hámarkið, samanlagt aldurshámark og starfstímahámark, orðið úrelt, enda sýnir það sig nú, að starfsmaður getur hlotið full réttindi samkv. óbreyttum lögunum, þó að hann hafi ekki náð 60 ára aldri. Hann getur, áður en hann verður jafnvel 58 ára, hafa náð sameiginlegum starfstíma og aldri 95 ár, og meiri hl. n. vill ekki stuðla að því, að það sé haldið áfram á þeirri braut, að menn hafi fullan lífeyri jafnvel áður en þeir verða 60 ára að aldri. N. vill hins vegar ekki gera till. um þetta í sambandi við þetta frv., sem hér fyrir liggur, heldur vill setja beinlínis inn í löggjöfina, að lögin um lífeyrissjóðinn, nr. 101 frá 1943, skuli verða endurskoðuð á þessu ári með tilliti til þess, að þessum ákvæðum verði breytt samkv. hinum breyttu aðstæðum, sem orðið hafa síðan lögin voru samþykkt.

Það var rætt um þetta atriði við formann sjóðsins og við tryggingafræðing, hr. Guðmund Guðmundsson, og a. m. k. er óhætt að fullyrða, að tryggingafræðingurinn var fullkomlega á þeirri skoðun, að það væri rétt, að þessi endurskoðun færi fram, og einnig raunverulega formaður sjóðsins og einmitt með tilliti til þessa atriðis, sem ég þegar hef minnzt á, og að það væri rétt að setja það inn í þetta frv., að slík endurskoðun skyldi fara fram og henni skyldi lokið á þessu ári og að þetta skyldi gert í samráði við sjóðsstjórnina.

Endurskoðun getur vel leitt það í ljós, að nauðsynlegt væri og eðlilegt að hækka aldurstakmarkið, en það gæti aftur leitt til þess, að annaðhvort yrði lífeyrishámarkið hækkað frá því, sem nú er, þ. e. yfir 60%, eða iðgjaldagreiðslurnar yrðu lækkaðar. Meiri hl. n. gerir engan ágreining um það atriði á þessu stigi málsins. Það, sem vakir mest fyrir honum, er það, að því ákvæði verði breytt, sem nú er í lögunum, að menn geti tekið fullan lífeyri á bezta aldursskeiði annars vegar, og hins vegar er það a. m. k. mín skoðun, að lögin eigi að ákveða það beinlínis, að menn skuli greiða í sjóðinn svo lengi sem þeir taka starf hjá ríkinu. Ríkissjóður greiðir inn í sjóðinn fyrir alla sína starfsmenn, og það væri óeðlilegt frá mínu sjónarmiði, að sá hluti tekna til starfsmanns félli niður, þó að hann hafi náð ákveðnu hámarki, eins og mundi verða, ef 1. gr. frv. yrði samþykkt. Sjóðurinn mundi sjálfsagt fá meiri tekjur, ef þessum ákvæðum yrði haldið, og það hlyti aftur að verða til þess, að sjóðurinn gæti gert annað tveggja að hækka lífeyrinn eða lækka iðgjöldin fyrir viðkomandi aðila.

Ég tel af þeirri reynslu, sem ég hef fengið af þessum málum þann tíma, sem ég var í fjvn., að þá sé rangt að stuðla að því, að sjóðurinn geti t. d. ekki hækkað sinn ellilífeyri, því að reynsla mín af þessum málum hefur verið sú undanfarið, að svo að segja hver lífeyrisþegi, sem hefur haft til þess einhverjar ástæður, hefur knúið á hjá ríkissjóði til þess að fá uppbót á lífeyrisgreiðslurnar beint úr ríkissjóði á 18. gr., og það álít ég ranga stefnu. Ég álít, að það eigi að búa svo að lífeyrissjóðnum, að hann geti greitt eðlilegan lífeyri til sinna starfsmanna, án þess að þeir þurfi að leita beint til ríkissjóðsins um uppbætur. Og að því miða þá einnig þær till., sem gerðar eru af meiri hl. n. í þessu máli á þskj. 571.

Með tilvísun til þess, sem ég hef hér sagt, leggur meiri hl. til, að 1. gr. frv. verði felld niður. Öll n. leggur til, að á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, sem orðist þannig: A-liður-

inn, það sem verður 3. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi“, og b-liðurinn, að á eftir þeirri grein komi bráðabirgðaákvæði, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. lætur fara fram endurskoðun á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða, og að endurskoðun skuli lokið á þessu ári. — Hv. 4. þm. Reykv. (HG) hefur fyrirvara um 1. brtt., eins og ég hef þegar skýrt frá, en er að öðru leyti sammála um þær breytingar, sem fram eru settar á þskj. 571.

Ég vil mega vænta þess, að hv. d. fallist á allar þær brtt., sem bornar eru fram á þskj., og að málið verði afgr. þannig breytt hér út úr þessari hv. deild.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Eins og fram er tekið í nál. á þskj. 571, þá hef ég fyrirvara um eina af brtt. n. eða meiri hl. nefndarinnar.

Ég tel ekki, að ástæða sé til þess að fella 1. gr. niður úr frv. Eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, þá eru reglurnar um rétt manna til greiðslu fulls lífeyris úr sjóðnum þær, að til þess þarf í fyrsta lagi hlutaðeigandi meðlimur sjóðsins að hafa greitt iðgjöld í full 30 ár. Þá fær hann rétt til lífeyris að því tilskildu, að hann sé orðinn 65 ára eða að samanlagður starfsaldur og aldur nemi 95 árum samtals.

Nú er það svo, eins og hv. frsm. réttilega tók fram, að þessi ákvæði í lögunum eru frá þeim tíma, þegar svið sjóðsins var miklu þrengra en nú er, meðan lögin voru aðeins um lífeyrissjóð embættismanna, sem menn fóru venjulega ekki að greiða til, fyrr en þeir höfðu lokið embættisprófi og fengið fast starf, og þá var meðalaldurinn gjarnan 25—30 ár, þegar menn byrjuðu störf. Við það, að tryggingarsvið sjóðsins hefur verið fært út, hefur sú breyting á orðið, að miklu yngri menn byrja að greiða gjöld til sjóðsins, og þá sýnir sig, að menn geta innan við sextugt öðlazt rétt til fulls lífeyris samkvæmt þessum ákvæðum um samanlagðan starfsaldur og aldur.

Ég er því alveg sammála brtt., sem um þetta fjallar, þ. e. a. s. brtt. 2,b á þskj. 571, sem fjallar um, að lögin skuli endurskoðuð með það fyrir augum að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar.

Hins vegar fæ ég ekki séð, að af því leiði, að eðlilegt sé að fella niður 1. gr. í frv., sem segir, að þegar menn hafa greitt í 30 ár iðgjöld til sjóðsins, þá skuli greiðslur iðgjalda falla niður. Ég hygg, að allir séu sammála um það, að þó að breyting yrði gerð á þessu ákvæði laganna og t. d. þetta aldursmark hækkað, þá mundi sú breyting engan veginn verða látin ná til þeirra manna, sem nú eru um það bil að fylla þrjátíu ára starfsaldur. Og ég hygg, að það sé álit a. m. k. sjóðsstjórnarinnar og án efa margra fleiri, að erfitt sé að gera þessa breytingu á aldursmarkinu, ef ekki ótækt, þannig að hún taki til þeirra, sem hafa tekið við starfi hjá ríkissjóði og greitt í sjóðinn undir þessum ákvæðum laganna, því að það mætti skoða sem breytingu á þeirra ráðningarkjörum. Hins vegar veldur það miklum erfiðleikum við afgreiðslustörf hjá sjóðnum að koma mönnum í skilning um, að þeim beri að greiða lengur en þau 30 ár, sem til þess þarf að fullnægja skilyrðum til þess að eiga rétt á fullum lífeyri.

Ég mun því greiða atkvæði gegn brtt. 1 á þskj. 571, þar sem ég tel, að í fyrsta lagi sé ekki eðlilegt að beita þessu ákvæði gagnvart mönnum, sem hafa náð þessum aldri, og í öðru lagi, að þó að breyting verði gerð á aldursmarkinu samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, þá tel ég útilokað, að það verði látið ná til nokkurra þeirra manna, sem nú eru að nálgast þetta aldursstig, og jafnvel ekki til þeirra, sem hafa ráðizt til starfs hjá ríkinu undir þeim ákvæðum, sem nú eru í lögunum að því er þetta varðar.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, að hann liti svo á, að samþykkt á 1. gr. gæti ekki haft nein áhrif á aldurstakmarkið, þó að það væri samþ. nú, þá vil ég í sambandi við þetta benda á tvennt. Í fyrsta lagi: Ef greinin er samþ., þá er þar með fastákveðið, hvernig skilja beri það ákvæði núgildandi laga, sem deilt er um nú, þ. e., að sjóðfélagar, sem greitt hafa í 30 ár, skuli ekki greiða lengur. Þetta stríðir raunverulega á móti orðum laganna, eins og þau eru nú. Í fyrsta lagi kemur það ekki fram í 10. gr., að þessari greiðslu skuli hætt, eins og ég hef tekið fram, nema síður sé, auk þess sem 12. gr. laganna nú segir beinlínis, að ef starfstíminn hafi verið 30 ár eða lengur, — með því er gert ráð fyrir, að greitt hafi verið lengur en 30 ár, — þá skuli viðkomandi aðili hljóta ákveðinn ellilífeyri. Það væri því að torvelda það takmark, sem meiri hlutinn vill ná í sambandi við endurskoðun laganna, og það er að halda áfram greiðslunum fram yfir 30 ára aldurinn, — það væri til að torvelda að ná því takmarki, ef 1. gr. frv. er samþ. Á það vil ég leggja áherzlu.

Hinu atriðinu, sem hv. þm. talaði um, að það væri miklum erfiðleikum bundið að koma mönnum í skilning um, að þeir eigi að greiða eftir 30 ára tímabilið, vil ég svara því, að ég tel það síður en svo neina fjarstæðu og teldi einmitt, að það ætti að taka þá reglu upp, að eins og hækkuð er hér á hverju árabili, víða um 1½%, sums staðar 2% og jafnvel upp í 3% og 3½% viðbót til lífeyrisins við hvert starfsár, sem maðurinn starfar og greiðir, þá ætti að halda þeirri reglu áfram, og gæti þá farið svo, að ef maðurinn greiddi ekki í 30 ár, heldur t. d. 40 ár, þá væri hann kominn upp í hærri lífeyrisbætur. Það þarf ekki að fara saman, að stöðvaðar séu lífeyrisbætur, þó að menn hafi greitt í 30 ár og hafi náð 60% hámarki, heldur miklu frekar, að þeir fái að halda áfram starfi með rétti til hækkandi lífeyris. Næstu fimm ár gætu bætzt við 15% í lífeyri, og væri þá komið upp í 75%, og það teldi ég síður en svo nokkra goðgá.

Það er einmitt það, sem liggur á bak við flutning á brtt. okkar í meiri hl., að það sé einmitt athugað gaumgæfilega, hvort það sé ekki sú rétta

leið, og þar með að forða ríkissjóði frá því að þurfa að taka á sig nýjar byrðar í sambandi við þessa menn, ef þessum málum yrði komið fyrir á þann hátt, sem ég þegar hef bent á. Ég mun því mjög mælast til þess, að hv. d. samþ. brtt. og einnig þá 1. brtt. um að fella niður 1. gr. frv. Ég sé heldur enga hættu í þessu eða erfiðleika fyrir sjóðsstjórnina, þó að hún fái ekki þessar breytingar á þessu rúmlega hálfa ári, sem eftir er, þar til lögin eiga að endurskoðast á ný. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu og þeir, sem endurskoða lögin, og svo Alþ. síðar, að það skuli *láta þessa menn hætta að greiða, þegar þeir eru* búnir að greiða í 30 ár, er enginn skaði skeður, þó að það verði beðið með það ákvæði þennan tíma. Komist þeir hins vegar að annarri niðurstöðu, þá mun það valda frekari erfiðleikum, ef búið er að fastsetja um það lög á Alþ., að þessir menn skuli ekkert greiða, eins og lagt er til í 1. gr. frv.

ATKVGR.

Brtt. 571,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, IngF, JJós, JK, KK, PZ, SÓÓ, AE, GíslJ.

**nei:** BrB, FRV, HG.

VH greiddi ekki atkv.

4 þm. (BBen, GÍG, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 571,2.a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 571,2.b (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 600).

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vildi hreyfa því hér og beina því til hv. flm. þessa frv., sem mig minnir að hafi verið hv. 4. þm. Reykv. (HG), að í nokkrum tilfellum hafa orðið örðugleikar út úr því, þegar starfsmaður Reykjavíkurbæjar, sem hefur goldið þar — eða fengið þar goldið, réttara sagt — framlag í lífeyrissjóð bæjarins og mundi hafa öðlazt greiðslurétt, ef hann hyrfi úr starfi samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í þeim reglum, — þegar slíkur maður hverfur t. d. á miðjum aldri yfir í ríkisþjónustu, þá vantar fyrirmæli um það, hvernig fara skuli, þannig að hann geti áfram notið þeirra hlunninda, sem hann var búinn að öðlast *með greiðslunum, sem hans vegna voru* inntar af hálfu Reykjavíkurbæjar. Þetta hefur átt sér stað í nokkrum tilfellum, sem ég veit beint um, og ekki enn fengizt lausn á. Ég vildi hreyfa því, að við þá endurskoðun l., sem á að fara fram, verði þetta atriði sérstaklega haft í huga. Það hlýtur að vera hægt að finna þá lausn t. d., að greiðslurnar hjá Reykjavíkurbæ renni yfir til lífeyrissjóðsins. Það kunna að vera fleiri möguleikar fyrir hendi, en þarna er um að ræða raunverulegt vandamál, sem ég hygg að stjórn sjóðanna, hvors um sig, hafi ekki enn þá fundið lausn á, en ef svo er, þá er það alveg nýlega. (Gripið fram í.) Já, það er mjög trúlegt, að það gildi um fleiri slíka sjóði, og þeim mun meira er verkefnið til lausnar og því meira áríðandi, að það verði reynt að finna viðhlítandi lausn fyrir þessa aðila. Það er vissulega hart, hafi maður t. d. verið í annarra þjónustu og þar verið borgað af launum hans fram til 50 eða 55 ára aldurs og hann þá fyrst verði ríkisstarfsmaður, ef hann á að lokum ekki að njóta greiðslna úr lífeyrissjóðnum nema fyrir þann stutta tíma, sem hann hefur verið í ríkisþjónustu, og ekki *fá neitt úr lífeyrissjóði bæjarins* eða þeirrar stofnunar, sem hann vann við, eins og hv. 1. þm. N-M. (PZ) hér hreyfði.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Mér virðist þessi ábending hæstv. ráðh. fullkomlega réttmæt og eðlileg. Að vísu man ég ekki neitt dæmi þess, að það hafi komið að sök, að ekki eru lagaákvæði til um þetta efni. Menn hafa flutzt úr þjónustu Reykjavíkurbæjar og í þjónustu ríkisins, og þá hefur lífeyrissjóður starfsmanna tekið við þeim gegn ákveðinni greiðslu frá þeim sjóði, sem hann áður var tryggður í, í þessu tilfelli eftirlaunasjóði Reykjavíkurbæjar. Það eru fleiri sjóðir en eftirlaunasjóður Reykjavíkurbæjar, sem koma til greina í þessu efni. Það eru allir viðurkenndir sérstakir eftirlaunasjóðir, þ. á m. lífeyrissjóðir bankanna og nokkrir fleiri, sem hafa fengið viðurkenningu. Því má vel vera, að það sé eðlilegt að setja bein ákvæði um þetta í lögin sjálf, en hingað til hefur þeirri reglu verið fylgt, að sá maður, sem um er að ræða, eða sá sjóður, sem hann hefur verið tryggður hjá, hefur greitt til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins upphæð, sem svarar til þess, sem honum hefði borið að borga þangað, ef hann hefði verið í þjónustu í stofnun ríkisins allan sinn starfstíma. Hins vegar eru ákvæði hinna ýmsu sérsjóða um iðgjaldagreiðslur og réttindi dálítið mismunandi, þannig að ekki mundi vera hægt að slá þeirri reglu einnig fastri, að það, sem viðkomandi maður hefði greitt í þann sjóð, skyldi yfirfærast í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem er auðvitað einfaldast. Í ýmsum tilfellum yrði að reikna út mismuninn á því tryggingargjaldi, sem hann hefur greitt í fyrri sjóðinn, og því, sem honum hefði borið að greiða í lífeyrissjóð starfsmanna. Um þetta hefur jafnan samizt til þessa á milli hlutaðeigandi sjóða, en ég er sammála hæstv. ráðh. um, að ef fært þætti, þá væri betra að setja um þetta ákveðin fyrirmæli í l. sjálfum, og það er því meira aðkallandi sem fleira er myndað af sérstökum lífeyrissjóðum, sem fá viðurkenningu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 600, n. 695).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 753).

---

## 65. Orkuver Vestfjarða.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um orkuver Vestfjarða** [144. mál] (þmfrv., A. 371).

Á 51. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Frv. um nýtt orkuver á Vestfjörðum flutti hv. þm. Barð. og ég á þinginu 1951. Það var að öllu meginefni samhljóða því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 371. Nú flytjum við allir þm. Vestfirðinga í Nd. frv. og höfum gert á því þær breytingar frá því það var flutt seinast í Ed., sem raforkumálastjóri þá í viðræðu við n., sem fjallaði um málið, lagði til. Það er í fyrsta lagi sú breyting, að ríkisstj. er heimilað að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7 þús. hestafla orkuveri. Það var till. raforkumálastjórans þá, að orðalagið væri á þennan hátt, en ekki bundið við 7 þús. hestöfl ákveðið. Og enn fremur að ríkisstj. væri heimilað að fela rafmagnsveitunum að leggja aðalorkuveitu eða háspennulínur um Vestfjarðasvæðið, þ. e. a. s. vestur á bóginn til kauptúnanna Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og svo til Hnífsdals og Ísafjarðar.

Í 2. gr. er ríkisstj. heimilað að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins tækju, allt að 60 millj. kr., eða, eins og raforkumálastjóri lagði til, þegar málið var til meðferðar í Ed. á sínum tíma, jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Það vildi hann að bættist þá við, og sú breyting hefur hér verið tekin upp í frv. að ábendingu raforkumálastjórans. Enn fremur er heimilað að taka lán úr raforkumálasjóði, samkv. ákvæðum 35. gr. raforkulaganna, allt að 20 millj. kr., þó aldrei meira en ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. Upphæðin 60 millj. kr. er tekin upp í þetta frv. eftir síðustu upplýsingum frá raforkumálastjóra, þar eð útreikningar, sem að vísu er ekki alveg búið að ganga frá, benda nú til þess, að kostnaður við virkjun Dynjandisár í allt að 7 þús. hestafla orkuveri fari ekki fram úr 50—60 millj. kr. Það eru upplýsingar, sem eru fengnar nú nokkrum dögum áður en frv. var lagt fram. Áður höfðu menn staðið í þeirri meiningu, að virkjunarkostnaður yrði verulegum upphæðum meiri, jafnvel 80—90 millj. kr.

Í 3. gr. eru varnaglar, sem settir hafa verið inn í flest þau frv. um ný orkuver, sem Alþ. hefur afgr. á hinum síðari árum, sem sé um það, að framkvæmdir samkv. 1. gr. frv. megi ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaganna. Þessir varnaglar ættu alls ekki að verða að meini þessu máli, því að svo oft er búið að áætla það og útreikna og endurreikna á ný, og verið er nú að ganga frá útreikningum um kostnað og virkjunartilhögun í einstökum atriðum enn einu sinni og því verki nálega að verða lokið, enda hafði raforkumálastjóri gert ráð fyrir því, að þessum nýju seinustu áætlunum yrði lokið ekki síðar en vorið 1953, en það hefur orðið svolítið á eftir tímanum, en er nú sem sé verið að ganga frá því.

4. gr. fjallar um það, að ríkissjóður skuli gera ráðstafanir til að tryggja sér vatnsréttindin í Dynjandisá, ef ekki sé búið að ganga frá því máli að fullu nú. Það var flm. ekki kunnugt um. Eins og kemur fram í grg. með frv., þá eignaðist Páll Torfason og menn, sem gengu í félag með honum árið 1912, vatnsréttindi í vatnsföllunum fyrir botni Arnarfjarðar, og voru þau vatnsréttindi síðan í eign þess félags og síðar í eign Fornjóts Torfasonar, sem nú mun vera nýlega látinn, og er því sennilegt, að vatnsréttindin séu í eign dánarbús hans.

5. gr. lýtur að því, að kostnaður sá, sem hlutafélagið Orkuver Vestfjarða tók á sig á sínum tíma við rannsóknir og áætlanir vegna virkjunar vatnsfallanna fyrir botni Arnarfjarðar á árunum 1942—44, skuli á sínum tíma verða tekinn með í heildarkostnað orkuvers Vestfjarða og endurgreiðast sveitarfélögunum, sem lögðu þessar upphæðir fram. Það er ekkert sagt um, hvenær þetta skuli gerast, en í frv., sem flutt var í Ed. 1951, var gert ráð fyrir því, að það yrði gert þegar í stað. Mér finnst engu máli skipta héðan af, þótt sveitarfélögin eigi þetta fé inni hjá ríkinu, þangað til búið væri að koma þessu orkuveri upp, og væri það vitanlega samningsatriði milli aðila.

Frv. fylgir ýtarleg grg., þar sem öll saga

þessa máls er rakin, en það er saga 40 ára tímabils, frá því að fyrst var byrjað að hefja undirbúning að virkjun Dynjandisár og vatnsfallanna í Arnarfjarðarbotni. Þá var ætlunin að virkja þarna orku til stóriðju á Vestfjörðum, og danskur og norskur sérfræðingur, sem um málið fjölluðu, töldu, að það væri tæknilega fært að leiða fjórar ár á þessu svæði saman í einn farveg og virkja þar afl, sem gæfi um 30 þús. hestöfl fimm mánuði ársins, þ. e. a. s. yfir vetrarmánuðina, en rúmlega 50 þús. hestöfl sjö mánuði af árinu.

Það má svo segja, að ekkert hafi verið gert í því að athuga möguleika til samvirkjunar fyrir Vestfirði í þessum vatnsföllum, fyrr en sveitarfélögin á Vestfjörðum bundust samtökum árið 1942 um að reyna að hrinda málinu af stað. Þau lögðu fram fé miðað við íbúatölu, Ísafjarðarkaupstaður og allir kauptúnahreppar nir allt vestur til Patreksfjarðar, og kusu þessu fyrirtæki stjórn, réðu sérfræðing til rannsóknanna, Finnboga R. Þorvaldsson verkfræðing, nú prófessor, og voru rannsóknirnar framkvæmdar í þrjú sumur. Þegar grundvöllur hafði þannig verið lagður að þessu máli, töldu þm. Vestfjarða málið vera komið á slíkan rekspöl, að það væri affarasælast að afhenda ríkinu málið til framkvæmda. Og þá er það, að þáverandi samgmrh., Emil Jónsson, felur vegamálastjórninni og raforkumálastjórninni að búa til áætlanir um virkjunina. Vegamálaskrifstofan afhenti það Höjgaard & Schultz, sem þá hafði hér raforkuframkvæmdir og ýmsa aðra mannvirkjagerð með höndum, og nú var rannsóknum haldið áfram og kostnaðaráætlun gerð. Niðurstaðan af þessari kostnaðaráætlun varð sú, að það mundi kosta um 26 millj. kr. að byggja orkuver við Dynjandisá og leiða háspennulínur til allra kauptúnanna á Vestfjörðum og til Ísafjarðarkaupstaðar og auk þess að byggja 10 spennubreytistöðvar við kerfið, en svo var ætlunin, að sveitarfélögin sjálf byggðu lágspennukerfin innanbæjar og spennubreytistöðvar þar eftir þörfum.

Þegar svo farið var að athuga þessar áætlanir allar saman og uppdrætti, þá virtist eiginlega undirbúningi málsins vera lokið, en þá lagði raforkumálastjóri til, að ekki væri ráðizt í virkjunina að sinni. Hann benti á, að fyrstu rekstrarár orkuvera væru yfirleitt fjárhagslega erfið, þar sem fólkið væri ekki búið að venjast raforkunotkun í ýmsum myndum. Hann taldi, að lágspennukerfin í kauptúnunum væru mjög léleg, þau þyrfti að endurbyggja, til þess að þau væru fær um að taka við raforku frá heildarorkuveri, og það væri þess vegna að byggja fyrir framtíðina að endurbyggja lágspennukerfin í öllum kauptúnunum með það fyrir augum, að hægt væri að tengja þau síðar við heildarkerfið. Raforkumálastjórinn lagði enn fremur til, að byggðar yrðu dieselrafstöðvar í öllum kauptúnunum, til þess að fólk vendist við að nota raforku, ekki aðeins til ljósa, heldur líka til suðu og smáiðnaðar og yfirleitt til þess iðnaðar, sem væri verið að byggja upp á þessu svæði. Og þetta var gert. Sveitarfélögin réðust í þetta, byggðu myndarlegar dieselrafstöðvar, og var seinasta kauptúnið búið að ljúka þessu árið 1951, og þá hafði líka verið endurbyggt lágspennukerfið í öllum kauptúnunum á Vestfjörðum. Ísafjörður hafði áður endurbyggt sitt lágspennukerfi og komið upp vatnsorkuveri í botni Skutulsfjarðar, hafði virkjað þar rúmlega þúsund hestöfl, stöð, sem er nokkru minni en gamla Elliðaárstöðin hér inn frá, og bærinn og Eyrarhreppur höfðu fengið góða og ódýra raforku frá því orkuveri allt frá því 1937. En sýnt var, að þar var ekki hægt að virkja meiri orku, vegna þess að vatnið var fullnotað, og Ísafjörður sá þannig fram á stóraukna þörf fyrir raforku fyrir bæjarbúa og Eyrarhreppsbúa.

Allur meginhluti svæðisins, sem samvirkjun fyrir Vestfirði á að sjá fyrir raforku, er því nú búinn að gera þær undirbúningsráðstafanir, sem raforkumálastjóri á sínum tíma, þegar áætlunin lá fyrir 1946 um heildarvirkjunina, taldi heppilegt undirbúningsskref: að vinna upp orkunotkunina í öllum kauptúnunum og í Ísafjarðarbæ. Síðan hafa íbúarnir á þessu svæði fengið reynslu af raforkuframleiðslu með vatnsafli, þ. e. a. s. í Ísafjarðarbæ og Eyrarhreppi, og raforkuframleiðslu með dieselrafstöðvum. Reynslan um verðlagið er svo sú samkv. staðfestum gjaldskrám, að á Ísafirði er raforkuverðið sambærilegt við raforku frá Sogsvirkjuninni. Til lýsingar almennt er verðið kr. 1.60 á Ísafirði, kr. 1.75 í Reykjavík. Til suðunotkunar á heimilum gegnum sérmæli 38 aura kwst. á Ísafirði, 44 aura í Reykjavík, Stórar vélar á 35 aura kwst. á Ísafirði og 26—44 aura í Reykjavík. Til daghitunar 20 aura kwst. á Ísafirði og 17 aura í Reykjavík. Það virðist þess vegna vera, þegar á heildina er litið, mjög sambærilegt verð, sem Ísfirðingar njóta, vegna þess að þeir byggðu sína vatnsaflsstöð 1937 með viðbótarvirkjun 1946. Á þeim tímum hafði okkur líka verið mjög ráðlagt af sérfræðingum að ráðast ekki í þessar virkjanir, halda miklu lengur áfram rannsóknum og undirbúningi, en það er áreiðanlegt, að það hefur sparað Ísfirðingum mörg hundruð þúsunda, kannske milljónir, að þeir komu þá upp sinni aflstöð árið 1937, og hafa notið hennar síðan, þó að þar kæmi, eins og við var búizt, að orkan var ekki nóg, og þá urðum við að neyðast til að byggja dieselrafstöð í viðbót, sem hefur orðið til þess, að raforkuverðið hefur þurft að hækka. Maður fagnar hverjum þeim vetri, sem ekki þarf að setja dieselstöðina í gang til hjálpar, og hefur sem betur fer, aðallega vegna veðráttu, farið svo bæði í vetur og s. l. vetur, að vatnsaflstöðin hefur dugað. Hins vegar er verðið, þar sem dieselrafstöðvarnar hafa komizt upp, eins og ráðlagt var, orðið geysilega hátt. Verðið til ljósa er yfirleitt frá þessum dieselstöðvum, sem byggðar voru, frá tveimur krónum og upp í þrjár krónur kwst. og aðrir taxtar eftir því. Auk þess er svo herbergjagjald, og ekki nóg með það, heldur hafa sveitarfélögin þrátt fyrir þessa gífurlega háu raforkutaxta orðið að taka á sveitarsjóðina stórkostlegan halla. T. d. er upplýst um Bolungavík, að hallinn hafi á árinu 1951 orðið

kr. 71392.58, og lögreglustjórinn þar segir þá í ræðu, að búast megi við, að hann verði ekki undir 111 þús. kr. árið 1952, eða um 200 þús. kr. halli á dieselrafstöð Hólshrepps á tveimur árum. En það leiðinlegasta við þetta er það, að verðið hafa þessar sveitarafveitur frá dieselstöðvunum orðið að setja svo hátt, að fiskiðnaðarfyrirtækin hafa ekki séð sér fært að kaupa orku frá þeim og hafa haldið áfram með sínar litlu mótorstöðvar, sem þau áður höfðu til orkuframleiðslu fyrir sig. Verðið er svo hátt, að þetta hefur ekki orðið lausn á þörf fiskiðnaðarins fyrir raforku, og verður það mál ekki leyst, fyrr en Vestfirðir fá vatnsaflsstöð.

Síðan 1946 hefur svo raforkumálaskrifstofan haldið áfram vatnsmælingum og áætlunum orkuvers við Dynjandisá og miðað allar athuganir sínar við hana eina. Niðurstaðan varð sú, að Höjgaard & Schultz og þeir, sem með honum athuguðu málið 1945 og 1946, töldu, að það væri alveg óþarft að vera að hugsa um Dynjandisá og Mjólká saman. Það væri miklu meiri orka en Vestfirðingar hefðu þörf fyrir um ófyrirsjáanlega framtíð. Dynjandisá ein gæti gefið 5150 kw., eða um 7 þús. hestöfl. En athuganir, sem miðaðar eru við orkunotkun á Sogsvirkjunarsvæði, þar sem menn eru búnir að hafa raforku til afnota einna lengst og atvinnuháttum er líkt hagað og á Vestfjörðum, a. m. k. er ekki minni orkunotkun til iðnaðar en búast má við þar, bendir til þess, að 7 þús. íbúar, sem eru á því orkuveitusvæði, sem hér er um að ræða, mundu þurfa rúmlega 3 þús. kw. til heimilisnota og lýsingar, smáiðnaðar og stærri véla og verkstæða og þar með talinn fiskiðnaðurinn á Vestfjörðum, eins og mannvirkjum er þar hagað nú. Ég endurtek, rúmlega 3 þús. kw., en orkuveita frá Dynjandisá mundi gefa 5150 kw. Auk þess er svo vatnsaflsstöðin á Ísafirði með yfir þúsund hestöfl, svo að það væri þarna um að ræða vatnsorkuver þegar í stað, þegar orkuver við Dynjandisá væri komið upp, með yfir sex þús. kw. orku, en orkunotkunin nú áætluð rúmlega þrjú þúsund. Það eitt er því víst, að það, sem hefur tafið málið til þessa, er ekki það, að vantað hafi nógu orkumikil vatnsföll á Vestfjörðum til þess að virkja, þó að því hafi lengi verið borið við. Það er enginn vafi á því, að norski verkfræðingurinn, sem 1916 gekk frá sínum áætlunum og áætlar að það sé hægt, með því að veita vatnsföllunum í Arnarfjarðarbotni saman, að fá þar 50 þús. hestöfl, það er og enginn vafi á því, að sú áætlun er á fullum rökum reist og að það er hægt að virkja á þann hátt, ef menn teldu nokkra þörf fyrir þá orku á Vestfjörðum á næstu áratugum.

Ég hef hér vikið að því, að íbúatalan, sem um væri að ræða að fengi raforku frá sameiginlegu orkuveri við Dynjandisá, sé um 7 þúsund manns, þ. e. a. s. í kauptúnunum Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungavík, Hnífsdal og Súðavík og Ísafjarðarkaupstað 6400 manns, en í sveitunum ca. 600 manns. Er talið, að það væru um 120—130 sveitabýli, sem kæmust örugglega í samband við þessa heildarraforkuveitu, ef Dynjandisá væri virkjuð.

Auk þess sem raforkumálaskrifstofan hefur hvað eftir annað gert áætlanir um byggingu orkuvers bæði við Dynjandisá og Mjólká, þá hafa líka verið gerðar mælingar fyrir háspennulínunni í öll kauptúnin á Vestfjörðum og til Ísafjarðarkaupstaðar. Sú háspennulína virðist vera um 137 km á lengd, og liggur hún til beggja handa frá orkuverinu. Orkuverið liggur nokkuð miðsvæðis, og er það talið mjög heppileg aðstaða. Yfir Arnarfjörðinn þarf á tveimur stöðum að leggja sæstreng og sömuleiðis yfir Dýrafjörð, og er kapallengdin meðreiknuð í heildarlengdinni á háspennulínunni 137 km.

Fyrir nokkru er líka búið að rannsaka öll helztu vatnasvæðin á Vestfjörðum. Stærsta vatnasvæðið, 93 km², liggur á Vestfjarðahálendinu upp af Vatnsfirði, og gætu menn látið sér detta í hug, að það væri þá sjálfsagðast að nota það vatnasvæði eða afrennsli þess til virkjunar. En virkjunaraðstaða er talin óheppileg þar, þar sem ekki væri hægt að virkja fyrr en fyrir neðan Vatnsdalsvatn, en þar er fallhæðin mjög lítil, í kringum 10 m. Næststærsta vatnasvæðið er svo fyrir botni Arnarfjarðar. Það er 56 km² og gefur þá virkjunarmöguleika, sem ég hef hér gert grein fyrir, — gæti, ef ánum væri öllum veitt saman, sennilega gefið allt upp í 30—50 þús. hestafla orku. Þriðja stærsta vatnasvæðið er svo suður af Drangajökli, við svokölluð Skúfnavötn, en afrennsli þeirra heitir Þverá og rennur til sjávar hjá bænum Nauteyri á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp. Þar hefur raforkumálastjórnin látið gera mælingar síðan árið 1942, eða nú um ellefu ára skeið, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þar megi örugglega virkja um 15 þús. kw., þ. e. a. s. yfirfljótanlega orku fyrir alla Vestfirði, en telur það til ókosta, að þá virkjun yrði að taka í einum áfanga, það væri ekki hægt að virkja þar út af fyrir sig svona 5000 kw., eins og orkuþörf Vestfjarða bendir nú til. Og annar höfuðókostur við þessa virkjun er sá, að Skúfnavötnin og Þverá liggja á enda virkjunarsvæðisins. Þaðan yrði til einnar handar að leggja alla háspennulínuna, sem yrði þá ekki undir 150—160 km. Þetta leiðir til þess, að þrátt fyrir það að um nægla vatnsorku sé að ræða og um þrjá möguleika a. m. k. að velja, þá hefur raforkumálaskrifstofan núna, eftir allar athuganirnar á undanförnum árum og áratugum, staðnæmzt aftur við Dynjandisá.

Fyrir nokkrum árum voru menn mjög að ræða um það, hvort það væri ekki alveg frágangssök að ráðast í Dynjandisvirkjun, hvort það yrði ekki bara að leysa þetta á Vestfjörðum með olíumótorum. Og ég hygg nú, að raforkumálastjóri hafi jafnvel verið trúaður á það sjálfur, að það kynni að verða framtíðarlausnin, þó að hann 1946 benti á, að þetta gæti verið gott undirbúningsskref fyrir aðalvirkjunina, aðallega til þess að vinna upp orkunotkunina, eins og ég áðan sagði. En nú eru menn búnir að fá reynsluna af þessu, og það er alveg greinilegt, að fiskiðnaðurinn á Vestfjörðum yrði að taka á sig slíka bagga sem fiskiðnaðurinn annars staðar slyppi við, að honum væri ekki við vært. Hann gæti varla

þrifizt með því orkuverði, sem þá yrði að vera á Vestfjörðum, nema því aðeins að það yrði að einhverju leyti tekið á herðar landsmanna annars staðar að lækka það með niðurgreiðslum.

Ég vil því a. m. k. halda því fram, og ég hygg, að flestir eða allir meðflm. mínir að þessu frv. séu þeirrar skoðunar, að margar olíustöðvar leysi ekki málið, reynslan sýni það. Orkan verði allt of dýr og öryggið ekki nægilegt, þar sem milljónaverðmæti væru þá tengd því í hverju kauptúni, að orkan brygðist aldrei.

En þá er um tvær leiðir að velja, þegar maður heldur sér eingöngu við vatnsorkuna. Það er að byggja smávatnsaflsstöðvar hingað og þangað um Vestfirði eða að byggja eitt orkuver og eina samveitu fyrir allt svæðið. Það væri víða á Vestfjörðum hægt að bæta úr orkuþörfinni með litlum vatnsaflsvirkjunum, en á öðrum stöðum væri það ekki hægt, og þá yrðu þeir staðir að búa áfram við raforku framleidda með olíu. Það væri strax höfuðókostur við að leysa málið með smávatnsaflsvirkjunum. Eini kosturinn við málið í sambandi við smávatnsaflsstöðvarnar væri sá, að það væri viðráðanlegra fjárhagslega í byrjun, en viðbúið væri, að orkan yrði tiltölulega dýrari frá slíkum dreifðum orkuverum. Það vill líka svo vel til, að raforkumálastjórinn hefur mjög skilmerkilega fært rök fyrir því, að samvirkjun hafi yfirburðakosti fram yfir aðrar leiðir, og telur hann kostina vera þessa:

1) Með samvirkjun fá allir staðirnir á Vestfjörðum vatnsorku, því að sérvirkjanir virðast ekki koma til greina alls staðar. Það er ekki hægt að leysa þetta fyrir allt svæðið með vatnsafli nema með samvirkjun.

2) Það er auðveldara að virkja til viðbótar, ef heildarþörfin vex, þegar um samvirkjun er að ræða.

3) Ef sérstök orkuþörf verður á einhverjum stað, t. d. vegna iðjurekstrar, er auðvelt að beina þangað orku frá samvirkjuninni. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, t. d. ef upp risi iðja, sem gæti nýtt sumarorku. Tenging við aðra landshluta gæti einnig komið til greina með tímanum, ef um samveitu er að ræða fyrir alla Vestfirði.

4) Tæknileg þjónusta yrði betri, og það yrði völ á tæknifróðari mönnum til samvirkjunar heldur en til sérvirkjunar og lítilla vatnsaflsstöðva.

Það er því engum vafa bundið, að raforkumálastjórinn telur, að öll sterkustu rökin mæli með samvirkjun fyrir Vestfirði. Og þegar búið er að þaulathuga allar leiðir, telur hann, að virkjunin í Dynjandisá eða í vatnsföllunum fyrir botni Arnarfjarðar sé hagfelldust, og hafa þó hinar leiðirnar, um virkjun Þverár og Vatnsdalsár, verið gaumgæfilega athugaðar.

Vatnsmælingar, sem eru grundvallarundirstaða, áður en ráðizt er í byggingu orkuvera, hafa farið fram um mjög langt árabil í þeim ám, sem hér er um að ræða, eins og gefur að skilja, þar sem athuganirnar að því er snertir Dynjandisá hefjast árið 1912, eða fyrir meir en 40 árum.

Síðan 1946, að samgmrh. þáverandi, Emil Jónsson, lét gera áætlanir um þessar virkjanir, hafa verið byggð og endurbyggð orkuver í öðrum landshlutum, góðu heilli. Til þessa er búið að verja hundruðum milljóna, og á meðan hefur ekkert gerzt í raforkumálum Vestfjarða annað en bygging dieselrafstöðvanna, sem nú eru orðnar átta talsins, og endurbygging á lágspennukerfunum í öllum kauptúnum Vestfjarða. Fólkið heima fyrir er búið að brjótast í því að láta undirbúa Vestfjarðavirkjun, það er búið að framkvæma það, sem bent var á af sérfræðingum að væri gott undirbúningsskref, til þess að það væri viðbúið að taka á móti heildarorkunni frá stórvirkjun við Dynjandisá. Ríkið hefur látið halda athugunum og rannsóknum áfram, og nú virðist í raun og veru ekki vera hægt að hugsa sér það, að málið sé dregið lengur á langinn. Nú situr að völdum ríkisstj., sem hefur ákveðið að leggja of fjár í mikið átak í raforkumálum, útvega a. m. k. 100 millj. kr. fjárupphæð, sem eigi að fara til raforkuframkvæmda, og efla raforkusjóð Íslands að fé á ári hverju, og sér þess nú þegar vott á fjárl. Það virðist því vera alveg óhugsandi, að það verði ekki nú einmitt það fyrsta, sem hæstv. ríkisstj. gerir, að hrinda af stað byggingu heildarorkuvers fyrir Vestfirði og Austfjarðabyggðir, en þetta eru þeir landshlutar, sem hafa nú beðið meðan verið var að byggja upp stórorkuverin hér fyrir Suðvesturlandið og norðanlands. Hvort tveggja var þó endurbygging og mikil orkuver komin þar fyrir.

Ég vil því í lok máls míns mælast til þess, að hv. alþm. kynni sér vel og rækilega þetta mál. Ég tel, að það hafi nú verið lagt allskilmerkilega fyrir með þeirri ýtarlegu grg., sem frv. fylgir, og vænti ég þess, að það gangi fljótt í gegnum nefndir og fái afgreiðslu hið bráðasta.

N., sem athugaði frv. um nýtt orkuver á Vestfjörðum 1952 í Ed., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„N. er ljóst, að raforkumál Vestfjarða verða ekki leyst til hlítar nema með ákveðinni stórvirkjun, og kemur þá m. a. til greina virkjun í Dynjandisá. Með þeim fyrirvara, sem gerður er í frv. (þ. e. um það, að ekki megi hefjast handa fyrr en nákvæmar kostnaðaráætlanir liggi fyrir, og sá varnagli er nú í frv. líka), þykir rétt að heimila þá virkjun eins og aðrar virkjanir, sem heimilaðar hafa verið á undanförnum árum. Hins vegar hefur þótt rétt að fella niður úr frv. ýmis ákvæði, sem fara í bága við hin almennu ákvæði um ný orkuver.“ Það hefur rækilega verið hreinsað í burt í þessu frv. og á því ekki að standa í vegi.

N. í Ed. lagði til 1951, að frv., með þessum áorðnum breytingum, yrði samþykkt. Enn sjálfsagðara er það nú að samþykkja frv., því að síðan þetta gerðist er búið að samþykkja mörg frv. með sams konar orðalagi og uppbyggingu og þetta, og framkvæmdirnar í raforkumálum Íslands hafa skilað okkur langt áleiðis síðan 1951. Það má vera öllum ljóst, að fólksstraumurinn frá Vestfjörðum á undanförnum árum er að nokkru afleiðing þess, að það hefur ekki verið búið eins vel að Vestfirðingum og atvinnulífi þeirra að því er raforku snertir og

að öðrum landshlutum. Það má því fyllilega búast við því, að ef menn verða vonlausir um, að Vestfirðingar og vestfirzkt atvinnulíf fái raforku jafnörugga og ódýra og fáanleg er í þjónustu atvinnulífsins annars staðar, þá verði þetta til þess að leggja Vestfjarðakjálkann í auðn. En hann hefur þó skilað drjúgum verðmætum í þjóðarbúið í sambandi við það aflamagn, sem borizt hefur að landi á Vestfjörðum að undanförnu, og er von, að ekki taki fyrir það, þó að nú horfi að vísu óvænlega fyrir vélbátaútgerðinni á Vestfjörðum, en togaramiðin eru þá úti fyrir Vestfjörðum, og eðlilegast væri, að þau væru nýtt frá Vestfjarðahöfnum.

Ég býst við því, að meðflm. minir tali einnig fyrir þessu máli og geri grein fyrir nauðsyn þess frá þeirra sjónarmiði, því að okkur er vissulega mikið í mun, að þessi heimildarlög, sem hér er farið fram á, fáist samþykkt nú á þessu þingi.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur nú gert allrækilega grein fyrir því og rakið sögu þeirrar virkjunar, sem hér um ræðir. Ég vil þó ekki láta hjá líða að láta nokkur orð fylgja þessu frv., sem ég er meðflm. að.

Ég hef oft áður hér á hv. Alþ. rakið erfiðleika Vestfirðinga í raforkumálum þeirra. Það er öllum kunnugt, að hið dýra rafmagn dieselrafstöðvanna, sem flest byggðarlögin á Vestfjörðum styðjast við í raforkumálum sínum, hefur ekki einungis bitnað mjög á öllum almenningi, heldur og torveldað atvinnurekstur á þessum stöðum. Raforkan er í dag meðal frumstæðustu lífsþæginda fólksins. Hún er jafnframt nauðsynlegasti orkugjafinn til atvinnurekstrar og sköpunar atvinnuöryggis og afkomuöryggis í landinu. Sá landshluti, sem farið hefur á mis við þessi gæði, hlýtur að standa höllum fæti, það fólk, sem byggir hann, hlýtur að eiga við ýmsa þá erfiðleika að etja, sem fólk á ekki við að stríða annars staðar, þar sem þessi lífsþægindi eru fyrir hendi.

Um þetta skal ég ekki fjölyrða. Ég hef lýst því hér áður, hvernig raforkuskorturinn hefur verkað á atvinnulíf Vestfirðinga og afkomuöryggi fólksins þar.

Það hefur um mjög langt skeið verið unnið að undirbúningi heildarvirkjunar fyrir Vestfirði og þá lengstum verið talað um að virkja vötnin við botn Arnarfjarðar og á hálendinu upp af Arnarfirði. Það er löng saga, sem óþarfi er að rekja hér, þar sem hv. 1. flm. hefur gert það í nokkrum atriðum. En ég vil segja það, að þessi saga er raunasaga, vegna þess að hún er full af mistökum, og á síðustu árum virðast mér alls ekki hafa verið höfð þau tök á rannsóknum virkjunarskilyrða á þessum stað, sem nauðsyn ber til og ætla mætti að maður gæti krafizt að höfð væru á af hálfu þeirra aðila, sem um slík mál eiga að fjalla. Ég mun færa að þessu nokkur rök. Á árunum 1942, 1943 og 1944 var á vegum sveitarfélaganna á Vestfjörðum unnið að rannsóknum á virkjunarskilyrðum í Arnarfirði. Niðurstaðan af því varð sú, að við þm. Vestfjarða, sem þá áttum sæti á Alþingi, fluttum árið 1944 frv. um orkuver Vestfjarða, þ. e. a. s. um virkjun Dynjanda. En þá kom það í ljós eftir allar þessar rannsóknir, að verkfræðingur sá, sem að rannsókninni hafði unnið, ágætur og fær verkfræðingur, taldi, að á þessu stigi málsins væri ekki ráðlegt að leggja út í virkjun Dynjanda, slík virkjun yrði of dýr og kostnaðarsöm fyrir svo fámennan landshluta. Þetta frv., sem við fluttum, Ásgeir Ásgeirsson, Finnur heitinn Jónsson, Barði Guðmundsson og ég, dagaði þess vegna uppi. Niður féllu þá um leið orðræður um samvirkjun fyrir Vestfirði við Dynjanda.

Þá tóku menn að litast um eftir öðrum leiðum í þessum byggðarlögum, sem skorti svo tilfinnanlega raforku. Og samkvæmt meðmælum sérfræðinga og jafnvel sjálfrar raforkumálastjórnar ríkisins síðar var mælt með því, að unnið yrði að byggingu dieselrafstöðva og sérvirkjana, þar sem vatnsvirkjunum yrði við komið fyrir einstök byggðarlög. Þegar um skeið hafði verið unnið að þessum framkvæmdum, tóku á ný að vakna bollaleggingar um það, að Dynjandavirkjun kæmi nú eftir allt saman til greina.

Ég vil geta þess hér, að eitt þeirra byggðarlaga, sem lengst hafa unnið að undirbúningi raforkuframkvæmda hjá sér, Bolungavík, hafði í byrjun ársins 1951 fengið samþykkt lög á Alþ. um ríkisábyrgð fyrir lánum til sérvirkjunar fyrir Bolungavík á Reiðhjalla í Fossá. Þetta byggðarlag hugðist sem sagt á grundvelli fyrra álits um það, að Dynjandavirkjunin væri ekki líkleg til þess að komast í framkvæmd á næstu árum, undirbúa sérvirkjun og bjó sig nú undir það að hefjast handa. En þá er það, eins og ég sagði áðan, sem bollaleggingarnar um heildarvirkjun fyrir Vestfirði eru á ný hafnar, og voru raunar áður hafnar.

Til þess að fá úr því skorið, hvað ofan á yrði hjá þeim vísu mönnum, sérfræðingum í raforkumálum okkar, þá fluttum við þm. Vestfjarða í árslok, þ. e. a. s. haustið 1951, till. til þál. um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum. Ég var 1. flm. þessarar till., en meðflm. voru Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Jónsson og Hannibal Valdimarsson. Tilgangur þessarar till. var að fá endanlega úr því skorið, hvort heildarvirkjun í Arnarfirði kæmi til greina, þannig að ekki yrði haldið áfram að halda einstökum byggðarlögum uppi á snakki, ef svo mætti að orði komast, um óraunhæfa hluti, óraunhæfar leiðir í þessum málum, tefja sérvirkjanirnar með bollaleggingum um heildarvirkjun, sem svo ef til vill aldrei kæmi til framkvæmda. Þessi till. var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði, þannig að fullnægt geti orðið raforkuþörfum þessa landshluta. Skal leitt í ljós með rannsókninni svo sem auðið er, hvaða möguleikar eru til raforkuframleiðslu á þessu svæði. Rannsókn þessari sé hraðað eftir föngum og að því stefnt, að rökstuddar till. og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952."

Þessi till. var svo samþ. og rannsóknin hafin. — Það næsta, sem gerist svo í málinu, er það, að ég og hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) flytjum 14. jan. árið 1953 fsp. til raforkumálaráðherra, sem þá

var Hermann Jónasson, um það, hver árangur hafi orðið af fyrrgreindri rannsókn. Svaraði ráðherra þeirri fsp. á Alþ. 21. jan. Niðurstaða svars hans er byggð á umsögn raforkumálastjóra, sem hann las upp í bréfi. Var hún nánast tiltekin sú, að ekki sé ráðlegt að reikna með heildarvirkjun fyrir Vestfirði í Arnarfirði. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp kafla úr bréfi raforkumálastjóra, sem hæstv. þáverandi samgmrh. gerði að aðalatriði í svari sínu við fsp. okkar hv. þm. V-Ísf. Í bréfinu segir á þessa leið:

„Afl ánna í botni Arnarfjarðar er talið vera allt að 20 þús. hestöfl, en Vestfirðirnir þurfa ekki á að halda nema í kringum 7 þús. hestöflum. Aflið er því nægilegt, en það er mjög hætt við, að niðurstaða þessara úrslitarannsókna verði sú, að sameiginleg virkjun á þessum stað og veitur út frá henni um Vestfirði muni verða svo kostnaðarsöm, að ekki komi til mála að ráðast í framkvæmd hennar í fyrirsjáanlegri framtíð.“ Þetta segir raforkumálastjóri fyrir ári síðan, þegar hæstv. þáverandi samgmrh. svarar fsp. okkar um þetta atriði, og bendir um leið á, að sjálfsagt sé að halda áfram að undirbúa að byggja dieselstöðvar og undirbúa sérvirkjanir vatnsafls fyrir einstöku staði, þar sem það sé hægt. Hann segir að vísu einnig í þessu bréfi, að rannsóknirnar sé ekki fyllilega lokið. En þegar svo djarflega er tekið til orða og mikið fullyrt eins og þarna er gert, þá lítur út fyrir, að þessi hv. embættismaður hafi myndað sér nokkuð rökstudda skoðun um það, hvað skynsamlegt sé að gera í þessum efnum.

Þetta eru nú aðeins örfáir þættir úr þessari raunasögu um undirbúning virkjunar í Arnarfirði. Það, sem hefur raunverulega gerzt, er það, að það hefur verið talað um það í áratugi, að koma þurfi þarna upp samvirkjun fyrir Vestfirði. Það er vitað, að þarna er mikið vatnsafl og nægjanlegt fyrir hendi. Þetta tal um samvirkjun hefur svo drepið á dreif virkjunarframkvæmdum fyrir einstök byggðarlög, sem þó hafa haft sæmileg virkjunarskilyrði. Aðeins Ísafjörður, stærsta byggðarlagið, hefur getað komið sér upp viðunandi rafstöð. Nú virðist nákvæmlega sama sagan eiga að endurtaka sig að nýju. Nú allt í einu er raforkumálastjóri kominn að þeirri niðurstöðu, að nú eigi að hætta við allar sérvirkjanirnar, að mér skilst. Nú eigi að slá því frá sér og snúa sér að því að tala um heildarvirkjun fyrir Vestfirði við Dynjanda. Ja, ég segi fyrir mig, að það mega aðrir menn taka þetta sem góða og gilda latínu og góða frammistöðu af hálfu raforkumálastjórnarinnar. Ég geri það ekki, alls ekki.

En nú vil ég biðja hv. þm. að misskilja mig ekki þannig, að ég sé að tala á móti því frv., sem ég sjálfur er meðflm. að. Það er mín skoðun alveg hiklaust, að það beri að virkja Dynjanda og það muni verða virkjað í Dynjanda, og þess vegna er ég með því, að þetta frv. verði samþykkt. En ég er á móti þeim vinnubrögðum, sem hér hafa verið viðhöfð og hér virðist eiga að viðhafa áfram. Ég vil ekki láta stöðva þau byggðarlög, sem um langt skeið hafa verið að undirbúa sérvirkjanir hjá sér og hafa góð skilyrði til þess, með einhverju hjali, meira og minna út í loftið, um það, að einhvern tíma muni verða hægt að virkja Dynjanda. Ég er sannfærður um það, að Dynjandi verður virkjaður, en ég óttast, að það dragist enn um langt skeið. Mér virðist allur undirbúningur raforkumálastjórnarinnar á þessu máli hafa verið þannig og vera þannig, að ekki séu líkur til þess, að Vestfjarðavirkjun geti orðið samferða Austfjarðavirkjun, eins og raforkumálastjóri er þó að tæpa á í einhverju viðtali, sem hann hefur látið frá sér fara nýlega um raforkumál. Ég vil raunar gjarnan fá úr því skorið, hvort það er í samráði við hæstv. raforkumálaráðh. sem þessi frétt, sem raforkumálastjórnin birti fyrir skömmu um fyrirhugaðar framkvæmdir í raforkumálum, er gefin út.

Ég hafði gert mér í hugarlund, að það væri hæstv. ríkisstj., sem hefur markað djarfhuga og myndarlega stefnu í þessum raforkumálum, sem segði til um það, gerði sína áætlun um það, hvaða raforkuver ættu að verða samferða, og gerði yfirleitt áætlun um framkvæmdir í raforkumálum. Ég sé nú, að hæstv. raforkumálaráðh. er ekki viðstaddur hér, en hæstv. forsrh. er hér, og það má vera, að hann eða aðrir hv. samstarfsmenn hans geti gefið upplýsingar um þetta.

Ég segi það eins og er, að mér falla ekki vinnubrögð raforkumálastjórnarinnar í þessu máli. Og ég veit, að það mun hafa vakið hina mestu undrun meðal Vestfirðinga, hvernig hringsnúizt hefur verið í afstöðunni til heildarvirkjunar fyrir Vestfirði.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um þetta. Ég vil að lokum leggja áherzlu á tvennt: Að ráðagerðir um heildarvirkjun fyrir Vestfirði, sem ég tel sjálfsagða í framtíðinni, og þess vegna hef ég gerzt meðflm. að þessu frv., verði ekki látnar tefja fyrir sérvirkjunum þeirra staða, sem hafa undirbúið virkjanir sínar og jafnvel fengið löggjöf setta um þær og hafa þar af leiðandi fulla ástæðu til þess að treysta á stuðning ríkisvaldsins í þessum málum. Í öðru lagi verði haldið áfram rannsóknum á virkjunarskilyrðum í Arnarfirði og á fleiri stöðum á Vestfjörðum, því að eins og tekið hefur verið fram og kemur m. a. fram í grg. þessa frv., þá er hér um ýmsa fleiri staði en Dynjanda og árnar í botni Arnarfjarðar að ræða.

Ég vona, að sá draumur Vestfirðinga, að upp rísi stórt og glæsilegt orkuver í Arnarfirði, eigi eftir að rætast. En ég vil aðeins ekki láta fólkið vera flutt burt, þegar það loksins rís. Ég álít, að þó að hollar vættir búi í fjörðum vestur, þá þurfi fólkið frekar en þær á raforkuverum að halda. Og þess vegna vil ég haga raforkuframkvæmdum Vestfjarða þannig, að fólkið njóti þeirra, en flytji ekki burt frá hinum þróttmiklu framleiðslubyggðarlögum á Vestfjörðum, m. a. og kannske fyrst og fremst vegna þess, hvernig haldið hefur verið á raforkumálum þessa landshluta.

Ég vil að lokum segja það, að ég er alveg viss um það, að Vestfirðingar byggja mjög miklar vonir á fyrirheitum núverandi hæstv. ríkisstj. í raforkumálum og treysta því, að nú, þegar þéttbýlið hefur fengið raforkuna, hinir stærstu bæir og nágrenni þeirra, þá muni þeir ekki lengur

verða látnir sitja á hakanum, sem þolinmóðastir hafa beðið eftir þessum lífsþægindum. Og það er mér mikið fagnaðarefni, að á þessu ríkir fullur skilningur bæði í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. og meðal þeirra manna og í þeim flokkum, sem hana styðja.

**Eiríkur Þorsteinsson:** Herra forseti. Frv. á þskj. 371, sem hér liggur fyrir til umræðu, er flutt af okkur fjórum þm. af vestanverðum Vestfjörðum, sem sæti eigum í þessari hv. d. Málið er eins og önnur samvirkjunarmál umbóta- og hagsmunamál þeirra héraða, sem virkjunin er hugsuð fyrir.

Eins og frv. ber sér, er orkuverið fyrir vestanverða Vestfirði ákveðið í frv. við Dynjandisá í Arnarfirði til raforkuvinnslu fyrir allt að 7 þús. hestöfl. Skulu orkuveitur frá því leggjast í vestur til Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar, en til norðurs að þorpunum Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungavík, Súðavík, Hnífsdal og Ísafjarðarkaupstað. Auk þess komast mörg sveitabýli í hreppum Vestur-Ísafjarðarsýslu inn á orkuveitukerfið.

Með frv. þessu er staðfest, að ríkisstj. Íslands er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taki, allt að 60 millj. kr. Er það fyllilega sú upphæð, sem raforkumálastjóri hefur í munnlegum viðtölum sagt okkur tveim flm. að orkuverið muni kosta með núgildandi verðlagi. En ég skal taka það fram, að hann hefur algerlega neitað að gefa okkur nokkrar áætlanir skriflega.

Það er leitt til þess að vita, að allar vakningaröldur í þessu samorkuveri Vestfjarða, sem risið hafa, skuli hafa verið dempaðar niður. Vestfirðingar áttu frjálslyndan umbótamann, Pál Torfason á Flateyri, sem benti á iðnaðar- og virkjunarmöguleika Vestfirðinga með stofnun nýs sérstaks fyrirtækis 1912. Valdi hann Arnarfjarðarfossa þá, sem getið er um í grg. þessa frv., sem þá sjálfsögðu orkugjafa til slíks iðnaðar, enda fór rannsókn á virkjunarmöguleikum við Dynjanda fram árið 1916 fyrir tilverknað Páls Torfasonar, og síðan á öllum ánum, er falla í Dynjandisvog og Borgarfjörð, eða þeim Dynjandisá, Svíná, Mjólká og Hofsá.

Þessar framkvæmdir munu hafa stöðvazt eins og tíðum hér á landi vegna fjárskorts, því að hvort tveggja mun þessi stórhuga maður hafa átt til að bera vilja og áræði.

Vestfirzku kauptúnin hafa nú ýmist komið sér upp dieselrafstöðvum eða smáum vatnsaflsstöðvum, sem allar eru ófullnægjandi til frambúðar. Verð rafmagns á Vestfjörðum er hæst á landinu. Þó að afskrifaðar verði á nokkrum árum dieselrafstöðvarnar á Vestfjörðum, byrja enn á ný kaup á nýjum vélum, sem þá standa á ný í dýrtíðarverði.

Nú hafa stjórnarflokkarnir, að því er bezt verður séð, gengið frá því í samningum sín á milli að veita á næstu fjórum árum um 100 millj. til raforkuframkvæmda í dreifbýli landsins. Nú eygir íslenzk æska í dreifbýli landsins sól koma upp á ný við dagsetur í flestum héruðum landsins, um leið og hin sígur í sæ. Þjóðinni opnast nýir möguleikar, sem leiðir atvinnuhætti og lífsmöguleika til hærri sviða víðs vegar um land, þar sem einhæfni atvinnuvega og mannafli eitt, með aðstoð hestsins, var allt.

Með frv. því, sem við þm. Vestfjarða erum hér einhuga um að flytja fyrir það fólk og þau héruð, sem við förum með umboð fyrir hér á hinu háa Alþingi, viljum við leggja grundvöll að möguleikum fyrir þeim bættu skilyrðum, sem ég hef hér minnzt á. — Svo er það íbúa Vestfjarða að hafa forgöngu í framkvæmd og notfæra orkuna og gera garðinn frægan, svo að hann standi sízt að baki öðrum menningarstöðum þjóðfélagsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 518).

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Fjhn. hefur athugað þetta frv. og gefið út nál. á þskj. 518. N. sendi málið til raforkumálastjóra og fékk umsögn hans um það. Var umsögn hans á þá leið, að hann taldi ekkert athugavert við það, að þetta frv. yrði samþ., þ. e. a. s. þessi heimild veitt, sem þar er farið fram á, en lagði til, að smábreytingar yrðu gerðar á frv., og höfum við tekið að mestu til greina till. hans um það efni og berum því fram þrjár brtt. við frv. á þskj. 518.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv. og er um það, að heimildin nái til að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði. Þetta taldi raforkumálastjóri að væri rétt að setja inn í frv., þannig að hægt væri, þegar rannsóknum væri lokið, að velja það af þessum tveimur vatnsföllum, sem hentara þætti.

Þá er gerð hér till. um breyt. á 4. gr. frv. Sú gr. fjallar um vatnsréttindi í Dynjandisá, og er þar mælt svo fyrir, að ríkisstj. geri þegar ráðstafanir til að tryggja sér þau réttindi, en eftir ábendingu frá raforkumálastjóra leggur n. til, að þetta verði sett í heimildarform, — ríkisstj. verði heimilað að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást. Raforkumálastjóri benti á, að það gæti verið heppilegra við samninga um þetta mál, að ríkisstj. hefði ekki ákveðin fyrirmæli um að kaupa þessi réttindi.

Þá er og nokkur breyting, sem við leggjum til að gerð verði á 5. gr. frv., og er það einnig um það, að þar verði sett inn heimild um að endurgreiða kostnað, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, en ekki bein fyrirmæli um greiðslu á þessum kostnaði. Það lágu ekki fyrir hjá n. neinar upplýsingar um það, hve mikill þessi kostnaður væri, og þykir okkur réttara að breyta frv. í þetta form. Tveir nm., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. þm. A-Húnv. (JPálm), geta þess í nál., að þeir leggi áherzlu á, að undirbúningur þeirrar virkjunar, sem frv. fjallar um, verði ekki látinn tefja þær sérvirkjanir, sem hafa verið undirbúnar á Vestfjörðum. Út af þessari aths. þeirra vil ég taka það fram, að ég tel, að það sé ekki hægt fyrir þn. að hafa áhrif á það, í hvaða röð fram-

kvæmdirnar verða, enda ekki til þess ætlazt af þn., að hún geri það; þar hljóta sérfræðingar, sem um þessi mál fjalla og hafa framkvæmdirnar með höndum, að gera sínar till., og er þetta svo ákveðið, eins og lög gera ráð fyrir, af þeim ráðh., sem fer með raforkumál. Það er ekki á annarra manna færi að dæma um það en sérfróðra manna um þessi efni, hvar hagstæðust virkjunarskilyrði eru á hverjum stað á landinu, og geta þeir því ekki, sem skipa fjhn., að mínu áliti lagt til, að neinar samþykktir verði gerðar um það atriði, enda er það ekki heldur þannig, að þessir tveir hv. nm. hafi flutt um það neinar ákveðnar till., heldur aðeins skilst mér, að þetta sé ábending frá þeim eða nokkurs konar fyrirvari, um leið og þeir mæla með frv.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. fjhn. og hv. frsm. hefur tekið fram, þá mælir n. einróma með því, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún leggur til, að það verði fært í heimildarform. Og n. er öll á einu máli um það, að á því sé mikil nauðsyn, að þau byggðarlög, sem þarna eiga hlut að máli, fái raforku sem fyrst. Hins vegar hefur það komið í ljós, að ekki er lokið rannsóknum á því, hver leiðin er hagkvæmust af þeim, sem til greina hafa komið, og okkar athugasemd, mín og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), byggist alls ekki á því, að rétt sé að tefja neitt fyrir þessari virkjun, sem þarna er fyrirhuguð. Ekki heldur dettur okkur það í hug, að nokkur þn. geti ráðið því til úrslita, hver röð verður á þessu höfð, en okkur er kunnugt um, að það er ein sérvirkjun, sem er á fjærsta staðnum af Vestfjarðasvæðinu, sem er Bolungavík. Hún er búin að vera í undirbúningi mjög lengi, og við vitum ekki annað en að þar séu allar áætlanir og rannsóknir klárar, og er okkar athugasemd beinlínis miðuð við það, að við viljum ekki láta samþykkt þessara laga tefja neitt fyrir framkvæmdum á þeim stað, og það er síður en svo, að það sé nokkur andúð, sem í því felst til þess, að þeir aðrir staðir, sem hlut eiga að máli, geti fengið raforku frá þessari fyrirhuguðu virkjun, ef það að lokinni rannsókn reynist svo, að það sé hagkvæmara að virkja þarna en að virkja á öðrum stöðum á þessu stóra svæði. — Þetta vildi ég aðeins fyrir okkar hönd taka fram.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka hv. n. fyrir það, að hún mælir með samþykkt þessa þýðingarmikla máls fyrir byggðirnar á Vestfjörðum. Ég og við flm. höfum ekki neitt á móti þeim brtt., sem n. leggur til að frumkvæði raforkumálastjóra. Heimildin er t. d. rýmkuð, þegar hún er miðuð við Dynjandisá eða Mjólká í staðinn fyrir að í frv. var einungis miðað við Dynjandisá. En vel getur komið til mála, að það verði niðurstaðan, þegar rannsókn raforkumálastjórans lýkur nú í lok aprílmánaðar, eins og lofað hefur verið, að þá sýnist það hagkvæmara að setja aflstöðina við Mjólká en við Dynjandisá, því að það eru betri skilyrði til þess, að ég hygg, að leiða Dynjandisá í Mjólká uppi á fjöllunum heldur en gagnkvæmt. Sama máli er að gegna um þær heimildir, sem n. leggur til að felldar verði inn í frv. Ef röggsamleg framkvæmd fylgir þeim heimildum, má það gilda einu, hvort það eru fyrirmæli eða í heimildarformi, og verður vitanlega að ganga frá þeim atriðum, ef á annað borð notuð er heimildin í 1. gr. um virkjun Dynjandisár eða Mjólkár.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um það, sem bæði hv. frsm. og hv. þm. A-Húnv. sögðu hér áðan viðvíkjandi eldri heimildum um smávirkjanir eða sérvirkjanir á Vestfjörðum. Ég vona, að enginn hv. nm. hafi verið þeirrar skoðunar, að það gæti verið um annaðhvort að ræða samvirkjun fyrir Vestfirðina eða virkjunina, sem þegar er heimiluð í lögum fyrir Bolungavík, því að það er ekkert „annaðhvort eða" þarna, heldur miklu fremur „bæði og", því að þótt byggð verði virkjunin í Bolungavík, er jafnóleyst virkjunarmálið fyrir Suðureyri í Súgandafirði, Flateyri við Önundarfjörð, Þingeyri við Dýrafjörð og þá náttúrlega þar að auki bæði Bíldudal og Patreksfjörð. En ég skil, að það gæti litið þannig út fyrir lítt kunnugum, að varðandi eldri heimildina til virkjunar Fossár í Bolungavík, þá væri verið að hverfa frá þeirri heimild, þurrka hana út með þessum nýju, víðtæku heimildum til stórvirkjunar fyrir Vestfirði, en það er ekki ætlun okkar flm.

Ég skal upplýsa, að það liggur fyrir skjallega umsögn raforkumálastjóra um þetta atriði. Sú umsögn er í ársskýrslu Sambands íslenzkra rafveitna, sem gefin var út s. l. sumar, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig ber að geta þess, að háspennulínur liggja að verulegu leyti í töluverðri hæð yfir sjávarmáli og bilunarhætta því tiltölulega mikil. Allar aðstæður eru líka mjög erfiðar, og er því hætt við, að það geti tekið langan tíma að gera við línubilanir. Af þessu leiðir, að rekstraröryggisins vegna mun vera óhjákvæmilegt að reisa varastöðvar í kauptúnunum, þó virkjun Dynjandisár eða önnur samvirkjun fyrir Vestfirði verði framkvæmd."

M. ö. o., raforkumálastjórinn hefur litið svo á, að þótt samvirkjun yrði framkvæmd fyrir Vestfirði, yrði að reisa öryggisstöðvar inn á þetta kerfi vegna bilunarhættu og hættunnar á, að lagfæringar, viðgerðir, gengju seint. Hann hefur hugsað sér þessar öryggisstöðvar fyrst og fremst sem mótorstöðvar, en samkv. heimildinni frá 1950 var ætlunin að byggja 400 kw. vatnsaflsstöð í Fossá í Bolungavík. Nú hagar þannig til, að einn hæsti og erfiðasti fjallgarðurinn, sem háspennulínan frá Dynjanda yrði að leggjast yfir, er Breiðadalsheiði, en norðan Breiðadalsheiðar liggur Bolungavíkurkauptún, Hnífsdalskauptún, Súðavíkurkauptún og Ísafjarðarbær, og samtals er í þessum kauptúnum og kaupstað 4200 manns, meira en helmingurinn af þeim mannfjölda, sem á að njóta raforkunnar frá allri heildarvirkjuninni.

Ég tel því, að það liggi mjög augljóslega fyrir, að til þess að byggja þær nauðsynlegu öryggisstöðvar á norðurhluta kerfisins, sem er fyrir á fimmta þúsund manns, sé nokkuð sjálfsagt að byggja aflstöðina í Bolungavík sem öryggisstöð og að sú heimild sé notuð alveg jafnt fyrir það,

þó að hin víðtæka heimild um Dynjandisvirkjunina sé samþykkt. Og ég skal leiða rök að því, að ég tel meira að segja mjög heppilegt að byrja þessar framkvæmdir á Bolungavíkurvirkjuninni, vegna þess að það þarf nú þegar að gera stórkostlegar breytingar eða aukningu á mótorstöðinni, sem nú er í Bolungavík, og mundi sennilega taka til sín allt að einni millj. króna að framkvæma þá aukningu, ef ekki verður virkjað í Fossá í Bolungavík, en sú virkjun er áætluð 3—4 millj. kr. Þá væri með byggingu aflstöðvarinnar í Fossá í Bolungavík búið að byggja öryggisstöðvarnar, sem þyrfti norðan Breiðadalsheiðar, inn á kerfið. Engin rök þarf að flytja fyrir því, að sú öryggisstöð verði, með því að hún sé vatnsaflsstöð, ódýrari í rekstri fyrir framtíðina og viðhaldskostnaður hverfandi og veitti meira öryggi en mótorstöð. En það eru *fleiri kostir, sem fylgja þessu, og m. a. þeir,* sem nú skal greina. Bolungavíkurstöðin yrði þá tengd inn á heildarvirkjunina frá Dynjanda í framtíðinni og byrjað á því auðvitað að tengja saman Bolungavíkurveitu og Ísafjarðarveitu. Þegar búið væri — sem ætti að vera hægt eftir sumarið í sumar — að byggja Bolungavíkurveituna, þá tel ég, að það væri heppilegast — og það yrði rætt við raforkumálastjóra og raforkumálaráðh. — að byggja háspennukerfið frá þessum aflstöðvum og vestur yfir til Súgandafjarðar, Önundarfjarðar, Dýrafjarðar og vestur á virkjunarstaði við Arnarfjörð. Þá er það unnið, að þessi pláss hafa þegar eftir eitt ár fengið raforku, sem nægir þeim fyllilega yfir sumarmánuðina. Það er búið að leysa raforkumál þeirra að nokkru leyti strax í byrjun stórvirkjunarinnar. Og það er enn fremur búið að leysa annan vanda, sem er nauðsynlegt að leysa, og það er það, að raforka sé tiltæk á virkjunarstaðnum við Dynjanda, þegar virkjunin byrjar þar. Þar á að flytja byggingarvörur og vélar og tæki upp á fjöll, og það er ákaflega erfitt og dýrt, ef ekki er næg orka á staðnum. Það að vera þess vegna búinn að fá gegnum háspennulínuna, sem lögð sé frá aflstöðvunum í Bolungavík og á Ísafirði vestur um á virkjunarstað, tryggir næga orku meðan hin dýra mannvirkjagerð stendur við Arnarfjörð, þar sem aðalorkuverið á að byggja. Það yrði enn fremur búið að venja Þingeyringa, Flateyringa, Súgfirðinga *og Bolvíkinga á fulla raforkunotkun frá þessum* virkjunum norðan Breiðadalsheiðar, og það þýðir stórbætta rekstrarafkomu hins mikla og dýra mannvirkis strax, þegar það væri byggt og farið væri að framleiða raforku, sem er mikill kostur. En að því er Bolungavíkurvirkjunina snertir skapast við þetta sú óvenjulega aðstaða, að öll raforka, sem þetta litla 400 kw. orkuver framleiðir, selst fullkomlega frá þeirri fyrstu stundu, sem vélarnar byrja að snúast. En það eru einmitt fyrstu árin, sem venjulega eru erfið öllum vatnsaflsstöðvum, þegar þarf langan tíma þar á eftir, kannske árum saman, að venja fólkið við raforkunotkunina. Það væri þess vegna búið að vinna þetta: að byggja öryggisstöðina, sem nauðsynlegt er samkvæmt áliti raforkumálastjóra að byggja norðan Breiðadalsheiðar, með vatnsaflsstöðinni litlu í Bolungavík. Það yrði búið að tryggja öllum kauptúnunum í Vestur-Ísafjarðarsýslu vestur til Arnarfjarðar næga raforku að sumrinu, og það væri búið að tryggja raforku á virkjunarstað til þess að gera byggingu orkuvers og aflstöðva við Dynjandisá og Mjólká ódýrari og auðveldari, þegar raforka væri þar á staðnum. Ég tel, að þetta mál liggi því ákaflega augljóst fyrir og mjög á þá lund, sem hv. þm. A-Húnv. gerði hér áðan grein fyrir í samræmi við það, sem hann vildi tryggja. Það á því ekki að geta orðið ásteytingarsteinn fyrir neinn, að málið liggur nú þannig fyrir, að áherzla er lögð á þetta tvennt: að fá heimildarlög til þess að virkja Dynjandisá eða Mjólká við Arnarfjörð, sem er einasti möguleikinn til þess að tryggja Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri fullnægjandi raforku, — það er engin leið til þess að gera það á annan hátt, nema þá með rándýrri raforku, framleiddri með mótorstöðvum, — og jafnframt að byggja fyrir framtíðina öryggisstöð fyrir á fimmta þúsund manns, sem undir öllum kringumstæðum þarf að byggja hvort sem er.

Ég vil því vona, að með samþykkt þessa frv. sé búið að veita þær heimildir, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að lagður sé grundvöllurinn að úrlausn raforkumálanna fyrir 7 þús. manns í öllum kauptúnum Vestfjarða og Ísafjarðarkaupstað.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá mælum við allir flm. frv. með því, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hv. n. hefur lagt til, og eins og ég hef nú útlistað, þá tel ég, að þær ábendingar, sem liggja fyrir frá tveim hv. nm., dragi á engan hátt úr því, að það sé rétt fyrir hv. Alþ. að veita þessa víðtæku heimild í viðbót við þær heimildir, sem fyrir eru. Er þar að mínu áliti engu verið að hagga og ekki verið að afturkalla neinar þær fyrri heimildir, sem veittar hafa verið til smávirkjunar eins og Bolungavíkurvirkjunarinnar.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Út af ummælum hv. 3. landsk. (HV) í upphafi ræðu, sem hann flutti nú áðan, vil ég aðeins geta þess, að það var áreiðanlega öllum nm. í fjhn. ljóst, að með samþykkt þessa frv. var ekki verið að hrófla á neinn hátt við eldri lögum um heimildir til framkvæmda á þessu sviði í þessum landshluta, og verði þetta frv. samþ., þá er þarna aðeins um viðbótarheimild að ræða og víðtækari en áður var í lögum. Hitt nefndi ég, að ég teldi, að það væri ekki hægt fyrir n., enda ekki til þess ætlazt af henni, að segja neitt til um það, hvernig framkvæmdinni yrði hagað, í hvaða röð þær heimildir yrðu notaðar, sem fyrir hendi eru, eða hverjar af þeim yrðu notaðar. Það er vitanlega framkvæmdavaldið, sem ákveður það að fullrannsökuðu máli.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er í sambandi við þær brtt., sem hérna liggja fyrir, og þann fyrirvara, sem að nokkru leyti er þar gerður af tveimur hv. þm. fjhn., að ég gjarnan vildi nota þetta tækifæri til þess að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessa virkjun, sem hérna er lagt til að samþykkja og ég er algerlega fylgjandi fyrir mitt leyti, og í

sambandi við þá virkjun, sem nokkuð hefur borið á góma hér, um Fossá í Bolungavík. Þegar rætt er um það, í hvaða röð svona stórvirki skuli gerð, þá getur það náttúrlega legið á valdi Alþ. að taka ákvarðanir um það, þó að hitt sé hins vegar sá eðlilegi hlutur og sú eðlilega aðferð, að láta hæstv. ríkisstj. um slíkt. Lögin um virkjun Fossár í Bolungavík voru samþ. 1951, og því er nú lýst yfir af tveimur hv. fjhn.-mönnum, að þeir álíti, að þetta frv. eigi ekki að neinu leyti að tefja þær sérvirkjanir, sem þarna hafa verið undirbúnar á Vestfjörðum, svo sem Bolungavíkurvirkjunina, og enn fremur hafa af hv. 3. landsk. (HV) verið færð fram ýmis rök fyrir því, að heppilegt væri að leggja í þessa virkjun jafnvel á undan Dynjandisvirkjuninni. Nú er ástandið þannig hjá okkur í þinginu, að hæstv. ríkisstj. hefur enn þá ekki komið fram með neitt viðvíkjandi rafmagnsmálunum og engin yfirlýsing liggur fyrir frá henni um, hvernig gengur með lánsfjárútvegun til þeirra, og komið samt þetta langt fram á þing. Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvernig stendur þetta mál viðvíkjandi Fossá og Dynjanda? Er það fyrirætlun ríkisstj. að leggja í Fossárvirkjunina á undan, eins og margt virðist mæla með og eins og virðist vera vilji fyrir hjá ýmsum þm.? Ég álít, að sú ríkisstj., sem gert hefur rafmagnsmálin að sínu höfuðmáli, hljóti að vera búin að skapa sér nokkurn veginn hugmyndir um, hvernig hún ætlar að fara að í þessum efnum, og ætti þess vegna að geta gefið okkur núna svör um, hvað hún ætlar sér þarna og í hvaða röð eigi að taka þetta fyrir. Þau þætti mér mjög vænt um að fá. Hins vegar vil ég geta þess, að ef það er ekki hægt, þá er náttúrlega enn alveg fullur möguleiki fyrir þessa hv. d. að setja við 3. umr. málsins ákvæði inn í þetta lagafrv. um þessa aðferð eða hvaða aðferð skuli viðhöfð um þessa virkjun, og að sumu leyti væri það eðlilegt, svo framarlega sem allt er enn þá óákveðið frá hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Þessu vildi ég aðeins skjóta hér fram, ef hægt væri að fá þetta upplýst frá hæstv. ríkisstj., en mundi þá annars, ef það ekki fengist, athuga betur undir 3. umr., hvort hægt væri að tryggja þarna nokkra breytingu á.

ATKVGR.

Brtt. 518,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 518,2 (ný 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 518,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 582).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. og 75. fundi í Ed., 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 582, n. 669, 715).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 669 ber með sér, hefur hv. iðnn. haft mál þetta til meðferðar og leggur til, að frv. þetta verði afgr. með mjög lítilli breyt., eins og fram kemur á þskj. Hv. 10. landsk. (GÍG) var ekki á fundinum og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins og kann því að gera grein fyrir afstöðu sinni hér á þessum fundi.

Breyting sú, sem hv. n. leggur til að gerð verði, er sú, að á eftir 5. gr. komi ný grein, er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þættu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir á yfirstandandi ári.“

En síðan ber meiri hl. n. fram brtt. á þskj. 715 um, að í stað orðanna „á yfirstandandi ári“ í lok nýju málsgr. komi: svo fljótt sem verða má.

Þegar nefndin hafði athugað þetta nánar og allar þær aðstæður, sem eru fyrir hendi, þá þótti ekki rétt að ákveða svo skamman tíma að takmarka þetta við yfirstandandi ár, þó að það sé ósk og von bæði hv. flutningsmanna og nefndarmanna, að það takist á þessu ári að ljúka athugun, og þótti því rétt að gefa hæstv. ríkisstjórn nokkru frjálsari hendur, en n. væntir þess, að þetta verði ákveðið svo fljótt sem mögulegt er.

Mál þetta var fyrst borið fram á Alþingi 1944 af þáverandi hv. þm. V-Ísf. og öðrum þm. fyrir Vestfirði, síðan var það borið fram 1948 og 1950, en hafði ekki náð fram að ganga á þeim árum, en árið 1948 höfðu verið gerð sérlög um virkjun Hólsár. Síðan voru samþ. lög 1951 um tvö ný raforkuver og nýjar orkuveitur í Barðastrandarsýslu, vegna þess að það þótti ef til vill hagkvæmara að virkja þessar smáár í staðinn fyrir Dynjandaárnar.

Brtt. miðar að því, að það sé gengið úr skugga um það svo fljótt sem verða má, hvort hentugra sé fyrir íbúa á Vestfjörðum, að horfið sé að því að láta koma til framkvæmda það orkuver, sem hér um ræðir í frv. á þskj. 582, eða að virkja fyrr hinar smærri virkjanir, sem þá gætu einnig orðið varastöðvar fyrir aðalvirkjunina í framtíðinni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri,

en vænti þess f. h. nefndarinnar, að frv. verði samþ. með þeim tveim breyt., sem fyrir liggja og ég þegar hef lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 715 samþ. með 9:2 atkv.
— 669 (ný gr., verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 732).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 81. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 763).

---

## 66. Ný orkuver og orkuveitur (frv. EystJ o. fl.).

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins** [181. mál] (þmfrv., A. 533).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta frv. er í raun réttri flutt af öllum þm. af Austurlandi, þó að rituð séu á frv. aðeins nöfn þeirra, sem eiga sæti í deildinni.
Frv. er um að setja í lög heimild til þess að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði og leggja línur þar út frá, sem greinir í 1. gr. Það eru fyrir í lögum heimildir til þess að virkja annaðhvort Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum. Það hefur ekki fram að þessu verið talið koma til mála að virkja Lagarfoss að svo stöddu, en við síðustu rannsóknir, sem fram hafa farið, hefur þetta breytzt, og þess vegna leggjum við nú til, að það verði sett í lög heimild til þess að virkja Lagarfoss.
Ég vil óska þess, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr., þ. e. a. s., það er sami háttur og hafður var á um annað frv. samkynja hér á dögunum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 533, n. 575, 564).

**Frsm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Þegar sett voru lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins á þinginu 1952, þá var heimilað að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2 þús. hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns. Nú hefur komið í ljós í sambandi við mælingar og áætlanir um raforkuver fyrir Austurland, að hentugra muni að reisa orkuver við Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í stað þeirra, sem getið er um í lögunum frá 1952.
Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um það að fá inn í lögin nýja heimild í þessu sambandi. Fjhn. hefur tekið þetta mál til athugunar og kynnt sér viðhorf raforkumálastjóra til þess, og eftir að hafa athugað málið, þá leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég sé, að á þskj. 564 hefur verið flutt brtt. við þetta mál, eftir að n. tók það til athugunar, og mun flm. þeirrar brtt. væntanlega gera grein fyrir henni nú við þessa umræðu.

**Ásgeir Bjarnason:** Herra forseti. Á undanförnum árum hafa farið fram rannsóknir á því, hvaða vatnsfall eða vatnsföll í Dalasýslu mundi helzt koma til greina að virkja. Þessar rannsóknir hafa leitt það í ljós, að Haukadalsá muni veita mesta og bezta virkjunarmöguleikana. Í samráði við raforkumálastjóra hef ég leyft mér að flytja hérna brtt., sem er á þskj. 564. En þar sem hv. fjhn. hefur ekki gefizt kostur á að íhuga þetta mál, þá mun ég taka till. aftur við þessa umræðu og óska eftir því, að n. gefi sér tíma til að athuga till., áður en 3. umr. fer fram, svo að það þurfi ekki neitt að tefja framgang þess frv., sem hér liggur fyrir. Vildi ég mega mælast til þess við hv. n., að hún taki till. til athugunar og að hún verði þá tekin til atkvgr. við 3. umr. þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 564 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 621) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 3. umr um frv.

ATKVGR.

Brtt. 621 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 564,1, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 564,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 627).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 627, n. 668).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Hv. iðnn. hefur haft þetta mál til meðferðar, hún hefur rætt það við raforkumálastjóra og gerir till. um, að gerð sé ein breyt. á frv., eins og kemur fram á þskj. 668. Þetta mál var einnig rætt við flm. frv., sem voru sammála því, að þessi brtt. yrði samþykkt. Brtt. er um það að taka upp í frv. heimild til þess að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum og að hækka um 3 millj. kr. a-liðinn, en b-liðinn um 1 millj. kr. Það er upplýst í málinu, að jafnvel þó að horfið verði að því að virkja Dynjanda, þá komi austurhluti Barðastrandarsýslu ekki til þess að geta fengið þaðan raforku, heldur verður hann að fá hana að öðrum leiðum. Það hefur einnig verið rannsakað, hvort ekki væri ódýrara að leggja háspennulínu yfir Tröllatunguheiði og taka frá virkjunum í Steingrímsfirði, en niðurstöðutölur hafa sýnt, að það muni a. m. k. vera jafndýrt, ef ekki dýrara, að fara þá leið, og þykir þá eðlilegra, að virkjuð sé sú á, sem hér um ræðir, þar sem viðkomandi virkjun gæti þá framleitt nægilegt rafmagn fyrir þessa hreppa, og þyrfti þá ekki að kaupa rafmagnið frá öðrum, en stofnkostnaðurinn ekki meiri en að flytja það að frá öðrum stöðum. Auk þess eru líkindi til þess, að frá þessu orkuveri geti einnig orðið leitt rafmagn a. m. k. til vestustu bæjanna í Saurbænum í Dalasýslu, en einmitt í þessu frv. er heimild til þess að virkja Haukadalsá í Dalasýslu, sem þó gæti ekki veitt rafmagn til þess hrepps.

N. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég þegar hef lýst á þskj. 668.

ATKVGR.

Brtt. 668,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 668,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 81. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 764).

---

## 67. Síldarleit úr lofti.

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um síldarleit** [63. mál] (þmfrv., A. 78).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Eins og segir í grg. með frv. þessu, hefur síldarleit verið haldið uppi með flugvélum fyrir Norður- og Norðausturlandi óslitið og kerfisbundið síðan 1938, en löngu áður var farið að leita síldar úr flugvélum einstöku sinnum og óreglulega. Kom það undireins í ljós, að síldarleit úr flugvélum var til hins mesta hagræðis fyrir síldveiðiflotann. Gilti það bæði um þau sumur, er síldveiði var mikil og síldin óð á mörgum og stórum svæðum fyrir Norður- og Norðausturlandi, og þó ekki síður nú á síðustu 9 árum, er síldveiði hefur verið lítil og stopul. Hefur síldarleitin á þessum síðustu 9 árum fengið alveg sérstaka þýðingu og orðið til ómetanlegs gagns, eins og bent er á í grg., sem fylgir frv. þessu. Nú á síðustu árum hefur það litla, sem veiðzt hefur af síld, aflazt alllangt frá landi, síldin vaðið dreift og hingað og þangað frá degi til dags. Ég held, að það sé alveg óhætt að segja, að án síldarleitar úr lofti mundi sú síld, sem þó hefur aflazt á síðustu síldarleysisárum, hafa farið fyrir ofan garð og neðan. Þá er það mjög mikilvægt, að síldarleitin hefjist nægilega fljótt á vorin eða fyrri hluta sumars. Hafa sjómenn vanir síldveiðum sagt mér, að það sé álit þeirra, að þegar síldin geri lítið eða ekkert vart við sig á grunnmiðum uppi undir landi, kunni hún að byrja að vaða djúpt

úti á miðum, þar sem hún hefur aðallega veiðzt nú undanfarin síldarleysisár, fyrr en áður var vitað um, jafnvel í byrjun júnímánaðar. Á þeim tíma hefur fram að þessu ekki verið haldið uppi neinni síldarleit, en í frv. því, sem hér er til umræðu, er gert ráð fyrir, að síldarleit hefjist ekki síðar en 1. júní. Ætti því með því að vera tryggt, að síldin færi ekki fram hjá án þess, að við hana yrði vart.

Ég vil taka það fram, að enda þótt flm. þessa frv. hafi ekki komið auga á aðra heppilegri og sanngjarnari skiptingu kostnaðar við síldarleitina en þá, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, má vel vera, að einstakir þm. hv. d. eða hv. sjútvn. geri það, en til þeirrar n. mun ég leggja til að frv. verði vísað að umr. þessari lokinni. Hygg ég, að enginn flm. mundi setja það fyrir sig, þótt þeim ákvæðum frv. yrði eitthvað breytt, ef leidd væru rök að réttmæti brtt. Hitt er aðaltilgangur flm. frv., að komið verði á fastri skipan við skiptingu kostnaðarins við síldarleitina svo og annað viðkomandi henni og yrði þar með sköpuð meiri festa og öryggi í framkvæmd hennar en hingað til hefur verið.

Vil ég svo leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 192).

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Á þskj. 192 hefur sjútvn. þessarar hv. d. gefið út nál. um frv. til l. um síldarleit, 63. mál, þskj. 78. Eins og greint er frá í nál., leitaði n. umsagnar þeirra aðila, sem aðallega eiga að bera kostnaðinn við síldarleitina, en það eru síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður. Allir hafa þessir aðilar tjáð sig meðmælta samþykkt frv., enda hafa þeir á undanförnum árum greitt kostnað við síldarleit yfir sumarmánuðina fyrir Norður- og Norðausturlandi.

Síldarleit úr lofti hefur verið framkvæmd óslitið að sumarlagi síðan árið 1938. Engum dylst, að síldarleitin hefur oft komið að ómetanlegu gagni fyrir síldveiðiskipin, enda má fullyrða, að sjómenn og aðrir, sem bezt þekkja til þessara mála, telja síldarleitina ómissandi. Eins og getið er um í grg. með frv., er hægt að fljúga yfir síldveiðisvæðið á örfáum klukkustundum, þegar veður leyfir. Hægt er að benda á mörg dæmi þess, að síldarleit úr lofti hafi orðið að miklu gagni. T. d. er talið, að á s. l. sumri hafi upplýsingar flugvélarinnar, sem annaðist leitina, orðið til þess, að síldarskipin veiddu á einni kvöldstund útflutningsverðmæti, sem nam um það bil 4 millj. króna, sem annars má gera ráð fyrir að hafi farið að mestu forgörðum. Mörg önnur hliðstæð dæmi mætti nefna, sem sanna notagildi síldarleitar úr lofti, en þess gerist ekki þörf.

Í nál. á þskj. 192 hefur sjútvn. borið fram nokkrar breytingar á frv. Frumvarpið þannig breytt leggur n. einróma til að verði samþ. af hv. deild.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir tiltölulega skjóta afgreiðslu á frv., sem hér er til 2. umr., og einnig það, að hún mælir með því, að frv. verði samþykkt. Að vísu hefur hv. n. lagt til, að gerðar verði nokkrar breyt. á frv., en ekki fæ ég séð, að þær raski að neinu leyti meginefni þess, og get ég fyrir mitt leyti vel sætt mig við, að þær breytingar verði gerðar á frv., sem hv. n. leggur til.

Ég vil þó aðeins geta þess, að við orðalagsbreytinguna í 1. gr. frv., þar sem hv. n. leggur til, að síldarleitartíminn verði ákveðinn um vor- og sumarmánuðina, sætti ég mig í trausti þess, að síldarleitin hefjist aldrei síðar en 1. júní og ljúki aldrei fyrr en í septemberlok, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég sagði það, er ég fylgdi frv. þessu úr hlaði við 1. umr. þess, og ég segi það nú aftur, að frá mínu sjónarmiði er það aðalatriðið, að lögfestar verði reglur um síldarleitina, bæði hvað snertir skiptingu kostnaðar við hana og framkvæmd hennar að öðru leyti, til þess að fyrirbyggt verði, að dýrmætum tíma framan af sumri verði eytt í óþarfa þref um það, hver eigi að sjá um leitina og hvernig kostnaðinum við hana skuli skipt, en mér er kunnugt um, að það hefur þráfaldlega komið fyrir, að ósamkomulag hefur risið um þessi atriði milli þeirra aðila, sem eiga að bera kostnað af síldarleitinni.

ATKVGR.

Brtt. 192,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 192,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 192,3 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 192,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 192,5 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um síldarleit úr lofti.**

---

Á 31. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 207).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 26. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 244).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Þetta frv. um síldarleit úr lofti er komið til þessarar hv. d. frá hv. Nd., þar sem það var flutt sem þmfrv. og samþ. með nokkrum breytingum frá því, sem það var upphaflega úr garði gert.

Hér er í rauninni ekki um neitt nýmæli að ræða að því er síldarleit snertir; hún er orðinn nokkuð fastur liður í tilraunum landsmanna til þess að ná til síldarinnar og efla síldveiðarnar og er búin að vera það í mörg ár undanfarið. En hitt er annað mál, að með þessu frv. er breytt dálítið fyrirkomulagi á yfirstjórn leitarinnar og lagt til, að það sé lagaleg skylda að halda uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina, eftir því sem nánar verður ákveðið, eins og þar segir, af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra, það eru þau nýju „element", sem eiga að stjórna þessu verki framvegis. Undanfarið hefur það verið svo, að yfirstjórn síldarleitarinnar hefur verið að mestu leyti í höndum stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Ég veit nú ekki, hvað ber til, að hér er breytt til um og lagt til, að það sé sett ný yfirstjórn á þessi mál. Að vísu er það ef til vill einfaldara, að það sé sérstök n., sem um þetta fjallar, og sérstakur síldarleitarstjóri, en mér vitanlega hafa nú ekki verið neinar stórfelldar kvartanir yfir því á undanförnum árum, hvernig síldarleitinni væri stjórnað. Yfirleitt hefur síldarleitin í heild sinni þótt skila góðum árangri og oft skilað ágætum árangri, og er náttúrlega sjálfsagt að halda henni við.

Þá er ætlazt til, að kostnaðinum við leitina sé jafnað að nokkru leyti niður á þrjár stofnanir ríkisins til að byrja með, en svo á þetta að ná samkvæmt frv. líka til annarra, t. d. síldarverksmiðja, sem ekki eru í eign ríkisins, og er þeim þá gert skylt að taka þátt í þessu í hlutfalli við það vinnslumagn, sem þeim berst á hverjum tíma.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta mál, kynnt sér það og sér ekki ástæðu til að standa í vegi fyrir því, að það nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú er hingað komið eftir 3. umr. í Nd., og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

**Lárus Jóhannesson:** Herra forseti. Ég hafði talað við einn mann í hv. sjútvn. um breytingu, sem ég tel nauðsynlegt að sé gerð á þessu frv., en það var í þá átt, að framlag einstakra síldarverksmiðja yrði takmarkað við eitthvert hámark, ef síldarbrestur yrði. Ástæðan til þess, að ég fór fram á það, er sú, að mér er kunnugt um það, að sú litla síldarverksmiðja, sem er á Seyðisfirði, tók þátt í að láta fara fram síldarleit í fyrra eða hittiðfyrra. Það var veiðileysisár, en þegar reikningurinn kom, þá nam hann hvorki meira né minna en 10 kr. á hvert mál, sem verksmiðjan hafði fengið, eða 63 þús. kr. Hún hafði fengið 6300 mál. Þetta var náttúrlega langt fyrir ofan það, sem forstjórar síldarverksmiðjunnar höfðu búizt við, og langt fyrir ofan það, sem reiknað var með.

Ég tel því nauðsynlegt, þegar á að fara að gera að skyldu þátttöku þarna, — þó að ég viti, að þá dreifist kostnaðurinn á fleiri, — að taka fram, að framlag til síldarleitar skuli ekki nema meiru en einhverri ákveðinni upphæð.

Eftir því, sem ég veit bezt, mun síldarleitin hafa kostað eitthvað um 400 þús. kr. á sumri. Í aflaárum, eins og þau voru áður en síldarleysisárin komu, voru þetta ekki nema nokkrir aurar á tunnu, og jafnvel í aflaárum, þar sem veiðist — við skulum segja — 200 þúsund mál eða tunnur, þá verður þetta ekki nema 2 kr. á tunnu eða mál, og mætti við una. En ég álít nauðsynlegt að setja einhvern varnagla við því, að meira framlags yrði ekki krafizt, ef algerður síldarbrestur yrði. Við skulum reikna með, að 10 eða 20 þúsund mál eða tunnur veiddust; þá yrði afkoman svo léleg, að sú síldarverksmiðja eða þeir saltendur, sem væru svo heppnir að fá þá síld, gætu alls ekki staðið undir kostnaðinum.

Ég vil því leyfa mér að biðja hv. sjútvn. d. um að taka þetta mál aftur til meðferðar fyrir 3. umr. og athuga, hvort hún sér sér ekki fært að koma með till. eitthvað í þá átt, sem ég hef nefnt. Að öðrum kosti mun ég leyfa mér við 3. umr. að bera fram þess háttar brtt.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Hv. þm. Seyðf. lýsti vankönturn, sem orðið gætu á, ef þetta væri lögfest óbreytt, og þar sem ég hef enga ástæðu til þess að rengja það, sem hv. þm. segir í þessu efni, og hins vegar, að sú mynd lá ekki skýrt fyrir, þegar sjútvn. fjallaði um þetta mál, þá vil ég fyrir mitt leyti gjarnan verða við tilmælum hv. þm. og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá nú, til þess að sjútvn. gefist tækifæri til að líta á málið einnig frá því sjónarmiði, sem hv. þm. nú lýsti, og að öðru leyti að bera sig saman við hann í málinu, því að það er vitaskuld, að hann hefur hér í sínu kjördæmi aðila, sem talsvert getur átt undir því, að rétt sé staðið að þessu máli, sem náttúrlega allir vita að er nauðsynjamál. En nægur tími er til að afgreiða málið frá þessu þingi, þó að við gefum okkur tóm til að hlusta á röksemdir hv. þm.

Ég vildi því biðja hæstv. forseta um að gefa n. kost á að taka málið til athugunar um skeið.

**Forseti (GíslJ):** Út af ósk hv. frsm. vil ég leyfa mér að benda á, að hér er aðeins um 2. umr. að ræða. Sér ekki hv. form. n. möguleika til þess að leyfa málinu að ganga áfram nú við þessa umr. og athuga þetta milli 2. og 3. umr.? Geta ekki hv. aðilar komið sér saman um það, að það sé nægilegur tími til þess, eða heldur hv. form. fast við, að málinu sé frestað?

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Ég geri úr hvorugu kappsmál. Það er hvort tveggja mögulegt, og ég hef ekkert á móti því, að málið gangi áfram til 3. umr. Ég vildi bara láta hv. þm. Seyðf. vita það, að ég fyrir mitt leyti sem

form. n. væri fús til að benda á leiðir til þess að hlusta á hans rök.

**Forseti (GíslJ):** Þá mun ég láta þessa umr. halda hér áfram og mun ekki taka málið aftur á dagskrá nema í samráði við hv. frsm., svo að það gefist nægilegur tími til þess að athuga það á milli umræðna.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Þar sem ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, vil ég gjarnan skýra frá því, af hverju það er.

Það kom til af því, að ég hafði einmitt heyrt þetta, svipað og hv. þm. Seyðf. gat um áðan, að það hefði komið mjög hart niður á einu fyrirtæki, síldarverksmiðjunni á Seyðisfirði, að greiða óeðlilega hátt gjald. Til þess að upplýsa þetta dálítið betur, þá átti ég símtal í morgun um þetta við Svein Benediktsson forstjóra, sem er allra manna kunnugastur þessu máli, og sagði hann rétt vera, að það hefði verið mjög hátt gjald á þessu ári, — 1952, minnir mig, frekar en 1951, — og kom það óvanalega hart niður. Og það var af því, að svo fáir tóku þátt í kostnaðinum. En til þess að kostnaðurinn yrði jafnari og lægri og yrði ekki neitt verulegur fyrir hvern einn, ef eitthvað fiskaðist af síld, þá væru þessi lög því til styrktar. En meðan menn voru sjálfráðir um, hvort þeir lögðu fram til þessa eða ekki, þá vildi það verða svo breytilegt.

Ég er með því, að þetta sé athugað á milli 2. og 3. umr., ef það þykir þörf á því að setja einhvert hámark, eins og bent hefur verið á, og um leið til að fá þá enn þá frekari upplýsingar í málinu, þá finnst mér þetta æskilegt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 9. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 207, 287, 310, 311).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Herra forseti. Það þótti réttara að betur athuguðu máli að færa nokkuð til betra máls það frv., er hér ræðir um og er upphaflega á þskj. 207. Eru því fluttar frá sjútvn. í heild sinni brtt. á þskj. 310, sem í raun réttri eru ekki annars eðlis en þess að færa til betra máls efni frv. Þá eru brtt. á þskj. 311 við brtt. á þskj. 310, þ. e. a. s. við 3. tölulið, eins og þar segir. Það er takmörkun á kostnaðinum, sem innheimta skal hjá síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjum, og sú takmörkun er undir a-lið, en undir staflið b er bætt við á eftir 3. málsgr. brtt. nýrri málsgr., svo hljóðandi sem þar segir, og er að efni til um það, að ef ekki hrökkva greiðslur frá síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjum til þess að standa undir ⅔ síldarleitarkostnaðar, skuli ríkissjóður greiða það, sem á vantar.

Ég ætla ekki um þetta að hafa meira mál. Það er upphaflega risið upp í Nd., þetta frv., og ég geri ráð fyrir, að eftir afgreiðsluna í þessari hv. d. muni það þurfa þangað að fara aftur. En ég hef þá lýst þeim brtt., sem ýmist sjútvn. eða meiri hl. hennar stendur að í þessu máli, og læt þar við sitja í bili.

ATKVGR.
Brtt. 310,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 310,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 287 tekin aftur.
— 311 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 310,3, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 310,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 32. fundi í Sþ., 10. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 355).

Á 45. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til einnar umr.

**Einar Ingimundarson:** Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að tjá mig um þær breytingar, sem hv. Ed. hefur gert á þessu frv., en þær eru talsvert miklar. En ég vildi æskja þess, að umræðu þessari yrði frestað og frv. vísað að nýju til hv. sjútvn.

**Forseti (SB):** Það verður orðið við ósk hv. þm. Siglf. um það að fresta umræðunni, og leyfi ég mér að beina þeim tilmælum til hv. sjútvn., að hún taki málið til athugunar, án þess að því sé formlega til hennar vísað.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 19. febr., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 355, 364).

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Eftir ósk hæstv. forseta hefur sjútvn. tekið til meðferðar á fundi sínum frv. til l. um síldarleit úr lofti, eins og það var afgr. frá hv. Ed. á þskj. 355.

Aðalefnisbreytingin í frv. í meðferð hv. Ed. er í því fólgin, að nú er svo ráð fyrir gert í 4. gr. frv., að framlag síldarútvegsnefndar og síldarverksmiðjanna nemi aldrei meiru en 2 kr. á tunnu eða mál, en því, sem fram yfir er þá upphæð, þegar fiskimálasjóður hefur greitt ⅛ hluta heildarkostnaðarins, eigi ríkissjóður að annast greiðslu á. Í frv. upphaflega og eins og þessi hv. d. einnig gekk frá því, var svo ráð fyrir gert, að fiskimálasjóður greiddi ⅛ hluta kostnaðarins, en ⅞ hlutar hans skyldu jafnast niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, sem reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Við þá skiptingu átti tunnufjöldi og málafjöldi herpinótasíldar að leggjast saman, og skyldi ein tunna uppsaltaðrar síldar til útflutnings jafngilda einu máli síldar til bræðslu. Átti svo hver aðili að greiða í réttu hlutfalli við þann tunnu-

og málafjölda, sem hann hafði tekið á móti til verkunar og vinnslu viðkomandi síldarvertíð. Sjútvn. þessarar hv. d. telur eðlilegast og rétt, að þessi háttur sé á hafður, að þeir aðilar, sem framkvæmt hafa síldarleitina óslitið síðan 1938 og hafa mestra hagsmuna að gæta í sambandi við hana, standi nú eins og áður undir kostnaðinum.

Eins og áður hefur komið fram í umr. um frv. hér í d., var leitað umsagnar fiskimálasjóðs, síldarútvegsnefndar og síldarverksmiðja ríkisins um frv. Hafa þessir þrír aðilar enga athugasemd gert við það að standa undir rekstrarkostnaðinum við síldarleitina ásamt öðrum síldarverksmiðjum norðan- og austanlands.

Á fundi sjútvn. voru allir nm. sammála um að færa frv. í sitt upphaflega form hvað snertir kostnað við síldarleitina og að þeir þrír aðilar, fiskimálasjóður, síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjurnar, standi undir kostnaðinum hér eftir sem hingað til. Hefur því n. borið fram brtt. á þskj. 364 við 4. gr. frv., að síðasti málsliður 2. málsgr. og 4. málsgr. falli niður.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Mér skilst, að það hefi komið mótmæli frá ýmsum einkaverksmiðjum gegn þessu frv. eins og það liggur fyrir. Mér var tjáð þetta, og fór ég þess vegna nýverið fram á, að málið væri tekið út af dagskrá. Við þeirri beiðni var orðið. Ég ætlaðist til, að n. ræddi við mig um málið, og tjáði það flm. frv. Þær viðræður hafa enn ekki farið fram, en málið er þó hér á dagskrá. Ég hef enn ekki séð rök þessara einkaverksmiðja, sem hafa farið fram á breytingar á frv., og veit ekki, hvort ég vil fallast á þau fyrir mitt leyti. En mér þætti betra að mega líta á þau og bera mig saman við nefndina, þannig að mér væri ekki legið á hálsi fyrir, að ég hafi ekki virt þessa aðila svo mikils að líta á þeirra tilmæli. Það er þess vegna mín ósk, að málið verði tekið út af dagskrá, þar til mér gefst færi á að sjá þessi rök, sem þarna eru fram borin. Ég endurtek, að ég veit ekki einu sinni, hvers eðlis þau eru, og geri þetta fremur til að fría mig ámæli um það, að ég virði þessa menn ekki svo mikils að hlusta á rök þeirra, heldur en ég á þessu stigi málsins vilji gera þeirra mál að minu máli.

**Forseti (SB):** Það er rétt, sem hæstv. forsrh. segir, að hann bar fram ósk um það, að málið yrði tekið út af dagskrá, en ég hélt, að hann og nefndin hefðu haft samráð um afgreiðslu þess, og þess vegna var það tekið á dagskrá nú í dag. En það verður orðið við þeirri ósk að fresta umr. um málið að þessu sinni og það tekið út af dagskrá. En þess er vænzt, að það dragist ekki mjög lengi að komast að niðurstöðu um málið.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 355, 364, 714).

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd sjútvn. að taka aftur brtt. n. á þskj. 364. N. hefur nú borið fram aðra brtt. á þskj. 714, sem innifelur m. a. þær breytingar á frv., sem brtt. n. á þskj. 364 bar með sér.

Breytingar þær, sem n. hefur gert á frv. eftir 3. umr. þess í hv. Ed., eru þessar:

Gert er ráð fyrir, að í sambandi við ⅔ hluta heildarkostnaðarins við síldarleitina, sem síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjurnar norðan- og austanlands eiga að standa undir, verði skiptingin þessi: 1 tunna saltsíldar til útflutnings skal jafngilda 1½ máli síldar til bræðslu. Áður var í frv. gert ráð fyrir því, að 1 tunna saltsíldar til útflutnings skyldi jafngilda 1 máli síldar til bræðslu. Virðist þessi breyting í frv. vera til bóta, þar sem hráefni í einni tunnu saltsíldar er stórum verðmeira en eitt mál bræðslusíldar.

Í öðru lagi hefur n. numið burt úr frv. það ákvæði, sem hv. Ed. setti í 2. málsgr. 4. gr. á þskj. 355, að kostnaður síldarútvegsnefndar og síldarverksmiðjanna mætti aldrei nema meiru en 2 kr. á mál eða tunnu.

Einnig hefur n. fellt burt 4. málsgr. sömu gr., þar sem ákveðið var, að ríkissjóður tæki á sig að greiða það, sem á vantaði, að tveggja krónu greiðslan á mál og tunnu frá síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjunum hrykki til að standa undir ⅔ hlutum síldarleitarkostnaðarins. Sjútvn. var sammála um, að ástæðulaust væri að íþyngja ríkissjóði með útgjöld hvað þetta snerti.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að bera hér fram skriflega brtt., svo hljóðandi:

Það er brtt. við brtt. á þskj. 714, sem er flutt af sjútvn. Fyrir orðin „saltaðrar síldar“ í 2. málsl. a-liðar kemur: herpinótasíldar.

Í frv. upphaflega var þetta orðað svona, en í meðferð hv. Ed. hefur þetta orðalag í frv. breytzt, þannig að það stendur aðeins „saltaðrar síldar“. Það er engin sanngirni að gera ráð fyrir, að sú síld, sem veiðist í reknet, standi einnig undir síldarleitinni, og þess vegna er það, að við flytjum þessa brtt., að þetta gildi aðeins um herpinótasíld.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 736) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Ég geri nú fastlega ráð fyrir því, að brtt. hv. sjútvn. verði samþykkt, þar sem öll n. stendur að henni óskipt. En þar sem ég er nú annar flm. að þessu frv., vildi ég aðeins láta það koma fram, að ég er á móti þessari brtt.

Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir því, að þegar reiknaður yrði út kostnaðurinn af síldarleitinni, þá mættust á ein tunna af uppsaltaðri herpinótasíld og eitt mál af bræðslusíld. Í brtt. n. er gert ráð fyrir því að haga þessum hlutföllum þannig, að á móti hverri uppsaltaðri síldartunnu komi 1½ mál af bræðslusíld. Ég held, að það sé ekki rétt að gera þessa breytingu, vegna þess að það er óhjákvæmilegt, að síldarverksmiðjurnar koma til með að hafa miklu meira hagræði af síldarleitinni heldur en salt-

endurnir. Það er augljóst mál, að sú síld, sem veiðist næst landi, fer í söltun, en sú síld, sem veiðist á djúpmiðunum, fer að mestu leyti til bræðslu. Það eru því einmitt beinir hagsmunir verksmiðjanna, að síldarleitin nái sem lengst út, en af því hlýtur að leiða aukinn kostnað, og jafnframt hlýtur að koma fram krafa um það að hafa í síldarleitinni nokkuð stórar flugvélar, sem hljóta að kosta verulega mikið fé. En ef eingöngu væri leitað á grunnmiðum, þá væri að sjálfsögðu hægt að komast af með miklu kostnaðarminni flugvélar og þar af leiðandi minni leitarkostnað.

**Frsm. (Sigurður Ágústsson):** Herra forseti. Hv. þm. Ak., hv. þm. Siglf., hv. 2. þm. Eyf. og ég erum flm. að þessu frv. Er frv. var borið fram hér í hv. þd. var ég eftir atvikum sammála öðrum hv. flm. um það, að rétt væri, að sami háttur væri á hafður og undanfarin ár um skiptingu á kostnaði þeim, er síldarverksmiðjurnar og síldarútvegsnefnd greiða, sem sé, að þessi sameiginlegi kostnaður væri ákveðinn sá sami á saltsíldartunnu og mál bræðslusíldar. Ég hef komizt að annarri raun, síðan frv. var borið fram, því að það er vitað, að hráefni í eina uppsaltaða tunnu hefur verðmæti á við hráefni í 2½ mál bræðslusíldar.

Sá rökstuðningur, sem hv. þm. Ak. hafði hér í frammi, að það væri sanngjarnt að láta vera sama gjald fyrir eitt mál bræðslusíldar og eina tunnu saltsíldar, með því að hann taldi, að leitin kæmi meira að notum fyrir síldarverksmiðjurnar heldur en saltendur, er ekki réttur. Reynslan hefur orðið allt önnur á undanförnum árum. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, aðeins nefna hér reynslu tveggja síðustu ára.

1952 er saltsíld norðanlands rúmar 46 þús. tunnur, en bræðslusíldin aðeins 27 þús. mál. Og þá var leitað mest á djúpmiðum. 1953 var saltsíld norðanlands nærri 173 þús. tunnur, en bræðslusíldin aðeins 119 þús. mál. Bæði þessi ár hefur farið fram síldarleit, og virðist hún því miður ekki hafa komið að því liði fyrir síldarbræðslurnar sem hv. þm. Ak. vill vera láta. Hins vegar er öllum ljóst, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að síldveiðin þessi tvö ár hefði orðið sama og engin, ef síldarleit hefði ekki verið höfð um hönd. Og ég vona, að allir hv. alþm. séu sömu skoðunar um það og við flm., að það sé nauðsynlegt að stuðla að því, að hún geti haldið áfram á næstu árum.

**Jónas Rafnar:** Herra forseti. Það er nú sennilega ástæðulaust að vera að lengja þessar umræður. Eins og ég sagði áðan, þá verður till. n. sennilega samþykkt.

En í tilefni af því, sem hv. þm. Snæf. (SÁ) sagði hér áðan, þá vildi ég nú aðeins benda á það, að í meðalsíldarárum hljóta síldarverksmiðjurnar að hafa meira hagræði tiltölulega af síldarleitinni heldur en saltendurnir, svo að það er augljóst mál, að fyrsta síldin, sem kemur í land, ef hún er veidd nærri ströndum landsins, fer fyrst og fremst í söltunina, nýjasta síldin, en sú síld, sem verksmiðjurnar leita eftir að fá, hlýtur að sæta afgangi.

Ég er á þeirri skoðun, að það sé réttmætt, að hlutföllin í þessu tilfelli séu þannig, að það sé ein tunna af uppmældri síld á móti hverju síldarmáli. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að um þetta má sjálfsagt deila, og geta menn haft í þessu máli eins og mörgum öðrum nokkuð misjöfn sjónarmið.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Það hefur komið fram frá öðrum hv. flm. þessa frv., að hann er því andvígur, að samþykkt sé sú brtt., sem sjútvn. hefur flutt við frv. um það, hvernig gjald skuli reiknað annars vegar af bræðslusíld og hins vegar af saltsíld. Nú er það svo, að ég hef ásamt öðrum sjútvn.-mönnum bæði verið fylgjandi þessu máli eftir atvikum og þessari brtt. En ég vildi nú, úr því að þetta er fram komið frá öðrum flm., mjög mælast til þess við hæstv. forseta, og ég held, að það séu fleiri af nm. um þá ósk, að umr. um málið verði frestað, þannig að n. gefist tóm til að athuga það á ný.

**Forseti (SB):** Ég vildi aðeins spyrja hv. þm. N-Þ. (GíslG), hvort hann óskar þess, að umr. verði frestað eða atkvgr.? (GíslG: Umr.) Það hefur komið fram ósk um það, að umr. um málið verði frestað, og verður orðið við henni, þannig að hv. n. fái tækifæri til þess að athuga það frekar. En þar sem svo áliðið er orðið þings, þá ber nauðsyn til þess, að það verði fljótlega gert.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 8. apríl, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 355, 364, 714, 736).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 364 tekin aftur.

— 736 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 714, svo breytt, samþ. með 18:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 751).

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 793).

---

## 68. Skipun læknishéraða (frv. JPálm).

Á 14. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna** [79. mál] (þmfrv., A. 108).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Flm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 108, er gamall kunningi hér í hv. Alþ., því að það er búið að flytja það tvisvar áður. Á næstsíðasta Alþ. var það flutt af heilbr.- og félmn. og að tilhlutun heilbrigðismálastjórnarinnar og náði þá samþykki gegnum þessa hv. d., en var ekki afgr. frá Ed., aðallega vegna breyt., sem á því voru gerðar. Á síðasta þingi var einnig samþykkt þessi skipun, sem hér er farið fram á, hér í hv. Nd., en féll með jöfnum atkv. í hv. Ed. En það mikil nauðsyn er á því talin að stofna læknishérað í Höfðakaupstað og þeim sveitum, sem þar eru fyrir norðan, að eftir að Alþ. lauk störfum síðast, þá fengu hreppsnefndirnar þar til sín lækni, sem hefur starfað þar síðan og starfar enn við góðan orðstír. Nú vil ég mega vænta þess, að þetta frv. nái framgangi á þessu yfirstandandi þingi, þannig að þessi skipun, sem þegar er komin á, verði gerð lögformleg, og ég teldi mjög sanngjarnt og eðlilegt, að ríkissjóður greiddi laun þeim lækni, sem nú er þarna starfandi, frá þeim tíma, að hann tók við starfi, enda þótt ég hafi ekki sett það inn í þetta frv.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

**Helgi Jónasson:** Herra forseti. Ég er samþykkur hv. þm. A-Húnv. um það, að nauðsynlegt er, að þetta frv. gangi fram. Það hefur verið hér á þingi áður og samþ. hér í hv. d. í ein tvö skipti, en alltaf dagað uppi. En nú er kunnugt um það, að í haust var að tilhlutan landlæknis afhent ríkisstj. frv. um breyt. á þessum sömu lögum, sem var allviðtæk og komið í eina heild öllum breytingum, sem búið var að gera á lögunum undanfarin ár, og það er allt saman samræmt. Og þar er einmitt þetta mál, sem þingið er núna með, tekið upp í frv. Nú er enginn við af hæstv. ráðh., eins og svo oft áður, en það er hægt að ná í heilbrmrh. og vita, hvort það er í því frv., sem hjá honum liggur. Ég vil gjarnan vita það nú strax, hvernig það mál stendur, hvort stjórnin ætli sér að liggja á frv. eða hvort það kemur fram. Ég skal bíða á meðan. (Gripið fram í.) Ég ætla að sjá til. Vill einhver ná í þá? Ja, ég sé, að það ætlar að ganga illa að hafa upp á ráðherranum. (Gripið fram í.) Ja, þá vildi ég mælast til við hæstv. forseta, að hann athugi nú hjá hæstv. heilbrmrh., hvernig þessum málum líði og hvort maður mætti eiga von á því, að stjórnin flytti þetta frv. eða ekki. Það vildi ég fá að vita núna næstu daga.

**Forseti (SB):** Það mun verða orðið við þeirri ósk hv. þm. að flytja fsp. hans til hæstv. ráðherra.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 108, n. 431).

**Frsm. (Jónas Rafnar):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv., og leggur n. einróma til, að það verði samþykkt. Það láðist að vísu að geta um það í nál., að breyta ætti 2. gr. frv. þannig, að lögin öðluðust þegar í stað gildi í stað 1. jan. 1954. En ég leyfi mér að leggja fram skriflega brtt. þess efnis.

Frv., þessu samhljóða, var flutt á síðasta þingi af heilbr.- og félmn. neðri deildar, og var það þá flutt í samráði við heilbrigðisstjórnina. Frv. þessu fylgdi þá allýtarleg grg., svo að það mun vera þarflaust að gera nánar grein fyrir tilgangi frv. En ég leyfi mér að leggja fram skriflega brtt. við 2. gr., þess efnis, að lögin öðlist þegar í stað gildi, og óska svo eftir, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 452) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Jón Pálmason:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir það að hafa einróma lagt til, að þetta frv. verði samþ. Ég get að vísu sagt, að ég hefði vonazt eftir því, að hv. n. hefði skilað þessu miklu fyrr, vegna þess að þetta mál hefur verið ágreiningslaust hér í hv. deild, en um það er ekki að sakast, og væntanlega verður tækifæri til þess að fá það í gegn. Mér er kunnugt um það, að dráttur nefndarinnar stafar af því, að það hefur svona af og til verið von á allsherjarbreytingu á læknaskipuninni.

En varðandi þá brtt., sem frsm. hefur lagt hér fram, þá er hún náttúrlega alveg eðlileg, því að frv. var lagt svo snemma fram, að það var gert ráð fyrir, að það gæti tekið gildi, ef samþ. yrði, um síðustu áramót, og þar sem nú er komið langt fram yfir þau, þá er sjálfsagt og eðlilegt að samþykkja þessa brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 452 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 453).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 72., 73. og 75. fundi í Ed., 29. og 30. marz, 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 453, n. 561).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Frv. það, sem fyrir liggur um læknaskipun í Blönduóshéraði og Höfðahéraði, kom fram á síðasta Alþingi. Var það þá flutt í Nd. af heilbr.- og félmn. og að tilhlutan landlæknis. Náði það samþykki í Nd., en féll í Ed.

Margt mælir með því, að sérstakt læknishérað skuli stofnað í Höfðakaupstað, og hafa viðkomandi hreppsnefndir sýnt mikinn áhuga fyrir málinu, m. a. með því að ráða lækni, sem starfað hefur þar á þeirra kostnað. Bréf hefur nýlega borizt frá kvenfélaginu Einingu í Höfðakaupstað, er fjallar um þetta mál, og vil ég lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur kvenfélagsins Eining í Höfðakaupstað, haldinn 21/2, samþ. eftirfarandi ályktun:

„Með því að hér í Höfðakaupstað hefur verið starfandi læknir s. l. ár, sem hefur reynzt mjög vel, og í ljós hefur komið, að fyllsta þörf er fyrir lækni hér, skorar fundurinn á hreppsnefnd Höfðahrepps og alþm. sýslunnar að vinna af alhug og kappi að því, að hér verði sem fyrst ákveðið sjálfstætt læknishérað og læknir búsettur hér á staðnum."

Í framhaldi af ályktun þessari vill fundurinn benda á, að kvenfélagið hefur nú á þessu ári keypt gegnumlýsingartæki og sjúkrakörfur, sem það hefur ákveðið að gefa væntanlegu læknishéraði hér. En tæki þessi yrðu að mestu ónotuð, ef hér væri ekki læknir búsettur."

Frv. var samþ. einróma við 3. umr. í Nd. Nál. á þskj. 561 mælir eindregið með því, að frv. nái samþykki. Að aflokinni þessari umr. óska ég eftir venju, að því verði vísað til 3. umr.

**Páll Zóphóníasson:** Ég vil bara, herra forseti, leiða athygli d. að því, að ég tel þetta frv. mikið til óþarft. Á milli Blönduóss og Höfðakaupstaðar eru 23 km eftir upphlöðnum akvegi og meðfram sjó, og ef það á að ganga inn á þá braut að búa til ný læknishéruð svo nálægt hvort öðru, þar sem þó ekki eru fleiri menn saman komnir heldur en þarna er um að ræða og byggðin hinum megin við Skagafjörð út á Skagaströnd mjög strjál, úr því að kemur út fyrir Ásbúðir, — 3 bæir bara þar fyrir utan, og ekki nema tiltölulega stutt út að Ásbúðum, þá tel ég vera stefnt í vitleysu með læknishéruðin og það, sem hér eigi að gera, sé, að við hinn væntanlega og fyrirhugaða spítala, sem er að koma á Blönduós, eigi að koma tveir læknar, — þar eigi að koma tveir læknar, þar eigi alltaf að vera tveir læknar og þeir eigi að hafa Austur-Húnavatnssýslu alla. Það eru, sem ég segi, einir 23 km þarna á milli, og að fara að setja þar nýjan lækni tel ég fjarstæðu. Hitt er allt annað mál, þó að það vilji setjast þar að maður og praktísera. Þeir mega setjast að hvar sem þeir vilja á landinu sjálfsagt; svona mikið til. Á móti því hef ég ekki neitt, og það er gott að fá þá sem víðast, svo að fólkið hafi sem styztt til lækna. En að ríkið ætli sér að hafa lækna með 23 km millibili um landið, það held ég sé mjög mikil ofrausn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 77. og 79. fundi í Ed., 5. og 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 453, 746).

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Ég var búinn að lýsa þessu frv. við 2. umr. og hef ekki neinu við það að bæta, en síðan hefur komið fram lítil brtt. og er um það, að í stað þess, að „lög þessi öðlast þegar gildi" kemur: lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955. — Í öðru lagi er hér bráðabirgðaákvæði, sem ekki var í frv.: „Ríkisstjórninni er heimilt að greiða á yfirstandandi ári læknislaun vegna veittrar læknisþjónustu í Höfðakaupstað, þó ekki yfir eins árs læknislaun samkv. launalögum." — Því var lýst, þegar frv. var til 2. umr., að héraðsbúar hefðu þegar í fyrra ráðið til sín lækni og kostað hann. Hann var það ár, a. m. k. hálft árið í fyrra, og þess vegna er þetta bráðabirgðaákvæði sett inn, að það virðist vera sanngirnismál.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Mér skilst, að breyt., sem lagt er til, að gerð sé á þessu frv., sé sú, að það eigi að ganga í gildi 1. jan. 1955, en jafnframt sé sett bráðabirgðaákvæði um, að laun héraðslæknis eigi að borga allt þetta ár. Mér er nú spurn: Hvaða skýring er á þessu? Ef héraðslæknir er starfandi þarna og ef hann á að fá full héraðslæknislaun, af hverju þá ekki að gera sér grein fyrir því, að embættið er raunverulega stofnað, og láta l. taka þegar í stað gildi? Og er ekki einmitt líklegra, að það sé hægt að fá góðan mann til þess að gegna þessu starfi, ef það er veitt nú þegar, heldur en ef það á að vera lausastarf fram til áramóta? Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að fara svona að. Mér finnst miklu eðlilegra, úr því að þarna á að vera héraðslæknir, að l. séu þegar í stað látin taka gildi og frv. sé samþ. óbreytt.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Það er aðeins ein fyrirspurn. Muni ég rétt, þá eru laun héraðslækna misjöfn eftir því, í hvaða embætti þeir eru. Í launalögunum munu læknishéruðin vera flokkuð niður, ef ég man rétt, í 3 eða 4 flokka og ætluð misjöfn laun. Hvað eru laun héraðslæknis í Höfðahéraði hinu nýja? Það er ekki í launalögunum. Í hvaða flokk héraðslækna á hann að fara? Það er alveg ótiltekið í brtt. og sett líklega á vald ráðh., — kannske það eigi að vera meðaltal af öllu því, sem héraðslæknarnir hafa núna? Ég veit það ekki. Einhver héraðslæknislaun verður hann að hafa, og þau eru ákveðin í launalögunum og eru sem sagt misjöfn. Þess vegna getur brtt. ekki stað-

izt. Það þarf að vera lagt í vald ráðh. að ákveða, hver launin séu, eða þingið ákveði það, — það er ekki gert í þessu, — því að héraðslæknalaunin eru misjöfn.

**Frsm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að leiðrétta þetta, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um. Það stendur hérna í bráðabirgðaákvæðinu: „þó ekki yfir eins árs læknislaun samkvæmt launalögum.“ Og þá mundi einmitt verða tekið tillit til þess, í hvaða launaflokki þetta yrði.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég held, að það sé einhver misskilningur saman við þetta hjá hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. N-M. Svo er ástatt í þessu héraði, að hreppurinn hefur ráðið lækni, sem nú hefur starfað þar í um 2 ár með ákveðnum launum. Það, sem um er að ræða samkvæmt brtt., er það, að þessi laun, sem samizt hefur um milli hreppsnefndar og læknisins, sem er þarna, verði greidd úr ríkissjóði, þó þannig, að ekki fari fram úr læknislaunum samkvæmt héraðslæknalögunum. Og þótt ekki séu bein ákvæði um það, að þetta hérað sé nefnt í þeim, þá er auðvelt að miða við héruð af sömu stærð, því að það er það, sem ákveður launin.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég skil þessar skýringar, sem hér hafa komið fram frá hv. nm., en þeir svara ekki þeirri spurningu: Hvaða ástæða er til þess, að ríkissjóður taki nú þegar á sig launin, en samt sé látið svo sem l. eigi ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar? Hvaða skrípaleikur er hér á ferðinni? Af hverju er verið að dyljast þess, að embættið er þegar stofnað og maður er þegar í því, og hverjum er verið að gera til geðs með því að láta þá svo sem l. eigi ekki að taka gildi fyrr en löngu seinna?

**Páll Zóphóníasson:** Með leyfi hæstv. forseta. Þetta í launalögunum stendur svo: „Héraðslæknar í Reykjavík og á Akureyri hafa 11100 krónur. Héraðslæknar í 3. flokks héruðum hafa 10200. Héraðslæknar í 2. flokks héruðum hafa 7200—9600. Héraðslæknar í 1. flokks héruðum hafa 6000—7800.“ Og svo stendur: „Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur, að fengnum till. landlæknis og Læknafélags Íslands, reglugerð um skiptingu læknishéraða í þrjá flokka samkvæmt framansögðu, og skal við þá flokkun einkum farið eftir fólksfjölda og samgöngum og þéttbýli, með hliðsjón af, hve erfið héruðin eru.“ Hvar í flokki er þetta hérað, sem ekki er til? Hvaða héraðslæknislaun á að borga í því?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 746 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FRV, GÍG, HG, JJós, JK, GíslJ.

nei: SÓÓ, VH, AE, BSt, BBen, IngF, KK, LJóh, PZ.

BrB, HermJ greiddu ekki atkv.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 795).

## 69. Skipun læknishéraða (frv. HÁ o. fl.).

Á 36. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna** [121. mál] (þmfrv., A. 279).

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Halldór Ásgrímsson):** Herra forseti. Till. á þskj. 279, um skiptingu Egilsstaðalæknishéraðs í tvö læknishéruð, er flestum hv. þdm. kunn frá tveimur s. l. þingum. Í bæði skiptin fékk málið afgreiðslu frá þessari hv. d., en á s. l. þingi þó í breyttu formi, þ. e., að héraðinu skyldi ekki skipt, en skipaður aukalæknir, þannig að tveir fastalæknar skyldu þjóna héraðinu. Hins vegar lagðist hv. Ed. á móti málinu, enda hafði það í bæði skiptin verið afgr. úr hv. Nd. í tengslum við skiptingu læknishéraðs á Norðurlandi.

Fljótsdalshérað hefur lengst af verið tvö læknishéruð, en með l. nr. 8 frá 1944 voru þau sameinuð í eitt. Heima í héraði voru menn mjög á móti þessari sameiningu, þar sem af henni hlaut að leiða, að læknum héraðsins var þar með fækkað úr tveimur í einn. Gerðist þetta á sama tíma og menn á Fljótdalshéraði voru að hefja samtök um það að byggja sjúkrahús sameiginlegt fyrir allt héraðið. Heima í Fljótsdalshéraði voru menn strax mjög á móti þessari sameiningu, eins og áður er sagt, þar sem það var augljóst, að af henni hlaut að leiða mjög mikla afturför í læknamálum héraðsins. Menn höfðu ekki heldur trú á því heima í héraði, að sú viðbótarhlaupaþjónusta, sem veita átti með annaðhvort nýbökuðum kandidötum eða jafnvel læknanemum samkv. l. frá 1944, yrði viðunandi lausn eða til þess gagns, sem gert var ráð fyrir af heilbrigðisstjórninni. Svo hefur ekki heldur orðið, og síðan 1948 hafa heilbrigðisstjórninni og Alþ. sífellt borizt áskoranir frá oddvitum allra tíu hreppa héraðsins, svo og sjúkrahússtjórninni, um að skipta læknishéraðinu aftur í tvö læknishéruð, og á síðustu árum hefur héraðslæknirinn tekið undir þessar áskoranir.

Íbúar Fljótdalshéraðs gerðu sér nokkra von um á síðasta þingi, að það hv. Alþ. mundi

verða við sanngjörnum og eðlilegum óskum þeirra í því efni að skipta héraðinu, en urðu fyrir miklum vonbrigðum, þegar svo varð ekki. Austfirzkum þm. barst því í vetur áskorun um að bera enn fram frv. um skiptingu læknishéraðsins, og er þess vænzt, að þessi hv. þd. veiti málinu nú ekki lakari fyrirgreiðslu en hún hefur áður gert bezta.

Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með fleiri orðum. Flestir þdm. þekkja til málavaxta, auk þess sem ég vísa til þeirrar grg., sem fylgir málinu. — Að lokinni þessari umr. óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 435 og 436).

**Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. Með lögum, sem sett voru 1944, voru tvö læknishéruð á Fljótsdalshéraði sameinuð í eitt, en það var gert með því skilyrði, að aðstoðarlæknir yrði þar til staðar og gegndi störfum á þessu svæði jafnframt héraðslækninum. Ýmsir, sem búsetu eiga í þessum landshluta, voru þegar í stað óánægðir með þessa breytingu og bentu á það, að aukalæknirinn eða aðstoðarlæknirinn mundi ekki starfa þarna að staðaldri, þar sem um sífelld mannaskipti yrði að ræða. Þetta hefur orðið svo í reyndinni, að suma tíma árs hefur aðstoðarlæknir ekki verið til staðar á Egilsstöðum og þar af leiðandi aðeins einn læknir, sem hefur verið þar til læknisstarfa á mjög stóru svæði. Út af þessu hafa fundir oddvita í Múlasýslum gert áskoranir um það, að á þessu yrði ráðin bót á þann hátt, að læknishéraðinu yrði skipt, eins og lagt er til í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta frv., og meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. með lítils háttar breyt. við 4. gr. frv., sem er eðlileg og sjálfsögð vegna þess, hve lengi hefur dregizt að afgr. þetta frv. hér á þingi. En minni hl. n. hefur skilað sérstöku áliti og leggur til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, eins og prentað er á þskj. 435.

**Halldór Ásgrímsson:** Herra forseti. Ég vil þakka meiri hl. heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. — Í tilefni af minnihlutaáliti hv. 1. landsk. (GÞG) tel ég mig hafa haft ástæðu og nokkra löngun til að ræða við hann, en þar sem hann er hér ekki staddur, sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt, og aðeins jafnframt, að ég flyt meiri hl. n. þakkir, vænti ég þess, að hv. þdm. sýni nú sem fyrr skilning í þessu máli og afgreiði það eins og meiri hl. n. leggur til.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 435 felld með 17:2 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 436 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 454).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 72., 73. og 75. fundi í Ed., 29. og 30. marz, 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 454, n. 565 og 570, 552).

**Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið ásátt um frv. Minni hl. leggur til, að það verði fellt, og hefur skilað sérstöku nál. Meiri hl. leggur hins vegar til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Þetta frv. er raunar gamall kunningi hér í hv. d. Það mun hafa legið fyrir tveimur síðustu þingum, en eigi náð samþykki. Nú er málið mjög einfalt í sjálfu sér, og ætti að vera þarflítið að flytja um það langa ræðu. Mér þykir þó rétt að gera grein fyrir því með örfáum orðum.

Á Fljótsdalshéraði voru tvö læknishéruð fram til ársins 1944, þá var skipan mála breytt og héruðin sameinuð. Það var ákveðið þá, að læknir skyldi búsettur á Egilsstöðum. Þá var einnig hafizt handa um að reisa þar sjúkraskýli, mjög fljótlega eftir sameininguna. Jafnframt var gert ráð fyrir í l., að aðstoðarlæknir sæti þarna einnig. Sem sagt, tilætlunin var, að ævinlega skyldu sitja tveir starfandi læknar á Egilsstöðum. Á þessu hefur orðið verulegur misbrestur. Það hafa oft komið tímabil, sem aðstoðarlækni hefur vantað, og hefur það átt sér stað bæði um sumar og að vetrarlagi. Út af þessu hefur skapazt mikil og almenn óánægja í læknishéraðinu, sameiginlegir fundir oddvita af öllu svæðinu hafa hvað eftir annað látið í ljós þessa óánægju fólksins og óskað breytinga á skipulaginu.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að verða við óskum fólksins og skipta héraðinu að nýju. Þó er gert ráð fyrir því, að

báðir læknar sætu eftir sem áður á Egilsstöðum. Egilsstaðir eru, og hafa raunar verið um lengri tíma, ákaflega mikil samgöngumiðstöð. Það má segja bókstaflega, að út frá Egilsstöðum liggi leiðir til allra sveita á Héraði. Einnig mælir það með því, að báðir læknarnir sitji þarna áfram, að nú er þar, eins og ég tók fram áðan, sjúkraskýli, og er þess vegna aukið öryggi í því, að tveir læknar séu þar búsettir. Meiri hl. n. lítur svo á, að samþykkt frv. yki stórum líkurnar fyrir því, að ætíð sætu tveir fullgildir læknar á Egilsstöðum. Fljótsdalshérað er ákaflega víðlent. Þar eru upp undir 200 km á milli yztu og efstu bæja. Þetta byggðarlag er að vísu greiðfært yfirferðar á sumrin, en þar er vetrarríki mikið, og þá þyngist róðurinn að sjálfsögðu. Með hliðsjón af þessu, svo og þeim verkefnum, sem sjúkraskýlinu fylgja, telur meiri hl. n. sem sagt fullkomið sanngirnismál, að þessi byggðarlög fái tvo fasta lækna.

Tveir hv. þm. hafa flutt brtt. á þskj. 552 um stofnun sérstaks læknishéraðs í Kópavogi. N. ræddi þessa till. nokkuð, en tók ekki sameiginlega afstöðu til hennar. Till. gerir, eins og ég sagði, ráð fyrir, að alveg nýtt hérað verði stofnað í Kópavogi. Tillögumenn munu að sjálfsögðu gera grein fyrir sínu máli, en ég vil strax taka það fram sem mína skoðun, að mér virðist ekki aðkallandi að stofna þetta læknishérað nú. Það er vitað, að íbúar Kópavogshrepps nota að sjálfsögðu hina mörgu lækna hér í Reykjavík, og á því út af fyrir sig mundu ekki verða neinar stórbreytingar, þó að nýtt hérað yrði stofnað, Hitt er svo annað mál, að það dregur sjálfsagt að því, að koma þurfi nýrri skipan á heilbrigðismál þessa byggðarlags, sem er mjög ört vaxandi og þegar orðið nokkuð fjölmennt. Hér í hv. d. hefur nýlega verið lagt fram frv. til nýrra læknaskipunarlaga, samið af landlækni, og mér er kunnugt um það, að á næsta þingi hyggst hæstv. heilbrmrh. leggja fram stjfrv. um þetta efni. Mér virðist því engin ástæða til að samþykkja brtt. á þskj. 552 að þessu sinni.

**Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 565, hefur minni hl. í heilbr.- og félmn. ekki getað fallizt á að leggja til, að frv. það, sem hér um ræðir, verði samþ. á þessu þingi. Mál þetta hefur tvívegis áður legið fyrir Alþ. og þessi hv. d. hefur í bæði skiptin vísað því frá með fullum rökum, vegna þess að meiri hl. hennar hefur ekki talið, að læknisþjónustunni væri betur fyrir komið í þessu héraði, þó að þessi háttur yrði tekinn upp, sem hér um ræðir og hér er gert ráð fyrir. Málið hefur margsinnis verið borið undir landlækni, sem einnig hefur verið þessarar skoðunar, og er skoðun hans á því máli óbreytt enn í dag.

Eins og nú er skipað málum í héraðinu, situr þar héraðslæknir, sem er kominn að aldurstakmarki eða a. m. k. vitað er að muni láta af störfum á yfirstandandi ári, og það er m. a. vegna þess, að héraðið hefur ekki talið, að það fengi nægilega örugga læknisþjónustu á meðan sá læknir sæti í héraði, að sótt hefur verið um það undanfarin ár að skipta héraðinu í tvennt, eins og farið er fram á einnig í þessu frv. Nú er það vitað, eins og ég sagði áðan, að þessi ágæti maður mun sækja um lausn frá embætti á þessu ári, og þá standa vonir til þess, að Egilsstaðahérað geti valið um hina ágætustu lækna, ef héraðinu er ekki skipt og haldið er áfram sama hætti og verið hefur hingað til, að hafa einn héraðslækni í héraðinu og þess utan aðstoðarlækni til þess að vinna með honum, bæði að heilbrigðismálunum í sambandi við sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið, sem þar er rekið, og í sambandi við læknisferðir um héraðið, eftir því sem á þarf að halda. Þetta eru ein rökin fyrir því, að við í minni hl. teljum, að það beri ekki að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Við teljum, að það sé bjarnargreiði við sjálfa héraðsbúa að verða við þessum óskum, sem af öðrum ástæðum hafa verið knúðar fram en ég hér hef rætt um.

En þó að litið sé frá þessu meginatriði frv., kemur og fleira til greina. Nú hefur verið byggður á Egilsstöðum læknisbústaður, sem kostaði upp undir 1 millj. kr., eftir því sem mér hefur verið tjáð, og í þeim læknisbústað eru 2 íbúðir, önnur fyrir héraðslækninn, hin fyrir aðstoðarlækninn. Þessar íbúðir eru ekki jafnar að stærð eða að gæðum, og það hefur verið eitt ágreiningsatriðið, eða hefur verið notað sem ágreiningsatriði í þessu máli, að ekki sé hægt að bjóða aðstoðarlækninum jafngóða íbúð og héraðslækninum sjálfum. Það er því alveg sýnilegt, að ef þetta frv. er samþ., þá er næsta sporið að byggja nýjan læknisbústað fyrir hinn nýja lækni einnig á Egilsstöðum, og það kostar ríkið a. m. k. 600 þús. kr. Þetta eru útgjöld, sem minni hl. telur að hægt sé að komast hjá og það sé engin nauðsyn á því að baka ríkissjóði þessi útgjöld og það á þeim tímum, sem vitað er að ýmis héruð geta ekki fengið nægilegt fé til að byggja sína læknisbústaði eða til þess að verja til sjúkrahúsbygginga. Það segir sig sjálft, að eftir að þessi lög eru staðfest, verður ekki undir neinum kringumstæðum látið hjá líða frá viðkomandi aðilum að gera kröfu um þessar framkvæmdir, sem ég þegar hef lýst.

Þriðja ástæða fyrir því, að minni hl. vill ekki samþ. þetta frv., er einmitt sú ástæða, sem hv. frsm. meiri hl. færði fyrir því, að ekki ætti að samþ. þær brtt., sem bornar eru fram á þskj. 552. Hann sagði, að sér fyndist, að það væri ekkert aðkallandi mál að stofna þetta embætti þar nú, m. a. vegna þess, að nú lægi fyrir frv. um heildarskipun þessara mála, og þó að ekki standi vonir til þess, að það ef til vill nái fram að ganga á þessu þingi, þá sé full vissa fyrir því, eins og hv. frsm. tók fram, að hæstv. ríkisstjórn leggi fram stjfrv. á næsta Alþ., sem hún þá tryggir fullan framgang á því þingi, og þar verði teknar upp þær reglur í heilbrigðismálunum, sem gilda skulu a. m. k. einhvern óákveðinn tíma. Af þessum sömu ástæðum tel ég enga nauðsyn bera til að hlaupa nú til þess að stofna hér nýtt læknishérað, með þeim kostnaði og þeim erfiðleikum, sem ég þegar hef tekið fram hér í minni ræðu.

Það mætti vel segja, að það nákvæmlega sama

gilti um það frv., sem var samþ. hér til 3. umr. fyrr á þessum fundi í sambandi við stofnun nýs læknishéraðs á Skagaströnd. Því hefur verið vikið frá hér í þessari hv. d. undanfarin tvö ár með nákvæmlega sömu rökum. En eina ástæðan fyrir því, að það mál hefur verið samþ. til 3. umr., er sú, að landlæknir hefur talið það sjálfsagt og óhjákvæmilegt að gera þá skipun í því héraði, alveg gagnstætt því, sem hann álítur um það hérað, sem hér um ræðir, og að einmitt sú skipun er tekin upp í því frv., sem lagt hefur verið fram til umr. í læknaskipunarmálunum og á að vera heildaruppistaðan í frv. ríkisstj. á næsta þingi.

Ég vil leyfa mér einnig að benda á, að jafnvel þótt það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 454, verði samþ., tel ég þó, að það verði að breyta eða fella niður 2. gr. frv. Hér er nú gengið inn á alveg nýja braut, þ. e. að fyrirskipa með lögum, að læknishéruð skuli starfrækja sjúkrahús, en mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gert áður. Mér er kunnugt um, að ríkissjóður hefur lagt til sjúkrahúsa ákveðin hlutföll af byggingarkostnaði. Sums staðar er það 75%, annars staðar aðeins 40%, en mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkru sinni fyrr verið fyrirskipað, að ákveðin læknishéruð skuli starfrækja sjúkrahús, eins og gert er hér í þessu frv. Hér er beinlínis fyrirskipað, að hæði læknishéruðin skuli starfrækja sjúkrahús á Egilsstöðum. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að spyrja, hver á að bera þann kostnað, ef læknishéruðin, þessi tvö sem hér um ræðir, komast í greiðsluþrot og geta ekki staðið undir þeim kostnaði. Er þá ætlazt til þess, að ríkissjóður taki á sig þann kostnað? Og ef það er meiningin með þessari lagasetningu hér, þá er ég alveg andvígur þeirri stefnu, því að það drægi að sjálfsögðu ýmsa aðra dilka á eftir sér. Auk þess er mjög vafasamt, hvort héraðið sjálft mundi ekki skapa sér hér mjög mikla ábyrgð gagnvart sjúklingum, ef það léti niður falla rekstur sjúkrahússins á einhverju tímabili eftir að þessi lagasetning væri gerð, jafnvel þótt það væri ekki nema um stundarsakir og viðkomandi sjúklingur yrði þá að leita til annarra staða á eftir.

Þá vil ég einnig benda á í sambandi við það, sem hér er sagt einnig í þessari gr., að sá læknir, sem á hverjum tíma hafi verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skuli vera þar yfirlæknir við sjúkrahúsið. Sér ekki hv. meiri hl. þá hættu, sem gæti legið í þessu? Ef sá maður vildi beita því valdi að ýta í burtu hinum lækninum, þá gæti samstarfið orðið þannig, að þar vildu ekki margir læknar vera, og þá hefur sá læknirinn, sem eftir situr, fjárhagslegan gróða af því að sitja þar einn, hafa ýtt hinum í burtu og taka sjálfur hálf önnur laun í héraðinu samkvæmt gildandi l., svo að ég hygg, að það sé ýmislegt fleira, sem kemur hér til greina, heldur en það eitt að skipta læknishéraðinu, eins og ætlazt er til að gert sé með þessum lögum. Og það væri sannarlegur bjarnargreiði fyrir héraðið, ef það skyldi svo verða ofan á, að viðkomandi læknir notaði sér þetta til launahækkunar í héraðinu.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að benda á, að mjög vafasamt er, að 4. gr. frv. geti verið svo sem hér segir, og gildir það raunverulega alveg eins og um 4. gr. í því frv., sem var vísað hér til 3. umr. fyrr á þessum fundi. Ég tel, að það sé ákaflega óheppilegt, að læknishéraði sé skipt þann dag, sem lög þessi öðlast gildi, kannske í miðjum mánuði eða á fyrsta degi mánaðarins, og að það sé sjálfsagt að binda þetta a. m. k. við áramót. Ég tel það vera mjög óheppilegt allra hluta vegna, að nokkur annar tími sé valinn en áramót til skiptingar á læknishéraði. Kemur þar ýmislegt til greina. En ef nú á að draga það til loka þessa árs, að lög þessi öðlist gildi, sem er vitanlega alveg sjálfsagður hlutur, þá verð ég nú að segja, að það fer að verða mjótt á mununum, hvort þessi löggjöf er samþ. hér á þessu þingi eða hvort bíða er eftir því, að heildarlöggjöfin komi í þingbyrjun, enda þá líklegt, að búið verði að samþ. hana fyrir áramótin næstkomandi.

Þetta vildi ég að kæmi fram hér við þessa umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð lengri, en með tilvísun til þess, sem ég hef sagt, leggur minni hl. til, að frv. verði fellt.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Við hv. 10. landsk. (GÍG) flytjum á þskj. 552 brtt. við þetta frv. Við fluttum sams konar till. og þessa á síðasta þingi, og mun flestum hv. þdm. vera kunnugt um efni hennar og þau rök, sem við færðum þá fram fyrir samþykkt hennar. Hún var þá flutt í sambandi við það frv., sem þá lá fyrir í hv. d. um nýskipun læknishéraða, en í því frv. voru þá innifalin bæði þau frv. um þessi efni, sem nú eru á dagskrá hv. deildar.

Þessi till. okkar háttv. 10. landsk. um að mynda læknishérað í Kópavogi fékk í fyrra meirihlutafylgi hér í hv. d. Ef ég man rétt, mun hún hafa fallið með jöfnum atkv. eins og frv. sjálft, sem þá var á ferðinni hér. Efni þessarar brtt. hefur verið rætt við þau heilbrigðisyfirvöld, sem hún snertir, bæði við landlækni og borgarlækninn í Reykjavík, en nú er þessum málum svo skipað, að borgarlæknirinn í Reykjavík er um leið héraðslæknir í Kópavogshreppi að mestu leyti, en nokkur hluti hreppsins tilheyrir þó Álafosslæknishéraði.

Þau rök, sem við færðum í fyrra fyrir samþykkt þessarar till., voru í fyrsta lagi þau, að Kópavogshreppur er þegar orðinn mjög fjölmenn byggð. Það er óhætt að segja, að á þessu ári muni íbúatalan komast á fjórða þúsund. En það er ekki öll sagan sögð með því. Þar eru nú um 200 hús í byggingu, sem ætla má að verði lokið innan tveggja, a. m. k. innan þriggja ára, og þar með þegar flutt er í þau, bætast við allt að 15 hundruð íbúar, en þar við bætist, að fyrirsjáanlegt er, að á þessu ári verður ekki hjá því komizt vegna mikillar eftirspurnar að veita verulegan fjölda af nýjum leyfum til bygginga, á að gizka 100—150, miðað við það, sem gert hefur verið undanfarin ár, en það tryggir áframhaldandi mjög öra fólksfjölgun á næstu árum. Af þessu öllu verður það ljóst, að óhætt er a. m. k. að reikna með 5 þús. íbúum á næstu árum. Þessi hreppur er

líka auk þessa mjög viðlendur, honum tilheyra nokkuð margir bæir upp með veginum á Hellisheiði, og það eru einmitt þeir, sem hingað til hafa tilheyrt Álafosslæknishéraði.

En veigamesta ástæðan til þess jafnvel, að menn vilja fá héraðslækni í Kópavogi, er sú, að það er mikil þörf á því, og liggur það fyrir, að gerðar séu ráðstafanir vegna heilbrigðismála almennt. Í Reykjavíkurbæ hefur einmitt verið gert stórt átak í þeim efnum á undanförnum árum undir forustu og stjórn núverandi borgarlæknis, en þó mun honum sem öðrum, sem um þessi mál hafa hugsað og til þekkja, vera ljóst, að það væri þýðingarlítið að gera margar og miklar ráðstafanir í Reykjavíkurbæ til þess að tryggja almennt heilbrigði, ef ekki væru gerðar tilsvarandi ráðstafanir í mjög fjölmennum byggðum, sem eru að rísa upp og eru til í næsta nágrenni bæjarins. En það verður að segja, að þó að borgarlækni sé þetta ljóst, þá hefur þó ekki verið hægt að gera slíkar heilbrigðisráðstafanir sem æskilegt hefði verið í þessum byggðum, og er þar fyrsta ástæðan sú, að borgarlæknisembættið í Reykjavík, eins og það er nú, er mjög umfangsmikið og erfitt og krefst þess, að heilbrigðisyfirvöld séu til, sem alltaf hafi vakandi auga og stjórn á þessum málum. Mér er því óhætt að fullyrða, að það er beinlínis ósk borgarlæknisins í Reykjavík, sem hingað til hefur gegnt héraðslæknisstörfum í Kópavogi, að breyting verði gerð á þessu á þann hátt, sem lagt er til í brtt. okkar.

Um landlækni er það að segja, að honum er það einnig ljóst og hann játar fullkomlega þörfina á því að breyta til í þessum efnum, og ber vott um það till. hans um þetta efni, sem kemur fram í því frv. til læknaskipunarlaga, sem er hér til meðferðar í hv. deild, þar sem landlæknir leggur til, að stofnað verði Kópavogslæknishérað, en hans till. er að vísu sú, að það nái yfir allt núverandi Álafosshérað. Landlæknir tekur fram í greinargerð sinni við frv., að það mundi verða mjög myndarlegt hérað þegar í upphafi, með yfir 4 þús. íbúa, og að það næði upp í Hvalfjarðarbotn og Þingvallasveit, svo að það er líklegt, að ef þessum embættismanni yrðu falin umfangsmikil störf við stjórn heilbrigðismála í sínu heimahéraði og aðalhéraði, þar sem hann ætti setu í Kópavogi, þá hefði hann áreiðanlega nóg að gera, enda segir landlæknir, að til þess að gegna þessu embætti mundi þurfa röskleikamann á góðum aldri. Það er mín skoðun, að þessi till. landlæknis, þó að ég kynni að geta fallizt á hana, væri ekki nema hrein bráðabirgðaráðstöfun, því að svo víðlent og fjölmennt læknishérað með svo geysilega örri fólksfjölgun íbúa í Kópavogi yrði fljótlega allt of umfangsmikið og fjölmennt fyrir einn embættismann. Sú ráðstöfun yrði vitanlega til bóta í byrjun, en hæpið, að hún yrði viðhlítandi til nokkurs langframa. Ég er því alveg sannfærður um, að fyrr eða síðar og fyrr en síðar verður horfið að því ráði, sem felst í brtt. okkar hv. 10. landsk., að gera læknishérað úr Kópavogshreppi eins og hann er nú, enda er það út af fyrir sig í samræmi við þá meginreglu, sem frv. til læknaskipunarlaga, sem nú hefur verið flutt af heilbr.- og félmn., gerir ráð fyrir, og eru raunar meginrökin fyrir þeirri skipun læknishéraða, sem þar er lögð til, en þau eru þau, að það sé heppilegast, að takmörk læknishéraða fylgi takmörkum hreppa vegna manntals og skýrslugerðar og annars slíks.

Ég fylgdist nú ekki alveg nákvæmlega með því, sem hv. frsm. meiri hl. n. hafði að segja um þessi mál og þar á meðal þessa brtt., en ég kom inn, þar sem hann var að segja, að honum virtist sú skipun, sem lögð er til með brtt. á þskj. 552, ekki vera aðkallandi. Það má vel vera, að þetta mál sé ekki það mál af hinum ýmsu vandamálum snertandi Kópavogshrepp, sem hægt sé að segja að sé mest aðkallandi, en það er hins vegar of mikið fullyrt að segja, að það sé ekki aðkallandi. Það er aðkallandi, af því að þeim störfum, sem héraðslæknir þyrfti að gegna, hefur ekki verið gegnt svo sem skyldi, það er játað, og það er erfitt að gera ráð fyrir því, að á þeim málum verði tekið með þeim myndarskap og röggsemi, sem þyrfti að gera, ef engin nýskipun er á þeim gerð. En ég get hins vegar ekki séð, að þetta mál sé minna aðkallandi en nýskipun á Egilsstaðalæknishéraði, og ef það mál er svo aðkallandi, að það má ekki bíða til næsta þings eftir nýrri skipun á læknishéruðunum yfirleitt, eins og hv. minni hl. færði nú rök að, þá sé ég ekki, að það sé síður ástæða til að samþ. þá brtt. okkar hv. 10. landsk. á þskj. 552.

Þetta var mín afstaða til þessara mála í fyrra og hún er enn óbreytt. Það má vel segja og færa ýmis rök að því, að það sé ekki svo aðkallandi neins staðar að gera nýja skipan á þessum málum, að það megi ekki bíða til næsta þings, ef þá væru líkur til, að þessi mál væru hugsuð og afgr. hér á Alþ. í heild. Það get ég vel fallizt á að því er Kópavog snertir, en þá er bezt, að þau bíði öll og verði þá öll tekin til athugunar í sambandi við nýja skipun læknishéraðanna.

ATKVGR.
Brtt. 552,1.a felld með 12:4 atkv.
— 552,1.b—c teknar aftur.
— 552,2—3 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

---

Á 77. og 79. fundi í Ed., 5. og 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 454, 747).

**Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Eins og þskj. bera með sér og nál. minni hl., hafði ég framsögu fyrir minni hl. í þessu máli. Nú hefur það tekizt svo til í n., að minni hl. er orðinn að meiri hl. og meiri hl. orðinn að minni hl. í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Meiri hl. n. stendur að brtt. á þskj. 747, að

vísu annar meiri hl. heldur en stóð að nál., þegar það var gefið út.

Minni hl., sem stóð að nál., ásamt einum manni úr þáverandi meiri hl., stendur að þeim brtt., sem hér eru bornar fram, en þær eru fjórar.

1. brtt. er við 1. gr. Það er aðeins orðabreyting á nafninu á héraðinu, sem þykir þægilegri heldur en það, sem sett er í frv.

2. breyting er, að 2. málsgr. falli niður, en það er fyrirmæli um, hvernig starfrækja skuli í félagi sjúkrahús á Egilsstöðum. Það er fyrirmæli, sem Alþ. getur ekki fyrirskipað. Sjúkrahúsið er eign hreppanna. Alþ. hefur ekkert um það að segja og getur ekki fyrirskipað með l., hvernig eigi að starfrækja þetta hús. Það hefur aðeins styrkt byggingu hússins, en ræður ekkert yfir og á ekkert eignarhald á húsinu. Þess vegna er það eðlilegt, að þessi gr. falli niður. Ég lagði til í minnihlutaáliti, að frv. yrði fellt. Það náði ekki samþykki í þessari hv. d. En úr því að það varð ekki, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að laga frv., svo að það sé þó ekki til vansa fyrir hv. Alþ. að samþ. það eins og það er nú.

3. brtt. er við 4. gr. Það er, að greinin orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.“ Ég skal skýra, hvers vegna þetta er sett inn í þetta frv. Ég var hins vegar ekki frsm. í því frv., sem var rætt um hér áðan, og lét það í vald þeirra manna, sem um það ræddu, en hér er þetta gert beinlínis af ríkri þörf. Það er ekki hægt að skipta héraði raunverulega svona í miðjum mánuði eða miðri viku eða á miðjum degi. Er eðlilegast, að þetta sé gert um áramót. Það er heldur enginn skaði skeður, þó að það verði að bíða með þetta til þess tíma. Það hefur verið venja áður, þegar stofnuð hafa verið ný héruð, að lögin tækju gildi frá áramótum, en ekki á miðju ári. Það eru tveir læknar nú í héraðinu, einn aðallæknir og einn aukalæknir, og það er þar að auki mjög mikill ágreiningur um það, hvort læknisþjónustan verður nokkuð betri með þeirri löggjöf, sem hér er verið að samþ., en úr því að búið er að samþ. það til 3. umr. og líklegt, að það verði að lögum, verða héraðsbúar að taka því. Hins vegar þykir þó rétt að hafa sömu aðferð hér eins og venjulega hefur verið höfð í þessum málum.

Þá er einnig 4. brtt. Það er um, að bráðabirgðaákvæðið falli niður. Það er, að núverandi héraðslæknir skuli eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknisbústaðnum. Þetta er eðlilegast að sé ekki fyrirskipað með l. Það er vitað, að sá læknir, sem er aðallæknir hér, ætlar að fara frá embætti á þessu ári, og það er mjög mikil ástæða til þess að halda þessu alveg opnu fyrir hina nýju lækna, sem þarna koma þá tveir, hverjir fá það hús, sem fyrir er, og hvernig þeir skipta á milli sín héraðinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta nánar, en legg til f. h. þess meiri hl., sem stendur að þessum brtt., að þær verði samþ.

**Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lagði þáverandi meiri hl. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Nú hefur hins vegar svo skipazt, að hér liggja fyrir till. í fjórum tölusettum og undirliðum frá núverandi meiri hl. heilbr.- og félmn. um að breyta frv. allmikið. Ég er enn þeirrar skoðunar, sem ég var við 2. umr., að ekki sé ástæða til þess að breyta frv. neitt. En ef í það færi, að farið yrði að gera breytingar á því á annað borð, þá hefði ég mjög óskað eftir því, að 2. brtt. á þskj. 747 næði þó að minnsta kosti ekki fram, og mun ég leyfa mér að flytja skrifl. brtt. við hana. Liðurinn orðist svo:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo: Læknar beggja héraðanna annast læknisstörf við sjúkrahúsið á Egilsstöðum, enda hafi báðir rétt á sjúkrahússvist þar fyrir sjúklinga sína. Stjórn sjúkrahússins á Egilsstöðum ákveður, hvor hinna starfandi héraðslækna skuli vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um.“

Það var gerð grein fyrir þessu máli af hálfu meiri og minni hl. heilbr.- og félmn. við 2. umr. þess, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar nú, þegar komið er langt fram á kvöld, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta brtt. og óska eftir, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 776) og brtt. 747, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Það hefur nú skeð við meðferð þessa máls, að meiri hl. er orðinn minni hl., og skal ég ekki neitt fjölyrða um ástæður til þess, en ég er enn sömu skoðunar eins og ég var við 2. umr., að þetta frv. sé tilefnislaust og óheppilegt, að það sé samþ. Hversu miklir örðugleikar eru á því að ganga sómasamlega frá slíkri tilhögun, að hafa tvo héraðslækna á sama stað, eins og gert er ráð fyrir í frv., verður augljóst, þegar litið er á þær mörgu brtt., sem komið hafa fram nú við síðustu meðferð málsins. Ég skal þó taka það fram, út af brtt., að ég tel, að yfirleitt séu brtt. meiri hl., sem nú er, við frv. heldur til bóta, og mun því greiða þeim atkv., en eftir sem áður tel ég óþarft, að þessi breyt. sé gerð á l. nú, og greiði atkv. gegn frv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því, sem þó ætti að vera óþarft, að það er lærdómsríkt, að við heyrum, að tveir í núverandi meiri hl. eru frv. andvígir. Það er ljóst, að þeir bera fram brtt. sínar til þess þar með að reyna að spilla fyrir málinu, enda er það vitað mál, að þeir menn, sem nú gera sér leik að því að senda mál á milli deilda að ástæðulitlu, eru að stefna frv. í beina hættu, sérstaklega ef ágreiningur er um málin. En það var aðallega út af því, að hv. frsm. gaf skýringuna á því, af hverju gildistakan ætti að vera miðuð við 1. janúar, og mér skildist það vera miðað við skýrslugjafir og annað slíkt. Ég verð að telja það, ef frv. er réttmætt á annað

borð, þannig að það veiti fólkinu betri þjónustu heldur en verið hefur, og án þess er ástæðulaust að samþykkja frv., þá er það með öllu haldlaust að vitna í það, að einhverjar skýrslur verði hægari í samningu með því að draga gildistöku frv. í marga mánuði. Hv. frsm. hefur með því að gefa þessa skýringu hér fært öruggar sannanir fyrir því, að þessar brtt. á að fella bæði við þetta frv. og frv., sem rætt var næst á undan.

**Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson):** Herra forseti. Ég vildi aðeins beina þeirri fsp. til hv. 4. þm. Reykv. (HG), hvort ég hef heyrt það rétt áðan, að hann væri ekki flm. að þessum till. Hafi ég heyrt það rétt, þá skilst mér, að það standist varla, að þær séu fluttar af meiri hl. hv. nefndar.

**Páll Zóphóníasson:** Ég skal ekki blanda mér miklu meir í þessi læknamál en ég hef gert. En ég held, að það sé óhætt að mótmæla því hjá hæstv. forseta, að það sé venja að láta læknaskipti verða um áramót. Síðasta málið, sem við höfum verið með hér á þingi um nýjan lækni, var, að ég má segja, í Hveragerði, og þar stóð: „Lögin öðlast gildi þegar.“ Og það hefur verið venjan, þegar við höfum samþykkt ný læknalög, að setja í seinustu gr., að lögin öðlist gildi þegar, en ég held aldrei frá næstu áramótum. Hér er því beint sagt rangt frá vísvitandi hjá forseta.

**Haraldur Guðmundsson:** Það er skylt að bera vitni, þegar þess er krafizt, herra forseti, og það er rétt, sem ég áðan sagði, ég er ekki flm. þessara till. Hins vegar var nm. kunnugt um, að ég mundi greiða þeim atkv., þó að ég væri andvígur frv. En að ég ekki var flm. að þeim, kom af því, að ég var búinn að lýsa því yfir áður, að ég væri frv. andvígur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 747,1 felld með 9:4 atkv.
— 747,2 felld með 10:5 atkv.
— 776 tekin aftur.
— 747,3 felld með 10:5 atkv.
— 747,4 felld með 10:5 atkv.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 796).

## 70. Hjúskapur, ættleiðing og lögráð.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi samning um breyt. á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð** [195. mál] (þmfrv., A. 634).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkvæmt ósk minni eða dómsmrn. og hefur sannast sagt ekki mikla þýðingu, heldur er nánast algerlega formlegs eðlis. Þannig er mál með vexti, að Ísland er aðili að samningi Norðurlandaríkjanna frá 6. febr. 1931, sem fjallar um nokkur alþjóðleg einkamálaréttarákvæði varðandi hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Það hafa verið gerðar breytingar á þessum samningum, aðallega í sambandi við lýsingu hjúskapar og vegna þess að nú er búið að taka upp skilnað að borði og sæng í Finnlandi, sem ekki var áður. Hvorugt af þessu snertir Ísland verulega eða hefur þýðingu hér, en þar sem við erum aðilar að samningnum, þá er rétt, að við tökum þátt í breytingum á honum líka af formlegum ástæðum, og vonast ég til þess, að þetta meinlausa frv. valdi engum erfiðleikum, heldur geti það gengið sína leið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 762).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Ásgeir Bjarnason):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

Árið 1931, 6. febr., gerðu Norðurlöndin samning með sér, og fjallar sá samningur um nokkur alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Fyrir rúmu ári var gerð nokkur breyting á þessum samningi, og liggja þær breytingar hér fyrir í frv.-formi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 799).

---

## 71. Innheimta meðlaga.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi samning um breyt. á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga** [196. mál] (þmfrv., A. 635).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta frv. er mjög svipaðs eðlis og það frv., sem var rætt hér næst á undan; einnig flutt að ósk minni eða dómsmrn.
Ísland er aðili að samningum, sem gerðir voru 1931 milli Norðurlandaríkjanna um innheimtu meðlaga, og nú nýlega hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þeim samningum. Breytingarnar eru ekki veigamiklar og varða, að undantekinni einni, hrein framkvæmdaratriði. En sú breyting er þess eðlis, að í stað þess, að áður var það skilyrði þess, að krefjast mætti fullnægju á meðlagsúrskurði, ef meðlagsskylda gagnvart óskilgetnu barni eða móður þess er ákveðin í dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, að hann hefði mætt í málinu eða stefnan eða úrskurðurinn hefði í tæka tíð orðið honum kunn, meðan hann dvaldi í ríkinu, er nú látið nægja, að stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn.
Þessi breyting er til bóta fyrir framgang meðlagsmála, og sýnist ekki nema sanngjarnt, að hún sé samþykkt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 635, n. 761).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

**Frsm. (Eggert Þorsteinsson):** Herra forseti. Allshn. hefur yfirfarið þetta frv., sem flutt er að ósk dómsmrh., og leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég tel, að óþarft sé að fara um þetta frv. frekari orðum. Á þskj. 632 eru allar upplýsingar um þetta mál og aðdraganda þess, eins og það liggur nú fyrir. Allshn. er á einu máli um að mæla með frv. óbreyttu eins og það var lagt fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 799).

---

## 72. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 18. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum** [92. mál] (þmfrv., A. 145).

Á 19. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 24., 43. og 53. fundi í Nd., 17. nóv., 9. og 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 26. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Á árinu 1952 voru sett lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Við framkvæmd þeirra laga hefur komið í ljós, að nokkrum ákvæðum þeirra þarf að breyta til skýringar, og hefur iðnn. þessarar d. borizt þetta frv. frá hæstv. iðnmrh. með ósk um, að n. flytti það. N. hefur orðið við þeirri ósk og sér ekki ástæðu til annars en að mæla með frv. og hefur ekki brtt. við það að gera. Ég vil því mæla með því, að frv. gangi óbreytt áfram, en vil að öðru leyti vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frv. frá hæstv. ráðh. og prentuð er með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 772).

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Árið 1952 voru samþ. hér á Alþ. lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og þá felld úr gildi þau lög, sem giltu áður um véla- og verksmiðjueftirlit í landinu. Í þeim lögum var þá ákveðið, að breyta skyldi tilhögun um innheimtu eftirlitsgjaldanna þannig, að þau skyldu greidd gegn skoðanaskírteinum, sem gefin væru út á hverjum tíma. Áður hafði sá háttur verið hafður á, að lögreglustjórar og sýslumenn voru látnir innheimta gjöldin; reikningarnir voru sendir frá skrifstofunni hér í Reykjavík, og gjöldin voru svo innheimt, hvort sem skoðanir höfðu farið fram eða ekki, og þar af leiðandi ekkert samband á milli skoðananna annars vegar og greiðslu fyrir skoðunina hins vegar, og þá heldur engin trygging fyrir því, að skoðanir færu fram. — Þessu ákvæði var breytt með þeim lögum, sem ég hef lýst, í það horf, eins og ég tók fram áðan, að gjaldið skyldi greitt aðeins gegn afhendingu skírteinisins.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. þann 18. febr. 1953 gefið út reglugerð, nr. 21 1953, sem fer beint í bága við ákvæði þessara laga. Þar er enn fyrirskipað í reglugerðinni, að haldið skuli hinu gamla fyrirkomulagi um innheimtu gjaldanna, og um þetta hefur orðið mikill ágreiningur á milli lögreglustjóranna, sem áttu að innheimta gjöldin, og þeirra, sem hafa átt að greiða gjöldin, og þess vegna var óskað eftir því, að þessu yrði breytt með því frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 145.

Þá eru einnig gerðar nokkrar breytingar í 1., 2. og 3. gr. frv., sem eingöngu stafa af því, að fjölgað hefur verið starfsmönnum í eftirlitinu, og er ekkert við þær breytingar að athuga. Nefndin leggur til, að þær verði allar samþ. En hún leggur hins vegar til, að 4. gr. verði breytt þannig, að orðalagið samrýmist við þá reynslu, sem fengizt hefur síðan á þessum málum, — það hefur ekki aðeins farið fram árleg skoðun, heldur einnig aukaskoðanir, — en haldið sé þeirri reglu, sem er í núgildandi lögum, að gjaldið skuli ekki greitt nema við afhendingu skírteinis. Hún leggur því til, að 4. gr. orðist svo:

2. málsgr. 45. gr. l. orðist svo: „Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldið."

Þegar svo haldið er áfram fyrirmælum þessarar sömu greinar, 45. gr., þá segir þar:

„Skal eigandi þá jafnframt greiða allt skoðunargjaldið. Getur starfsmaður eftirlitsins stöðvað rekstur fyrirtækisins, sé gjaldið eigi greitt, enda afhendi hann þá eigi skoðunarskírteini."

Þetta tryggir að fullu hvort tveggja, bæði skoðunina og eins það, að gjaldið komi eins fljótt og hægt er í ríkissjóð. Þessi regla er hin almenna regla hjá eftirliti, m. a. hjá Lloyds, sem er alþekkt heimsfyrirtæki, og hefur það verið viðurkennt hér á Alþingi fyrr, að þessi regla skyldi haldin. Orðalag greinarinnar er tekið upp í samræmi við till. öryggismálastjóra að öðru leyti en því hvað snertir greiðsluinnköllunaraðferðina.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta nánar og legg til f. h. nefndarinnar, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem lagt er til á þskj. 772.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Mér er ekki alveg ljóst, hvort það er ætlunin, að 4. gr., eins og hún er í frv., falli niður og það komi í staðinn, sem í brtt. stendur. Það er um allt annað efni; annað er um greiðslu,

hitt er um skoðunarvottorð. Er það ekki? (Gripið fram í.) Ég skal ekki dæma um það, en það er annað við breytinguna. Mér sýnist málið á henni vera eitt hið stirfnasta, sem ég hef séð í till. hér á þingi, með leyfi hæstv. forseta: „Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuhætti“ o. s. frv. Þetta er ekki íslenzka. Það er óhætt að segja það. Það kann að vera, að orðin öll séu íslenzk, en öll uppbygging setningarinnar er svo stirðleg og óliðleg, að mér finnst, að n. þurfi að athuga þetta betur og færa þetta í mannlegt form, ef svo má segja.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hæstv. dómsmrh. um þetta atriði, en ég vil benda honum á, að í reglugerðinni frá 18. febr. 1953, reglugerð nr. 21, í 10. gr., stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldi fyrirtækisins, sem hann afhendir viðkomandi lögreglustjóra (tollstjóranum í Rvík) til innheimtu, er hann kvittar fyrir móttöku reikningsins.“

Þetta eru fyrirmæli frá hinu háa ráðuneyti, sjálfsagt ekki menntmrn., en það er orðalag frá hinu háa ráðuneyti og ekki frá n. Og n. gat þó ekki betur mætt óskum hins háa ráðuneytis en að taka þetta alveg orðrétt upp. Þetta er svar mitt við aths. hæstv. ráðherra.

Ég sem formaður n. hefði helzt óskað, að frv. hefði jafnvel ekki verið afgr., en hæstv. iðnmrh., sem þessi mál heyra undir, hefur mjög óskað eftir því, að þetta mál fengi efnislega afgreiðslu hér í hv. þingi. Þá gátum við ekki mætt betur hans óskum en að hafa orðalag sjálfrar stofnunarinnar, eins og það hefur verið orðað í samráði við hæstv. ríkisstj., og taka hér upp þann þáttinn, sem við gátum þó verið sammála um. Hitt vildum við ekki fallast á, að breytt yrði um innheimtuaðferðina.

Mér þykir rétt í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér væri um allt annað efni að ræða, að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, hvernig 45. gr. l. kemur til þess að hljóða, ef greinin verður samþ. Þá kemur hún til þess að hljóða þannig:

„Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald, samkv. gjaldskrá, er ráðh. setur í samráði við öryggismálastjóra.“ — Þetta stendur óbreytt áfram í gr. Síðan kemur: „Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldið.“ — Svo kemur enn: „Skal eigandi þá jafnframt greiða allt skoðunargjaldið. Getur starfsmaður eftirlitsins stöðvað rekstur fyrirtækisins, sé gjaldið eigi greitt, enda afhendi hann þá eigi skoðunarskírteini.“

Efnislega er því þetta rétt byggt upp. Um það verður ekki deilt. Hitt má deila um, hvort málið sé svo sem skyldi, en eins og ég segi, þar höfum við fyrirmyndina frá sjálfri stofnuninni og frá ráðuneytinu, en hins vegar er þó nú hér um nokkuð tæknileg atriði að ræða, og kann það að ráða nokkru um, að hæstv. ráðherra finnst málið ekki vera eins smekklegt og væri um lögfræðileg atriði að ræða.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það gleður mig, að þetta aflægi skuli ekki vera samið af hv. n., heldur af mönnum, sem n. sjálf hefur haft þau orð um, að henni þyki torskilið, af hverju þeir hafi leyft sér að breyta lögum með reglugerð. Það eina, sem mér finnst þá furðulegt, er það, að n. skyldi taka slíka lögbrjóta til þess að semja orðalag till. fyrir sig og átta sig ekki á því, að það þyrfti að endurskoða fleira hjá þessum aðilum, sem þarna eiga hlut að máli. Ég vil eindregið skora á hv. n. að fresta þessu til morguns og setja þetta í viðunandi búning, af því að það er þinginu til skammar að samþykkja þetta eins og það er.

**Frsm. (Gísli Jónsson):** Herra forseti. Út af athugasemd hæstv. dómsmrh. vildi ég aðeins benda á, að það þarf ekki að vera neinn tengiliður á milli tilhneiginga um það að brjóta lög og að kunna almennt mál. Hinir mestu málvillingamenn og menn, sem ekkert þekkja inn í málvenjur, kunna að vera ágætis þjóðfélagsþegnar og hafa enga tilhneigingu til þess að brjóta lög. Hins vegar geta fínustu málfræðingar verið lögbrjótar, svo að það er ekkert samhengi þar á milli. Ég get hins vegar ekki orðið við þeim tilmælum frá hæstv. ráðh. og sé enda enga ástæðu til að fresta málinu af þeim ástæðum eingöngu, að n. fari að taka sig til og orða greinina um til þess að bæta um málfarið í henni. Það er ekki það, sem gildir raunverulega í þessu máli. **(Dómsmrh.:** Þá er réttast að fella tillöguna. Hún er óframbærileg eins og hún er.) Þá gerir d. það upp við sig. Ég hef ekkert við það að athuga, ef d. gerir það. En hitt er fullkomlega vítavert, að nokkur fulltrúi í ráðuneyti eða ríkisstj. skuli leyfa sér að gefa út reglugerð, sem ekki fær staðizt, þegar litið er á þau l., sem hún á að styðjast við. Það er þess vegna, sem n. hefur þótt rétt að taka það fram í nál., að það sé ákaflega torskilið, hvers vegna þetta er gert, og þess er vænzt, að slíkt komi ekki fyrir aftur. Hv. dm. gera það upp við sig, hvort þeir vilja samþ. þetta fóstur frá rn., en ekki frá n., og ég sé ekki ástæðu til þess að taka till. aftur til þess að endurskoða það frekar í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 772 (ný 4. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 2. umr. (A. 801).
Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 816).

---

## 73. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (frv. fjhn. Nd.).

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum** [171. mál] (þm-frv., A. 479).

Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 479, er flutt af fjhn. eftir beiðni félmrn.
Í l. nr. 36 frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, er sérstakur kafli um lánadeild smáíbúðarhúsa. Í frv. þessu er lagt til, í 1. og 2. gr. þess, að lánsstofnun þessi nefnist lánadeild smáíbúða. Í l. segir, að lán til hverrar smáíbúðar, sem eigi að vera tryggð með 2. veðrétti í eignunum, megi ekki vera meira en 30 þús. kr. og að ekki megi hvíla hærri upphæð á 1. veðrétti smáíbúðar, sem lán er veitt til, en 60 þús. kr., eða samtals hæst 90 þús. á 1. og 2. veðrétti. Í frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að lagafyrirmælinu verði þannig breytt, að lán, sem hvíla á 1. og 2. veðrétti íbúðar, sem lán er veitt til, megi ekki fara yfir 100 þús. kr. samtals, en ákvæði l. um hámark lána úr lánadeildinni og um lánstíma og vexti eiga að haldast óbreytt. Að öðru leyti vil ég vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv., og leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 66. og 67. fundi í Nd., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 479, n. 670).

**Frsm. (Karl Kristjánsson).** Herra forseti. Frv. þetta, sem fjhn. Nd. flutti þar að tilhlutan félmrn., er fram borið, eins og grg. ber með sér, af tveim höfuðástæðum. Sú fyrri er að lögleiða hreinlega lánveitingar úr lánadeildinni til smáíbúða, hvort sem er í einbýlis- eða sambýlishúsum, og breyta öllu orðalagi laganna, þar sem með þarf, í samræmi við þetta. Enn fremur að hækka heimild til skuldar á 1. veðrétti úr 60 þúsund upp í þá upphæð, er nemur því, að hún að viðbættu láni úr lánadeildinni sé mest 100 þús. kr.
Þetta hvort tveggja er til bóta, og mælir fjhn. þessarar hv. d. með því einróma. En við athugun frv. og stofnlaganna fann fjhn., að fleiru þarf að breyta í stofnlögunum en frv. hljóðar um, ef nema á brott öll ákvæði, sem binda lánin við smáhýsi. Í 41. gr. stofnlaganna, 1. og 3. tölulið, eru ákvæði, sem breyta verður. 1. liður 44. gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi“ verður sá, er um lán sækir, að leggja fram. Og 3. lið-

urinn í sömu grein er um það, að lántakandi þurfi að hafa fyrir hendi upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað. Nú er vitanlegt, að þarna er átt aðeins við einbýlishús og ekki getur komið til mála, að smáíbúð í sambýlishúsi geti tryggt lán sitt með veði í öllu húsinu. Þess vegna er það, að fjhn. leyfir sér að bera fram í nál. sínu þá brtt. við þessa grein að nema brott bindinguna við smáhýsin.

Enn fremur hefur það í ljós komið við framkvæmd laganna, að ákvæðið um, að lánin, sem deildin veitir, skuli vera tryggð með 2. veðrétti, er til óþæginda fyrir þá, sem þurfa á lánum að halda, en hins vegar ekkert nauðsynlegt fyrir deildina til að tryggja lánin. Sá, sem byggir af fátækt, þarf oft að tína saman lán til þess að fá það lánsfé, sem hann þarfnast, og það er alls ekki víst, að hann hafi lausan 2. veðrétt. Þvert á móti hefur oft komið fyrir á þeim tíma, sem deildin hefur starfað, að lántakendur hafa haft tvö lán á undan þeirri upphæð, sem lánadeildin má leggja fram, en 2. veðréttur, lögákveðinn, hefur gert það að verkum, að umsækjendur lánanna hafa orðið að borga upp það, sem hvílir á 2. veðrétti, og láta til þess ganga annaðhvort lánið allt eða hluta af láninu, sem lánadeildin hefur veitt, og með því hefur starfsemin ekki náð tilgangi sínum gagnvart þeim mönnum.

Til þess að ráða bót á þessu leggur fjhn. til, að heimilað verði að lána út á 2. eða 3. veðrétt, þó með því skilyrði, að aldrei verði lánin samanlögð meira en 100 þús. kr.

Þá tel ég rétt að geta þess, að til umræðu er að taka upp í breytingar á lánadeildarlögunum ákvæði um það, að heimilt sé að veita sveitarfélögum lán úr lánadeildinni til smáíbúðabygginga í þeim tilgangi að útrýma heilsuspillandi íbúðum, og ef um það verður samkomulag, þá verður till. um það lögð fram við 3. umr., og með slíkri till. yrði þá tekið tillit til þeirra, sem eru aumastir allra, þ. e. a. s. svo aumir, að þeir geta ekki þrátt fyrir hjálp lánadeildarinnar byggt sér hús, nema sveitarfélagið komi þar til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 670,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 670,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 743).

**Frsm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Ég gat þess sem frsm. fjhn. við 2. umr., að verið gæti, að n. legði fram till. við 3. umr., og nú liggur það fyrir. Hæstv. ríkisstj. hefur óskað þess, að fjhn. flytti till. um það, að heimilt væri að lána úr lánadeild smáíbúða sveitarfélögum, sem vildu byggja yfir fátæka menn og útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þannig getur á staðið, að í sveitarfélögum, sem l. þessi snerta, séu menn, sem eru þess ekki efnalega umkomnir að reisa sér hús með aðstoð lánadeildarinnar, eins og hún hefur starfað, og að sveitarfélög þurfi þá að byggja yfir þá. Till. miðar við það ástand, og hún er á þessa leið: „Á eftir 4. gr. kemur ný gr., svolátandi: Á eftir 42. gr. l. kemur ný grein svo hljóðandi: Heimilt er einnig að lána bæjar- og sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja smáar íbúðir í því skyni að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum. Lán til sveitarfélags fari þó aldrei yfir fjórða hluta af heildarupphæð þeirri, sem samkvæmt starfsreglum lánadeildarinnar er metin hæfileg lánsfjárveiting í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptún á því ári."

Það er ætlunin, að þó að ekki sé sótt um lán af einstökum mönnum úr einhverjum kaupstað eða kauptúni, þá geti komið til greina að lána sveitarfélaginu allt að því ¼ af þeirri upphæð, sem lánað mundi vera, ef umsóknir lægju fyrir tæmandi, og er þá gert ráð fyrir því, þegar þetta ákvæði yrði orðið að l., að lánadeildin styddi þá, sem eru aumastir allra, til að komast yfir íbúðir eða komast í íbúðir með aðstoð sveitarfélaganna.

Fjhn. leggur þessa till. fram að beiðni ríkisstj., eins og ég hef lýst yfir, en hv. 4. þm. Reykv. (HG) hefur ekki haft tóm til að athuga till., svo að ég get ekki fullyrt, að hann sem fjhn.-maður styðji till.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef ekki átt kost á að sjá þessa till. fyrr en rétt nú, er hún er lögð fram og hefur verið lesin hér upp. En mér skilst, að efni hennar sé það, að af því fé, sem á hverjum tíma er til ráðstöfunar til smáíbúðalána, eins og það nú heitir, megi lána bæjarfélögum og sveitarfélögum, sem byggja smáar íbúðir, ¼ hlutann. Það þýðir augljóslega, að það fé, sem er til ráðstöfunar til útlána til einstaklinga, hlýtur að minnka um þennan ¼ hluta. Nú er hér fyrir þessari hv. d. frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkisstj. vegna smáíbúða, er nemi allt að 20 millj. kr. Af þessu ætti þá að taka, ef um það yrði samkomulag, samkv. brtt. allt að 5 millj. kr., sem lánað yrði svo bæjarfélögum til slíkra bygginga.

Í þeim kafla l. um stuðning við byggingar almennt, sem um þetta efni fjallar, er gert ráð fyrir því, að sérstök fjárútvegun sé til þess að gera sveitarfélögum kleift að byggja smáar íbúðir yfir þá, sem húsnæðislausir eru, og gert ráð fyrir, að sveitarsjóður og ríkissjóður hvor um sig geti tekið á sig að greiða allt að 10% af byggingarkostnaði og þannig lækka íbúðirnar í verði sem því nemur fyrir notendur þeirra.

Mér virðist, að hér sé blandað saman tvennu, sem ekki á saman, og mun því ekki geta greitt þessari till. atkv., því að þar með mundi sjálf-

sagt hæstv. ríkisstj. líta svo á, að af henni væri létt öllum skuldbindingum til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hjálpa bæjarfélögum og sveitarfélögum til að afla sér fjár til þess að byggja íbúðir samkvæmt kafla hinna almennu l. um byggingar, sem um þetta fjalla. Ég get því ekki greitt þessari till. hv. meiri hl. atkv.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 787) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 787 samþ. með 12:3 atkv.
Frv., svo breytt. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. með 3. umr. í Ed. (A. 788).
Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 817).

---

## 74. Brunatryggingar í Reykjavík.

Á 64. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík** [173. mál] (þmfrv., A. 485).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Flm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Fyrir 30 árum voru sett lög um brunatryggingar í Rvík. Efni þeirra var það, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi heimilt að semja við eitt eða fleiri vátryggingarfélög um brunatryggingu allra húseigna í bænum, og þá um leið, að öllum húseigendum væri skylt að tryggja húseignir sínar gegn eldsvoða samkvæmt slíkum samningi.

Að undanförnu hafa slíkir vátryggingarsamningar verið, að undangengnum útboðum, gerðir til fimm ára í senn. Nú er gildandi vátryggingarsamningur senn útrunninn, og það hafa farið fram ýmsar athuganir hjá Reykjavíkurbæ á því, hver háttur skyldi hafður á þessum málum á næstunni. Niðurstaðan hefur orðið sú, að hagkvæmt væri, að bærinn sjálfur tæki brunatryggingarnar í sínar hendur að vissu leyti, þ. e. a. s., að hann annist útreikning og innheimtu iðgjalda, bókhald, sjái um breytingar á brunabótaverði húsa o. s. frv.

Með þessum hætti er hægt að sameina innheimtu brunabótaiðgjaldanna við innheimtu fasteignagjalda, og við það á að sparast töluvert fé. Fyrir húseigendur ætti þetta einnig að vera hagkvæmara, þar sem þeir geta þá greitt fasteignagjöldin, vatnsskatt og brunabótaiðgjöldin um leið og á einum og sama stað. Hins vegar leitar bærinn þá að sjálfsögðu endurtrygginga annaðhvort að fullu eða að verulegu leyti hjá vátryggingarfélögum.

Efni þessa frv. og breytingar frá gildandi lögum er einmitt þetta, sem ég nú hef rakið, að bæjarstjórninni skuli heimilt að gera þessa breytingu á. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir, að haft sé samráð við félagssamtök fasteignaeigenda, og fjallar 2. gr. um það efni. Ef sá háttur yrði á hafður, að bærinn leitaði ekki 100% endurtrygginga, heldur hefði að einhverju leyti eigin áhættu, þá er gert ráð fyrir, að stofnaður verði tryggingarsjóður, eins og getið er í 3. málsgr. 1. gr., og þá lögákveðið, hvernig verja skuli fé þess sjóðs, ef einhver ágóði verður af starfseminni. Með 3. málsgr. 1. gr. er ákveðið, að tekjur, sem bæjarstjórn kynni að hafa af starfseminni, skuli leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Í 2. gr. er, eins og ég gat um, gert ráð fyrir meira samstarfi við félagssamtök fasteignaeigenda, og er það annars vegar ákveðið, að áður en samningur er gerður um brunatryggingar, skuli leita álits félagsins og enn fremur skuli fulltrúa frá félaginu heimilt að fylgjast með ráðstöfun á þessum tryggingarsjóði.

Í bæjarráði Reykjavíkur var nú nýlega samþykkt einróma að fara fram á, að Alþingi gerði þessar breytingar, sem hér um ræðir, á brunatryggingalögunum. Jafnframt fór bæjarráðið þess á leit við alla þm. Reykjavíkurbæjar og landskjörna þingmenn, sem hér eru kosnir, að þeir flyttu þetta frv., og hafa þeir allir orðið við þeirri ósk bæjarráðsins og eru því allir flm. að frv.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn. Ég vil um leið beina þeirri ósk til hv. nefndar, að hún hraði sem mest afgreiðslu þessa máls, því að um næstu mánaðamót þarf nýr brunatryggingasamningur fyrir húseignir í Rvík að hafa verið gerður, og er því nauðsynlegt, að þetta frv. fái sem fljótasta afgreiðslu í Alþingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 485, n. 517, 532).

**Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. N. hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki hefur orðið samkomulag í n. um frv., og er því hér á þskj. 517 flutt álit meiri hl. n., sem mælir með því, að frv. sé afgreitt óbreytt.

Breyting, sem er í þessu frv. frá núgildandi l., er aðallega sú, að bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við vátryggingarfélag, eitt eða fleiri, um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu bæjarins. Sem sagt, breytingin er sú að heimila bænum að taka í eigin hendur tryggingarnar eða að endurtryggja á áhættu bæjarins.

Meiri hl. n. telur ekki óeðlilegt, að bærinn fái þessa heimild. Hér er um að ræða þjónustu við bæjarbúa, sem vel mætti líkja við ýmsa aðra þjónustu, sem bærinn hefur á hendi, svo sem brunavarnir og vatn og rafmagn og annað þess háttar, enda hefur það sýnt sig, að þessi þjónusta bæjarins á undanförnum árum í sambandi við þetta mál hefur valdið því, að iðgjöld hér í bænum fyrir brunatryggingar á húsum eru nú allt að helmingi lægri en þau iðgjöld, sem menn verða að greiða, ef þeir tryggja á venjulegan hátt hjá vátryggingarfélögum. Það, sem vakir fyrir bæjarstjórninni, er að koma sér upp sjóði í þessum efnum, er svo gæti með tímanum tekið við tryggingunum að öllu leyti, og finnst meiri hl. n. það fyllilega réttmætt, að bærinn taki að sér slíka þjónustu.

Ég sá, að um þetta var ritað í eitt dagblað bæjarins í dag, og þar var sagt, að hér væri um að ræða dulbúinn fasteignaskatt. Ég veit nú ekki, hvernig það góða blað, sem um þetta ritaði, gat fengið þá hugmynd, að hér væri um dulbúinn fasteignaskatt að ræða, og finnst mér það vera furðuleg fjarstæða. Þetta er eðlileg þjónusta við borgarana, og það eru þeir fyrst og fremst, sem koma til að hafa gott af því, ef hægt er að lækka iðgjöldin með einhverjum hætti eins og bærinn hefur gert á undanförnum árum. Einnig virðast þeir, sem þessu frv. standa öndverðir, nokkuð hafa út á það að setja, að þessum sjóði, sem myndaður verður af hagnaði af þessum tryggingum, verði einnig varið til eflingar á brunavörnum. Að sjálfsögðu er ekki gott að skilja sundur brunavarnir og tryggingarnar í sjálfu sér, en það má segja, að bænum beri að halda uppi brunavörnum. En hvað sem því líður, þá verður þetta nú allt tekið úr sama sjóðnum, þ. e. a. s. af því fé, sem borgararnir leggja bænum til. Meiri hl. n. væntir þess, að hv. deild geti fallizt á tillögu hans.

**Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. n. hefur nú haft orð fyrir meiri hl. og óskað, að hv. d. fallist á þeirra till. Ég hefði gjarnan kosið, að hv. frsm. hefði verið hér viðstaddur, en ég sé hann nú ekki hér í hv. d. og get búizt við, að hann muni ekki vera lengur hér til staðar.

Sjálfsagt kann svo um þetta mál að vera, að það nái fram að ganga, en svo einfalt er það þó ekki frá mínu sjónarmiði að minnsta kosti, að ekki sé ástæða til þess að gera nokkrar athugasemdir um það og það fari nánari íhugun fram um málið heldur en fram er komið enn.

Samkvæmt þeirri löggjöf, sem gilt hefur um þetta efni fyrir Reykjavík, hefur bærinn haft heimild til að semja við eitt eða fleiri vátryggingarfélög. Sú löggjöf, sem bærinn hefur haft við að styðjast um þetta efni, var sett 1924 og hefur staðið nær óbreytt frá þessum tíma til 1943, að lítils háttar breyting var gerð á l., en þó ekki um þetta efni, að bærinn hafði eftir sem áður heimild til þess að semja við vátryggingarfélög, eitt eða fleiri, fyrir alla húseigendur í bænum um brunatryggingu.

Orsökin til þessarar lagasetningar 1924, að bænum var heimilað að semja fyrir alla húseigendur um iðgjald fyrir brunatryggingu, mun fyrst og fremst hafa verið sú að talið var, að bærinn gæti komizt að betri skilmálum fyrir húseigendur, ef hann hefði á sinni hendi heimild til að semja við eitthvert vátryggingarfélag eða vátryggingarfélög fyrir alla í senn. Eins og viðhorf var þá til þessara mála, þá var þetta í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Innlend vátryggingarfélög voru þá bæði fá og ekki fjársterk, höfðu litla getu til að takast á hendur mikla vátryggingu. Það var tæpast hægt að búast við, að samkeppni þeirra í milli yrði að nokkru ráði, sakir þess, hvernig ástatt var um þeirra fjárhag og möguleika til þess að keppa. Bærinn hefur notað sér þessa heimild og hefur alla stund samið við vátryggingarfélag eða félög, — mér er ekki alveg kunnugt um, hvort þau hafa stundum verið fleiri, — eins og lögin heimiluðu. Iðgjaldagreiðslur til þeirra aðila, sem hafa haft brunatrygginguna á hendi, hafa verið nokkuð háar, og þess hefur gætt hjá ýmsum húseigendum, að þeir hafa talið iðgjaldagreiðslurnar óeðlilega háar. Þá var gert ráð fyrir, að semja mætti um þetta af hálfu bæjarins á fimm ára fresti. Stundum mun það hafa verið gert, en ég ætla, að það sé rétt, að það hafi stundum líka ekki átt sér stað. Til þess að samið væri á ný, þurfti að segja eldri samningum upp, en það mun ekki ætíð hafa verið gert. Hefur þá framlengzt af sjálfu sér samningurinn og iðgjaldagreiðslan óbreytt eins og áður var gengið frá þeim samningum.

Nú í vetur var boðin út vátryggingin, og vátryggingarfélög hér í bænum hafa boðið í trygginguna, og þeirra tilboð munu hafa verið mun hagstæðari fyrir húseigendur en verið hefur áður. Þannig er mér tjáð um eitt tilboðið til dæmis, og vera má, að þau séu fleiri eitthvað svipuð, að það muni muna milli 40 til 50%, hvað iðgjöldin verði ódýrari eftir þessum nýju tilboðum, eða nýja tilboði, heldur en iðgjöldin eins og þau hafa verið greidd nú undanfarið. Þetta er vitaskuld afar mikill munur og húseigendum margfalt hagstæðari en áður hefur tíðkazt. Vera má, að það beri sitt hvað til þess. Í fyrsta lagi má vafalaust telja, að vátryggingarfélögin, sem starfa nú, eru orðin fleiri og þau eru miklu fjársterkari nú orðið en þau voru áður. Þau munu hafa miklu hagstæðari samninga við erlend vátryggingarfélög um endurtryggingu en þau höfðu um langa stund. Þau hafa margháttaða tryggingarstarfsemi aðra og geta þess vegna reiknað sér minni kostnað við framkvæmd tryggginganna nú en áður sakir þess, að þetta verður þá einn þáttur í þeirra starfi, hliðstæður því, sem þau hafa á öðrum sviðum, og verður ódýrara vitaskuld fyrir það að

annast framkvæmd tryggingarinnar heldur en annars mundi hafa orðið.

En bænum eða ráðamönnum Reykjavíkurbæjar hefur ekki litizt á að fara þessa leið, því að nú er borið fram frv. af hálfu fulltrúa Reykjavíkurbæjar, þm. bæjarins, og farið er í því fram á heimild fyrir bæinn að semja að vísu eins og áður við eitt eða fleiri vátryggingarfélög um brunatryggingarnar eða að bærinn taki sjálfur að sér þessar brunatryggingar og hann ætli sér þá, ef að því ráði yrði horfið, að annast einn trygginguna. Vafalaust mun hann semja við eitthvert félag eða félög um endurtryggingu, en trygginguna hér heima fyrir ætlar hann sér að annast, ef hann hverfur að því ráði. Skylda á að vera hjá eigendum húsanna að hlíta þessari ráðstöfun eins og áður, ef samið verður við eitthvert vátryggingarfélag eða félög, en verði það ekki að ráði, þá eru þeir skuldbundnir samkvæmt þessu frv. að vátryggja húseignir sínar hjá bænum fyrir þau iðgjöld, sem bærinn þá sennilega ákveður, máske ekki í þetta sinn, af því að tilboð liggja nú fyrir frá vátryggingarfélögunum, þó að ekkert sé reyndar sagt um það, en síðar meir er ekki neitt ákvæði, eða ekki hef ég getað komið auga á það í þessu frv., sem bindur bæinn við að bjóða tryggingar út og sjá, hvað í þær verði boðið, og gæti hann þá ráðið síðar meir, hver iðgjöldin væru. Ég get búizt við, að því verði haldið fram, að ef bærinn hefur allar húseignir á sinni hendi og hvort sem hann annast trygginguna sjálfur eða semur við vátryggingarfélög, eitt eða fleiri, um trygginguna, þá verði auðveldara með því fyrirkomulagi að komast að betri kjörum en ef tryggingarnar væru gefnar frjálsar og hver einstakur húseigandi tryggði eign sína sjálfur. Ég skal hvorki til né frá fullyrða neitt um þetta, hvort það yrði svo í framkvæmdinni. Ég tel það nokkuð hæpið, að það reyndist svo.

Það er nokkurn veginn víst, að milli vátryggingarfélaganna nú orðið er samkeppni, og það er tæpast hægt að ætla það, þar sem þau eiga eigin hagsmuna að gæta í því að fá sem mest til að tryggja með sem mestu verðmæti, að þau hafi samtök sín í milli um það að bjóða ekki sem bezt kjör. Ég hygg, að það mundi reynast svo, að þau kepptu um þetta og mundu bjóða eins góða skilmála og þau sæju sér frekast fært. Þá finnst mér í alla staði eðlilegt, að það gengi eftir þeirri braut um þessi mál, en hitt kæmi ekki til greina.

Vitaskuld verður að halda því í löggjöfinni, að skylt sé að tryggja, og það ber ekki á milli um skoðanir manna um slíkt efni. Það verður vitaskuld að sjá fyrir því. Og hvaða leið sem farin verður í þessu máli, þá er vafalaust, að það verður lagaskylda, eins og vera ber, að húseigendur verði að tryggja húseignir sínar fyrir eldsvoða, svo að hvað það ákvæði áhrærir verði engin mistök á um það efni.

Viðvíkjandi þessu máli í framkvæmdinni, þá er það þannig eins og ég vék að áðan hvað félögin áhrærir, að þau hafa sína starfsmenn og sínar innheimtur við aðrar vátryggingar eða út af öðrum vátryggingum, og mundi þess vegna ekki verða svo mikið aukið mannahald hjá félögunum við það, þó að þau hefðu hústryggingarnar. Slíku verður ekki til að dreifa um þetta efni, ef bærinn tekur það í sínar hendur. Það er alveg nýtt starf, nýtt bókhald, nýir starfsmenn eða starfskraftar, sem þar koma, og það leggst á þessa starfsemi með fullum þunga. Bærinn getur tæpast annað en haft iðgjöldin það rífleg, að það safnist nokkur sjóður til þess að mæta sérstökum óhöppum, sem fyrir kynnu að koma, og a. m. k. fyrst í stað er það ekki nema í alla staði eðlilegt, að það yrði að vera heldur í ríflara lagi, til þess að bærinn væri við því búinn að mæta brunatjóni, ef það yrði mikið, og standa straum af því. Það mætti vitaskuld búast við því, þegar frá liði og bænum hefði safnazt sjóður, að þá þyrfti minna í hann að leggja, svo að að því leyti kynni að koma einhver linun í iðgjöldunum síðar meir, en þó því aðeins samt sem áður, að það viðhorf væri þá hjá ráðamönnum bæjarins, að þessi þjónusta fyrir húseigendur í bænum væri þeim sem kostnaðarminnst og þægilegust og ekki tekið meira af þeim til brunatryggingar húsanna heldur en brýna nauðsyn bæri til. Þrátt fyrir það þó að iðgjöldin hafi verið há og húseigendum óþægileg, þá hefur samt sem áður sá litli vinningur, sem orðið hefur við vátrygginguna og greiddur hefur verið Reykjavíkurbæ, ekki komið til þeirra, sem tryggt hafa. Á 9 árum, — ég ætla síðustu árunum 9, — hefur verið greitt til bæjarins af hálfu vátryggingarfélagsins, sem samið hefur verið við, eitthvað um 1.7 millj. kr. í ágóðahlut, að ég held. Í raun og veru eru þetta fjármunir, sem húseigendur eiga, en þá leið hafa þeir nú ekki farið, eftir því sem mér er tjáð. Ég hygg, að það sé rétt. Ég hef séð það á prenti, og því hefur ekki verið mótmælt. Hefur það gengið til bæjarins og þar inn í sjóð borgarinnar. Hvort slík greiðsla til bæjarins er nú lögum samkvæm eða ekki, um það skal ég ekkert fjölyrða. Það er ekki heldur neitt höfuðatriði í meðferð þessa máls fyrir framtíðina, það má skoða sem aukaatriði. En væri það nú samt svo, að ekki hefði verið full heimild til þess, þá hefur maður þó nokkra ástæðu til þess að ætla, að vera mætti, að þessum málum væri betur komið í höndum húseigendanna sjálfra og þeirra manna, sem þeir semdu við.

Samkvæmt þeim brtt., sem við berum fram, hv. meðnm. minn, þm. Dal., og ég, þá leggjum við til í okkar aðaltill., að frv. verði breytt í það form, að húseigendur sjálfir annist um vátrygginguna, semji fyrir sig, en bærinn hafi þetta ekki í sínum höndum. Ég hef orðið þess áskynja, að húseigendur telja sér þetta hagfelldara og munu margir a. m. k. óska þess fremur, að þessi háttur verði á hafður, heldur en að þeir verði með lögum bundnir við ákveðinn aðila, hvort sem það yrði nú bærinn eða einstök vátryggingarfélög, eins og verið hefur nú um skeið.

Ef þetta frv. verður samþ. eins og það er úr garði gert, þá hefur Reykjavík í þessu efni alveg sérstöðu. Enginn landshluti annar hefur þessa aðstöðu, að hann geti tekið þessar tryggingar í sínar hendur eða samið við aðra um trygginguna. Menn í öðrum hlutum landsins

eru að lögum bundnir, hvar þeir skuli tryggja. Það kann nú sumum að sýnast ekki neitt höfuðatriði, þótt þannig sé farið að, og það skal ég játa. Það þarf reyndar ekki að vera, en þá vil ég vona, að ef nú aðrir landshlutar kynnu að finna upp á því að bera fram óskir um að fá sjálfræði sínum stjórnendum til handa um meðferð slíks máls sem þessa, þá verði þeim látið það í té. Það er ekki nema fyllsta sanngirni, sem mælir með því. Verða þá hv. dm. að vera við því búnir og gera það upp við sig fyrir fram, hvernig þeir mundu þá snúast við slíkum óskum.

Ég vil líka benda á í þessu sambandi, að þetta er eitt atriði í nokkurs konar þjóðnýtingu, sem hér er tekið upp. Það er að vísu bærinn, sem á að annast um þetta starf og ætlar að taka það í sínar hendur. Verði þessi lagasmíði að lögum, þá getur bæjarstjórn gert það, hvort sem íbúum þessa bæjar líkar betur eða verr. Þeir fulltrúar, sem fara með yfirráð bæjarins nú, munu ekki hafa umboð frá húseigendum í Reykjavík til þess að fara á þennan hátt með þetta mál. Það getur verið, að þeir öðlist það, afli sér þess síðar meir, áður en þeir hrinda því í framkvæmd. Ég skal ekkert segja um það, hvort þeir gera það, en eðlilegast hefði þó verið, að þeir hefðu leitað samþykkis þeirra um það, áður en þeir fengju þennan lagastaf samþ. á Alþ. Eitt vil ég líka draga fram einmitt í þessu sambandi, að þó að Reykjavíkurbær eigi þarna í hlut og hér sé um brunatryggingar húseigenda að ræða, þá er sitt hvað annað, sem gæti komið til álita að fari eins og annaðhvort bærinn eða þá ríkið allt eignaðist rétt til þeirrar starfsemi, einhvers konar starfsemi, sem einstaklingarnir hafa nú í sínum höndum og þjóðin hefur frjálsræði til þess að fara með.

Hv. frsm. meiri hl. vék að því hér í sinni ræðu og hafði séð það í einhverju blaði, að eftir ákvæði 1. gr. væri þetta dulbúinn fasteignaskattur, og fannst þetta ekki rétt, þetta mundi ofmælt, 1. gr. gæfi ekki tilefni til þess, og þyrfti þess vegna ekki að gera ráð fyrir slíku. Ég skal ganga út frá því með hv. frsm. meiri hl., að þetta sé meining bæjarfulltrúanna, að þannig verði farið með málið í framkvæmdinni, að þeir ætli ekki að taka sérstakt gjald umfram það, sem endilega þarf að vera til brunatrygginganna, en ekki er nema eðlilegt, að þeim, sem eru dálítið tortryggnir á, hvernig fara muni um málið í framkvæmdinni, detti það í hug, að vel geti nú verið, að tekið verði meira af húseigendum en brýna nauðsyn ber til vegna brunatrygginga húsanna sjálfra.

Í 3. málsgr. 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkvæmt 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og til tryggingarstarfsemi og til lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar."

Þetta er ákaflega rúmt orðalag, og hafi það vakað fyrir hv. flm. að taka ekki meiri gjöld af húseigendum en brýna nauðsyn ber til, þá er þetta orðalag ekki heppilegt. Hvað er efling á brunavörnum? Hún er margvísleg. Það er kaup á tækjum, það er brunalið, það er alls konar kostnaður í sambandi við þetta, og þessi starfsemi öll lýtur að meiru en aðeins að verja húsin, slökkva eld í þeim og verja þau fyrir eldsvoða, ef hann kemur einhvers staðar upp. Það eru líka aðrar eignir, alls konar eignir, lausafé í húsum, vörur í einstökum húsum og búðum, vörur í vöruskemmum o. fl., gæzla skipa í höfninni og máske eitthvað enn fleira. Ja, brunavarnir, þetta fellur undir það. Er það meiningin að taka gjöld af húseigendunum og vera viðbúinn að framkvæma þetta starf? Ekki er hægt að segja annað, þó að þetta væri gert, heldur en þetta heyrði brunavörnum til. En hvaða sanngirni væri í því að velta þessari byrði allri eða að meira eða minna leyti umfram það, sem réttmætt væri, á húseigendurna eina? Eins og menn vita, þá eru gjöld til brunavarna, t. d. eins og kaup á tækjum, greiðsla til slökkviliðs og margt og margt í því sambandi, tekin með almennum gjöldum af borgurunum, og það er í þágu langtum fleiri manna en þeirra, sem eiga aðeins hús. Ég held þess vegna hvað þetta áhrærir, að það sé alveg sjálfsagt að ganga svo frá þessu ákvæði, að það sé ekki hægt að leggja allt mögulegt inn í þetta orðalag og taka gjöld af húseigendum til slíkra framkvæmda sem ég hef nú verið að gera að umtalsefni. Mér skildist nú á hv. frsm., að hann gengi út frá því, að þannig ætti það að vera. Þá ætti líka að vera vorkunnarlaust að orða þetta það skýrt, að ekki valdi misskilningi og að ráðamenn bæjarins geti ekki lagt annað og meira í orðalag gr. heldur en hún heimilar, og þá aðeins það, sem fyrst og fremst verður að telja að komi húseigendum við, en frekari gjöld verði ekki af þeim krafin heldur en til að standa straum af þeirri gæzlu, sem telja má að sé sanngjarnt að þeir annist.

Hv. frsm. sagði í sambandi við þetta, að það væri ástæðulítið — það var meining hans — að fetta fingur út í, þó að bærinn tæki nú þetta í sínar hendur, því að það væri ekki annað en þjónusta, þjónusta fyrir borgarana, þjónusta fyrir húseigendur. Þá vantar vafalaust ekki föðurlega forsjá í þessu, en betur færi þó á því, eins og ég hef áður vikið að, að börnin hefðu þá a. m. k. fallizt á, að þessi föðurvernd kæmi fram af hálfu þeirra, sem ráða bænum.

Mér skildist á hv. frsm., að hann teldi, að þessi þjónusta, sem ráðamenn væru nú að bjóðast til þess að láta í té fyrir húseigendurna, væri þannig, að lengra þyrfti það nú ekki að ganga, það þyrfti ekki að ná lengra, ekki út á víðara svið eða ekki taka til fleiri hluta. Ja, það er nú svo. Það var hans hugmynd núna og hans skoðun. En vera mætti nú, að menn hefðu aðra skoðun, og ekki væri það nú ómögulegt, að einhver kysi, að það tæki til fleiri atriða, sem væru þjónusta fyrir Reykjavíkurbæ, ef starfsemin ætti sér stað hér, hefði aðsetur sitt, og kannske þá fyrir fleiri, jafnvel landsmenn alla. Og ef nú hægt væri að færa rök fyrir því, að það væri einstaklega hagstæð þjónusta, jafnvel hagstæðari en hægt væri að benda á, að nokkrir aðrir gætu í té látið, ja, yrði þá svo mikið tiltökumál hjá þeim, sem taka nú þetta upp, þó að þeir vildu þá koma slíku í framkvæmd? Mig

minnir, að ég hafi nokkrum sinnum séð drepið á það í blöðum, að við værum ekki fjölmennari en það, Íslendingar, að það væri einstaklega hagstætt fyrir okkur að gera innkaup á nauðsynjum okkar í einu lagi, það sem við þurfum að kaupa hjá öðrum þjóðum. Með því móti gætum við komizt að mjög hagstæðum samningum, betri en ef fjöldi manns gerir slík kaup; ráðið með því móti betur, að það væri keypt inn í landið það, sem þjóðinni væri nauðsynlegt og gagnlegt, það yrði minna keypt af alls konar prjáli og annað þess konar. Þess vegna ætti þetta að vera gert og ætti að vera rekið á þennan hátt. Ja, þjónusta væri þetta vissulega. Hvað mundi hv. 3. þm. Reykv. segja um þetta? Ef nú sönnur væru færðar á það, að þetta væri þjóðinni hagkvæmt, væri hann þá við því búinn að hjálpa nú til að koma þessu á vegna þjónustuseminnar við þjóðina? Ég efast dálítið um það. Ég held að minnsta kosti, að hann gerðist ekki frsm. þeirrar n., sem hefði það mál til meðferðar og legði það til, að nú skyldu öll kaup verða gerð í einu eða af einum aðila og ríkið annaðist það. Þó að hann sé prýðilegur borgari hér, það veit ég, mundi hann jafnvel ekki gera það fyrir Reykjavíkurbæ. Ja, svona er nú um þetta atriði. Nú má segja, að þetta sé nú kannske eitthvað meira, og það er rétt, það tekur til fleiri, en þá eru fleiri atriði líka, þar sem hægt væri máske að koma þessu við.

Hvað á að segja um iðnaðarstarfsemina? Í sumum iðnaðargreinum höfum við bæði húsrúm og vélar, sem geta unnið miklu meira en verkefnið, sem fæst, sakir þess að það þýðir ekki að framleiða svo mikið upp á það, að það seljist. Fyrir þessar sakir verður iðnaðarvaran miklu dýrari vitaskuld, mætti vafalaust vera nokkru ódýrari, ef það væri framleitt miklu meira, vélaaflið nýtt nokkurn veginn eða kannske til fulls og það húsnæði, þar sem þessi starfsemi fer fram, kæmi að enn meiri notum. Efast ég ekkert um, að auðvelt er að færa sannanir fyrir, að þetta gæti orðið miklu hagfelldara fyrir þjóðina, — það er ekkert vafamál, — og þetta gæti gerzt hér í Reykjavíkurbæ, svo að við förum nú ekkert út fyrir bæinn. Og vissulega væri þetta þjónusta í þágu bæjarbúa, og aðrir kynnu þá að njóta góðs af, og enginn sæi vitaskuld eftir því. Ja, mundi hv. frsm. meiri hl. geta fallizt á þetta? Þetta atriði er ekkert annað en framhald af því, sem hér er verið með, og ég vil einmitt, að bæði hann, hv. frsm. meiri hl., og hans flokkur geri sér það ljóst nú þegar í byrjun, hvaða skref hann er að stíga í þessum efnum. Er hann á leið út í fulla þjóðnýtingu, aðeins ef þau skilyrði eru fyrir hendi, að íbúarnir hafi hagnað af, miðað við það, sem vera kynni, ef það væri látið ógert? Ja, ég held, að hann ætti þá að draga upp enn skýrar en einstök málefni gefa stundum tilefni til, — enn skýrar annað, það sé nú ekki einstaklingurinn endilega lengur, sem eigi að annast framkvæmdir, heldur sé það nú annaðhvort bæjarrekstur eða þjóðnýting með öllu því, sem henni kann að fylgja. Þessu finnst mér að menn þurfi að gera sér grein fyrir, áður en svona spor er stigið, svo að ef eitthvað kynni nú að vera flutt af öðrum í svipaða átt, þá bregðist menn ekki þannig við, að það verði ekkert samræmi á milli orða og gerða.

Ég er nú ekki þannig skapi farinn, og mínar skoðanir eru ekki þannig, að þær séu mjög andvígar því undir vissum kringumstæðum og með viss málefni, að ríkið hafi sjálft það til meðferðar. Það er fjarri því. En um svona efni, þar sem margar hliðstæður finnast, ef menn vildu vera í samræmi við það, sem þeir eru að gera, hef ég enga trú á, að það geti leitt til góðs. Að vísu, ef menn eru heppnir með mannaval og það er í höndum ágætismanna, þá getur slíkt farið vel, en gera verður ráð fyrir í þeim efnum, að mönnum kunni að vera missýnt, þó að þeir vilji vel, — missýnt um framkvæmdirnar, — og vel geti komið menn, sem eru mislagðar hendur um slíkt, og þá getur slík framkvæmd, ef hún er stórfelld og grípur mjög inn í þjóðarhag, orðið til tjóns.

Ég var á einni tíð fyrsti flm. að því, að ríkið annaðist olíuverzlun. Ég komst að því, þegar ég var fulltrúi Reykvíkinga hér eitt sinn, að sú verzlun var einkar óhagstæð þjóðinni. Það var tekið miklu meira verð fyrir þá nauðsynjavöru en sanngjarnt var. Erlend gróðafélög rökuðu saman fé hér af landsmönnum. Það gekk út yfir atvinnulíf þeirra, og þess vegna flutti ég frv. um, að ríkinu væri heimilt að taka upp einkasölu. Sú löggjöf var samþ. hér á þinginu, og ríkið gerði það og hafði einkasöluna um skeið. Síðar kom svo að því, að þetta var talið haft á frjálsræði manna, talið, að einstaklingar gætu gert þetta miklu betur og ríkið ætti ekki að vera að binda fé og vasast í þessu. Illu heilli hafði þessi skoðun byr á þingi, svo að ríkið hætti afskiptum af verzlun með þessa vöru. Ósköp held ég að tilkostnaðurinn hjá sjávarútveginum hefði nú verið mikið annar oft og tíðum núna undanfarið, ef ríkið hefði haft þessa verzlun, og það hefði a. m. k. ekki verið varið eins stórkostlegu fé í geymabyggingar og annað þess konar alveg að óþörfu eins og átt hefur sér stað. Og engum dettur í hug að halda, að erlend gróðafélög séu að gefa okkur þessar byggingar, sem búið er að reisa og alltaf er verið að reisa. Nei, þjóðin verður að borga það sjálf, og þar verður hún að borga margan óþarfapening fyrir þetta fyrirkomulag. Ég drep á þetta sem dæmi þess, að það getur verið ýmislegt enn nær og þýðingarmeira fyrir það opinbera að grípa inn í og hafa undir sinni umsjá en það efni, sem þetta frv. er um.

Við höfum lagt fram hér við frv. brtt., fyrst aðaltill., sem fjalla um það efni að gefa tryggingarnar frjálsar. Ef hv. d. getur ekki á það fallizt, þá höfum við gert hér varatill., og það er um dálitla lagfæringu á 1. gr. frv. Ég ætla ekki að gera frekar en ég er búinn að umtalsefni þessi atriði. Við flm. þessara varatill. tökum þær aftur til 3. umr. Það skiptir ekki máli, að þær komi til atkv. nú við 2. umr. málsins. Við viljum heldur geyma það til 3. umr. og sjá fyrst, í hvaða búningi málið fer nú frá 2. umr. Vera má, að frekari brtt. komi fram við frv., og er þá gott að sjá, hvað því líður. Verið getur líka, að við í minni hl. gerum eitthvað frekari tilraun til lagfæringar á frv., þegar við sjáum, í hvaða búningi það verður eftir 2. umr. málsins.

Ég hefði nú mjög svo gjarnan, eins og ég lét í ljós í byrjun míns máls, kosið, að frsm. meiri hl. hefði haft ástæðu til þess að vera hér og hlusta á mál mitt, en ég get nú ekki að því gert og hann lét mig ekki neitt vita um það, að hann hyrfi héðan. Ég vildi gjarnan, að þessar athugasemdir kæmu fram af okkar hálfu í minni hl., þó að mér hefði þótt miklu æskilegra, að viðstaddur væri hv. frsm. meiri hl., sem hefur nú tekið að sér að forsvara þetta mál í þeim búningi, sem það er, því að meiri hl. leggur til, að það sé samþ. óbreytt. Minna má ekki gagn gera, og honum þykir ekki athugavert neitt við frágang 1. gr. Og hvað sem líður bæjarfulltrúum Reykjavíkurborgar nú, þeirra skoðun og meðferð á málinu, þá veit ég ekki, hvort þeir eru það glöggskyggnir og sjá svo vel fram í tímann síðar meir, ef þetta verður að l. í þeim búningi, sem það er, að þeir sjái, hvernig síðar meir einhverjir bæjarfulltrúar Reykjavíkurborgar kunna að fara með þetta mál, ef það verður afgreitt eins og frv. liggur nú fyrir.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. 9. landsk. (KGuðj), að flytja hér brtt. við þetta frv. Hún verður að flytjast sem skrifleg brtt., og þarf því að leita afbrigða fyrir henni.

Ég vildi óska eftir því við forseta að leita nú afbrigða fyrir þessari till., og fari svo sem mig grunar, að það séu ekki möguleikar á því að fá samþ. afbrigði fyrir till. nú á þessum fundi, þá geri ég kröfu til þess, að þessum fundi verði frestað, þannig að þessar brtt. geti fengið fulla og eðlilega afgreiðslu einmitt við þessa umr. málsins, því að ég legg höfuðáherzlu á það, að við þessa 2. umr. málsins komi þessar brtt. mínar til atkvgr.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða málið á þessu stigi frekar, en áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að ræða frekar um það, þegar leitað hefur verið afbrigða fyrir mínum till.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 485, n. 517 og 532, 544).

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 544, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

**Forseti (SB):** Það hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Atkvgr. um málið verður frestað. (**Gripið fram í:** Ég hafði kvatt mér hljóðs í gærkvöld.) Það er mér ekki kunnugt um. Umr. um málið hafði verið slitið. (**Gripið fram í:** Ég mótmæli.) Það var nú ekki meiningin að vera neitt að þröngva kosti hv. þm., en í gær, þegar ég yfirgaf forsetastól, þá var enginn á mælendaskrá. Hafði ég meira að segja rökstudda ástæðu til þess að ætla það, að hv. 11. landsk. mundi ekki taka til máls, þar sem hann óskaði þess aðeins að leggja fram sína brtt. Ég tek því ekki við neinum ákúrum frá hv. 11. landsk. a. m. k. í þessu efni. En það verður orðið við ósk hv. þm. um það að ljúka ekki umr.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Um alllangt skeið hefur Reykjavíkurkaupstaður haft þá sérstöðu meðal bæjar- og sveitarfélaga landsins að hafa heimild til þess að geta ráðstafað brunatryggingum á húseignum í umdæmi sínu á þann hátt, sem bæjarstjórnin hefur talið hagkvæmast á hverjum tíma. Önnur bæjarfélög landsins og sveitarfélög hafa ekki haft rétt til þessa, þau hafa með lögum verið bundin við það að brunatryggja allar húseignir sínar hjá Brunabótafélagi Íslands. Þetta hafa verið í augum margra fulltrúa bæjarfélaga úti á landi allmikil fríðindi fyrir Reykjavíkurbæ, og það hefur augljóslega komið fram í því, að Reykjavík hefur náð allmiklu hagstæðari tryggingarkjörum með því að bjóða út sameiginlega tryggingu húseigna í Reykjavík heldur en húseigendur á öðrum stöðum á landinu hafa þurft að sæta.

Nú hefur verið lagt hér fyrir frv., þar sem Reykjavíkurkaupstaður óskar enn eftir aukahlunnindum fram yfir það, sem aðrir eiga við að búa, og nú er hér gert ráð fyrir í fyrirliggjandi frv., að Reykjavíkurkaupstaður geti einnig tekið sjálfur að sér brunatryggingarstarfsemina hér í bænum, þ. e., að Reykjavíkurkaupstaður getur rekið þessa tryggingarstarfsemi og þá ekki aðeins væntalega notið hinna hagstæðustu kjara, heldur er einnig gert ráð fyrir því í frv., að Reykjavík geti safnað nokkrum hagnaði af rekstri tryggginganna og ráðstafað honum í ákveðnu augnamiði, m. a. til að halda uppi brunavörnum í bænum, efla þær og gera sem beztar, einnig til þess að halda uppi annarri tryggingarstarfsemi, eins og segir í frv., en það skilst mér að bjóði upp á allvíðtæka starfsemi að taka hagnaðinn af þessum brunatryggingum og ráðstafa til almennrar tryggingarstarfsemi. Þetta virðast vera allmikil aukahlunnindi fram yfir það, sem öðrum bæjar- og sveitarfélögum í landinu er sett.

Það hafa nokkrum sinnum komið fram raddir hér á hv. Alþingi um það að heimila fleiri kaupstöðum á landinu en Reykjavík þennan rétt að mega bjóða út brunatryggingarnar. En það hefur jafnan farið svo, að þær till. hafa ekki náð hér fram að ganga eða verið dregnar til baka af ýmsum ástæðum og þá kannske einna oftast af þeirri ástæðu, að Brunabótafélagið sjálft hefur að einhverju leyti skorizt í leikinn og boðið þá fram nokkra lækkun á þeim tryggingariðgjöldum, sem Brunabótafélagið hafði látið gilda fram að þeim tíma, og jafnvel ýmis önnur fríðindi.

Það er nú alveg orðið augljóst mál, að vegna þessarar sérstöðu, sem Reykjavík hefur haft í löggjöfinni, er orðinn geysilega mikill munur á aðstöðu húseigenda í Reykjavík og húseigenda annars staðar á landinu í þessum efnum. Ég vil í þessu efni nefna máli mínu til sönnunar nokkrar tölur, sem ég hef aflað mér og ég vænti að séu réttar. Samkvæmt þeim hafa á undanförnum árum iðgjöld af brunatryggingum í Reykjavík verið þannig, að af steinhúsum með innréttingum, en í þeim flokki eru langflest hús hér í bænum, hafa iðgjöld verið 0.70‰. Í samanburði við aðra staði á landinu lítur þetta þannig út, að á Akureyri hafa þessi iðgjöld verið rösk-

lega helmingi hærri, eða 1.50‰, í Hafnarfirði hafa þessi sömu iðgjöld líka verið 1.50‰, á Ísafirði 1.60, í Neskaupstað 1.91, á Seyðisfirði 1.80, í Vestmannaeyjum 1.80 og á Siglufirði 1.91‰.

Nú fyrir skömmu voru þessar tryggingar enn á ný boðnar út hér í Reykjavík og kepptu um tryggingarnar á næsta tímabili líklega flest vátryggingarfélögin í Reykjavík, og buðu þau öll stórkostlega lækkun á iðgjöldunum frá því, sem þau hafa verið. M. a. er kunnugt um það, að eitt af tryggingarfélögunum bauð 47% lækkun á iðgjöldunum í Reykjavík frá því, sem þau hafa verið, og yrðu samkvæmt því tilboði þær tryggingar, sem ég minntist hér á, þannig, að í Reykjavík yrðu iðgjöld af steinhúsum með innréttingu 0.37‰, borið saman við t. d. á Siglufirði 1.91‰, eða að iðgjöldin á Siglufirði mundu þá vera fimm sinnum hærri en þau væru þá orðin í Reykjavík, en í flestum öðrum kaupstöðum utan Reykjavíkur yrðu iðgjöldin 3—5 sinnum hærri.

Það kann nú að vera, að þessi mikli mismunur verði að einhverju leyti afsakaður með því, að brunavarnir séu allmiklu fullkomnari hér í Reykjavík en annars staðar á landinu. Þó efast ég um, að það sé svo í mörgum þessum tilfellum, sem hér er um að ræða, svo að nokkru nemi, þegar tekið er tillit til þess, að hér í Reykjavík er einnig miklu meiri brunahætta, m. a. af því, að sambygging húsa er hér hlutfallslega miklu meiri en annars staðar á landinu og því brunahætta frá húsi til húss miklu meiri hér.

En það er líka alveg augljóst mál, að það eru ekki brunavarnirnar í Reykjavík, sem hér ráða úrslitum, heldur eitthvað allt annað. Samanburður liggur líka fyrir um það, hvernig iðgjöldin eru t. d. hér í Kópavogshreppi og á Seltjarnarnesi, þar sem brunaliðið frá Reykjavík annast brunavarnirnar, og má því telja, að brunavarnirnar séu álíka góðar þar eins og á mörgum stöðum í Reykjavíkurbæ. En mismunurinn milli iðgjaldanna af nákvæmlega eins húsum í Kópavogshreppi er alveg nákvæmlega sami og í þessum kaupstöðum, sem ég var að nefna hér áðan. Í Kópavogshreppi er t. d. af algengustu íbúðarhúsum iðgjaldið 1.80‰, á móti 0.37, sem verða mundi eftir þessu nýja útboði, sem nýlega hefur verið gert.

Ég hygg, að þessar staðreyndir, sem ég hef hér bent á, séu svo ótvíræðar, að þeim verði ekki hnekkt, og þá er aðeins spurningin, hvaða ástæða er til þess að mismuna á þennan hátt húseigendum í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum landsins. Hvaða ástæða er til þess að láta Reykjavíkurbæ einan allra kaupstaða í landinu hafa þann rétt að mega á frjálsum grundvelli bjóða út sínar brunatryggingar, en banna öðrum kaupstöðum hið sama? Ég skal játa það, að ég er ekki nákunnugur rekstri Brunabótafélags Íslands. Það væru hugsanlegar þær skýringar, að einhver sveitarfélög væru þannig á sig komin í þessum efnum, að það þyrfti raunverulega að borga með iðgjöldunum á þeim stöðum. Ég skal ekki segja um, hvort það er svo, — ég dreg það í efa, — en þá vil ég líka benda á það, að sé um þá þörf að ræða, að það þurfi einhvers staðar annars staðar frá að koma aukaiðgjöld vegna þessara staða, þá væri miklu eðlilegra, að ríkisheildin hlypi þar undir og borgaði þann mismun, heldur en að leggja þær kvaðir á kaupstaðina utan Reykjavíkur að standa undir þessum aukaútgjöldum.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint, hef ég ásamt hv. 9. landsk. leyft mér að flytja nokkrar brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, en brtt. okkar fela það fyrst og fremst í sér að veita öllum bæjar- og sveitarfélögum á landinu sama rétt og Reykjavík óskar nú eftir að fá sér til handa og þá fyrst og fremst þann rétt, sem hún hefur haft, að mega bjóða út sínar brunatryggingar á frjálsum grundvelli. Ég vil mega vænta þess, þar sem Reykjavík hefur notið þessara sérhlunninda nú um langan tíma og hefur sannað það í reyndinni, að þetta hefur gefizt vel, að fulltrúar Reykjavíkur, sem standa að flutningi þessa frv., taki undir okkar till., styðji hana og vilji unna okkur, sem teljum okkur fulltrúa byggðarlaga úti á landi, sama réttar og þeir hafa sjálfir áunnið sér og sama réttar og þeir biðja nú sjálfir um sér til handa.

Í þessu efni má minna á það, að það hefur sí og æ borið meir og meir á því á undanförnum árum, að menn úr öllum flokkum hafa talið það sér til ágætis að vilja vinna sem mest að því að skapa jafnrétti þegnanna hvar sem þeir eru búsettir á landinu, að skapa öllum landsmönnum sem jafnastan rétt, og þar sem svo hefur staðið á, að þeir, sem búið hafa t. d. í Reykjavík eða í fjölbýlinu og hafa á eðlilegan hátt fengið nokkur sérréttindi fram yfir aðra eða hagstæðari kjör, þá hefur þótt sjálfsagt að vinna að því í gegnum Alþingi að skapa fólkinu úti um land hliðstæðan rétt með beinni lagasetningu. Í þessu efni vil ég minna á það, þegar hér var lögfest á s. l. ári að ákveða sama verð á olíu um allt land. Það var alveg vitað mál, að það var gert að nokkru leyti á kostnað Reykvíkinga, sem bjuggu við tiltölulega hagstæðast verð, en þá þótti sjálfsagt að verða við því að jafna verðið og láta alla landsmenn borga hið sama. Nú eru enn uppi raddir um það að fara jafnvel sömu leið í sambandi við verð á rafmagni og að allir ættu að búa við sama verð. Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar þannig og verða ef til vill gerðar þannig, að þar verður nokkuð tekið af þeim, sem búið hafa við beztu kjörin, og fært hinum, sem búið hafa við hin lakari. Hér í okkar till. er ekki gengið svona langt, heldur aðeins farið fram á það, að þeirra réttinda, sem húseigendur í Reykjavík fái að njóta, fái húseigendur úti á landi sömuleiðis að njóta.

Ég tel fulla ástæðu til þess, einmitt þegar frv. það, sem hér liggur fyrir, er hér til afgreiðslu, þó að það sé fyrst og fremst um það, að óskað er eftir nokkrum viðbótarhlunnindum til handa Reykjavíkurbæ í sambandi við brunatryggingar sínar, að þetta mál verði tekið fyrir á þeim grundvelli, sem till. okkar 9. landsk. gerir ráð fyrir. Það er með öllu ástæðulaust að ætla að vísa því máli frá og benda á það, að réttara hefði verið að breyta lögunum um Brunabótafélag Íslands, sem fjalla um þetta mál. Það er alveg eins eðlilegt að gera þessa breytingu um leið og verið er að auka á

sérstök réttindi þess eina kaupstaðar í landinu, sem notið hefur fyrir nokkurra fríðinda í þessum efnum.

Það atriði, sem fram kemur í frv. eins og það liggur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir því, að Reykjavíkurkaupstaður taki jafnvel upp sjálfur að annast rekstur brunatrygginganna, skal ég leiða hjá mér að mestu leyti í þessum umr. Það kann vel að vera, að hér í Reykjavík megi takast að fá hagstæðari tryggingar með þeim hætti heldur en með þeirri aðferð, sem notuð hefur verið með almennu útboði. Ég fyrir mitt leyti dreg nokkuð í efa, að það muni takast. En Reykjavíkurkaupstaður velur skiljanlega þá leið í þeim efnum, sem hann telur heppilegasta á hverjum tíma, hann getur valið útboðsleiðina í annan tíma, þó að hann velji hina leiðina í hitt skiptið. Eins mundu bæjar- og sveitarfélög úti um allt land geta haft þetta. Ef þau fleiri en eitt vildu slá sér saman, eins og gert er einnig ráð fyrir í okkar till. að möguleikar séu fyrir, og vildu þannig taka að sér eða annast beinlínis rekstur trygginganna, þá er það vitanlega þeirra mál að ákveða um það. En ég býst nú frekar við því, að hin leiðin yrði almennt farin meðal kaupstaða og kauptúna úti um land, að gera almennt útboð á brunatryggingum og taka síðan lægsta tilboði, sem fengist.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en vil ekki trúa því, fyrr en á reynir, að þeir þm. séu hér til, sem vilja í þessu efni neita bæjarfélögunum úti á landi og öðrum sveitarfélögum um þennan rétt, á sama tíma sem fyrir liggur að auka við þessi réttindi til handa Reykjavíkurkaupstað.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Til eru sérstök lög um brunatryggingar í Reykjavík. Samkvæmt þeim er bæjarstjórninni heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík. Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með þeim kjörum, sem samningurinn ákveður. Þetta er aðalefni laganna.

Hér liggur fyrir frv. til nýrra laga um brunatryggingar í Reykjavík. Víst getur verið ástæða til að breyta eldri lögum um það efni og þá á þann veg, að dregið verði úr opinberum afskiptum varðandi tryggingarnar, en mönnum veitt frjálsræði til að brunatryggja húseignir sínar eins og aðrar eignir þar, sem þeir telja sér hagkvæmast. Því er hins vegar ekki að heilsa, að frv. boði aukið frelsi, heldur er stefnt í öfuga átt. Boðskapur frv. er bæjarrekstur og einokun á þessu sviði.

Aðdragandi málsins er sá, að seint í febrúar í vetur auglýsti borgarstjórinn fyrir hönd bæjarstjórnar í Reykjavík eftir tilboði í brunatryggingar húseigna í bænum, eins og áður hefur tíðkazt, þegar samningstími um tryggingarnar hefur verið liðinn. Nokkur tilboð munu hafa borizt, og samkvæmt þeim fréttum, sem af þeim hafa fengizt, mun tilboð frá Samvinnutryggingum hafa verið hagstæðast. Það tryggingarfyrirtæki hefur sýnt yfirburði þann tíma, sem það hefur starfað, og náð ört vaxandi viðskiptum í samkeppni við önnur tryggingarfélög. En þeir, sem nú stjórna málefnum höfuðstaðarins, hafa ekkert dálæti á fyrirtækjum samvinnumanna, og nú leizt þeim ekki á blikuna. Þeir töldu óhjákvæmilegt að grípa hér til nýrra ráða og telja sig hafa fundið nýtt ráð. Þeir kusu miklu fremur, sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Reykjavíkur, að varpa fyrir borð yfirlýstri stefnu flokksins varðandi einkaframtak og frjálsa samkeppni og grípa til þjóðnýtingarinnar heldur en að fyrirtækið Samvinnutryggingar hlyti tryggingarviðskipti við húseigendur í höfuðstaðnum. Og nú er farið í liðsbón til þriggja annarra þingflokka, sem líklegir þóttu til fylgis við þetta úrræði. Var málinu allvel tekið, eins og sést á þskj. 485. Trúlegt er, að þeir bandamenn sjálfstæðismanna í þessu máli sjái hilla undir þann möguleika að koma á þjóðnýtingu á fleiri sviðum, ef þetta mál nær fram að ganga, og draumar þeirra um það, að fleira svipað muni á eftir fara, hafa gert þá enn fúsari til liðveizlunnar, og vissulega þykir þeim sumum a. m. k. gott hvað gengur í þjóðnýtingaráttina. Hitt er þó nokkuð vafasamt, — það á eftir að sýna sig, — hversu mikið gagn eða gaman þeir hafa af því, þegar til framkvæmdanna kemur, að hafa veitt meiri hluta bæjarstjórnar í Reykjavík þá aðstöðu, sem stefnt er að með frv.

Mjög eru skoðanir manna skiptar um það, bæði hér og í öðrum löndum, hvernig bezt og haganlegast verði fyrir komið rekstri atvinnuveganna og efnahagslegri starfsemi þjóðfélagsins. Sumir menn aðhyllast opinberan rekstur eða svonefnda þjóðnýtingu á sem flestum sviðum. Aðrir hafa á sinni stefnuskrá einstaklingsrekstur atvinnutækja og það, sem þeir nefna óheft einkaframtak og frjálsa samkeppni. Enn aðrir benda á úrræði samvinnustefnunnar í viðskipta- og atvinnumálum og telja samvinnufélagsskapinn líklegastan til happasællar lausnar á mörgum viðfangsefnum mannanna. Sjálfstfl. hefur mjög haft á orði og skráð framarlega á sína stefnuskrá, að hann væri fylgjandi framtaki einstaklinga og frjálsri samkeppni í viðskipta- og atvinnulífinu, en andstæðingur opinberrar íhlutunar um þau mál og svonefndrar þjóðnýtingar. Oft hafa þeir sjálfstæðismenn hagað ræðum sínum og ritum þannig, að ætla mætti, að hollustan við einkaframtakið og hina frjálsu samkeppni væri höfuðatriði í stefnu þeirra. Ýmislegt, sem fram hefur komið hjá þeim á síðari tímum, m. a. það frv., sem hér er til umr., bendir þó til þess, að þetta stefnuskráratriði sé þeim síður en svo fast í hendi, heldur séu þeir í því efni sem fleirum harla tækifærissinnaðir. Svo virðist, að þegar að því kemur að sýna stefnuna í verkum flokksins, þá telji þeir einstaklingsframtakið og frjálsu samkeppnina því aðeins eiga rétt á sér, að þeirra fyrirtæki og fylgismenn hafi þar hagnað af. En þegar svo ber við, að þeirra fyrirtæki verða að lúta í lægra haldi í hinni frjálsu samkeppni, þá verður annað upp á teningnum. Þá er jafnvel ekki hikað við að leita skjóls hjá þjóðnýtingunni, sem þeir hafa þó allar stundir prédikað fyrir þjóðinni að boðaði ekki betra þjóðfélag heldur stefndi í öfuga átt.

Sumir kunna að segja sem svo, að frv. um brunatryggingar húsa í Reykjavík sé ekki þannig mál, að ástæða sé til í sambandi við það að taka upp umr. um þjóðfélagsstefnur. En þó er það svo, að þegar slík mál sem þetta koma fram, er fyllsta ástæða til að staldra við og íhuga, hvernig sú þjóðfélagsbygging er, sem verið er að reisa með löggjafarstarfi á Alþ. og framkvæmd stjórnarvalda. Þjóðnýtingu, sem svo er nefnd, þ. e. a. s. einokunarrekstri ríkisins eða annarra opinberra aðila, svo sem bæjar- og sveitarfélaga, er hægt að koma á í þjóðfélaginu með tvennu móti. Frá öðrum löndum berast stundum fréttir um það, að fylgismenn ríkisrekstrar þar hafi gert áætlanir fyrir fram um þjóðnýtinguna og unnið að því að koma fram heildarlöggjöf um það efni. En svo er til önnur aðferð við að koma þjóðnýtingunni á; það er sú aðferð að koma henni á smám saman, og af því frv., sem hér liggur fyrir, og fleiru, sem fram hefur komið í seinni tíð, er helzt útlit fyrir, að þannig ætli menn að vinna að því hér að koma á opinberum rekstri. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa ekki enn borið fram frv. til heildarlaga um þjóðnýtingu, heldur flytja þeir þetta í smáskömmtum, eitt þennan daginn og annað hinn. Þessa aðferð mætti vel nefna þjóðnýtingu í áföngum.

Það skal að vísu viðurkennt, að opinber rekstur getur átt rétt á sér í vissum tilfellum, t. d. til tekjuöflunar fyrir ríkið, og má nefna í því sambandi ríkiseinkasölu á áfengi og tóbaki. Líka getur verið um þannig rekstur að ræða, að hann sé lítt eða ekki viðráðanlegur einstaklingum eða félögum, og getur þá verið nauðsynlegt að grípa til opinbers rekstrar. Þá getur einnig verið um þess konar þjónustu að ræða í almennings þágu, að telja megi eðlilegt, að ríkið hafi starfsemina með höndum, eins og t. d. rekstur póstsins, símans og stórra rafstöðva og rafveitna til almenningsnota, svo að eitthvað sé nefnt. En með slíkum undantekningum teljum við framsóknarmenn að atvinnurekstur landsmanna og viðskipti sé bezt komið í höndum einstaklinga og samvinnufélaga, og tryggingarstarfsemina er vissulega engin ástæða til að einoka hjá ríkis- eða bæjarfélagafyrirtækjum. Í stað þess ætti sem fyrst að losa þau höft, sem nú eru á brunatryggingum húsa, bæði í Reykjavík og annars staðar, svo að menn verði frjálsir að því að tryggja húseignir sínar hjá þeim tryggingarfélögum, sem þeir vilja skipta við, eins og þeim er enn frjálst að tryggja húsmuni sína og bifreiðar þar, sem þeir telja sér hagkvæmast.

Því tel ég, að beri að fella þetta þjóðnýtingarfrv. þeirra bandamanna, en gefa tryggingarnar frjálsar.

Ég hef áður bent á það, að frv. þetta er fram komið vegna þess, að hagstæðasta tilboðið í brunatryggingar húsa í höfuðstaðnum var frá Samvinnutryggingum, en bæjarstjórnarmeirihlutinn mátti ekki til þess hugsa, að húseigendur í bænum hefðu tryggingarviðskipti sín hjá fyrirtæki samvinnumanna, þó að þar gætu þeir fengið hagstæðustu kjörin, sem fáanleg eru. Umhyggjan fyrir húseigendum í bænum er nú ekki meiri en þetta, og til þess að afstýra því, að húseigendur skipti við Samvinnutryggingar og njóti þar beztu tryggingarkjara, sem fáanleg eru, er frv. þetta fram borið á Alþ.

Mér þykir rétt að skjóta því að hv. sjálfstæðismönnum hér í d., áður en lengra er komið afgreiðslu þessa máls, að ef þeir grípa til þjóðnýtingar, þegar þeim hentar, til þess að komast út úr örðugri samkeppni við samvinnufyrirtækin, eins og útlit er fyrir að þeir ætli að gera í þessu tilfelli, þá gæti svo farið, að samvinnumenn á þingi færu að íhuga það, hvort ekki mætti svara í svipuðum tón. Eins og þú heilsar öðrum, ávarpa aðrir þig. Það er að vísu svo, að samvinnumenn telja annað fyrirkomulag yfirleitt betur henta en opinberan rekstur atvinnu- og viðskiptafyrirtækja. En ef á annað borð er farið inn á þjóðnýtingarbrautina t. d. með tryggingarstarfsemina, eins og hér er að stefnt, þá getur vissulega komið til athugunar að beita þeim úrræðum við fleira.

Ég held, að þeir hv. þm. Sjálfstfl. mættu gjarnan taka til umhugsunar, hvernig þeim mundi falla það, ef þeim yrði síðar mælt í þeim sama mæli sem þeir bera hér fram. Ég á nú reyndar hálfbágt með að trúa því að óreyndu, að svo margir hv. sjálfstæðismenn á þingi ljái þessu þjóðnýtingarfrv. fylgi sitt, að það verði að l. Þó hefur mér þótt rétt að beina í áttina til þeirra dálitlu aðvörunarskoti, áður en lengra er haldið. Þeir mega þá engum öðrum um kenna en sjálfum sér, ef eitthvað kynni það á eftir að fara, sem þeim væri síður að skapi.

**Gunnar Thoroddsen:** Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því og taldi í rauninni óþarft að taka til máls við þessa umr., því að ég taldi meginatriði málsins nægilega fram tekin í framsöguræðunni, auk þess sem frsm. meiri hl. allshn. hefur gert glögglega grein fyrir þeim rökum, sem mæla með þessu frv. og liggja til þess, að meiri hl. allshn. mælir með samþykkt þess eins og það liggur fyrir.

En út af þessari furðulegu ræðu, sem hv. þm. V-Húnv. var að ljúka við að halda, þá kemst ég ekki hjá því að leiðrétta hér ákaflega furðulegar rangfærslur, sem hann leyfði sér að bera hér á borð. Ræða hans byggist eiginlega á því, að þetta frv. sé til komið vegna fjandskapar flm. við samvinnuhreyfinguna; þetta sé úrræði til að komast í kringum það, að Samvinnutryggingar hafi í því útboði, sem fór fram nýlega í Reykjavík um brunatryggingarnar, orðið lægstbjóðandi. Ég vil aðeins upplýsa hér, að þetta er algerlega rangt. Hagstæðasta tilboðið er ekki frá Samvinnutryggingum, heldur frá öðrum bjóðanda. Þar með er í rauninni alveg hruninn grundvöllurinn undan ræðu þm. V-Húnv.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt eftir einróma áskorun bæjarráðs Reykjavíkur, er fyrst og fremst sú, að það þykir að athuguðu máli og að ráði hinna færustu manna, sem um þetta hafa fjallað, hentugra og ódýrara, að bærinn sjálfur hafi með höndum innheimtu iðgjaldanna og bókhald, af þeirri einföldu ástæðu, að það verði ódýrara en ef vátryggingarfélögin hafa það með höndum. Þetta stafar af því, að bærinn þarf að innheimta ýmiss konar fasteignagjöld, eins og húsagjald, lóðagjald, vatnsskatt o. fl., sem er

innheimt í einu lagi, á einum og sama fasteignagjaldsseðli, og má bæta þar við brunabótaiðgjaldinu með sáralitlum aukakostnaði. Þetta er heldur ekkert nýmæli, því að um langan aldur eða fram til ársins 1924 var þessi háttur á hafður í Reykjavík. Það var þá sérstakur brunamálastjóri, sem á vegum bæjarins innheimti gjöldin og sá um rekstur tryggingarinna. Í rauninni er hér farið fram á að þessu leyti það sama og var hér um marga áratugi og gafst að mörgu leyti vel.

Í öðru lagi er það nýmæli í þessu frv., að það er opnaður möguleiki til þess, að Reykjavíkurbær sjálfur eða bæjarsjóður taki á sig áhættu að einhverju leyti. Ef út á þá braut yrði farið, að bærinn keypti ekki fulla eða 100% endurtryggingu, heldur að bærinn hefði eitthvað af tjóni í eigin áhættu, þá yrði því hagað þannig, að áhætta bæjarins gæti aldrei numið meiru en iðgjöldin. M. ö. o., þau hámarkstjón, sem yrðu í eigin ábyrgð bæjarins, færu aldrei fram úr iðgjaldaupphæðinni á hverju ári. Ef tjónin næmu meiru, þá yrði að sjálfsögðu endurtryggt fyrir því. M. ö. o., ef út á þessa braut yrði farið, þá er það víst, að bæjarsjóður mun ekki hafa af því neina áhættu. Hins vegar ef tjónin nema minni upphæð á hverju ári heldur en iðgjöldin nema samanlagt, þá mundi það verða gróði þessa tryggingarsjóðs, sem hér er lagt til að stofnaður sé. Það er sérstakur og sjálfstæður tryggingarsjóður, en sá ágóði, sem kynni að verða af tryggingunum, rynni ekki í bæjarsjóðinn.

Ef við lítum yfir reynsluna s. l. 5 ár, þá sést, að það tryggingarfélag, sem hafði brunatryggingarnar, hefur haft af því margra milljóna hagnað vegna þess, hvað brunatjónin hafa, sem betur fer, verið lítil á síðustu 5 árum. Þetta stafar af mörgum ástæðum, bæði vegna síbættra brunavarna í bænum og vegna þess að tala steinhúsa hefur farið mjög fjölgandi hlutfallslega á móti timburhúsum. Ef þessi leiðin yrði farin, að viss ábyrgð á brunatjónum yrði hjá bænum sjálfum, en þó, eins og ég tók fram, aldrei meira en iðgjöldin nema á hverju ári, þá er sem sagt skapaður möguleiki, ef tjónin verða lítil, til að mynda sjóð, og í frv. er gert ráð fyrir og alveg lögbundið, hvernig megi verja þeim sjóði. Það segir, að þessar tekjur, sem kynnu að verða, skyldi leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Nú sést það á brtt. minni hl. allshn., fulltrúa Framsfl. í n., að þeir vilja fella burt ákvæðið um það, að það megi nota þennan væntanlega sjóð til að efla brunavarnir í bænum. Mér virðist sannast sagna ákaflega erfitt að skilja röksemdafærslu fyrir því. Efling brunavarna er auðvitað fyrst og fremst gerð vegna húseigendanna. Bættar brunavarnir eru til þess að draga úr brunatjónum og þar með skapa möguleika til þess að lækka iðgjöldin. Ég held, að engum húseiganda geti blandazt hugur um það, að kaup á nýtízku, stórvirkum, öruggum tækjum til brunavarna og bætt aðstaða til brunavarna á allan hátt er fyrst og fremst þeirra hagsmunamál. Þess vegna er ákaflega örðugt að skilja rök hv. framsóknarmanna fyrir því að vilja fella burt úr frv., að úr þessum tryggingarsjóði megi nota fé til að efla brunavarnirnar í bænum.

Aðalefni brtt. framsóknarmanna er það, að húseigendum sé í sjálfsvald sett, hvar þeir tryggi húseignir sínar, og svo var að skilja á hv. þm. V-Húnv., að þetta mundi vera hinn mesti hagur fyrir húseigendur. Nú hefur svo verið um mjög langan aldur, ekki aðeins að skylt hefur verið að tryggja allar húseignir í Reykjavík, heldur líka að skylt væri að tryggja það hjá einu og sama félagi, sem bæjarstjórnin hefði samið við, og reynslan sýnir, að þessi tilhögun hefur reynzt vel. Í þetta skipti, þegar samningur er að renna út, hefur verið látið fara fram útboð og öllum tryggingarfélögum gefizt kostur á að bjóða í tryggingarnar, en reynslan sýnir það líka, að langsamlega lægstu brunabótaiðgjöld, sem þekkjast í landinu, eru og hafa verið hér í Reykjavík. Á þeim húsum, sem langmestu máli skipta, sem eru steinhús, er brunabótaiðgjaldið 0.7‰, í stað þess, eins og kom fram hér áðan, að brunabótaiðgjöldin fyrir kaupstaði og sveitir utan Reykjavíkur eru frá 1.5‰ og upp í eða upp undir 2‰. En við höfum líka haft alveg frjálsar tryggingar hér í Reykjavík að því er snertir lausafé, og hver hefur svo reynslan orðið? Hún er sú, að á meðan iðgjaldið af steinhúsum er 0.7‰, þá er iðgjaldið fyrir lausafjártryggingar, innbú og þess háttar, 1.8‰. Það er sem sagt 2½ sinnum dýrara að tryggja innanstokksmuni, lausafé, í Reykjavík heldur en fasteignir. Maður skyldi nú ætla, að eftir kenningu framsóknarmanna hefði þetta verið alveg öfugt, að þá hefði sá liðurinn í tryggingarstarfseminni, lausafjártryggingarnar, sem hafa verið og eru frjálsar, verið kominn niður fyrir.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að þetta frv. var sýnt og rætt ýtarlega við stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, og hún hefur tjáð sig samþykka því, að frv. næði fram að ganga og að sú tilhögun yrði á þessum málum höfð, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. V-Húnv. taldi, að hér væri nú um bandalag allra flokka gegn Framsfl. og samvinnuhreyfingunni að ræða. Flm. þessa frv. eru eftir áskorun bæjarráðs allir þm. Reykv. og landsk. þm. hér í bænum. Ástæðan til þess, að ekki var framsóknarmaður einnig flm., er einfaldlega sú, að þm. fyrir Reykjavík úr Framsfl. fyrirfinnst ekki, og það er náttúrlega af ósköp eðlilegum ástæðum, vegna þess að Reykvíkingar hafa reynt það á undanförnum áratugum, að framsóknarmönnum er ekkert sérstaklega vel treystandi til þess að vinna að hagsmunamálum höfuðstaðarins. Þess vegna kemur manni það óneitanlega nokkuð spánskt fyrir, þegar svo framsóknarmenn, sem höfuðstaðarbúar hafa alveg afþakkað að hafa sem sína umboðsmenn á þingi, koma hér og þykjast vera hinir einu sönnu málsvarar Reykvíkinga.

Mér fannst það nú nokkuð furðulegt í lok ræðu hv. þm. V-Húnv. að vera hér með bæði óbeinar og beinar hótanir í garð þm., ef þeir leyfi sér að hafa sjálfstæðar skoðanir í þessu máli og samþ. frv., en það kom þó greinilega fram hjá honum, að ef þingheimur dirfðist að ganga gegn vilja Framsfl. í þessu máli, ja, þá skyldum við

eiga framsóknarmenn á fæti á eftir, og þá gæti margt komið þar í kjölfarið. Að vísu væri fróðlegt að vita um það nánar, hvað þessar hótanir þýða, en hvað sem þær þýða, þá finnst mér þetta næsta mikil smekkleysa af hv. þm.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. En ég vil taka það fram þó að lokum, að ég tel, að Alþ. eigi að virða í hvívetna sem mest sjálfsforræði bæjar- og sveitarfélaga og Alþ. eigi að verða við þeim óskum, sem fram hafa komið einróma frá bæjarráði Reykjavíkur um að leyfa þennan hátt á brunatryggingum í höfuðstaðnum.

Ég vil segja það út af brtt. um, að það sama gangi yfir önnur bæjarfélög, að mér finnst sú till. vissulega mjög athyglisverð. Reynslan sýnir, að önnur bæjarfélög hafa sem sagt orðið að sæta miklu verri kjörum um vátryggingar sinna fasteigna heldur en Reykjavík. Ég hef hins vegar talið óheppilegt að vera að blanda því, sem er auðvitað gagnger breyting á Brunabótafélaginu og þeirri skipan, sem um þessi mál hefur gilt, inn í þetta mál, því að um þetta hafa um áratugi gilt sérlög fyrir Reykjavík. Mér fyndist miklu eðlilegra, að kæmi fram sérstakt frv. um breytingu á l. um Brunabótafélag Íslands í þá átt, heldur en að fleyga þetta frv. með því.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það voru nú aðeins örfá orð í rauninni. — Hv. 7. þm. Reykv., sem hér var að ljúka máli sínu, lýsti því yfir, að hann væri efnislega, að mér skildist, sammála þeirri brtt., sem ég og 9. landsk. flytjum hér á þskj. 544, en teldi þó af ýmsum ástæðum óheppilegt, að þessi brtt. væri hér flutt við það frv., sem hann er hér 1. flm. að, og benti á, að eðlilegra mundi vera að flytja efni okkar brtt. sem sjálfstætt frv. við l. um Brunabótafélag Íslands. Ég hafði hér í minni fyrri ræðu nokkuð vikið einmitt að þessu sjónarmiði, og vil ég ítreka það enn, að ég álít einmitt, að það sé fullkomlega eðlilegt um nákvæmlega hliðstæðan rétt og bæjar- og sveitarfélög úti á landi eru að óska eftir eins og Reykjavík er nú að fara fram á, að þetta fylgist allt saman að í einu og sama frv. Ef hv. alþm. telja eðlilegt að veita Reykjavíkurkaupstað þessi réttindi, þá óska ég eftir því fyrir mitt leyti, að það komi einnig skýrt fram, hvort þeir telja þá ekki eðlilegt að veita öðrum sveitarfélögum á landinu þessi sömu réttindi um leið.

Auk þess, sem ég gat hér um í minni fyrri ræðu, þá vildi ég láta það koma fram sem frekari rökstuðning fyrir því, að það er sannarlega réttmætt og full ástæða til, að þeir, sem nú eru með l. bundnir að brunatryggja hús sín hjá Brunabótafélagi Íslands, fari nú fram á það að fá sama rétt og Reykjavík til þess að bjóða út sínar brunatryggingar, að Brunabótafélag Íslands, sem býður öðrum kaupstöðum landsins og sveitarfélögum upp á slík kjör, að þeir verða að greiða þrisvar til fimm sinnum hærri iðgjöld í brunatryggingu heldur en gert er hér í Reykjavík, gerði, að mér er sagt, einnig tilboð nú nýlega í brunatryggingarnar hér í Reykjavík og bauðst til þess að lækka þessar lágu brunatryggingar hér um 37%. Það sem sagt getur, þegar það er í samkeppni við önnur tryggingarfélög, boðið stórfellda lækkun á brunatryggingum, þar sem iðgjöldin eru þó miklum mun lægri en á þeim svæðum, þar sem það eitt fer með tryggingarmálin. Þetta finnst mér enn ein sönnunin á því, að það er með öllu óeðlilegt að löggilda það lengur en verið hefur, að aðrir kaupstaðir landsins séu skyldir að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands við miklum mun lakari kjör en þeir eiga kost á annars staðar, en að Reykjavík hafi þessi sérréttindi, sem hún hefur haft, og jafnvel fái þar enn aukin sérréttindi, sem hún óskar nú eftir, og ég fyrir mitt leyti vil ekki standa á móti, nema ég segi það, að mitt fylgi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er algerlega bundið því, að flm. þess og þeir, sem að því standa, vilji ljá liðsinni okkur, sem teljum okkur fulltrúa fyrir þau byggðarlög, sem nú eru bundin að l. að vátryggja hús sín hjá Brunabótafélagi Íslands. Það er algerlega bundið því skilyrði, að þeir vilji unna okkur sama réttar og þeir biðja um sjálfir sér til handa. Fáist þeir ekki til þess að samþ. brtt. þá, sem ég hef hér flutt og hv. 9. landsk., og vilji þar með neita okkur um þessi réttindi, þá sé ég ekki fyrir mitt leyti ástæðu til þess að veita þeim aukin réttindi fram yfir það, sem þeir hafa nú, og vil þá, að þeir bíði með það, þar til þeir hafa séð þau réttindi, sem við óskum eftir og eru samsvarandi því, sem þeir nú njóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 532,I.a felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HÁ, BFB, JörB, PÞ, SkG, StgrSt, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG.

**nei:** GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, SG, BergS, BÓ, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, SB.

GJóh, KGuðj, LJós greiddu ekki atkv.

4 þm. (HV, PO, SÁ, EI) fjarstaddir.

Brtt. 532,I.b—f og II teknar aftur.

— 544,1 samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GJóh, HÁ, BFB, JörB, KGuðj, LJós, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, BergS, EOl, EirÞ, EystJ, GilsG, GíslG.

**nei:** GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, SÁ, BÓ, EggÞ, EmJ, SB.

3 þm. (HV, PO, EI) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv.

Brtt. 544,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 544,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

4.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 544,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.**

---

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Vegna þess að frv. um brunatryggingar hef-

ur tekið talsvert miklum breytingum frá því, sem það var, þegar það var lagt fram, vildi ég óska eftir, að málið yrði ekki nú þegar tekið á dagskrá, til þess að tími ynnist til þess að koma með brtt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 27. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 556, 563).

**Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson):** Herra forseti. Við höfum leyft okkur, minni hl. allshn., að bera fram brtt. við frv.

Ég hafði við 2. umr. málsins gert grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls. Við lögðum þá til, að þessar tryggingar væru gefnar frjálsar, en ekki einskorðaðar við það, að bærinn gæti tekið þær í sínar hendur. Nú hefur sú breyting orðið á frv., að bæjarfélög og sömuleiðis sveitarfélög hafa heimild til að semja um tryggingar fyrir umbjóðendur sína eða taka tryggingarnar í sínar hendur. Við erum vitaskuld, minni hl., jafnandvígir frv., þó að þessi breyting hafi verið gerð á, að bæjar- eða sveitarfélög fari að taka þetta í sínar hendur. Við höfum ekki trú á því, að það verði þeim til hagræðis umfram það, sem það gæti orðið í frjálsri samkeppni að tryggja fyrir húseigendur. Því höfum við verið fylgjandi, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði það í hendi sinni að semja fyrir umbjóðendur sína, húseigendur í bænum, og við gerum ekki mjög mikið úr því atriði, þó að það sé yfirfært á hendur bæjarstjórnum annarra bæja í landinu, eða þó að sveitarstjórnir fái með þessari löggjöf heimild til þess að semja fyrir umbjóðendur sína um brunatryggingarnar. Það má segja, að í þeim búningi, sem frv. er nú að þessu leyti til, þá gæti jafnréttis á milli manna. Þau stjórnarvöld bæjar og sveitarstjórnarvöld, sem vilja láta sig þessi málefni skipta, hafa þá leyfi til þess að semja, og um slíkt er ekki að sakast, en það gegnir nokkuð öðru máli um það atriði, ef bær eða sveit ætlaði að trygginguna sjálft í sínar hendur og íbúum, hvort það er nú bæjar- eða sveitarfélags, þá með öllu óheimilt að tryggja annars staðar eða hafa aðra skipun á tryggingu húsa sinna heldur en bærinn þá fyrirskipar.

Ég lét í ljós við 2. umr. málsins, að þetta fyrirkomulag gæti kallað á annað og meira um ýmsa viðskiptaháttu, og ég var ekki viss um, að það gæti enginn fyrir séð, hvaða dilk það kynni að draga á eftir sér. Það a. m. k. væri rétt að athuga fyrir þá, sem hafa trú á frelsi og að einstaklingarnir hafi sem mest ráð til athafna, að þá gæti þetta orðið vísir að því, að meiri og frekari höft yrðu sett á athafnafrelsi manna. Nú ætla ég ekki að rekja það nánar, því að ég þóttist gera því nokkra grein við 2. umr. og ætla ekki að fara að endurtaka það. En út frá þessu sjónarmiði meðal annars flytjum við þessa brtt., hv. þm. Dal. og ég, um, að bæjar- og sveitarstjórnum verði heimilt að semja við eitt eða fleiri vátryggingarfélög fyrir umbjóðendur sína, en að þeim heimilist ekki að taka trygginguna í sínar hendur, hvorki að einu eða öllu leyti. Ég hygg, að það sé heppilegra sakir þess möguleika m. a., sem bæði bæjar- og sveitarfélög hafa á því að annast svona mál. Ég get að vísu viðurkennt, að Reykjavíkurborg hefur náttúrlega sérstöðu nokkra í þessu efni. Það gerir hennar fjölmenni og möguleiki á að taka slíka tryggingu í sínar hendur; en að það verði íbúunum hagfelldara en með samkeppni milli tryggingarfélaganna um slíka samninga, það efast ég mjög um, og enn meir efast ég um það þó í framtíðinni heldur en kannske nú. Mér hefur aldrei dottið í hug um þá menn, sem að þessu standa, annað en að fyrir þeim vekti gott eitt og þeir teldu, að þeir gætu séð hagsmunum sinna umbjóðenda vel borgið með þessu. En ég mætti máske minna þá á það, að þó að þeir ráði nú um stund, þá geta þeir á engan hátt tryggt, að sams konar sjónarmið, þegar frá líði, hlyti að vera ráðandi og ríkjandi í þessum málum frekar en öðrum í stjórn bæjarins, og kynni þá svo að fara, að það skyti nokkuð skökku við þær hugmyndir, sem þeir hafa gert sér um þetta, þegar frá líði; auk þess sem einmitt þetta mál, sem er nú nýtt hér hjá okkur, kann að færast út á víðara svið og á allt annan hátt en mönnum þætti æskilegt.

Líka er rétt að hafa það í huga, að það er engan veginn nógu vel séð fyrir því eða menn geti gert sér þess glögga grein, hvað þetta kann að skaða þann félagsskap, sem hefur nú annazt vátryggingar húseigna um landið allt nema í Reykjavík, Brunabótafélag Íslands, og ef mjög róttæk breyting væri gerð á þessum málum, væri eðlilegast, að það gerðist á þann hátt, að gott tóm gæfist til íhugunar á því, hvernig því mætti verða fyrir komið gagnvart þeim félagsskap, svo að hann yrði ekki limlestur alveg gersamlega á eftir.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að gera þetta frekar að umtalsefni. Ég vil vona, að hv. þm. hafi fengið brtt. Mér er sagt, að það sé búið að útbýta þeim. Þetta er ekki margbrotið efni. Það er aðeins, eins og ég sagði, að bæði bæjar- og sveitarfélög geti haft það í hendi sinni, hvort sem þau vilja semja um brunatryggingar við eitt eða fleiri félög, en ekki heimilt að taka það í sínar hendur, eins og frv. eins og það nú liggur fyrir, gerir þó ráð fyrir. Og ég ætla, hvað áhrærir málið sjálft og ekki sízt þá vegna framtíðarinnar, að það sé langtum hyggilegra að afgreiða það nú í þeim búningi heldur en að það gangi í gegn eins og það er, þótt það að vísu sé meira jafnrétti gagnvart þegnum landsins eftir ákvæðum frv. í þessum búningi, sem það er nú, heldur en það var upphaflega.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. lét ég þess getið, að nú fyrir skömmu, þegar bæjarstjórn Reykjavíkur auglýsti eftir tilboðum um brunatryggingar húsa í bænum, hefðu borizt nokkur tilboð og samkvæmt þeim fréttum, sem af þeim hefðu borizt, mundi tilboð frá Samvinnutryggingum hafa verið hagstæðast.

Í ræðu, sem hv. 7. þm. Reykv. flutti síðar við þá umr., andmælti hann því, að því er mér skildist, að hagstæðasta tilboðið hefði verið frá því fyrirtæki. Þetta þótti mér einkennilegt að heyra, því að vissulega ætti hv. 7. þm. Reykv. að vera málinu kunnugur. En ég tel mig hafa öruggar heimildir fyrir því, sem ég hélt fram um þetta efni.

Lögin um brunatryggingar í Reykjavík eru frá 1924, en breyting var á þeim gerð nokkur 1943. Samkv. 1. gr. laganna hefur bæjarstjórn Reykjavíkur heimild til að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvmrh. slíkan samning. Þá segir enn fremur í lögunum, að hafi bæjarstj. gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almenningseign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Síðan eru ákvæði um það í lögunum, að bæjarstj. hafi eftirlit með virðingargerðunum og að ekkert hús skuli tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega og að bæjarstj. sé heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkv. vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík eftir reglum, er bæjarstj. setji um það með samþykki ráðh. Ekki get ég séð í þessum lögum, að þar sé nein heimild til þess fyrir bæjarfélagið að taka til sín ágóða eða hagnað í nokkurri mynd í sambandi við slíka samninga. Hins vegar lítur út fyrir, samkv. því, sem fram kemur í útboði bæjarstj. í vetur, að bærinn hafi gert samning um ágóðahlut við það tryggingarfélag, sem nú hefur brunatryggingarnar. Í þessu útboði, sem dagsett er 25. febr. s. l., er óskað eftir mismunandi tilboðum, þ. e. a. s. tryggingarfélögum er gefinn kostur á að bjóða í tryggingarnar samkv. grundvelli 1—2, sem svo er nefnt. Og hér er m. a., eins og segir í útboðinu, óskað eftir tilboðum miðað við, að núgildandi ákvæði um ágóðahlutdeild samkv. 6. gr. framangreinds samnings, — og það mun vera samningur, sem nú er í gildi, — haldist óbreytt að öðru leyti en því, að í stað 6% vegna rekstrarkostnaðar komi 3%. Samkv. þessu virðist það liggja fyrir, að bærinn hafi gert samninga um ágóðahlutdeild við þetta félag. Ég gat þess áðan, að ég sæi ekki neina heimild til slíkrar fjáröflunar fyrir bæjarfélagið í lögunum um brunatryggingar, og nú þætti mér fróðlegt að vita, hvort einhvers staðar í lögum er heimild fyrir bæjarfélagið til þess að afla sér fjár á þann hátt í sambandi við samningana um tryggingarnar. Ef slík heimild er ekki í lögum, þá virðist mér það fljótt á litið a. m. k. nokkuð vafasamt, að bærinn geti tekið til sín þetta fé í stað þess að láta það renna til húseigenda til lækkunar á iðgjöldum eða með lækkuðum iðgjöldum. Tilgangur laganna virðist vera sá að heimila bæjarfélaginu milligöngu um samninga í því skyni að útvega húseigendum sem bezt tryggingarkjör svo og að þeir njóti alls hagnaðar af hagkvæmum samningum eða geti notið hinna beztu kjara, sem fáanleg eru. En hitt virðist, eins og ég hef tekið fram, ekki koma fram í lögunum, að til þess sé ætlazt á nokkurn hátt, að aðrir hafi hagnað af slíkum samningum.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, gætu húseigendur fengið nærri því helmingslækkun á brunatryggingaiðgjöldum frá því, sem nú er, ef tilboði Samvinnutrygginga væri tekið og fylgt væri fyrirmælum gildandi laga, en það mun, eins og ég gat um við 2. umr., óumdeilanlega vera hagstæðasta tilboðið, sem fram kom og miðað var við það, að tryggingarfélagið bæri alla áhættuna, eins og lögin gera ráð fyrir.

Hins vegar mun bæjarstj. einnig hafa leitað tilboða á þeim grundvelli, að bærinn væri þátttakandi í tryggingunni, en slíkt fyrirkomulag hefur ekki stoð í lögum. Um útkomuna af því fyrirtæki, ef til þess verður stofnað, er vitanlega ekki hægt að segja fyrir fram, því að það fer eftir því, hvað brunatjónin verða mikil á hverjum tíma. Einhver tilboð munu hafa borizt byggð á þeim grundvelli, en mér hefur verið skýrt svo frá, að sé tekið nokkurra ára meðaltal af brunatjónum í bænum, komi það í ljós við samanburð, að álitlegasta tilboðið af því tagi sé ekki betra, heldur fremur óhagstæðara en það lægsta, sem fram kom og byggt var á því, að bærinn tæki ekki að sér tryggingarnar að neinu leyti. Eins og ég sagði, má kannske um þetta deila, því að þetta er óútreiknanlegt fyrir fram, um útkomuna af þessum tryggingum, og í áætlunum um það virðist nú ekki eðlilegt að miða aðeins við þau ár, sem hafa sýnt bezta útkomu, þar sem brunatjónin hafa verið minnst, heldur væri eðlilegt, þegar áætlanir eru um þetta gerðar, að byggja þær á meðaltali allmargra ára, þar sem bæði væru tekin með hagstæð og óhagstæð ár að þessu leyti.

Þessari athugasemd vildi ég koma hér að í tilefni af þeim ummælum, sem féllu við 2. umr. hjá hv. 7. þm. Reykv. Við þá umr. ræddi ég einnig nokkuð um það og beindi því nú einkum til hv. sjálfstæðismanna hér í deildinni, að vel mættu þeir taka það til íhugunar, ef þeir taka að beita sér fyrir þjóðnýtingarmálum á borð við þetta og lögfesta slíkt fyrirkomulag, þar sem þeir telja sér í svipinn henta að viðhafa það, þá gæti nú svo farið, að eitthvað það kynni að gerast síðar á þeim sviðum, sem þeim væri síður að skapi en það, sem hér er á ferð, ef út á þessa braut væri yfirleitt gengið lengra en áður hefur verið gert. En ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka hér það, sem ég sagði um það mál.

**Magnús Jónsson:** Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að fara að lengja þessar umr., en vegna þess, hvaða stefnu málið hefur nú tekið, þótti mér óumflýjanlegt að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni og ýmissa annarra flokksbræðra minna hér í sambandi við þetta mál með hliðsjón af þáltill., sem við höfum flutt í Sþ. og var útbýtt í gær.

Það kom hér fram hjá hv. 11. landsk. við 2. umr. þessa máls, og raunar fleirum, að það væru miklar kvartanir uppi vegna þeirra kjara, sem húseigendur í bæjum og sveitum utan Reykjavíkur yrðu að búa við hjá Brunabótafélagi Íslands, og hann rakti hér ýmis dæmi þess, að þessi kjör væru miklum mun verri en Reykvíkingar byggju við. Ég er hv. 11. landsk. alveg sammála um þetta atriði, og ég tel mig einnig geta mælt þar fyrir munn allra þeirra, sem standa að umræddri þáltill. En sú till. er, eins og hv. þdm. vita, þess efnis, að ríkisstj. verði falið að láta athuga í samráði við bæjarstjórnir og sýslunefndir, hvernig tryggingum utan Reykjavíkur verði hagkvæmast fyrir komið. Ástæðan til þess,

að við bárum fram þessa till., en greiddum jafnframt atkv. gegn brtt. hv. 11. landsk., sem má segja að gengi í þá átt að rétta hlut þessara aðila að því leyti til, að þeim væru gefnar frjálsar hendur um það, hvar þeir tryggðu sínar húseignir, byggðist á því, eins og segir í grg. þáltill., sem ég vék að, að við teljum, að hér sé um það mikið mál að ræða, að það sé nokkuð varhugavert að gera nú ráðstafanir sem þessar, sem hljóta að hafa í sér það fólgið, að það félag, sem annazt hefur þessar tryggingar til þessa, Brunabótafélag Íslands, kunni að meira eða minna leyti að liðast í sundur eða sá grundvöllur, sem það er byggt upp á. Afstaða okkar byggist ekki á því, að við teljum út af fyrir sig það skipta meginmáli, hvort til er Brunabótafélag Íslands eða ekki, heldur hitt, að það sé algerlega óathugað mál, hvaða afleiðingar þetta kann að hafa fyrir hin ýmsu bæjar- og sveitarfélög, og það þurfi nánari athugunar við. Þess vegna töldum við, þar sem hér er um tvenn lög að ræða, sem alltaf hafa gilt um þetta, önnur lögin fyrir Reykjavík og hin lögin fyrir bæjar- og sveitarfélög, að þá væri ekki eðlilegt að fara að blanda þessum tvennum lögum saman nú, heldur taka út af fyrir sig það mál, sem bæjarstjórn Reykjavíkur var hér með og hafði þegar undirbúið og rannsakað, en láta síðan framkvæma svipaða rannsókn varðandi önnur bæjar- og sveitarfélög. Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram í sambandi við þetta mál.

Hins vegar, þar sem það virðist vera skoðun meiri hl. hv. þdm. og það sé ekki talið varhugavert heldur af hæstv. félmrh., að út á þá braut verði farið, að gefa þessar tryggingar frjálsar að þessu leyti án þess að athuga frekar, hver áhrif það hafi á grundvöll brunatrygginga utan Reykjavíkur yfirleitt, þá erum við þeirrar skoðunar, að það sé að sjálfsögðu ekki ástæða til að setja fótinn fyrir það og munum af þeirri ástæðu vitanlega styðja málið eins og það liggur nú fyrir og var samþ. við 2. umr. Ég held, að það liggi nokkuð ljóst fyrir samt, að það hljóti alltaf að verða nokkur sérstaða hjá Reykjavík varðandi þessi tryggingarmál, eins og enda hv. 1. þm. Árn. kom inn á hér, og mér þótti einnig vænt um að heyra hann taka það fram, sem var einnig frumrök okkar fyrir þáltill., að það væri mjög nauðsynlegt að fá tóm til þess að íhuga þetta mál betur og sjá, hvaða afleiðingar það hefði, og að rjúfa ekki það tryggingarkerfi, sem byggt hefur verið upp í gegnum Brunabótafélagið, nema lægi ljóst fyrir, að það væri hagkvæmari og betri fyrir heildina önnur skipan mála.

Þetta vildi ég sem sagt að kæmi hér fram, þannig að það lægi ljóst fyrir, hvernig afstaða okkar er og hvað liggur til grundvallar þessari till., því að vel kann svo að fara, ef frv. nær fram að ganga í þessu formi, að það þyki þá ekki sérstök ástæða til þess að láta fara fram þá rannsókn, sem þar um ræðir, og vildi ég því, að þetta lægi ljóst fyrir og skýra jafnframt afstöðu okkar til málsins eins og það liggur nú fyrir.

**Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Sumum finnst nokkuð einkennilega við bregða, er hv. framsóknarmenn þykjast nú orðnir öðrum mönnum skeleggari gegn ríkis- og bæjarrekstri, eins og fram hefur komið í þessum umræðum. En væntanlega liggur ekkert þar á bak við nema löngunin til þess að hafa frjálsræði sem mest í landinu, og mætti þá segja, að batnandi mönnum sé bezt að lifa.

Ég er sammála hv. 2. þm. Eyf. um það, að fullmikill hraði sé í þeirri kollsteypu, sem hefur verið tekin í þessu máli með þeirri samþykkt, sem gerð var hér í gær á því frv., sem hér liggur fyrir. Það getur vel verið rétt, sem ýmsir hafa haldið fram, að staðir og héruð utan Reykjavíkur verði að þola þyngri búsifjar í sambandi við brunatryggingarmál en Reykjavík og þess vegna sé réttmætt, að þetta verði nú gefið frjálst með pennastriki. Það getur vel verið, að þetta sé rétt og taka þurfi þetta mál til íhugunar og ef til vill að leiðrétta hlut manna utan Reykjavíkur í þessu efni. En mér finnst það mjög óhyggilegt, einmitt með svona mál, sem er fjölþætt og vandasamt, að breyta því svo skyndilega án nokkurrar athugunar. Reykjavík hefur alveg sérstöðu í þessu máli. Ég hygg, að aðstaða staða og héraða úti á landi sé afar misjöfn og sé því ekki hægt að leggja sama mælikvarða á alla staði utan Reykjavíkur. Þess vegna er ekki skynsamlegt að gera þessar breytingar án nokkurrar rannsóknar eða athugunar. En vegna þeirrar breytingar, sem frv. hefur nú tekið, þá ætla ég að bera fram brtt., sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún er skrifleg, og verð ég að biðja hann um að leita afbrigða fyrir tillögunni, áður en hún er lögð fram. Hún hljóðar svo:

„Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr. (og breytist greinatala samkv. því): Skylt er bæjar- og sveitarstjórnum á fimm ára fresti að leita tilboða í tryggingarnar á frjálsum markaði. Sama gildir um endurtryggingar. — Bæjar- og sveitarfélög geta því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagsgrundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. mgr."

Það, sem stefnt er að með þessari till., er fyrst og fremst það, að þegar búið er að gefa öllum bæjar- og sveitarfélögum á landinu heimild til þess að taka tryggingar í eigin hendur á einn eða annan hátt, þá sé jafnframt séð fyrir því, að iðgjaldagreiðendur greiði nokkurn veginn sannvirði fyrir sínar brunatryggingar. Með því að skylda bæjar- og sveitarfélögin til að leita tilboða á fimm ára fresti, er nokkurn veginn fengin trygging fyrir því, að ekki sé hægt að halda iðgjöldunum hærra en eðlilegt væri á frjálsum markaði, sem leitað væri eftir, fyrir slíkar tryggingar í heild.

Seinni hluti till. er um það, að bæjarfélögin geti ekki tekið þessar tryggingar í eigin hendur, nema fjárhagsgrundvöllurinn sé tryggur, og virðist það ekki nema sjálfsögð og eðlileg krafa, að slíkt sé gert og bæjarfélögin fari ekki að taka slíka ábyrgð á sig án þess að hafa fyrir því baktryggingu eða svo stóran tryggingarsjóð, að segja mætti, að hann gæti staðið fyrir áhættu slíkra trygginga. Hins vegar tel ég sjálfsagt, að bæjar-

félag, sem tekur þessar tryggingar í eigin hendur með það fyrir augum fyrst og fremst, að tryggjendurnir sjálfir njóti góðs af, geti ekki gert þessar heimildir að tekjustofni fyrir sjálft sig. En með þessu á að tryggja fasteignaeigendum eða þeim, sem iðgjöldin greiða, að þeir greiði á hverjum tíma nokkurn veginn heilbrigt og sanngjarnt iðgjald fyrir brunatryggingu eigna sinna, jafnvel þó að bæjarfélagið eða sveitarfélagið hafi tekið tryggingarnar í eigin hendur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 569) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla ekki núna að fara að ræða hér um efni málsins, en ég vil benda mönnum á, að hér er um allvandasama lagasetningu að ræða, og hér er komin fram skrifleg brtt. um talsvert vandasamt atriði í málinu. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá, svo að mönnum gefist tækifæri til þess að athuga þessa brtt., sem fram er komin, áður en umr. verður haldið áfram eða til atkvgr. kemur. Ég vil mjög eindregið beina þessu til hæstv. forseta.

**Gunnar Thoroddsen:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. óskar þess, að málið sé tekið út af dagskrá og frestað, og ber það fyrir sig, að hér sé um svo vandasama lagasetningu að ræða. Eins og frv. þetta var flutt, þá liggur málið ákaflega ljóst fyrir, og ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur fyrir löngu áttað sig til fulls á því. Það, sem kann að gera málið nokkru vandasamara, er brtt., sem samþ. var hér í gær frá hv. 11. landsk. þm. um að gefa frjálsar tryggingar í öllum bæjar- og sveitarfélögunum utan Reykjavíkur. Það má vera, að þessi till. hafi gert málið nokkru vandasamara, en þessi till. náði samþykki í d. fyrir atbeina hæstv. fjmrh. og flokksbræðra hans. Maður skyldi því ætla, að hann og flokksbræður hans hafi ekki greitt atkv. blindandi um málið, heldur hafi þeir verið búnir að átta sig á þessari brtt., áður en þeir samþykktu hana. Ég sé því ekki, að þessi ummæli hans og rökstuðningur fyrir því, að fresta þurfi málinu vegna þess, hvað málið sé vandasamt, geti haft við nein rök að styðjast, heldur hefur hann sjálfur með atkv. sínu gersamlega afsannað þessa röksemd, sem hann flutti hér fram. Ég vil aðeins taka það skýrt fram, að ég skora eindregið á hæstv. forseta að verða ekki við þessari ósk. Það er öllum vitanlegt og hæstv. fjmrh. líka, að þetta frv., sem miðar að því að gera Reykjavíkurbæ kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir út af brunatryggingunum hér í bæ, þarf að afgreiðast fyrir mánaðamót. Með því að taka málið út af dagskrá núna, sem er út af fyrir sig gersamlega ástæðulaust og hæstv. fjmrh. hefur í rauninni afsannað í öðru orðinu að sé réttmætt, þá er nokkurn veginn útilokað, að frv. geti orðið að lögum fyrir þennan tíma.

Ég þarf í rauninni ekki mörgu við að bæta það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, því að flest af þeim atriðum, sem hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. V-Húnv. höfðu hér fram að færa, voru aðeins endurtekningar, sem búið var að svara. En það gætir yfirleitt furðulega mikils misskilnings, sérstaklega þó í ræðu hv. þm. V-Húnv., og er þess vegna kannske nauðsynlegt hans vegna og annarra þm. einhverra að skýra þetta nokkru nánar.

Reykjavíkurbær efndi til útboðs um tryggingarnar, og það var óskað tvenns konar tilboða. Báðir þessir tilboðsflokkar voru miðaðir við það, að bæjarstjórnin tæki rekstur trygginganna í sínar hendur, þ. e. a. s. innheimtu iðgjalda, greiðslu brunabóta og annað, sem snertir daglegan rekstur. Báðir útboðsflokkarnir voru miðaðir við það. Annar var svo miðaður við 100% endurtryggingu, en hinn við endurtryggingu þannig, að bærinn hefði vissan hluta af hugsanlegu brunatjóni í eigin ábyrgð, en endurtryggingar fyrir því, sem yrði umfram þá prósentu eða prómilletölu. Það hefur verið litið svo á, að gildandi lögum um þetta þyrfti að breyta, hvorum tilboðunum sem ætti að taka, úr hvorum flokki sem væri.

Nú kemur það alveg greinilega fram, og það er ekkert verið að draga neitt dul á það í ummælum hv. þm. V-Húnv., að ástæðan fyrir andstöðu hans og flokksbræðra hans hér í hv. d. gegn frv. er hagsmunir Samvinnutrygginga. Hann fer ekki dult með það og lýsir því hér yfir margsinnis. Ég vil þá benda honum á það, að til þess að bæjarstjórn Reykjavíkur gæti nú tekið þessu tilboði Samvinnutrygginga, þá er samþykkt þessa frv. nauðsynleg. Það hefur verið talið, að samkv. gildandi lögum væri ekki hægt að taka tilboði Samvinnutrygginga, vegna þess að það byggist líka á því, að bærinn taki daglegan rekstur trygginganna í sínar hendur, en hins vegar endurtryggi að fullu. Hér gætir því eins og víðar ákaflega mikils misskilnings, sem stafar af því, að þessi hv. þm. og fleiri virðast alls ekki hafa sett sig inn í málið nógu vel, heldur aðeins hlaupa hér fram fyrir skjöldu út af einhverjum ímynduðum hagsmunum ákveðins fyrirtækis.

Það er náttúrlega mjög mikill misskilningur, að þetta frv. sé fram komið vegna þess, að þegar tilboð voru opnuð, þá hafi þetta tiltekna fyrirtæki verið lægstbjóðandi. Í fyrsta lagi er þess að geta, að það er komið á annað ár síðan bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti að láta athuga sérstaklega þá leið, að bærinn tæki rekstur brunatrygginganna í eigin hendur. Það mun hafa verið í ársbyrjun 1953, sem sú samþykkt var gerð. Að því máli hefur síðan verið unnið, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið fyrir alllöngu og miðað við niðurstöður þeirrar rannsóknar.

Hv. þm. V-Húnv. vildi halda því fram, að hér hefði verið framið lögbrot á undanförnum árum með því, að í sjóð bæjarins hefði runnið ágóðahlutdeild, þ. e. a. s. hluti af þeim ágóða, sem tryggingarfélagið hefur haft af brunatryggingunum. Ég vil aðeins benda á það, að núna um undanfarin a. m. k. tíu ár hefur þetta ákvæði um, að viss prósenttala af ágóða tryggingarfélagsins rynni til bæjarins, verið í gildi, og það hefur aldrei verið hreyft neinum athugasemdum við það. Þetta var samþykkt á sínum tíma einróma af bæjarstjórn Reykjavíkur, það var staðfest af ríkisstj., og frá engum aðila hafa komið

fram athugasemdir um það, fyrr en nú er reynt að tína þetta til, sem þó hefur í rauninni ekki neinn grundvöll.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri; vísa aðeins til fyrri ummæla og röksemda í þessu efni. Mér virðist till. hv. frsm. meiri hl. n. eðlileg, að eins og málinu er komið, þá verði það beinlínis ákveðið, lögboðið, að bjóða skuli út tryggingarnar á fimm ára fresti og að settar séu vissar skorður við því, að bæjar- og sveitarstjórnir noti þetta ekki sérstaklega til tekjuöflunar. Í rauninni á það að vera tryggt í frv. eins og það er og eins og það var flutt, með því að tekjur, sem bæjar- eða sveitarstjórn kynni að hafa af þessari starfsemi, skuli renna í sérstakan tryggingarsjóð, en ekki í bæjar- og sveitarsjóði. En sem sagt, ég get vel fellt mig við till. hv. þm.

Ég vil svo aðeins bæta því við út af margendurteknum ummælum hv. framsóknarmanna hér um, að það væri fasteignaeigendum fyrir langsamlega beztu að gefa tryggingarnar frjálsar, sem þeir kalla, — þá vil ég benda á það, að hér hefur um ákaflega langan aldur í Reykjavík verið ákveðið, að sameiginlega skuli tryggðar allar húseignir í bænum. Nú virðist Framsfl. snúast mjög harkalega gegn þessari samhjálp og samvinnu, sem hér hefur verið í höfuðstaðnum um tryggingarmálin um langan aldur og við teljum að hafi gefið góða raun, og reynslan sýnir líka, að tryggingariðgjöldin eru eða hafa verið um langan aldur hér í Reykjavík miklu lægri en nokkurs staðar annars staðar. Í öðru lagi má benda á það, að þar sem tryggingarnar eru frjálsar hér í Reykjavík, þ. e. a. s. varðandi innanstokksmuni, innbú og lausafé, þá er iðgjaldið af þeim frjálsu tryggingum um 2½ sinnum hærra en iðgjaldið af fasteignunum eða steinhúsunum í bænum, þar sem um þetta hefur verið samið í einu lagi að undangengnum útboðum. — Annars vil ég aðeins ljúka þessum orðum með því, að ég ætla, að menn þurfi varla að draga í efa, hvorum sé betur trúandi til þess að koma brunatryggingum Reykvíkinga sem bezt fyrir, annars vegar einhuga bæjarráði Reykjavíkur með samþykki stjórnar Fasteignaeigendafélagsins eða framsóknarmönnum, sem Reykvíkingar hafa nú nýskeð alveg afþakkað og ekki kosið að eiga fulltrúa úr þeim flokki á Alþingi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hef ekki óskað eftir því, að málið væri tekið út af dagskrá vegna till., sem samþ. voru í gær. Það ætla ég að hafi verið ljóst af því, sem ég sagði áðan. Heldur er það vegna þeirrar skrifl. brtt., sem nú hefur komið fram og ástæða væri til þess að menn fengju tóm til þess að átta sig á. Hún hefur komið fram frá einum hv. þm. Reykv. (BÓ). — Ég vil því ítreka það, sem ég sagði áðan, að forseti taki málið út af dagskrá og gefi mönnum tóm til að íhuga þá brtt., sem fram er komin. Það sjá auðvitað allir, að það er engin von til þess, að þetta mál verði að lögum fyrir 31. marz. Það er ekki hægt að gera það að lögum fyrir þann tíma, enda gerir það minnst til.

**Forseti (SB):** Ég vil af tilefni þeirrar óskar, sem fram hefur komið um að fresta málinu, segja það, að ég varð við þeirri ósk hæstv. fjmrh. í gær að fresta 3. umr. um málið þar til í dag. Þar sem ég hef heitið flutningsmönnum frv. því að ljúka 3. umr. um það í dag, treysti ég mér ekki til þess að verða við ósk hæstv. fjmrh. nú að fresta umr. um það í dag.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Hér hafa nú verið fluttar nokkrar brtt. við þetta frv. frá því, sem áður hafði verið fram komið, eða síðast þegar þetta mál var til umr. Ég vildi fara örfáum orðum um þessar brtt. og afstöðu mína til þeirra.

Þær brtt., sem eru á þskj. 563 og fluttar af minni hl. allshn. og hv. 1. þm. Árn. hefur hér gert grein fyrir, gera ráð fyrir þeirri meginbreytingu á frv. frá því, sem það er nú, að niður verði felld sú heimild, að bæjar- og sveitarfélög geti tekið rekstur trygginganna í eigin hendur. Hér áður í umr. hafði ég lýst því yfir, að mín skoðun væri sú, að ósk bæjar- og sveitarfélaga utan Reykjavíkur miðaðist fyrst og fremst við það, að þau fengju rétt til þess eins og Reykjavík hefur nú að bjóða tryggingarnar út og eiga þar með kost á því að taka lægstu fáanleg tilboð í tryggingarnar. Út af fyrir sig raskar því þessi till. ekki á neinn hátt því, sem ég tel mestu máli skipta fyrir bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur. Ég hef ekki trú á því, að þau mundu í framkvæmdinni ætla sér að taka upp rekstur trygginganna, heldur fyrst og fremst nota sér hitt ákvæðið um heimild um það að gera útboð. En það virðist hins vegar vera, að þetta muni skipta Reykjavíkurbæ talsvert verulegu máli, því að það er einmitt þetta, sem bæjarstjórnin í Rvík er að fara fram á Rvík til handa, til viðbótar við það, að hún hefur haft frjálsræði til þess að bjóða út sínar tryggingar, að hún megi nú framvegis einnig taka að sér rekstur trygginganna. Vegna þess að mér sýnist, að það sé mjög hæpið, að hægt sé að tryggja framgang þessa máls með því að neita Reykjavíkurbæ um það, sem hann hér óskar eftir, að fá aðstöðu til þess að reka sjálfur sínar tryggingar, þá treysti ég mér ekki til þess að styðja þessa brtt., eingöngu á þeim forsendum.

Önnur ákvæði, sem fram koma í brtt. á þskj. 563, leiðir í öllum meginatriðum af þessari breytingu, sem ég var að lýsa núna.

Ég skal játa það, að ég hef ekki fyllilega gert mér grein fyrir þeirri brtt., sem hv. 3 þm. Reykv. hefur flutt hér skriflega, og ég mundi fyrir mitt leyti styðja þá ósk, sem hér hefur fram komið, að það yrði veittur einhver frestur til þess að hugleiða þá brtt., áður en atkvgr. fer fram um hana. Ég sé ekki, að það væri þörf á því að veita þann frest ýkja langan, þannig að það þyrfti ekki að setja þetta mál í neina hættu þess vegna, en hins vegar finnst mér full ástæða til þess, að þm. fái að virða þá brtt. betur fyrir sér en þeir hafa átt kost á hingað til.

Ég lít þannig á þetta mál, eins og ég hef lýst hér áður, að aðalatriðið eða það, sem ég vil leggja mesta áherzlu á, er sá réttur, sem eðlilegt er að bæjar- og sveitarfélög utan Rvíkur fái, það er rétturinn til þess, að þau megi bjóða út sínar vátryggingar á hliðstæðan hátt og Rvík hefur

haft. Till. um það efni hefur nú verið samþ. inn í frv., og þannig lítur frv. út nú. Hér hefur enginn hv. þm. raunverulega mótmælt því, að réttmætt væri, að bæjar- og sveitarfélög utan Rvíkur fengju þessi réttindi, en hins vegar hafa nokkrir hv. þm. komið með vissar afsakanir í sambandi við afgreiðslu málsins og ýmist bent á það, að það væri óæskilegt að blanda þessari beiðni bæjar- og sveitarfélaga utan Rvíkur saman við það frv., sem hér liggur fyrir, og nokkrir hafa jafnvel hallazt að því ráði að flytja þáltill. um málið og vilja setja þetta í sérstaka athugun. Ég segi það, að ég sé enga ástæðu til þess að fresta ákvörðun um að veita bæjar- og sveitarfélögum utan Rvíkur sama rétt og Rvík hefur haft í mörg ár. Margir kaupstaðir landsins hafa gert samþykktir um að óska eftir þessu frjálsræði, og mörg erindi hafa borizt til Alþingis í þessa átt.

Mér er sagt, að bæjarstjórnin á Siglufirði hafi gert samþykkt um þetta efni, bæjarstjórnin á Ísafirði; ég veit um Neskaupstað. Hér liggur enn fremur fyrir, sem mér er kunnugt um, undirskriftarskjal frá öllum húseigendum á Eskifirði, þar sem þeir óska eindregið eftir því, að þeim verði heimilaður sá réttur, sem Reykjavík hefur, að bjóða út sínar brunatryggingar. Sömuleiðis mun bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hafa gert samþykkt um þetta mál, og auk þess má svo benda á það, að slíkar samþykktir og áskoranir frá bæjar- og sveitarfélögum úti á landi hafa komið hingað til Alþingis á mörgum undanförnum árum og verið hér nokkuð til umr. á Alþingi. Ég vil því benda þeim hv. þm., sem m. a. flytja nú þáltill. um, að þetta mál skuli setja í nefnd og þar athugað, á það, að það getur ekki orðið fullnægjandi afsökun fyrir þá gagnvart sínum umbjóðendum heima fyrir, þegar þetta mál er hér raunverulega á dagskrá og hefur verið samþ. hér inn í frv., sem liggur fyrir á Alþingi, að verða við óskum þeirra í þessu efni. Það getur ekki orðið fullnægjandi afsökun fyrir þá að óska nú eftir því, að málið verði sett í nefnd, sennilega til langvarandi athugunar, til athugunar, sem á að fara fram, eins og þar segir, í samráði við allar bæjarstjórnir landsins og allar sýslunefndir landsins, en slík athugun mundi án efa taka alllangan tíma.

Það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, að þau brunatryggingarkjör, sem bæjar- og sveitarfélög úti á landi eiga við að búa, eru nú orðin þannig, að iðgjöld þeirra flestra eru um það bil fimm sinnum hærri en þau iðgjöld eru á samsvarandi húseignum, sem Rvík á nú kost á í dag. Hér er sem sagt farið að skakka svo gífurlega miklu, að það er engin von til þess, að fulltrúar þessara staða uni við það lengur, að þetta haldist í því formi, sem það hefur verið.

Ég vil líka benda á þessum hv. þm., sem nokkuð hafa hikað hér við afgreiðslu þessa máls núna í sambandi við þetta atriði, að það er með öllu ástæðulaust að tala um það, að með afgreiðslu málsins á þann hátt, sem það liggur nú fyrir, sé verið að rjúfa það tryggingarkerfi Brunabótafélags Íslands, sem gilt hefur á undanförnum árum, og í rauninni verið að leggja Brunabótafélag Íslands niður. Þetta er fullyrðing, sem engin ástæða er að halda fram. Brunabótafélag Íslands hefur vitanlega jafnan rétt til þess á við önnur tryggingarfélög í landinu að gera tilboð í brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga, eftir að þetta frv. yrði orðið að lögum. Og ég vil benda á það, að Brunabótafélag Íslands er allgamalt félag og talsvert öflugt félag, hefur þar að auki á bak við sig ríkið sem eiganda, mun vera orðið allfjársterkt félag og hefur hagnazt m. a. á undanförnum árum allálitlega, og hví skyldi það ekki geta gert tilsvarandi tilboð í vátryggingar sveitarfélaganna eins og hin frjálsu tryggingarfélög? Það er engin ástæða að ætlast til þess, að með þessu yrði Brunabótafélag Íslands lagt niður.

Ég vil líka benda þessum hv. þingmönnum á það, að ekki kemur þeim það til hugar í sambandi við afgreiðslu þessa máls að flytja hér þáltill. um, að brunatryggingarmálin í Reykjavík skuli sett í nefnd og þau athuguð og það m. a. athugað, hvort rétt er að fara inn á þá braut í tryggingarmálum höfuðborgarinnar, sem hún óskar eftir. Þáltill. er ekki flutt um það. Þar þykir sjálfsagt að verða við óskum Rvíkur um það, að hún fái allmiklu meiri réttindi en hún hefur haft fram að þessu, þó að hún hafi óumdeilanlega haft miklum mun meiri réttindi í þessum efnum en allir aðrir kaupstaðir landsins hafa haft og sveitarfélög.

Ég lít á þetta mál þannig, að hér sé um kröfu bæjar- og sveitarfélaga utan Rvíkur til jafnréttis við Rvík að ræða. Þetta er eitt af þeim málum, sem komið hafa hér fyrir Alþingi, þar sem fólkið úti á landi óskar eftir því að eiga kost á sömu réttindum og fólkið hér í Rvík, og eins og ég hef bent á áður, þá er ekki einu sinni í þessu tilfelli verið að fara fram á það, að neitt sé af Reykvíkingum tekið. Hér er ekki verið að fara fram á neina verðjöfnun. Hér er ekki verið að fara fram á það, að þau tryggingarumdæmi úti á landi, sem til yrðu með samþykkt frv., eigi að búa við sama tryggingariðgjald og Rvík. Ef Rvík hefur betri brunavarnir en aðrir staðir á landinu, ef hennar aðstaða er betri en annarra bæja, þá vitanlega nýtur hún betri tryggingarkjara. Iðgjöldin verða hér lægri. Við, sem að þessari till. stöndum, erum ekki að óska eftir því, að iðgjöldin verði gerð jöfn um allt land, heldur aðeins þetta, að bæjar- og sveitarfélögin úti á landi fái þann rétt, sem Rvík hefur haft til þess að bjóða út sínar brunatryggingar; ekkert annað. Ég skildi ummæli í lok ræðu hv. 2. þm. Eyf., sem er 1. flm. að þáltill. þeirri, sem ég hef nokkuð minnzt á, þannig, að hann mundi nú og þeir flokksbræður hans styðja frv. eins og það liggur nú fyrir. Ég vona, að þessi skilningur minn sé réttur, því að ég efast í rauninni ekki um, að hann er á þeirri skoðun, að hér sé um réttlætismál byggðarlaganna úti á landi að ræða. (Gripið fram í.) Já, hann sagði, að það væri af því, að félmrh. væri ekki á móti því. Í rauninni skiptir það mig ekki miklu máli, hvaða forsendur eru fyrir því hjá honum, en ég þykist alveg vera fullviss um það, að hann þekkir það vel til óska sinna umbjóðenda, að hann vill ógjarnan ganga á móti vilja þeirra í þessu efni, og ég vona, að þessi yfirlýsing hans þýði það í raun og veru, að hann og meðflm. hans að þáltill. ætli nú að standa um frv. eins og það liggur hér fyrir og sjá m. a. um

það, að bæjar- og sveitarfélög úti á landi fái þann rétt, sem Rvík hefur haft í sambandi við útboð brunatrygginga.

Ég verð svo að segja það, að mér þykir þar nokkuð skorta á í sambandi við framgang þessa máls, að 1. flm. þessa frv. um brunatryggingarnar í Rvík, borgarstjórinn í Rvík, sem hér hefur nokkrum sinnum talað í sambandi við þetta mál, vildi ekki í gærdag í sambandi við atkvgr. um málið verða við óskum bæjar- og sveitarfélaga úti á landi um það að veita þeim hliðstæðan rétt og hann óskar nú eftir f. h. Rvíkur. Og þó að hann hafi ekki hér í ræðum sínum mælt á neinn hátt gegn því, að hér væri um réttlætismál að ræða, þá hef ég ekki heldur enn getað fundið í ræðum hans hér, að hann vildi standa með þessum óskum byggðarlaganna úti á landi. Mér sýnist, að full ástæða væri til þess fyrir hann, sem nú leggur mikið kapp á það, að þetta mál nái fram að ganga og að Rvík fái þau réttindi, sem hún óskar eftir, að hann beinlínis lýsti því hér yfir, að hann vildi, um leið og hann fer fram á þetta, verða við óskum byggðarlaganna úti á landi og tryggja þar með framgang málsins í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir. Með því fær hann allt það, sem hann hefur óskað eftir og telur að máli skipti fyrir Rvík, en neitar þó ekki öðrum um sama rétt.

Ég skal svo ekki á þessu stigi heyja frekari umr. um málið, en tek undir þau ummæli, sem hér hafa komið fram um það, að rétt væri að leyfa þm. nokkra athugun á þeirri skriflegu brtt., sem hér hefur komið fram um málið, áður en a. m. k. atkvgr. fer fram um þá till.

**Skúli Guðmundsson:** Það eru aðeins nokkrar athugasemdir út af ummælum hv. 7. þm. Reykv. áðan. Hann sagði, að lögum þeim, sem nú gilda, þyrfti að breyta, til þess að hægt væri að taka einhverju af þeim tilboðum, sem nú liggja fyrir um brunatryggingarnar í Rvík. Ég er ekki viss um, að þetta sé nú rétt hjá hv. þm. Að vísu þykist ég sjá það af útboði bæjarstjórnar, að það muni hafa verið í samningum eitthvað um, hvað tryggingarfélag mætti reikna sér háan rekstrarkostnað, og gert ráð fyrir að lækka þann hundraðshluta um helming, en ekki þykir mér ósennilegt, að bæjarstjórn gæti nú komizt að samkomulagi um það atriði — það er ekki það stórvægilegt í sambandi við málið til þess að geta tekið hagstæðasta tilboðinu án þess að fá fram lagabreytingu. Mér þykir ólíklegt annað en það væri hægt.

Ekki hafði hv. 7. þm. Reykv. að öllu leyti rétt eftir það, sem ég sagði í minni ræðu. Hann hefur það eftir mér, að ég hafi sagt, að hér hafi verið framið lögbrot í sambandi við þennan ágóðahluta, sem bærinn hefur tekið til sín. Ekki voru það mín orð, en ég sagði, að ég sæi ekki neina heimild til þess í lögunum um brunatryggingar í Rvík að taka hagnað í sambandi við þetta í bæjarsjóð Rvíkur. Ég sagði enn fremur, að mér þætti fróðlegt að vita, hvort slík heimild væri einhvers staðar annars staðar í lögum.

Ég varð satt að segja fyrir nokkrum vonbrigðum, þegar hv. 7. þm. Reykv. talaði hér áðan, að hann benti ekki á neinn lagastaf um þetta efni, og hljóta þá að vakna grunsemdir um það, að slík heimild finnist ekki í lögum. Hann segir að vísu, að þetta fyrirkomulag hafi staðið lengi, og mig minnir, að hann væri jafnvel að tala um, að ráðh. hafi samþykkt einhverja reglu um þetta. Nú veit þessi hv. þm. það auðvitað ekki síður en ég, að lög eru nú æðri en einhverjar samþykktir bæjarstjórna, jafnvel þó að þær séu uppáskrifaðar af ráðherra. Ekki fæ ég heldur séð, að þetta sé neitt betra, þetta tiltæki, ef það er ólöglegt, þó að það hafi staðið lengi. Ég held, að það væri þá sýnu lakara, ef það hefur staðið mjög langan tíma, heldur en ef þetta hefði nýlega verið upp tekið. Ég, eins og ég sagði áður, hélt því ekki fram, að þetta væri lögbrot, en ég hef ekki getað séð í lögum heimild til að taka þennan hagnað fyrir bæinn, og ég skal ekkert um það segja, hvernig það færi, ef einhver húseigandi hér færi að gera kröfu til þess að fá sinn hluta af þessum sjóði, sem þarna hefur verið myndaður í sambandi við tryggingarnar.

Hv. 7. þm. Reykv. fór að gera samanburð á tryggingariðgjaldi fyrir brunatryggingar húsa og innanstokksmuna og lausafjár, en þetta er nú að ýmsu leyti ólíkt og ekki gott að bera saman.

**Frsm. meiri hl. (Björn Ólafsson):** Herra forseti. Vegna þess að ég sé, að till. þá, sem ég lagði hér fram áðan, muni eiga að nota til þess að tefja málið hér í deildinni, þá hef ég ákveðið að taka till. aftur, og mun hún verða lögð fram við umr. í Ed.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru fáein orð út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan. Hann skar þykkar sneiðar og útdeildi á báða bóga, einkum þó framsóknarmönnum, í sambandi við þetta mál, og það gefur mér tilefni til þess að segja fáein orð.

Ég hef ekki skilið, hvaða nauður rekur til þess að breyta lögunum um brunatryggingar í Rvík. Mér skilst, að bæjarstjórnin hafi eftir núgildandi lögum alveg fulla og óskoraða heimild til þess að bjóða út tryggingarnar í Rvík og semja við þann, sem bezt býður. Hvað er áfátt við þessa löggjöf? Hvað er það, sem gerir að verkum, að það þykir nú allt í einu svo nauðsynlegt að knýja fram nýja löggjöf um brunatryggingar í Rvík? Ég hef ekki heyrt neina frambærilega ástæðu borna fram fyrir því. Er það ekki nóg fyrir bæjarfélagið að hafa óskoraða heimild til þess að bjóða út tryggingarnar fyrir íbúana og geta frjálst tekið lægsta og bezta tilboðinu fyrir bæjarmenn? Hvað er það, sem skortir? Hvað vantar á? Ég held því þess vegna alveg hiklaust fram, að það sé eitthvað annað en umhyggja fyrir Revkvíkingum, sem gerir það að verkum, að lagt er slíkt ofurkapp á að fá brevtt lögunum um brunatryggingar í Rvík í það horf, sem hér er gert ráð fyrir, og ég vil láta þá skoðun mína alveg eindregið í ljós í tilefni af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan.

Hver getur verið tilgangurinn með þessu frv.? Frv. er um það, að í stað þess, að bærinn hefur nú óskoraða heimild til þess að bjóða tryggingarnar út og semja við þann, sem bezt býður, þá skuli heimilað, að bærinn taki að einhverju leyti

tryggingarnar í eigin hendur. Dettur mönnum í hug, að þetta sé gert til þess, að Reykvíkingar geti fengið lægri tryggingariðgjöld eða betri tryggingarkjör? Dettur yfirleitt nokkrum í hug, að það muni vera hægt að fá betri kjör með því, að bærinn færi að taka þarna hluta af áhættunni, heldur en með hinu mótinu? Ég held ekki. Hér er á hinn bóginn á ferðinni tilraun af hendi bæjarstjórnarmeirihlutans til þess að sölsa til sín í bæjarsjóð eða til afnota fyrir þá, sem stýra fjárhagsmálum bæjarins, eitthvað af því, sem bæjarbúar ættu að fá í lækkuðum iðgjöldum. Ég sé enga ástæðu til þess að stuðla að slíku. Það er hvort tveggja, að ég hef ekki neina sérstaka trú á bæjarrekstri á tryggingum né ríkisrekstri á tryggingum, og svo líka hitt, að ég sé enga ástæðu til þess, að bæjarstjórnin í Rvík fái heimild til þess að skattleggja íbúa Rvíkur í gegnum tryggingarnar með því að halda fyrir þeim iðgjaldalækkunum, sem þeir eiga með réttu að fá, en það er þetta tvennt, sem um er að ræða í þessari nýju lagasetningu.

Það er sannarlega farin að færast skörin upp í bekkinn, þegar sá flokkur í landinu, sem telur sig byggja á einstaklingsrekstri og frjálsri samkeppni, fer að beita sér fyrir lagasetningu eins og þessari, lagasetningu, sem fjallar um það eitt, að bæjarsjóður eða bærinn geti tekið í sínar hendur þennan rekstur að einhverju eða öllu leyti. Ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því, eins og ég sagði áðan, að það sé hin veikasta von til þess, að hægt væri að fá betri kjör fyrir Reykvíkinga með slíku móti. Hitt er annað mál, að með þessu móti mætti kannske takast fyrir bæjarsjóðinn og þá, sem honum stýra, að ná til sín einhverjum fjármunum, sem með réttu lagi ættu að renna til almennings, eins og ég gat um áðan.

Ég sé svo að vísu, að það er önnur ástæða líka í þessu máli. Það er verið að finna einhverjar leiðir til þess að þurfa ekki að semja við Samvinnutryggingar. Ástæðurnar fyrir lagasetningunni eru tvær sýnilega: Annars vegar að sölsa til bæjarsjóðs nokkuð af því fé, sem íbúarnir eiga með réttu að fá í lækkuðum iðgjöldum, hins vegar að komast hjá því að semja við Samvinnutryggingar, þótt þær bjóði beztu kjörin. Þegar svona mikið liggur við, þá er ekki verið að horfa í prinsípin eða horfa í það, þó að sjálfstæðismenn, bæði í bæjarstjórn og á þingi, verði að kasta fyrir borð stefnu sinni, enda eru þeir ekki óvanir því.

Ég vildi láta þessi orð falla, þar sem hv. 7. þm. Reykv. leyfði sér að tala um umhyggju fyrir Reykvíkingum í sambandi við þetta mál.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Þegar þetta mál var hér fyrst lagt fram, þá fjallaði það eingöngu um brunatryggingar í Rvík, og efni frv. var í stuttu máli það í aðalatriðum að heimila Reykjavíkurbæ að taka í sínar hendur nokkurn hluta þessarar starfsemi, fyrst og fremst það, sem þeir kalla í grg. rekstur brunatrygginganna inn á við. þ. e. að annast útreikning og innheimtu iðgjalda, bókhald, sjá um breytingar á brunabótaverði húsa og ýmislegt þess háttar, og enn fremur voru í frv. þessu, sem hér er lagt fram, ákvæði, sem heimiluðu bæjarsjóði Rvíkur að taka á sig nokkurn hluta áhættunnar, ef svo vildi verkast, og endurtryggja þannig ekki nema nokkurn hluta þess, sem iðgjaldagreiðendur eða fasteignaeigendur í bænum tryggðu.

Við þetta hafði ég ekkert að athuga. Mér finnst það eðlilegt, að Reykjavíkurbær fái þessa heimild. Hann hefur að ýmsu leyti sérstöðu gagnvart öðrum bæjum á landinu, og hann hefur haft sérstöðu að því er snertir tryggingarnar, þar sem hann hingað til einn allra bæja hefur verið laus undan skyldutryggingu Brunabótafélags Íslands.

Við 2. umr. er svo samþ. brtt. frá hv. 11. landsk. þm. og hv. 9. landsk. þm., sem fer í allt aðra átt, sem fer inn á að losa bæjarfélögin og sveitarfélögin á landinu undan þeirri skyldutryggingu, sem þau hafa átt við að búa hjá Brunabótafélagi Íslands. Þetta er allt annað mál og hinu svo gersamlega óviðkomandi, að jafnvel fyndist mér, að um þetta þyrfti tvenns konar lagasetningu. En rökin fyrir þessari brtt. hv. 11. og 9. landsk. þm. eru þau, að kvartanir hafi borizt frá ýmsum bæjar- og sveitarfélögum víðs vegar um landið undan of háum og að þeirra dómi óeðlilega háum iðgjöldum hjá Brunabótafélagi Íslands. Það er að vísu rétt, að iðgjöld á fasteignum bæjar- og sveitarfélaga víða úti um land eru miklu hærri en brunabótaiðgjöldin eru í Rvík. En það hefur vissulega sínar orsakir. Það er vegna þess, að áhættan, sem tryggingunni fylgir, er víða miklu meiri í bæjarfélögunum úti um land heldur en hún er hér í Reykjavík með þeim fullkomnu slökkvitækjum og brunavörnum, sem hér eru til. Leiðin til þess að lækka brunabótaiðgjaldið úti á landi er vissulega ekki einasta sú að segja upp þeirri skyldu, sem Brunabótafélag Íslands hefur þarna til tryggingar, heldur að fá endurbætt brunavarnir og slökkvitæki þau, sem á stöðunum eru. Sú leið hefur verið farin, þar sem ég þekki til. Þar hefur ekki verið krafizt neinnar uppsagnar hjá Brunabótafélagi Íslands, heldur hefur verið farin samningaleið við Brunabótafélag Íslands um endurskipulagningu á slökkvitækjum og brunavörnum kaupstaðarins og með þeim árangri, að þar hefur verið komizt niður í svo að segja sömu iðgjöld í a. m. k. sumum húsaflokkum eins og nú gilda í Rvík. En til þess að ná þessum úrbótum fram þarf vissulega fé, mikið fé oft og tíðum, og það fé hefur Brunabótafélag Íslands í mörgum tilfellum útvegað og gert bæjarfélögunum kleift að endurbæta sín slökkvitæki og sín brunavarnakerfi til þess að komast niður með iðgjöldin í sambærilegar upphæðir og nú gilda í Rvík.

Það liggur engin trygging fyrir í augnablikinu um, að þó að skyldutryggingin hjá Brunabótafélaginu verði afnumin, þá lækki brunabótaiðgjöldin úti á landsbyggðinni. Mér þætti gaman, ef hv. 11. landsk. þm. gæti sannfært mig um það, að uppsögnin hjá Brunabótafélaginu þýddi, að iðgjöldin að öllu óbreyttu mundu lækka. Iðgjöldin lækka ekki af þessum sökum, heldur mætti segja mér, að sumt benti til þess, að þau mundu hækka, því að vitanlega hefur eitt félag, sem hefur allar tryggingarnar á sömu hendi, meiri möguleika til að halda tryggingunni niðri heldur en þegar mörg félög keppa um trygg-

inguna og fá kannske hvert þeirra ekki nema ⅛ hluta hennar. Nei, ég tel, að þetta sé ekki leiðin. Leiðin er sú, að kaupstaðir og kauptún úti á landinu útvegi sér fé, sem þau telja sig þurfa, til þess að koma brunavörnum sínum í það horf, að það gefi möguleika til iðgjaldalækkunarinnar. Þetta hefur verið gert í einstaka tilfellum og hefur gefizt vel, svo vel, eins og ég sagði, að í þeim tryggingarflokknum, a. m. k. á þeim stað, þar sem ég þekki bezt til, sem tekur yfir fullkomlega vel byggð hús úr steinsteypu, með steinloftum, eru iðgjöldin komin niður í eða niður fyrir það, sem gildir í Reykjavík.

Það hefur komið fram hér till. frá hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Dal. á þskj. 532, þar sem gert var ráð fyrir, að húseigendum í Rvík væri heimilað hverjum og einum út af fyrir sig að tryggja sínar húseignir þar, sem þá langaði til að tryggja, eða þar, sem þeir héldu sínum hag bezt komið með því að tryggja. Þessa till. vildi hv. 11. landsk. þm. ekki samþ. í gær, ef ég man rétt. Vegna hvers? Ég geri ráð fyrir því, að hann telji eins og ég, að sameiginlegt útboð trygginganna í einu lagi gefi heildinni, fasteignaeigendunum í heild, betri möguleika til að ná heildarsamningum heldur en þegar hver og einn vátryggir fyrir sig og tryggingin skiptist á margar hendur með þá margfaldri „administration“ og margföldum kostnaði á við það, sem hún þyrfti að vera, ef hún væri á einni hendi. Nákvæmlega sama tel ég vera, ef bæirnir allir og sveitarfélögin kringum land tryggja í einu lagi og semja sameiginlega við eitt félag, eins og þau gera núna, Brunabótafélag Íslands, í staðinn fyrir það, að það ætti að skipta þeim niður á fimm eða sex eða jafnvel fleiri tryggingarfélög, sem hver þyrftu að hafa svo sína umboðsmenn og sína innheimtu í öllum kaupstöðum og sveitarfélögum landsins.

Það má segja kannske, að það sé þýðingarlítið að ræða þetta nú, þar sem búið er að samþykkja till. hv. 11. landsk. og hv. 9. landsk. þm., sem fjallaði um þetta, í gær, en ég vildi ekki láta hjá líða, að þetta sjónarmið mitt kæmi fram, vegna þess að ég tók eftir því, að hv. 11. landsk. sagði áðan, að hér hefðu engin mótmæli komið fram gegn þeirri skoðun, sem hann hefur haldið fram í þessu máli. Ég vil bara undirstrika það, að ég er á allt annarri skoðun, tel hans till. ótrygga, illa undirbúna og engar líkur til þess, að hún gefi iðgjaldagreiðendum í kaupstöðunum neitt betri kjör heldur en þeir hafa nú í sambandi við skyldutrygginguna í Brunabótafélagi Íslands.

Um afstöðu mína til þessa frv., eins og það liggur fyrir nú, vil ég þess vegna segja það, að ég er með því, að Reykjavíkurbæ verði heimilað að taka þátt í tryggingunum, eins og lagt var til í frv. eins og það lá fyrir í upphafi. Ég er andvígur þeirri breytingu, sem hér var samþ. við 2. umr. í gær, en ég mun sennilega greiða atkv. með frv. þó, eins og það liggur fyrir, af því að ég tel, að Reykjavík þurfi og megi gjarnan fá það samþ., sem að henni snýr, í trausti þess, að það, sem hér hefur verið aflagað, verði á síðara stigi í meðferð málsins lagað.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það voru nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 5. landsk. þm. Hann taldi, að í nokkurt óefni væri stefnt með þeirri till., sem ég hafði flutt hér ásamt hv. 9. landsk. um að veita bæjum utan Reykjavíkur jafnan rétt til útboðs á tryggingum eins og Reykjavík hefur haft, og er þó þessi hv. þm. fulltrúi eins slíks bæjarfélags. Ég verð að segja það, að þessi afstaða hans kemur mér ákaflega undarlega fyrir sjónir, ekki síður en það, sem hann sagði um þessi efni, þegar hann tók þau hér til umræðu. Hann minntist í upphafi síns máls á það, að Reykjavík hefði nokkra sérstöðu í brunatryggingarmálum og hefði alltaf haft. Þetta hafa að vísu fleiri ræðumenn sagt hér, en hins vegar hefur jafnan verið horfið frá því að veita frekari skýringu á því, í hverju þessi sérstaða Reykjavíkur liggur. Ég hef ekki getað heyrt það, að nokkur þm. hafi bent á það, að neitt væri í raun og veru því til fyrirstöðu, að aðrir kaupstaðir landsins gætu gert útboð á sínum tryggingum, ef þeir hefðu lagalega heimild til þess, og að þeir mundu geta fengið sæmileg tilboð frá tryggingarfélögunum. Og ótrúlegt er, það vil ég segja, að Brunabótafélag Íslands falli úr sögunni og brotni niður og þurfi að hætta sinni starfsemi, ef það býður svo bæjarfélögunum á eftir eins góð tryggingarkjör eða jafnvel betri, eins og þessi hv. þm. vildi vera láta, þó að bæjar- og sveitarfélögin fái nú rétt til þess að bjóða út sínar tryggingar og leita eftir því, hvort annars staðar er hægt að fá betri kjör en hjá Brunabótafélagi Íslands. Ég hygg, að einmitt þetta atriði sýni það einna bezt, að þeir, sem af einhverjum sérstökum ástæðum er sérstaklega annt um Brunabótafélag Íslands og í raun-inni jafnvel enn þá annara um Brunabótafélagið heldur en nokkurn tíma sína umbjóðendur, — að þeir einmitt óttast það, að bæjarfélögin fái rétt til þess að bjóða út brunatryggingar sínar og eigi kost á því að taka lægstu tilboðum, að þeir óttast það að veita þeim þessi réttindi, einmitt með það í huga, að þá geti Brunabótafélag Íslands ekki haldið tryggingunum áfram. Einmitt þessi afstaða sannar það, að þeir reikna fyllilega með því, að Brunabótafélagið muni ekki bjóða á frjálsum grundvelli jafngóð kjör og önnur tryggingarfélög mundu bjóða.

Þessi hv. þm. sagði, að orsakirnar til hærri brunaiðgjalda bæjar- og sveitarfélaga heldur en iðgjöldin hafa verið hér í Reykjavík lægju auðvitað fyrst og fremst í því, að hér væri um betri brunavarnir að ræða heldur en annars staðar á landinu, og þetta væri því ofur skiljanlegur hlutur, og bæjar- og sveitarfélögin úti á landi, sem ættu þarna við lakari aðstöðu að búa, gætu þar af leiðandi aldrei fengið þessi góðu kjör, sem Reykjavík getur fengið, sem hefur miklu betri brunavarnir. Í þessu efni hefði ég gaman af að spyrja hv. þm. um það, hvernig hann vill rökstyðja það, að brunaiðgjöldin í Kópavogshreppi, hérna í nærsvæði við Reykjavík, þar sem brunavarnirnar í Reykjavík eru gildandi og gilda, eru fimm sinnum hærri, þar eru iðgjöld Brunabótafélagsins nú fimm sinnum hærri en fyrirliggjandi tilboð í Reykjavík nema. Ekki er þar því til að dreifa, að brunavarnirnar séu eitt-

hvað lakari en hér í Reykjavík, heldur kemur fram í þessu dæmi, sem í rauninni allir vissu, að Brunabótafélagið tekur þarna miklum mun hærri iðgjöld af húseigendum í Kópavogshreppi heldur en þeir húseigendur gætu fengið, ef þeir ættu kost á því að bjóða út sínar brunatryggingar.

Hv. 5. landsk. þm. vitnaði í þann stað, þar sem hann þekkti bezt til um tryggingariðgjöld, og ég tel alveg víst, að þar eigi hann við Hafnarfjarðarkaupstað, og þar hefði, eftir því sem orð hans lágu til, verið hægt að ná mikið til sömu iðgjöldum hjá Brunabótafélagi Íslands eins og Reykjavík hefði haft með sínum frjálsu útboðum. Ég hafði hér áður í umr. lesið upp skýrslu, sem ég hef aflað mér, um iðgjaldagreiðslur af húsum í Hafnarfirði ásamt mörgum öðrum kaupstöðum landsins og um þau iðgjöld, sem nú eru boðin fram til handa húseigendum í Reykjavík. Af algengustu íbúðarhúsunum, sem eru steinhús með innréttingu, en þau eru alveg yfirgnæfandi, eru iðgjöldin í Reykjavík eftir hinu nýja útboði 0.37‰, en í Hafnarfjarðarkaupstað 1.50‰. Er þetta rangt? Mér var gefið þetta upp, að iðgjöldin í Hafnarfirði eru fyllilega fjórum sinnum hærri en þau iðgjöld, sem húseigendur í Reykjavík eiga kost á. Mér sýnist því, að upplýsingar hv. þm. einmitt um brunatryggingariðgjöldin á þeim stað, þar sem hann þekkir bezt til, séu heldur einkennilegar og stangist mjög við staðreyndirnar.

Hv. þm. nefndi það, að í einstaka flokkum húsa munar ekki ýkja miklu. Það er rétt, að það eru til flokkar húsa, þar sem þetta munar ekki verulega miklu miðað við þau iðgjöld, sem á undanförnum árum hafa verið í Reykjavík, einkum í einum flokki húsa, sem er í rauninni afar áhrifalitill í þessu efni, en það eru hús, sem eru einvörðungu byggð úr steini og engu öðru efni. En í þennan flokk er mér sagt að sárafá íbúðarhús komi. Þar voru iðgjöldin í Reykjavík 0.56‰, en í Hafnarfirði 0.60‰. Þar munaði tiltölulega litlu. En eftir því tilboði, sem nú liggur fyrir um Reykjavík, þá yrðu iðgjöldin í þessum flokki líka 0.30‰, eða nákvæmlega helmingi lægri en þau eru hjá Brunabótafélaginu í Hafnarfirði. Á þessu og öðrum upplýsingum, sem hér hafa komið fram í þessu máli, er það sjáanlegt hverjum manni, sem vill þetta sjá, að brunaiðgjöldin í kaupstöðum og kauptúnum úti á landi eru ekki í neinu samræmi við það, sem orðið er nú í Reykjavík. Yfirleitt munar þetta þannig, að iðgjöldin í kaupstöðum úti á landi eru um fimm sinnum hærri en þau verða hér í Reykjavík eftir því tilboði, sem nú liggur fyrir.

Hv. þm. benti á það, að hin rétta leið væri ekki sú að samþ. frv. í þeim búningi, sem það liggur hér fyrir nú, heldur væri hitt hagkvæmari leið fyrir bæjar- og sveitarfélög úti á landi, að snúa sér til Brunabótafélagsins og semja við það, að manni skildist, um lántöku í því skyni, að hægt yrði að bæta nokkuð úr brunavörnum á þessum stöðum. En ég býst við því, að þessi hv. þm. geri sér það ljóst, að þó að gott sé nú að fá lán til framkvæmda, þá skiptir hitt þó miklu meira máli, ef maður borgar meira en sem lántökunni nemur í mismun á iðgjöldum jafnvel á hverju ári, eins og dæmi munu vera til um nú. Og það er þessi aukagreiðsla til Brunabótafélagsins fram yfir það, sem fullar ástæður er til þess að búast við að hægt yrði að fá með frjálsu útboði, sem ég fyrir mitt leyti vil ekki una við að skylda bæjar- og sveitarfélög úti á landi til þess að standa undir.

Síðast benti þessi hv. þm. á það, að eins og ég hefði hér við fyrri afgreiðslu þessa máls verið á móti þeirri till., sem hér kom fram frá framsóknarmönnum um það að gefa tryggingarnar algerlega frjálsar, þannig að hver einstakur húseigandi gæti tryggt þar, sem hann vildi brunatryggja sín hús, vegna þess að ég mundi hafa verið á þeirri skoðun, að hagkvæmara væri að bjóða út allar hústryggingar í sama kaupstað á einni hendi, svo að þannig yrði hægt að fá hin hagstæðustu tryggingarkjör, eins ætti ég líka að draga þá ályktun af brunatryggingunum almennt, að hagstæðara væri fyrir öll bæjar- og sveitarfélög landsins að vera í einu og sama tryggingarfélagi með sínar tryggingar, því að þannig mundu þau fá betri kjör en ef jafnvel hvert þeirra um sig færi að semja ýmist við þetta eða hitt vátryggingarfélagið. Þetta kann nú að líta svona út við fyrstu athugun. En hver sá, sem athugar þetta eitthvað nánar, sér, að hér er dæmið ekki réttilega upp sett. Bæjar- og sveitarfélögin úti á landi hafa sannarlega ekki þann rétt að koma öll í einu til Brunabótafélags Íslands og annarra tryggingarfélaga og segja: Hvaða kjör viljið þið bjóða okkur öllum í einu? — Ef þau mættu það nú í dag og gætu þar með sagt við Brunabótafélag Íslands: Ef þið ekki bjóðið okkur jafngóð kjör, okkur öllum, eins og við gætum öll náð með því að bjóða til annarra tryggingarfélaga, — þá væri dæmið rétt upp sett. En við eigum nú engan rétt til samninga við Brunabótafélag Íslands um vátryggingariðgjöldin. Það félag skattar okkur á hverjum tíma og segir: Þetta skulu ykkar iðgjöld vera. — Og þó að sá skattur sé þannig nú, að við verðum að borga fjórföld og fimmföld iðgjöld á við það, sem húseigendur í Reykjavík verða að greiða, þá verðum við að una því, vegna þess að lög binda okkur til þess. Þannig er aðstaðan.

Ég vil svo að lokum segja það í sambandi við þessa athugasemd hv. 5. landsk. þm., að ég hefði gaman af því, að hann vildi skýra þessa afstöðu sína, sem hann hefur gert litla tilraun til að skýra hér á hv. Alþingi, fyrir kjósendum sínum í Hafnarfirði, hvernig hann í rauninni vill réttlæta það að vilja lögbinda þá til þess að hlíta fjórum sinnum óhagstæðari brunatryggingarkjörum hjá Brunabótafélagi Íslands heldur en allar líkur benda til að hann gæti aflað sínum umbjóðendum þar með frjálsu útboði á tryggingunum, jafnvel þó að það þyrfti að þýða það, að Brunabótafélag Íslands missti af tryggingunum. Ég verð einnig að segja það, að ég tel það mikið vantraust hjá þessum hv. þm. á getu og aðstöðu bæjar- og sveitarfélaga úti á landi til þess að koma brunavörnum sínum í lag og til þess að geta búið eðlilega að þeim málum, hver hjá sér, að treysta því ekki, að þau geti komizt eitthvað nær því að búa að sams konar tryggingarkjörum eins og Reykjavík býr við nú eða á kost á

að búa við nú, — að halda að það þurfi alltaf að vera jafnmikið bil þarna á milli eins og nú er. Það er engin ástæða ábyggilega til þess að búast við því, enda er það löngu vitað mál og upplýst frá ýmsum tryggingarfélögum, að þau mundu bjóða niður tryggingarkjörin í kaupstöðum úti á landi til mikilla muna frá því, sem nú er, ef þau ættu kost á því að bjóða þar í tryggingarnar í einu lagi.

Með ræðu hv. 5. landsk. þm. hefur að vísu komið hér fram ein rödd, sem telur ekki eðlilegt að veita bæjar- og sveitarfélögum úti á landi þann sama rétt og Reykjavík hefur haft til þess að bjóða út sínar brunatryggingar. Það hefur að vísu komið hér fram ein rödd, sem mælir gegn þessu í sjálfu sér, en það er líka eina röddin, og ég sé ekki, að hún geti breytt miklu hér í sambandi við þær rökfærslur, sem hér hafa komið fram frá hálfu þessa þm., um afstöðu hv. þingmanna til þessa máls, því að hér er, eins og ég hef bent á áður, alveg tvímælalaust um að ræða jafnréttismál byggðarinnar úti á landi við Reykjavík. Hér er aðeins óskað eftir því að fá sömu aðstöðu og Reykjavík hefur haft. Það er ekki óskað eftir því að taka neitt af Reykjavík eða standa á neinn hátt gegn því, sem Reykjavík er að fara fram á sér til handa, heldur einvörðungu að óska eftir því að mega bjóða tryggingarnar út á frjálsum grundvelli og þar með gefa Brunabótafélagi Íslands, einu ríkasta og öflugasta tryggingarfélaginu, sem er nú starfandi hér í þessu landi, jafnan kost á því eins og öðrum tryggingarfélögum að sýna, hvað það getur, og bjóða tryggingarnar sem lægstar.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég hirði nú ekki að fara í neinar miklar deilur, hvorki við hv. 11. landsk. né aðra, út af þessu máli. Ég læt mér aðeins nægja að benda á, að mér virðist að sumu leyti, að hér standi hlutirnir skringilega á höfði, þar sem hv. 11. landsk. hefur gerzt forsvarsmaður hinnar frjálsu samkeppni, en borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 7. þm. Reykv., hefur tekið að sér hitt hlutverkið, að mæla fyrir hinum opinbera rekstri. En það er út af fyrir sig mál, sem ég vil ekki blanda mér í, enda ekki höfuðkjarninn frá mínu sjónarmiði.

Aðalkjarni málsins, sem hv. 11. landsk. gat ekki hnekkt, er það, að hann hefur ekki fært fram nokkrar minnstu líkur fyrir því, að hann mundi geta fengið lægri brunatryggingu af fasteignum í kaupstöðum og sveitarfélögum landsins, þó að skyldutryggingum Brunabótafélagsins væri sleppt. Ég hef hins vegar bent á það og skýrði frá því í ræðu minni áðan, að við í Hafnarfirði hefðum fengið með bættum brunavörnum, sem gerðar voru með aðstoð Brunabótafélags Íslands, lækkuð iðgjöldin í sumum flokkum niður í svipað og nú gilti í Reykjavík. Ég tók skýrt fram, að það var eins og nú gilti í Reykjavík. Mér var ekki kunnugt um og ég veit ekki heldur um það, hvaða tilboð um nýjar tryggingar þar hafa nú borizt, en ég sagði, og ég stend við það, að þau tryggingariðgjöld, sem við fengum á húsum, alsteyptum, sem nú er sú tegund húsa, sem mest er byggt af, eru í sama flokki eða sams konar iðgjald og í Reykjavík er greitt. Iðgjaldagreiðslurnar bæði hjá Brunabótafélagi Íslands og hjá öðrum tryggjendum hér í Reykjavík og þeim, sem annast til dæmis lausafjártryggingar, hljóta náttúrlega í eðli sínu að miðast fyrst og fremst við þá áhættu, sem tryggingarstarfseminni er samfara.

Brunavarnirnar eru í Reykjavík í fullkomnustu lagi. Það er ein sérstaða Reykjavíkur. Í öðru lagi er það sérstaða Reykjavíkur, að þar eru tryggingarupphæðirnar hæstar, dreifingin á áhættunni kannske þar af leiðandi mest og kostnaðurinn við innheimtu og afgreiðslu hlutfallslega minni en annars staðar, þar sem um minni fjárhæðir er að ræða, en kannske lítið minni vinnu við reksturinn. Allt þetta verður til þess, að það er ekki óeðlilegt, að Reykjavík geti fengið að nokkru leyti lægri brunabótaiðgjöld en aðrir kaupstaðir eða sveitarfélög geta fengið handa sínum fasteignaeigendum. Hitt er svo aftur annað mál, að ef sveitarfélögin koma sínum brunavörnum í það lag, sem þær geta bezt orðið á viðkomandi stað, með viðráðanlegum kostnaði vitaskuld, þá tel ég, að þau geti komizt svo nálægt Reykjavík með beinum samningum við Brunabótafélag Íslands, að ég tel ekki líklegt, að það fáist betri kjarasamningar með því að bjóða tryggingarnar út hverjum sem hafa vill, gefa þær frjálsar, fá kannske 5—6-faldan stjórnarkostnað á tryggingarstarfsemina og ýmislegan fleiri aukakostnað, sem gerir það að verkum, að það hlýtur að liggja í hlutarins eðli, að tryggingariðgjöldin þurfa við það að hækka.

Hv. þm. lét liggja að því, að ég bæri hag Brunabótafélagsins alveg sérstaklega fyrir augum. Það er fjarri því. Ég ber fyrst og fremst hag þeirra manna fyrir brjósti, sem eiga að fá tryggingar á sínar fasteignir, og það er mín óbifanleg skoðun, að á þennan hátt, eins og málum er skipað, verði bezt fyrir því séð. Hv. þm. skoraði á mig að ræða um þetta við kjósendur í Hafnarfirði. Ég hef gert það. Ég hef gert það margsinnis, og niðurstaðan af þeim umr. hefur orðið sú, að það hefur verið talið heppilegt að fara þá leiðina, sem ég benti á, en ekki skora á Alþ. að breyta lögunum, eins og nokkrir menn létu sér detta í hug að væri kannske eðlilegt að gera.

Hvað viðvíkur iðgjaldagreiðslunni í Kópavogshreppi, sem hv. þm. benti á að væri fjórföld á við það, sem gilti í Reykjavík, þá skal ég ekkert um það segja; ég þekki það ekki. En ég gæti ímyndað mér, að þar væri ýmislegt, sem á skorti, til þess að brunavarnirnar væru þar í því lagi, sem þær þyrftu að vera. T. d. skulum við nefna eitt aðalatriðið eins og vatnsleiðslur og annað þess háttar, sem er nauðsynjaatriði til að slökkva eld. Það er hugsanlegt, að það sé það, sem einhverju getur valdið, og eitthvað fleira, sem ég þekki ekki. En ég trúi því ekki, að ef áhættan í Kópavogi er sama eða svipuð og í Reykjavík, þá fáist ekki Brunabótafélag Íslands til að tryggja með svipuðu iðgjaldi og reynist mögulegt að gera í Reykjavík.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta frekari orðum. Ég ætlaði mér ekki að fara í neinar deilur. Ég vildi bara skýra frá minni afstöðu til málsins og hvers vegna ég tel það óheppilegt, geti jafnvel verið skaðlegt, ef að óat-

huguðu máli verður farið í það að gefa þessar tryggingar frjálsar, svo að fimm eða sex félög komi til með að hafa fimm eða sex umboðsmenn á stöðum kringum land og fimm- eða sexfaldan kostnað við innheimtu og afgreiðslu þessara mála á borð við það, sem nú er. Ég er þess vegna í prinsípinu hlynntur þeirri till., sem fram hefur komið, var útbýtt hér í gær og hv. 2. þm. Eyf. lýsti hér áðan, að þessi mál verði athuguð, en að það verði ekki hlaupið í að breyta þessu að svo algerlega óathuguðu máli eins og hér hefur verið samþ. að gera með samþykkt till. hv. 11. landsk. þm. í gær.

ATKVGR.

Brtt. 563,1 felld með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, StgrSt, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, BFB, JörB.

nei: MJ, ÓTh, SÁ, SG, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EOl, EmJ, GilsG, GJóh, GTh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, KJJ, LJós, SB.

4 þm. (PO, GÞG, HV, JR) fjarstaddir.

Brtt. 563,2—5 teknar aftur.

— 569 tekin aftur.

Frv. samþ. með 19:7 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 556, n. 602 og 607).

**Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Frv. þetta, eins og það var lagt fyrir hv. Nd. Alþ., var flutt af öllum þm. Reykjavíkurbæjar í þeirri d. eftir einróma ósk bæjarráðs. Í því var farið fram á, að bænum verði leyft að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins. Slík heimild er vafalaust til hagsmuna fyrir húseigendur í bænum.

Af athugasemdunum við frv. sést, að hagnaður vátryggingarfélags þess, sem tryggt hefur húseignirnar hér í Reykjavík í s. l. 10 ár, hefur á því tímabili numið 4—5 millj. kr.

Brunavarnir hér í bænum eru alltaf að verða betri og betri, og brunahætta fer stórminnkandi með hverju ári, eftir því sem timburhúsum fækkar og steinhúsin koma í staðinn og brunaliðið er aukið. Leiðir þetta að sjálfsögðu til þess, að hægt er að lækka iðgjöld til mikilla muna, og ætti það að sem mestu leyti að koma húseigendum sjálfum til góða. Brunatryggingum í Reykjavík hefur verið skipað með sérstakri löggjöf, enda stendur þar sérstaklega á. Um brunatryggingar úti á landi hafa gilt önnur lög, lögin um Brunabótafélag Íslands. Hefur það félag gert mikið gagn, enda verið brautryðjandi á sínu sviði. Það er nú orðið fjárhagslega sterkt, og er orðin full ástæða til þess að endurskoða lögin, sem um það gilda, og athuga, hvort það geti ekki lækkað iðgjöld sín mjög verulega. Auk þess er nú full ástæða til þess að athuga nákvæmlega, hvort ástæða sé til þess, eins og högum er nú háttað, að það haldi áfram að hafa einkarétt á tryggingum húsa annars staðar á landinu en í Reykjavík. Er komin þáltill. fram um þetta efni í Sþ., og má vænta þess, að frv. um þetta efni verði borið fram, ef ekki á þessu þingi, þá a. m. k. á haustþingi.

Í hv. Nd. hefur þessu tvennu verið blandað saman. Mál þetta hefur fengið þá — að mínu áliti — óþinglegu meðferð, að með brtt. við frv. um brunatryggingar í Reykjavík hefur sviðið frv. verið útvíkkað svo, að það tekur nú í því formi, sem það liggur fyrir við þessa umr., til allra sveitar- og bæjarfélaga á landinu. Á svipstundu hefur fótunum svo að segja verið kippt undan Brunabótafélagi Íslands, ekki að undangenginni rannsókn og með breytingu á lögum, sem um það gilda, heldur, eins og fyrr segir, með brtt. við frv. um annað og miklu betur athugað mál. Þetta vill meiri hl. allshn. ekki sætta sig við og leggur því til, að frv. verði breytt hér í þessari hv. d. og það fært í sitt upprunalega horf. Brtt. n. miða að þessu, og aðeins eina breytingu hefur n. borið fram að auki, sem sé, að í lok 1. málsgr. 1. gr. skuli ákveðið, að bæjarstjórnir skuli leita opinberra tilboða í tryggingu húsa eða endurtryggingu.

Frá minni hl. hv. allshn., hv. þm. Str. og hv. þm. N-M., hefur borizt nál., þar sem lagt er til, að að vísu skuli vera skyldutryggingar húseigenda, en húseigendum skuli vera frjálst að velja um, hvar þeir tryggi hús sín, ef það er aðeins gert hjá tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af þeim ráðh., sem fer með tryggingarmál. Ég álít, að svona frelsi í tryggingarmálum sé algerlega ótímabært og yfirleitt til óhags.

Það, sem hefur gert það að verkum, að tryggingar hafa orðið ódýrari með hverju nýju tryggingartímabili, er m. a. það, auk ýmissa annarra ástæðna, að hægt hefur verið að bjóða út í einu lagi áhættu á öllum húsum í bænum. Ef hin ýmsu tryggingarfélög ættu að keppa um að taka einstakar húseignir að sér í tryggingu, mundi það leiða til þess, að tryggingar á steinhúsum og húsum í steinhúsahverfum mundu verða mjög eftirsóttar og þau fást tryggð fyrir lág iðgjöld, en aftur á móti mundu þeir, sem eiga hús í timburhúsahverfum, verða útundan og sæta afarkostum og ef til vill fengju þeir ekki hús sín tryggð. En við þetta bætist, að menn eru hér alls ekki svo passasamir í fjármálum, að það sé eigandi á hættu, að þeir eigi að sjá um tryggingu húsa sinna sjálfir, þó að það eigi að vera undir eftirliti bæjarstjórnar. Við sjáum svo að segja við hverja brunafrétt, bæði hér í bænum og annars staðar, að menn hafi orðið fyrir stór-

tjóni, af því að þeir hafa yfirleitt ekki tryggt innanstokksmuni sína eða tryggt þá of lágt. Hér í bænum er fjöldi manna, sem trassar að greiða brunabótagjöld sín á réttum tíma, og sum húsin eru auglýst til uppboðs eingöngu vegna brunabótagjaldsins. Þetta skiptir ekki svo miklu máli, eins og tryggingunum er háttað núna, vegna þess að fyrir brunabótagjöldunum er lögveð í húsum og lögtaksréttur fyrir þeim. En ef það verður fellt niður, eins og ætlazt er til í till. hv. minni hl., er mikil hætta á, að menn verði fyrir stórskaða af brunatjóni, af því að þeir hafa trassað að greiða iðgjöld sín. Að vísu er ætlazt til eftir till. þeirra, að tryggingin falli ekki niður, þó að einhver dráttur verði á greiðslu iðgjalda, en hvað má sá dráttur verða mikill og hvaða félög vilja taka að sér að bera áhættuna, ef þau fá ekki iðgjöldin greidd og tryggingu fyrir þeim eins og verið hefur?

Það segir sig sjálft, að það er auðvitað mjög stórkostlegt atriði í sambandi við allar lánveitingar út á húseignir, að lánveitandi megi vera viss um, að tryggingin sé gild gagnvart honum, þó að greiðsludráttur hafi orðið á iðgjaldi af hálfu veðsetjanda. Þessu hafa lánveitendur ekki þurft að hafa áhyggjur út af núna, en ef svo fer, að þeir þurfa að hafa vakandi auga með þessu, er hætta á, að húseignir hér verði ekki álitnar eins öruggar sem veð eins og hefur verið til þessa og það mundi leiða til aukinna erfiðleika að fá lán út á fasteignir eða til hækkandi vaxta og affalla.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál á þessu stigi, en skal taka það fram, að meiri hl. n. mun taka það til athugunar fyrir 3. umr., hvort hann sér ástæðu til að taka upp að einhverju leyti till. hv. 3. þm. Reykv. (BÓ), sem kom fram í Nd., en var tekin aftur þar.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Eins og nál. bera með sér í þessu máli, hefur n. klofnað og þá þannig, að við 1. þm. N-M. höfum komið fram með brtt. við frv.

Það liggur nú fyrir í þessu máli, að þróunin í tryggingarmálunum hefur verið þannig, að hér starfaði um langt skeið Brunabótafélag Íslands, meðan ekki voru til hér íslenzk vátryggingarfélög til þess að taka við tryggingunum og bjóða í tryggingar, þannig að það gæti skapazt samkeppni. Þetta leiddi þó til þess, að Reykjavík hefur fengið sérstöðu, sumpart vegna þess, að þar er um stórt bæjarfélag að ræða og brunavörnum hefur verið komið þar vel fyrir. Það segja a. m. k. þeir, sem halda því fram, að eðlilegt sé, að Reykjavík hafi sérstöðu. En vitanlega áttu þau skilyrði, sem voru til staðar í Reykjavík með betri varnir gegn eldsvoða, að koma að gagni alveg eins í Brunabótafélagi Íslands, ef það var samkeppnisfært, eins og í öðrum félögum.

Þetta hefur, eins og við vitum, verið þannig, að Reykjavík hefur verið frjáls með sínar tryggingar og boðið þær út og venjulega tekið því, sem þar hefur verið lægsta boð, og teljum við eðlilegt að hafa þennan hátt á. Það sýnir sig, að það eru mörg félög hér, sem keppa, og samkeppni milli þeirra virðist vera orðin mjög hörð, og þess vegna eru allar líkur til þess, að aldrei hafi verið betri skilyrði til þess fyrir húseigendur í Reykjavík að fá viðunandi tryggingar. Þessa aðferð virtist nú eiga að hafa í þessum málum, og tryggingarnar voru boðnar út með svipuðum hætti og venja hefur verið. En eftir að tilboðin berast, — tilboð, sem þó virðast vera mjög hagkvæm, — þá er gripið til þess ráðs að bera hér fram á Alþ. frv. um það, að bænum sé heimilað að taka að sér tryggingarnar að meira eða minna leyti. Þessa vinnuaðferð og þessa aðferð við tryggingar álítum við mjög vafasama. Það hefur að vísu verið bent á það, að þau tryggingarfélög, sem hafa annazt tryggingarnar undanfarin ár, munu hafa grætt á tryggingunum, og dreg ég það ekki í efa, að það sé rétt. En það er nú einu sinni þannig, að tjón af eldsvoða fara ekki eftir neinum reglum, eins og ég hef nefnt, heldur þvert á móti, að skyndilega eftir hlé eins og þau, sem verið hafa hér og annars staðar, koma stórbrunar, svo sem maður sér í bæjum, þar sem er mikið af timburhúsum, og þarf ekki að rekja það hér. Það er nægilegt að benda á t. d. það, sem kom fyrir í bæ eins og Bergen. Hér eru stór svæði, þar sem geta komið fyrir verulegir skaðar, ef svo færi, að illa tækist til, sem maður að vísu vonar að ekki komi til, og þá er mjög vafasamt fyrir bæ, sem verður fyrir slíkum skakkaföllum eins og bruni getur orðið fyrir bæjarfélag, að bærinn, sem verður fyrir aðalblóðtökunni vegna brunans, á að leggja til það nýja blóð til að byggja bæinn upp að nýju. Þess vegna er þessum tjónum dreift mjög mikið og á þann hátt safnað sjóði, sem getur staðið undir slíkum skakkaföllum. Að vísu er gert ráð fyrir því að sjálfsögðu, að bærinn baktryggi sig að einhverju leyti, en ég sé ekki, að því séu nein ákveðin takmörk sett, að hve miklu leyti bæjarfélagið getur rótað sér inn í þessar tryggingar, ef þessi lög verða samþ.

Ég óttast, að þetta verði til þess, að allur kostnaður við tryggingarnar verði meiri en þyrfti að vera, ef það væri hafður sá háttur á, sem hafður hefur verið hingað til, og þetta verði til þess, að iðgjöld muni hækka frá því, sem hefði þurft að vera. Það er hætt við því, að þegar bærinn tekur að sér þessi mál, þá vilji leita í það horf, að það myndist a. m. k. einhver slappleiki í útboðunum, því að það er nú heldur alls ekki tekið fram hér í þessu frv., eins og það núna liggur fyrir og lá fyrir í upphafi, að bærinn þurfi yfirleitt að hafa nein útboð. Hann getur samið við hvern sem er, og þess vegna er engin trygging fyrir því, að það verði gert.

Ég held, að langeðlilegasti háttur á þessum málum — og till. í þá átt höfum við borið hér fram — sé að hafa þann hátt á, fyrst þessu máli er hreyft, að breyta tryggingunum í það horf að hafa þær að öllu leyti frjálsar. Það er talað um það af hv. þm. Seyðf., að þetta geti orðið til þess, að hús í Reykjavík og annars staðar á landinu verði ekki eins veðhæf. Ég satt að segja undrðist þessi ummæli frá jafnglöggum manni, eða heldur hv. þm., að húseignir í nálægum löndum séu taldar eitthvað ótryggari veð heldur en hér á Íslandi, þó að þessi tryggingarháttur sé á

hafður, sem við stingum hér upp á. Vitanlega gengur sá, sem tekur við húsi, alltaf úr skugga um það, að húsið sé tryggt, alveg eins og hver annar hlutur, sem settur er að veði, þar sem eru frjálsar tryggingar, bæði fyrir bruna og öðrum skaða.

Ég get ekki séð, að það sé neitt því til fyrirstöðu að hafa tryggingarnar frjálsar fyrir húseignir í Reykjavík eins og aðrar tryggingar eru frjálsar. Ef á að taka húsin í Reykjavík og þvinga okkur húseigendur hér í Reykjavík til þess að láta bæinn tryggja fyrir okkur að meira eða minna leyti og það jafnvel án þess, að leyfð séu útboð um það, hvers vegna má þá ekki alveg eins taka næst t. d. allar bifreiðatryggingar og allar tryggingar á lausafé? Það liggur í augum uppi, að ef þessi stefna er rétt viðkomandi tryggingum á húsum, þá er hún líka rétt viðkomandi tryggingum á bifreiðum og öðru lausafé, og þessar tryggingar eru orðnar almennar. Þær eru að vísu ekki eins stórfelld útgjöld fyrir landsmenn, þessar lausafjártryggingar, eins og tryggingar á húsum, en við vitum það samt sem áður, að eftir því sem þjóðin þó hefur efnazt, eftir því hefur hennar lausafé, t. d. húsgögn, stóraukizt að verðmæti, og jafnframt er það þannig, að það er að verða sú gerbreyting hér í þessu landi, að stórar bifreiðar kosta eins mikið og húseign, og tryggingarnar á þeim eru engir smámunir. Það er þess vegna, ef þessi stefna er rétt, alveg jafnrétt að taka þetta í hendur ríkisins eða bæjar á hverjum stað. Ég get ekki séð, að það séu nein rök gegn því, en hvort það væri heppilegt, það er annað mál. Mér virðist eins og menn séu yfirleitt sammála um það, að trygging á lausafé og bifreiðum hafi farið stórbatnandi vegna samkeppninnar milli þeirra félaga, sem starfa hér í landinu, og það sé yfirleitt talsverð ánægja með þær tryggingar. Ég er ekki í neinum vafa um það, að á nákvæmlega sama hátt mundi fara með tryggingar á húsum, enda er þetta nú þannig erlendis og það meira að segja í þjóðfélögum, þar sem ráðandi eru flokkar, sem hafa gjarnan haft það á stefnuskrá sinni að sósialisera og láta bæi og ríki reka eitt og annað, að þeim hefur aldrei komið til hugar að ganga svo langt, eftir því sem ég bezt veit. Það má þá leiðrétta það, ef ég fer með rangt mál, en ég hygg, að þið minnizt t. d., þegar jafnaðarmennirnir voru í meiri hluta í Englandi, að þeim hefur aldrei dottið í hug að taka tryggingarnar þeim tökum, sem þær eru teknar í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég veit ekki til þess, að meiri hlutanum, sem sósíaldemókratarnir höfðu í Danmörku, hafi nokkurn tíma komið það til hugar. Ég veit ekki til þess, að það standi til eða hafi staðið til í Noregi að fara þær leiðir. Og ég veit ekki til þess, að Svíum hafi, meðan jafnaðarmenn höfðu hreinan meiri hluta þar á þingi, komið slíkar leiðir til hugar. Að minnsta kosti hafa þeir ekki framkvæmt það, hvort sem þeir hafa tekið það til athugunar eða ekki, og það er vegna þess, að þeir álíta, að tryggingarnar hafi verið sæmilega reknar, það hafi verið eðlileg samkeppni milli þeirra, sem tryggingarnar hafa annazt, og þeir hafa talið, að það væri ekki til ávinnings að taka þetta í hendur bæjanna eða ríkisins.

Það er hér talið til hagsbóta, að bæirnir taki þetta að sér. En niðurstaðan mun samt sem áður verða sú, að þessi rekstur verði á þann hátt dýrari en hann mundi annars þurfa að verða. Það er ekki nauðsynlegt að fara langt inn á umr. um það á þessu stigi málsins. Það er hægt að taka samanburð við svo margt annað, sem er framkvæmt af bænum, og sumt, sem er framkvæmt af ríkinu og reynist því miður dýrara en ef það er gert á annan hátt. Ég hygg t. d., að það sé nú staðreynd, að rekstur Brunabótafélagi Íslands sé a. m. k. ekki ódýrari, án þess að ég segi nú meira, heldur en hann er hjá nokkru hinna tryggingarfélaganna. Þannig vill nú þetta sækja í þetta horf. Við hv. 1. þm. N-M. leggjum þess vegna til, að tryggingarnar séu gerðar frjálsar, og komum hér fram með brtt., sem að því stefnir. Ef sú till. verður samþ., þá höfum við gert hér till. um það jafnframt, að með reglugerð megi setja ákvæði um það, hvernig skipt verði um, þegar breytt verður um fyrirkomulag, og þess vegna auðvelt að koma því fyrir með þeim hætti, að ekki verði óþægindi af fyrir húseigendur.

Ég skal taka það fram nú þegar, að ef svo færi, að þessar till. verða ekki samþ., þá geri ég ráð fyrir, að við komum fram með við 3. umr. till. um það, að sá háttur verði á hafður að bjóða tryggingarnar út með sem fullkomnustum hætti og taka síðan lægsta boði um tryggingar. Í stað þess að þær verði frjálsar fyrir hvern einstakling, þá verði það þannig, að tryggingarnar verði boðnar út í heild og tekið tilboði þess aðila, sem samkeppnishæfastur er að tryggja hús bæjarbúa.

Ég vil svo, a. m. k. á þessu stigi, ekki orðlengja frekar um þetta mál og vænti þess, að hv. d. taki það til athugunar að samþ. þær till., sem við hv. 1. þm. N-M. höfum borið hér fram.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Það hefur orðið talsverður ágreiningur og átök um þetta mál í hv. Nd., og það lítur út fyrir, eins og raunar er eðlilegt, að það verði einnig hér í hv. d.

Mér virðist, að það hafi einkum verið deilt um það í hv. Nd. og sé deilt um það hér, hvort það sé rétt að heimila Reykjavíkurbæ í fyrsta lagi að taka í eigin hendur rekstur brunatrygginga í bænum inn á við, eins og kallað er, þ. e. a. s. innheimtu iðgjalda og annað, og í öðru lagi og þá meira um það, hvort það sé rétt að heimila Reykjavíkurbæ að taka að einhverju eða verulegu leyti á bæinn áhættuna sjálfa af brunatryggingum og heimila Reykjavíkurbæ þannig að gerast með nokkrum hætti eins konar brunabótafélag sinna íbúa. En á síðara stigi málsins í hv. Nd. og að því er virðist einnig hér hefur verið um það deilt, eftir að sýnt var, að öruggur meiri hluti var fyrir því í hv. Nd. að veita Reykjavíkurbæ þær heimildir, sem hann fór fram á í þessu frv., hvort það eigi að veita öðrum sveitarfélögum í landinu sama rétt og Reykjavíkurbæ. Og mér virðist, að eins og málum er komið nú, þá verði fyrst og fremst deilt um það á þessu stigi málsins hér í hv. d., hvort önnur sveitarfélög en Reykjavíkurbær eigi að fá þann rétt,

sem Reykjavíkurbæ er heimilaður eða gert er ráð fyrir að heimila Reykjavíkurbæ í þessu frv. samkv. ósk hans.

Það má vitanlega deila lengi um það, hvort verði af því meiri eða minni sparnaður, að Reykjavíkurbær taki að sér rekstur tryggingganna gagnvart tryggjendum, og í því sambandi er náttúrlega deilt um það, hvort það sé rétt af sveitarfélögum yfirleitt að taka að sér meiri opinberan rekstur en þau nú hafa lögum samkv. En ég get nú ekki séð, að það sé mjög óskylt starfsemi sveitarfélaga, þó að þau tækju að sér innheimtu brunabótaiðgjalda og annað í því sambandi, sem raunar umboðsmenn tryggingarfélaga hafa haft með höndum fram að þessu. Hitt finnst mér miklu meira vafamál, hvort það sé rétt, að sveitarfélögin yfirleitt fari út í það að gerast brunabótafélög og taka á sig áhættu, sem því fylgir, en það hefur auðvitað verið mikið deilt um það, hvort það sé rétt, að sveitarfélög og ríki taki að sér opinberan rekstur í minni eða stærri stíl. Hér bregður svo við, að einmitt þeir, sem yfirleitt eru á móti því, að ríki og bæir seilist til þess að taka að sér rekstur, sem einstaklingar og félög hafa annars með höndum, virðast nú telja það rétt af Reykjavíkurbæ að taka að sér sem mestan opinberan rekstur í þessu efni.

Ég hef sjálfur ekki haft mikinn áhuga á því, að það verði komið á sem mestum opinberum rekstri. Ég hef minni áhuga á því en margir aðrir, sem svipaðar skoðanir hafa á þjóðfélagsmálum og ég. En mér finnst hins vegar um deilur, sem hafa komið fram um það, staðhæfingar, sem hafa verið bornar fram um það, að hér sé um mikla þjóðnýtingu að ræða, þó að Reykjavíkurbær taki nú að sér þennan nýja rekstur, taki á sig áhættu af tryggingum, að það sé ekki mikil þjóðnýting í því falin. Ég álít, að það sé alls ekki sama, opinber rekstur og þjóðnýting. Það verður þá að vera tryggt um leið, að hinn opinberi rekstur færi þjóðinni, allri alþýðu, allan þann hag, sem hugsanlegur er af þeim rekstri, sem fyrirhugaður er eða rætt er um. En það er nú ekki alltaf, að það fari saman með opinberum rekstri, að þeim, sem hans eiga að njóta, sé tryggður hagurinn af rekstrinum. Ég er nú ekki alveg viss um, að það sé í þessu sambandi heldur, að húseigendum sé tryggður, a. m. k. ekki beint, allur arður, sem kynni að verða af því, að Reykjavíkurbær tæki að sér þessar tryggingar og áhættuna af þeim að verulegu leyti. En ég álít, að deilur um það séu nú ekki það, sem mest liggur fyrir hér á þessu stigi málsins, því að það er sýnt þegar, að það mun vera meiri hl. hér á hv. Alþingi yfirleitt fyrir því að veita Reykjavíkurbæ þær heimildir, sem hann fer fram á í þessu efni í þessu frv. Deilurnar hljóta að standa um hitt, eða ágreiningurinn, hvort eigi að veita öðrum sveitarfélögum sömu heimildir, og í frv., eins og það nú kemur til þessarar hv. deildar, er það ákveðið, að öll sveitarfélög á landinu skuli sitja við sama borð og hafa sama rétt í þessu efni, og það er nýmæli.

Ég held, að það sé rétt, ef maður athugar þetta mál, að gera sér fyrst grein fyrir því, hvað þetta er stórt mál, eða reyna að gera sér grein fyrir, hvað vátryggingarupphæðir fasteigna í landinu öllu eru orðnar. Þá er niðurstaðan sú, að þær muni nema hvorki meira né minna en 5400 millj. kr., og í því sambandi er athyglisvert, hvað þær upphæðir hafa vaxið og margfaldazt á síðustu árum. Árið 1946 voru vátryggingarupphæðir fasteigna á öllu landinu milli 1300 og 1400 millj. kr. Árið 1950 eru þær orðnar tvöfalt hærri, 2700 millj. kr., en árið 1952—53, sem er síðasta tryggingarár, sem skýrslur liggja fyrir um, mun það vera, eins og ég sagði áðan, um 5400—5500 millj. kr., en iðgjöld af þessum skyldutryggingum — þetta eru allt skyldutryggingar, bæði í Rvík og í landinu yfirleitt, sem betur fer — munu nema 10—11 millj. kr. Vátryggingarupphæðir þessara fasteigna hafa verið mjög svipaðar í Rvík annars vegar og hins vegar alls staðar annars staðar á landinu. En hið sama verður ekki sagt um iðgjöldin, því að þau hafa verið utan Rvíkur um það bil þrefalt hærri en í Rvík, þó að miðað sé við þau tryggingarkjör, sem hafa gilt í Rvík fram á þennan dag, nú s. l. níu ár, og þó hefur verið upplýst, að þau hafa verið mikils til of há, samkv. opinberum skýrslum, sem nú liggja fyrir, m. a. í grg. þessa frv., og einkum þó ef borið er saman við þau tilboð, sem nú liggja fyrir í Reykjavík um iðgjöld trygginga í bænum í heild og öllum er líka kunnugt um. Það er því svo stórkostlegur munur á iðgjöldum í Rvík og utan Rvíkur, að það vekur í fyrsta lagi undrun manns, sem kynnir sér þessi mál. Ef það er svo athugað nánar, hvernig iðgjaldatöxtum er varið í landinu, þá kemur í ljós, að í bæ eins og Hafnarfjarðarbæ, sem alveg nýlega hefur þó fengið lækkun á sínum iðgjöldum með samningi við Brunabótafélag Íslands, eru iðgjöld nú í dag fjórfalt hærri en þau yrðu í Rvík samkv. þeim tilboðum, sem fyrir liggja, af þeim flokki húsa, sem raunar er nú orðið a. m. k. mest um, þ. e. a. s. steinhúsum, íbúðarhúsum. Hafnarfjarðarbær og Akureyrarbær eru þó einmitt þau sveitarfélög utan Reykjavíkur, sem hafa lægst tryggingargjöld og hafa fengið þessa lækkun á tryggingargjöldum alveg nýlega. Þau hlutu vildarkjör hjá Brunabótafélagi Íslands. Á Ísafirði eru þessi iðgjöld af steypuhúsum 1.60‰, á Seyðisfirði 1.80, í Vestmannaeyjum einnig 1.80, í Neskaupstað 1.91 og á Siglufirði 1.91, þ. e. a. s., í þessum bæjum, sem ég síðast taldi, fimmfalt hærri en í Rvík samkv. því lægsta tilboði, sem þar liggur fyrir. Sama verður uppi á teningnum, ef berin eru saman iðgjöld af timburhúsum, að vísu ekki eins gífurlegur munur, en þó má segja, að þau séu um það bil þrefalt eða 3½ sinnum hærri utan Rvíkur heldur en í Rvík samkv. þeim tilboðum, sem fyrir liggja og má þá bera saman við. Á Akureyri eru þau á vörðum timburhúsum, sem kallað er, eftir því sem mér hefur gefið upp, 2.70‰, í Hafnarfirði sama, 2.70, á Ísafirði 2.9[illegible], á Seyðisfirði 3.20, í Vestmannaeyjum 3.20, í Neskaupstað 3.40 og á Siglufirði 3.40, en í Reykjavík samkv. fyrirliggjandi tilboðum 1.02‰. Um óvarin timburhús er hið sama að segja. Þar eru iðgjöld allt upp í 5 og yfir 5‰, en í Rvík samkv. tilboðum 1.30‰, eða nærri fjórfalt hærri en

Rvíkur í öllum kaupstöðum heldur en þau gætu verið í Rvík, ef lægsta tilboði væri tekið.

Það er upplýst, að ef tekið er meðaltalsiðgjald af öllum húseignum í Rvík, þá er það 1.24‰, en hjá Brunabótafélagi Íslands er þetta þrefalt hærra samkv. skýrslum, sem fyrir liggja, a. m. k. miðað við árið 1950.

Það mætti endurtaka eitt dæmi, sem sýnir ljóslega, hver munur er á iðgjöldum utan Rvíkur og í Rvík. Það er í Kópavogs- og Seltjarnarneshreppum, sem eru næsta nágrenni Reykjavíkur. Þar er skylt að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands, og þar **hafa til** skamms tíma, þangað til fyrir nokkrum mánuðum, gilt þeir taxtar, að hefur orðið að greiða 2.50‰ af öllum húsum, einnig steinhúsum. En frá 15. okt. í haust var gjald af steinhúsum þar lækkað í 1.80, en það, eins og ég hef áður sagt, yrði samkv. tilboðum í Reykjavík 0.37‰, þ. e. a. s. rétt tæplega fimmfalt hærra í Kópavogshreppi heldur en í Reykjavík á sambærilegum húsum. Kópavogs- og Seltjarnarneshreppar hafa þó fasta samninga við slökkvilið Reykjavíkur og hafa haft mörg ár um, að slökkvilið Reykjavíkur gegni jafnan brunakalli í þessum sveitarfélögum, og gerir það svo vel, að það líða ekki nema örfáar mínútur þangað til slökkvitæki og slökkvilið Reykjavíkur er komið á vettvang, ef kviknar í húsum í þessum nágrannahreppum, enda sýna brunatjón, sem hafa orðið síðustu árin í þessum nágrannahreppum Rvíkur, að brunavarnirnar hafa tekizt mjög vel. Sveitarfélögin greiða svo slökkviliði Reykjavíkur þetta ágæta og mikilsverða starf samkv. reikningum þess, eins og það setur upp.

Í þessum tveimur sveitarfélögum er svo þess að gæta, að þar eru hús mun dreifðari en í jafnvel úthverfum Reykjavíkur, og þó að það rísi upp ný byggðarhverfi þar, eins og t. d. gerist í stórum stíl í Kópavogshreppi, þá er þar miklu lengra milli húsa, stærri lóðir en í sambærilegum hverfum Reykjavíkur, svo að þar er mikill munur á áhættunni eða sambrunahættunni, sem kalla má, hættunni á því, að mörg hús brenni, ef kviknar í einu. Að öllu samanlögðu held ég að athuguðu máli og þekki það nokkuð, að það sé a. m. k. sízt meiri hætta á eldsvoða eða áhætta fyrir tryggingarfélög á tryggingum í Kópavogs- og Seltjarnarneshreppum heldur en í Reykjavík, a. m. k. úthverfum hennar. En iðgjöldin eru, eins og ég áðan sagði, frá því að vera tvöfalt upp í að vera nærri fimmfalt hærri í þessum sveitarfélögum.

Þessi sveitarfélög eru nú lögum samkv. bundin við það, eða allir húseigendur bundnir við það að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands og sæta þeim kjörum, sem það sjálft ákveður, því að þess er að gæta um Brunabótafélag Íslands, hversu ágætt félag sem það kann nú að vera, og ég játa, að það hefur unnið mikið gagn, þá er það ekki svo uppbyggt, að félagar í því hafi minnstu áhrif á stjórn þess. Það er víst kveðið svo á í lögum þess, að sveitarfélög landsins skuli heita deildir innan þess, en þau hafa engin áhrif á stjórn þess á einn eða annan hátt. Það er engin stjórn til, það er aðeins einn forstjóri, og hann ákveður upphæð iðgjalda og öll kjör, sem meira en helmingur landsmanna verður að sæta, og þau eru með þessum hætti, sem ég hef lýst.

Þær skýrslur, sem liggja fyrir um rekstur Brunabótafélags Íslands, sýna það líka ótvírætt, að þessi háu iðgjöld hafa komið fram í mjög góðri rekstrarafkomu þess. Samkv. reikningum þess, sem fyrir liggja, og upplýsingum, sem hægt er að fá nokkurn veginn um allra síðustu reikninga þess, sem hafa ekki verið birtir, hefur tekjuafgangur félagsins síðustu fimm árin numið 10 millj. kr., eða 2 millj. kr. að meðaltali á ári, og þó s. l. tryggingarár um 3 millj. kr. Þetta er hreinn tekjuafgangur, eftir af afskriftir, sem manni virðast vera mögulegar, hafa farið fram, en fasteignir eða eignir aðrar en verðbréf og hlutabréf á félagið ekki nema eina fasteign, er mér sagt, í Hafnarfirði, sem er í reikningum þess talin á 100 kr., svo að það virðast hafa farið fram allar afskriftir, sem mögulegt er, með bráttótekjuafgangi, en varasjóð hefur félagið þegar byggt sér upp, sem nemur 20 millj. kr.

Það liggur nú fyrir í þessari hv. deild í þessu máli till. um að breyta því frv., sem hér er rætt um, á þann veg, að Reykjavík ein hafi heimild til þess af öllum sveitarfélögum landsins, eins og verið hefur auðvitað, til þess að bjóða út fyrir sína íbúa og hafa afskipti af brunatryggingum í bænum. Frá hv. meiri hl. kemur sú till., að þessu frv. skuli nú breytt í það horf, að ekkert annað sveitarfélag á landinu skuli hafa rétt til þessa, Rvík skuli fá þær ýtrustu heimildir, sem hún fer fram á, en öll önnur sveitarfélög landsins, sem hafa sætt þeim kjörum, sem ég hef nú lýst og ég hygg að verði ekki hrakin, fái engan aukinn rétt til þess að hafa nein afskipti af tryggingarmálum sinna íbúa. Þetta er till. hv. meiri hl. í þessu máli, og ég get ekki varizt því, að mér finnst eftirtektarvert, hverjir það eru, sem standa að slíkri till.

Þeir menn, sem leggja það til, að sveitarfélög landsins utan Rvíkur megi ekki fá jafnrétti á við Rvík, eru hv. jafnaðarmenn, og þeir menn, sem leggja til, að hvorki sveitarfélög landsins né tryggingarfélög skuli fá jafnan rétt til tryggingarmála, eru hv. sjálfstæðismenn, en þeir vilja veita Reykjavíkurbæ rétt til þess að gerast brunabótafélag fyrir Reykvíkinga. Það má vitanlega deila lengi um það, hvaða fyrirkomulag sé bezt í tryggingarmálum eins og öðrum málum. Þar er í raun og veru margs konar fyrirkomulag til. Það fyrirkomulag er til fyrst og fremst, að hið opinbera hafi engin afskipti af þeim málum, að öllum sé frjálst að tryggja eða tryggja ekki og þá líka hvar þeir tryggja, ef þeir tryggja. Þetta er fyrirkomulag hinnar frjálsu samkeppni. En það væri nú kannske gaman að sjá, hverjir vildu vera formælendur þessa skipulags. Sem betur fer ákvað Alþingi fyrir 37 árum, að þetta skipulag skyldi ekki eiga sér stað í landinu, það væri óhæft, og það var gert að skyldu að tryggja fyrir eldsvoða fasteignir í landinu, og svo er enn. Það er því víst ekki um það að ræða, að neinir gefi sig fram sem talsmenn hinnar alfrjálsu samkeppni í þessum málum. En nú liggur hér fyrir frá hv. Framsfl. sú till., að það skuli að vísu vera skylt að tryggja, en mönnum skuli vera frjálst, hvar þeir tryggja. Það má vafalaust

segja margt gott um þessa leið, en það er mín skoðun, að með því að sveitarfélög hafi þau afskipti af þessum málum, að þeim sé veitt heimild til þess að bjóða út tryggingar á sínum stað fyrir alla sína fasteignaeigendur, þá séu meiri líkur til þess, að það fáist góð kjör hjá hinum ýmsu tryggingarfélögum, sem eru sem betur fer orðin mörg innlend og geta nú boðið hvert í kapp við annað um þessi stóru viðskipti. Eins og ég sýndi fram á áðan, eru það stórkostleg viðskipti fyrir tryggingarfélögin að tryggja fasteignir í Reykjavík, sem eru að verðmæti 2800 millj. kr. Það eru stór viðskipti. En ef hver einasti húseigandi væri frjáls að því, hvar hann tryggði, þá yrði hver og einn að snúa sér til þess tryggingarfélags, sem honum litist bezt á. Ég hygg, að það yrði ekki um neitt útboð að ræða, og ég get ekki betur séð en að það sé verulegt atriði í augum tryggingarfélaganna, að hægt sé að bjóða þeim allar brunatryggingar í Reykjavík, eins og gert hefur verið nú nýlega, enda segja mér ýmsir sérfróðir menn, að þau tilboð, sem hafi fengizt í Reykjavík fyrir útboð Reykjavíkurbæjar, séu jafnvel furðulega lág, þau lægstu þeirra. Þau eru stórkostlega miklu lægri en þau tryggingarkjör, sem hafa gilt síðustu 9 árin í Reykjavík. Það geta allir, sem vilja, borið saman.

En ef Reykjavíkurbæ á að vera frjálst að bjóða út þessar tryggingar eins og hann hefur gert, þá er spurningin um hitt, hvort önnur sveitarfélög megi gera það líka. Það er staðreynd, að vegna þess að Reykjavík hefur boðið út þessar tryggingar samkvæmt þeim heimildum, sem hún hefur haft, þá fengjust nú a. m. k. um fimmfalt lægri iðgjöld í Reykjavík heldur en í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur, sem ég áður hef lýst, og þá allt að því fjórfalt lægri iðgjöld en í Hafnarfjarðarkaupstað og Akureyrarkaupstað. Þetta er upplýst. En svo ætlar Reykjavíkurbær sjálfur að gera betur, því að þessu tilboði, sem ég er nú að ræða um sem lægsta tilboð og ber saman við gildandi kjör utan Reykjavíkur, tekur Reykjavíkurbær ekki, vegna þess að hann þykist geta og ætlar sér að gera betur, og vil ég á engan hátt rengja, að það sé jafnvel hægt, því að vitanlega felst í þessu einhver hagnaður til viðkomandi tryggingarfélags. Ekki ætlar viðkomandi tryggingarfélag að gefa húseigendum í Reykjavík stórfé. Það er ótrúlegt. En hvers vegna má ekki fá þetta upplýst í öðrum sveitarfélögum á landinu heldur en í Reykjavík? Hvers vegna má ekki fá það upplýst, hvaða tryggingarkjör eru fáanleg í hinum ýmsu kaupstöðum og stærri byggðum landsins og jafnvel öllum sveitarfélögum landsins? Ég get ekki séð, að það yrði annað, sem gerðist, ef þetta frv., sem fyrir liggur hér, yrði samþykkt óbreytt. Það mundi verða leitað eftir því, hvaða tryggingarkjör væru fáanleg hjá hinum ýmsu tryggingarfélögum á hverjum stað. Það má kannske segja, að sveitarfélög gætu nú gert þetta, leitað eftir slíkum tilboðum, eins og Reykjavíkurbær gat boðið út, samkv. því sem upplýst er, á öðrum grundvelli en hann hafði heimild til samkv. lögum eða var búinn að fá heimild til samkv. lögum. En sveitarfélög hafa nú enga heimild til þess í lögum að bjóða út tryggingar í sínum umdæmum.

Það er upplýst, að iðgjöldin í Reykjavík á árunum 1944—53 hafa verið of há, svo að nemur mörgum millj. kr. fyrir iðgjaldagreiðendur í Reykjavík. Það er upplýst, að það er hægt að spara húseigendum í Reykjavík margar milljónir með því að taka þeim lægstu tilboðum, sem fyrir hendi eru. Og það eru, eftir því sem fyrir liggur, allar líkur til þess, að það sé hægt að spara iðgjaldagreiðendum í landinu utan Reykjavíkur líka margar milljónir með því að leyfa, að það fari fram útboð á tryggingunum þar. Væri það þá til ónýtis að spara fasteignaeigendum í landinu margar millj. kr. af þessum 10—12 millj., sem þeir hafa greitt nú á hverju ári undanfarin ár? Ég held það ekki. Ég held, að vátryggingariðgjöld hafi þýðingu fyrir fleiri í landinu en bara fyrir iðgjaldagreiðendurna sjálfa. Ég held, að þau komi beint og óbeint á atvinnurekstrinn í landinu. Ég held, að það sé mjög mikilsvert atriði fyrir allan rekstur í landinu. Og það væri alls ekki ónýtt, ef það væri hægt að fá vátryggingariðgjöld af brunatryggingum stórlega lækkuð.

En það undarlega gerist í þessu máli, að þeir sömu menn sem hafa boðið út tryggingar í Reykjavík og fengið þar stórkostlega lækkun iðgjalda leggja til, að öðrum sveitarfélögum í landinu sé bannað að leita fyrir sér um slíka lækkun iðgjalda, sem öll líkindi eru til að þau fengju. Þeir segja: Brunabótafélag Íslands er svo gott félag, og það væri kippt undan því fótunum, ef það væri leitað eftir því, hver raunveruleg áhætta er fyrir tryggingarfélög af brunatryggingum utan Reykjavíkur. Það væri að kippa undan því fótunum. — Það hefði eins mátt segja í Reykjavík: Almennar tryggingar er svo gott félag, það hefur tryggt hér fyrir svo lág iðgjöld s. l. níu ár, að það er engin ástæða til þess að vera að halda, að það fáist lægri iðgjöld. — En það hefur hins vegar ekki verið hugsað svoleiðis í Reykjavík. Sömu menn hefðu átt að segja okkur: Það er bezt að lögbjóða iðgjöld Almennra trygginga í Reykjavík eins og iðgjöld Brunabótafélags Íslands eru sama sem lögboðin.

Ég get ekki með nokkru móti séð, að það raskaði eða kippti á nokkurn hátt fótunum undan starfsemi Brunabótafélags Íslands, þó að tryggingar utan Reykjavíkur yrðu gefnar frjálsar og sveitarfélögum leyft að bjóða út og leita eftir tryggingum hjá fleiri tryggingarfélögum en því. Ég get ekki skilið það, að þessir velunnarar Brunabótafélags Íslands meini, að það félag geti alls ekki starfað á öðrum grundvelli en með einokun. Brunabótafélag Íslands hefur, eins og ég gat um hér áður, haft um 3 milljóna króna tekjuafgang s. l. tryggingarár. Reikningar liggja fyrir um það. Það á 20 millj. kr. í varasjóði. Það hefur 37 ára reynslu af tryggingarstarfsemi. Það hefur yfir 200 umboðsmenn víðs vegar um allt land. Það á vafalaust miklum velvilja og vinsældum að fagna. Ef tryggingar utan Reykjavíkur væru boðnar út, þá mundi það vitanlega hafa góða aðstöðu til þess að bjóða í þær. Og ég vil benda á, að það bauð einmitt í tryggingar í Reykjavík. Það fór að vissu leyti út fyrir sitt verksvið, þegar það bauð í tryggingar í Reykja-

vík. Og það gat boðið að taka tryggingar í Reykjavík fyrir mjög lágt iðgjald, eða svona um fjórfalt lægra en í öðrum sveitarfélögum á landinu, sem eru þess viðskiptavinir. Ég held, að það mundi líka telja sér óhætt vegna afkomu sinnar að bjóða í tryggingar utan Reykjavíkur, ef þær yrðu boðnar út, og það stæði ekkert illa að vígi. Ég álít, að það stæði á allan hátt betur að vígi en önnur tryggingafélög og allar líkur væru til þess, að það héldi tryggingunum víðast hvar með hóflegum ágóða fyrir sig. En ég vil taka það fram, að ef brunatryggingarstarfsemin kæmist þannig á **frjálsan** grundvöll, þá álít ég sjálfsagt að breyta lögum Brunabótafélags Íslands, þannig að því væri þá alveg frjálst að reka alla almenna tryggingarstarfsemi eins og öðrum tryggingarfélögum. En nú eru í lögum Brunabótafélagsins vissar hömlur á því. Það má ekki taka að sér tryggingar á verzlunarbirgðum, vörutryggingar, sem eru taldar mjög góðar fyrir tryggingarfélög eða ábatasamar. Ég áliti sjálfsagt að létta af því slíkum hömlum, svo að það gæti starfað alveg frjálst eins og önnur félög, en hefði sína miklu reynslu og sinn stóra varasjóð upp á að hlaupa, svo að það gæti, þegar það byrjaði að taka þátt í samkeppninni við önnur innlend félög, sem hafa vaxið upp, staðið vel að vígi. Ég vil ekki viðurkenna það frá minni hálfu, að það sé, þegar lagt er til, að önnur sveitarfélög en Reykjavík fái sömu heimildir til þess að ráðstafa tryggingum fyrir sína íbúa, verið að gera neitt tilræði við Brunabótafélag Íslands. Það hefur verið mikils virði, að Brunabótafélag Íslands var stofnað fyrir rúmum 37 árum, það hefur verið mikils virði fyrir þjóðina, að tryggingarnar voru teknar inn í landið. Þær hafa verið að færast inn í landið, sem betur fer, s.l. áratugi. Önnur tryggingarfélög, sem risið hafa upp á síðari árum, hafa einnig starfað að því að færa tryggingarnar inn í landið. En það er mikið ógert í þeim málum. Það er sjáanlegt af hagskýrslum, að það fara enn kannske um 20 millj. kr. árlega út úr landinu fyrir tryggingariðgjöld og bætur fram yfir það, sem kemur inn frá erlendum félögum. En þetta mál, brunatryggingar húsa, sem hér liggur fyrir, er aðeins einn liður tryggingarstarfseminnar í landinu, en hún verður með hverju ári mikilvægari öllum landsmönnum. Ég hygg, að ef það væri athugað, þá séu einmitt tryggingariðgjöldin, sem að sumu leyti eru lögboðin og að sumu leyti frjáls, stórkostlegur liður í rekstrarkostnaði okkar atvinnuvega og mjög mikils virði, ef hægt er að lækka þau. Ég er alveg viss um, að með því frv., sem hér liggur fyrir, ef það fæst samþykkt óbreytt, þá er stefnt að stórlega lækkuðum brunabótaiðgjöldum í landinu, og það eitt er stórmikils virði.

**Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 6. landsk. vil ég taka það fram, að það er síður en svo, að við í meiri hl. n. viljum banna öðrum sveitarfélögum það, sem við viljum leyfa Reykjavík, eins og hann komst að orði. Við erum a. m. k. allir þingmenn fyrir kaupstaði úti á landi og viljum gæta hagsmuna þeirra ekki síður en aðrir þm. vilja gæta hagsmuna sinna kjördæma. En það, sem við álítum óviðurkvæmilegt og viljum ekki fallast á, er, að þessum tveimur málum sé blandað saman. Brunatryggingum í Reykjavík og brunatryggingum úti á landi hefur í löggjöfinni verið haldið aðskildum, vegna þess að það stendur öðruvísi á um þær. Ég talaði í frumræðu minni um, að það bæri nauðsyn til að endurskoða grundvöllinn undir Brunabótafélagi Íslands og iðgjaldagreiðslum þar og að það mál væri í undirbúningi. Það er alls ekki undirbúið eins og það mál, sem hér liggur fyrir, og er sjálfsagt, eftir því sem mér skilst eftir atkvgr., sem hafa farið fram um þetta mál á þingi, meiri hluti fyrir því að endurskoða þennan grundvöll á réttan hátt.

Annars vil ég benda á, að það eru þrjú atriði, sem koma mjög til greina í sambandi við tryggingarmál, sem ekkert getur verið eitt út af fyrir sig. Að tryggingariðgjöldin eru lág og fást lækkuð, kemur auðvitað til af því, að það eru auknar fyrst eldvarnir og síðar brunavarnir. Þegar talað er um kostnað út af brunamálum, er ekki hægt að líta á iðgjöldin ein. Það verður líka að líta á það, sem hvert sveitar- eða bæjarfélag leggur fram til þess að forðast bruna eða draga úr honum, ef hann verður. Þessar upphæðir samanlagðar eru það, sem menn raunverulega borga til þess að forðast tjón af eldsvoða. Tryggingariðgjöldin geta því aðeins orðið lág, að eytt sé talsverðu fé til eldvarna og til brunavarna. Og tryggingariðgjöldin í Reykjavík hafa fengizt þetta niður af því, að það bæjarfélag hefur eytt sérstaklega miklu til þess að draga úr brunahættu. Þetta vildi ég aðeins benda á til að sýna, að það er ekki hægt að líta eingöngu á upphæð tryggingariðgjaldanna. Þau eru aðeins einn hluti af þessu.

Út af ræðu hv. þm. Str. vil ég aðeins taka fram örfá atriði. Mér skildist á honum, að hann hefði skilið það þannig, að útboðin hjá bæjarstjórn Reykjavíkur hefðu verið með sama hætti og áður hefði verið og það hefði ekki verið fyrr en þau bárust, að farið var að leita heimilda þeirra, sem óskað er eftir í lögum þessum. Í tilefni af þessu vil ég geta þess, sem raunar hefur áður komið óbeinlínis fram í umræðum um þetta mál, að það er meira en ár síðan bæjarstjórn Reykjavíkur ákvað að athuga þann möguleika að taka brunatryggingarnar að einhverju eða öllu leyti í sínar hendur. Út af þessari athugun var útboði til tryggingarfélaganna hagað á tvennan hátt, — fyrst eins og venjulega, en auk þess, að bærinn tæki að sér tryggingarnar og endurtryggði svo áhættuna með mismunandi móti hjá brunabótafélögunum. Það var fyrst eftir að tilboð í þessa átt höfðu borizt, að bæjarráð eða bæjarstjórn gat gert það upp við sig, hvort hún óskaði eftir, að þessi aukna heimild yrði tekin í lög. Þegar hún hafði látið sína tryggingarfræðinga athuga tilboðin, komst hún einmitt að þeirri niðurstöðu, að hún óskaði þessarar heimildar.

Hv. þm. Str. taldi það einkennilegt, að ef stórbruni kæmi, þá ætti bærinn að fara að endurgreiða tjónin eða koma með þetta nýja blóð, sem hann nefndi. Það er ekkert einkennilegt við það. Tryggingarstarfsemi er venjuleg viðskipti, og öll þau tryggingarfélög, sem hafa gert tilboð, hafa sjálfsagt ætlazt til, að þau a. m. k. töpuðu ekki

á því. Þetta nýja blóð er því ekkert annað en iðgjöld, sem húseigendur greiða, hvort sem það er greitt til bæjarins eða til einstakra félaga.

Þá minntist hv. þm. Str. á það, að reksturinn mundi verða dýrari, ef bærinn tæki þetta að sér, og minntist í því sambandi á rekstrarstarfsemi Brunabótafélags Íslands o. fl. Ég vil einmitt geta þess, að ein af ástæðunum til þess, að bærinn telur sig geta haft hag af þessu fyrir sína borgara, er sú, að innheimtukostnaður brunabótagjalda getur verið miklu ódýrari í höndum hans heldur en í höndum tryggingarfélaga, eins eða ekki síður fleiri. Þarna þarf ekki að bæta *nema einni upphæð, iðgjaldaupphæðinni, á reikninginn*, sem hverjum fasteignaeiganda er sendur yfir fasteignagjöld. Og það er þar að auki til þæginda fyrir fasteignaeigendur að fá þetta þarna á einum stað í stað þess að þurfa að fara á marga staði að greiða gjöld sín. Ég sé ekki betur en að þetta sé einmitt aukin ástæða til þess, að bærinn reyni þá leið, sem farið er fram á að honum verði veitt leyfi til.

Ég gat ekki séð, að hv. þm. Str. gæti á nokkurn hátt hrakið það, sem ég sagði um veðhæfi húsa í sambandi við að gefa tryggingarnar frjálsar. Eins og nú standa sakir, getur veðhafi gengið út frá því sem gefnu, að hann eigi veð í brunabótafjárhæð húss, ef það skyldi brenna, alveg án tillits til þess, hvort skuldari hefur trassað að greiða iðgjaldið eða ekki. Ef menn geta hlaupið á milli félaga í þessum efnum, er miklu meiri ástæða til þess að óttast, að svo geti farið, að veðið sé ekki tryggt, og ég vil einmitt í því sambandi benda á, að bæði í lögunum um Brunabótafélag Íslands og eins um brunamál hér í Reykjavík er sérstaklega tekið fram, að veðréttur veðhafa standi án tillits til greiðslu gjaldanna og án tillits til þess t. d., hvort húseigandi kveikir sjálfur í húsi sínu eða ekki, þannig að hann eftir almennum reglum mundi missa réttinn í hendur tryggingarfélaginu.

Þá minntist hv. þm. Str. á, að menn tryggðu sjálfir lausafé sitt, og fór sérstaklega nokkrum orðum um tryggingu á bifreiðum og taldi, að þar færi allt vel, og væru þó sömu vandkvæði á eins og yrðu, ef tryggingar á húseignum væru gefnar frjálsar. Í því sambandi vildi ég benda á, að tryggingar bifreiða eru ekki að öllu leyti frjálsar. Ábyrgðartryggingin er skyldutrygging, og bifreið er tekin úr umferð af bifreiðaeftirlitinu, ef ekki er greitt iðgjald af henni. Aftur á móti er kaskótryggingin frjáls, og það hefur sýnt *sig og mun sýna sig*, að menn hafa ekki hirðusemi á að tryggja kaskótryggingu eða tryggja of lágt, og er áreiðanlega mjög ábótavant í sambandi við bifreiðatryggingar, enda hefur það gert að verkum, að það er mjög erfitt að fá lán út á bíla. Annars er það náttúrlega ekki sambærilegt út frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, hversu miklu meiri nauðsyn er á því, að vel sé um búið *um tryggingu á fasteignum en um tryggingar á* lausafé.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Það hafa komið fram við þessar umr. mjög athyglisverðar upplýsingar frá hv. 6. landsk., og þessar upplýsingar, sem voru hér mjög greinilega dregnar fram í dagsljósið, eru þær, að við höfum að vísu Brunabótafélag Íslands, og þeir, sem eiga að tryggja úti um land, eru bundnir við að tryggja í því félagi án útboða. Nú hef ég ekki dregið það í efa, að Brunabótafélag Íslands hafi á þeim tíma, sem það var stofnað, og lengi á eftir gert sitt gagn. Það voru ekki til hér íslenzk vátryggingarfélög, og þess vegna gátu fasteignaeigendur ekki leitað eftir eðlilegum útboðum á tryggingum húsa. Þess vegna var, á þessu stigi, eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt að hafa Brunabótafélag Íslands til að tryggja húsin.

En nú liggja fyrir þær einkennilegu upplýsingar, að í Reykjavík, þar sem tryggingarnar hafa verið frjálsar og þar sem menn hafa verið losaðir við Brunabótafélagið, eru tryggingargjöld miklu lægri, og að hjá Brunabótafélaginu eru tryggingarnar úti um land þetta frá þrisvar *sinnum til fimm sinnum hærri en í Reykjavík*, fjórum sinnum hærri eru þau í Hafnarfirði, þrisvar til fjórum sinnum hærri hér suður á Hálsinum, þar sem nákvæmlega stendur eins á og í úthverfum Reykjavíkur, t. d. inn í Vogum, alveg álíka langt, vatnsveita á báðum stöðum, brunaliðið í Reykjavík, sem annast slökkviliðsstarfsemi, o. s. frv. Þetta er staðfesting á því, sem við höfum verið að halda fram, sem höfum viljað gefa tryggingarnar frjálsar. Það er einokun á tryggingunum utan Reykjavíkur, og niðurstaðan þessi. Og þessar upplýsingar segja miklu meira. Þær segja það, að þegar Reykjavík er tekin út úr einokun Brunabótafélags Íslands og þegar Brunabótafélagið á að fara að bjóða á móti öðrum félögum og leitar eftir tilboðum í endurtryggingar sérstaklega fyrir Reykjavík, þá kemur það út, að tilboðin eru fjórum sinnum lægri en á stöðum, sem eru hér nálægt Reykjavík. Þetta er vitanlega ekki vegna þess, að standi öðruvísi á um áhættu. Þetta er vegna þess, að þarna er leitað á fjöldamörgum stöðum eftir endurtryggingu á tryggingunum í Reykjavík, og það er allt annað tilboð í þessar endurtryggingar en félagið situr við eftir samningi, sem ég hygg, að a. m. k. hafi ekki verið breytt síðan fyrir nokkuð mörgum árum og þá ekki endurskoðaður um eitthvað einn eða tvo áratugi. Og nú á að fara þannig að, að í staðinn fyrir að taka þeirri reynslu, sem Reykjavík hefur fengið af því að vera frjáls með margfalt betri kjörum en þau bæjarfélög og sveitarfélög, sem eru bundin við einokun, þá á að snúa blaðinu við og búa til einokun á tryggingunum í Reykjavík, sem hefur reynzt verst. Það sannast, að þegar bærinn fer að tryggja, þá er það nú einu sinni svo, að það leitar í það aðgerðaleysi og leitar í þann svefn, sem kemur fram einmitt í þessum vinnubrögðum, sem alls staðar eiga sér stað að meira eða minna leyti eða a. m. k. hætt við að eigi sér stað að meira eða minna leyti, þar sem einokun er til lengdar.

Það er eiginlega það einkennilega, að eftir að *Reykjavík er búin að vera frjáls og ein* bæjarfélagið, sem hefur verið frjálst, situr við ágæt kjör, en önnur félög sitja við kjör, sem eru allt

að fimm sinnum verri, þá ætlar Reykjavík að taka upp nýtt fyrirkomulag og fara að tryggja sjálf. En svo á að halda hinum félögunum öllum í sömu klípunni og þau hafa verið, með fimmfalt hærri iðgjöld. Ég held, að það væri full ástæða til þess að fara alveg öfugt að: leyfa öðrum bæjarfélögum að njóta þess frelsis, sem Reykjavík hefur notið með góðum árangri, í staðinn fyrir að láta bæjarfélögin úti um land vera hneppt í sömu einokunina og áður og setja Reykjavík þar svo líka, bara með öðrum hætti.

Það kann að vera, að tryggingarnar verði boðnar út hér í Reykjavík, en eftir því, sem frv. liggur fyrir núna, hef ég ekki séð, að nein minnsta skylda sé fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur að bjóða út. Það er hægt að semja við eitthvert félag án þess. Ég ætla ekkert að fara að draga það í efa, að það verði leitað eftir því að fá sæmileg kjör. En hugsazt gæti það nú samt, að matið á því, við hvern ætti að semja, yrði ekki alltaf óhlutdrægt, hvort sem þessi bæjarstjórn situr eða einhver önnur, það yrði ekki farið nákvæmlega og bókstaflega eftir því, hvar kjörin verði bezt fyrir borgarana að tryggja hús sín, heldur eftir einhverjum öðrum sjónarmiðum, en sú leið er opnuð með þessu móti.

Ég hef bent á þessar staðreyndir eða öllu heldur ég hef vakið athygli á þeim, því að það er næsta furðulegt, að mér virðist, ef það á að hafa þann hátt á, að bæjar- og sveitarfélögum utan Reykjavíkur verði neitað um þann rétt að bjóða út tryggingar. Það er að vísu sagt, að það mál sé ekki undirbúið. Það er vitað mál, að jafnaðarmennirnir hér á hv. Alþ. eru á móti því að rýmka þannig um. Nú lýsa hv. sjálfstæðismenn því yfir, að þetta eigi að koma seinna, því að það sé þáltill. um þetta. Það kann að vera, að það verði svo, en megi ekki gera það núna, vegna þess að jafnaðarmennirnir fylgja málinu núna, eins og það liggur fyrir, og eiga að fá það á eftir, að Brunabótafélagið verði svo lagt niður í þeirri aðstöðu, sem það er núna, þegar búið er að koma þessu í gegn.

Þetta er alveg skökk athugun hjá hv. fulltrúum jafnaðarmanna hér á Alþ. Ég held, að Brunabótafélagið hefði gott af því að taka þátt í þessari samkeppni og mundi sjálfsagt halda áfram að verða til sem félag, þó að það þyrfti að taka þátt í slíkri samkeppni. Það mundi sjálfsagt endurskoða sinar vinnuaðferðir um endurtryggingar og fleira, og það mundi bæta stórkostlega rekstur þess, ef það þyrfti að taka þátt í slíkri samkeppni.

Ég sé nú ekki satt að segja, að það sé stórt atriði í þessu máli eða veigamikil rök að halda því fram, eins og hv. þm. Seyðf. gerir og leggur mikið upp úr, að það sé verulegt atriði, að innheimtan verði ódýrari hjá bænum. Það er þess vegna gott og rétt að upplýsa það hér, að eitt af þeim félögum, sem bauð í tryggingarnar í Reykjavík, bauðst til þess að taka að sér alla innheimtu og allt reikningshald fyrir 3% af iðgjöldum, og það er fróðlegt að sjá það síðar, þegar reikningar bæjarins verða endurskoðaðir og kostnaður við innheimtuna, hvort sá kostnaður verður 3%.

Viðvíkjandi því atriði, sem hér kom fram um tryggingar bifreiða, er vitanlega lögboðið að tryggja bifreiðar. Og við höfum aldrei haldið því fram, enda kom það greinilega fram hjá hv. 6. landsk., — við höfum aldrei haldið því fram, ég og hv. 1. þm. N-M., að ekki ætti að vera skylt að tryggja hús, og aldrei dottið í hug að halda því fram, að það ætti ekki að vera einnig um bifreiðar. En það gildir þar sú aðferð, sem ég lýsti í fyrri ræðu minni og ekki varð hrakið af hv. þm. Seyðf., að þar gildir algerlega frjáls samkeppni, og hér er um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Það má benda á það, að mikið af þessum bifreiðum, sem núna eru notaðar í langferðir um landið, eru tæki, sem kosta sum mikið á þriðja hundrað þúsund, og tryggingarnar eru í samræmi við það og í samræmi við þá áhættu. Hvers vegna ekki að lögbjóða það, að bærinn taki þessar tryggingar líka, ef hann þarf endilega að taka húsin? Hvers vegna ekki? Við erum þá komin hér inn á þá braut, sem er kannske miklu auðveldari að komast inn á heldur en að stöðva sig á.

Ég sé enga kosti við þetta frv. Hins vegar sé ég marga ókosti við það, að bærinn taki þessi mál að sér, og líklegt, að tryggingarnar verði innan stundar enn dýrari. Það sannast, að það kemst yfir þetta svipað rekstrarfyrirkomulag og hjá Brunabótafélagi Íslands, og dæmin um það hafa verið rakin greinilega. Ég álít, að það sé mikil hætta á, að það endurtaki sig allt saman í Reykjavík og að Reykjavík, sem hefur verið frjáls og er nú að taka upp nýjar aðferðir, sé að breyta stórum til hins verra.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þess hefur mjög gætt í þeim umr., sem hér hafa fram farið af hálfu þeirra hv. þm. Str. og 6. landsk., að þeir blanda saman alveg ólíkum atriðum; annars vegar því frv., sem lagt var upphaflega fyrir Nd. og varðaði einungis brunatryggingar í Reykjavík, og hins vegar framtíð Brunabótafélags Íslands. Hér er um gersamlega óskyld mál að ræða. Hv. þm. Str. sagði raunar, að Reykjavík hefði brotizt út úr Brunabótafélagi Íslands. Þetta er alger misskilningur. Sérstök lagaákvæði um brunatryggingar í Reykjavík voru sett löngu áður en Brunabótafélag Íslands varð til, og varð Brunabótafélag Íslands þó til eða lög sett um það fyrst töluvert áður en hv. þm. virðast gera ráð fyrir.

Það var strax 1874, sem sérákvæði voru sett um brunatryggingar í Reykjavík, og ætíð síðan hafa sérstök ákvæði gilt um brunatryggingar hér. Þegar fyrst voru sett l. um Brunabótafélag Íslands, en það var gert 1907 og síðan endurnýjað með l. 1915, og segja má, að félagið í núverandi mynd hafi þá fyrst byrjað að starfa, þá, í bæði þessi skipti og ætíð síðan, hafa brunatryggingar í Reykjavík verið teknar undan starfsemi Brunabótafélags Íslands af sjálfum löggjafanum, vegna þess að sérlög giltu um brunatryggingar hér. Aldrei fyrr en nú hefur verið talin ástæða til að blanda þessum tveimur atriðum saman, og það er auðskilið, af hverju aðstaðan var hér önnur. Annars vegar var það vegna þess, að þéttbýli var hér meira og að sumu leyti meiri hætta á stórfelldum skaða, a. m. k. meðan bærinn var fyrst og fremst timb-

urhúsabær, en hins vegar einnig, og þess hefur gætt í vaxandi mæli á seinni árum, voru aðstæður hér til brunavarna miklu betri en nokkurs staðar annars á landinu.

Þess vegna hafa ætíð frá fyrstu tíð verið sérákvæði um brunatryggingar hér í Reykjavík og þeim ákvæðum alltaf verið haldið lausum við fyrirmælin um Brunabótafélag Íslands. Það er ekki fyrr en við 2. umr. málsins í Nd., að skotið er fleyg inn í þetta mál, ekki af velvilja til að greiða fyrir sjálfu frv., heldur til þess að hindra framgang þess og þvæla málið, og það kemur bezt fram í afstöðu hv. þm. Str. Hv. 6. landsk. sagði að vísu, að það væru sjálfstæðismenn, sem vildu halda landsbyggðinni fyrir utan þetta frv., og hv. þm. Str. fór um það mörgum orðum, hversu fráleitt væri að vilja hindra landsbyggðina í því að njóta sama frelsis í þessum efnum og Reykjavík hefði notið. En það er eftirtektarvert, að hv. þm. Str. hefur sjálfur borið fram brtt. á þskj. 607 varðandi þetta mál, þar sem hann tekur landsbyggðina algerlega út úr málinu, þar sem hann vill svipta landsbyggðina því frelsi, sem hann var svo fagurlega að tala um hér áðan að hún þyrfti að hafa, og þetta sannar einungis það, sem vitað var og raunar sást strax á till. framsóknarmanna í Nd., að þeir hafa ekki áhuga fyrir því að blanda Brunabótafélagi Íslands og landsbyggðinni inn í þetta mál af áhuga fyrir velgengni þessara aðila út af fyrir sig, heldur til þess að hindra samþykkt frv. um brunatryggingar í Reykjavík. Það var ljóst, eins og ég segi, strax af till. Framsfl. í Nd. Það voru flokksbræður hv. 6. landsk., sem þar báru fram þær till., sem nú móta frv. En þetta verður enn þá berara af þeim brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. þm. Str. og að því er ég fæ bezt séð takmarka frv. einungis við Reykjavík og taka út úr því ákvæðið um Brunabótafélag Íslands og frelsi landsbyggðarinnar í þessum efnum. Það er sem sagt ekki málefnaleg afstaða Framsfl., sem ræður því, að hv. þm. Str. tekur upp þessa baráttu hér, heldur einungis viljinn til þess að reyna að hindra samþykkt þess frv., sem 14 bæjarfulltrúar af 15 í bæjarstjórn Reykjavíkur hafa lagt til að við hér samþykktum.

Ef þeir, hv. þm. Str. og hans félagar í þessu máli, telja sig geta fengið vilja sínum framgengt í þessu, að brjóta vilja fulltrúa Reykjavíkur á bak aftur, þá vilja þeir sleppa frelsinu fyrir annað landsfólk. En þeir vilja ganga inn á það að gefa landsfólkinu þetta frelsi, ef þeir geti þar með gengið á svig við eða hindrað þær óskir, sem bæjarstjórn Reykjavíkur með svo yfirgnæfandi meiri hluta hefur samþykkt.

Ég skal ekkert fara hér út í það að ræða verðleika Brunabótafélags Íslands. Ég læt það mál afskiptalaust. Ég vil þó aðeins minna á, að í l. um Brunabótafélag Íslands stendur: „Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða.“ Þetta er ákveðið í 1. gr., að það er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, og í 17. gr. segir, að ef arður þess fer fram úr því marki, sem þar er sett, sem raunar er allóákveðið og á valdi stjórnenda félagsins, þá eigi að endurgreiða arðinn til vátryggjendanna sjálfra. Ef menn telja, að Brunabótafélagið hafi ekki gegnt skyldu sinni eins og vera ber, þá er það verkefni út af fyrir sig annaðhvort að leggja niður eða leysa upp þetta gagnkvæma ábyrgðarfélag vátryggjenda eða fá þær umbætur á rekstri þess, sem taldar eru nauðsynlegar. Það kann að vera rétt að gera það; ég skal ekki um það segja. Rök þau, sem hv. 6. landsk. þm. færði fram, kynnu að benda til þess, að þar hafi ekki að öllu leyti verið haldið á eins og skyldi. Ég hef ekki heyrt svar Brunabótafélagsins við því, en vissulega er nauðsynlegt að heyra það, áður en dómur er kveðinn upp í málinu, en það er atriði út af fyrir sig. Það er atriði, sem verður að kveða á um, ef menn vilja taka til endurskoðunar eða breytingar lögin um Brunabótafélag Íslands, en varðar ekki á neinn hátt það sérmál Reykjavíkur, sem hefur verið sérmál hennar, brunatryggingar þar, allt frá því áður en við fengum stjórnarskrá setta fyrir Ísland, og væri þess vegna algert nýmæli í sögu Alþ., ef nú ætti að fara að blanda saman við þetta því gersamlega óskylda máli, sem gæti leitt til þess, ef frv. væri ekki breytt aftur í samræmi við till. hv. meiri hl. n., að gersamlega fölsk mynd af þingviljanum kæmi út. Það má vel vera, að ýmsir, sem alls ekki vilja fallast á að leysa upp Brunabótafélag Íslands, mundu engu að síður greiða atkvæði með frv., vegna þess að þeir telji frv. svo mikils vert fyrir Reykjavík, að þeir vilji ekki láta stöðva það þrátt fyrir þennan fleyg, sem inn í það hefur komið. Alveg eins og það er sannað, að hv. þm. Str. og hans félagar vilja gjarnan sleppa Brunabótafélagi Íslands, bara ef þeir geta komið vilja sínum fram í Reykjavík, þannig höfum við enga hugmynd um það, hver afstaða þeirra yrði til þess, einstakra framsóknarmanna, ef þeir ættu að kveða sérstaklega á á þinglegan hátt um framtíð Brunabótafélags Íslands. Þess vegna er sá eini rétti þinglegi máti í þessu að fella burt það gersamlega óskylda atriði, sem skotið var inn í málið í Nd. til þess að reyna að hindra sanngjarna ósk Reykvíkinga, en síðan flytji áhugamenn um tilveru eða upplausn Brunabótafélags Íslands till., eins og komið hefur fram, um endurskoðun á starfrækslu félagsins eða um að gefa sveitarfélögunum eftir hæfilegan tíma frelsi í þessum efnum. Og það er ekkert launungarmál, að það er í undirbúningi flutningur slíks sérstaks frv., þannig að frjáls og ófalsaður þingvilji geti komið fram í því máli, en ekki verði blandað saman við gersamlega óskylt mál.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Það er nú nokkuð föst venja hjá hæstv. dómsmrh., að þegar hann á afar erfitt með að verja mál, sá ágæti málafylgjumaður, þá hefur hann á takteinum fastar setningar, sem ganga eins og rauður þráður í gegnum allar ræður, og það er það, að andstæðingarnir blandi saman óskyldum atriðum, þeir rugli saman gersamlega óskyldum málum. Þessar setningar munu menn geta fundið alls staðar þar, sem hæstv. dómsmrh. er á veikum ís og getur ekki raunverulega varið mál sín. Það er vitanlega ekkert óskylt mál, heldur eins skylt og það getur frekast verið, hvort borgari hérna suður á Digraneshálsinum á að borga fimmfalt

hærri iðgjöld af húsum sínum í brunatryggingar heldur en í Reykjavík, og sama er úti um allt land. Það skiptir vitanlega alls engu máli í því sambandi, þó að Reykjavík hafi ekki verið sett undir lög Brunabótafélags Íslands. Núna hafa skapazt í þessu landi nægilega sterk brunabótafélög með mjög voldug samtök að baki sér erlendis, sem geta tekið að sér allar tryggingar bæði í Reykjavík og annars staðar. Þess vegna er það ástand, sem var til staðar, þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað, alls ekki til staðar lengur. Þó að það hafi gilt önnur lög um brunatryggingar í Reykjavík og brunatryggingar úti á landi til þessa, þá segir enginn, að það þurfi að vera framvegis, og málin eru svo fjarri því að vera óskyld, að fyrir borgarana í landinu er þetta utan Reykjavíkur nákvæmlega sama málið eins og fyrir borgarana í Reykjavík.

Hæstv. ráðh. segir, og það er önnur rökblekkingin, vegna þess að hann getur alls ekki varið þetta mál undir neinum kringumstæðum, að það sýni bezt málafærsluna hjá mér, að ég kem fram með till. um að hafa tryggingarnar algerlega frjálsar í Reykjavík, þ. e. a. s., að húseigendunum sé skylt að tryggja, en geti tryggt, eins og þeir tryggja lausafé, hvar sem þeir vilja, en sleppi algerlega út úr þessu Brunabótafélagi Íslands. Öll málafærsla hans hér í d. er svo um það, að það sé hið mesta réttlætismál að gefa borgurunum utan Reykjavíkur heimild til þess að bjóða tryggingarnar út eins og gert er núna í Reykjavík og gert hefur verið undanfarið. En í fyrstu ræðu minni lýsti ég því yfir, að ég ætlaði að bera þessa till. fram við 3. umr., og ég man ekki betur en að hæstv. dómsmrh. sæti hérna í þd. En meginhlutinn af ræðu hans er það, að hæstv. ráðh. hellir úr skálum reiði sinnar yfir þessari tvöfeldni, að ég skuli halda því fram, að menn þurfi ekki að hafa frelsi utan Reykjavíkur, eftir að það er sýnt, að menn búa við þessi geysilega háu iðgjöld, og þó er það staðreynd, að ég lýsti því yfir, að ég mundi bera þessa till. fram við 3. umr., lýsti því yfir í frumræðu minni.

Ég álít, að það sé alls ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að í því felist hætta að gefa tryggingarnar frjálsar utan Reykjavíkur, þ. e. a. s. láta Brunabótafélag Íslands og önnur félög hafa jafna aðstöðu til tryggginganna. Brunabótafélag Íslands er orðið það voldugt félag núna, að það meira að segja býður í tryggingarnar í Reykjavík. Svona er ástandið breytt. Það mun vera alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það var talið, þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað, að það væri ekki fært um að taka að sér jafnstórar brunatryggingar og jafnmikla áhættu og væri í Reykjavík. Nú dettur engum í hug að efast um það, að Brunabótafélag Íslands með þeim samböndum, sem það hefur, og þeim eignum, sem það á, er fært um að taka að sér tryggingar í Reykjavík, og þess vegna býður það í þær á frjálsum markaði. Á því geta menn séð, hvað aðstæðurnar eru breyttar, og einmitt samkvæmt þeim orðum, sem féllu hjá hæstv. ráðh., sjá menn þann stórkostlega mun, sem nú er orðinn á aðstöðu tryggingarfélaganna og var, þegar Brunabótafélagið var stofnað. Hvers vegna má þá ekki breyta þessu öllu saman þannig, eins og ég hef margsinnis bent á, að hafa þetta allt saman frjálst? Hver segir það, að það sé sama og að leggja Brunabótafélag Íslands niður? Eins og málið liggur fyrir núna, þá eru það alveg eðlileg vinnubrögð, þar sem verið er að ræða um tryggingarnar í Reykjavík, að bera fyrst fram þær brtt., sem hér liggja fyrir, og gera svo tilraun um það við 3. umr., hvort hægt er að fá hv. þd. til þess að veita bæjarfélögunum og íbúunum úti um landið tækifæri til þess að njóta þeirra útboða, sem Reykjavík hefur notið undanfarin ár, með þeim árangri, sem hér hefur verið rakinn, því að það eru ekki neinir smámunir, hvort húseigendur úti um land þurfa áframhaldandi vegna tregðu frá Alþ. að búa við þau kjör, sem þeir búa nú, að því er upplýst hefur verið í þessum umr.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. talaði hér með miklum hita, að því er mér virtist, og fullyrti, að ég og hv. þm. Str. hefðum blandað saman alls óskyldum málum, þegar við töluðum annars vegar um brunatryggingar í Reykjavík og hins vegar um brunatryggingar annars staðar á landinu. Ég held nú, að hæstv. ráðh. þyrfti lengi að tala og oft til þess að sannfæra menn um það, að brunatryggingar í Reykjavík og annars staðar á landinu séu alls óskyld mál. Hv. þm. Str. hefur tekið þessa fjarstæðu hæstv. ráðh. til meðferðar og hrakið hana, enda hrekur hún sig sjálf. Það má líka benda á það, eins og hv. þm. Str. raunar gerði, að Brunabótafélag Íslands telur ekki þetta svo óskylt mál, að það bauð einmitt í allar brunatryggingar í Reykjavík á þeim grundvelli, sem því er nú skapaður með þeim lögum, sem um það gilda og hæstv. ráðh. var að vitna í. Það telur sér algerlega frjálst og heimilt samkvæmt þeim lögum, og réttilega, að ég hygg, að bjóða í frjálsar tryggingar. Það hefur líka allmikið af frjálsum tryggingum, bæði hús, önnur en íbúðarhús, og innanstokksmuni. Ég hygg, að það hafi um ½ millj. kr. í tekjur af iðgjöldum af frjálsum tryggingum.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að það hefði verið í hv. Nd. skotið fleyg inn í þetta frv. til þess að hindra framgang þess. Ég vil eindregið og ákveðið mótmæla þessu sem alveg staðleysu. Það er vitanlegt, og það veit hæstv. ráðh. vel, að þeir, sem stóðu að þeirri brtt., sem samþ. var inn í frv. í Nd., fylgdu frv. fram og tryggðu framgang þess, en hindruðu hann ekki, og sama mun verða hér. Ég lýsti því yfir í fyrri ræðu minni, að ég gæti einmitt ekki fylgt till. hv. minni hl. n. vegna þess, að það kynni að hindra framgang þessa máls. Ég vil, að þetta mál gangi fram og Reykjavíkurbær fái þær heimildir, sem hann hefur óskað eftir með miklum meiri hluta í bæjarstj. Reykjavíkur, eins og hæstv. ráðh. benti á. Ég tel það eðlilegt, að hann fái þær heimildir. En ég tel líka jafneðlilegt, að önnur sveitarfélög á landinu fái sömu heimildir. Og hæstv. ráðh. veit það vel, að alveg eins og það liggja fyrir óskir bæjarstj. Reykjavíkur um þetta, þá liggja einnig fyrir óskir og kröfur annarra sveitarfélaga á landinu, margra kaupstaða um það, að þeir verði leystir undan þeirri skyldu að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands og verði

veitt heimild til þess að bjóða út sínar tryggingar, og ég veit, að hæstv. ráðh. veit það líka vel, að það eru hans flokksbræður í bæjarstj. kaupstaðanna, sem hafa staðið að þeim samþykktum og kröfum, sem hafa verið gerðar um þetta, engu síður en aðrir. Slíkar samþykktir liggja fyrir, hygg ég, frá bæjarstj. flestra kaupstaða. Meðal annars hefur það komið fram í blöðum, að bæjarstj. Vestmannaeyja og bæjarráð hefur nýlega gert samþykktir um þetta og skorað á þm. kjördæmisins að beita sér fyrir lagasetningu, sem losaði brunatryggjendur í Vestmannaeyjum undan skyldutryggingum hjá Brunabótafélagi Íslands. Það liggur, eins og ég sagði, alveg ljóst fyrir, óskir sveitarfélaganna, kaupstaðanna, stærri bæjarfélaga í þessu efni, alveg jafngreinilega og óskir bæjarstj. Reykjavíkur, og með framgangi þessa frv. óbreytts eins og það liggur nú fyrir er það tryggt, að orðið verði við þessum óskum, ekki aðeins bæjarstjórnar Reykjavíkur, heldur annarra bæjarstj. á landinu. Rökin fyrir þessum óskum kaupstaðanna eru ljós og alveg óhrekjandi. Um hitt má miklu fremur deila, hvort það fyrirkomulag trygginganna, sem bæjarstj. Reykjavíkur óskar eftir, er hið eina rétta og sjálfsagða. Það er annað mál. En það er tryggt með framgangi þessa frv. óbreytts, að bæjarstj. Reykjavíkur fær vilja sinn í því efni.

Það er svo mikil fjarstæða, sem hér hefur verið haldið fram, að það sé verið að leysa upp Brunabótafélag Íslands með samþykkt þessa frv., að það þarf raunar ekki að hrekja, en ég vék að því í fyrri ræðu minni. En þessu er nú haldið fram í greinargerð þeirrar þáltill., sem hér hefur verið lögð fram á hv. Alþ. til málamynda til þess að skjóta sér undan ábyrgð, sem hvílir á þeim hv. þm., sem að þeirri þáltill. standa. Ég tek þær fullyrðingar ekki alvarlega. Það er alveg ljóst, að Brunabótafélag Íslands getur starfað og tekið að sér á frjálsum grundvelli tryggingar, sem því er ekki boðið með lögum sínum að taka að sér, sbr. það, að það bauð í allar brunatryggingar í Reykjavík. Hitt er annað mál, að það þyrfti að gera og væri sjálfsagt að gera ýmsar breytingar á lögunum um Brunabótafélag Íslands. Það er annað mál, en það kemur ekki við þessu máli. En ef þetta mál á að ná fram að ganga, þá mun það verða í því formi, sem það nú er, vona ég, annars ekki.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að fara að skattyrðast um þetta mál. Það liggur alveg glöggt fyrir bæði efni þess og hvernig stendur á, að sá fleygur var samþ., sem hv. Nd. setti í frv. Ég hef ekki haldið því fram, að flokksbræður hv. 6. landsk. þm. hafi borið fram sína till. eða samþ. hana til þess að eyðileggja þetta mál. Ég hef látið það kyrrt liggja. Hitt hef ég fullyrt, að hún hefði ekki verið samþ., nema aðrir gengju til liðs við hana, sem með eigin till. hafa sýnt, að þeir hafa allt önnur áhugaefni í þessum efnum en hv. 6. landsk. þm. og hans flokksbræður segjast hafa. Ég skal láta það kyrrt liggja, hvort það er af réttmætri ástæðu, að hv. 6. landsk. tók til sín ásakanir um óheilindi í þessu. Ég hef ekki haldið því fram, en honum gefst þá færi á að sýna stuðning sinn við efni sinnar till. nú síðar á þinginu bæði með þátttöku í samþykkt þáltill. og með afstöðu til þess frv., sem mun verða borið fram hér í hv. d. og þegar er í undirbúningi og flutt verður af tveimur sjálfstæðismönnum varðandi það sérstaka mál, framtíð Brunabótafélags Íslands og frjálsræði sveitarfélaganna í þeim efnum. Ég vil taka það fram til þess að firra öllum misskilningi, að sjálfur hef ég ekki gert upp minn hug í því efni. Það er svo flókið, að ég hef ekki enn þá getað gert mér grein fyrir afgreiðslu þess. En það er eðlilegt, að þeir, sem nú þegar eru reiðubúnir til þess að taka afstöðu til þess máls, beri fram um það till. í því formi, að þær geti fengið þinglega afgreiðslu, svo að þeim sé ekki skotið inn í annað mikilsvert mál með þeim afleiðingum, að falskur þingvilji komi fram, á hvorn veginn sem því er ráðið til lykta.

Hv. þm. Str. hélt því fram, að ég héldi því stundum á lofti, að menn rugluðu saman óskyldum atriðum. Mér er það til leiðinda, ef hv. þm. Str. telur sig særðan af slíku, að nokkuð oft sé bent á, að sumir menn hafa ekki nógu skýra dómgreind. En það haggar ekki því, að frumskilyrði til þess að átta sig á málum er að gera sér grein fyrir sérstöku eðli hvers einstaks máls og blanda ekki saman alveg ólíkum atriðum.

Hv. þm. Str. sagðist í fyrstu ræðu sinni hafa boðað brtt. við 3. umr. Ég skal ekki fara að þræta við hann um það. Það má sjálfsagt heyra það á stálþræðinum, sem við höfum nú sannfærzt um að segir alltaf rétt, hvað hv. þm. hefur sagt. En það var eftirtektarvert, að það var komið fram á varirnar á hv. þm. jafnvel í seinni ræðunni, að hann mundi bera fram brtt. við 3. umr., og þá stanzaði hann skyndilega, af því að hann ætlaði að bæta við, ef brtt. okkar hérna verða ekki samþ. Það felldi hann nú niður, og það er getgáta mín, að hann hafi ætlað að bæta því við, en áttaði sig á seinustu stundu. En það er annað, sem engin getgáta þarf að vera um, og við skulum bara lesa síðustu brtt. frá hv. þm. Str., með leyfi hæstv. forseta. Þar segir hann: „Fyrirsögn orðist svo: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.“ Hann, þessi mjög þingvani maður, sem aldrei segist blanda saman óskyldum atriðum, hefur þá einkennilegu aðferð í þingmáli, að hann flytur till. við 2. umr. um að takmarka málið við Reykjavík, frá því formi, sem það er í núna, til þess að ætla svo við 3. umr. að breyta fyrirsögninni aftur í það sama horf sem frv. er í í dag. Trúi því hver sem trúa vill. Nei, auðvitað er það óhagganleg staðreynd, sem bæði till. framsóknarmanna í Nd. og þær till., sem hér liggja fyrir óhagganlegar á þskj. 607, sýna og sanna, að hv. framsóknarmenn, a. m. k. hv. þm. Str. og hv. 1. þm. N-M., vilja mjög gjarnan sætta sig við að láta landsbyggðina vera í því ófrelsi, sem hv. þm. Str. talar um, láta Brunabótafélagið vera óbreytt, bara ef þeir geti fengið að ráða meira um sérmálefni Reykjavíkur heldur en 14 bæjarfulltrúar hér í bænum af 15 leggja til. Sem betur fer held ég nú, að það sé ekki þingvilji fyrir slíkum aðförum.

Ég hef sannast sagt látið mér nægja hér að benda á þá mjög óþinglegu aðferð, sem við var höfð í hv. Nd. og hv. þm. Str. og hv. 1. þm. N-M. reyna að fá þessa d. til að fallast á. Ég hef hins vegar látið það óumtalað, vegna þess að hv. þm. Seyðf. gerði því alveg full skil, að þetta mál er mjög mikið sanngirnismál af hálfu Reykvíkinga og að till. hv. þm. Framsfl. eru í þessu efni alls ekki í samræmi hvorki við óskir fulltrúa Reykvíkinga né heldur í samræmi við raunverulega hagsmuni þeirra.

Hv. þm. talar um það, að það mundi vera hægt með frjálsri tryggingu hvers einstaks húss hér í Reykjavík að ná *lægri iðgjöldum en ella*. Trúi hver því sem trúa vill. Ég trúi því ekki, og ég efast mjög um, að reynslan af hinum frjálsu tryggingum á lausafjármunum sanni þetta. Ég hygg einmitt, að þar komi í ljós, að af lausafjármunum, sem eru í frjálsri tryggingu, séu mun hærri iðgjöld en nú hefur fengizt með hinni sameiginlegu tryggingu húsanna hér í Reykjavík, *og þetta er ósköp eðlilegt, vegna* þess að allar vátryggingar byggja á almennri þátttöku og iðgjaldið verður þeim mun lægra sem þátttakan er almennari. Þetta er eðli trygginganna, svo að ef tryggingar eru takmarkaðar og aðeins lítill hluti af fjöldanum tryggir hjá einstökum aðila, þá verður áhættuatriðið þeim mun meira, og sá, sem tekur að sér vátryggingarnar, verður þess vegna að gera ráð fyrir að verða fyrir tiltölulega stærri sköðum án þess að geta fengið næg iðgjöld til þess að vega þar upp á móti.

Vátryggingar yfirleitt eru einmitt þess eðlis, að þær kalla á almenna þátttöku miklu meira en nokkur önnur efnahagsstarfsemi. Þess vegna er það mjög eftirtektarvert, að þó að Reykvíkingar hafi verið og það hafi einkennt okkar bæjarfélag frá upphafi, að hér eru menn umfram aðra landsmenn unnandi frjálsræði í verzlun og viðskiptum, þá hafa menn alltaf gert sér grein fyrir því, að það er til hagsmuna fyrir allan fjöldann og að lokum fyrir hvern einstakling, að skyldutrygging á húseignum í bænum eigi sér stað. Þess vegna gerðust Reykvíkingar forgöngumenn í þessum efnum hér á landi, og það er ekkert komið á daginn enn, sem geri það að verkum, að menn vilji hverfa frá þessari fornu braut. Það er einnig ljóst, að ef hér ætti að vera frjáls trygging á einstökum húsum, þá er viðbúið, að í gamla bænum, í timburhúsum, þar sem mikið af efnaminni borgurum bæjarins býr, hlyti vátryggingargjaldið að verða mun hærra en ella, þar sem tryggjendurnir gætu þá ekki á nokkurn hátt reiknað með því að fá þann ágóða, sem ætla má, að verði af hinum nýbyggðu hverfum, sem eru öruggari í þessum efnum gegn hættu.

Sú till., sem hv. þm. Str. og hv. þm. N-M. hér gerast talsmenn fyrir, mundi þess vegna beint stefna til aukins ójafnaðar og misréttis milli borgaranna, vegna þess að allir þurfa á tryggingum að halda. Og það er langeðlilegast, úr því að Reykjavík er orðin svo stór, að hún getur með skynsamlegu móti tekið á sig þessar tryggingar, að þá geri bæjarfélagið það með sömu aðferð og tryggingarfélög almennt gera, þ. e. a. s. með heilbrigðum endurtryggingum til þess að dreifa áhættunni.

Það stendur þess vegna á sama, hvort litið er á efni málsins eða það form, sem það er í, að þá er ljóst, að afstaða hv. þm. Str. og hans félaga í þessu efni er með öllu óverjandi og ósamkvæm sjálfri sér.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Það er mjög stutt athugasemd, og hún er á þá leið, að raunverulega er hæstv. ráðh. það ljósara en öllum öðrum mönnum, að allt þetta brölt um tryggingar í Reykjavík er af einni rót runnið. Og það er *alveg óþarfi fyrir hæstv. ráðh.* að nota tímann til þess að tala um þetta mál, þegar aðrir hafa ekki aðstöðu til að gera nema stuttar athugasemdir, og fyllast að því er virðist heilagri vandlætingu yfir afstöðu annarra manna í þessu máli. Það er vitað mál, að allt þetta er vegna þess, að tryggingarnar í Reykjavík voru boðnar út og Samvinnutryggingar urðu lægstar. Og *maður hikar við að segja* sannleikann í þessu máli, vegna þess að það er rétt að það er þinghæft að segja hann: að þjóðfélag okkar skuli vera á því stigi, að það eru boðnar út tryggingar, og af því að það sýnir sig, að félag, sem ekki er í náðinni hjá bæjarstj., er lægst, þá er rokið til með frv. hér á Alþ., sem nú er orðið of seint að koma í gegn, vegna þess að það er ekki hugsað fyrir því, fyrr en það sýnir sig, að Samvinnutryggingar eru lægstar. Þess vegna verður að tryggja húseignir til bráðabirgða í Reykjavík í hálfan mánuð. Allir sjá það auðvitað, að ef ætlunin var að fara inn á þessa leið, þá hefði löggjöf um þetta efni komið inn á þingið fyrr en þetta. Það var tækifæri til að koma með hana fyrir nýár, og þá væri búið að koma henni í gegn núna. En það þurfti ekki á því að halda, ef það hefði ekki orðið þannig, að þetta tryggingarfélag var lægst. Svo kemur hæstv. ráðh. hér og er með ákaflega mikla vandlætingu út af afstöðu annarra manna, sem vilja, að þetta sé frjálst. Og ástæðan til þess, að við viljum hafa þetta frjálst, er beinlínis sú, að við trúum ekki bæjarstj. Reykjavíkur, eins og hún er núna skipuð, til þess að reikna út, eftir þeim útreikningum, sem hafa farið fram núna síðast viðkomandi þeim tryggingum, sem hér liggja fyrir, hvað sé lægsta boð. Það hefur m. a. komið fram í bæjarstj., að þess hefur verið krafizt af einu tryggingarfélaginu, að hagstofu Íslands eða hlutlausum mönnum yrði falið að reikna út, hverjar tryggingar væru lægstar, vegna þess, hvernig tryggingarnar eru reiknaðar út af þeim tryggingarfræðingum bæjarins, sem eru látnir reikna út, hvað sé lægsta boð. Því er neitað af meiri hluta bæjarstj. að láta hagstofuna reikna út, hvað sé lægsta boð. Og því er neitað að láta óhlutdræga sérfræðinga í tryggingarmálum reikna það út. Þetta vita allir og enginn betur en hæstv. ráðh. Það má nærri geta, þegar þannig er unnið, hvernig verður unnið í þessum málum, þegar ekki er einu sinni skylda að bjóða út tryggingarnar. Núna eru þær þó boðnar út, en útboðin duga ekki. Það fá ekki hlutlausir sérfræðingar í tryggingarmálum að reikna út, hver hefur lægsta boð. Og þá geta allir furðað sig

á því, sem vilja, þó að ég og ýmsir aðrir þm. vilji ekki trúa meiri hluta bæjarstj. til þess að annast tryggingarnar án útboða, fyrst farið er þannig með þær, þegar þær eru þó boðnar út.

Það hafa engin rök komið fram í þessu máli fyrir því, að frjálsar tryggingar séu ekki hér eins og erlendis það hyggilegasta. Tryggingarnar eru núna komnar á það stig, að það þarf ekki að beita þeim fyrri aðferðum, sem hér var beitt, vegna þess að hér voru ekki til nægilega sterk tryggingarfélög. Það er komin samkeppni milli margra sterkra félaga, alveg nákvæmlega eins og tíðkast hjá þeim þjóðum, sem fremst eru komnar í tryggingum, og nefni ég þar England og Norðurlandaþjóðirnar. Og það eru þessar aðferðir, sem við stingum upp á, að verði notaðar hér. Það þarf enga milligöngu bæjarstjórnarinnar með sinn sérstaka sérfræðing til þess að reikna út, hvað er lægsta boð. Borgararnir geta gert það hér sjálfir eins og annars staðar.

Nú á að taka upp þá aðferð að semja við þá, sem hafa náð hjá meiri hluta bæjarstjórnarinnar, án útboða, og það má nærri geta, hvernig þeirra samningar verða. (Gripið fram í.) Ja, ég tók það fram síðast, eins og þegar hefur verið lýst hér.

Þetta er sú stutta aths., sem ég vil gera út af þessu máli í sérstöku tilefni þess, að hæstv. dómsmrh. sveigði að mér og hv. 1. þm. N-M. í þá átt, að það byggi einhver óheilbrigður tilgangur bak við þær till., sem hér liggja fyrir um frjálsa samkeppni í tryggingum.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Hv. þm. Str. sagði, að það, sem hann ætlaði nú að segja, væri naumast þinghæft. Hann verður að dæma um það sjálfur, en efni málsins duldist ekki, að hann kom hér fram sem aðili ákveðins verzlunarfyrirtækis, Samvinnutrygginga, og gerðist talsmaður þess. Ég kem hér aftur á móti fram sem fulltrúi 14 bæjarfulltrúa í Reykjavík af 15 og hef engu að leyna í þessu sambandi.

Hv. þm. sagði eða lét skína í, að það væri verið að breyta til frá útboðinu. Þetta er algerlega rangt. Ég veit ekki betur, — og hv. þm. getur leiðrétt mig, ef það er misskilningur hjá mér, — heldur en að það hafi verið boðið út með tvennum hætti, annars vegar, að tryggt yrði á sama veg og verið hefur að undanförnu, hins vegar gert ráð fyrir þeim möguleika, að bærinn tæki að sér tryggingar allar og endurtryggt yrði. Er þetta ekki rétt? Hv. þm. mótmælir því ekki. Þess vegna er sú ráðstöfun, sem hér er gerð, í fullu samræmi við útboðið, og allir þeir, sem þátt tóku í því, hlutu að reikna með því, að sá möguleiki yrði valinn, og 14 bæjarfulltrúar af 15 taka ekki þá ákvörðun að velja endurtryggingarnar fyrr en þeir sjá, að það muni verða bænum hagkvæmara en hinn möguleikinn. Hitt veit ég mjög gerla, vegna þess að það var m. a. rætt um það við mig og ýmsa fleiri snemma á s. l. ári, löngu áður en útboðin voru gerð, að menn voru þá þegar farnir að bollaleggja, að tími væri til þess kominn, að bærinn tæki að sér tryggingarnar sjálfur, en léti ekki sama hátt vera á eins og áður. Það sýnir einmitt sanngirni bæjarstjórnarmeirihlutans, að hann skyldi þó ekki taka ákvörðun um þetta fyrr en útboð eru gerð á báðum grundvöllunum, þannig að ljóst liggur fyrir, hvað hagkvæmast er, og það er mjög eftirtektarvert, að eftir að hv. þm. Str. er nú búinn að afhjúpa sig, segja það, sem hann segir að ekki sé þinghæft, kemur fram sem allsnakinn umboðsmaður ákveðins tryggingarfélags hér í bænum, þá ætlar hann að bjarga sér með því að bera á einn bezta og samvizkusamasta starfsmann Reykjavíkurbæjar — ég vil segja bezta og samvizkusamasta fræðimann í sínum greinum hér á landi — dr. Björn Björnsson, að hann sé ekki hlutlaus aðili í þessum efnum. Þeir menn, sem á slíkum málflutningi þurfa að halda, eru sannarlega illa komnir, og það er sárgrætilegt og sýnir fram á, hversu hv. þm. Str. hefur hér illan málstað, að hann, jafnglöggur og skilríkur maður, þurfi að grípa til slíkra ráða, — alveg eins og hann lætur sem það sé hér einhver hætta á því, að endurtryggingarnar verði ekki boðnar út.

Hv. þm. segir, að það sé þó einhver munur, meðan tryggingarnar hafi verið boðnar út. Það hefur engin skylda verið til þess í l. fram að þessu að bjóða tryggingarnar út. Bæjarstjórnarmeirihlutinn hefði öll þau ár, sem hann hefur haft með þessi mál að gera, getað samið við hvert það félag, sem hann vildi, án útboðs, ef hann hefði kosið þær vinnuaðferðir. Hann hefur ekki gert það, og að sjálfsögðu efast ég ekki um það, að hann muni í framtíðinni bjóða út endurtryggingarnar alveg á sama hátt og hann hefur gert með sjálfar tryggingarnar, meðan samið var á þeim grundvelli. Bæjarstjórnarmeirihlutinn fer eftir útboðum, en hv. þm. Str. vill láta semja við sitt félag, hvað sem öllum staðreyndum líður. Í þessu liggur munurinn.

ATKVGR.

Brtt. 607,a felld með 10:7 atkv.

— 602,1 samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JK, LJóh, SÓÓ, BBen, GÍG, HG, IngF, JJós, GíslJ.

**nei:** KK, PZ, VH, AE, BSt, BrB, FRV, HermJ.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

**Jóhann Jósefsson:** Með því að ég er samþykkur því, að bæjarfélögin og sveitarfélögin fái frelsi í því að velja sér vátryggingarstað framvegis, hef ég ásamt hv. þm. Hafnf. lagt fram sérstakt frv. um þetta efni, þótt því sé ekki útbýtt nú í þessari hv. d. Af því að við teljum þá aðferð réttari en að samþykkja slíkt efni í því óþinglega formi, sem það er fram komið í hv. Nd., þá segi ég já við þessari brtt. á þskj. 602.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 607,b—f teknar aftur.

— 602,2 samþ. með 11:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 602,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 602,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.**

---

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 631, 632).

**Frsm. meiri hl. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Ég gat þess í framsöguræðu minni fyrir þessu máli við 2. umr., að meiri hl. allshn. væri að athuga að taka upp brtt. þá, sem hv. 3. þm. Reykv. (BÓ) kom fram með í Nd. við frv., en tók aftur til þess að tefja ekki málið þar. Það hefur nú orðið að samkomulagi með okkur þremur þm., sem myndum meiri hl. í þessu máli, að bera fram till., sem að efninu til er samhljóða henni, og ég hef borið málið undir borgarstj. í Reykjavík, sem er þessu samþykkur. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég mega lesa upp þessa brtt.:

„Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr. (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmust tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr. — Útboð samkv. 1. málsgr. 1. gr. skulu fara fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti."

Eins og sést á þessum till., er komið fram með þær til þess að tryggja húseigendum, að ágóði af tryggingunum fari ekki til annars en brunavarna og að hann, ef hann verður einhver, sem maður vonar, verði ekki notaður sem almennur eyðslueyrir bæjarfélagsins. Ég vonast því til, að allir hv. dm. geti fallizt á þessa brtt.

Ég sé, að það er komin fram brtt. frá hv. 2. landsk. þm. (BrB), þar sem hann leggur til, að aftan við 1. gr. bætist ákvæði, sem segir, að þó skuli aldrei minna en helmingi af þeim iðgjaldatekjum, sem verða, varið til lækkunar. Ég álít, að það sé ekki praktískt að samþ. þessa till., sérstaklega gæti ég hugsað mér, að fyrstu árin væri rétt að auka sjóðinn nokkuð mikið með tilliti til seinni tíma, og er þá þess að gæta, að þessi sjóður er raunverulega eign húseigenda til þess að létta af þeim iðgjöldum síðar. — Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 649) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Till. okkar í minni hl. eru ekki komnar úr prentun enn þá, svo að ég verð að leyfa mér að leggja hér fram skrifl. brtt. Þessar till., sem ég ásamt hv. 1. þm. N-M. flyt hér, eru Alþ. kunnar, því að það eru sömu brtt. sem voru lagðar fram af minni hl. allshn. Nd., og eru þess eðlis, að 1. málsgr. 1. gr. verði breytt í það horf, að bæjar- og sveitarfélögum sé heimilt, Reykjavík og öðrum, að undangengnum útboðum að semja við eitt eða fleiri vátryggingarfélög fyrir 2—5 ár í senn um tryggingar gegn eldsvoða á öllum húsum í umdæmi sínu. Síðan eru aðrar brtt. í samræmi við þessa brtt. og til þess að aðrar greinar frv. verði í samræmi við 1. gr. Ef þessi breyting á 1. gr. yrði móti von minni ekki samþ., þá falla hinar breyt. niður af sjálfu sér og þarf ekki að bera upp nema þessa brtt. við 1. gr.

Ég ber þetta fram vegna þess, að þó að frv. sé komið fram í þessa átt, sem ég fagna, frá hv. þm. Hafnf. (IngF) og hv. þm. Vestm. (JJós), þá óttast ég, að það geti farið svo, að það frv. dagi uppi. En með því að gera þessa breytingu við 1. gr. frv. og aðrar breytingar í samræmi við það, er þó tryggt, að þetta mál kemst í gegnum þingið jafnhliða því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessar brtt., en leyfi mér að skila þeim til hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 638) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Páll Zóphóníasson:** Herra forseti. Ég var að lesa þessa till. frá meiri hl., sem þm. Seyðf. hafði hér framsögu fyrir áðan, og mér finnst, að í hana vanti vissa hluti, sem verði í henni að vera, ef hún eigi að vera samþ., og það var nú til þess að benda á það, sem ég kvaddi mér hljóðs. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmust tilboð gefa" o. s. frv.

Hver á að dæma um það, hvort fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur? Það er eftir till. bæjarstjórnin sjálf. Það er bæjarstjórn, sem er kannske svo stödd, að hún er að byrja að fá framlög frá ríkinu, hún hefur kannske togararekstur og er komin á hausinn með hann og ríkið verður að fara að ábyrgjast fyrir hana, eða hún rekur einhver önnur fyrirtæki, sem eru ekki vel stæð. Hún á sjálf að dæma um það, hvort hún er fær um að taka að sér tryggingar fyrir öllum húsum í kaupstaðnum og ábyrgjast mönnum að borga þau út, ef þau brenna. Þetta getur ekki staðizt. Ef þeir ætla sér að fara þessa leið, flutningsmennirnir, sem ég er ekki neitt að tala á móti í þessu sambandi, ég læt það liggja á milli hluta, þá verður að setja þarna inn í hlutlausan aðila, sem dæma á um það, líklega menn, sem ríkisstj. skipar til að dæma um það, hvort bærinn sé þannig staddur fjárhagslega, að honum sé fært að taka á sig ábyrgð á öllu brunatjóni, sem verður í bænum, með þeim endurtryggingum, sem hann á völ á. En að láta bæjarstjórnina sjálfa dæma um það, það er hreinn glæpur gagnvart mönnunum, sem í bænum búa og eiga að tryggja hjá honum hús sín. Það kemur ekki til neinna mála frá mínu sjónarmiði séð.

Nú segið þið kannske, sem till. flytjið, að það sé nú ekki nein hætta á þessu, bærinn sé hér alltaf dómbær um hlutina, og það sé ekki hætta á því, að honum fari að missýnast hvað þetta snertir. Nú skal ég ekkert segja um það. Ég er ekkert viss um, að það sé alltaf, og það getur

oft verið álitamál um það. En hvað bæjarstjórn Reykjavíkur snertir, þá liggur það fyrir, að hún hefur sagt við þann mæta mann, Þorstein Þorsteinsson hagstofustjóra: Þú ert alls ekki fær um það, sem þér er sagt að gera. — Eftir lögum átti Þorsteinn hagstofustjóri að reikna út vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík og hefur alltaf gert það. Honum hefur verið falið af Alþingi og stjórnarráðinu að gera það. En 1948 komst bæjarstjórn Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu, að þetta sé rammvitlaust gert af honum, og hættir að fylgja þeirri vísitölu, sem Þorsteinn reiknar út, og birtir sjálf sína vísitölu til að fylgja í bænum og fær stjórnarráðið til að staðfesta hana, að það megi fylgja henni, en ekki hinni löglega fundnu. Hvað haldið þið að þeir geri, þegar þeir eiga sjálfir að fara að meta það, hvort þeir séu færir til þess að geta borgað út allar brunatryggingar eða ekki, og ættu að dæma um sjálfir? Ég treysti þeim ekki til þess. Það er hver blindur í sjálfs sín sök. Og ekki nóg með þetta, bæjarstjórnin hefur líka komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir eiðsvörnu menn, sem meta brunatryggingar í Reykjavík, hafi bara gert það illa, að það sé ekkert samræmi í því frá ári til árs, og það verður að endurmeta það allt saman aftur. Þeir hafa fengið ríkisstj. til þess að viðurkenna það og láta fara fram nýtt brunabótamat, af því að þessir eiðsvörnu menn, sem höfðu gert það áður, væru ekki verki sínu vaxnir. Bæjarstjórnin er þarna hæstaréttardómari; hún vill dæma sjálf um þessa hluti. Haldið þið þá, að hún muni ekki dæma sjálf um það, hvort fjárhagur sinn sé svo góður, að hún sé fær um að taka við öllum tryggingum í bæjarfélaginu til brunabóta? Ég er nú hræddur um það, að hún muni dæma um það sjálf.

Mér finnst þess vegna vanta inn í þessa till., og ég vildi nú bara mælast til þess, að forseti biði með málið þangað til á morgun eða mánudaginn og lofaði mönnum að koma inn í þetta brtt. með viti, því að það þarf þarna annan dómara en bæjarstjórnina. Aftur á móti er það bæjarstjórnin, sem á að ráða því, hvað mikið hún vilji leggja til hliðar af þeim ágóða, sem hún fær, í framtíðarsjóð til að annast tryggingarnar. Það tel ég hana eiga að dæma um. En hitt er hún ekki dómbær um, hvernig fjárhagur hennar sjálfrar er til þess að taka að sér tryggingarnar eða ekki. Það verða að vera hlutlausir menn, sem dæma um það.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti. Ég hef lagt hérna fram smábrtt. á þskj. 532, sem ekki þarf að fara mörgum orðum um. Það er ekki efi á því, að samþykkt þessa frv. er mikið hagsmunamál fyrir Reykjavík. Hins vegar harma ég, að ekki skyldi fást meiri hluti fyrir því, að önnur bæjarfélög nytu jafnréttis. En vonandi er, að það frv., sem nú hefur verið lagt fram varðandi þetta mál, nái fram að ganga, áður en þingi lýkur.

En ég tel líka, að almenningur þurfi að fá tryggingu fyrir því, að þetta komi almenningi til góða í lækkuðum iðgjöldum. En mér virðist engan veginn nægileg trygging fyrir því í frv. eins og það er. Þar segir aðeins í 3. málsgr. 1. gr., að tekjur af brunatryggingum skuli leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og þvílíkri starfsemi og til lækkunar á iðgjöldum.

Þetta þykir mér harla óákveðið. Ég tel ekki til of mikils mælzt, að helmingurinn af slíkum tekjum gangi til þess að lækka iðgjöldin, og hef því leyft mér að leggja fram þessa till. og vonast til þess, að hún nái samþykki hv. deildar.

**Forseti (GíslJ):** Út af ósk hv. þm. um að fresta málinu til þess að gefa tíma til þess að koma fram með brtt. við þá brtt., sem hér um ræðir frá hv. meiri hl., vil ég taka það fram, að ég tel, að sú efnisbreyting, sem hann talar um, sé ekki svo flókin, að ekki sé hægt að gera það hér á þessum fundi, og mun ekki af þeim ástæðum fresta umr.

ATKVGR.
Brtt. 638,1.a felld með 9:7 atkv.
— 638,1.b—c og 2—6 teknar aftur.
— 632 felld með 9:8 atkv.
— 649 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:6 atkv. og endursent Nd.

---

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 650).

Á sama fundi og 78. og 81. fundi í Nd., 6. og 8. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 650, 667).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 667,1 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** EOl, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HV, BFB, JörB, KGuðj, LJós, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁB.

**nei:** EmJ, GilsG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, BergS, BÓ, EggÞ, EI, SB.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

**Gils Guðmundsson:** Hv. Ed. hefur ekki viljað fallast á þá breytingu, sem gerð var á frv. hér í deildinni, heldur fært það í upprunalegt form. Þó að ég telji nú sem áður eðlilegt, að staðir utan Reykjavíkur fái sama rétt og Reykjavík er ætlaður með þessu frv., vil ég ekki eiga hlut að því að stefna frv. í hættu með því að gera það að bitbeini milli deildanna nú í þinglok. Þar sem fyrir þinginu liggur sérstakt frv. um brunatryggingar utan Reykjavíkur, sem leysir það mál á viðhlítandi hátt að mínum dómi, og öruggt er, að það á vísan framgang, tel ég rétt að fylgja þessu frv. óbreyttu eins og það liggur nú fyrir og segi því nei.

Brtt. 667,2—4 teknar aftur.

Frv. samþ. með 20:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 826).

## 75. Skipun prestakalla.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Nd.:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla** [160. mál] (þmfrv., A. 416).

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Pálmason):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 416, er, eins og fram er tekið í grg., flutt eftir beiðni prestsins á Höskuldsstöðum, sem óskar eftir því að færa sig til Skagastrandar, þ. e. í Höfðakaupstað. Frv. er flutt í samráði við hæstv. kirkjumálaráðh., og rn. hefur fengið öll þau gögn í hendur, sem óskað er eftir í slíkum tilfellum, sem er umsögn frá öllum viðkomandi sóknarnefndum, frá prófasti og frá biskupi.

Nú stendur svo á þarna, að í þessu prestakalli eru þrjár sóknir og um leið þrír hreppar, sem þó var áður einn hreppur, hinn forni Vindhælishreppur, sem nú hefur verið skipt í þrjá. Og dæmið stendur þannig, að í Höfðakaupstað eða Höfðasókn eru um það bil ⅔ af öllu fólki í prestakallinu, sem er alls um 900 manns, sem sagt, að í hinum tveimur sóknunum, Höskuldsstaðasókn og Hofssókn, er samtals um þriðjungur af safnaðarfólkinu.

Nú stendur svo á, að Höskuldsstaðir, prestssetrið, er næstum á enda prestakallsins, og presturinn, sem þarna þjónar, verður auðvitað að fara flestar sínar ferðir þangað, sem fólksfjöldinn er mestur, sem er í Höfðakaupstað. Þess vegna telur hann sér það miklum mun hagkvæmara að hafa sinn bústað þar en á Höskuldsstöðum. Og þar sem viðkomandi prestur er einhleypur maður og hefur ekki stundað búskap að neinu verulegu leyti, þá raskar það ekki því, að það þurfi þess vegna jarðarafnot til mikilla muna. Hins vegar óskar hann eftir að fá landsafnot eða ræktað land, ef hann flytur til Höfðakaupstaðar, sem er auðvelt að veita, því að þar eru nægileg ræktunarlönd.

Varðandi það, hvernig með þetta skuli fara, ef þetta frv. verður samþ. hér á hv. Alþ., þá hef ég sett hér inn í bráðabirgðaákvæði, eins og hv. þm. geta séð, að kirkjumálaráðh. hafi heimild til hvors tveggja, annaðhvort að leigja hús eða kaupa hús handa prestinum í Höfðakaupstað, og eins hins, að leigja Höskuldsstaði eða selja þá. Fyrir ríkissjóð mundi það vera náttúrlega ódýrast og sennilega ekki hafa neinn kostnað í för með sér, ef jörðin væri seld og keypt hús í staðinn, því að eins og sakir standa er hægt að fá nægileg hús keypt í Höfðakaupstað og það sómasamleg hús handa prestinum.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta litla mál frekar, en vænti þess, að því verði vel tekið, og óska, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 416, n. 573).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 573,1 (ný 2. gr.) samþ. með 19:1 atkv.

— 573,2 (nýtt bráðabirgðaákvæði) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 657).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 657, n. 781).

**Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir á þskj. 657, er um breyt. á l. um skipun prestakalla. Frv. er um það, að prestssetrið í Höskuldsstaðaprestakalli skuli flytjast frá Höskuldsstöðum í Höfðakaupstað.

Frv. er flutt af hv. þm. A-Húnv. (JPálm), að beiðni viðkomandi prests. Þarna hagar svo til, að presturinn situr á Höskuldsstöðum, sem eru næstum á enda prestakallsins, en nálega ⅔ af meðlimum prestakallsins eða fólksfjöldanum er í Höfðakaupstað. Af þessu leiðir, að ferðakostnaður prestsins verður miklu meiri við að sitja á Höskuldsstöðum, því að þar sem fólksfjöldinn er mestur saman kominn, er vitanlega mest fyrir prestinn að gera. Hann hefur því farið fram á það, að prestssetrið yrði flutt í Höfðakaupstað,

og því er þetta frv. hér komið fram. Það liggja fyrir umsagnir um þessa tilfærslu frá viðkomandi sóknarnefndum og einnig frá prófasti, og leitað hefur verið álits biskups, og allir þessir aðilar hafa tjáð sig samþykka þessu ásamt hæstv. kirkjumrh., og er frv. einnig flutt í samráði við hann.

Frv. tók smávægilegum breytingum í hv. Nd., og segir t. d. í 2. gr.: „Lög þessi koma til framkvæmda, þegar notuð hefur verið heimild sú, er felst í bráðabirgðaákvæði laganna um prestssetureshús í Höfðakaupstað.“ En í bráðabirgðaákvæðinu segir, með leyfi hæstv. forseta: „Kirkjumálaráðherra er heimilt að láta reisa eða kaupa prestssetureshús í Höfðakaupstað, enda fylgi því a. m. k. 5 ha. ræktunarland, og að því loknu að leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.“ — Með þessu er gert ráð fyrir, að flutningur prestsins fari ekki fram fyrr en þetta hvort tveggja er fyrir hendi, bæði með leigu eða sölu á Höskuldsstöðum og einnig að hús hafi verið fengið fyrir prestinn í Höfðakaupstað ásamt minnst 5 ha. ræktunarlandi, eins og stendur í bráðabirgðaákvæðinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta; þetta virðist liggja nokkuð beint fyrir. Frv. er komið fram vegna beiðni sóknarfólks í þessum þremur sóknum; einnig er það vilji prestsins; sömuleiðis hefur verið leitað álits og umsagnar þeirra aðila, sem lögum samkvæmt hafa með þessi mál að gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 832).

---

## 76. Brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Á 76. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur** [193. mál] (þmfrv., A. 622).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Flm. (Ingólfur Flygenring):** Herra forseti. Þetta frv. um brunatryggingar utan Reykjavíkur, sem flutt er af mér og hv. þm. Vestm. (JJós) á þskj. 622, er, eins og frv. ber með sér, heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir utan Reykjavíkur til að semja um brunatryggingar við eitt eða fleiri tryggingarfélög á húseignum þeim í umdæminu, sem tryggingarskyldar eru.

Svo sem kunnugt er, kom frv. fram í Nd. í sambandi við brunatryggingar í Reykjavík. Við flm. teljum ekki þinglegt að samþykkja breytingu þá, er samþykkt var gagnvart Brunabótafélagi Íslands í Nd., auk þess sem frv. þetta er ekki samhljóða breytingu þeirri, er flutt var í Nd. Í þessu frv. er ekki talað um leiðir til að endurtryggja, að bæirnir taki af sér endurtryggingarnar eða sveitarfélögin, og auk þess er lengri frestur, sem tekinn er í frv., þar sem lögin áttu að taka gildi þegar í stað eftir frv. því, sem í Nd. var, en í frv. okkar er gildistakan miðuð við 15. okt. 1955. Er það gert vegna þess, að það þótti of stuttur tími til umráða til þess, bæði fyrir tryggjendur og fyrir tryggingarfélagið, Brunabótafélag Íslands, að taka þeirri breytingu, ef að lögum verður, sem hér er farið fram á.

Eftir þeim umræðum að dæma, sem fram fóru hér í þessari hv. d. í gær og í Nd. áður, sýndi það ótvírætt, að fylgi hlýtur að vera fyrir því að koma þessum málum fram á þennan eða svipaðan hátt.

Ég vísa að öðru leyti til grg. og óska eftir, að frv. gangi til 2. umr. og allshn.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég hef ekkert á móti því, að þetta frv. fái athugun í þinginu, og tel það enda sjálfsagt.

En ég vil bara benda á nú þegar við þessa umr., að ef hugsað er til að gera þá breytingu á brunatryggingum utan Reykjavíkur, sem þetta frv. fer fram á, þá er alveg sjálfsagt, að samhliða því, sem það er gert, verði endurskoðuð löggjöf um Brunabótafélag Íslands.

Ég ætla það þurfi ekki að færa rök að því, hversu sjálfsagt þetta er, þar sem mjög vafasamt er, hvort félagið gæti starfað í samkeppni á þeim grundvelli, sem hér er um að ræða, og í öllu falli víst, að til þess þyrfti að breyta lögum þess, að það hefði nægilega góða aðstöðu til þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 622, n. 725 og 771, 726).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., er frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Það felur í sér, að bæjar- og sveitarstjórnum utan Reykjavíkur sé heimilt að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkvæmt 2. gr. frv. M. ö. o., það upphefur þann einkarétt, sem Brunabótafélag Íslands hefur nú á tryggingum á fasteignum á öllu landinu utan Reykjavíkur.

Með l. um Brunabótafélag Íslands er félaginu gefinn einkaréttur á brunatryggingum á öllum húsum í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum landsins. Aðeins er Reykjavík undanskilin, sem hefur haft frjálsar hendur um allar tryggingar og boðið þær út og tekið hagstæðustu tilboðum. Þessi einkaréttur Brunabótafélagsins hefur sætt nokkurri gagnrýni, einkum hin síðari ár, og er það út af fyrir sig ekki svo óeðlilegt. Kaupstaðir landsins og kauptún hafa flest komið sér upp öflugum brunavörnum, þó að þær séu ekki alls staðar jafnfullkomnar, en með auknum brunavörnum og fjölgandi steinhúsum í bæjum og sveitum landsins koma kröfur fram um lækkuð iðgjöld vegna minnkandi áhættu tryggingarfélaganna og vegna aukins kostnaðar þessara staða við auknar brunavarnir.

Að áliti þeirra, sem skyldaðir hafa verið til að tryggja í Brunabótafélagi Íslands, hefur félagið ekki mætt þessum kröfum svo, að tryggingartakar gerðu sig ánægða með. Bæði hafa iðgjöldin þótt vera of há á móti iðgjöldum t. d. í Reykjavík og stjórn og framkvæmdir félagsins að sumu leyti minna of mikið á einkaleyfishafann í viðskiptum sínum við þá aðila, sem ekki áttu í annað hús að venda með tryggingar sínar.

Það skal þó tekið fram, að á seinni árum hefur félagið nokkuð reynt að koma til móts við óskir manna um lækkuð iðgjöld og með aðrar fyrirgreiðslur, t. d. með lánum til brunavarnaáhalda o. fl. Er með þessu stefnt í réttar áttir og báðum til hagsbóta, það sem það nær.

Greinargerð forstjóra Brunabótafélags Íslands, sem prentuð er sem fylgiskjal með nál. meiri hl. allshn. þessarar hv. d., ber það einnig með sér, að ekki er rétt að líta á hvert mál frá einni hlið. Það eru fleiri hliðar en ein á hverju máli. Það kemur t. d. glöggt í ljós af þessari skýrslu, að mismunur á iðgjöldum Brunabótafélagsins er ekki líkt því eins mikill og haldið hefur verið fram í umr. um þetta mál hér t. d. í þessari hv. d., og er þá skylt að hafa það, sem sannara reynist. Ég ætla ekki að fara út í nánari samanburð á þessu, en vísa til umsagnar forstjóra Brunabótafélagsins í þessu efni.

Ég vænti þess, að hæstv. forseti áliti það ekki vera útúrdúr í umtali um þetta frv., þó að ég minnist aðeins á annað frv. í leiðinni, sem borið var fram í Nd. á sínum tíma og hefur verið hér til umr., enda er í grg. fyrir frv. því, sem ég nú mæli fyrir, einmitt minnzt á þetta frv., sem borið var fram í Nd. og hefur einnig verið hér til meðferðar í þessari hv. deild.

Eins og ég gat um, hefur Reykjavík haft sérstöðu að því er snertir tryggingarmálin, boðið tryggingarnar út og tekið hagkvæmustu tilboðunum, enda sætt mjög lágum iðgjaldagreiðslum miðað við annars staðar á landinu. En í þessu sambandi ber að athuga það, að Reykjavíkurbær hefur öflugustu brunavarnir hér á landi, sem vitanlega kosta mikið fé, sem greiðist úr bæjarsjóði, og er það skylt því fé, sem fer beint til iðgjalda. Má gjarnan taka tillit til þessa, þegar talað er um brunabótaiðgjöldin.

Allir þm. Reykv. í Nd. báru fram frv. um brunatryggingar í Reykjavík, sem fer í þá átt að heimila bæjarstjórn Reykjavíkur að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um tryggingarnar eða endurtryggingar. Með þessu frv. hyggst bærinn taka í eigin hendur rekstur tryggginganna inn á við, þ. e. að annast innheimtu iðgjalda o. fl. og þá einnig að hafa nokkuð af tryggingunum í eigin áhættu og með því öðlast nokkuð af þeim ágóða, sem á tryggingunum væntanlega verður, og skal ágóðanum varið til sjóðsmyndunar og eflingar brunavarna.

Maður skyldi nú halda, að þetta frv. hefði náð ágreiningslítið fram að ganga, en svo var ekki. Snúizt var á móti þessu frv. með nokkuð mikilli hörku í báðum d., en það, sem fyrir kom í Nd., viðvíkjandi þessu frv., var það, að borin var fram brtt. við frv., sem fól í sér, að einkaleyfi Brunabótafélags Íslands á tryggingum skyldi verða fyrirvaralaust upphafið. Þessi till. var samþ. í Nd., en felld úr frv. í þessari hv. deild.

Orsök þess, að sjálfstæðismenn stóðu að því að fella þessa brtt. úr frv., er sú, að þrátt fyrir það að hún að nokkru leyti stefndi í þá átt hvað Brunabótafélag Íslands snertir, sem er mörgum nærri og mikið hefur verið talað um, að æskilegt væri að losa um þetta einkaleyfi félagsins, einkanlega í kaupstöðum og stærri kauptúnum landsins, þá var aðferðin, sem viðhöfð var, að áliti okkar sjálfstæðismanna, eins og fram er tekið í grg. við frv. þetta, sem nú er hér til umr., óþingleg í mesta máta og unnið af miklu ábyrgðarleysi, þar sem átti að leggja Brunabótafélag Íslands niður fyrirvaralaust og rannsóknarlaust að öllu leyti. Einnig var þarna blandað saman tveim óskyldum málum og frv. Reykjavíkurbæjar þar með sett í hættu.

Í framhaldi af þessu flytja þeir hv. þm. Hafnf. (IngF) og hv. þm. Vestm. (JJós) frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Þetta frv. hefur verið til athugunar í allshn., sem ekki gat orðið sammála um afgreiðslu þess. Þetta frv. fer í þá átt, eins og ég gat um í upphafi, að losa bæjar- og sveitarfélög undan einokun Brunabótafélagsins með tryggingarnar, en fer nokkuð öðruvísi að heldur en brtt., sem ég gat um áðan, við frv. Reykjavíkurþingmannanna fóru.

Á þeim fundi, sem allshn. hélt um málið, lagði meiri hl. n. til, að frv. yrði sent forstjóra Brunabótafélags Íslands til umsagnar. Þetta var gert, en minni hl. allshn., eða Hermann Jónasson, eftir því sem segir í nál. minni hl., taldi, að þar sem fyrirhugað sé að slíta þingi fyrir páska, sé hætta á, að málið dagi uppi, verði það fyrir töfum. Hann vill því afgreiða málið nú þegar og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum. Aftur er það hv. þm. N-M. (PZ), sem þótti eðlilegt að fá umsögn Brunabótafélagsins, og mætti þá athuga það frekar á milli 2. og 3. umr. Vildi hann afgr. það nú og gera við það brtt.

Meiri hl. lagði til, að frv. yrði sent Brunabótafélaginu til umsagnar og því settur viss tími til að svara. Nú liggur þetta álit forstjórans fyrir og er prentað, eins og ég minntist á áðan, sem fylgiskjal með nál. meiri hl. n. á þskj. 771, en því miður er svo stutt síðan það var prentað, að hv. þm. hefur ekki gefizt kostur á að kynna sér það

rækilega, en þar eru mjög mikilsvarðandi upplýsingar að ýmsu leyti, og sýna þær, að varhugavert er í mesta máta að samþ. brtt. um fyrirvaralausa niðurfellingu þeirra sérréttinda, sem Brunabótafélagið hefur haft undanfarið.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer í þá átt, að Brunabótafélagið skuli sleppa einkarétti sínum, en þó ekki fyrr en 15. okt. 1955, eins og segir í frv. sjálfu. Með þessu álitu flm. að þeir gæfu félaginu tækifæri til þess að athuga sinn gang og koma með framtíðartill. um skipulag félagsins, í stað þess að ákveðið yrði með l. að leggja það niður nú þegar. Meiri hl. leggur til, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, sé samþ., en með nokkrum breytingum þó.

Fyrsta breytingin, sem n. leggur til, er við 1. gr., að á eftir orðunum „Reykjavíkur er heimilt" í 1. málsgr. komi: frá 15. okt. 1955. Þetta er m. ö. o. tekið úr 5. gr. frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 622 og fært þarna með þessari brtt. í 1. málsgr. Þetta er engin efnisbreyting, heldur aðeins tilfærsla á ákvæðinu um gildistökuna hvað Brunabótafélag Íslands snertir.

2. brtt. er við 3. gr. og er þannig, að orðin „í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi" í síðari málsgr. falli niður. Síðari málsgr. er það í frv., að breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. — Nú eru byggingarkostnaðarvísitölur ekki reiknaðar út í öllum bæjarfélögum landsins, og þykir þess vegna rétt að fella niður: „í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi" — og gr. verði aðeins: Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

Þá kemur aðalbrtt., sem meiri hl. leggur til að verði samþ. Það er það, að í stað 5. gr., sem er um gildistöku l., komi tvær nýjar gr., og fyrri gr. hljóði svo og verði 5. gr.:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Með þessari breytingu hyggst meiri hl. koma því til leiðar, að endurskoðun fari fram á starfsháttum Brunabótafélags Íslands og til þess að framkvæma þessa athugun verði kosin 5 manna n., sem Sþ. kýs. Þetta ætti að hafa það í för með sér, að ef þessi n. vinnur þetta verk fram að þeim tíma, sem ákveðið er í þessari brtt., þá ætti að liggja fyrir ákveðið og rökstutt álit frá henni um þetta mál, sem hv. Alþ. gæti þá tekið til athugunar, þegar það kemur saman á næsta hausti.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að samkvæmt l. um Brunabótafélag Íslands er félagið gagnkvæmt tryggingarfélag. Það er eign allra þeirra, sem í því tryggja. Það er orðið sterkt. Það á orðið töluvert mikla sjóði, og virðist vera alveg sjálfsagt, að þessi athugun fari fram og till. gerðar um það, hvernig félagið skuli starfa í framtíðinni. Þá getur margt komið til greina um framtíðarstarfsemi þess, hvort það á að starfa í frjálsri samkeppni eða hvort það á að halda þeim einkarétti, sem það hefur hingað til haft, sem væri þá grundvöllur til þess að tala um, þegar þessi athugun hefði farið fram. En ef brtt. sú, sem lögð var fram í Nd., hefði verið samþ., þá var ekkert tóm til þess að gera þessa athugun, heldur Brunabótafélagið svipt þessum einkarétti sínum fyrirvaralaust að öllu leyti. En þegar tekið er tillit til þess, að félagið er eign allra þeirra, sem tryggja í því, og á orðið gilda sjóði, þá væri það vitanlega mjög ábyrgðarlítil afgreiðsla að svipta það sínum rétti, að sem sagt eigendurnir taki þennan rétt af sínu félagi athugasemdalaust og athugunarlaust. Þess vegna er þetta mjög mikilsverð breyting, sem meiri hl. væntir, að hv. dm. geti fallizt á, þ. e., að lögin taki ekki gildi fyrr en 15. okt. 1955, svo að tóm gefist til að gera tillögur um framtíðarstarfsemi Brunabótafélagsins.

Minni hl. hefur borið fram nokkrar brtt. á þskj. 726, og mér virðist þær vera þannig, að n. öll hefði getað fallizt á þær, ef tilraun hefði verið gerð til þess. Mér finnst þær vera þannig að efni til og meira að segja stefna að nokkru leyti í sömu átt og brtt. meiri hl. En ég veit ekki, hvernig minni hl. lítur á a-lið 3. brtt. meiri hl., um skipun nefndar til að endurskoða lög Brunabótafélagsins, vegna þess að brtt. hefur ekki verið rædd í nefndinni. En að öðru leyti virðist mér breytingarnar fara saman og að því leyti til geti orðið samkomulag um að samþ. þetta frv., því að ég vænti þess, að hv. dm. fallist á, að þessi aðferð, sem hér er höfð með flutningi þessa frv., sé ólíkt þinglegri og heppilegri í alla staði en samþykkt brtt. við frv. þm. Reykjavíkur, sem samþ. var í Nd., en felld svo úr frv. hér í þessari hv. deild.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vil endurtaka það, að meiri hl. leggur eindregið til, að frv. þetta sé samþ. með þessum brtt., sem prentaðar eru á þskj. 771 og ég hef nú þegar lýst.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Það hefur verið rætt talsvert um þessar tryggingar, áður en þetta mál kom hér til umr., og var rætt um það í sambandi við tryggingarnar í Reykjavík, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka hér neitt af því, sem ég hef áður sagt um þetta mál, þó að það hafi verið í sambandi við annað mál, sem hér var borið fram.

Eins og hv. frsm. meiri hl. hefur skýrt frá, þá varð nokkur ágreiningur í nefndinni um það, hvort málið mundi tefjast við að senda það til Brunabótafélagsins. Það er vonandi, að það verði ekki að sök, og skal ég ekki ræða frekar um það.

Eins og nál. ber með sér, fer minni hl. fram á, að gerðar verði við frv. lítils háttar breyt. Það er við 2. gr., að fellt sé niður úr gr. „þar með talin hús í smíðum" og því bætt aftan við gr., eins og gert er ráð fyrir í b-lið þessarar brtt. Það þarf ekki að skýra þessa brtt. Það þótti nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram, vegna þess að á húsum í smíðum er ekkert matsverð.

Hin brtt. gengur í þá átt, breytingin við 3. gr.,

að leggja ríkari skyldur á sveitarstjórnir að gæta þess, að hús séu tryggð, og leggja ábyrgðina á bak sveitarstjórnanna fyrir því, að svo verði.

Þetta eru breytingarnar, og það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að hann álítur ekki óeðlilegt að gera þessar breytingar. Um það virðist ekki vera ágreiningur.

Um það, sem hv. meiri hl. n. ber hér fram á þskj. 771, nál. og brtt., vil ég segja þetta:

Það er gert ráð fyrir því, að í stað þess að í 5. gr. frv., eins og það liggur núna fyrir, er gert ráð fyrir, að lögin taki gildi 15. okt. 1955, þá er þessu ákvæði breytt þannig, að samkvæmt brtt. meiri hl. eiga lögin að taka gildi þegar í stað, en heimildinni til þess fyrir sveitarstjórnir utan Reykjavíkur að breyta til um tryggingar er frestað í 1. gr. og miðuð við 15. okt., þannig að engum tryggingum er hægt að breyta fyrr en 15. okt. 1955. Þetta er í sjálfu sér ekki verulegur munur og kemur að nokkru leyti í sama stað niður. En það skal játað, að ég a. m. k. veitti því ekki athygli í frv., að gildistaka þess væri miðuð við 1955, og mundi hafa komið fram með brtt. við það, ef ég hefði tekið eftir því fyrr en ég hafði sent þær brtt., sem hér liggja fyrir, enda er það ljóst, að það var auðvelt að koma fram með breytingar við það við 3. umr., og það hafði ég hugsað mér.

Nú kemur það fram hér í 3. brtt. hv. meiri hl., að þar er gert ráð fyrir því, að sameinað Alþingi kjósi nefnd með hlutfallskosningum til þess að endurskoða lög Brunabótafélags Íslands. Það er í sjálfu sér ágætt, að það sé gert, og hefði kannske verið ákjósanlegt, að það kæmu till. um það frá stjórn Brunabótafélags Íslands, hvernig það áliti heppilegast að haga verki sínu framvegis, en ekki skiptir það nú meginmáli, ef þessi nefnd verður skipuð og framtíðarskipulag Brunabótafélags Íslands rannsakað af þessum 5 mönnum. En það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. setning, sem gefur ástæðu til þess eða styrkir þann grun, sem legið hefur á þessu frv., og sá grunur er þannig, að með því að fresta gildistöku laganna til 15. okt. 1955, eða eins og nú verður, ef brtt. hv. meiri hl. verða samþ., að þó að lögin taki gildi þegar í stað, þá er samt heimild sveitarstjórnanna til þess að breyta um tryggingar frestað þangað til 15. okt. 1955. Það má ekki skipta um 15. okt. í haust, þó að það væri nægilegur tími til þess að undirbúa þær breytingar núna yfir mánuðina maí, júní, júlí, ágúst, september. Það er svona allt að því hálft ár þangað til yrði breytt til og nægur tími til þess að undirbúa þær breytingar, og þess vegna mun ég, ef þessi brtt. yrði samþ., greiða atkv. á móti því, að heimildin verði flutt til 15. okt. 1955, en hins vegar með því, að lögin taki gildi þegar í stað. Og ef þessi fyrri brtt. hv. meiri hl. verður samþ., þá álít ég, að það sé ástæða til þess að láta sig gruna það, að þessi nefnd eigi síðan að breyta til að nýju næsta vetur, því að þannig orðaði hv. frsm. það, að það ætti að athuga í þessari nefnd, hvort Brunabótafélagið á að hafa þann einkarétt, sem það hefur, hvort það á að hafa hann áfram eða ekki. Það á að vera hlutverk nefndarinnar. M. ö. o.: Það, sem er samþ. á þinginu nú, á nefndin að athuga, hvort ekki á að taka allt saman aftur á næsta þingi og afhenda Brunabótafélagi Íslands einkaréttinn aftur, þó að lögin séu samþ. svona núna, og þess vegna eigi þau aldrei að koma til framkvæmda og sveitarstjórnirnar aldrei að fá þann rétt, sem þeim er heitið að fá samkvæmt lögunum.

Ég vil nú spyrja hv. frsm., hvort það sé raunverulega, hvort þessi setning hafi ekki fremur fallið þannig, að hann hafi ekki athugað gaumgæfilega, hvað í henni fólst, heldur en að hann hafi meint það, sem hann sagði, að nefndin sé skipuð til þess að rannsaka það, hvort Brunabótafélagið á ekki að halda einkaréttinum áfram, því að til hvers er þá verið að samþ. lög núna um að gefa þetta frjálst, ef það á að fresta því til 15. okt. 1955 og í millitíðinni athuga, hvort það eigi ekki að taka það allt saman aftur. En það er það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði. Þess vegna hlýtur að aukast tortryggni þeirra, sem álíta, að frv. hafi raunverulega verið borið fram í þessu skyni, sem skein í gegnum ræðu hv. frsm. meiri hl. Hún styrkist náttúrlega ekki lítið við svona setningu, því að hún er í raun og veru staðfesting á þeim grun, sem við höfum ekki viljað láta í ljós, en þarna er raunverulega sagt, að frv. sé borið fram meira og minna sem sýndarfrv., því að vitanlega er hægt að gefa brunatryggingarnar frjálsar og taka einkarétt-inn af félaginu. Það getum við ákveðið nú þegar, þó að sé skipuð nefnd til þess að rannsaka fyrirkomulag Brunabótafélags Íslands, hvernig það á að vera, eftir að það er félag, sem keppir í frjálsri samkeppni við önnur félög um brunabæturnar utan Reykjavíkur. En ef það væri ætlunin að láta þessa nefnd aðallega athuga það, hvort hún ætti að taka allt aftur, sem kann að verða samþ. nú hér á þessu þingi, þá er ég a. m. k. ekki með því að samþ. þessa nefnd.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég vildi fyrir hönd okkar flutningsmanna þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu málsins og þær till., sem hún kemur með, meiri hl., og í raun og veru hef ég ekkert að athuga við þær till., sem sá hluti nefndarinnar, sem kallaður er minni hl., hefur lagt til í þessu máli. Ég ætla að vonast til þess, að málið nái fram að ganga, og leyfa mér að vísa gersamlega á bug öllum sýndaraðdróttunum frá hv. þm. Str. Ég kannast ekki við, að ég hafi þá sögu hér á þingi og því síður hv. meðflm. minn, að það sé frekar ástæða til þess að bera mér á brýn sýndartill., þó að ég leggi til í þessu máli það, sem Alþingi svo að segja allt virðist vera á einu máli um, að fá frelsi fyrir brunatryggingarnar handa bæjarfélögunum og sveitarfélögunum. Það er alveg út í bláinn sagt hjá hv. þm. Str. þetta með sýndartill., og ég skil nú satt að segja ekki og skil þó þetta einstaka bráðlæti, að það megi ekki hafa hæfilegan frest í þessu máli, til þess að stofnun og viðskipti, sem eru búin að vera til í 20 ár, geti sansað sig og athugað, hvernig þessu verði bezt komið fyrir í framtíðinni, — að svo mikið liggi á, að það verði að vera sem naumastur frestur. Það er þá eins og mönnum sé það mest í mun að koma einu sérstöku félagi fyrir kattarnef.

Þetta frv. er ekki flutt til annars en þess að staðfesta þann vilja af hendi okkar flm., sem kom fram m. a. hjá hv. flokksmönnum hv. þm. Str. í Nd., og ég geri ráð fyrir, að það sýni sig líka hér, að þingið er allt á einu máli um það að létta af allri einokun í þessu efni, og það sýnir þá við afgreiðslu þessa máls, hvort mönnum er alvara um þá hluti.

Ég skal svo ekki tefja framgang málsins með neinni langri ræðu, en vildi aðeins þakka fyrir afgreiðslu nefndarinnar.

**Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson):** Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, en ræða hv. þm. Str. gaf mér tilefni til þess að segja hér aðeins nokkur orð. Hann talaði um gildistöku laganna að því leyti til sem snertir Brunabótafélag Íslands eða rétt Brunabótafélags Íslands til trygginganna. Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á, að í frv. var frá upphafi miðað við það, að lögin tækju gildi 15. okt. 1955, svo að þetta er ekki nein sérstök brtt. hjá meiri hl. En það, sem hv. þm. vill, er, að lögin taki gildi strax og að engin athugun á rekstri Brunabótafélagsins skuli fara fram.

Um það, að það hefði mátt skilja mína ræðu þannig, að hér væri um sýndarfrv. að ræða og það væru bæði hv. flm. og meiri hl. allshn., sem stæðu á bak við það, þá vil ég segja, að það er mesti misskilningur. Mín framsöguræða var hér að öllu leyti á mína ábyrgð, og ef hv. þm. hefur skilið ræðu mína þannig, að meining mín væri að koma í veg fyrir, að brunatryggingar yrðu frjálsar í framtíðinni, þá vil ég láta hann vita, að það er hreinn misskilningur hjá honum, annaðhvort af klaufalegri eða ekki réttri framsetningu minni eða misheyrn hv. þm.

Ef frv. þetta verður samþ. og nefnd kosin til þess að athuga þessi mál, þá hefur vitanlega hv. Alþingi, sem nú kýs þessa nefnd, ekkert með það að gera, að hvaða niðurstöðum hún kemst. Þessir menn hljóta að vera frjálsir að athuga þessi mál eins og þau liggja fyrir, leggja það niður fyrir sér að öllu leyti og gera till. eftir því, sem þeim finnst réttast. Ef þeir álíta það að öllu athuguðu, að Brunabótafélagið skuli halda áfram á sama grundvelli og það hefur starfað í þessi 20 ár eða rúm 20 ár, sem það hefur starfað, og gera tillögur um það, þá er það Alþingis að ákveða það. Nefndin hefur ekki nema tillögurétt í þessu máli að lokinni rannsókn og athugun. — En ég vil taka undir það, sem hv. 2. flm. þessa frv., hv. þm. Vestm., sagði viðvíkjandi sýndarmennsku þessa frv.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Það er óþarfi að vera að þreyta umr. um þetta mál, því að það, sem hér er um að ræða og á milli ber, er ekki það margbrotið. Ef stæði í þessu frv., ef það yrði að lögum, að það tæki gildi þegar í stað, mundi vitanlega ekki verða notað af sveitar- og bæjarstjórnum úti um land, utan Reykjavíkur, það frelsi til þess að láta bjóða út tryggingarnar og reyna að fá lægri tryggingar en nú tíðkast hjá Brunabótafélagi Íslands, fyrr en samningar renna út, og það er, eftir því sem ég bezt veit, 15. okt. í haust, eða eftir 5—6 mánuði. Þess vegna væri langeðlilegast, að það stæði ekkert annað í frv. en það, að lögin tækju gildi þegar í stað, því að það leiðir af hlutarins eðli, að það breytir á engan hátt þeim tryggingarsamningum, sem standa þangað til í haust. Þetta væri það eðlilegasta og eiginlega einkennilegt, að það skuli ekki vera borið fram í því formi, því þó að þetta væri samþ., væri hægt að skipa nefnd til þess að rannsaka, hvernig Brunabótafélag Íslands skyldi rekið, eftir að það væri orðið samkeppnisfélag, en hefði ekki einkarétt, og væri þá meiri þörf á því, vegna þess að þá ber einmitt að athuga, hvernig það verður bezt rekið, til þess að það hafi sem ríkasta samkeppni við önnur félög. Enginn maður hefur verið að tala um það, hvorki ég né aðrir, að leggja Brunabótafélagið niður, heldur láta það keppa í frjálsri samkeppni við önnur brunabótafélög. Þess vegna er ekki hægt að neita því, að það er nokkuð einkennilegt, að þessi háttur skuli ekki vera hafður á, því að það er alveg þýðingarlaust að tala um flaustur í þessu sambandi. Við sjáum það, að þegar Reykjavík skiptir um tryggjendur eða vátryggingarfélög, þá þarf það ekki svona langan tíma; það þarf ekki hálft ár til að undirbúa það, og er þó um stóra hluti að ræða þar. Það er þess vegna ekki hægt að tala um neina hroðvirkni í því sambandi, þó að það stæði í þessum lögum, að þau tækju gildi þegar í stað, og ekki væri neitt tímatakmark sett í lögin fyrir því, hvenær sveitarstjórnir og bæjarstjórnir utan Reykjavíkur taka upp samninga um tryggingar við önnur félög en Brunabótafélag Íslands. Það væri mjög góður tími og ekkert flaustur í málinu. Síðan mætti skipa nefndina til þess að rannsaka, eins og ég sagði áðan, hvernig Brunabótafélag Íslands verður rekið, eftir að þessi breyting er gerð, en henni væri slegið fastri, þessari breytingu, að félögin utan Reykjavíkur skuli hafa frelsið, hvað sem öðru líður.

En nú hefur þetta verið flutt hér þannig, eins og ég sagði áðan, — ég bið afsökunar á því að endurtaka, — að lögin taka gildi þegar í stað. En raunverulega er þetta blekking, því að sú heimild, sem lögin veita, tekur ekki gildi fyrr en 15. okt. 1955; það er tekið fram í 1. gr. Þó að lögin taki gildi þegar í stað, þá mega bæjarstjórnirnar og sveitarstjórnirnar ekki hreyfa þessu til breytingar fyrr en haustið 1955, og síðan er tekið fram, að það á að skipa sérstaka nefnd. Ég afbið mig algerlega hnútum eða aðfinnslum út af því, þó að ég segi, að maður hafi ástæðu til þess að gruna, að hér sé um sýndarmál að ræða, þegar hv. frsm., — ég beindi því ekki til neinna annarra, og það er undarlegt, að menn skuli rísa upp hér í hv. deild til þess að taka það til sín, — ég beindi því eingöngu til hv. frsm., vegna þess að hans voru orðin og hann segir: Á þessu tímabili til 15. okt. 1955 má rannsaka, hvort Brunabótafélag Íslands á að hafa þann einkarétt, sem það nú hefur, og síðan talar hann um það áfram, að það eigi ekki að flaustra að því að taka þennan einkarétt af félaginu. Þar með er yfirlýst, að það sé til athugunar og eigi að vera athugunarefni nefndarinnar, hvort þessi lög, þetta frelsi, sem veitt

er í þessu frv., komi nokkurn tíma til framkvæmda.

Ég verð að segja það, að ég afbið mig öllum snuprum út af því, þó að ég telji, að þetta séu einkennileg vinnubrögð eftir þessa yfirlýsingu frá hv. frsm. meiri hl. Hún er alveg skýlaus, og þá fer maður að ætla, að þess vegna sé gildistökunni á þennan hátt frestað. Það kemur náttúrlega í ljós á sínum tíma, hvort þessu er svona háttað, en ég verð að segja það, að þetta mál ber að, eins og það er borið fram núna og eins og talað er fyrir því, með svo undarlegum hætti, að ég hef a. m. k. leyfi til að segja það, sem ég hef sagt um grunsemdir um það, að hér sé eitthvað einkennilegt á ferðinni.

**Finnbogi R. Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil nú ekki verða til þess að lengja umræður um þetta mál úr hófi fram fremur en önnur hér í hv. deild.

Hv. frsm. meiri hl. vitnaði til umsagnar Brunabótafélags Íslands, sem fylgir nál. hv. meiri hl., um það, að sá samanburður, sem hér hefur verið gerður um iðgjöld vátrygginga, væri ekki réttur. Ég hef nú litið yfir þessa umsögn Brunabótafélags Íslands, sem er prentuð sem fskj. með nál., og get ekki séð, að þar sé hrakið neitt af því, sem ég hélt hér fram, þegar ég gerði hér lítils háttar samanburð á gildandi vátryggingarkjörum hjá Brunabótafélagi Íslands og þar þau saman annars vegar við þau kjör, sem hafa gilt í Reykjavík, og hins vegar þau tilboð, sem hafa fengizt fram vegna útboða á tryggingum í Reykjavík. En ég vil í því sambandi, eins og ég hef áður gert, benda á, að langbezti samanburðurinn í þessu efni mun fást, ef sveitarfélögum væri leyft eins og Reykjavíkurbæ að bjóða út tryggingar í sínu umdæmi. Samanburðurinn á vátryggingarkjörum í Reykjavík liggur ljóst fyrir, vegna þess að Reykjavíkurbæ var heimilt að bjóða tryggingarnar út. Það er þess vegna, að það er nú hægt að bera þau vátryggingarkjör, sem fyrir liggja, í fyrsta lagi saman við gildandi kjör hjá Reykjavíkurbæ, þau kjör, sem hafa gilt undanfarin 9 ár, og hins vegar kjörin hjá Brunabótafélagi Íslands, sem gilda í öllum öðrum stöðum á landinu. En það er ómögulegt fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkur að fá fram samanburð á vátryggingarkjörum til þess að bera saman við gildandi kjör, sem þau verða að sæta hjá Brunabótafélagi Íslands, nema þau fái frelsi til þess að bjóða út tryggingarnar eins og Reykjavíkurbær. Þess vegna er það meginatriði þessa máls, að sveitarfélögin fái frelsi til þess að fá fram slíkan samanburð. Það má auðvitað segja, að brunavarnir skipti meginmáli í þessu sambandi; þær séu ekki eins fullkomnar á stöðum utan Reykjavíkur og í Reykjavík. En þá mundi það koma fram, þegar viðkomandi vátryggingarfélög gera tilboð í tryggingarnar á mismunandi stöðum, hvernig þau meta þær brunavarnir, sem fyrir eru, og þá áhættu, sem fyrir er á hverjum stað.

Í frv., eins og það var lagt fram og einnig með þeim breytingum, sem hv. meiri hl. leggur til að gera á því, er alls ekki gert ráð fyrir því, að sveitarfélögin utan Reykjavíkur fái frelsi til þess að bjóða út sínar tryggingar á þessu ári.

Í frv. var — eins og það var lagt fram — gert ráð fyrir því, að það öðlist ekki gildi, ef að lögum verður, fyrr en 15. okt. 1955, og með brtt. hv. meiri hl. er alls ekki gert ráð fyrir, að sveitarfélög fái frelsi til þess að bjóða út sínar tryggingar og semja um þær fyrr en 15. okt. 1955, en þetta kemur vitanlega í einn stað niður. Með þessu móti og hvernig sem það er orðað í frv. er sveitarfélögum utan Reykjavíkur algerlega meinað að fá fram þann samanburð á vátryggingarkjörum eins og þau nú gilda hjá Brunabótafélagi Íslands og þeim kjörum, sem hugsanleg eru eða fáanleg yrðu hjá vátryggingarfélögum, sem í tryggingarnar vildu bjóða.

Ég veit, að hv. flm. frv. er það ljóst, að þetta er höfuðatriði í málinu, eins og það liggur fyrir, að frelsi fáist til þess, að þessi samanburður verði gerður á frjálsum grundvelli.

Hv. meiri hl. leggur það til, að kosin verði 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur, þar með vitanlega þetta frv., ef að lögum yrði. M. ö. o.: hv. meiri hl. gerir ráð fyrir, að þetta frv., ef að lögum yrði, yrði tekið til endurskoðunar strax á komandi sumri. Samt yrðu lögin um frelsi handa sveitarfélögum til að bjóða út sínar tryggingar algerlega óvirk til 15. okt. 1955. Ég held, að hv. flm. og hv. meiri hl. gætu ekki sagt það greinilegar, að þeir ætlast alls ekki til þess, að þessi lög komi á neinn hátt til framkvæmda fyrr en 15. okt. 1955, og það er ekki að reka hagsmunamál sveitarfélaganna í þessu sambandi að ætlast til þess og leggja það til, að það sé ekki hægt að fá neinn samanburð á tryggingarkjörum Brunabótafélags Íslands og hins vegar þeim möguleikum, sem fyrir hendi yrðu með frjálsum útboðum, fyrr en hinn 15. okt. 1955. En frv., hvort sem það yrði samþ. eins og það var lagt fram eða með þeirri breytingu, sem hv. meiri hl. gerir ráð fyrir, útilokar, að þessi samanburður fáist fyrr en þá 15. okt. 1955. Hitt er svo allt annað mál, að það er nauðsynlegt, eins og ég hef áður bent á í umr. hér í hv. d., að gera breytingar á lögum Brunabótafélags Íslands, ef svo breyttist, að það yrði að hætta að starfa áfram á þessum grundvelli. Það er í fyrsta lagi ekkert vit í því, þegar farið er að halda því fram og benda á rök í því sambandi, að Brunabótafélag Íslands sé félag allra þeirra, sem hjá því tryggja og skyldir eru til þess, sem eru þúsundir manna úti um allt land, og að það sé í deildum, sem sveitarfélögin myndi, að þá sé það samt svo, að þessar deildir hafi ekki hin allra minnstu áhrif á stjórn Brunabótafélagsins, ekki minnstu áhrif á ákvörðun iðgjalda eða vátryggingarkjör eða hvernig varið er þeim sjóðum, sem er safnað með of háum iðgjöldum, eins og sannað mál er að hafi átt sér stað, — að félagsmennirnir eða félagsdeildirnar hafi engin áhrif á neitt af þessu, en þetta er svo nú um Brunabótafélag Íslands. Það félag hefur alls enga stjórn. Það hefur aðeins einn forstjóra, sem ræður þar öllum kjörum, sem félagsmenn í Brunabótafélaginu verða að sæta, með einræðisvaldi, eins og hann hefur líka einræðisvald um

sjóði þess. Þetta eru ómótmælanlegar staðreyndir. Á þessum lögum yrði auðvitað að gera breytingar, en sjálfsagt og sanngjarnt væri einnig, eins og ég hef áður bent á, að gera þá um leið þær breytingar á lögum félagsins, að því verði heimilað að taka að sér allar tryggingar, a. m. k. ekki meinað, eins og nú er með lögum þessum, að taka að sér vörutryggingar eða tryggingar á verzlunarbirgðum.

Ég held, að höfuðatriði þessa máls liggi nú alveg ljóst fyrir, að það, sem sveitarfélögin vantar eins og Reykjavíkurbæ, er frelsi til þess að bjóða út fyrir sína íbúa brunatryggingar. Hvort sem það yrði gert með því, að það frv., sem fyrir liggur um tryggingar í Reykjavík, yrði látið ná til allra sveitarfélaga á landinu eða þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá er það höfuðskilyrði í báðum tilfellum, að hægt sé þegar í stað á þessu ári, ef slík lagabreyting á að koma að gagni, að bjóða út tryggingarnar, en það er ekki gert með þessu frv., hvorki eins og það liggur fyrir né með till. hv. meiri hl.

Ég mun því aðeins fylgja þessu frv., að þetta frelsi sveitarfélögunum til handa til að bjóða út sínar tryggingar nú þegar á þessu ári verði felllt inn í frv. Það er skilyrði þess, að ég geti fylgt frv.

ATKVGR.
Brtt. 771,1 samþ. með 9:7 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 726,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 726,2 (ný 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 771,2 kom ekki til atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,3.a (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 771,3.b (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 800).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál. Það er aðeins örstutt brtt., sem þannig hljóðar:

Við 1. gr. Fyrir orðin „15. okt. 1955“ kemur: 15. okt. 1954.

Ég hef áður talað fyrir þessu og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem gæti þá orðið til þess að vekja umræður á ný um málið og tefja það.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 805) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Str. um það, að það er ekki þörf á að vera að tefja málið. En ég var áður búinn að gera nokkra grein fyrir því, að það hefði verið af ráðnum hug, að við flm. frv. vildum láta líða þetta tímabil, vegna þess að við álítum, að sá tími, sem líður nú frá þingslitum og til 15. okt., geti orðið mjög bagalega naumur öllum aðilum til þess að koma sínum tryggingarmálum í nýtt horf, ef þeir óska þess, og ég geri ráð fyrir, að flestir óski þess, ef ekki allir. Þess vegna þótti okkur hæfilegt að gefa rúman tíma. Þetta mál er ekki heldur svo bráðaðkallandi eða með neina hættu aðsteðjandi að sveitarfélögunum, að maður hafi ekki efni á því að fara í það hóflega, eins og frv. er upphaflega markað. Ef um það tvennt væri að velja í mínum augum, að tíminn væri helzt til rúmur á móti því að vera helzt til þröngur, þá vildi ég heldur hafa rúman tíma til þessara hluta af ýmsum ástæðum heldur en að skera stakkinn þröngan til athafna og ráðagerða um það, hvernig menn geti bezt komið fyrir sínum tryggingum. Ég vildi heldur hafa tímabilið frekar rúmt heldur en of þröngt. Ég teldi, að af því gæti hlotizt frekar skaði, ef hið síðara yrði ofan á. — Að öðru leyti skal ég ekki gera þetta að kappsmáli. Ég vildi bara gera grein fyrir því, af hvaða ástæðu við vildum hafa þennan tíma þetta rýmri og teljum, að ekki sé þörf á neinu sérstöku bráðlæti í þessum efnum.

ATKVGR.
Brtt. 805 felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PZ, VH, AE, BSt, BrB, FRV, HermJ, KK.
**nei:** LJóh, SÓÓ, BBen, GÍG, HG, IngF, JJós, JK, GíslJ.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 2. og 3. umr. í Ed. (A. 800).

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 90. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 800, n. 815).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Það munu allir, sem nokkuð hafa kynnt sér brunatryggingamál, geta tekið undir það, að sum og ef til vill flest bæjarfélög utan Reykjavíkur hafa að undanförnu búið við allóhagstæð kjör í sambandi við brunatryggingar hvert í sínu umdæmi hjá Brunabótafélagi Íslands, og eru þau kjör fljótt á litið gersamlega ósambærileg við þau kjör, sem Reykjavík hefur notið í þessum efnum með útboði brunatrygginga í bænum. Það má þó benda á, að samanburður á brunatryggingaiðgjöldum í Reykjavík og annars staðar á

landinu er alls ekki einhlítur, þar sem um mjög ólíkar aðstæður er þar að ræða. Við slíkan samanburð verður að sjálfsögðu að reikna með upphæð brunabóta á hverjum stað, og sé tekinn samanburður á upphæð bóta, sem greiddar hafa verið vegna eldsvoða í Reykjavík og utan hennar, kemur í ljós samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja nú frá forstjóra Brunabótafélags Íslands, en þessar upplýsingar eru prentaðar sem fskj. með nál. á þskj. 771, að á árunum 1944—53 hefur upphæð bótanna í Reykjavík numið 7270185 kr., en á sama tíma hefur Brunabótafélagið greitt í bætur fyrir tjón á öllu landinu utan Reykjavíkur tæpar 17 millj. kr. Þó munu vátryggingarverðmætin í Reykjavík nema nokkru hærri upphæð en utan Reykjavíkur, að því er segir í fyrrnefndri skýrslu. Auk þessa kemur margt annað til greina, sem taka verður tillit til við samanburð á brunatryggingum í Reykjavík annars vegar og utan hennar hins vegar, svo sem miklu öflugri brunavarnir hér í Reykjavík en annars staðar á landinu, og fleira mætti til nefna.

Þrátt fyrir það að ég telji, að Brunabótafélagið hafi hlotið of harða dóma frá ýmsum í sambandi við umræður um brunamál hér á Alþingi nú upp á síðkastið, er ég því þó eindregið fylgjandi, að bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur fái heimild til þess í lögum að bjóða út brunatryggingar hvert í sínu umdæmi, en séu ekki bundin að lögum, eins og verið hefur fram að þessu, til þess að eiga þess einan kost að semja við Brunabótafélag Íslands um brunatryggingar, hvert í sínu umdæmi.

Það var þess vegna í þeim anda, sem hv. 2. þm. Eyf., ég og fleiri hv. alþm. fluttum nú nýlega þáltill. um það hér á Alþ., að ríkisstj. léti athuga, með hvaða hætti brunatryggingum húsa utan Reykjavíkur yrði bezt fyrir komið. Ég sé því ekki betur en að þessi þáltill. okkar gangi nákvæmlega í sömu átt og þetta frv. gerir, en frv. gerir ráð fyrir fljótvirkari leið að sama marki.

Annars er það ekki að ástæðulausu, að bent hefur verið á það í umr. á Alþ. um þetta mál nú nýlega, að ekki væri ráðlegt að rasa um ráð fram að því að gera ráðstafanir með lagasetningu, sem í einu vetfangi gætu kippt fótunum undan rekstri Brunabótafélags Íslands, en á því væri óneitanlega nokkur hætta, ef öllum bæjar- og sveitarfélögum á landinu utan Reykjavíkur væri undirbúningslaust fyrir Brunabótafélagið heimilað að bjóða út brunatryggingar í umdæmum sínum. Verður í þessu sambandi að hafa í huga, að Brunabótafélagið er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda og er því stofnun, sem vátryggjendur sjálfir eiga og reka, alveg eins og ætlazt er til að verði, ef Reykjavíkurbær öðlast heimild til að taka brunatryggingar í bænum í sínar hendur.

Meiri hl. allshn. leggur því til, að sú leið verði farin í sambandi við brunatryggingamál bæjar- og sveitarfélaga utan Reykjavíkur, sem frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, þ. e. að áskilja bæjar- og sveitarfélögunum rétt til að bjóða út brunatryggingar húseigna í umdæmum sínum eftir vissan tíma, en ákveða jafnframt, að nefnd kjörin af Alþ. hefjist þegar handa um að endurskoða lög Brunabótafélags Íslands og hafi hún lokið því tímanlega störfum, að unnt verði á næsta Alþ. að leggja fram niðurstöður hennar í frv.-formi um breyttan rekstur Brunabótafélags Íslands. Með öðrum orðum verði það athugað á frestinum, sem frv. gerir ráð fyrir að líði, þar til bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur öðlast þessa heimild, hvort Brunabótafélagið verði ekki, þegar til kemur, samkeppnisfært í slíku útboði. Komi það á daginn, að Brunabótafélagið geti með eða án lagabreytingar keppt við önnur vátryggingarfélög í slíku útboði, þá ættu allir aðilar að geta orðið ánægðir. En ef svo reynist ekki, telur meiri hl. n., að það þurfi a. m. k. athugunar við og tíma til umhugsunar, hvernig fara skuli með félagið, sjóði þess og aðrar eignir, en samkvæmt lögum eru eigendur þeirra bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur. Við teljum, að flaustur og fum á þessu sviði verði ekki til fagnaðar frekar en á öðrum sviðum og það þurfi nokkurrar athugunar við að gera ráðstafanir, sem gætu orðið til þess, að svo gömul og gróin ríkisstofnun sem Brunabótafélag Íslands er leggist niður í einu vetfangi og fyrirvaralaust.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 823, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Eins og getið er um í nál. allshn. viðvíkjandi þessu máli á þskj. 815, þá áskildum við okkur, hv. þm. Dal. (ÁB) og ég, rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja, ef fram kæmi. Við höfum leyft okkur að flytja brtt., sem er á þskj. 823 og verið var að útbýta, um gildistöku laganna, að lögin öðlist gildi 15. okt. 1954, í stað þess að í frv. er ákveðið, að þau skuli öðlast gildi 1955.

Úr því að þessi lagafyrirmæli eru sett nú og talin er þörf fyrir, að þau séu sett sakir þess, hvernig málefnið er vaxið, þá er það harla undarlegt, að gildistaka laganna skuli bíða nærri því til loka næsta árs. Manni virðist þess vegna, að það sé einkar ástæðulítið að setja svona lagaðar reglur, þar sem næsta þing verður háð á komandi hausti og meira en nægur tími væri þá til þess að koma slíkri löggjöf í gegn á því þingi og láta taka gildi ekki síðar a. m. k. en hér er ráð fyrir gert í frv. Ég vil ekki mótmæla því, að ástæða sé til að athuga þau lagafyrirmæli, sem lúta að brunavörnum utan Reykjavíkur. Það er fjarri mér. En mér þykir einkennilegur háttur á hafður um þessi vinnubrögð. Hví má ekki ljúka þessum störfum það tímanlega, að í byrjun næsta þings sé hægt að setja löggjöfina og láta hana taka gildi við næstu áramót? Það virðist í alla staði eðlilegt, og nægur tími til athafna um endurskoðun laganna, lagasetningu, ef endurskoðun sýnir, að á henni sé þörf, og það væri á allan hátt viðfelldnara fyrir Alþ. sjálft að viðhafa þau vinnubrögð.

Ég ætla, að þetta séu alveg ný vinnubrögð hjá Alþ., að setja löggjöf, sem ekki á að taka gildi fyrr en eftir að talsvert mikið er liðið á annað ár frá því að lögin eru sett. Það á að kjósa nefnd samkvæmt 5. gr. frv., 5 manna nefnd

til athugunar á þessum málum, og nefndin á að ljúka störfum, sem ég tel í alla staði eðlilegt, fyrir næsta Alþ., svo að slíkri vinnu er ekki slegið á frest. En þessu takmarki er ofur auðvelt að ná, án þess að lög séu sett. Það þyrfti ekki annað en ályktun Alþ. um nefndarskipun og ákvarða henni þetta verkefni, og þá virðist mér sem tilganginum sé gersamlega náð, nákvæmlega eins miklum og góðum og verða má eftir ákvæðum þessa frv., en á allan hátt viðfelldnara finnst mér fyrir Alþ. sjálft að viðhafa þau vinnubrögð, en ekki taka nú upp nýjan hátt. Ég held, að ég muni það alveg rétt, að það finnist ekki fordæmi fyrir því í Alþ., að þessi háttur sé á hafður. Ég ímynda mér, að það sé gersamlega ágreiningslaust hér meðal þingsins um, að athugun á þessum málum fari fram, og ályktun frá Alþ. mundi þess vegna ná hindrunarlaust samþykki, og þá sýnist mér sem engu sé sleppt, en þetta við það unnið, að þingið fer hér ekki að taka upp ný vinnubrögð, fremur óviðfelldin, virðist mér. Mér væri þökk á, ef einhver hv. deildarmaður getur bent mér á hliðstætt dæmi þessu úr okkar þingsögu.

En þessu, sem ég er nú að tala um, mundi náð, a. m. k. hvað formið áhrærir og vinnubrögðin, ef brtt. okkar er samþ. Það er miklu viðfelldnara að hafa þann háttinn á, og er gersamlega útlátalaust fyrir Alþ. einmitt að viðhafa þau vinnubrögð. Ég vil því mega vænta, að þannig sé ekki ástatt um þetta mál hér meðal hv. þm., að þeir endilega þurfi nú að knýja þetta fram með hálfgerðum ósköpum, svo að þessu formi á frv. eins og er megi nú alls ekki hagga. Ég skil ekki eiginlega, hvað getur vakað fyrir hv. þm. með þessu. Með mínum bezta vilja botna ég ekkert í þessu. Það kann að vera einhver annarlegur skilningur, venjulegum mönnum óskiljanlegur, en þá væri mér þökk á, að ástæðurnar væru dregnar fram, svo að maður mætti þá öðlast skilning á þessari náðargáfu, sem þeim er gefin, sem hafa ráðið þessari lagasetningu.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það leynir sér nú ekki, að ástæðan til þess, að það frv., sem hér er nú til umr., er fram komið hér á hv. Alþ., eru þau átök, sem hér hafa þegar farið fram í sambandi við till., sem samþ. var á sínum tíma í Nd. sem brtt. við frv. þm. Reykv. varðandi brunatryggingamál Reykjavíkur. Með samþykkt þeirrar brtt. við það frv. var gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélögum úti á landi yrðu veitt hliðstæð kjör og Reykjavík í sambandi við brunatryggingamálefni.

Það undarlega hefur komið í ljós, að þetta jafnréttisákvæði í sambandi við byggðarlögin úti á landi við Reykjavík hefur komið allóþyrmilega við ýmsa hv. alþm., og þó að þeir hafi lýst því hér yfir, að þeir út af fyrir sig hefðu nú ekki á móti því að veita bæjar- og sveitarfélögum úti á landi þessi sjálfsögðu jafnréttisákvæði á við Reykjavík, þá hefur samt sem áður tekizt þannig til, að þeir hafa ekki getað beitt atkvæðisrétti sínum hér á Alþ. þannig, að þeir gætu orðið við þessum óskum landsbyggðarinnar. Til þess að afsaka nokkuð þessa afstöðu sína, þá er ýmist komið hér með þáltill. um að rannsaka tryggingarmál byggðarlaganna úti á landi og að í trausti þeirrar rannsóknar megi neita þeim um þessi jafnréttisákvæði að minnsta kosti núna fyrst í stað, og þegar það þótti heldur ófullnægjandi að beita þessari afsökun, þá kemur fram annað frv., að vísu í Ed., um það, að nú skuli sett lög um það að vísu, að byggðarlögin úti á landi skuli njóta jafnréttis við Reykjavík um útboð á sínum brunatryggingum, en samt sem áður á að ganga þannig frá þeim lögum, að þau eiga ekki að öðlast gildi fyrr en seint á árinu 1955. Í millitíðinni á svo að taka öll þessi málefni til rannsóknar og athugunar af sérstakri fimm manna nefnd, kosinni af Alþ., til þess þá væntanlega að athuga um þessi lög, sem yrðu samþ. hér nú um jafnrétti fyrir byggðarlögin úti á landi, hvort nokkur þörf er á að láta þau nokkurn tíma koma til framkvæmda. Það er það, sem manni skilst helzt, að sé athugunarefni fyrir þá mþn., sem á svo að setja í þetta mál.

Ég hélt, að það væri alveg augljóst mál, að ef það er einlæglega meint að veita bæjar- og sveitarfélögum úti á landi þann rétt, sem þau hafa óskað eftir og meiri hl. hér í Nd. hefur þegar samþ. að lögfesta í því frv. um brunamálefni Reykjavíkurbæjar, sem hér lá fyrir, þá eiga þessi jafnréttisákvæði, sem þar með eru komin inn í frv., að fá að standa. Reykjavík er ekki á nokkurn hátt trufluð í þeim aðgerðum, sem hún óskar eftir, með þeirri samþykkt. Hún fær allt það, sem hún bað um. Hún fær ekki aðeins frelsi til þess að bjóða út sínar tryggingar á frjálsum markaði, eins og hún hefur haft ein allra kaupstaða í landinu, heldur einnig rétt til þess að taka í sínar hendur að nokkrum hluta a. m. k. rekstur brunatryggingamálanna. Það er aðeins lagt til, jafnhliða því að verða við þessum óskum Reykjavíkur, að önnur sveitarfélög á landinu fái að njóta hins sama.

Hvernig getur í rauninni staðið á því, að þeir hv. alþm., sem nú standa að flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, þar sem mælt er svo fyrir, að bæjar- og sveitarfélög úti á landi skuli fá þessi jafnréttisákvæði, berjast svona harðri baráttu fyrir því að fá þetta út úr því frv., sem þetta hefur nú verið samþ. inn í? Hvernig stendur á því? Ég hef áður lýst því hér yfir, að mín afstaða er sú, að ég vil ekki á neinn hátt setja fótinn fyrir það, að Reykjavíkurkaupstaður fái það, sem hann hefur óskað eftir í þessum efnum, en ég mun ekki heldur stuðla að því, að hann fái þessi réttindi, ef fulltrúar Reykjavíkurkaupstaðar ætla á sama tíma að neita þeim, sem svipað stendur á um, kaupstöðunum úti á landi, um þessa aðstöðu. Þeim verður þá væntanlega ekki vandara um hér í Reykjavík að bíða eftir því að fá lögfest af sínni hálfu þau sérstöku aukafríðindi, sem þeir óska nú eftir, ef þeir ætlast til þess, að staðirnir úti á landi, sem ekki einu sinni hafa rétt til að bjóða út sín tryggingarmálefni á frjálsum grundvelli eins og Reykjavík hefur, geti beðið nú langt á annað ár enn.

Það hefur verið kvartað undan því, að það sé að ástæðulausu verið að blanda brunatryggingamálum bæjar- og sveitarfélaga úti á landi inn í málefni Reykjavíkurbæjar. Þetta er vitanlega

alger útúrsnúningur í sambandi við þetta mál. Það er ekkert nýtt atriði, að þegar einn aðili á landinu óskar eftir einhverjum fríðindum sér til handa, þá sé stungið upp á því á Alþingi, að það geti fleiri öðlazt þessi fríðindi. Og ef mönnum þykir sjálfsagt, að Reykjavík fái þessi réttindi, og reyndar einnig sjálfsagt, að aðrir kaupstaðir á landinu fái þessi réttindi, hvers vegna *má þá ekki samþykkja hvort tveggja í sama tilfellinu?* Af hverju á að samþ. hlunnindin handa öðrum, en láta hina bíða? Hér er ekki verið að blanda saman neitt óskyldum málum. Hér er aðeins verið að tengja það saman, sem saman á að vera að eðlilegum hætti.

Við þetta frv. hefur nú komið fram brtt., þar sem gert er ráð fyrir því, að lög þessi öðlist gildi einu ári fyrr en í frv. segir, eða 15. okt. á þessu ári. Ég álít, að afstaða hv. þdm. til þessarar till. hljóti í rauninni að segja alveg skýrlega til um það, hver afstaða þeirra í raun og sannleika er í sambandi við þetta jafnréttismál *byggðarlaganna úti á landinu*. Það verður ekki hulið fyrir neinum, að þeir hv. alþm., sem neita því, að þetta jafnréttisákvæði fái að ganga í gildi á þessu ári, vilja ekki veita þessi jafnréttisákvæði; þeir vilja neita um það.

Ég vil nú fyrir mitt leyti brýna það mjög fyrir þeim, sem áhuga hafa á brunatryggingamálefnum Rvíkurbæjar, að þeir séu ekki að ástæðulausu að stefna því hagsmunamáli Rvíkur, sem þar liggur fyrir, í beina hættu með því að viðhafa þessi vinnubrögð, sem þeir hafa hér staðið að í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég hygg, að það geti orðið fleiri en ég, sem taki þá afstöðu, að þeir óski ekki eftir því að veita Rvíkurkaupstað þau hlunnindi, sem hann óskar eftir í þessu efni, ef þm. hans kjósa að neita stöðunum úti á landi um þessi sömu réttindi.

Fáist að vísu sú brtt. samþykkt, sem gerir ráð fyrir því, að þessi lög komi til framkvæmda strax á þessu ári, þá má segja, að ekki skipti verulegu máli, hvort þetta frv. er lögfest eða ákvæðin í hinu frv., sem hér hafa verið samþ. áður. En fáist sú till. ekki heldur samþ., þá er líka ljóst, að hverju stefnt er í þessum efnum. En það er alveg ábyggilegt, að það mega menn vita, eftir það sem hér hefur borið á góma í þessu máli, að þetta mál er þess eðlis, að það verður ekki þagað í hel, og það mun ekki duga fyrir fulltrúa staðanna úti á landi að viðhafa nein undanbrögð í sambandi við afgreiðslu þessa máls, því að svo vel skilja menn aðalatriðið í þessum efnum, að þeir geta skilið, hvort það er óþarfa fyrirsláttur, sem brugðið er fyrir sig í sambandi við það að neita mönnum um þessi sjálfsögðu jafnréttisákvæði.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Í þeim umr., sem hér fóru fram fyrir stuttu um brunatryggingar í Rvík og brtt. hv. 11. landsk., sem talaði hér síðast, sem hann bar fram við það frv. og fór í þá átt að gefa öllum kaupstöðum og kauptúnum á landinu trygginguna frjálsa hjá hverjum sem þeir vildu, var því haldið fram, að þessi till. helgaðist af því, að iðgjöld Brunabótafélags Íslands væru svo hlutfallslega miklu hærri en iðgjöldin í Rvík, að við það væri ekki lengur unandi. Nú hafa komið fram í skýrslu frá Brunabótafélagi Íslands upplýsingar, sem algerlega afsanna þetta, eins og hv. frsm. meiri hl. allshn., hv. þm. Siglf., las hér upp áðan, þar sem hann sýndi fram á það, að tjónin hjá Brunabótafélagi Íslands utan Rvíkur hafa á tilteknu árabili verið meira en helmingi hærri en tjón þau, sem orðið hafa í Rvík á sama tíma, og iðgjaldið hjá Brunabótafélagi Íslands, meðaliðgjaldið á þessu tímabili, hefur verið tæplega helmingi hærra en meðaliðgjaldið í Rvík. Það er þannig komið á daginn, að samanborið við brunatjónin er tryggingariðgjald Brunabótafélags Íslands sízt hærra en iðgjöldin eru hér í Rvík.

Þessi till. hv. 11. landsk. þm., sem fór fram á að taka tryggingarnar nú í einu vetfangi og að óathuguðu máli af Brunabótafélagi Íslands og gefa þær frjálsar, ber í sér hættu. Og það er þess vegna, sem bæði ég og aðrir erum því andvígir, að hún verði samþykkt eða einhver tilsvarandi ákvæði. Hún ber í sér þá hættu, að ef í þetta verður hlaupið að óathuguðu og óyfirvegaðu máli, þá geti tryggingarnar skipzt á svo marga aðila, að tryggingariðgjöldin hjá hverjum einstökum hækki frá því, sem þau þyrftu að vera, ef þau væru í einni heild. Þetta er mín ástæða fyrir því, að ég hef verið á móti till. hv. þm., og þetta hygg ég að einnig sé ástæða margra þeirra, sem á móti tilsvarandi aðgerðum eru.

Nú hefur komið fram hér frv. um brunatryggingar utan Rvíkur, sem hér liggur fyrir til umr. og gerir ráð fyrir að vísu, að þetta frelsi fáist, en að lög Brunabótafélags Íslands verði í millitíðinni endurskoðuð og athugaðir möguleikar, að mér skilst, til þess að samtrygging geti náðst og að sveitarfélögin og bæjarfélögin úti um land geti fengið aðstöðu til þess að hagnýta sér þá kosti eða þá ábatavon, eða hvað maður vill kalla það, að geta haft samflot um tryggingarnar. Til þess að geta gert þetta er nauðsynlegt að hafa einhvern aðdraganda að framkvæmd málsins. Þess vegna er í frv. sett það ákvæði, að heimildin taki ekki gildi fyrr en frá 15. okt. 1955.

Nú hefur komið hér fram brtt. frá minni hl. hv. allshn., frá þeim hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Dal., um það, að þetta tímatakmark verði fært fram um eitt ár, til 15. okt. 1954, en ég vil leyfa mér að benda á það, að ef þessi brtt. verður samþ., þá nær ekki sú hlið frv., sem að endurskoðun laga Brunabótafélagsins snýr, tilgangi sínum. Í frv. er gert ráð fyrir, að það verði kosin fimm manna nefnd til að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Rvíkur. N. kýs sér formann, segir í gr., og skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Hv. 1. þm. Árn., sem talaði hér síðast, er náttúrlega þingvanur maður og miklu þingvanari en ég sjálfsagt og á lengri setu að baki, en hann var að lýsa eftir því, að hér hefðu áður verið samþ. lög í svipuðu formi og þetta. Ég tel mig ekkert sjá óvenjulegt við það, þó að eitt ákvæði frv. sé tímabundið. Lögin taka gildi strax, eftir því sem í frv. segir. Í 6. gr. frv. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ En eitt ákvæði laganna tekur ekki gildi fyrr en 15. okt. 1955, þ. e. a. s. heimild

kaupstaðanna og sveitarfélaganna til þess að taka tryggingarnar frjálsar. En mér finnst þetta eðlilegt vegna þess, að það hlýtur að verða nokkur aðdragandi að því, að málið geti komizt í þetta horf. Nú er n. sett samkv. ákvæðum 5. gr. frv., og hún tekur til starfa, skulum við segja, nú þegar, vinnur sitt starf í sumar og leggur niðurstöðuna af sínu starfi fyrir næsta þing, 9. okt. n. k., og ég hef enga trú á því, að Alþingi verði búið að ganga frá þeim málum fyrir 15. okt. En þannig hagar til, að tryggingaár Brunabótafélags Íslands er frá 15. okt. til 15. okt. Iðgjaldagreiðslan 1953, að ég ætla, mun gilda frá 15. okt 1953 til 15. okt. 1954, og á sama hátt gildir sú iðgjaldagreiðsla, sem fellur í gjalddaga 15. okt. 1954, til 15. okt. 1955, þannig að frv. er miðað við fyrsta lausan gjalddaga hjá Brunabótafélagi Íslands, eftir að þessi væntanlegu lög Alþingis taka gildi. Ég sé ekki, að á þessu sé hægt að hafa annan hátt, nema því aðeins að búið verði að ganga frá lögum um endurskoðunina fyrir 15. okt. 1954 og það sé ég ekki hvernig á að takast, ef þingið kemur ekki saman fyrr en 9. okt., nema þá kannske ef flm. ætlast til þess, að farið verði *yfir í einhverja stutta nauðungartryggingu, eins* og varð að gera hér í Rvík, þar sem ekki var búið að afgr. lögin þegar tryggingartímabilið rann út og ekki var hægt að fá lögin afgreidd nægilega fljótt til þess, að málið væri sett á varanlegan grundvöll nógu snemma, svo að bæjarstjórn Rvíkur neyddist til þess að taka upp stutta tryggingu, aðeins til þess að firra vandræðum.

Mér finnst, að þetta ákvæði frv. sé mjög eðlilegt og ekkert við því að segja, því að það er rangt að rugla þessu saman, heimild til einstakra framkvæmda við gildistöku laganna. Lögin taka gildi strax, eins og segir í 6. gr., og n., sem lögin gera ráð fyrir, tekur væntanlega það fljótt til starfa, að hún geti lokið afgreiðslu síns máls áður en næsta þing kemur saman og þingið svo tekið málið fyrir þá til úrlausnar, þegar n. hefur lagt fram niðurstöðuna af sínu starfi.

Ég var því andvígur, þegar frv. um brunatryggingar í Reykjavík var hér til umræðu, að samþ. till. hv. 11. landsk., og ég hef sannfærzt um það enn betur síðan, að það mundi hafa verið vanhugsað flan að hlaupa út í að gera það að óathuguðu máli algerlega og mundi ef til vill hafa getað leitt af sér hækkun iðgjalda í staðinn fyrir meinta lækkun.

Ég tel eftir atvikum, að málum sé sæmilega vel skipað, ef þetta frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir og með óbreyttri tíðarákvörðun á heimildinni til þess að losna við Brunabótafélagið, eins og í frv. segir, 15. okt. 1955. Ég tel, að tíminn til 15. okt. 1954 mundi verða of skammur til að undirbúa málin nægilega vel, og vildi þess vegna leggja til, að sú brtt., sem fer fram á *þá dagsetningu*, verði felld, *en* haldið við það, sem í frv. segir. Það er margt í þessum málum, sem þarf að athuga. Iðgjöldin ein gefa engan veginn nægilegar upplýsingar um það, hvað heppilegast er að gera í þessu sambandi. Það *þarf miklu fleira* að taka til athugunar, og það er nauðsynlegt að taka til þess nokkuð góðan tíma og samninga, jafnvel á milli sveitarfélaga, til þess að þau geti þá innbyrðis haft nokkuð mörg samflot um sína tryggingu, því að það tel ég allra líklegast til góðs árangurs, til viðbótar við bættar brunavarnir, að eins mörg sveitarfélög og bæjarfélög og mögulegt er geti komið sér saman um að tryggja hjá sama aðila. Það er aðalatriði málsins.

**Jörundur Brynjólfsson:** Herra forseti. Það er síður en svo, að ég hafi haft á móti því, að þessi athugun færi fram, sem er ráðgerð hér, því að við umræðurnar um brunamál Rvíkur hafði ég einmitt á orði, að ef samstundis væru tryggingarnar gefnar frjálsar utan Reykjavíkurborgar, þá gæti vel svo farið, að það kæmi illa við starfsemi Brunabótafélags Íslands, og þess vegna væri ástæða til þess að kynna sér það, áður en slík ákvörðun væri tekin, svo að hv. 5. landsk. þarf þess vegna ekki að beina orðum sínum til mín um þetta efni, að ég hafi verið tregur til eða sé tregur til, að slík athugun færi fram. Og það þykist ég nú reyndar vita fyrir fram, að það hefur hann ekki meint til mín, því að til slíks var ekkert tilefni.

Nú hef ég undirstrikað það við þessa umr. *einnig, að þessi athugun fari fram, og þess vegna* leggjum við ekki til, að þetta mál sé fellt og athugunin fari ekki fram. Það er alveg þvert á móti. En við í minni hl. leggjum það til, að þetta frv. taki gildi ári fyrr en ákveðið er eftir 1. gr. frv., eins og hún er nú. Hv. 5. landsk. taldi, að ef þessi brtt. okkar væri samþ., þá væri naumur tími til að setja lög gegnum þingið á komandi hausti. Það er rétt, það er ekki langur tími. En um slíkt mál sem þetta, sem tekur til meginþorra þjóðarinnar eða allmikils hluta hennar, og svo framarlega sem um gagnlegt mál er að ræða, þá ætla ég, að það gæti gengið á skömmum tíma í gegnum þingið. Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. láti sér annt um það, að slík fyrirgreiðsla fáist í tæka tíð, svo að ekki verði það til tjóns. Þess vegna held ég, að það sé ástæðulaust að ala nokkurn ugg í brjósti um það, að það atriði geti valdið óþægindum.

Svo svaraði hv. 5. landsk. því, að þetta mundi ekki vera nein óvenjuleg lagasmíði hvað gildistökuna áhrærir, og vitnar til síðustu greinar frv., 6. gr., og segir, að lögin eigi að öðlast þegar gildi. Það er rétt. Það hafði ég líka lesið. En hvað í þessari lagasmíði öðlast gildi? Hvað kemur til framkvæmda? Nefndarskipunin og athugun málsins — og búið. Eru ekki þessi ákvæði, sem í þessu frv. felast, í lögum Brunabótafélags Íslands, hvað áhrærir öryggi og alla meðferð þessara mála? Er ekki það í fullu lagi? Skortir eitthvað á um það og að það þurfi að sjá fyrir því með þessari lagasmíði, og hverju breytir hún þá í framkvæmdinni nú? Ekki neinu. Það er ekkert. Það er ekkert, sem kemur til framkvæmda nema *nefndarskipunin og hennar starf*. Það var einmitt þetta atriði, sem ég var að tala um. Hitt bíður, ef engin breyting verður á því gerð, framkvæmda til 15. okt. 1955. Vegna Brunabótafélags Íslands og þeirrar starfsemi, sem það innir af höndum, er þetta sett. Það starfar eftir sínum eldri lögum. Ekki eru þau hér með numin úr gildi. Þau standa áfram, eins og eðlilegt er. Þau eiga að gera það eftir þessu frv. og verða að gera það.

Þetta er einmitt mergurinn málsins. Þess vegna er þessi smíði nú og samþykkt hennar hér á Alþ. alveg óþörf, nema þá hvað hún ber með sér eitthvert annað fyrirkomulag, sem þarna á að taka upp, heldur en tíðkazt hefur, og er gersamlega allt að óþörfu. Það er eiginlega það kynduga við þetta, ef ég mætti orða það svo. Það verður þess vegna ekki rökstutt með því, sem hv. 5. landsk. dró nú fram um gildistöku þessara laga, það gefur þessari lagasetningu, eins og hún er úr garði gerð, ekki meiri rétt. Ég held, að það færi bezt á því að láta lögin öðlast gildi á komandi hausti. Þá sýnir þó Alþ. bæði vilja og viðleitni til þess, ef breytinga þarf með, og það er réttmætt á allan hátt, að þá verði ekki beðið lengur eftir því en til næsta hausts. Hvað undirbúninginn áhrærir, þá er það alveg vorkunnarlaust að hafa gert hann og meira að segja unnið hann vel, svo að það er vel fyrir undirbúningi málsins séð hvað það áhrærir.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. sagði hér, að þær upplýsingar, sem nú lægju fyrir hér um tryggingarkjör hjá Brunabótafélagi Íslands hjá byggðarlögum úti á landi og þau tryggingarkjör, sem kunnugt væri um frá Reykjavík, sýndu, að það hefðu verið gersamlega rangar staðhæfingar, sem ég og fleiri hefðum haft hér í frammi í sambandi við þetta mál við fyrri umr. hér á þingi, og sagði, að hinar nýrri upplýsingar beinlínis afsönnuðu allt það, sem við hefðum byggt okkar aðalrök á áður í málinu. Ég vil benda á í þessu efni, að hann hefur ekki gert hér tilraun til þess að hrekja það, að iðgjöldin eru nú þannig og hafa verið þannig, að á algengustu tegund íbúðarhúsa, ef maður miðar við þau tilboð, sem Reykjavík hefur liggjandi á borðinu hjá sér nú og á kost á að ganga að, þá eru iðgjöld hér í Reykjavík 0.37‰, en í flestum kaupstöðum úti á landi eru iðgjöldin 1.80‰ og 1.90‰, eða rétt um það bil fimm sinnum hærri. Hv. þm. hefur ekki gert hér tilraun til þess að neita þessum tölum. Það hefur hvergi komið fram hjá Brunabótafélagi Íslands, að það gerði tilraun til þess að hrekja þessar tölur. Það er alveg óumdeilt, að iðgjöldin eru um það bil fimm sinnum hærri víðast hvar úti á landi heldur en Reykjavík á kost á að njóta eftir þeim tilboðum, sem nú liggja fyrir. Þessu höfum við haldið fram, og þetta segjum við enn, því að þetta segja staðreyndirnar sjálfar. Í þessu efni hefur því ekkert verið afsannað.

Það hefur að vísu verið bent á það, að Brunabótafélag Íslands hafi þurft að borga allmiklu meira í tjónbætur á tilteknu tímabili heldur en tryggingarfélögin hér í Reykjavík hafa þurft að borga vegna vátrygginga hér. Um þær tölur get ég að vísu ekki mikið sagt, því að mér hefur ekki gefizt kostur á að gera viðhlítandi samanburð á þeim. En það vekur þó strax athygli, að mjög skortir á það, að Brunabótafélagið láti í té fyrir Alþ., þrátt fyrir þau miklu átök, sem hér hafa farið fram um þetta mál, þannig upplýsingar, að ljóst sé raunverulega, hvernig afkoma þess er í sambandi við tryggingarmálin. En eitt sé ég þó og veit, og það er það, sem snýr að því bæjarfélagi, þar sem ég þekki bezt til. Það verður m. a. að sætta sig við það að vera í hópi þeirra, sem verða að borga tiltölulega hæst iðgjöld. En þær upplýsingar, sem liggja fyrir frá Brunabótafélagi Íslands, sýna hins vegar það, að þetta er með beztu tryggingarsvæðum félagsins á því tímabili, sem upplýsingar þess ná yfir, og á því tímabili, sem ég þekki til þar líka.

En það er nú svo með Brunabótafélag Íslands, að það er svo einkennilega uppbyggt eitt allra félaga í landinu, að þar er engin stjórn og þar eru allir meðlimirnir þannig, að þeir hafa ekkert um félagið að segja á neinn hátt. Við fáum ekki reikninga þess. Við fáum engar upplýsingar um hag þess. Við fáum ekkert að vita, ekki einu sinni um þá deild í félaginu, sem á að vera deild okkar kaupstaðar. Það er því engin stjórn í því félagi, sem ákveður það, hvað iðgjöldin skuli vera há á hverjum tíma. Ég get ekki meint annað en það sé forstjórinn einn, sem ákveður það. Ég tel mig hafa haft allgóðar fréttir af því þó, að Brunabótafélag Íslands hafi verið rekið með mjög myndarlegum gróða á undanförnum árum. Og ef félagið hefur grætt stórfé, eins og ég hygg að sé rétt, og ég vænti þá, að hv. 5. landsk. upplýsi annað, ef hann veit betur, hvers vegna hefur þá ekki mátt lækka iðgjöldin eitthvað frá því, sem verið hefur? En Brunabótafélagið hefur farið sér hægt í þeim efnum, því að það virðist hafa ráðið þessu alveg, þar sem það hafði lögin með sér og gat skyldað okkur alla til þess að halda tryggingunum óbreyttum. En það stóð ekki á Brunabótafélagi Íslands að bjóða í brunatryggingarnar hjá Reykjavíkurkaupstað, sem það átti ekki að annast brunatryggingarnar hjá. Og þó að brunatryggingarnar hér í Reykjavík eða iðgjöldin hér í Reykjavík væru miklum mun lægri en annars staðar á landinu, þá treysti Brunabótafélag Íslands sér til þess að bjóða lækkun á iðgjöldunum hér um 37‰, og auðvitað og fyrst og fremst í krafti þeirra miklu og gildu sjóða, sem Brunabótafélag Íslands hefur safnað á tryggingarstarfsemi fyrir byggðarlögin úti á landi, því að þaðan koma sjóðirnir. Ég hef haldið því hér fram í þessum umr. áður, að það hafi verið full ástæða til að búast við því, að Brunabótafélag Íslands með langa starfsemi að baki og allgilda sjóði gæti keppt við önnur tryggingarfélög, að það væri alls ekki þar með sagt, þó að bæjar- og sveitarfélög úti á landi fengju rétt til þess að bjóða út brunatryggingar sínar, að Brunabótafélagið gæti ekki alveg eins boðið í þær og önnur tryggingarfélög.

Hv. 5. landsk. þm. minntist á það, að sú n., sem gert væri ráð fyrir að starfaði samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, mundi m. a. eiga að athuga það eða reyna að búa þannig um hnútana, að hægt yrði að koma við samtryggingu hinna ýmsu sveitarfélaga, til þess að hægt yrði að komast að sem beztum kjörum þeim til handa í sambandi við það breytta form, sem ef til vill yrði tekið upp í brunatryggingamálunum. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að það er algerlega óþarfi að setja nokkra n. til þess að athuga neitt um þetta. Í þeirri till., sem samþ. var frá mér og fleiri þm. hér og komin er hér inn í ákveðið frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er beinlínis gert ráð fyrir því, að hin ýmsu bæjar- og

sveitarfélög á landinu geti haft með sér samband, þau geti stækkað sitt tryggingarsvæði, þau geti komið sér saman tvö, þrjú eða fleiri og boðið út sínar brunatryggingar sameiginlega og komizt þannig að hinum beztu kjörum. Ég ætlast til þess, að forráðamenn bæjar- og sveitarfélaga kunni það vel að sjá hag sínum borgið, að þeir taki hinum beztu tilboðum á hverjum tíma, og það sé alveg full ástæða til þess að gefa þeim kost á þessu frjálsræði, án þess að skipuð verði sérstök mþn. til þess að hafa vit fyrir þeim, hvað þeir kunna að gera í þessum efnum.

Nei, þetta samtryggingaratriði, sem hv. þm. var að minnast á, er í fullu samræmi við aðra afstöðu þessa hv. þm. í sambandi við þetta mál. Hann er eini þm. hér í Nd. Alþ., sem hefur mælt á móti því, að bæjar- og sveitarfélögum úti á landi yrði veittur þessi réttur. Hann er eini hv. þm. hér, sem hefur beinlínis tekið afstöðu þannig, að hann teldi, að bezt færi um þessar tryggingar bæjar- og sveitarfélaga hjá Brunabótafélagi Íslands og það bæri að nota það félag eins og það starfar nú og efla brunavarnir hinna ýmsu staða m. a. með lántöku hjá Brunabótafélaginu, eins og hann hefur hér minnzt á, en lýst sig andvígan þeirri hreyfingu, sem komið hefur upp um það, að tryggingarnar verði gefnar frjálsar. Hann tekur þess vegna fyrir sitt leyti því fegins hendi, þegar kemur fram frv. um að gera þetta jafnréttisákvæði staðanna úti á landi að engu með því að fresta framkvæmd á því a. m. k. eitt og hálft ár. Hann tekur því fegins hendi og telur öll tormerki á því, að það frv., sem hér liggur fyrir, ef að lögum yrði, komi til framkvæmda seint á þessu ári.

Ég tel, að það sé alveg tilefnislaust að segja, að afgreiðsla þessara brunatryggingamála í því formi, sem Nd. hafði gengið frá þeim, boði einthvert flan og það sé að leysa málið að lítt eða óathuguðu máli. Sannleikurinn er sá, að óskir bæjar- og sveitarfélaga um að fá þetta skipulag tekið upp eru ekki nýjar. Þær eru búnar að vera hér á Alþ. í mörg ár. Það er margbúið að taka þessi mál hér fyrir, erindi frá hinum ýmsu stöðum hafa komið hingað. Brunabótafélag Íslands hefur m. a. fyrir þremur eða fjórum árum farið að skrifast á við hina ýmsu staði á landinu til þess að ræða þessi mál. Það er því búið að athuga þau og það margsinnis. En hins vegar er það, að það hefur jafnan komið í ljós, að ýmsir aðilar og þá einkum þeir, sem hafa farið með völdin í Brunabótafélagi Íslands, hafa spyrnt við fótum og ekki óskað eftir því, að bæjarfélögin úti á landi fengju frjálsræði til þess að tryggja þar, sem þau telja bezt að tryggja. Og nú er verið hér á Alþ. enn einu sinni, þegar þetta mál liggur hér fyrir til afgreiðslu, að spyrna við fótum í þessu efni, og þegar ekki er hægt að drepa það með einfaldri atkvgr., eins og hafði þó verið gerð hér tilraun um áður, þá er farin sú leið að samþ. svona tilbrigði í málinu til þess svo að tefja það í eitt og hálft ár a. m. k. enn þá. Það getur engum manni blandazt hugur um það, að þeir, sem vilja afgreiða þetta mál þannig nú, telja ekki fært að veita sveitarfélögum úti á landi rétt til þess að bjóða út tryggingar sínar 15. október á þessu ári. Þessir menn telja, að það verði enn að bíða lengur en svo. Þeir eru ekki við því búnir að samþykkja þetta, og þeir eiga þá að játa það hreinlega, að þeir séu á móti því, og ekki vera með frekari undanbrögð í þessu efni. En nauðsynlegt er auðvitað, að skýr afstaða alþm. komi fram í þessu. Ég fyrir mitt leyti er trúaður á það, að það verði hér við þessa atkvgr. eins og við hina fyrri, að Nd. sýni það, að hún er með því að veita bæjar- og sveitarfélögum úti á landi sams konar hlunnindi í þessu efni og Reykjavík.

**Emil Jónsson:** Herra forseti. Ég hirði nú ekki að pexa mikið við hv. 11. landsk. (LJós) um þetta efni, því að þetta er mest endurtekningar á því, sem áður hefur verið sagt og þarf ekki mörgum orðum að að eyða.

Hann sagði, að ég hefði ekki gert tilraun til að hrekja það, að iðgjöldin hjá Brunabótafélaginu væru ekki hærri en í Reykjavík að tiltölu við tjón. Þetta þarf ég ekki að gera í sjálfu sér, því að í nál. á þskj. 771, sem fylgdi þessu frv. í hv. Ed., er þetta gert svo rækilega, að það þarf engu við að bæta. Í þessu nál. er prentuð sem fylgiskjal skýrsla Brunabótafélags Íslands, og í þeirri skýrslu segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árunum 1944—1953 greiðir vátryggingarfélag það, sem hefur brunatryggingar húseigna í Reykjavík, 7.2 millj. kr. í bætur, en Brunabótafélag Íslands greiðir á sama tímabili 16.9 millj. Nú eru vátryggingarverðmætin mjög áþekk í Reykjavík og utan Reykjavíkur, eða 2.9 milljarðar í Reykjavík, en 2.5 milljarðar utan Reykjavíkur. Sést á þessu, hve tryggingar utan Reykjavíkur eru miklu áhættumeiri."

Svo segir enn í þessari skýrslu:

„Meðaliðgjald í Reykjavík er 1.24‰, en utan Reykjavíkur 2.61‰."

Með öðrum orðum: „Hlutföllin milli brunatryggingariðgjaldanna eru mjög nálægt því að vera þau sömu og hlutföllin milli tjónanna, en eins og ég tók fram í minni ræðu hér um daginn og eins og raunar allir vita, þá er það, sem verður að leggja fyrst og fremst til grundvallar við ákvörðun iðgjaldanna, hvað tjónin á hverjum stað eru mikil eða hvað tjónin eru í heild á hinu sameinaða áhættusvæði.

Nú getur það líka komið fyrir, eins og segir í þessari sömu skýrslu Brunabótafélagsins, sem prentuð er á þessu sama fylgiskjali, að það séu einstakir staðir, þar sem tjónabæturnar verða miklu meiri en hér segir hlutfallslega. Þar er nefndur einn staður, þar sem tjónin á einu ári voru 20-föld iðgjöldin. Hvernig hefði farið fyrir þeim stað, ef hann hefði verið tekinn út úr samhengi og vátryggður sérstaklega? Ætli hann hefði ekki orðið að hækka sín brunabótaiðgjöld með þessum sköðum, sem þar urðu? Ég hygg það. En að hægt er að halda iðgjöldunum á svona stöðum niðri eins og gert hefur verið, helgast náttúrlega af því, að skaðarnir eru minni annars staðar, þannig að útkoman í heild verður sú, sem segir í skýrslu félagsins og ég las hér upp áðan. En sú tjónaupphæð í heild verður auðvitað sú tala, sem iðgjöldin á hverjum tíma verða að miðast við. Í skýrslunni kemur það fram, að tjónabæt-

urnar í heild utan Reykjavíkur hafa numið um það bil helmingi hærri upphæð en brunatjónið í Reykjavík af svipuðu verðmæti, og þess vegna er ekki óeðlilegt, að brunabótaiðgjöldin séu þess vegna hjá Brunabótafélagi Íslands nokkru hærri en þau eru í Reykjavík.

Það dæmi, sem hv. þm. nefndi áðan og hann hefur raunar áður nefnt við umr. hér um daginn, um hlutföllin á milli greiðslnanna í Reykjavík eftir hinu nýja tilboði og svo ýmissa iðgjalda úti um land, er alveg út í hött, því að þessi iðgjöld samkvæmt hinu nýja tilboði eiga ekki að mæta öllum kostnaði tryggingarfélagsins. Þar er gert ráð fyrir, að Reykjavíkurbær taki að sér verulegan hluta starfseminnar, eins og innköllun brunabótafjárins og annað þess háttar. Eins og segir í skýrslu Brunabótafélagsins, er það að bera þetta saman eins og að bera saman innkaupsverð hjá einni verzlun og smásöluverð hjá annarri. Þessar tölur eru alls ekki sambærilegar. Hins vegar hef ég nefnt dæmi fyrir því hér áður í umr., að á sumum húseignum eru iðgjöldin þegar hjá Brunabótafélagi Íslands lægri en þau eru nú í Reykjavík á sams konar fasteignum. Það er líka til.

Ég held, að þegar allt er krufið til mergjar, bæði áhættan, sem Brunabótafélag Íslands verður að tryggja og er miklu meiri utan Reykjavíkur en í Reykjavík, þegar enn er tekið tillit til endurgreiðslna þeirra, sem Brunabótafélag Íslands hefur látið af hendi til ýmissa sveitarfélaga, og þegar loks er tekið tillit til þess, að brunavarnir í Reykjavík eru miklu fullkomnari en þær eru víða úti um land, þá sé ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að hlutfallið í brunabótaiðgjöldunum sé miklu hagstæðara fyrir kaupstaðina en það er nú. Þeir eiga allir kost á því, kaupstaðir og sveitarfélög, að semja um lækkanir hjá Brunabótafélagi Íslands, ef þeir taka upp bættar brunavarnir, og Brunabótafélag Íslands hefur hjálpað til þess, að það væri gert, og ég vænti, að á þann hátt verði unnt fyrst og fremst að koma gjöldunum niður.

Ég tel svo ekki neina ástæðu til að fara um þetta atriði fleiri orðum, en aðeins nokkur orð langar mig til að segja við hv. 1. þm. Árn. (JörB), út af hans — ja, ég vil segja allt að því merkilegu afstöðu til þessa máls.

*Hann var að reyna að halda því fram, að það* mundi nú takast á tímabilinu frá 9. okt., að Alþ. á að koma saman, og til 15. okt. sama ár, sem hann vill láta þessi ákvæði ganga í gildi, að ganga svo frá lögunum og ljúka afgreiðslu málsins hér á þingi, að það mætti leggja til grundvallar fyrir þessu frv. Ég held, að hann gerist nú þarna ákaflega bjartsýnn og ég vil ekki segja mæli þar móti betri vitund. Ég leyfi mér að efast um, að hann trúi því sjálfur, að þetta sé hægt. Vil ég þar til nefna, hvernig gekk að koma í gegn frv. um brunatryggingar í Reykjavík, sem hér var borið fram, að ég ætla, nokkuð snemma í marzmánuði, en við það frv. eru svo bornar fram algerlega óskyldar brtt. af hv. 11. landsk. o fl., sem urðu til þess, að málið dregst svo á langinn, að það er ekki hægt að ljúka því fyrir 1. apríl, þegar tryggingar bæjarins renna út. Ég leyfi mér að láta í ljós þá skoðun, að mér þætti það ekki ólíklegt að minnsta kosti, að það mundi taka meira en þessa viku, sem væri til stefnu frá setningu Alþ. og til 15. okt., að ljúka málinu.

Hitt atriðið, um gildistökutímann, þar sem hv. þm. sagði, að ég held, að það vantaði fordæmi fyrir því og hann í sinni löngu þingsögu myndi ekki eftir því, að eitthvert efnisatriði laga væri ákveðið að taka gildi síðar en lögin sjálf taka gildi. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? Nei. Það er nefnilega ekki allt efni laganna. Það segir í lögunum í 6. gr., að lögin taki gildi þegar í stað. Síðan vil ég gera ráð fyrir, að nefndin taki til starfa og undirbúi málið og síðan verði því hraðað eins og hægt er. En þó að því verði hraðað eins og hægt er, þá efast ég samt um, að það verði búið að ljúka því fyrir næsta fjárhagsár Brunabótafélags Íslands, sem byrjar 15. okt. Ég tel þess vegna vafasamt og næstum því að segja ómögulegt að ljúka afgreiðslu þess fyrir þann tíma. En að þetta sé óalgengt í lögum, að aðalatriði málsins sé frestað eða séu sett einhver tímatakmörk, það held ég að væri hægt að leggja mörg dæmi um fyrir hv. þm. Ég vil t. d. spyrja hann, hvernig það hafi verið, þegar bannlögin voru afgreidd á sínum tíma? Mér er sagt að þau hafi verið afgreidd 1909, en hvenær tóku þau gildi og hvenær komu þau til framkvæmda? Hv. þm. gæti kannske upplýst mig um það? Mig minnir, að það hafi verið lengra tímabil en þetta, sem þar bar á milli. (Gripið fram í.) Já, ég get það líka, ef hv. þm. óskar þess. Þau tóku gildi 1912, eða þrem árum síðar en þau voru samþ. (Gripið fram í.) Ekki 1912. Eftir 1912. En að fullu komu þau ekki til framkvæmda fyrr en 1915. Það var svo aftur önnur saga. En hitt er annað mál, að þetta mun ekki vera neitt einsdæmi. Það munu finnast mörg dæmi í lögum fyrir því, að það séu sett ákveðin tímatakmörk fyrir ýmsum þáttum málsins, og ekkert nýtt í því, að það sé gert hér.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi vona, að málinu yrði ekki stefnt í tvísýnu með því að samþ. þessa brtt. hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Dal. um að færa gildistökuákvæðið eitt ár fram, því að þá er till. orðin nákvæmlega eins og till. hv. 11. landsk. var hér áður. Hún miðaðist við, að þetta væri gert strax eða að það væri strax gefin frjáls vá*trygging bæjanna, sem þó náttúrlega hefði ekki* getað komið til framkvæmda fyrr en 15. okt. 1954, vegna þess að öll bæjarfélög og tryggjendur víðs vegar um land eru bundin til þess tíma, svo að þetta er nákvæmlega sama tímatakmarkið, og hv. 11. landsk. gerði ráð fyrir í sinni till.

**Pétur Ottesen:** Ég get í sambandi við þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál og einnig áður fyrr hér í d. um annað mál, þar sem einnig var rætt um þetta atriði, lýst því yfir sem minni skoðun, að ég er því samþykkur og fylgjandi, að brunatryggjendum úti um land verði, eins og nú er komið, gefið frjálsræði til þess að ákveða um sínar tryggingar og þannig sé losað um þau bönd, sem nú tengja alla aðra brunatryggjendur í þessu landi en Reykjavíkurbæ við Brunabótafélag Íslands.

En það er athyglisvert í þessu máli, að talað er um það hér, að Reykjavíkurbær hafi hér að öllu leyti sérstöðu og sé eðlilegt, að hann geti notið betri kjara með brunatryggingar en önnur byggðarlög í þessu landi. Í sambandi við þetta er vert að athuga það, að þegar lögin um Brunabótafélag Íslands voru fyrst sett, þá var talið, að áhættan væri svo mikil hér í Reykjavík, að ekki þótti fært að taka Reykjavík undir ákvæði Brunabótafélagsins. Það má vera, að þetta hafi þá verið réttmæt ástæða, en hér á er orðin breyting í verulegum atriðum að því leyti, hve miklar framfarir hafa orðið í brunavörnum hér í bænum. Þess vegna er þetta ekki sambærilegt nú, auk þess sem Brunabótafélagi Íslands hefur auðvitað vaxið mjög fiskur um hrygg síðan það hóf hér sína starfsemi. En þess er líka vert að gæta, að hliðstæðar framfarir í brunavörnum hafa og orðið í öðrum kaupstöðum þessa lands og yfirleitt í öllu þéttbýli landsins, svo að miðað við brunahættuna hér sé svo komið, að það sé ekki mikill munur á og öðrum kaupstöðum þessa lands. Því væri eðlilegt, að þeir hefðu aðstöðu til að sitja við sömu kjör. Hitt er svo aftur um dreifbýlið. Þar er víðast svo ástatt, að þar eru brunavarnir mjög ófullkomnar og sums staðar ef til vill engar, en þar kemur það aftur á móti, að þó að einstaka eldsvoða beri að höndum, þá er náttúrlega ekki um neitt sambærilegt tjón að ræða við það, sem er í þéttbýlinu, og þetta ber að sjálfsögðu allt að athuga í sambandi við það, þegar um er að ræða að draga úr þeirri einokunaraðstöðu, sem Brunabótafélaginu er nú sköpuð með landslögum. Ég fyrir mitt leyti er þess vegna því mjög fylgjandi, að losað sé um þessi bönd.

Það er nú einmitt svo, að á síðari árum hefur tryggingarstarfsemi hér á landi mjög vaxið og færzt alltaf meira og meira í fang, sú tryggingarstarfsemi, sem rekin er hér algerlega frjáls og á samkeppnisgrundvelli. Og þó að náttúrlega sé ekki hægt að benda þar á fullkominn samanburð, þar sem allir brunatryggjendur í landinu aðrir en hjá Reykjavíkurbæ eru bundnir á klafa hjá Brunabótafélagi Íslands, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að sú frjálsa samkeppni í þessu efni, eins og hún hefur birzt, er fullkominn grundvöllur fyrir því, að ekki sé stritazt við að halda til frambúðar þeirri einokun, sem nú er á um þessa hluti. Það er vitað um Brunabótafélag Íslands, að það hefur alltaf krafizt allmiklu hærri iðgjalda í sambandi við tryggingar sínar heldur en allar líkur eða skynsamlegar líkur eru fyrir að álykta að hefði verið hægt að fá á grundvelli hinnar frjálsu samkeppni í þessu efni. Það er mín skoðun, að á þessu sviði eins og öðrum sé hin frjálsa samkeppni mikilsverð driffjöður og að hún hafi hér sama hlutverki að gegna og á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Mér er sagt, að af þeim tryggingarfélögum, sem nú gerðu tilboð í tryggingar Reykjavíkurbæjar, hafi Brunabótafélag Íslands einnig gert þar tilboð, en allmiklu hærra en sum hinna félaganna, sem gerðu boð í þessar tryggingar.

Ég vil í sambandi við þær umr., sem farið hafa hér fram um það, hvort það ætti nú fyrirvaralaust að losa um þessi bönd, taka þetta fram: Það hefur náttúrlega enga þýðingu fyrir árið í ár eða þann hluta ársins, sem tryggingarnar gilda hjá Brunabótafélagi Íslands, sem er þangað til í október, að ég ætla; þá geta náttúrlega breytingar á þessum ákvæðum ekki orkað neinu frjálsræði eða nokkru haggað í því efni, fyrr en sá tími er útrunninn. Hér er þess vegna í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, eða þá brtt., réttar sagt, sem borin hefur verið fram í sambandi við frv., að þetta frjálsræði skuli taka gildi í október eða um svipað leyti og Alþ. kemur saman, eingöngu um eins árs frest að ræða. Það er það raunverulega í þessu efni. En hitt er ekki alls kostar rétt, sem hér var haldið fram áðan, að þetta taki til eins og hálfs árs, af því að þetta hálfa ár er þegar bundið í sambandi við ákvæði félagsins um gjalddaga.

Það er eitt í þessu máli, sem ekki hefur verið minnzt á hér og ég vil vekja athygli á og hefur áhrif á afstöðu mína í þessu efni, að því er þetta tímatakmark snertir. Það er það, að þegar athugun verður gerð á þessu máli og tryggingar gefnar frjálsar, eins og nú er um Reykjavík, og menn geta tryggt fasteignir sínar hvar sem þeir vilja og telja sér tryggingarnar hagkvæmastar, þá er það þannig, að Brunabótafélag Íslands á stóra sjóði. Og þegar sú ákvörðun er tekin að gefa tryggingarnar frjálsar einstaklingum þeim, sem bundnir hafa verið við starfsemi félagsins, einskorðaðir við starfsemi félagsins frá upphafi þessara laga, þá lít ég svo á fyrir mitt leyti, að þeir eigi hver og einn hlut í þessum sjóði. Þess vegna er það eitt af þeim atriðum, sem sú nefnd, sem á að endurskoða lögin um Brunabótafélag Íslands, hlýtur að athuga í sambandi við það, að tengslin við það eru rofin, og það er um skiptingu þessara sjóða, því að þeir, sem bundnir hafa verið við félagið öll þessi ár, eiga að sjálfsögðu það fé, sem safnazt hefur þar upp, þegar frá er dregin sú stofnupphæð, sem ríkið lagði til þessa félagsskapar á sínum tíma. Með tilliti til þess, að þetta gæti orðið að einhverju ágreiningsatriði, en allir tryggjendur í Brunabótafélaginu hljóta að standa að því hver með öðrum, að þeir fái sinn hlut eðlilega út úr félaginu, ef þeir slíta sambandi sínu við það, og með tilliti til þess tel ég, að ekki muni veita af þeim tíma, sem hér er um að ræða, og það muni ekki takast á viku eða hálfum mánuði að ganga frá breytingu á þeirri löggjöf, sem felur í sér þetta sanngirnisákvæði, að þeir gangi ekki slyppir og snauðir út úr þessum félagsskap og að aðrir óviðkomandi aðilar haldi þeim gildu sjóðum, sem búið er að safna upp í félaginu í kostnað tryggjendanna, því að það eru vitanlega þeir, sem lagt hafa fram það fé, sem hefur þarna safnazt. Með tilliti til þessa þykist ég þjóna bezt frelsishugsjóninni í þessu efni með því að gefa hæfilegan frest til þess skilnaðar við Brunabótafélagið, sem hér er gert ráð fyrir að mönnum verði opnaður með ákvæðum þessa frv. Ég tel þess vegna rétt og hyggilegast, eins og málum er komið, að samþ. þetta frv. með þeim fresti, sem þar er ákvarðaður, af því að ég álít, að það tryggi bezt hagsmuni þeirra manna, sem mundu kjósa að breyta til og tryggja fasteignir sínar hjá öðrum félögum, tryggi bezt hagsmuni þeirra

að því leyti til, að þeir fái út úr þessum sjóði það fé, sem þeir eiga þar og hafa fullkomna sanngirniskröfu til að fá framreitt sér til handa, þegar komið er á frelsi í þessum efnum, sem ég tel, eins og nú er komið tryggingarmálum í landi voru, alveg sjálfsagt að gefið verði.

ATKVGR.

Brtt. 823 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁB, EOl, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HV, BFB, JörB, KGuðj, LJós.

nei: PO, SÁ, BergS, BÓ, EggÞ, EI, EmJ, GilsG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KJJ, MJ, ÓTh, SB.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

---

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþykkt með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 833).

---

## 77. Landamerki o. fl.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.** [155. mál] (þmfrv., A. 396).

Á 54. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Björn F. Björnsson):** Herra forseti. Mál út af merkjum landa hafa verið, svo sem alkunna er, um aldir og eru enn í dag mjög tíð fyrir dómstólum í landi hér. Til þess liggja ýmsar orsakir og sumar næsta eðlilegar, en eigi þykir mér ástæða til þess að rekja þær hér í sambandi við það málefni, sem liggur fyrir til umræðu.

Um meðferð landamerkjamála hefur gilt sérstök löggjöf, nú lög nr. 41 frá 1919 og lög nr. 40 frá 1927, og er hún í ýmsu tilliti frábrugðin hinni venjulegu meðferð einkamála. Þessi afbrigðilega tilhögun er byggð á séreðli þessa málaflokks. Úrslit í merkjamálum eru t. d. tíðast svo tengd staðháttum, örnefnum, landsnytjum o. fl. af slíku tagi, að löggjafanum hefur þótt nauðsynlegt að kveða svo á, að merkjadómendur (en landmerkjadómur er skipaður 3 dómendum) skuli ganga á vettvang og athuga um staðfræðileg efni máls, svo sem framast er kostur. Telur löggjafinn þannig, að ekki sé ætlandi, að án merkjagöngu takist nægilega vel til um niðurstöðu efnisdóms, og er það auðvitað alveg rétt. Hins vegar hefur löggjafinn ekki gert sérstaklega ráð fyrir því, — og er það að vonum á þeirri tíð, sem lögin voru sett, — að æðra dómi væri kleift að ganga á vettvang og kynnast, eins og merkjadómur í héraði, málefninu af eigin raun. Þess vegna hefur æðri dómur verið bundinn af sérstakri lagareglu í þessum málum, sem takmarkar vald hans þannig, að honum er annað tveggja heimilt, í fyrra lagi að staðfesta merkjadóm að fullu, eins og hann kann að liggja fyrir hverju sinni, eða að öðrum kosti fella merkjadóminn úr gildi og vísa honum frá til upptöku að nýju í héraði. Hið þriðja leyfist æðra dómi ekki, nefnilega að breyta merkjadómi svo sem æðra dómi kynni að þykja réttast og lúka þar með málinu án frekari aðgerða eða heimsendingar í hérað. Hér er því mjög á annan veg farið um vald æðra dóms og afstöðu til dómsefnis en venja er til. Í þessum málum er æðri dómur, hæstiréttur, svo kallaður kassasjónsdómstóll. Geti hann ekki fallizt þegar á niðurstöðu merkjadóms, er honum einn kostur sá að ómerkja dóminn, hversu smávægilegt sem það kann að vera, sem áfátt er, og málinu er vísað heim í hérað til meðferðar að nýju. Að binda þannig hendur æðri dóms var eðlilegt og réttmætt á fyrri tímum, þá er hæstiréttur Dana var efsta dómstig vort, og yfirrétti landsins í Rvík hlaut að vera erfitt um vik til vettvangsgöngu, en uppdrátta af þrætulandi jafnan vant. Hvor tveggja dómurinn hlaut að hafa takmarkaða yfirsýn um kjarna málsins, hið staðfræðilega dómsefni.

Nú horfir aftur á móti öðruvísi við. Hæstiréttur hefur oftsinnis gengið á vettvang í merkjamálum og öll aðstaða til ferðalaga svo breytt, að fá eða næstum engin mál ættu þau fyrir að koma og merkjadómur hefur færi til merkjagöngu í, að hæstiréttur geti ekki komizt á staðinn, ef honum þykir þess þörf. Þannig er algerlega úr sögunni undirstaða þessa sérstaka ákvæðis um meðferð merkjadóma fyrir hæstarétti.

Í frv. á þskj. 396 er lagt til, að þessi sérstaka meðferð merkjamála fyrir hæstarétti verði niður felld og að um þau mál fari þar sem almenn einkamál, þannig að hæstiréttur hafi færi þess að breyta merkjadómi svo sem réttast þykir, eins og nú er um aðra dóma, sem til hæstaréttar ganga. Er þá haft fyrir augum, að hæstiréttur gangi á merki, ef hann telur sig ekki án merkjagöngu geta kveðið upp efnisdóm. Að vísu kann það að henda, að hæstiréttur teldi sig ekki geta farið á vettvang, er slíks væri að hans áliti þörf, og færi þá í þeim tilfellum — sjálfsagt mjög fáum — um málið eftir venjulegum reglum, er nauðsynlegra upplýsinga úr héraði er vant. Við þessa breytingu, ef að lögum yrði, vinnst margt. Oftlega hafa merkjamál horfið heim í hérað fyrir efni eða atvik, sem hæstiréttur hefði annars fært með hægu móti í réttara horf og þannig lokið endanlega máli, ef eigi hefði núgildandi lagaákvæði staðið í vegi. Það hefur komið fyrir, að sama merkjamálið hafi jafnvel þrisvar sinnum verið sent heim í hérað fyrir missmíð, sem hæstiréttur taldi ekki á færi sínu að lagfæra öðruvísi en með heimsendingu.

Merkjamál eru æði tafsöm í meðförum yfirleitt og því langvinn og hafa þar af leiðandi mikinn kostnað allajafna í för með sér, og á

þennan kostnað auka eigi svo lítið heimsendingar máls í hérað að nýju, stundum af litlu tilefni, en jafnan af óhjákvæmilegri nauðsyn vegna úrelts lagaákvæðis.

Þá má og geta þess, að merkjamál eru tíðast sótt og varin af hinu mesta kappi og tilfinningahita meiri en jafnvel þekkist í öðrum málaflokkum. Er af þeirri sök eigi síður ástæða til þess að lúka þeim í héraði á sem skemmstum tíma sem unnt er og þannig, að eigi séu framar en í öðrum málum veruleg líkindi til þess, að þangað berist þau að nýju frá hæstarétti, nema bresti á um almenna meðferð í héraði eða atvik eru þess konar, sem í öllum málum geta verið valdandi heimsendingu máls.

Þau atriði, sem hér hafa lauslega verið rakin, benda flutningsmönnum þessa frv. til þess, að afnema beri þetta ákvæði í reglum laga um meðferð merkjamála í héraði og taka beri upp hina almennu meðferð einkamála að því er merkjamál varðar að þessu leyti. Er það von flm. þessa frv., að merkjamál eigi þá greiðari gang til skjótra úrslita með minni kostnaði, fyrirhöfn og ýmiss kyns óþægindum en ella, og sýnist þá vel farið.

Þá er í frv. lagt til, að nokkrum ákvæðum l., sem telja má úrelt nú, verði breytt til samræmis við gildandi fyrirmæli laga um meðferð einkamála í héraði, en ekki þykir mér ástæða til að ræða það nánar. Mér finnst það eðlilegt og sjálfsagt.

Breytingarnar samkv. frv. verða þá þessar: Að 14. gr. orðist þannig, að merkjamál sæti, að öðru leyti en því sem í lögunum greinir, þ. e. a. s. landamerkjalögunum, hinni venjulegu meðferð einkamála í héraði. Um fresti og annað þess háttar eru nú rækilegar reglur í lögum um meðferð einkamála í héraði frá 1936, og er engin ástæða til þess að halda í þessi gömlu ákvæði, sem ekki eru praktíseruð lengur. En mergur máls þessa frv. er sá, ef það nær að verða að lögum, að þá mun hæstiréttur þess umkominn að breyta landamerkjadómum eins og hann gerir, ef honum sýnist svo, um aðra dóma, og er þá héraðsdómur í flestum tilfellum laus við slík mál, þá er hann hefur kveðið upp sinn dóm. Við flm. teljum, að það vinnist töluvert með þessari lagabreytingu, og væntum þess, að hv. alþm. taki þessu frv. vel.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál á þessu stigi nánar, en vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 396, n. 625).

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl. Hefur n. sent lagadeild Háskóla Íslands og hæstarétti frv. þetta til athugunar og umsagnar. Hefur lagadeild háskólans einróma og eindregið mælt með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, og fjórir af fimm hæstaréttardómurunum hafa einnig lagt til, að breytingar þær, sem í frv. þessu felast, verði lögfestar. — Allshn. leggur til, eins og segir í nál., að frv. verði samþ. óbreytt.

**Björn F. Björnsson:** Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, en jafnframt fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann sæi sér fært að þoka þessu máli áfram svo mjög sem auðið er, því að báðir höfum við flm. töluverðan áhuga fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, ef auðið er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt í Nd. af tveimur héraðsdómurum og hefur hlotið samþykki d., að því er mér skilst óbreytt.

Ég vil ekki mæla á móti því út af fyrir sig, að sú breyting, sem frv. gerir, sé til bóta, a. m. k. að nokkru leyti, vegna þess að aðstaðan varðandi vettvangsmál er nú mjög breytt frá því, sem áður var. Nú orðið er það mögulegt fyrir hæstarétt, ef verulega þýðingu hefur, að fara sjálfur á vettvang og skoða öll ummerki, en áður fyrr voru samgöngur slíkar, að slíkt var frágangssök. Þetta er orðið breytt og vitað mál, að hæstiréttur hefur í einstökum tilfellum farið og skoðað landslag og staðhætti, og eftir það má segja, að sú ástæða, sem áður var til þess að ómerkja dóminn, vísa málinu heim, sé niður fallin og hæstiréttur eigi að geta kveðið upp efnisdóm sjálfur.

Þetta kann allt rétt að vera, en þó hygg ég, að þetta þurfi nokkru nánari skoðunar, og ég vil sérstaklega benda á, að ég hef fyrir nokkru kvatt hæfustu menn til þess að taka að sér endurskoðun á einkamálalögunum. Það er allmörg ár síðan þau lög voru sett og mikil reynsla er fengin um framkvæmd þeirra og þess vegna full ástæða til þess að endurskoða þau og gera sér grein fyrir, hvað betur megi fara, og ég tel, að eðlilegast væri, að þessi breyting á landamerkjalögunum, sem er óneitanlega veru-

leg breyting, væri látin bíða eftir þeirri endurskoðun. Þess vegna mundi ég ekki vera hvatamaður þess, að frv. yrði hraðað á þessu þingi, heldur látið bíða til frekari athugunar, án þess að ég geti þó sagt, að mér sé þetta verulegt kappsmál, ef aðrir menn hafa í því örugga sannfæringu. En ég tel, að það væri öruggari málsmeðferð að láta málið a. m. k. bíða til næsta þings og athuga þetta allt í samræmi við eða í samhengi við þá allsherjar endurskoðun á meðferð einkamála, sem nú fer fram, og vil ég þó geta þess, að mjög hæpið er, að henni verði lokið fyrir næsta haust, þótt ég hafi fulla von um, að henni ljúki einhvern tíma á næsta vetri. En ég tel sjálfsagt, að málið fari til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 396, n. 847).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur áfrýjun landamerkjamála þegar frá því að landamerkjalögin 1882 voru sett verið með öðrum hætti en áfrýjun annarra einkamála. Við áfrýjun venjulegra einkamála kveður hæstiréttur upp endanlegan dóm í málinu. En þó að hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu í landamerkjamálum, að undirréttardómurinn sé skakkur, og jafnvel þó að glöggt sé, hvernig niðurstaða hans eigi að vera, þá hefur hann ekki vald til þess að kveða upp efnisdóm, heldur verður þá að heimvísa málinu til uppkvaðningar nýs dóms í héraði. Að vísu er það þannig, að hæstiréttur gefur venjulega í forsendum sínum leiðbeiningar um, hvernig sá dómur eigi að vera, en allt um það getur hann ekki breytt sjálfstætt undirréttardóminum.

Þetta ákvæði hefur sjálfsagt í fyrstu verið tekið upp í l. vegna þess, að löggjafanum hefur þótt, að það væri nauðsynlegt, að dómendurnir, sem kvæðu upp dóma í málunum, hefðu staðarþekkingu. En auk þess mun það að nokkru leyti hafa haft áhrif við lagasetninguna frá 1882, að verið var þá að draga málaflokka undan hæstarétti Dana, því að landsyfirdómurinn var gerður að æðsta dómstól í landamerkjamálum. Af þessu hefur að sjálfsögðu oft leitt aukinn kostnað, sem ekki hefði komið til greina, ef hæstiréttur hefði verið bær um að kveða upp efnisdóma í þessum málum eins og öðrum málum öðruvísi en undirréttardóminn.

Nú eru aðstæður viðvíkjandi þessu mjög mikið breyttar, sérstaklega vegna miklu nákvæmari kortagerðar og ljósmynda, þannig að engin ástæða er til þess, að ekki gildi sama regla um uppkvaðningu hæstaréttardóma í þessum málum eins og öðrum. Þetta hefur valdið því, að tveir af undirdómurum landsins, sem eiga sæti í hv. Nd., hafa borið fram frv. þess efnis, að meðferð merkjamála fyrir hæstarétti skuli lúta hinni venjulegu meðferð einkamála.

Frv. þetta hefur verið sent til umsagnar hæstaréttar og lagadeildar háskólans. Fjórir dómarar af fimm í hæstarétti leggja til, að þessi breyting verði lögfest, en einn bendir á það, að almenn endurskoðun einkamálalaganna sé nú í höndum þar til skipaðrar n., og telur, að það sé ekki brýn nauðsyn á að fá þessa breytingu í gegn fyrr en við almennari endurskoðun laganna. Lagadeild háskólans leggur til, að frv. verði samþ., og telur það til bóta.

Á fundi allshn., sem haldinn var í nótt, þar sem allir nm. voru viðstaddir nema hv. 1. þm. N-M. (PZ), kom n. sér saman um að leggja til við d., að frv. verði samþ. Þó að það hefði kannske mátt segja, að það gæti beðið eftir afgreiðslu n. á einkamálalögunum, þá geta alltaf verið einhver mál gangandi í þessum efnum, sem breytingin gæti sparað kostnað við.

Ég vildi f. h. nefndarinnar leyfa mér að leggja til við hv. d., að hún samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 855).

---

## 78. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 65. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur** [174. mál] (þmfrv., A. 490).

Á 67. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Þetta frv. er flutt af iðnn. eftir tilmælum hæstv. iðnmrh. Það er þess efnis, að ágreiningsmál út af starfssviði iðngreinanna innbyrðis, þ. e. a. s., hvað heyri undir handiðnaðinn og hvað undir verksmiðjuiðnaðinn, falli undir dómsvald félagsdóms, en ekki undir þá venjulegu dómstóla. Nokkur slík ágreiningsmál hafa komið upp nú að undanförnu og gengið þá venjulegu leið fyrir hin tvö dómsstig, en það þykir af ýmsum ástæðum hentugra, að þessi mál falli undir félagsdóm. Bæði Félag ísl. iðnrekenda og Landssam-

band iðnaðarmanna eru samþykk þessu frv., og iðnn. hefur orðið við óskum hæstv. ráðh. um að flytja það, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 69. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá nú, vegna þess að iðnn., sem flytur það, þarf að athuga það á einum fundi, áður en það er afgr. út úr deildinni.

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 74. fundi í Nd., 31. marz.
Á 80. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 490, 723).
Afbrigði um brtt. 723, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Eggert Þorsteinsson:** Herra forseti. Eins og þm. hafa eflaust séð, þá hefur verið gerð breyting á þeim upphaflegu till. iðnn. Ég sé hins vegar, að frsm. n. er ekki viðstaddur, en veit, að hann mun hafa ætlað sér að gera einhverja grein fyrir þeirri breytingu, sem á er orðin frá því, að frv. lá fyrir til 2. umr. Varðandi breyt. er það að segja, að um hana hefur verið leitað umsagnar viðkomandi aðila að bæta þriðja aðilanum inn í þessa ákveðnu gr., og hafa viðkomandi aðilar ásamt hæstv. iðnmrh. fallizt á, að þessi breyting verði á gerð, og er hún komin hér inn með fullu samþykki allra nefndarmanna.

ATKVGR.
Brtt. 723 samþ. með 18:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 741).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 741, n. 846).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Hermann Jónasson):** Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 846 ber með sér, hafa nm. orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó ber þess að geta, eins og tekið er fram í nál., að einn þm., 1. þm. N-M. (PZ), var ekki mættur á þessum fundi af þeim ástæðum, að ekki tókst að boða hann á fundinn, þar sem fundurinn var haldinn seint í gærkvöld.
Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í sjálfu sér mjög óbrotið og einfalt. Þar er sú breyting gerð á frá því, sem nú er um verksvið félagsdóms, að dómsvald hans nær nú til þess að ákveða eða dæma um það, hvaða iðngrein tilheyra tiltekin verk, og dæma um þær deilur, sem rísa þar milli iðnaðarmanna og iðnrekenda. Það er gerð ýtarleg grein fyrir því í frv. eins og það var lagt fyrir hv. Nd., að það var fyrirhugað að gera víðtækari breytingar en þetta. En þessar breytingar, sem hér eru ráðgerðar, eru þær breytingar, sem allir iðnaðarmenn voru sammála um að væri hægt að gera nú með samkomulagi.
Í allshn. hv. Nd. var leitað álits um þetta mál til iðnaðarmanna og með þeim árangri, sem ég nú greindi. N. er þess vegna sammála um það að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 856).

# Önnur mál.

## I. Fjárhagur ríkissjóðs 1953.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var tekið til meðferðar:

**Bráðabirgðayfirlit fjmrh. um fjárhag ríkissjóðs 1953.**

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér þykir hlýða að gefa hv. Alþ. yfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1953, áður en það lýkur störfum.

Það hefur verið gert bráðabirgðayfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrir þetta ár, en það verður þó að gefa með þeim fyrirvara, að tölur geta eitthvað breytzt við endanlegt uppgjör, en ekki ætti það að verða svo, að nokkru verulegu máli skipti.

Ég mun þá fyrst gefa yfirlit um tekjur og gjöld á rekstrarreikningi. Það eru þá fyrst tekjurnar.

Tekju- og eignarskattur og tekjuskattsviðauki var áætlað 56 millj. og 500 þús., en er á bráðabirgðayfirlitinu 45 millj. og 911 þús., en verður þó mun meira vegna þess, að í eftirstöðvum frá fyrri árum, sem er hér sérstakur liður á bráðabirgðauppgjörinu, er meginhlutinn tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur. Þessi tala á því eftir að breytast, þó að það raski ekki niðurstöðu uppgjörsins. — Þá er það stríðsgróðaskattur og hluti ríkissjóðs af honum. Hann var áætlaður 3 millj. og 400 þús., en er í þessu yfirliti 2 millj. 604 þús., en sú tala á eftir að hækka. Hér kemur einnig viðbót úr eftirstöðvunum. — Þá er vörumagnstollur, 24 millj. var áætlunin, en í bráðabirgðayfirlitinu eru 29 millj. 71 þús. — Verðtollur 109 millj. í fjárl., 143 millj. 138 þús. í bráðabirgðayfirliti. — Innflutningsgjöld af benzíni 9 millj. og 200 þús., en 9 millj. 680 þús. eftir bráðabirgðayfirlitinu. — Gjald af innlendum tollvörum var áætlað 7 millj. og 200 þús., en er hér 8 millj. 731 þús. — Fasteignaskattur var áætlaður 700 þús., en er hér 647 þús. — Lestagjald af skipum var áætlað 300 þús., en er hér 293 þús. — Bifreiðaskattur var áætlaður 3 millj. og 300 þús., en er hér 3 millj. og 942 þús. — Aukatekjur voru áætlaðar 3 millj. og 500 þús., en eru hér 4 millj. 864 þús. — Stimpilgjöld voru áætluð 9 millj., en eru hér 12 millj. 551 þús. — Vitagjald var áætlað 1 millj., en er hér 1 millj. 587 þús. — Leyfisbréfagjald var áætlað 100 þús., en er 297 þús. — Veitingaskattur var áætlaður 2 millj. og 500 þús., er hér 1 millj. 836 þús. — Útflutningsleyfisgjald var áætlað 500 þús., er hér 705 þús. — Söluskattur var áætlaður 89 millj. og 500 þús., en er hér 107 millj. 45 þús. — Leyfisgjöld ýmiss konar voru áætluð 1 millj. og 700 þús., en eru hér 2 millj. 552 þús. — Ríkisstofnanir voru áætlaðar 91 millj. 89 þús., en eru hér 113 millj. 622 þús. — Aðrar tekjur voru áætlaðar 6 millj. 195 þús., en eru hér 5 millj. og 40 þús. — Eftirstöðvar frá fyrri árum eru innheimtar 12 millj. 462 þús., og á það eftir að deilast, aðallega á liðina tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eins og ég gat um áðan. Ríkistekjur voru áætlaðar samtals 418 millj. 684 þús., en eru 506 millj. 578 þús. eftir þessu yfirliti.

Þá vil ég taka það fram, að tekjur ríkisstofnana sundurliðast þannig: Áfengisverzlun ríkisins, hagnaður 63 millj. og 200 þús. — Tóbakseinkasalan, hagnaður 41 millj. og 800 þús. — Landssíminn, rekstrarhagnaður 5 millj. og 400 þús. — Ríkisútvarpið, rekstrarafgangur 2 millj. — Gutenberg, rekstrarafgangur 180 þús. — Áburðarsalan, rekstrarafgangur 754 þús. — Grænmetisverzlunin 76 þús. — Landssmiðjan, rekstrarhagnaður 1 millj. 332 þús. Þetta er samtals 114 millj. 742 þús., en frá dregst rekstrarhalli póstsins, sem er 1 millj. 120 þús., þannig að nettóhagnaður ríkisstofnana verður 113 millj. 622 þús., eins og uppgjörið greinir.

Þá eru það gjöldin.

Vextir voru áætlaðir 3 millj. 658 þús., en hafa orðið 4 millj. 343 þús. — Forsetaembættið, kostnaður var áætlaður 474 þús., en varð 886 þús. — Alþingiskostnaður var áætlaður 3 millj. 744 þús., en varð 2 millj. 825 þús. — Kostnaður við ríkisstjórnina var áætlaður 5 millj. 661 þús., varð 7 millj. 380 þús. — Við hagstofuna var áætlaður kostnaður 964 þús., varð 970 þús. — Kostnaður við utanríkismál var áætlaður 5 millj. 362 þús., varð 5 millj. 895 þús. — Við dómgæzlu og lögreglustjórn var áætlaður kostnaður 25 millj. 470 þús., varð 26 millj. 974 þús. — Opinbert eftirlit, kostnaður var áætlaður 1 millj. 636 þús., en varð 2 millj. 241 þús. — Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta var áætlaður 9 millj. og 600 þús., varð 11 millj. 142 þús. — Sameiginlegur kostnaður vegna embættisrekstrar var 2 millj. 250 þús., og þann lið varð nú að áætla við uppgjörið, hann er áætlaður 2 millj. 250 þús. — Heilbrigðismál, kostnaður var áætlaður á fjárl. 28 millj. 228 þús., en verður 28 millj. 571 þús. — Vegamál voru áætluð 39 millj. 542 þús., en verða a. m. k. 47 millj.; kem að því sérstaklega síðar. — Sam-

göngur á sjó voru áætlaðar 6 millj. 679 þús., en verða 8 millj. 275 þús. — Vitamál og hafnargerðir voru áætlaðar 11 millj. 617 þús., en verða 12 millj. 323 þús. — Flugmál, halli á þeim var áætlaður 3 millj. 317 þús., en mun verða um 1 millj. — Kirkjumál voru áætluð 5 millj. 988 þús., verða 6 millj. 120 þús. — Kennslumál voru áætluð 56 millj. 445 þús., en verða 58 millj. 331 þús. — Til opinberra safna, bókaútgáfu o. fl. 4 millj. 971 þús., áætlun, en verða 5 millj. 233 þús. — Til rannsókna í opinbera þágu voru áætlaðar 5 millj. 916 þús., en verða 6 millj. 658 þús. — Til landbúnaðar voru áætlaðar 41 millj. 513 þús., verða 44 millj. og 12 þús. — Sjávarútvegsmál voru áætluð 5 millj. 335 þús., en verða 5 millj. 738 þús. — Til iðnaðarmála voru áætlaðar 1 millj. 863 þús., verða 1 millj. 864 þús. — Til raforkumála voru áætlaðar 5 millj. 527 þús., verða 6 millj. 120 þús. — Til félagsmála voru áætlaðar 51 millj. 84 þús., en verða 51 millj. 392 þús. — Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóðs voru áætluð 12 millj. 505 þús., verður um 12 millj. 575 þús. — Til dýrtíðarráðstafana voru áætlaðar 36 millj. og 800 þús., þ. e. a. s. til niðurborgunar á vörum, en verða 47 millj. 66 þús. — Þá var á fjárlögunum liður, sem hét „Vantalin verðlagsuppbót", 2 millj. 500 þús. Það færist ekkert á þann lið í reikningnum, en dreifist á aðra liði. Vísitalan var hærri en fjárl. gerðu ráð fyrir. Það á sinn þátt í umframgreiðslunum á einstökum liðum. — Loks eru óviss útgjöld, voru áætluð 1 millj. og 500 þús., verða 3 millj. og 500 þús.

Fjárlagaliðirnir voru samtals 380 millj. 163 þús., en eru í bráðabirgðayfirlitinu 411 millj. 396 þús. Síðan kemur á rekstrarreikninginn til viðbótar, gjaldamegin, greitt samkvæmt heimildarlögum 5 millj. 972 þús., greitt samkvæmt sérstökum lögum 1 millj. 688 þús., greitt samkvæmt þál. 523 þús. og fært á væntanleg fjáraukalög 2 millj. 360 þús., þannig að rekstrarútgjöldin eru á bráðabirgðayfirlitinu alls 421 millj. og 900 þús., en fjárl. voru 380 millj. 163 þús.

Samkvæmt þessu yfirliti hefur rekstrarafgangur orðið rúmar 84 millj., en gert var ráð fyrir, að hann yrði 38 millj. Ríkistekjurnar hafa farið allverulega fram úr áætlun á árinu 1953 og hafa komizt upp í 506 millj., eins og ég gat um, en voru áætlaðar 418 millj. Þær hafa því orðið um það bil 21% meiri en gert var ráð fyrir, enda hefur rekstrarafgangur orðið rúmlega helmingi meiri en ráðgert var.

Rekstrartekjur ársins 1952, þ. e. a. s. árið áður, voru 420 millj., en tekjurnar á fjárl. fyrir 1953 voru áætlaðar 418 millj., eða m. ö. o. áætlaðar næstum því nákvæmlega jafnháar og tekjurnar höfðu reynzt árið áður. Þetta þótti þá mjög óvarleg áætlun, þegar gengið var frá fjárl., sem ekki var að furða, og nær einsdæmi í sögu þingsins, að afgreiðslu fjárl. væri háttað þannig um tekjuáætlun. En þessi háttur, að áætla tekjurnar á fjárl. sjálfum nærri því jafnháar og þær urðu á reikningi árið áður, var upp tekinn eingöngu í trausti þess, að búizt var við 25 millj. kr. sérstökum tolltekjum af óvenjulegum vélainnflutningi til stórra fyrirtækja. En nú hefur farið öðruvísi en á horfðist þá. Hafa orðið verulegar umframtekjur, og ástæðan til þeirra er alveg óvenjulegt góðæri. Þetta sést bezt á því, að þrátt fyrir niðurfellingu kaffi- og sykurtollsins og þess vegna raunverulega lægri skatta og tolla á árinu 1953 en árið 1952, þá verða tekjurnar samt rúmlega 20% meiri þetta ár en árið áður, og þó að 25 millj. af því séu vegna óvenjulegs vélainnflutnings, þá sjáum við, að samt er hækkunin afar mikil. Sérstaklega hafa tekjurnar orðið miklar síðustu tvo mánuði ársins. Í nóvembermánuði áætluðum við í fjmrn., að tekjurnar mundu ná 480 millj., og miðuðum þá við, að jöfn hlutfallsleg hækkun yrði á tekjunum það sem eftir var, nóvember og desember, og orðið hafði fram að þeim tíma, en þær hafa sem sagt losað 500 millj. Fjárl. gerðu ráð fyrir 380 millj. kr. rekstrarútgjöldum, en á fjárlagaliðunum sjálfum urðu rekstrarútgjöldin 411 millj., eða 31 millj. hærri en fjárl. áætluðu. Þar að auki kemur svo gjaldamegin á rekstrareikningi 10½ millj., sem er greidd samkvæmt heimildarlögum, sérstökum lögum, þál. og væntanlegum fjáraukalögum.

Umframgreiðslur eru mestar og tæplega umtalsverðar aðrar en á tveimur fjárlagaliðum. Til dýrtíðarráðstafana er notað 10 millj. 266 þús. meira en áætlað var í fjárl., og var þó haldið sömu reglu um niðurgreiðslu innlendra vara og ákveðið var í sambandi við lausn verkfallsins í fyrravetur, með þeirri einni undantekningu, að aukin var nokkuð niðurgreiðsla á smjöri, þ. e. a. s., að aukinn var skammturinn af niðurgreiddu smjöri, en ekki niðurgreiðslan á smjörkíló. Ástæðan til hinna stórfelldu umframgreiðslna á þessum lið er því stóraukin sala innlendra afurða á árinu frá því, sem áður hafði verið og gert ráð fyrir. Stendur það í sambandi við þá sömu almennu velmegun sem valdið hefur auknum ríkistekjum. Það má geta þess til fróðleiks, að til niðurgreiðslu á smjöri var varið á árinu 11 millj. 122 þús., til niðurgreiðslu á smjörlíki 6 millj. og 800 þús., á kjöti 3 millj. og 470 þús., mjólk 20 millj. 580 þús., en kartöflum 4 millj. 59 þús. Allir þessir liðir eru mun hærri en áætlað var fyrir fram, af þeirri ástæðu, sem ég greindi, og sumir miklu hærri.

Hinn liðurinn á rekstrarreikningnum, sem fer verulega fram úr áætlun, er framlagið til vegamálanna. Þar er 7 millj. 458 þús. kr. umframgreiðsla og getur raunar reynzt nokkru meiri, því að vegamálin eru ekki endanlega uppgerð enn þá. Ég hef t. d. ekki fengið alveg fullnægjandi skýrslu um það enn þá, hvernig vegaviðhaldið kemur út á árinu. Aðalliðirnir í þessari umframgreiðslu eru vegna vegaviðhalds og brúargerða. Til brúargerða eru umframgreiðslur 4½ millj. Er þar um að ræða brýr vegna Laxárvirkjunarinnar, 1 millj. 76 þús., og brú vegna Sogsvirkjunarinnar 309 þús. Það, sem þá er eftir af þessari 4½ millj., er til ýmissa annarra brúa, og var það fé greitt fyrir fram á árinu og ætlunin að það yrði endurgreitt af fjárveitingum ársins 1954. En í samráði við fjvn. var sú ákvörðun tekin að færa þessar fyrirframgreiðslur allar sem útgjöld á árinu 1953, þar sem það fór saman sýnilega, að tekjur ríkissjóðs höfðu talsvert farið fram úr áætlun og þörf var fyrir brúarbygg-

ingar svo brýn, að afgreiðsla brúaliðsins í fjárl. fyrir árið 1954, þ. e. yfirstandandi ár, hefði orðið lítt eða ekki viðráðanleg, ef þessi háttur hefði ekki verið upp tekinn. Þess vegna kemur umframgreiðsla nú á brúaliðinn svo veruleg. Brýr vegna stórvirkjananna tveggja eru á þjóðvegum, og var um samið, að andvirði þeirra skyldi endurgreitt fyrirtækjunum tveimur úr ríkissjóði, en var ekki skylt að endurgreiða það strax. En það var ákveðið í samráði við fjvn. í vetur að endurgreiða þennan brúakostnað Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni strax, þar sem ríkissjóður hafði ráð á því, en virkjanirnar höfðu nóg með sinn stofnkostnað.

Þetta eru þá mestu umframgreiðslur ríkisins á rekstrarreikningi, og nema þær samtals 18 millj. af þessum 31 millj., sem eru umframgreiðslur á fjárlagaliðum. Eftir eru þá 13 millj., sem dreifast á mjög marga liði, og má þar helzt nefna, að óviss útgjöld fara fram úr áætlun um 2 millj., framlög til landbúnaðarmála fara fram úr áætlun um 2 millj. 449 þús., og er þar yfirleitt um lögbundna áætlunarliði að ræða. Mest af því eru umframgreiðslur vegna sauðfjársjúkdóma og jarðræktarframlaga, en 765 þús. af þeirri fjárhæð eru vegna fyrirhleðslna í ýmsum vatnsföllum. Voru þetta fyrirframgreiðslur á árinu 1953, sem greiddar voru vegna þess, hvernig stóð á verkum, eins og stundum kemur fyrir, en ætlað var að yrðu endurgreiddar af fjárveitingum 1954. En af sömu ástæðu og þeirri, sem ég sagði frá í sambandi við brúabyggingarnar, var ákveðið í samráði við fjvn. núna í vetur að færa þessar fjárhæðir til útgjalda á árinu 1953. Loks má nefna, að til samgangna á sjó var varið 1 millj. 596 þús. kr. meira en áætlað var, og er það vegna halla á strandferðaskipum, sem ekki varð með nokkru móti umflúinn. Aðrir umframgreiðsluliðir eru smærri. Ég kem nánar síðar að umframtekjunum og umframgreiðslunum í lok þessa máls og vík því ekki nánar að þessu að svo stöddu.

Þá er á rekstrarreikningi rétt um 10½ millj., eins og ég gat um áðan, sem er greiðslur samkvæmt heimildarlögum, sérstökum lögum, þingsályktunum og væntanlegum fjáraukalögum, og vil ég hér með gefa yfirlit um, hvaða greiðslur þetta eru. — Það er fyrst eftir heimildarlögum og heimildum í fjárl. Samkv. 22. gr. fjárl. til að bæta úr atvinnuörðugleikum, þ. e. hluti af atvinnuaukningarfénu, sá hlutinn, sem látinn er sem óafturkræft framlag, 1 millj. 27 þús. Er framlagið miklu meira og kemur á eignahreyfingar sem lán. — Til styrktar bátaútvegsmönnum samkv. 22. gr. fjárlaga vegna veiðarfæraskipta í sambandi við útfærslu landhelginnar 2 millj. 879 þús. — Bætur vegna slysfara á Bolungavíkurvegi 140 þús. — Til Þingvallamyndar samkvæmt fjárlagaheimild 12 þús. — Húsaleigustyrkur presta samkvæmt fjárlagaheimild 45 þús. — Styrkur til að hafa hjúkrunarkonu samkvæmt fjárlagaheimild 5 þús. — Greitt til Þorlákshafnarvegar samkvæmt fjárlagaheimild 176 þús. — Uppbætur til Sveinbjarnar Kristjánssonar samkvæmt fjárlagaheimild 120 þús. — Til menningarsjóðs, uppbót á tekjur hans samkvæmt fjárlagaheimild, 128 þús.

Þá eru hér greiðslur, sem áttu sér stað á árinu 1953, en heimild var samþykkt fyrir fyrst í fjárl. 1954, en þykir sjálfsagt að komi á árið 1953, enda þá útborgaðar: Til byggingar barnaskóla í Hnífsdal 250 þús. samkvæmt 22. gr., greidd ábyrgð á söluverði sunnanlandssíldar, sem framleidd var á árinu 1953, 1 millj., og greiðslur til eigenda minkabúa samkvæmt 22. gr. fjárl., 190 þús. Samtals eru þessar greiðslur samkvæmt heimildarlögum á rekstrarreikningi 5 millj. 972 þúsund.

Þá eru það sérstök lög: Lög um Flóaáveitu 4 þús., um atvinnuleysisskráningu 5 þús., um bókasöfn prestakalla 5 þús., eftirlit með kirkjugörðum 1 þús., varnir gegn kynsjúkdómum 112 þús., meðferð einkamála 57 þús., friðun hreindýra 2 þús., eftirlit með sveitarfélögum 1 millj. 250 þús., eyðing svartbaks 4 þús., rottueyðing 2 þús., skipulag prestssetra 25 þús. og kostnaður vegna laxveiðilöggjafarinnar 12 þús., vegna kjötmatslaga 3 þús., vegna laga um verðlag 3 þús., vegna laga um meðferð opinberra mála 4 þús. og vegna löggjafar um varnarsamning 199 þús. Samtals samkvæmt sérstökum lögum 1 millj. 688 þús.

Eftir þingsályktunum hefur verið greitt: Til milliþinganefndar í skattamálum 2 þús. kr., til Gutenberg fyrir prentun 25 þús., það er líka vegna mþn., undirbúningur þurrkvíar 63 þús., kostnaður við Alþingissöguna 38 þús., greidd leiga á fiskflutningaskipum frá árinu 1945, gömul skuld, 395 þús. Þetta er samtals 523 þús.

Þá eru greiðslur vegna væntanlegra fjáraukalaga: Framlag vegna tæknihjálpar 47 þús., framlag til Gufunesvegar, sem stjórnin féllst á að leggja í sambandi við áburðarverksmiðjuna, 846 þús., vegna rannsóknar á fjöruskjögri 35 þús., vegna kostnaðar við hina stóru spjaldskrá 82 þús., vegna Bernarsambandsins 5 þús., vegna sjóvarnargarðs í Gerðum 25 þús., gamall samansafnaður rekstrarhalli dýpkunarskipsins Grettis, sem var hreinsaður upp á árinu og búinn að vera í vanskilum, 500 þús., asdic-tæki í varðskipið Ægi, 820 þús. Var þetta greitt á árinu 1953 og ætlunin að leita fjárveitingar fyrir því á fjárl. 1954, en í samráði við fjvn. var þessi fjárhæð greidd á árinu 1953, en horfið frá því að setja hana á fjárlög 1954. Það gildir því sama um hana og framlagið til brúargerðanna, framlagið til fyrirhleðslnanna og ýmsar fleiri greiðslur, sem settar voru á árið 1953 í samráði við fjvn., en hefðu verið settar inn á fjárl. 1954, ef þrengra hefði verið í búi. Þetta er eins konar ráðstöfun á tekjuafgangi 1953 í samráði við fjvn.

Ég hef þá gefið yfirlit um rekstrarafkomuna og greiðslur samkvæmt sérstökum lögum og þingsályktunum og heimildarákvæðum, og þá kem ég að eignahreyfingunum.

Það er þá fyrst „Inn" á eignahreyfingum. Þar voru útdregin bankavaxtabréf áætluð 100 þús., en urðu 76 þús., endurgreidd lán og andvirði seldra eigna var áætlað 500 þús., en hefur orðið 3 millj. og 40 þús., og lán tekin vegna fjárskipta voru áætluð 3 millj., en urðu 2 millj. 180 þús. Inn á eignahreyfingum hafa þess vegna komið í raun og veru 5 millj. 296 þús., en var áætlað að inn mundu koma 3 millj. og 600 þús.

„Út“ á eignahreyfingum eru þessir liðir: Afborganir lána: Lán ríkissjóðs: Innlend lán, var áætlað 13 millj. 396 þús., hefur orðið 14 millj. 670 þús. Erlend lán, var áætlað 1 millj. 210 þús., hefur orðið 1 millj. 294 þús. Lán ríkisstofnana: Landssíminn, var áætlað 890 þús., hefur orðið 890 þús. — Greitt vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum 7 millj., hefur orðið 6 millj. 726 þús., en ég vil taka það fram hér strax í sambandi við þennan lið, að ríkissjóður á stórfé útistandandi vegna vanskila, eins og ég kem að síðar, sem ekki er búið að færa á þennan lið. — Til eignaaukningar landssímans 4 millj. 700 þús., en hefur orðið 5 millj. 210 þús. — Til kaupa á hlutabréfum í áburðarverksmiðju var áætlað 980 þús., hefur orðið 500 þús. — Til bygginga á jörðum ríkisins og ræktunar á jörðum ríkisins var áætlað 550 þús., hefur orðið 700 þús. — Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurlandi var áætlað 500 þús., varð 500 þús. — Til sementsverksmiðju var áætlað 1 millj., en voru greiddar 2 millj., því að það var notuð einnig heimild í 22. gr. til að bæta við annarri milljón. — Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítala var áætluð 1 millj. og 800 þús., og hefur orðið 1 millj. og 800 þús. — Til byggingar fávitahælis var áætlað 500 þús., hefur orðið 500 þús. — Til byggingar nýrra vita 1 millj., áætlað, hefur orðið 1 millj. — Til flugvallagerða var áætluð 1 millj. 320 þús., en hefur verið borgað út 2 millj. 330 þús., eða talsvert meira, og kem ég nánar að þeim lið síðar. — Til byggingar heimavistar við menntaskóla á Akureyri 250 þús., áætlaðar, hefur orðið 250 þús. — Til sjómannaskóla áætlað 440 þús., hefur orðið 440 þús. — Til kennarabústaðar á Hólum áætlaðar 75 þús., hefur orðið 75 þús. — Til menntaskóla í Reykjavík áætlað 1 millj. og 300 þús., hefur orðið 1 millj. og 300 þús. — Til skólastjóraíbúðar við menntaskólann að Laugarvatni 250 þús., áætlaðar, hefur orðið 250 þús. — Til bygginga kennaraskóla áætlaðar 300 þús., hefur orðið 300 þús. — Til bygginga á prestssetrum og til byggingar prestshúss á Hólum og til útihúsa á prestssetrum var áætlað 1 millj. 750 þús., varð 2 millj. 45 þús. — Til byggingar sýslumannabústaða voru áætlaðar 600 þús., hafa orðið 680 þús. — Til lögreglustöðvar í Reykjavík voru áætlaðar 250 þús. og hafa orðið 250 þús. — Til lögreglustöðvar í Keflavík áætlað 350 þús. og hafa orðið 350 þús. — Til rafveitufram kvæmda á Hólum áætlaðar 150 þús., hafa orðið 150 þús. — Til rafveitufram kvæmda á Hvanneyri 80 þús., áætlaðar, hafa orðið 80 þús. — Lán til kaupa á dieselrafstöðvum 650 þús., hafa orðið 650 þús. — Til viðbyggingar málleysingjaskólans 300 þús., hefur orðið 300 þús. — Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga 300 þús., hefur orðið 610 þús. Samtals voru fjárlagaliðirnir „Út“ á eignahreyfingum áætlaðir 41 millj. 891 þús., en hafa orðið 45 millj. 850 þús.

Það er ekkert sérstakt að segja um tekjurnar á yfirlitinu um eignahreyfingar, en um greiðslurnar vil ég taka þetta fram: Þær hafa verið áætlaðar, eins og ég sagði áðan, 41 millj. 891 þús. í fjárl., en hafa orðið 45 millj. 850 þús., þ. e. a. s. fjárlagaliðirnir, eða tæpum 4 millj. kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Af þessum 4 millj. eru 1 millj. 280 þús. vegna hærri afborgana á föstum skuldum en ráð var fyrir gert í fjárl. Ein milljón stafar af því, að til sementsverksmiðjunnar voru greiddar 2 millj., önnur samkvæmt fjárveitingu á eignayfirlitinu í fjárlögunum, en hin samkvæmt heimild í 22. gr. fjárl. fyrir árið 1953, eins og ég gat um áðan, og koma því 2 millj. til sementsverksmiðjunnar á eignayfirlitið, en ekki ein. Til flugvallagerðar er veitt á eignayfirlitinu 1 millj. 320 þús., en greiðslur eru 2 millj. 330 þús., eða 1 millj. og 10 þús. umfram fjárveitingu, og er það greitt samkvæmt heimild í 22. gr. fjárl. 1953, þar sem gert er ráð fyrir því, að til framkvæmda á vegum flugmálastjórnarinnar verði varið þeirri fjárhæð, sem rekstrarhalli flugmálanna verði í reyndinni lægri en hann er áætlaður í fjárl. Það er sem sé ætlazt til þess, að flugmálin njóti þess í framkvæmdum, sem „sparast kann í hallanum“, og kemur það enn við sögu síðar, því að það hefur „sparazt“ meira en nemur þessari greiðslu. Þá hafa verið greiddar til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga 610 þús. kr. í stað 300 þús. á fjárl., og var það gert eftir sérstakri áskorun fjvn. Alþ., og átti það rætur sínar í sömu ástæðum og aðrar slíkar greiðslur, sem ég hef þegar gert grein fyrir. Loks er tæplega 300 þús. kr. meira varið til prestssetra en áætlað var á fjárl., og er það í rauninni hin eina eiginlega umframgreiðsla á þessum lið, eins og kemur raunar í ljós af því, sem ég hef nú sagt um það efni.

Svo koma aðrir útborgunarliðir á eignayfirlitinu heldur en þeir, sem gert er ráð fyrir í eignahreyfingagrein fjárlaganna sjálfra, og þeir eru þessir — til viðbótar þessum 45 millj. 850 þús. Það eru fyrst lán til ýmissa samkvæmt lista — ég mun lesa hann á eftir — 4 millj. og 80 þús. Keyptur sendiherrabústaður í Osló 530 þús. Keyptar jarðeignir að frádregnum áhvílandi skuldum 153 þús., það er Hrísey, landið er keypt samkvæmt heimild í l. þar að lútandi. Atvinnuaukningarlán samkvæmt 22. gr. fjárl. 4 millj. 123 þús., ég var áður búinn að gera grein fyrir rúmri milljón, sem er lagt fram til atvinnuaukningar sem óafturkræft fé, og þá eru samtals komnar rúmar 5 millj. í þessu skyni, en það voru heimilaðar 5 millj. í 22. gr. fjárl. Húsa- og landakaup vegna menntaskóla að Laugarvatni 1 millj. 613 þús., sem var greitt fyrir áramótin, var heimilað í fjárl. ársins 1954, en greiðslan fór fram á árinu 1953, og eins og ástatt er með afkomuhorfur á árinu, sem er að byrja, þá þótti sjálfsagt að taka þetta til gjalda á það ár, sem það var út greitt. Samtals verða þá greiðslur á 20. gr., þegar hér er komið sögu, 56 millj. 339 þús. Þarna bætast sem sé tæpar 11 millj. við sjálfa fjárlagaliðina.

Lán til ýmissa námu 4 millj. og 80 þús., og eru þau þessi: Til ræktunarsjóðs samkvæmt 22. gr. fjárl. 1953 421 þús., til íbúðarhúsabygginga af gengishagnaðarreikningi 390 þús., til getraunastarfsemi íþróttamanna, á að vera til bráðabirgða, til að koma henni af stað, 200 þús., til landshafnar í Keflavík vegna vanskila 384 þús., til h/f Hærings vegna vanskila 984 þús. og til bifreiðaeftirlitsins vegna skilta, á að koma inn

aftur fljótlega, 500 þús., til þjóðleikhúss vegna rekstrarhalla og greiðsluvandræða 250 þús., til Útvegs h/f vegna Súðarinnar 54 þús. og loks greiðslur af Marshallláni vegna ýmissa fyrirtækja, sem ekki hafa staðið í skilum, 897 þús. kr. Þetta eru samtals 4 millj. og 80 þús.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég nú hef gefið, verða heildarniðurstöður þessar:

Rekstrarafgangur 84 millj. 639 þús. Innkomið var á 20. gr. 9 millj. 696 þús. Þetta verða samtals 94 millj., 335 þús. En út á 20. gr. voru 56 millj. 339 þús., svo sem ég hef þegar gert grein fyrir, og telst mér þá til, að greiðsluafgangur megi reiknast 37 millj. 996 þús. kr. eða tæpar 38 millj., en þó því aðeins verður þetta kallaður greiðsluafgangur, að ekki verði taldar til gjalda beinlínis ýmsar þær fjárhæðir, sem ég á eftir að gera grein fyrir hér á eftir, og má vel vera, að sumum fyndist, að svo ætti að vera. En um það getur hver dæmt fyrir sig, þegar þar að kemur.

Kem ég þá að því, hvernig ráðstafast þessi fjárhæð, sem ég nefndi greiðsluafgang. Það er þá fyrst aukið rekstrarfé ríkisstofnana 6½ millj. Fyrirframgreiðsla vegna sementsverksmiðju 2 millj. 700 þús., það er greitt umfram þessar 2 millj. til verksmiðjunnar, sem ég er búinn að gera grein fyrir og færðar eru á reikning ársins. Fyrirframgreiðsla vegna atvinnuaukningarframlaga 1954 1 millj. 613 þús. Þetta er það, sem lagt var út á árinu 1953 fyrir fram í þessu skyni. Þá kemur 4. liðurinn, sett fast á sérstakan reikning í Landsbankanum vegna lána til togaraútgerða úti á landi, sbr. 22. gr. fjárl. 1953, 7 millj. 100 þús. kr. Þar var í rauninni lagt fyrir ríkisstj. af Alþingi að útvega þetta fé til þess að koma í veg fyrir eigendaskipti á nokkrum togurum úti á landi. Það var hvergi hægt að fá lán í þessu skyni með ábyrgð ríkissjóðs, og endirinn varð sá, að ríkissjóður varð að leggja inn þessa fjárhæð á fastan reikning í Landsbankanum, til þess að togarafélögin gætu fengið tilsvarandi lán. Féð situr þar fast, þangað til togarafélögin greiða lánin. Þetta er eftir heimild í 22. gr. fjárl. frá árinu 1953. Þá er 5. liðurinn, og þegar ég var að tala um, að það gæti orkað tvímælis, hvað ætti að nefna greiðsluafgang í þessu sambandi, þá getur vel verið, að einhverjir segðu sem svo, að þennan lið ætti að telja strax til gjalda, en ekki telja ráðstöfun á afgangi, og sömuleiðis fjórða liðinn. 5. liðurinn er útlagt úr ríkissjóði vegna afborgana og vaxta af enska togaraláninu, óinnkomið frá togaraeigendum um áramót og að mestu enn í dag, 6 millj. 874 þús. Af afganginum hafa því sem sagt um 14 millj. verið festar í sambandi við togaraviðskipti ríkissjóðs. Þá er 6. liðurinn, greiddar lausaskuldir: gömul skuld vegna fiskiðjuvers ríkisins 1 millj. 227 þús., sem var greidd upp á árinu og hefði þurft að vera búið að greiða fyrir löngu, skuld strandferðasjóðs við landhelgissjóð 2 millj. 114 þús., sem við greiddum á árinu, til þess að landhelgissjóður gæti hiklaust lagt í að láta gera björgunarskip fyrir Norðurland, og lækkun lausaskulda í Landsbankanum 2 millj. 496 þús. Þetta er samtals lækkun á lausaskuldum, sem nemur 5 millj. 837 þús. Þá er 7. liður, geymt af vitagjaldi til vitabygginga. Menn hafa kannske tekið eftir því, að vitagjaldið fór 587 þús. kr. fram úr áætlun. Það er alveg föst venja að verja öllu vitagjaldinu til nýrra vita, og þess vegna eiga vitarnir inni þessar 587 þús., sem á að ganga til nýrra vitabygginga. 8. liður, geymt af flugtekjum til framkvæmda í flugmálum, sbr. 22. gr. fjárl. 1953, 1 millj. 300 þús. Ég gat um það áðan, að eftir heimild í fjárl. eiga framkvæmdir flugmálanna að njóta þess, sem hallinn verður minni en áætlað er á fjárl., og þau hafa þegar notið þess að nokkru í framkvæmdum á árinu 1953, hve afkoma flugvallanna var góð, en eiga auk þess inni 1 millj. og 300 þús., og er hún geymd. 9. liður er: geymt upp í atvinnuaukningarfé samkv. heimild í fjárl. 1954 3 millj. 387 þús. Það er álit ríkisstj., að rétt sé að gera þessa ráðstöfun, að geyma af greiðsluafgangi 1953 til þess að mæta atvinnuaukningarfénu 1954.

Þetta, sem ég hef nú gert grein fyrir, eru 35 millj. 898 þús., eða tæpar 36 millj. kr., en það, sem ég kallaði áðan greiðsluafgang, voru um 38 millj. kr., þannig að mismunurinn er um 2 millj., sem við getum kallað óráðstafað eða hvernig menn vilja orða það.

Samkvæmt þessu hefur af þessum tæpu 38 millj. gengið til greiðslu á lausaskuldum 5 millj. 837 þús., verið fest vegna togaraviðskiptanna 13 millj. 974 þús., fyrir fram greitt vegna sementsverksmiðju og atvinnubótafjár 4 millj. 313 þús., aukið rekstrarfé ríkisstofnana 6 millj. og 500 þús. og geymt til framkvæmda á árinu 1954 5 millj. 274 þús.

Það skal tekið fram, að aukið rekstrarfé ríkisstofnana er hjá þessum stofnunum: Ríkisútvarpið fær að halda sínum afgangi, 2 millj. Landssmiðjan verður líka að fá að halda sínum tekjum, því að hún á sífellt í rekstrarfjárerfiðleikum, 1 millj. 332 þús. Áburðarsala og grænmetisverzlun, sem líka á erfitt með rekstrarfé, fær að halda sínum afgangi, sem er 830 þús. Skipaútgerðin hefur fengið aukið rekstrarfé sitt um 588 þús. og áfengisverzlun og tóbakseinkasala um 1 millj. 750 þús., en þær þurfa á nokkuð auknu rekstrarfé að halda vegna þess, að umsetningin hefur aukizt mikið hjá þeim. Ég vil taka fram, að það er aldrei í fjárl. gert ráð fyrir auknu rekstrarfé til ríkisstofnana, en reynslan hefur samt orðið sú nú um nokkur ár, að það hefur orðið á hverju ári að festa eitthvað aukið rekstrarfé hjá ríkisstofnunum, og sérstaklega eru nokkrar þeirra þannig settar, að þær fá að halda afgangi sínum, t. d. landssmiðjan, ríkisprentsmiðjan, áburðarsalan og ríkisútvarpið.

Mér telst svo til, að samkvæmt þessu ættu skuldir ríkissjóðs að lækka á árinu 1953 sem nemur föstum afborgunum og þessari lækkun á lausaskuldunum, sem gerð var grein fyrir, eða sem allra næst 20 millj. kr., þ. e. a. s. það mundi verða lækkun á þeim skuldum, sem ríkissjóður stendur sjálfur straum af.

Beinar umframgreiðslur á s. l. ári eru tiltölulega litlar, en hins vegar hefur Alþ. með heimildarlögum, sérstökum lögum og ýmsum ráðstöfunum fjárveitinganefndar ráðstafað á árinu 1953 fyrir fram talsvert miklu af þeim umframtekjum, sem fyrirsjáanlegar voru orðnar síðari

hluta árs, og er auðvitað ekkert við slíku að segja. Yfirlitið, sem ég hef gefið hér að framan, ber þetta greinilega með sér.

Það má segja, að afkoma ríkissjóðs hafi orðið góð á s. l. ári, enda alveg óvenjulegt góðæri. En þó má hún í rauninni alls ekki lakari vera, þegar þess er gætt, að hyrningarsteinninn undir því fjárhagslega jafnvægi, sem fyrrverandi og núverandi ríkisstj. hafa viljað koma á og komið hefur verið á undanfarið, eins og hið stöðuga verðlag nú í tvö ár ber með sér, er greiðsluhallalaus ríkisbúskapur og að tryggt sé, að fremur sé greiðsluafgangur en halli.

Nú hlýtur sú spurning að vakna hjá mörgum hv. alþm., hvað ráða megi um afkomuhorfur ríkissjóðs á yfirstandandi ári af þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir um afkomu ársins 1953. Vil ég fara um það örfáum orðum.

Tekjurnar í fyrra urðu 506 millj., eins og ég sagði, og þar af eru 25 millj. vegna sérstaks vélainnflutnings, og kemur ekkert hliðstætt, svo að vitað sé, í staðinn fyrir hann, enda var vélainnflutningurinn greiddur með erlendu fé. Tekjur af venjulegum tekjustofnum á s. l. ári hafa því orðið rúmlega 480 millj. Tekjur á fjárl. þessa árs eru áætlaðar 443 millj. og gjöldin jafnhá, svo að segja. Yrðu tekjur jafnháar á þessu ári og þær urðu í fyrra, yrði jafngott tekjuár í ár eins og var í fyrra, þrátt fyrir þá skattalækkun, sem nú er verið að gera, og nokkra tollalækkun, sem þetta þing hefur líka gert, þá mundu fást milli 30 og 40 millj. til þess að standa undir óvæntum útgjöldum og öllum hugsanlegum umframgreiðslum. Það er tæpt, mjög tæpt, að slíkt geti staðizt, svo mjög sem ríkissjóður hefur verið vafinn í alls konar viðskipti, sem oft fylgja stórkostleg óvænt útgjöld. Sést þetta glöggt á yfirliti því, sem ég hef gefið um s. l. ár. T. d. hafa, eins og ég gat um áðan, nærri 14 millj. verið festar af því, sem ég hef kallað greiðsluafgang, vegna togaraviðskiptanna einna, sem ríkissjóður hefur haft milligöngu um. Og ef teknar eru út úr yfirlitinu allar fjárhæðir, sem ríkissjóður á útistandandi eftir árið vegna vanskila á ýmsum skuldbindingum, sem hann hefur tekið á sig í ábyrgðum, þá eru þær sennilega nærri 25 millj. Mér gafst ekki tími til þess að taka þetta nákvæmlega saman, en þær munu vera nærri 25 millj. á árinu. Það eru þessar 14 millj. vegna togaraviðskiptanna, og þar að auki eru vanskil vegna greiðslu á ábyrgðarlánum beinum, sem fært er á 20. gr. á þann lið, tæpar 7 millj. kr., þetta er 21 millj., og svo er útistandandi, eins og ég gat um áðan, vegna Hærings nærri milljón og vegna Marshalllána annarra nærri milljón og ýmsar fleiri fjárhæðir. Þetta nemur því áreiðanlega 25 millj. kr. a. m. k. Þetta er geigvænlegt orðið, og það er alveg sýnilegt, að ef nokkuð ber út af um afkomu ríkisins, eða réttara sagt, ef ekki verður allverulegur greiðsluafgangur, þá verður hér slys.

Það er augljóst á þessu, að það hefur ekki mátt tefla á tæpara vað en gert hefur verið með afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár, en vonir gætu staðið til, að ekki yrði að slysi á þessu ári vegna þess, hve óvenjulega mikil atvinna og viðskipti eru nú eins og í fyrra, enda byggjast vonir um sæmilega afkomu ríkisins á þessu ári alveg á því, að það breytist ekki til hins verra. Við sjáum þetta bezt á því, að tekjurnar eru áætlaðar 443 millj., og nú höfum við gert ráðstafanir til þess að lækka skattana verulega, þannig að það munar alltaf á milli 20 og 30 millj. fyrir ríkissjóð frá því í fyrra. Við þurfum þess vegna í raun og veru að fá mun betra tekjuár en í fyrra til þess að geta búizt við að vel fari.

Ég vil að lokum víkja fáeinum orðum að umframtekjunum og umframgreiðslunum til fróðleiks. Samkvæmt yfirlitinu hafa umframtekjur orðið, bæði á rekstraryfirliti og eignahreyfingum, um 89 millj. Það er um 21%. Greiðsluafgangur, sem ég nefndi svo og er ráðstafað eins og ég hef sagt í skýrslunni, er 37 millj., að vísu rúmar, en við skulum segja 37 millj., ég reikna með heilum milljónum. Þá hef ég tekið það saman, að greiðslur samkvæmt sérstökum lögum, heimildum Alþ., þál. og sérstöku samráði við fjvn. nema 23 millj. Þessar greiðslur og afgangurinn, sem ráðstafað er, nema því samtals 60 millj. Eiginlegar umframgreiðslur, ef menn vilja kalla það svo, eru því um 29 millj. eða rétt rúmlega 7%, en mjög mikið af því eru lögboðnar greiðslur. Af þessum 29 millj. eru vegna niðurborgunar dýrtíðar 10 millj. og 200 þús. Ég áætla, að þar séu vegna vegaviðhalds 2 millj., vegna strandferðahalla 1 millj. og 600 þús., vegna vaxta 600 þús., vegna jarðræktarlaga 1 millj., vegna fjárskipta samkv. lögum 600 þús., vegna sýsluvega samkv. lögum 800 þús. og afborgun af föstum lánum umfram það, sem áætlað var, 1 millj. og 200 þús., eða samtals þessir liðir 18 millj. Umframgreiðslur á öllum öðrum liðum fjárl. eru því um 11 millj. eða um 2.6% af heildarútgjöldum fjárlaganna.

Ég skal svo taka það fram að lokum, að þetta yfirlit er gefið með þeim fyrirvara, sem ég gat um í upphafi, að tölur geta eitthvað breytzt, en það getur varla orðið svo, að þetta verði ekki sönn mynd af afkomunni.

**Haraldur Guðmundsson**: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram þakkir til hæstv. fjmrh. fyrir þetta greinargóða og fróðlega yfirlit yfir afkomu ársins 1953, þótt ég hefði haldið og hafi haldið alveg fram að þessu, að það mundi koma með nokkuð öðrum hætti en raun varð hér á, og skal ég víkja að því síðar.

Þegar maður hlýðir á upplýsingar hæstv. ráðh., verður manni ósjálfrátt að hugsa aftur í tímann, aftur til þess, þegar verið var að afgr. fjárl. fyrir 1953. Þá sagði hæstv. ráðh. okkur þm., að það væri með öllu ógerlegt, óverjandi að hækka um eina eða tvær millj. þá upphæð, sem þá var ákveðin til útgjalda, fjárl. væru þannig samin, að meiri líkur væru til þess, að tekjur og gjöld stæðust ekki á, eða réttara sagt næðust ekki þær tekjur, sem áætlaðar væru, heldur en hitt, að tekjurnar yrðu meiri. Nú upplýsir hann að vísu, að hann hafi haft bakþanka um 25 millj. innflutningsgjöld af vélum, sem kann að vera að hann hafi eitthvað drepið á og þá mjög á lægri tónunum eða á nefndarfundum. En hv. þm. muna það án efa allir, hversu það var röggsamlega útskýrt af hæstv. ráðh. þá, að hér væri svo langt gengið í áætlun um tekjumöguleika og skatt-

álögur á þjóðina, að það væri ekki gerlegt, ekki verjandi að fara lengra, þar með væri traust þjóðarinnar glatað úti, allar vonir um peninga þaðan að láni að engu gerðar o. s. frv., o. s. frv. Og án efa hafa hv. þm. trúað þessu, því að allar brtt., sem til hækkunar voru, voru kolfelldar, eins og kunnugt er.

Nú upplýsir hæstv. ráðh., að fyrir góða fjármálastjórn, — geri ég ráð fyrir, hann sagði það nú ekki að vísu, því að hann er ekki raupsamur maður venjulega, — þá hefði nú farið svo, að tekjurnar hefðu farið 21% fram úr þessari naumu áætlun og orðið hvorki meira né minna en 506 millj. og 600 þús. kr. Í sjálfu sér má segja, að þetta séu góð tíðindi, það er rétt. Það er vottur um, að það hefur árað vel og miklir peningar í veltu, og sízt skal það harmað, að svo er. En það sýnir og sannar a. m. k. það, að spádómsgáfa hæstv. fjmrh. er ekki alveg óyggjandi.

Ég hafði frétt af því, að tekjuafgangurinn mundi verða eitthvað svipaður því, sem nú hefur upplýstst, að hann hefur reynzt, og af því leyfði ég mér að draga þá ályktun, að hæstv. ríkisstj. mundi leggja fyrir þetta Alþ. frv. til l. um ráðstöfun á tekjuafgangi ársins 1953. Og ég hygg, að allflestir hv. þm. hafi gert ráð fyrir einhverju slíku, eftir að þeir fréttu, hversu góð útkoma ársins í raun og veru varð. Ég átti því von á því, að hæstv. ráðh. mundi ljúka þessum lestri sínum hér með því að leggja fram till. eða frv. um ráðstöfun tekjuafgangsins.

Listi hæstv. ráðh. yfir umframtekjur, þ. e. a. s. tekjur umfram áætlun á einstökum liðum, var hinn fróðlegasti fyrir þá, sem muna þá hárnákvæmu útreikninga, sem fóru fram hér á þingi af hans hálfu um, hvað gerlegt væri að áætla hæst. Er fróðlegt að sjá, að verðtollurinn hefur ekki orðið 109 millj., eins og var það ýtrasta, sem þanþolið leyfði, eins og hann orðaði það þá; hann varð 143 millj., einar litlar 34 millj. umfram eða um 34%. Og söluskatturinn, sem ómögulegt var að hækka upp í 90 millj. einu sinni úr 89.5 millj., — það var hnitmiðað upp á hundrað þúsund, — hann reyndist nú samt 107.7 millj. Svona mætti lengi telja. Ég tek bara þessi dæmi til að sýna, í hverju hækkanirnar liggja.

En hæstv. ráðh. hefur nú ekki séð ástæðu til að leggja fram neinar till. eða frv. um ráðstöfun umframteknanna, heldur upplýsir hann hér, að hann eða hæstv. ríkisstj. sé í raun og veru búin að ráðstafa þessum tekjum öllum án þess að spyrja Alþ. þar um, að einhverju leyti, held ég að hann hafi sagt, í samvinnu eða samráði við fjvn. Ég veit ekki til þess, að það séu nein lög til þess, að fjvn. hafi neitt að segja um þessi mál öðruvísi en í tillöguformi til hv. Alþ.

En svo kemur það furðulegasta af öllum þessum fróðlegu upplýsingum. Það er, að mér skildist hæstv. ráðh. reikna út, að útgjöldin samkv. fjárlagalið hefðu staðizt alveg prýðilega. Að vísu var nú eitthvað dálítið á reiki prósentuútreikningurinn hjá honum í því sambandi. Mér skilst, að seinast hafi hann verið kominn niður í það, að fjárlagaliður útgjaldanna hafi ekki farið nema 2.6% fram úr áætlun. Að vísu voru nokkur tilbrigði á þeim reikningi, t. d. dæmin sett ýmislega upp, en það er a. m. k. óhagganlegt, að hann taldi, að hækkanir fjárlagaliða útgjaldanna hefðu orðið ákaflega litlar, og virtist telja það bera vott um, að fjármálastjórnin og eftirlitið hefðu verið í góðu lagi, sem það án efa hefur verið, ef ég hef skilið síðasta reikningsdæmið rétt. Á yfirlitinu, sem hér er lagt fyrir, virðist mér þó, að rekstrarútgjöldin hafi farið fram úr áætlun um 31 millj. kr. eða eitthvað á milli 7 og 8%, enda mun ráðh. einhvern tíma hafa nefnt þá tölu, þó að hann hafi fengið lægri töluna út aftur seinna.

Af þessum umframtekjum, tekjum umfram áætlun, 21% eða 88 millj. kr., hafði Alþ. síðasta, sem afgr. fjárl., gert ráð fyrir, að greiddar yrðu samkvæmt 20. gr. afborganir lána um 16 millj. kr. og nokkrar aðrar tilfærslur á eignareikningi. Þessi grein hefur breytzt töluvert mikið í meðförum hjá hæstv. ráðh. Hún hefur breytzt þannig, að hann telur nú, að greiðslur út á eignareikningi 20. gr. hafi numið eitthvað um 56 millj. kr. í stað þess, sem þar var áætlað í fjárl., og þá eru þó eftir, skilst mér, þegar búið er að draga frá það, sem inn kemur á þessum sama reikningi, 38 millj. kr., sem hæstv. ráðh. telur þann eiginlega greiðsluafgang; það sem eftir er af 88 millj. kr. umframtekjunum sem greiðsluafgangur, þegar hann er búinn að teygja 20. gr. þannig, að útgjöldin á henni verða um 56 millj. kr.

Nú skyldi maður halda, að hann léti þó Alþ. eftir að ráðstafa a. m. k. þessum 38 millj. kr., þegar búið er að færa á 20. gr. allt það, sem hann taldi hér upp og samtals nemur um 56 millj. kr. En það er nú eitthvað annað en að það sé uppi á teningnum. Hæstv. ráðh. upplýsti, að ríkisstj. væri nú búin að ráðstafa 36 millj. kr. af þessum 38 millj. kr. og mætti þá telja, að til ráðstöfunar væru um 2 millj. kr.

Hæstv. ráðh. nefndi mjög mikið af tölum, gerði það skýrt og skipulega, eins og hans er vandi, og bið ég afsökunar á því, ef ég skyldi eitthvað hafa ruglazt í reikningunum, en þetta var það, sem mér skildist vera niðurstaðan hjá hæstv. ráðherra:

88 millj. kr. umframtekjur á tekjuliðum fjárl., 84 millj. kr. rekstrarhagnaður, 38 millj. kr. greiðsluafgangur á pappírnum, 2 millj. kr. greiðsluafgangur, sem mætti e. t. v. telja til ráðstöfunar, — þetta eru niðurstöðurnar, sem ég hef fengið út úr upplýsingum hæstv. ráðh.

Ég skal ekki fara út í það, enda ekki hægt eftir þessum stuttu upplýsingum, sem ráðh. gaf um einstaka liði, að meta nauðsyn eða þörf þeirra einstöku útgjaldaliða, sem hæstv. ráðh. taldi upp, en það vil ég fullyrða, að hér er alveg gengið á svig við það, sem teljast verður þingleg háttsemi af hæstv. ríkisstj., að taka sér vald til þess að ráðstafa án samráðs við Alþ. þeim feiknaupphæðum, sem hér er um að ræða. Ég verð að harma það mjög, að þessi háttur er á hafður. Ég taldi það til fyrirmyndar, þegar hæstv. ríkisstj. fyrir nokkru lagði það undir samþykki Alþ., bar fram frv. til laga um ráðstöfun á alveg sérstökum og óvenjulegum tekjuafgangi, og ég vænti þess, sérstaklega af þessum hæstv. ráðh., að hann mundi halda þessum upptekna hætti, en ekki koma hér, þegar liðnir eru fjórir mánuðir bráðum af árinu, og segja: Að

vísu fóru tekjurnar 88 millj. kr. fram úr áætlun þingsins, en það er bara búið að ráðstafa þessu öllu; þið skuluð ekki hafa neitt um það að segja.

Í þessu sambandi mætti kannske minnast á frv., sem hefur legið hér fyrir þinginu frá því mjög snemma á þingi. Það er frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða upp í halla Tryggingastofnunarinnar um 4 millj. kr., þannig að hún þurfi ekki að éta úr þeim sjóði, sem hún hefur safnað á undanförnum árum. Mér var svarað því, þegar ég leitaði eftir undirtektum hæstv. ríkisstj. í þessu efni, að vonir stæðu til og líkur, að af tekjuafgangi ársins 1953, sem ég frétti að væri eitthvað svipað og hæstv. ráðh. hefur upplýst, mætti vænta að þessi upphæð yrði tekin, og ég veit ekki betur en að meðnm. mínir í Ed., sem fjallað hafa um þetta frv., hafi talið líkur fyrir slíku og því látið málið liggja. Menn halda kannske, að ég sé nú sérstaklega að ræða um útkomuna vegna þessa eina máls. Það er ekki út af fyrir sig. Ég tel þetta þýðingarmikið mál. En það er ljóst dæmi um það, sem bæði ég og ýmsir fleiri þingmenn hafa gert ráð fyrir, að þessi háttur yrði á hafður um meðferð þessa máls.

Hef ég svo ekki fleira um þetta að segja á þessu stigi málsins. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög greinargóða og glögga skýrslu um útkomu ársins 1953. Ég óska honum til hamingju eftir atvikum með að hafa notið þessa góðæris og aflað þessara miklu tekna. En ég harma það, að hann hefur tekið sér vald til þess, án þess að leita samþykkis Alþ. að öðru leyti en að hafa samráð við fjvn., að ráðstafa þessu mikla fé. Ég tel, að honum hefði borið að leggja fram hæfilega snemma, áður en hann var búinn að eyða fénu, frv. um ráðstöfun tekjuafgangsins fyrir hv. Alþingi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að sér hefði orðið hugsað til þess, sem ég hefði sagt þegar þessi fjárlög fyrir 1953 voru afgreidd. Þá hefði ég varað sterklega við því að áætla tekjurnar hærra en gert var á fjárlögunum og talið, að það mætti með engu móti eiga sér stað. Nú hefði það hins vegar komið í ljós, að tekjurnar hefðu orðið miklu meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Mér heyrðist á hv. þm., að ég væri mjög ámælisverður fyrir þetta. Það mátti nærri því skilja, að ég hefði með þessu gefið þinginu rangar upplýsingar. Hv. þm. virðist hugsa þannig, að ég hljóti að sjá fram í tímann, vera forspár, sjá óorðna hluti og mér hefði láðst að segja þinginu í desembermánuði s.l. frá því, að það mundi verða svo gott ár á Íslandi 1953, að ríkistekjurnar mundu verða 500 millj. í staðinn fyrir 420 millj., sem þær voru 1952. Mér hafi hlotið að vera þetta kunnugt. Tónninn í ræðu hv. þm. var allur á þá lund, að ég væri stórlega ámælisverður fyrir að hafa „leynt“ þessu, en haldið hinu fram, að miða ætti tekjuáætlunina við reynsluna. En ég benti á það þá, að tekjur ársins 1952 voru samtals 420 millj. og að búið var að áætla tekjur ársins 1953 á fjárlagafrv. 418 millj., ekki að óbreyttum sköttum og tollum, heldur að þeim lækkuðum, því að kaffi- og sykurtollurinn var afnuminn. Ef við hefðum haft sams konar ár 1953 eins og 1952, þá hefðu tekjurnar orðið núna um 445 millj., eða 420 millj. plús þessar 25 millj., sem fengust í tekjur aukalega vegna vélainnflutningsins mikla. Var nokkur furða, þótt ég varaði við því að ganga lengra en gert var, að áætla tekjurnar jafnháar og þær höfðu reynzt árið áður? Það hefur víst aldrei átt sér stað í sögu Alþ., að slíkt hafi verið gert, og slíkt hefði heldur alls ekki verið gert, ef menn hefðu ekki átt von á þessum aukatekjum vegna vélainnflutningsins. Það kemur óvænt og gat enginn vitað fyrir fram, að árið 1953 reyndist svo gott tekjuár sem nú er raun á orðin. Og ég trúi því varla, að hv. þm. meini það í alvöru, að ég sé ámælisverður fyrir að hafa ekki séð þetta fyrir.

Það er svo önnur saga, að nú kemur í ljós, að þrátt fyrir þessar miklu tekjur leyfir ekkert af, að afkoma ríkissjóðs sé í góðu lagi. Það haugast á ríkissjóð slíkar feiknagreiðslur, ekki uppfundnar af ríkisstj., heldur vegna ráðstafana, sem Alþingi hefur gert, að hefði verið teflt á tæpt vað um afgreiðslu fjárlaganna, þá hefði enginn afgangur orðið, heldur halli. Þá hefðum við ekki getað mætt þeim greiðslum, sem á skullu á árinu. Þetta sést mjög vel, ef menn athuga sjálft yfirlitið, sem ég gaf áðan.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að honum hefði skilizt á mér, að fyrir góða fjármálastjórn hefðu tekjurnar farið fram úr áætlun. Ég veit ekkert, á hverju þessi hv. þm. byggir svona orðaskak. Mér er það alveg óskiljanlegt. Ég sagði það þvert á móti, að vegna óvenjulegs góðæris hefðu tekjurnar farið fram úr áætlun.

Hv. 4. þm. Reykv. deildi á mig og ríkisstj. fyrir, að við skyldum ekki leggja fram sérstakt frv. nú um ráðstöfun á greiðsluafganginum. Hv. þm. sagði, að maður skyldi halda, að Alþ. hefði átt að ráðstafa þessum 38 millj., sem afgangur var talinn. Út af þessu vil ég endurtaka, hvað af þessu fé hefur orðið, og biðja þm. að gera grein fyrir því, hvað af þessum fjárhæðum átti ekki að greiða.

Það er fyrst aukið rekstrarfé ríkisstofnana. Þrjár stofnanir fá að halda sínum tekjuafgangi. Átti að heimta af útvarpinu með harðri hendi þessar 2 millj. handa Alþ. til ráðstöfunar? Átti að heimta afganginn frá landssmiðjunni, þótt hún eigi í stórkostlegum erfiðleikum vegna rekstrarfjárskorts? Eða hagnað áburðar- og grænmetisverzlunar, þar sem nákvæmlega eins stendur á? Átti að koma í veg fyrir, að áfengis- og tóbakseinkasalan fengju að auka rekstrarfé sitt, sem þeim var þó óhjákvæmilegt vegna aukinna viðskipta? Ég spyr hv. þm.

Þá vil ég spyrja hv. þm.: Átti stjórnin að synja um fyrirframgreiðslu á 2.7 millj. vegna sementsverksmiðjunnar og stöðva þannig undirbúningsframkvæmdir?

Næsti liður er fyrirframgreitt atvinnuaukningarframlag fyrir árið 1954. Átti stjórnin að synja um að greiða þessa 1.6 millj. fyrir fram?

Þá er fjórði liðurinn: Lagt á sérstakan reikning til þess að koma í veg fyrir eigendaskipti á nokkrum togurum utan Reykjavíkur. Átti stjórnin að láta selja þessi skip, þó að Alþ. hefði í rauninni mælt svo fyrir, að koma skyldi í veg

fyrir eigendaskipti með því að leggja fram þessa fjármuni? Ég spyr hv. þm.

Þá kemur fimmti liðurinn. Það eru útlagðar greiðslur af láni, sem tekið var af ríkissjóði í Englandi til greiðslu á 10 togurum, 6 millj. 874 þús. kr. Átti ríkissjóður að neita að greiða af þessu láni á réttum gjalddaga, þótt það væri hans skuld? Auðvitað var alveg óhjákvæmilega skylda að greiða af láninu. Ég spyr hv. þm.

Þá kemur að greiðslu á lausaskuldum. Fyrst er gömul skuld vegna fiskiðjuvers ríkisins. Þetta er löngu gjaldfallin skuld, eiginlega orðin skammarskuld, 1 millj. 227 þús. kr., lögleg skuldbinding ríkissjóðs samkv. lögum frá Alþ. Skuld strandferðanna við landhelgissjóðinn 2 millj. 114 þús. kr. Þetta er skuld við landhelgissjóðinn, gjaldkræf, hvenær sem landhelgissjóður gengur eftir skuldinni. Nú þurfti að greiða skuldina, til þess að landhelgissjóðurinn gæti byggt björgunarskip fyrir Norðurland samkv. ákvörðun Alþingis. Ég spyr hv. þm.: Átti að neita að greiða þessar skuldir?

Síðan kemur liður sem heitir: Lækkun lausaskulda í Landsbankanum 2 millj. 496 þús. Það er nú allt og sumt, sem höggvið hefur verið í þær umfram aukningu á öðrum lausaskuldaliðum. Hér er líka um löngu gjaldfallna skuld að ræða vegna fiskábyrgðanna o. fl. Ég spyr hv. þm.: Var goðgá að höggva í þessar skuldir?

Þá eru eftir aðeins þrjár fjárhæðir, og það er fé, sem geymt er til framkvæmda á árinu 1954, — framkvæmda, sem Alþingi hefur ákveðið. Fyrsta fjárhæðin er geymd af vitagjaldi til vitabygginga 587 þús. kr., önnur fjárhæðin, 1 millj. og 300 þús. kr., er geymd til þess, samkv. 22. gr. fjárlaga, að flugmálin fái að njóta betri afkomu í rekstri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Er greinilega tekið fram í sjálfum fjárlögunum, að þannig eigi þetta að vera. Loks er geymt upp í framlög til atvinnuaukningar samkvæmt heimild í fjárlögum fyrir 1954 3 millj. og 387 þús. Og ég spyr hv. þm.: Eru það þessar fjárhæðir, sem hv. þm. á við, þegar hann talar um, að stjórnin sé að ráðstafa greiðsluafgangi án samráðs við Alþ.?

Þau ummæli hv. þm., að gengið hafi verið á svig við þinglega málsmeðferð með því að leggja ekki fyrir þingið nú frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi, eru algerlega út í bláinn, svo sem auðvelt er að sjá af þeim upplýsingum, sem ég nú hef gefið. Slíkt frv. var ekki mögulegt að leggja fram vegna þess, að við urðum að ráðstafa greiðsluafganginum, jafnóðum og hann féll til, í greiðslur, sem Alþ. sjálft hefur sett í lög eða gefið á annan hátt fyrirmæli um að skuli inntar af höndum.

Eins og ég sagði áðan, þegar ég gaf skýrsluna, þá getur það verið álitamál, hvort sumar þessar fjárhæðir, eins og t. d. það, sem fest er vegna togarakaupanna, eiga að teljast með ráðstöfun á greiðsluafgangi eða hreint og beint færast á greiðslureikninginn sem útgjöld. Það er þó vitaskuld meira formsatriði en efnis. Hitt er aðalatriðið, að þessar greiðslur varð að inna af hendi, og í það fer greiðsluafgangurinn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. fjmrh. hefur gefið þessa nákvæmu skýrslu hér og gefið okkur tækifæri til þess þar með að láta í ljós okkar skoðun á því, hvernig afkoman væri og hvernig ráðstafað væri þeim tekjuafgangi, sem hann upplýsir nú að sé hjá ríkissjóði.

Ég vil taka undir þá gagnrýni, sem hefur komið fram um ráðstöfunina á rekstrarafganginum. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Eru það engar aðrar skuldbindingar og engar aðrar skuldir, sem ríkissjóður hefur, sem gæti staðið upp á hann að borga, heldur en þær, sem ríkisstj. hefur ráðstafað þarna rúmum 30 millj. kr. í? Skuldar ríkissjóður ekki bæjarfélögum t. d. neitt vegna hafnargerða, vegna skólabygginga, vegna annarra slíkra hluta? Skuldar ríkissjóður ekki nein framlög til annarra stofnana þjóðfélagsins? Eftir því sem ég bezt veit, þá skuldar ríkissjóður þó nokkuð mikið af slíku. Og ég man eftir hér um árið, þegar við vorum að samþ. l. um að ráðstafa rekstrarafganginum, að þá voru allharðar deilur um það, meira að segja var knúið allskarplega á til þess að reyna að fá út til bæjarfélaganna, sem alltaf eru í greiðsluvandræðum, eitthvað dálítið af fé, sem þau ættu inni hjá ríkinu. Þegar ríkissjóður hefur nú í greiðsluafgang yfir 30 millj. kr. og skuldar, ef tekið er tillit til allra þeirra laga, sem til eru, vafalaust fleiri tugi milljóna króna, sem honum bæri raunverulega að borga, þá er það mál, sem Alþ. náttúrlega ætti að gera upp, hvaða skuldunautum á að greiða, hverra þarfir á að uppfylla. Það eru margir aðilar þarna, sem hafa þarfir, og margir, sem eiga lögmætar kröfur á hendur ríkissjóðs. Og það er ákaflega mikið vald, sem hæstv. ríkisstj. tekur sér með því að gera upp á milli þessara ýmsu þarfa, ákveða: þessum aðila skal ég greiða, t. d. Landsbankanum, 2 millj. eða hvað sem það nú er, en að eitthvert fátækt bæjarfélag úti á landi geti hins vegar vel beðið. Þessa álít ég ekki að hæstv. ríkisstj. hafi rétt til. Ég álít, að hún eigi að leggja fram frv. fyrir Alþ. um ráðstöfun á svona tekjuafgangi, jafnvel þó að henni finnist þetta allt saman mjög brýnt. Það eru fleiri kröfur áreiðanlega, sem eru brýnar, og þess vegna er ekki rétt að farið í þessu efni. Ég verð um leið að segja það, að þetta er hins vegar ákaflega mikið í stíl við það, sem meira og meira er að tíðkast. Það er í sífellu verið að ráðstafa stórkostlegum fjárupphæðum, sem teknar eru af almenningi, utan við Alþ., svo að ég nefni t. d. aðeins bátagjaldeyrinn. Þar er ráðstafað um 100 millj. kr. á ári til einstakra aðila í þjóðfélaginu, án þess að Alþ. og nokkrir þeir aðilar, sem hafa rétt til þess að samþykkja álögur á almenning, ráði nokkurn skapaðan hlut um, hvernig þetta fer, og hafi yfirleitt nokkurt „kontrol" með því, hvernig það er notað. Ég vil aðeins benda á þetta, án þess ég hafi ætlað mér að fara að lengja umræðurnar.

Ég undraðist nú að vísu, að hæstv. ráðh. skyldi ekki minnast á það í sinni vörn áðan, að ríkisstj. ætlaði sér máske að koma þessu fram í fjáraukalögum. Það er náttúrlega lagalega séð sá réttur og sá möguleiki, sem hún hefur. Hins vegar fer það að verða ákaflega slæmt, ef mjög stórir hlutar af ríkisútgjöldunum eiga að fara að samþykkjast eftir á í gegnum fjáraukalög,

og hefur nú aldrei eiginlega verið tilgangurinn með þeim. Þess vegna álít ég, að það hefði verið langeðlilegast og sjálfsagðast, að þessu hefði verið ráðstafað með sérstökum lögum, hvaða þarfir það væru sem uppfylltar væru, hvernig gert væri upp á milli hinna ýmsu aðlia, sem eiga kröfur á ríkissjóð.

Ég veit vel, að bæði ríkissjóður sjálfur og ýmsar ríkisstofnanir þurfa meira rekstrarfé. En það eru margir aðrir aðilar í þjóðfélaginu, sem líka þurfa meira rekstrarfé. Og það er nú ef til vill alls ekki fjarri lagi, að bankar ríkisins, þegar ríkið á nú alla bankana í þjóðfélaginu, sjái ríkisstofnunum að einhverju leyti fyrir rekstrarfé. Það er ekki eðlilegt að fara inn á þá braut, að hver einasta ríkisstofnun hafi aðstöðu til skattálagningar á almenning til þess að safna sér rekstrarfé. Þessi hamslausa auðsöfnun jafnt af hálfu einstakra ríkisstofnana sem annarra stofnana í þjóðfélaginu fer að verða það frek, það nærgöngul gagnvart almenningi, að grundvöllurinn brestur, sem þetta allt saman byggist á, ef svona er haldið áfram. Og dálítið af því, sem hæstv. ráðh. var að upplýsa, sem sé gjöldin til togaraútgerðarinnar, borgun af lánum, sem hún ætti að standa undir, gefur okkur ofur litla vísbendingu um, hvernig verið er með því, hvað vægðarlaust er tekið frá fólkinu og atvinnulífinu, að brjóta niður grundvöllinn, sem öll okkar framleiðsla byggist á.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru fáein orð út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði. Hann tók í sama streng og hv. 4. þm. Reykv. (HG), að stjórnin hefði átt, eins og hann kallaði, að hafa samráð við Alþ. um það, til hvers væri notaður sá afgangur, sem orðið hefði á árinu. Og hann sagði: Þessar greiðslur, sem greiddar hafa verið, eru meira og minna nauðsynlegar, en var ekki eitthvað annað, sem þurfti að greiða jafnvel fremur og átti að sitja í fyrirrúmi? Og hann spurði: Skuldar ekki ríkissjóður annað en það, sem nú hefur verið greitt af þessum afgangi, og átti þá ekki eitthvað af því að koma til greina? Hann spurði: Skuldar ekki ríkissjóður vegna skólabygginga, vegna hafnarframlaga og þess konar? Ég vil nú benda hv. þm. á það, sem honum er sjálfsagt ljóst, að ríkissjóður á að vísu að leggja fram til skólabygginga og hafnargerða, en það er tekið fram í þeirri löggjöf, sem um það fjallar, að ríkissjóður á að leggja fram til þessara mála eftir því, sem veitt er fé til þess á fjárlögum. Hann skuldar því aldrei annað en það, sem veitt hefur verið á fjárlögum í þessu skyni, ef svo mætti að orði komast. Ég veit, að hv. þm. skilur það, þegar bent er á það, ef við tökum t. d. greiðsluna af láninu fyrir togarana, sem er nærri 7 millj., að þá gátum við ekki sagt við lánardrottnana: Ríkissjóður Íslands getur ekki borgað af þessu láni, af því að það þarf að auka fjárframlög til skólabygginga. — Það verður að standa í skilum. Við gátum ekki heldur sagt við forráðamenn þeirra bæjarfélaga, sem áttu togara, sem þingið ályktaði að skyldi forða undan hamrinum: Við getum ekki lagt þetta fé fram, vegna þess að við þurfum að láta það í annað. — Alþ. vildi láta koma í veg fyrir, að það yrðu eigendaskipti á þessum togurum, og við urðum að útvega fé, og við urðum að taka það hjá ríkissjóði, þegar ekki var hægt að fá það að láni beint handa þessum fyrirtækjum. Hér var ekki um neitt annað að ræða.

Svona má halda áfram og taka greiðslurnar, því að hér var yfirleitt ekki um neitt svigrúm að ræða, einmitt vegna ráðstafana Alþ. Við getum tekið t. d. fyrirframgreiðsluna vegna sementsverksmiðjunnar. Við gátum ekki stöðvað allan þann undirbúning. Við urðum að halda áfram með hann, þó að við yrðum að taka af afganginum til þess að greiða fyrir fram. Og við gátum ekki heldur sagt forráðamönnum þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem sóttu sterkast á að fá atvinnuaukningarframlög sín nú strax í haust, en áttu að fá þau á árinu 1954: Við getum ekki gert það, vegna þess að við þurfum að láta féð í annað. — Þetta var það aðkallandi, knýjandi, að það var ekkert val. Og þetta var gert eftir heimild Alþ. Alveg eins er með greiðsluna á lausaskuldinni til landhelgissjóðs og eldgamalli vanskilaskuld vegna fiskiðjuversins. Það var ekkert val. Við urðum að greiða þetta. Við gátum ekki sagt forráðamönnum landhelgissjóðs og ekki heldur forráðamönnum björgunarskipsmálsins fyrir norðan, að það væri ekki hægt að borga þessa skuld, af því að féð yrði að fara í annað.

Þannig var þessum greiðsluafgangi blátt áfram ráðstafað fyrir fram, og það er ekki hægt að ráðstafa tvisvar sömu fjárhæðunum. (Gripið fram í.) Hv. 2. þm. Reykv. spyr, hverjum ríkissjóður hafi skuldað vegna fiskiðjuversins, — Landsbankanum. Ég sé, að hv. 2. þm. Reykv. brosir. Ég veit það er vegna þess, að hann lítur svo á, að það eigi aldrei að borga Landsbankanum neitt, og þess vegna finnst honum það léttvæg röksemd, þó að hér hafi verið vanskilaskuld í Landsbankanum. En þannig lítur hv. Alþ. ekki á, heldur lítur það þannig á, að það eigi að standa í skilum með skuldbindingar ríkisins, ekki síður þó að Landsbankinn eigi í hlut.

Ég vona, að hv. þingmenn átti sig á því, að þessi gagnrýni, að hér hafi verið farið fram hjá Alþ. og vanrækt að leggja fram sérstakt frv. um greiðsluafganginn, á ekki við nokkur rök að styðjast, af því að þessu fé var öllu ráðstafað í samræmi við yfirlýstan vilja Alþ. og á þann hátt, sem óumflýjanlegur var. Hitt er svo annað mál, en ljóst af þessu, að hefðu fjárl. verið óvarlegar afgreidd en þau voru, þá hefði okkur rekið upp á sker fjárhagslega.

Ég kann afar illa við það, þegar hv. 2. þm. Reykv. er að tala um, að það tíðkist meira og meira að fara fram hjá Alþ. við ráðstöfun fjár. Þetta er algerlega rangt, hrein staðleysa, og þarf ekkert annað en að fara í gegnum uppgjör síðari ára og bera þau saman við eldri uppgjör. Og á síðasta ári urðu nokkuð óvenjulegar umframtekjur, en samt hefur tiltölulega minna fé verið ráðstafað á því ári umfram það, sem beinar alþingissamþykktir lágu fyrir um, heldur en oftast áður. Þetta vildi ég sýna áðan með hinum mikla prósentureikningi, sem hv. 4. þm. Reykv. var að kvarta undan. Ég benti nefnilega á það í framsöguræðu minni hér áðan, af því að ég vissi

svona hér um bil, við hvaða tón mundi kveðið, og það er kallað að setja fyrir fram undir lekann, að samkvæmt yfirlitinu hafa umframtekjurnar orðið 89 millj., það sem ég hef kallað greiðsluafgang, sem öllum er ráðstafað í nánu samræmi við fyrirmæli Alþ., 37 millj., og greiðslur samkvæmt sérstökum l. og heimildum frá Alþ., þál. og sérstöku samráði við fjvn. nema 23 millj., og eiginlegar umframgreiðslur væru þess vegna raunverulega um 29 millj., eða rétt 7%. Þá er það svo sem ekki eins og þessar umframgreiðslur, þessar 29 millj., séu eitthvað, sem stjórnin hefur fundið upp á að kasta út úr ríkissjóði, heldur er meginhlutinn af því lögboðnar greiðslur og með samþykki Alþ. Ég benti t. d. á það, að dýrtíðargreiðslur hafa farið fram úr áætlun um 10 millj. og 200 þús., og það vita allir, að niðurborgun innlendra vara var ákveðin með vilja Alþ., í sambandi við verkfallslausnina síðustu. Þá voru greiðslur eins og umframgreiðslur á jarðræktarlögum, það eru lögboðin útgjöld, og til sýsluvega og vegna fjárskiptanna, afborgun af föstum lánum, og þannig væri hægt að telja enn fleiri fjárhæðir en ég hef gert til þess að sýna það, hvað sáralítill hluti af umframgreiðslunum er raunverulega umframgreiðslur í þeim skilningi, að stjórnin hafi ákveðið þær umfram það, sem þingið hefur gert, — ekki nema sáralítið brot. Og sem betur fer, er það algerlega úr lausu lofti gripið, að það tíðkist meir og meir að fara fram hjá Alþ. í þessu tilliti, heldur hefur þróunin verið alveg í öfuga átt síðustu ár, einmitt í þá átt að fylgja betur fyrirmælum Alþingis í fjármálum, og ef þessum hv. þm. er þetta ekki ljóst, þá ættu þeir að fara heim og læra betur.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, það hefur sjálfsagt enga þýðingu. En ég má til með að leiðrétta það, sem ég hygg að hafi byggzt á misskilningi hjá hæstv. ráðh., að ég hafi veitt honum sérstök ámæli fyrir það, að hann sá ekki fullkomlega fyrir, hvernig útkoma ársins 1953 mundi verða. Ekki var það nú ætlun mín beinlínis. Ég skil vel, að hæstv. ráðh., eins og þm. vita, vill gera sínar áætlanir varlega og heldur láta skakka á þann veginn, að tekjurnar verði meiri, en ég leyfði mér að skopast að spádómsgáfu hæstv. ráðh., því að víst er það, að hann hafði í frammi spádóma um það, hver útkoman mundi verða á árinu 1953, en reynslan hefur orðið mjög fjarri því, sem hann þá spáði. Þó verð ég að segja, að það er ekki nema eðlilegt og ætti að vera réttmætt, að alþm. yfirleitt geri ráð fyrir því, að fjmrh. hafi gleggri yfirsýn yfir viðskiptaatriði og fjárhagslíf ákveðinn tíma, hafi um það fyllri skýrslur og gögn og upplýsingar heldur en þm. almennt og eigi því að standa betur að vígi en þeir að meta horfurnar, þegar fjárl. eru samin. Við afgreiðslu fjárl. kom það fram, að spádómar hæstv. ráðh. í þessu efni voru nokkrir aðrir en mikils hluta þingsins, en reynslan hefur sýnt, að spádómar þeirra, sem töldu fært að áætla tekjurnar meiri, hafa orðið nær því rétta heldur en spádómar hæstv. ráðh. Því leyfði ég mér að spaugast dálítið að hans miklu spádómsgáfu, sem hann bauð hér í þinginu.

Það er ekki heldur rétt, að ég hafi sagt, að hæstv. ráðh. væri að eigna sjálfum sér og góðri fjármálastjórn, hvað tekjurnar fóru mikið fram úr áætlun. Ég sagði, að hann væri svo alkunnur að hæversku og laus við raupsemi, að hann hefði nú ekki gert þetta, að hæla sér sjálfum af því, — hvað hann kann að hafa hugsað sjálfur, það sagði ég ekkert um, en ég er nú ekki frá því kannske, að hann hafi hugsað, að það væri nú ekki víst, að útkoman hefði orðið jafngóð, ef einhver annar en hann hefði setið í ráðherrastólnum. En ég leyfði mér ekki að segja neitt um það áðan. En sem sagt, hugleiðingar hæstv. ráðh. í þessu efni vil ég ekki sverja fyrir að hafi hnigið í þessa átt.

Það, sem ég deildi á ráðh. fyrir og taldi hann ámælisverðan fyrir, var að ráðstafa öllum þessum miklu umframtekjum án þess að leita til þess samþykkis þingsins, og mér virðist á þeim stuttorðu andsvörum, sem hæstv. ráðh. gaf mér, að hann hafi sjálfur áréttað þessi ummæli mín mjög kröftuglega. Hann taldi upp hér eina tíu útgjaldaliði og spurði mig og væntanlega þingheim um leið: Átti ég að neita þessu, átti ég að synja þessu o. s. frv.? Ég neita að svara slíkum spurningum. Mér er alls ókunnugt um þessi mál, nema eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf hér, og þær voru það stuttorðar og gáfu það litlar upplýsingar, að ég hygg, að enginn þingmaður hafi treyst sér eftir þeim upplýsingum til að meta, hvort það átti að láta þessar greiðslur ganga fyrir einhverjum öðrum greiðslum, sem var alveg jafnréttmætt að tekið væri tillit til, ef fénu var ráðstafað á annað borð á þennan hátt. (Gripið fram í.) Ég er alveg sammála því. Því segi ég, að um þetta átti að leggja fram fyrir Alþ. frv. til þess að kveða á um, hvernig afganginum skyldi varið.

Hæstv. ráðh. segir, að hann hafi orðið að borga ýmsar skuldir. Ég vil ekki rengja þetta. Ég veit ekki, hvað það hefur verið aðkallandi, hann upplýsti það ekki. En ég vil minna hann á það, að í fjárlfrv. fyrir árið 1953 er ákveðin upphæð ætluð til skuldaafborgana, og sú upphæð er venjulega tekin eftir till. hæstv. ráðh. í frv., nema alveg sérstakar viðbótarupplýsingar komi. Hæstv. ráðh. hlýtur að vera allra manna kunnugast um það, þegar hann semur sitt fjárlfrv., hvaða skuldir fellur á ríkissjóð að greiða á fjárlagaárinu, og sé nokkuð meint með því að vera að semja fjárlfrv. og ákveða þennan lið, þá er ætlunin, að á hann sé tekið í frv. það, sem ráðh. veit að kemur til greiðslu, og að því sé fylgt og sérstakrar heimildar aflað til að greiða það, sem síðar kynni að koma í ljós að þyrfti að greiða. Svona mætti segja um hvern einstakan lið.

Ég verð að fullyrða, að með því að ráðstafa fénu eins og hér hefur verið gert, þá hefur ráðh. tekið í sínar hendur eða ríkisstj. vald til þess að meta það, hverjar greiðslur skuli inntar af hendi og hverjum skuli ýtt til hliðar, en það er á valdi Alþ. eins, að réttu framferði, að ákveða um þetta.

Hæstv. ráðh. nefndi togaralánin í Englandi, sem við höfum orðið að greiða. Vitaskuld varð að greiða þau. En ætlar hæstv. ráðh. að reyna

að telja mér trú um það eða þingheimi, að hann hefði ekki getað flutt þessa skuld inn í innlendan banka á sama ári sem hann hefur lækkað lausaskuldir til bankanna — ég man ekki um hvað margar millj. umfram það, sem fellur undir afborganaliðinn í fjárl. Ég læt mér ekki detta í hug, að ekki hefði verið hægt að semja um það við bankana að flytja skuldina hingað að öllu eða einhverju leyti, þangað til Alþ. væri búið að kveða á um það, hvort og hvenær fé skyldi greitt úr ríkissjóði.

Svona mætti taka upp hvern einstakan lið af þeim, sem ráðh. hefur talið upp, og segja: Það er matsatriði, hvort heldur skyldi gert þetta, leyst málið á þennan veg eða hinn. — Það á ekki að vera matsatriði hæstv. ríkisstj.; það á að vera matsatriði Alþ. Til þess er verið að setja fjárlög. Ef fylgja ætti kenningum hæstv. ráðh., þá mætti í raun og veru álíta, að í sjálfu sér væri nokkurn veginn óþarft að vera að setja fjárlög. Það eru lög til þess að skipa fyrir um ýmsar greiðslur, samkvæmt þeim er greitt. Hitt yrði svo stjórnin að meta á hverjum tíma, nauðsyn og gagnsemi. Mér dettur ekki í hug, að hæstv. ráðh. vilji halda því fram, að svona ætti það að vera, en afleiðingin er líka sú, að það er alveg óeðlilegt og gagnstætt réttum þingræðisháttum, að fimmta hluta af tekjum ríkisins sé ráðstafað eftir geðþótta stjórnarinnar, án þess að Alþ. sé kvatt til þess að segja þar til um.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Hæstv. fjmrh. minntist á, að sér hefði nú ekki borið skylda til þess að taka tillit til þess, sem bæjarfélögin úti á landi hefðu þurft á að halda að fá í greiðslur upp í það, sem þau væru búin að leggja fram í hafnarbætur, skólabyggingar eða annað slíkt. Hæstv. fjmrh. getur ekkert sagt um það, ef lagafrv. hefði verið lagt fyrir Alþ. viðvíkjandi ráðstöfun á tekjuafgangi, nema Alþ. hefði viljað ráðstafa meiru en það hefur gert áður til greiðslu til bæjarfélaganna úti um land upp í slíkar skuldir ríkisins. Hann veit ósköp vel, að þegar síðast var lagt fram frv. um ráðstöfun tekjuafgangs, þá var það einmitt knúið fram af alþm., að það væri þó nokkur upphæð, sem þar væri ráðstafað til þess að borga áfallnar skuldir ríkissjóðs.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að vesalings ríkisstj. hefði ekkert val átt, hún hefði staðið svona ógurlega að vígi, — og hæstv. forsrh. fór að hjálpa honum, — það hefði bókstaflega verið hengingarvíxill, sem ríkisstj. hefði verið í. Hún hefði ekkert val átt, hún hefði orðið að borga fyrir fiskiðjuverið — og ég gæti trúað að það hafi nú verið fleira — víxla til Landsbankans. Svo bættist það nú við, að þar að auki hefði ríkissjóður orðið að borga 7 millj. kr. afborgun af togaralánunum í Bretlandi. Nú vil ég segja hæstv. fjmrh., ef hann hefði lagt þetta mál hér fyrir Alþ., að þá hefur það a. m. k. komið fyrir hér á Alþ., að þingið hefur ákveðið að skylda Landsbankann til þess að leggja fram að láni ákveðnar háar upphæðir til þess að greiða fyrir togarakaup til landsins. Það var gert hér fyrir 8 árum, ákveðnar 100 millj. í þessu skyni, og það er ómögulegt að segja, og ég get þvert á móti trúað, að það hefði verið kannske meiri hluti fyrir því hér á Alþ. um þessar 7 millj. kr., sem núna eru allt í einu lagðar fram af greiðsluafgangi ríkissjóðs, að það hefði bara verið sagt við Landsbankann af húsbónda hans, Alþingi: Þessu bætið þið við úr stofnlánadeildinni. — Það er ekki til neins að segja okkur þingmönnum, að ríkisstj. eigi ekkert val í svona efnum. Alþ. er húsbóndi Landsbankans, sem getur ákveðið, hvernig þetta er gert. Alþ. veit, að Landsbankinn hefur á hverju ári á milli 30 og 40 millj. kr. í tekjuafgang. Alþ. getur ákveðið, ef það álítur það nauðsynlegt, t. d. vegna togaraútgerðar landsins, að það skuli bætt við 10 millj. kr. í stofnlánadeildina og að það skuli lána út með þeim vöxtum, sem þar er ákveðið, 2%, til þess að greiða togara. Það er ekki til neins að koma hér til okkar og segja okkur, að ríkisstj. hafi ekkert val. Hún hefur það val að segja við Alþ.: Á ég að fara að greiða upp 10—20 millj. til Landsbankans, eða á ég að láta Landsbankann lána þetta? — Landsbankinn er ekki einhver einkabanki nokkurra auðmanna, sem geta sett ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar, eins og Alþjóðabankinn er að reyna að gera viðvíkjandi sementsverksmiðjunni eða öðru líku og Marshall er að reyna að gera stundum. (**Gripið fram í:** Og Unilever.) Þeir eru nú farnir að skipta sér lítið af því núna upp á síðkastið, þeir gerðu það einu sinni. En ég vil, fyrst það er komið til umr. hérna, leyfa mér að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að fulltrúi Englands í Alþjóðabankanum var núna nýlega að mótmæla því, að Alþjóðabankinn væri að gera það að skilyrði, að fyrirtæki, sem Alþjóðabankinn lánaði til í ýmsum löndum, væru ekki ríkisfyrirtæki, heldur einkafyrirtæki, og fulltrúi Bretlands, eftir því sem ég skildi útvarpsfréttina, lýsti því yfir, að Alþjóðabankinn ætti ekki að vera að skipta sér af, hvers konar rekstrarfyrirkomulag væri í þeim ríkjum, sem Alþjóðabankinn lánaði til. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á þetta til þess að reyna að gera hennar hrygg ofur lítið beinni, þegar hún færi að tala við Alþjóðabankann næst, eftir að hann er búinn að setja henni þessi skilyrði, að það verði að taka sementsverksmiðjuna úr ríkiseign, svo framarlega sem það eigi að veita lán. Fyrst hæstv. ríkisstj. var að skjóta þessu hérna inn í til umr., þá vildi ég um leið gefa henni þessar leiðbeiningar. E. t. v. væri þá kannske líka óþarfi að vera að taka þessar 2 millj., sem voru teknar í sementsverksmiðjuna af greiðsluafganginum; það hefði kannske verið hægt að slá það út í viðbót þarna, ef ríkisstj. er sjálfri nægilega ljóst, að henni sé óhætt að vera nokkuð harðvítug í þessum efnum.

Svo vildi ég aðeins segja það við hæstv. fjmrh. út af því, að hann var að segja, að það hefði ekki verið rétt hjá mér, að það væri verið að fara meir og meir fram hjá Alþ., að það hefur aldrei nokkurn tíma tíðkazt, að það hafi verið farið eins mikið fram hjá Alþ. og nú þessi síðustu þrjú árin í sambandi við bátagjaldeyrisálagið, og það er ekki aðeins það, að farið hafi verið fram hjá Alþ. (**Fjmrh.:** Þetta er eins konar björgunarbátur fyrir þm., þetta bátagjaldeyrisálag.) Nei, það er ekki björgunarbátur. Það er

alvarlegasta fjármálafyrirbrigði, sem gerzt hefur í íslenzkum stjórnmálum, að þvert á móti ákvæði stjórnarskrárinnar, þeim ákvæðum, sem eru grundvöllur að öllu því valdi, sem öll þing hafa verið að berjast fyrir gagnvart ríkisstjórnum, valdinu til þess að ráða ein álögunum á landsmenn, þá er lagt á landsmenn, lengst af án þess að nokkur lög heimili það, yfir 100 millj. kr. á ári, eða upp undir það, og innheimt án þess að ríkinu sé gerð nokkur grein fyrir því. Það er alvarlegt fyrirbrigði. Það er fyrirbrigði, sem minnir á aðalskúgun og einvalda hér á landi fyrrum, en ekki á neina þingræðisstjórn, og það er ekki fyrir hæstv. fjmrh. að gera neitt grín að þeim hlutum. Hins vegar er það máske eðlilegt, að ekki sízt hæstv. fjmrh., sem kinokar sér nú venjulega við að svara því, en er að reyna að taka úr ríkissjóði eign, sem ríkissjóður á, eins og áburðarverksmiðjuna, upp á 125 millj. kr., og afhenda hana einkaaðilum, að honum finnist það eðlileg aðferð að leggja án nokkurra laga um 100 millj. kr. á almenning í landinu og úthluta því til einstakra manna í landinu, án þess að það komi nokkurn tíma til þingsins kasta.

Ég held, að ég hafi haft fulla ástæðu til þess að kvarta yfir þessum aðferðum og að því miður geti hæstv. fjmrh. ekki borið af sér þá gagnrýni.

**Bergur Sigurbjörnsson:** Herra forseti. Ég mun verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að verða ekki mjög langorður.

Eins og hv. þm. hlýtur að vera ljóst, eru að sjálfsögðu engin tök á því að ræða ýtarlega þá skýrslu, sem hæstv. fjmrh. hefur hér lagt fyrir þingið án þess að þm. ættu annars kost en að hlýða á hana, en hefðu hana ekki prentaða fyrir sér.

Stjórnarandstaðan hefur brugðizt þannig við þessari skýrslu hæstv. fjmrh., — ég vil segja brugðizt svo drengilega við þessari skýrslu, að hún hefur talið sér skylt eða talið ástæðu til að þakka fyrir það, að hún skyldi hér fram lögð.

Ég vil taka undir þessi ummæli stjórnarandstöðunnar, til þess að það megi greinilega fram koma, að stjórnarandstaðan er það heiðarleg og kann það vel að meta það ástand, sem skapazt hefur í okkar landsmálum hin síðustu ár, að hún telur ástæðu til að þakka fyrir það, þegar hæstv. ríkisstj. innir skyldustörf sín af höndum.

Af ræðu hæstv. fjmrh. kom það greinilega í ljós, sem ég hef nokkrum sinnum haldið fram hér á hinu háa Alþ., að raunveruleg fjárlög eru engin til í þessu landi. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi, að tekjur ríkissjóðs hefðu á árinu 1953 farið 88 millj. kr. fram úr áætlun, eða um 21%, eins og hann orðaði það. Það þarf enga spekinga til að sjá, að áætlun, sem er röng um 21%, þ. e. a. s. rúmlega einn fimmta hluta, er engin áætlun, hún er vitleysa. Þannig hefur þetta til gengið nokkur undanfarin ár, að hv. þm. stjórnarflokkanna hefur verið skipað hér á hinu háa Alþ. að samþykkja vitlausar áætlanir, sem hæstv. fjmrh. hefur látið sér sæma að leggja fyrir þingið, vísvitandi rangar, eins og ég einu sinni orðaði það og gæti sannað hvenær sem er. Þeir, hv. þm. stjórnarflokkanna, hafa látið sér sæma að samþ. þetta ár eftir ár og bjóða þjóðinni upp á þetta sem fjárlög. Ég efast um, að dr. Schacht, sem var fjmrh. á Hitlerstímabilinu í Þýzkalandi, hafi nokkurn tíma haft jafnfullkomið einræði í fjármálum landsins og hæstv. ríkisstj. Íslands hefur haft undanfarin ár. Og síðan, þegar hæstv. fjmrh. kemur og segir frá, hvernig hans áætlanir hafi nú reynzt, þá er viðkvæðið: Það var óvenjulega gott tekjuár, — og: Ætluðust hv. þm. til, að ég væri svo forspár, að ég gæti sagt fyrir, hvernig hitt og þetta mundi fara, ári áður en það átti að gerast? — Nei, þm. ætluðust aldrei til þess, að hæstv. fjmrh. yrði forspár eða væri spámaður. Þeir vita það af langri reynslu, að hann er ekki spámannlega vaxinn. En þeir ætluðust til hins, að hann hefði aldrei tekið að sér embætti fjmrh. án þess að vera nokkurn veginn fær um að gegna því.

Ég lofaði hæstv. forseta því að vera stuttorður, og ég ætla að efna það. Ég ætla aðeins að nefna tvö atriði til viðbótar. Í ræðu sinni hér áðan, þegar hæstv. fjmrh. var að svara hv. 4. þm. Reykv., sagði hann m. a.: Átti ríkissjóður að neita að greiða af togaraláninu í Englandi? Átti hann að neita að greiða af hinum og þessum lánum? Og hann bætti við: Hvernig átti hann að greiða þetta öðruvísi en hann gerði, þar sem hann hafði ekki annað upp á að hlaupa en umframtekjurnar? En með leyfi að spyrja: Hvað ætlaði ríkissjóður að gera, ef umframtekjurnar hefðu engar orðið? Ætlaði hann þá að neita að greiða togaralánin í Englandi? Ætlaði hann þá að neita að greiða til togaranna í bæjarfélögunum úti á landi o. s. frv.?

Þá vildi ég og benda á, að hæstv. fjmrh. gat þess hér, að nú væri geymt fé til eins og annars samkvæmt fyrirmælum Alþ., þ. e. a. s. samkvæmt heimild í fjárl. fyrir árið 1954. Hæstv. fjmrh. virðist hafa gleymt því, að þetta var samkvæmt heimild í fjárl. 1954, og Alþingi ætlaðist til þess, að þetta fé yrði útlagt á árinu 1954, af tekjum þess árs, en ekki af tekjum ársins 1953. Þetta er aðeins lítið dæmi, en sýnir þó, hvernig hér er á málum haldið.

Varðandi upphæð eina, sem er þó nokkuð há, um greiðslur vegna ábyrgðar ríkissjóðs á togaraútgerð úti á landi, væri að vísu ástæða til að fara nokkrum orðum, því að það er grunur ýmissa manna, að þar hafi öðruvísi verið á haldið en skyldi og að í sumum tilfellum hafi þar verið fé ausið úr ríkissjóði beinlínis í sambandi við kosningar, — það hafi verið ausið fé úr ríkissjóði í togaraútgerðir, mjög vafasamar, til að gera við gamla togara fyrir einstök bæjarfélög eða kauptún, jafnvel þorp, síðan hafi þessum togurum verið skilað aftur að kosningum loknum og þeir liggi nú og bíði þess að vera teknir í brotajárn fyrir lítið fé, en fjármunir ríkissjóðs búnir að hafa sín áhrif í kosningunum. Eitt er ljóst og hefur raunar komið hér fram, og það er það, að hæstv. ríkisstj. hefur að sjálfsögðu enga heimild til að greiða eitt né neitt úr ríkissjóði, nema með samþykki Alþingis. — Ég mun láta þessi fáu orð nægja.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það voru aðeins tvær eða þrjár setningar. Hv. 8. landsk. þm.

(BergS) er sífellt að fárast út af því, að áætlanir á tekjum fjárlaganna séu fyrir fram vísvitandi gerðar allt of lágar, og hefur í því sambandi mörg stór og óvægileg orð. Ég ætla ekki að fara langt út í þetta. Ég ætla aðeins að upplýsa, að reynslan sýnir, að þessar fjárlagaáætlanir á tekjum ríkissjóðs hafa yfirleitt ekki mátt óvarlegri vera. Reynslan sýnir það. Afkoma ríkissjóðs undanfarið hefur ekki mátt lakari vera en hún hefur orðið.

Hv. 4. þm. Reykv. (HG) sagðist neita að svara því, hvort átt hefði að greiða greiðslur þær, sem taldar voru ráðstafanir á greiðsluafgangi, eða ekki, því að hann hefði ekki getað kynnt sér málið. Ef þetta er rétt hjá hv. þm., þá finnst mér, að hann hefði ekki heldur átt að fella þá ákveðnu dóma um þetta, sem hann hefur upp kveðið.

Að lokum vil ég taka fram, að mér finnst ekki þægilegt að rökræða við menn, sem fyrst samþ. á Alþ., að leggja skuli fram fé í tilteknu skyni, ráðast síðan á ríkisstj. fyrir að inna þessar greiðslur af hendi og fullyrða í þokkabót, að með því sé gengið fram hjá Alþ.

## II. Varnarmálin, samningar um framkvæmd.

Á 43. fundi í Sþ., 31. marz, utan dagskrár, mælti

**utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur ríkisstj. ákveðið, að ég fari utan í dag í fylgd með forseta Íslands. Ég tel því rétt að gefa hv. Alþingi upplýsingar um það, hvernig ástatt er með samningagerð þá við Bandaríkin, sem unnið hefur verið að undanfarnar vikur. Samningum þessum er ekki að fullu lokið. Nokkur atriði eru ekki að öllu leyti frágengin. Hins vegar hef ég fulla ástæðu til að vona — og tel mig raunar geta treyst því — að kröfur þær, sem gerðar hafa verið af okkar hendi, nái í aðalatriðum fram að ganga og viðunandi samningar náist. Ég treysti því, að svo snemma verði lokið samningagerðinni, að ég geti skýrt hv. Alþingi frá efni þeirra eftir 12. apríl n. k., en þann dag hef ég ákveðið að koma heim. Á þessu stigi málsins get ég ekki rætt mál þetta efnislega.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Þegar ég sá, að hæstv. utanrrh. var kominn hér í ræðustólinn, og heyrði, að hann vék talinu að samningum þeim, sem hafa verið að undanförnu um breytingar á varnarsamningnum, þá fagnaði ég því og hélt, að Alþingi fengi nú skýrslu um gang þessara mála. Vissulega gladdi það mig að heyra, að þessir samningar hefðu gengið vel og að vonir væru um, að þær kröfur til breytinga, sem íslenzka ríkisstj. hafði gert, næðu sennilega fram að ganga. En svo fengum við ekkert meira að vita, en hæstv. ráðh. sagðist mundu geta gefið þinginu skýrslu um þetta eftir heimkomu sína þann 12. apríl. En nú er mér spurn: Eru líkur til, að hv. Alþingi sitji að fundum fram yfir 12. apríl, svo að nokkrar vonir séu við það bundnar, að þingið fái vitneskju frá hæstv. ráðh. um þessi mál, áður en það verður sent heim, ef hæstv. ráðh. getur enga skýrslu gefið þinginu efnislega um málið nú. Mér finnst ákaflega litlar líkur til þess, að Alþingi geti gert sér nokkrar minnstu vonir um að fá frekari vitneskju um málið, áður en það verður sent heim, ef ekki er hægt að gefa neina vitneskju um þetta fyrr en eftir 12. apríl. Um þetta langar mig nú til þess að vita og hvort það sé þá enginn möguleiki til, að þingið fái vitneskju um niðurstöðu þessa máls, áður en því verður slitið.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Það, sem ég sagði áðan, að ég mundi væntanlega gefa skýrslu hér í þinginu eftir 12. apríl, byggist á því, að ég hef gengið út frá því, að Alþingi mundi sitja til miðvikudagsins 14. apríl. Þess vegna hef ég nefnt þessi tímatakmörk. Forsetaheimsókninni er lokið í Noregi á pálmasunnudag. Ég get komið heim, eftir að henni er lokið, og tel ég mig því hafa fulla ástæðu til þess að álíta, að þetta megi takast.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég get sagt nokkuð hið sama og hv. 3. landsk., að þegar hæstv. ráðh. kvaddi sér hljóðs til þess að skýra frá því, hvað gengi samningum við Bandaríkjamenn, þá átti ég von á því, að hann segði eitthvað meira en hann á þessu stigi skýrði frá. Ég ætla, að hann hafi tekið svo til orða, að hann teldi sig mega treysta því, að kröfur okkar Íslendinga mundu ná fram að ganga. Ég veit ekki, hvort ég er einn þingmanna um það, en ég verð að segja það fyrir mig, að mér er ekki kunnugt um nema að mjög litlu leyti a. m. k., hverjar kröfur hæstv. ríkisstj. hefur borið fram í þessu sambandi, og það er að sjálfsögðu það, sem þeir þm. mundu spyrja um, sem eitthvað vildu um þessi mál vita.

Alþfl. hefur lagt fram þáltill. um þetta efni, sem ekki hefur fengið afgreiðslu. Ég vil aðeins nefna fjögur atriði úr henni og þætti mjög æskilegt, ef hæstv. ráðh. sæi sér fært að skýra frá því, hvort þessi atriði hafi verið tekin upp í kröfur eða tilmæli Íslendinga. Í fyrsta lagi það, að framkvæmdir samkv. varnarsamningnum yrðu eingöngu unnar af íslenzkum verktökum. Í öðru lagi, hvort ríkisstj. hefur borið fram kröfur eða óskir um styttingu á uppsagnarfresti samningsins. Í þriðja lagi, hvort ríkisstj. hefur hafið undirbúning þess og leitað samninga um það við Bandaríkjamenn að undirbúa okkur undir það, að Íslendingar gætu tekið í sínar hendur gæzlu mannvirkja á vellinum og á radarstöðvum úti um land. Og svo loks, hvað ríkisstj. hefur farið fram á eða gert kröfur um í sambandi við samskipti setuliðsins við íslenzkt fólk.

Mér þætti mjög vel fara á því, ef hæstv. ráðh. gæti skýrt þinginu frá því, hvort ríkisstj. hefði tekið þessar kröfur upp og hvort ætla má, að þær muni ná fram að ganga, en það var það orðalag, sem hæstv. ráðh. notaði um þær óskir eða kröfur, sem ríkisstj. þegar hefði fram sett.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Í gærdag, þegar frv. til laga um uppsögn varnarsamningsins var til umr. í Nd. Alþingis, átaldi ég það, að hæstv. utanrrh. skyldi ekki vera viðstaddur slíkar umr., m. a. vegna þess, að ég teldi líklegt, að Alþingi vildi gjarnan fá einhverja vitneskju um það, hvað liði þeirri samningagerð um framkvæmd herstöðvasamningsins, sem nú hefur verið á döfinni í 2 mánuði eða þar um bil. Mér þótti þess vegna mjög leitt, að hæstv. utanrrh., þegar hann kom nú hingað í dag, rétt áður en hann er að leggja af stað af landi brott, skyldi ekki geta gefið um þetta fyllri og ýtarlegri skýrslu en þau fáu orð, sem hann hér sagði. Hins vegar sagðist hann búast við að koma hingað aftur um 12. apríl og gefa þá Alþingi skýrslu. Ég vil mega líta þannig á, að þetta sé yfirlýsing frá hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstj. um það, að hún ætli ekki að senda Alþingi heim, fyrr en hún hefur gefið um það skýrslu, hvernig þessi mál standa.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Það var út af fsp. hv. 4. þm. Reykv. Ég verð að geta þess, að ég heyrði mjög illa, hvað hann sagði; hann talaði svo lágt. En ég stóð hér upp áðan til þess að skýra hv. Alþingi frá því, að ég gæti ekki nú sem stendur skýrt efnislega frá samningnum, og þess vegna óska ég ekki eftir því, að umr. hefjist um hann nú efnislega. Hins vegar hef ég lofað — og mun standa við það að öllu forfallalausu — að gefa hv. Alþingi nákvæma skýrslu um málið, þegar það er búið og þegar ég kem heim úr utanför minni.

Ég álít, að það þurfi ekki að svara þessu fleiru núna. Ég vil ekki og get ekki rætt samninginn efnislega. Ég vil ekki, að honum sé á neinn hátt teflt í hættu með því að berist út um samningagerðina nú sem stendur.

**Forseti (JörB):** Ég hefði nú mjög viljað vænta þess, að það héldu ekki áfram umr. utan dagskrár, því að úr því sem komið er um þetta atriði, skilst mér, að ekki verði mikið á því að græða. Hv. 1. landsk. tekur til máls utan dagskrár.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Svo sem þingheimi er kunnugt, er till. okkar Alþfl.-manna um endurskoðun varnarsamningsins til meðferðar hjá hv. utanrmn. Það er fullur vilji fyrir því í n. að afgreiða þá till. frá n., en það hefur á því staðið, að n. hefur skrifað hæstv. utanrrh. og beint þeirri fyrirspurn til hans, hvaða atriði þeirra, sem í till. væru, hafi borið á góma í þeim samningum, sem nú hafa staðið yfir í tvo mánuði við fulltrúa Bandaríkjanna hér.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að mælast til þess við hæstv. utanrrh., að hann sæi sér fært að svara þessu bréfi utanrmn. svo tímanlega eða láta svara því svo tímanlega, að n. gefist tími til þess að taka afstöðu til málsins, áður en þingi lýkur. Þar sem hann boðar, að hann muni ekki koma til landsins fyrr en einum eða tveimur dögum áður en þingi lýkur, þá óttast ég, að ekki muni vera tími til þess að ræða till. í n. og taka afstöðu til hennar, ef ekki hefur borizt svar til n. frá ríkisstj. um það, sem um var spurt, fyrr en eftir að hann kemur til landsins. Þess vegna vildi ég mega óska þess, að hann gerði ráðstafanir til þess, áður en hann hverfur af landi, að n. verði svarað þegar í stað og ríkisstj. telur samningum svo langt komið, að það sé unnt, og sem allra fyrst.

---

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, utan dagskrár, mælti

**utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Áður en ég fór utan í fylgd forseta Íslands á dögunum, lét ég þess getið hér á hv. Alþingi, að ég gerði ráð fyrir að koma aftur 12. þ. m. og að ég mundi þá geta skýrt frá niðurstöðum samkomulags milli Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarmálanna, sem unnið hefur verið að síðan í byrjun febrúar. Hafði ég fulla ástæðu til að líta svo á, að þá yrði endanlega frá öllu gengið. Af ástæðum, sem íslenzkum stjórnarvöldum eru með öllu óviðráðanlegar, hefur þetta á hinn bóginn farið svo, að ekki er enn þá endanlega búið að staðfesta samkomulagið, og því get ég ekki gefið hv. Alþingi skýrslu á þann hátt að greina frá einstökum atriðum málsins.

Samkomulagið er að vísu tilbúið af hendi hinna íslenzku og bandarísku fulltrúa, sem að því hafa unnið af hálfu ríkisstjórnanna, en staðfestingu vantar á nokkrum atriðum af hálfu utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna. Það er nóg til þess, að mér er með engu móti fært að gera grein fyrir málinu efnislega. Þykir mér það miður, og hef ég gert allt, sem í mínu valdi stendur til þess að hraða svo málinu, að ég geti gefið hv. Alþingi efnislega skýrslu, áður en það lýkur störfum. Á hinn bóginn veit ég, að allir skilja það, að ég hef ekki viljað vinna það fyrir aukinn hraða á málinu að fá í nokkru atriði lakari niðurstöðu en ella.

Ég tel rétt í þessu sambandi að greina nokkuð frá aðdraganda og meðferð málsins.

Með orðsendingu, sem ég afhenti sendiherra Bandaríkjanna í Rvík 4. des. 1953, var farið fram á það af hálfu Íslands, að teknar yrðu upp viðræður milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna um nokkur tiltekin atriði varðandi herverndarsáttmálann frá 5. maí 1951 og framkvæmd hans. Var þessi upptaka málsins í samræmi við yfirlýsingu, er ég flutti á Alþingi 19. okt. s. l. Í orðsendingunni var sérstaklega óskað viðræðna um brottflutning erlendra verkamanna, færslu framkvæmda fyrir varnarmálin yfir á íslenzkar hendur, aðgreiningu dvalarsvæða varnarliðsins og dvalarsvæða Íslendinga, sem vinna á samningssvæðunum, takmörkun á samskiptum varnarliðsmanna og Íslendinga, aðstöðu íslenzkra ríkisstofnana til starfsemi á Keflavíkurflugvelli og ný vandamál í sambandi við hinar fyrirhuguðu radarstöðvar. Orðsendingunni fylgdi ýtarleg skrifleg grg. um framkvæmd sáttmálans árin 1951—53 og íslenzk sjónarmið í því máli.

Hinn 21. des. s. l. tjáði Bandaríkjastjórn íslenzku ríkisstj., að Bandaríkin hefðu fallizt á að hefja viðræður og að viðræðurnar færu fram hér á landi. Fulltrúar Bandaríkjanna komu hingað um mánaðamótin jan.—febr., en viðræðurnar

milli fulltrúa íslenzku ríkisstj. og Bandaríkjastjórnar hófust í Rvík 2. febr. Fulltrúar Íslands í viðræðunum auk mín voru tilnefndir alþm. Hermann Jónasson og Björn Ólafsson, Ólafur Jóhannesson prófessor, Magnús V. Magnússon skrifstofustjóri í utanrrn., Tómas Árnason fulltrúi í varnarmáladeild utanrrn. og Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur. Af hálfu Bandaríkjanna áttu þátt í samningaviðræðunum sendiherra þeirra hér á landi, Edward B. Lawson, ásamt fulltrúum frá utanrrn. og hermálaráðuneyti Bandaríkjanna. Eftir að líklegt þótti, að samkomulag mundi nást í meginatriðum, hef ég og sendiherra Bandaríkjanna aðallega unnið að því, ásamt starfsmönnum okkar, að ganga frá samkomulaginu í einstökum atriðum. Leitað hefur verið álits íslenzkra sérfræðinga og stofnana um ýmis atriði, eftir því sem nauðsyn þótti til bera.

Eins og ég gat um áðan, hef ég í útvarpsræðu á Alþingi gert grein fyrir höfuðatriðum þeim, sem af hálfu íslenzkra stjórnarvalda yrði lögð áherzla á í viðræðum um framkvæmd varnarmálanna. Hafa umræður af okkar hendi verið byggðar algerlega á þeim grundvelli.

Ég vil gjarnan við þetta tækifæri endurtaka það, sem ég sagði áður en ég fór í utanlandsförina nú um daginn, að ég hef fulla ástæðu til að vona og tel mig raunar geta treyst því, að kröfur þær, sem gerðar hafa verið af okkar hendi, nái í aðalatriðum fram að ganga og viðunandi samningar náist.

Að lokum vil ég taka það skýrt fram, að ég mun skýra landsmönnum frá niðurstöðum samkomulagsins jafnskjótt og það hefur verið endanlega staðfest.

**Einar Olgeirsson:** Hæstv. utanrrh. hefur nú gefið sína skýrslu. Ég skil það vel, að honum þykir leitt að geta ekki gefið Alþ. betri skýrslu en þá, sem hér liggur fyrir okkur nú og raunverulega engin skýrsla er, en ég vildi leyfa mér að beina þeirri spurningu til hans og til hæstv. ríkisstj., hvort utanrmn. hefði verið látin fylgjast með í þeim samningum, sem fram hafa farið við fulltrúa Bandaríkjanna. Nú hefur Alþ. setið um nokkurn tíma. Utanrmn. er sérstaklega til þess kosin að fylgjast með þeim samningum, sem snerta utanríkismál, en mér er nær að halda, að utanrmn. hafi ekki fengið að fylgjast svo með þessum samningum sem skyldi.

Ég vil taka það fram, að það hefur tíðkazt hér á Alþ. hvað eftir annað í sambandi við veigamikil mál, að ríkisstjórnir hafa séð ástæðu til þess, ekki aðeins að láta utanrmn. fylgjast með þeim málum, sem eru að gerast, heldur líka að kveðja saman Alþ. og á lokaðan fund, ef um trúnaðarmál er að ræða. Það þótti sjálfsagt hér nýlega í sambandi við handritamálið að kalla saman lokaðan fund hér á Alþ., og þá urðu menn að vera ákaflega fljótir viðbragðs. En nú hafa staðið yfir frá því í október samningar við Bandaríkjastjórn viðvíkjandi framkvæmdum hér á Íslandi, sem skipta okkur ákaflega miklu máli, og það hefur aldrei verið haft fyrir því að kalla saman svo mikið sem einn einasta lokaðan fund á Alþ. til þess að skýra alþm. frá því, sem þarna er að gerast. Ég álít, að það geti ekki gengið, að svona haldi þetta áfram. Það verður að fara að meðhöndla þessi mál, sem snerta okkar utanríkismál við Bandaríkin, alveg eins og öll önnur utanríkismál. Ef hæstv. ríkisstj. álítur ástæðu til þess, eins og í sambandi við handritamálið, að kalla saman lokaða fundi hér á Alþingi, þá er ekki síður ástæða til þess í sambandi við þá samninga, sem standa yfir nú við Bandaríkin. Og ég vil minna menn á, að þó að deilt hafi verið harðlega um þá samninga, sem þegar hafa verið gerðir, þá mundi það að öllu leyti, svo framarlega sem ríkisstj. vill eitthvað fara að bæta úr þeim yfirsjónum, sem áður hafa verið gerðar í þessum málum, styrkja hana í slíkri viðleitni að hafa samráð við Alþ. um það, sem gert yrði á þessu sviði.

Ég hef nokkuð bent á það í sambandi við meðferð málsins á frv., sem nú er orðið að lögum, um lögreglustjóra í Keflavík, hvers konar aðferðir það væru, sem væri verið að innleiða í íslenzka löggjöf með þeirri ómynd, sem það frv. var. Það mál fékkst lítið rætt hér í þinginu. Mér sýndist ríkisstj. standa allvarnarlaus uppi í því máli, og það virðist vera svo, að það eina, sem mönnum rennur nú virkilega til rifja, sé smánin af því að hafa þennan her suður á Keflavíkurflugvelli og sjá spillinguna, sem þessi her með sínum áhrifum veldur í okkar þjóðlífi. Þetta finnst mönnum að. En það hafa ekki komið fram nein ráð í neinum af þessum till., sem hæstv. utanrrh. lýsti hér áðan fyrir okkur, sem gætu komið í veg fyrir áframhald þeirrar spillingar og komið í veg fyrir, að sú smán haldi áfram að vera þar til. Það er aðeins eitt, sem getur komið í veg fyrir það, og það er uppsögn þessa samnings.

Ég hef bent á það áður, líka eftir að Framsfl. loksins fór að sannfærast um, að það væri nauðsynlegt að fá a. m. k. endurskoðun á samningnum, að til þess að standa sæmilega að vígi um að semja um endurskoðun fyrir þá, sem yfirleitt vildu gera samninginn aftur, þá væri eðlilegasta aðferðin að segja samningnum upp, þannig að Bandaríkin ættu þá undir okkur að sækja. Sannleikurinn er, að fyrir íslenzku ríkisstj. er ekki þörf á að semja við Bandaríkjastjórn eða slá af þeim kröfum, sem t. d. Framsfl. var að auglýsa í haust, þegar hann þóttist vilja gera mest í utanríkismálunum. Það er ekki þörf á að slá af þeim. Það er hægt að segja Bandaríkjastjórn: Þessa hluti viljum við láta gera, svona viljum við láta þetta vera á Íslandi, og svo framarlega sem ekki er fallizt á það, þá segjum við samningnum upp. — Þetta er hægt að gera, svo framarlega sem mönnum er full alvara um að knýja fram virkilega endurskoðun á samningnum. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert, og ég er hræddur um, að þetta hafi frá upphafi skapað hæstv. utanrrh. og þeim af stjórnarliðinu, sem vilja einhverja endurbót á ástandinu þar syðra, alveg óviðunandi aðstöðu í þessum samningum. Að minnsta kosti er reynslan sú, að í 6 mánuði eða upp undir það eru þessir samningar búnir að standa. Að minnnsta kosti eru orðnir 6 mánuðir síðan Alþingi kom saman og síðan verkum var skipt innan ríkisstj., og við erum enn litlu nær.

Við alþm. höfum aldrei góða reynslu af því, þegar sagt er við okkur, og ekki heldur þó að það sé sagt með fullkomlega góðum hug á síðasta degi þingsins: Við munum gefa skýrslu um þetta seinna meir, og við vonumst eftir því bezta. — Það hefur oft verið tekið dýpra í árinni við okkur, þegar menn hafa viljað losna við umr. um mál hér á Alþingi. Þess vegna þykir mér það mjög leitt, að við skulum nú ekki geta fengið að heyra nánar um þessi mál. Mér þykir leitt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki heldur hafa séð ástæðu til þess að ráðgast við utanrmn. sem heild um þetta, og mér þykir leitt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki heldur hafa séð ástæðu til þess að kalla saman lokaðan fund í Alþingi til þess að skýra alþm. frá, hvernig stæði eftir 6 mánaða samninga á þessu sviði. En ég veit, að svona verður Alþingi sent heim nú. Við vorum að ræða annað mál hér í dag, þá yfirvofandi stöðvun á togaraflotanum, það vandræðaástand, sem þar er að skapast. Ég benti á, hve óviðunandi það væri, að Alþingi væri sent heim án þess að finna lausnina og marka stefnuna í þessum málum. Nú á að senda Alþingi heim, án þess að búið sé að ljúka þessum samningum, sem svona lengi eru búnir að standa. Það er leitt, að Alþingi skuli hverfa þannig frá störfum, en eins og það er skipað, þá býst ég ekki við, að það fáist mikil bót á því.

**Gils Guðmundsson:** Herra forseti. Það eru fáein orð í tilefni af þeirri skýrslu, sem Alþingi hefur nú beðið alllengi eftir frá hæstv. utanrrh. og hann hefur nú gefið, — skýrslu, sem þó því miður er þannig úr garði gerð, að á henni verða ekki byggðar miklar almennar umræður um þá samningagerð, sem fram hefur farið. Ég hefði kosið að geta nú í þinglok, nú á síðustu klukkustundum almennra umr. í þingi, þakkað hæstv. utanrrh. fyrir það, ef hann hefði gefið Alþ. glögga og greinargóða skýrslu um þá samningagerð, sem fram hefur farið varðandi framkvæmd varnarsamningsins svonefnda, en því er nú ekki að heilsa. Á skýrslunni er því miður ekkert að græða. Hún segir raunverulega ekki annað en það, að enn sé ekki tímabært að skýra frá efni þessarar samningagerðar.

Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um þá málsmeðferð, sem höfð hefur verið í sambandi við þessa samninga. Sú málsmeðferð er á margan hátt furðuleg og vítaverð. Það er vitað — allir hv. alþm. vita — að hér hafa legið fyrir Alþ. frá því í þingbyrjun þáltill. og frv. varðandi herstöðvasamninginn, — frv. og till., sem gengið hafa misjafnlega langt, ýmist um uppsögn samningsins og algeran brottflutning alls herliðs af Íslandi eða um endurskoðun samningsins og allróttækar breyt. á honum. Þessi mál hafa ekki hlotið afgreiðslu á hv. Alþ., þar til að lokum frv. var fellt nú fyrir tiltölulega skömmu.

Það hefði mátt ætla, að þegar tekið var að gera samning um framkvæmd margvíslegra atriða varðandi herstöðvasamninginn, þegar teknar voru upp samningaumleitanir, þá hefði hæstv. ríkisstj. talið það fremur til bóta heldur en hitt að vita vilja Alþ. í þeim efnum, og það hefði verið henni nokkur styrkur, ef hún hefði getað sýnt viðsemjendum sínum fram á þær kröfur, sem Alþ. gerði í málinu. Hún kaus nú ekki að fara þessa leið, heldur þveröfuga leið, kaus að tefja þau mál og þær till., sem um þetta fjölluðu, svo að vilji Alþ. kæmi alls ekki í ljós.

Hæstv. utanrrh. sagði í þeim orðum, sem hann talaði hér áðan, að hann hefði ástæðu til að ætla, að þær óskir eða kröfur, sem fram voru bornar af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, nái fram að ganga. Ég held, að ég rangfæri ekki orð hans mjög. Hann mun hafa mælt eitthvað í þessa átt. Ég tel ástæðu til, að bæði hv. alþm. og aðrir minnist þessara orða, þegar að því kemur, sem trúlega verður nú bráðum, að skýrt verður frá þeim samningum, sem gerðir hafa verið, því að þá sést m. a., hversu röggsamlegar og róttækar þær kröfur eða þau tilmæli hafa verið, sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram við viðsemjendur sína, ef það má telja víst, að þær hafi sem sagt allar náð fram að ganga.

Ég vildi ekki láta þetta tækifæri með öllu ónotað til þess að deila á meðferð þessa máls, en af eðlilegum ástæðum er ekki hægt að ræða þessa samningagerð almennt, þar sem frá henni hefur ekki verið skýrt í einstökum atriðum.

Ég vil enda þessi orð mín með því að segja, að það er að vísu gott, ef tekizt hefur í einhverju verulegu atriði að semja okkur Íslendingum í vil, og ef það hefur þá verið gert fram yfir það, sem við gátum bókstaflega krafizt samkvæmt varnarsamningnum sjálfum og samkvæmt íslenzkum lögum, án þess að taka upp nokkra samninga, þá er það vitanlega gott. En þó er skylt að muna, að í þessu máli er allt kák nema það eitt að losna við hinn ameríska her af íslenzkri grund.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Þegar í byrjun þessa þings voru lögð fram frv. og till. varðandi varnarsáttmálann við Bandaríkin. Síðan eru nú liðnir fullir 6 mánuðir. Allan þann tíma mun hæstv. ríkisstj. hafa haft þetta mál til athugunar og meðferðar. Nýr utanrrh. tók við á s.l. hausti, og þetta mun hafa verið fyrsta vandamálið, sem féll í hans hendur að fara með. Alþ. hefur heyrt ýmsar yfirlýsingar frá ríkisstj. varðandi þetta mál, að samninga hafi verið leitað og að þeim unnið við Bandaríkin, og síðast áður en forsetinn fór utan fyrir nokkru, þá skýrði utanrrh. frá því, að hann mundi koma hér aftur heim þann 12. og gefa skýrslu um niðurstöðu samninganna, áður en þingstörfum lyki. Sú skýrsla er nú komin, og hún er á þann veg, að hann geti að svo stöddu ekki sagt neitt um þær samningagerðir. Við þessa samningagerð hygg ég að sá háttur hafi verið hafður á, að það hafi verið gengið með öllu fram hjá utanrmn. Hæstv. ráðh. lýsir því að vísu yfir hér, að hann hafi ástæðu til að ætla og telji sig mega treysta því, að við þeim óskum og kröfum, sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram í þessu máli, muni verða orðið, en Alþingi fær ekkert um það að vita enn í dag og ekki heldur utanrmn., að ég hygg, hverjar þessar óskir og kröfur hafa verið.

Ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. ráðh. ekki vera öfundsverður af því, sem orðið hefur hans hlutskipti í þessu máli. Ég hef heyrt

sagt, — geri ekki ráð fyrir að fá neinar upplýsingar um það, hvorki til né frá, hvorki á eina hlið né aðra, — að eitt af því, sem erfiðleikum hefur valdið í sambandi við þessa samninga, ekki kannske út á við, heldur máske ekki minna inn á við, hafi verið það, hverjir mundu verða arftakar Hamiltonfélagsins, ef það væri látið hætta framkvæmdum hér á landi. Ég get engar sönnur á þetta fært, því að allt er hulið þm. og almenningi í þessum efnum, en mér þykir rétt að láta þetta koma fram hér.

Að sumu leyti finnst mér þessi niðurstaða hjá hæstv. utanrrh. nokkuð sýna táknræna mynd af framkvæmdum hæstv. ríkisstj. á þessu þingi frá byrjun og sérstaklega síðustu vikurnar og dagana. Það er ekkert óvanalegt, að mikið annríki sé og næturfundir síðustu daga þingsins, en það er fullkomlega óvenjulegt, að jafnmikið af stórmálum skuli vera sett inn í þingið síðustu dagana og afgreidd með þeim hraða, að fyrir þingmenn, sem ekki hafa þekkt málin fyrir, er gersamlega ómögulegt að átta sig á þeim til fulls. Alla síðustu daga og nætur hefur verið hrúgað inn hér nýjum málum og skýrslum og það afgreidd með öllum þeim afbrigðum, sem hægt hefur verið að koma við hverju sinni til að flýta fyrir gangi þeirra, eftir að þingið er búið að sitja verklaust mánuðum saman áður og bíða eftir þessum málum. Skemmst er þess að minnast, þegar hæstv. fjmrh. fyrir skömmu gaf yfirlit yfir fjárhag ríkissjóðs og afkomu hans á árinu 1953. Hann upplýsti þá, að tekjurnar hefðu orðið nærfelt 90 millj. umfram það, sem áætlað var í fjárl., að greiðsluafgangur, þegar búið var að teygja fjárl., væri nærri 40 millj. kr., en að af þessum 40 millj. kr. væru aðeins 2 millj. kr. eftir til ráðstöfunar handa þinginu, eins og hann orðaði það. Öllum er í fersku minni, að í dag var kosin nefnd til þess að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, sem hefur verið allt frá því a. m. k. í byrjun þessa árs stöðugt rannsóknarefni, sem stjórnin hefur verið að athuga og velta fyrir sér og loksins tekið það ráð að ýta vandanum af sér og á mþn., sem hv. Alþ. kaus nú fyrir örskömmu, — koma sér undan vanda og reyna að koma honum á mþn. til að taka þau óþægindi, sem því eru samfara, vitandi það, að togararnir eru þegar ýmsir stöðvaðir og aðrir að stöðvast. Ábyrgðarheimildir og lántökuheimildir, sem skipta hundruðum milljóna, hafa verið afgreiddar á örfáum klukkustundum. Meðferð mála eins og frv. um húsaleigu sýna nokkuð, hvernig vinnubrögðin eru á stjórnarheimilinu. Þetta mál er búið að vera í meðferð þingsins á löngum og ströngum fundum með miklum ræðuhöldum, svo er það einfaldlega lagt til hliðar í þinglokin. Svona mætti lengi telja. Nú liggur fyrir næsta mál á dagskrá hér, þáltill. um að ráðstafa úr ríkissjóði 3 millj. kr. í Skálholt og stjórnarráðsbyggingu. Önnur þáltill. er um það, að ríkissjóður skuli greiða, væntanlega af tekjuafgangi 1953 eða taka lán, það sem sveitar- og bæjarfélög eiga óinnheimt af framlagi ríkissjóðs til framkvæmda eins og skólabygginga, hafnargerða og annars þess háttar. Við það er komin fram brtt. einnig frá stjórnarliðinu um það, að ef kaupstaðir og kauptún fái þessi framlög greidd núna, þá þurfi Búnaðarbankinn líka að fá sitt, 5 millj. í Búnaðarbankann og 5 millj. í ræktunarsjóð, og þá rjúka til nokkrir úr stjórnarliðinu enn og vilja fá 15 millj. kr. í fiskveiðasjóð.

Mér finnst þetta ekki alls kostar óskýr mynd af vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. og þeirra flokka, sem hana styðja. Ef kaupstaðirnir eiga að fá framlög í hafnir og skóla og annað slíkt, þá þarf Búnaðarbankinn og bændurnir að fá sitt. Ef þú færð þetta, þá vil ég fá hitt. Það er staðfesting á því, sem ég hef leyft mér að benda hér á áður, að samvinna þessara flokka byggist á innbyrðis hrossakaupum. Mér þykir leitt að þurfa að segja það svona að nóttu til og í þinglokin, að mér finnst svipurinn á störfum þessa þings hafa mótazt of mjög af þessu viðhorfi hæstv. stjórnarflokka. Ég bið hæstv. forseta afsökunar, ef ég hef vikið þarna nokkuð út frá skýrslu hæstv. utanrrh., en það er af því, að mér finnst hans skýrsla — eða hans skýrsluleysi réttara sagt — nokkuð staðfesta það, sem ég hef nú verið að benda hér á og minna á þær staðreyndir, sem fyrir liggja í þessu efni.

---

Síðar á sama fundi, utan dagskrár, mælti

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það eru fá ár síðan það gerðist í Bretlandi, að fjármálaráðherra, sem var að ganga inn í þingsalinn, gaf blaðamanni upplýsingar um eitt atriði úr þeirri fjárlagaræðu, sem hann ætlaði að flytja. Þetta þótti slíkt brot á þingræði í móðurlandi þingræðisins, Bretlandi, að stjórnarandstaðan kom þegar í stað fram með kröfur um, að viðkomandi ráðherra segði af sér, og ráðherrann sagði þegar af sér.

Rétt í þann mund, sem hér var að ljúka umr. um utanríkismál áðan utan dagskrár og hæstv. ráðherra hafði flutt skýrslu sína, barst málgagn þess stjórnmálaflokks, sem hæstv. utanrrh. tilheyrir, hér inn í þingsalinn, og má þó vel vera, að blaðið hafi verið komið út um bæ áður, og þykir mér það líklegt.

Ég fékk vitneskju um það í kvöld, mörgum klukkustundum áður en hæstv. utanrrh. flutti sína skýrslu, að hæstv. ráðh. mundi í dag hafa afhent einu af dagblöðum bæjarins handrit af skýrslu sinni. Ég gekk því á fund ráðh. og spurði hann um, hvort hann hefði þegar afhent handrit af skýrslu sinni til einhverra af blöðunum í bænum, og kvað hann já við því. Hann sagðist hafa afhent Tímanum handritið af skýrslunni, til þess að það blað gæti birt skýrsluna sem frétt í fyrramálið. Ég lét í ljós við hæstv. ráðh. óánægju mína yfir því, að þau vinnubrögð væru viðhöfð að ætla ekki öllum morgunblöðunum skýrsluna til birtingar sama dag og að þarna væri gert upp á milli blaðanna og flokksblað hæstv. ráðh. látið þar sitja sérstaklega fyrir, en hæstv. ráðh. gat þess, að Morgunblaðið hefði einnig áskilið sér rétt til að fá skýrsluna til birtingar. Þegar þetta hafði gerzt, þá gerði hæstv. ráðh. ráðstafanir til þess, að önnur blöð bæjarins fengju handritið af skýrslunni eða afþrykk af handritinu úr prentsmiðju þeirri, sem Tíminn, flokksblað hæstv. ráðh., er prentað í.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að ég hygg, að um það verði ekki deilt, að það er óviðurkvæmilegt að fara svo með utanríkismál eins og hér hefur verið gert. Handritið að ræðu hæstv. ráðh. hefur verið í höndum prentara og blaðamanna mörgum klukkutímum áður en nokkur alþm. fékk vitneskju um málið. (Gripið fram í.) Nei, þetta er að segja skoðun sína á máli, sem virðist vera full ástæða til að segja skoðun sína á. — Það er alveg augljóst mál, að við hefðum getað fengið handritið að þessari skýrslu úr ritstjórnarskrifstofum blaðanna hingað niður í þinghús, og kannske hefði hún getað farið í aðrar áttir til borgara í bænum, áður en hv. alþm. fengju nokkra vitneskju um það, hvað í skýrslunni fælist. Ef svo hefði verið, að stórpólitísk utanríkismál hefðu verið upplýst í þessari skýrslu hæstv. ráðh., þá held ég, að flestum kæmi saman um, að það hefði verið óviðkunnanlegt, að hinir og þessir borgarar í bænum hefðu fengið skýrsluna í hendur og vitað um efni hennar og innihald löngu áður en nokkur alþm. hefði fengið vitneskju um efni hennar. Ég held, að jafnvel hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafi naumast brjóstheilindi til að mæla gegn því, að þetta hefði verið óviðkunnanlegt. (Gripið fram í.) Já, hæstv. forsrh. er kaldur, en hann er áreiðanlega ekki svo ís-jökulkaldur, að hann ekki blygðist sín fyrir það, að svona sé haldið á birtingu frétta um utanríkismál eins og hér hefur verið gert. Og ef hann er ekki nógu kaldur til þess, þá er áreiðanlega enginn hinna ráðherranna svo kaldur, að þeir viðurkenni ekki, að þarna hefur verið farið mjög óviðurkvæmilega með mál.

Nú kann einhver að segja: Ja, í þessu tilfelli er nú enginn skaðinn skeður, af því að skýrsla hæstv. ráðh. hafði engan boðskap að flytja, og þess vegna mátti hún gjarnan fara hvert sem vera vildi. Það er nú í raun og veru hrein tilviljun, og ber auðvitað að harma það, að innihaldið skyldi ekki vera neitt, en það hefðu getað verið hér stórpólitísk tíðindi, og þá hefði, undir þeim kringumstæðum, borið mjög að harma, að svona var farið að þessu.

Það er tvennt, sem ber að harma í þessu tilfelli. Það er þetta, að það skyldi vera ætlun hæstv. ríkisstj. að gauka handriti að ræðu hæstv. utanrrh. að stjórnarblöðunum einum, það er út af fyrir sig ærið vítavert, og í annan stað að láta efni slíkrar skýrslu, sem ætluð var þinginu fyrst og fremst og lofuð þinginu fyrir löngu, berast til annarra aðila löngu áður en alþm. áttu kost á að fá að vita um efni þessarar skýrslu.

Ég hygg, að það sé ekkert úr vegi, að Alþingi Íslendinga temji sér í meginatriðum vinnubrögð hins brezka parlamentis, og þó að við gerum ekki eins strangar kröfur til okkar þings um þingleg vinnubrögð, þá er þó bilið hér á milli og þess, sem brezkar parlamentariskar venjur heimta, svo geysivítt, að við það verður vitanlega ekki unað. Þetta er auðvitað algerlega óþingræðisleg meðferð á máli, og ég get ekki annað en talið það nauðsynlegt að láta í ljós óánægju mína yfir slíkum vinnubrögðum. Vitanlega eiga blöðin í bænum að fá á sömu stundu öll slíka skýrslu sem hér er um að ræða, og ekkert þeirra átti að fá skýrsluna í hendur fyrr en hæstv. utanrrh. væri byrjaður að flytja skýrsluna í þinginu. Það er mín skoðun, og þykir mér gaman að heyra, hver gild rök hæstv. ráðherrar eða stuðningsmenn stjórnarflokkanna hafa gegn því. Og ef þannig hefði verið farið að, að öll blöðin hefðu fengið handrit að skýrslunni samtímis og ekkert þeirra fyrr en hæstv. ráðh. hóf mál sitt, þá hefði verið farið réttilega að með flutning málsins fyrir þinginu. En hitt er einnig óviðurkvæmilegt, að menn úti um bæ skuli geta fengið handrit að ræðu hæstv. ráðh. í hendur án nokkurra skuldbindinga um þagnarheit, meðan þingmenn vita ekki neitt um þessi mál. Ef þetta væri óviðurkvæmilegt snertandi fjárlög og fjárlagaumr., þá er það ekki síður þegar um viðkvæmt utanríkismál er að ræða.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. En ég held, að það sé ekkert úr vegi, að við skiptumst á orðum um það, hvort þetta séu þingleg vinnubrögð, og hæstv. stjórn er þá ekkert of góð til þess að mæla þessu bót ofan á önnur vinnubrögð, sem hún hefur þurft að mæla bót núna undir þinglokin.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér finnst þessi ræða hv. þm. bera þess helzt vott, að hann sé orðinn syfjaður, ef hann er þá ekki hreint og beint að tala upp úr svefni; það er raunar einna líkast því, þetta sem hv. þm. færði hér fram. Vitanlega er ekkert óvenjulegt við það, þótt ráðh. eða þm. afhendi blöðum til prentunar ræður, sem þeir ætla að flytja á næstunni, og ákveði það, hvenær koma skuli til birtingar. Þetta er algengt. Ég býst við því, að flestir hv. þm. hafi haft þennan hátt á einhvern tíma og áreiðanlega þessi hv. þm. einnig. Það er líka algengt, að ráðh. láti ræður sínar koma í blaði flokks síns og ekki annarra blöðum, og ekkert við því að segja, og ég hef aldrei heyrt fundið að því fyrr en nú. Þetta er algengur og sjálfsagður hlutur. Ef ráðh. álítur það henta, að ræða eftir hann komi aðeins í hans eigin flokksblaði, þá er það algerlega hans mál. Það skiptir engu máli í því sambandi, hvort ræðan er um utanríkismál eða einhver önnur málefni. Að mínum dómi eru þessar aðfinnslur hv. þm. út af birtingu á ræðu utanrrh. því hrein fjarstæða og ástæðulausar með öllu.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Ég bað nú svo að segja jafnsnemma um orðið og hæstv. fjmrh. og gæti nú í raun og veru fallið frá orðinu. Það er víst áreiðanlega hægt að fullyrða, að það, sem hann sagði um ræður og birtingu þeirra, er rétt. Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að ráðh. hafa haldið hér ræður á kvöldfundum og afhent ræðurnar um leið til birtingar. Það mun þráfaldlega hafa komið fyrir og hægt að nefna mörg dæmi, og a. m. k. man ég eftir því úr mínum stjórnarferli, bæði um sjálfan mig og aðra, enda má hæstv. fjmrh. gerst um þetta vita, sem allra manna lengst hefur verið ráðh. hér á Alþingi.

En þessi líking, sem hv. þm. valdi hér, er algerlega gripin úr lausu lofti. Líkingin, sem hann tók af enska þinginu, á ekkert skylt við þetta.

Það, sem sá ráðh., fjmrh. Breta, gaf upplýsingar um, þegar hann fór inn í þingsalinn, var um tolla, og sú vitneskja barst að áliti manna, án þess að hann hefði til þess ætlazt, til tengdafólks hans, sem græddi á því stórfé — eða gat grætt — að fá að vita um breytingar á tollalöggjöfinni áður en aðrir fengu að vita um það. Og það er nú dálítið ólíku saman að jafna og undarlegt, að menn skuli velja sér aðrar eins samlíkingar og þessar. Ég vil halda því fram, að það sé ekki neitt í þessari ræðu, sem einn getur fært sér í nyt frekar en annar, þótt svo færi, að hann hefði fengið vitneskju um það, vegna þess að þetta er endurtekning á þeim upplýsingum að verulegu leyti, sem ráðh. gaf áður en hann fór til útlanda.

Það kom svo greinilega fram sem verða mátti, að þm. mótmælti raunverulega öllum þeim rökum, sem hann reyndi hér að færa fram, einkanlegast í sambandi við það, að hann tók líkingu af þýðingarmiklu máli, sem voru gefnar upplýsingar um í brezka þinginu. Hann sagði: „Það var ekkert í þessari ræðu um utanríkismál, sem neinu skipti.“ Ef svo hefði verið, að einhver mikilsverð tíðindi hefðu verið í ræðunni, þá hefði það verið vítavert. Og þá erum við komin inn á hitt atriðið, að ef á að dæma út frá því, hvort eigi að mega birta ræður á þennan hátt, eins og upplýst hefur verið að hefur verið gert, þá hefur undir þessum kringumstæðum dómgreind ráðh. verið alveg á réttum stað. Það var ekkert í ræðunni, sem var þannig vaxið, að nokkur gat haft hag af því frekar en annar að fá að vita um það fyrr en aðrir, sem heldur kom nú ekki til, vegna þess að ræðan er haldin um tólfleytið, og það vita allir, að seinasta daginn fylgjast öll blöð með því, sem er að gerast í þinginu, og ég efast ekki um það, að blað hv. þm. gerir það líka. Það er líka komið í ljós, að það hefur annað blað fylgzt gaumgæfilega með því að óska eftir að fá afrit og það kemur jafnsnemma. Þetta blað, sem hv. þm. hefur náð í prentsmiðjunni, kemur ekki út fyrr en í fyrramálið, kemur jafnsnemma og öll hin blöðin. Blöðin hafa sem sagt sömu aðstöðuna. Fréttin kemur til allra jafnt fyrir þau blöð, sem fylgjast með og vilja fylgjast með. Og það vill ekkert blað fylgjast með, ef það fylgist ekki með seinasta fundi Alþ. og birtir ekki þær fregnir, sem hér eru bornar á borð rétt eftir tólf. Það vita allir, að blöðin hafa aðstöðu til þess að prenta sínar fréttir eftir þann tíma, ekki sízt ef einhverra frétta er von.

Ég held þess vegna, að hvernig sem á þetta mál er litið, þá sé alveg útilokað, að það sé hægt að ásaka ráðh. fyrir það, sem hann hefur gert. Hann hefur gert það, sem er venja. Hann hefur látið birta ræðu, sem auk þess skiptir ekki máli hvort kemur fyrr eða síðar í einu blaði eða öðru fyrir almennings sjónir. Og í þriðja lagi flytur hann hana á þeim tíma, að öll blöðin hafa tækifæri til þess að ná í hana og birta hana. Og mig undrar það stórlega, að hv. þm. skuli bera fram þessar sakir.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. sagði, að ekkert blað hefði átt að fá þá ræðu, sem hæstv. utanrrh. flutti hér í kvöld, fyrr en ráðh. hefði hafið mál sitt. Ég hygg, að þetta sýni mjög mikinn ókunnugleika á því, sem venja er í blaða- og fréttaheimi. Það er nefnilega þannig, að ræður, sem stjórnmálamenn halda og ýmsir fleiri, eru ekki aðeins afhentar blöðum og fréttastofnunum snemma þann dag, sem þær eru haldnar, heldur kemur það iðulega fyrir, að þær eru afhentar dögum fyrr, og það er mjög algengt, að íslenzk blöð eigi kost á því að fá hápólitískar ræður, sem stjórnmálaleiðtogar stórþjóða halda, einum, tveimur eða jafnvel fleiri dögum áður en þær eru haldnar. En að sjálfsögðu felst í þessu sá trúnaður, sem stjórnmálamenn og aðrir, sem við blaðamenn skipta, verða að sýna þeirri stétt manna. Og að sjálfsögðu er þetta gert í því trausti, að þeim trúnaði verði ekki brugðizt, þannig að blaðamennirnir og fréttastofnanirnar birti ekki fréttirnar fyrr en þeim er sagt að þeir megi birta þær. Þetta eru svo mikil fríðindi fyrir blaðamenn og fréttastofnanir, að engum, ekki aðeins heiðarlegum blaðamanni, heldur engum manni, sem ann hagsmunum sinnar fréttastofnunar, dettur í hug að bregðast þessu trausti.

Það væri ákaflega óhagræði fyrir blöð og fréttastofnanir, ef þessi háttur væri ekki einmitt hafður á. Það veit ég að hv. 3. landsk. þm. skilur vel. Ég veit, að það hefði ekki verið þægilegt fyrir hann að fá afhenta tveggja dálka ræðu til setningar í sitt blað eftir miðnætti. Það hefði verið honum mikið óhagræði. Og það er hæpið, að öll blöð, meira að segja hér í okkar landi, gætu birt ræður stjórnmálamanna eða annarra, sem þau gjarnan vilja birta, ef sá háttur væri á hafður, að þær væru þá fyrst afhentar þegar búið væri að halda þær eða í þann mund sem flutningur þeirra er hafinn. Ég álít þess vegna, að það verði að koma fram og ekki sízt tel ég, að okkur, sem störfum við blöð, beri skylda til þess að láta það koma fram, að hæstv. utanrrh. hefur einungis gert blöðunum greiða og það sjálfsagðan greiða, sem alls staðar tíðkast að sýndur sé blöðum og fréttastofnunum, með því að afhenda þeim sína ræðu hér fyrr í dag. Það er fjarri því, að hann verði með nokkrum skynsamlegum rökum vítur fyrir að hafa þann hátt á, sem hann hefur haft. Hann hefur þvert á móti, þegar hann hefur verið beðinn um ræðuna af öðrum blöðum en sínu flokksblaði, afhent hana fúslega, og ég hef ekki heyrt það vefengt af hv. 3. landsk., sem hóf þessar svo mjög órökstuddu umr., að hans blaði hafi verið synjað um það, þegar hann óskaði, að vísu eftir dúk og disk, afrits af þessari ræðu.

Ég vil láta það koma fram hér sem mína skoðun, að ég tel, að hæstv. utanrrh. hafi í öllu haft réttan hátt á í þessu efni og að það sé mjög ómaklegt, að maður úr blaðamannastétt skuli hafa notað þetta tækifæri til árása á hann.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þessar umr. að öðru leyti en vitna til þess, sem hér hefur verið sagt af þeim, sem svarað hafa hv. 3. landsk. þm. En ég vil vekja athygli á því, að ég sé hvergi hæstv. utanrrh. í salnum eða hér viðstaddan.

Já, ég vissi það með öryggi, að hann var hér þegar þessi skýrsla var gefin, og hv. þm. var þá viðstaddur, og af hverju var þá þessari athugasemd ekki hreyft um leið, úr því að hún átti að vera svo sterk, að hún átti að knýja hæstv. utanrrh. til þess að segja af sér? Ferst þeim að vera sem siðameistari gagnvart öðrum, sem bíður með slíka athugasemd, ef hann telur sjálfur, að hún sé á rökum reist, og er flutt af þeirri vandlætingu, sem hann lætur, — ferst honum þá að bíða þangað til hæstv. utanrrh. er vikinn af fundi langt eftir miðnætti? Var ekki nær að taka málið upp um leið og sjálft málið var rætt og láta hæstv. ráðh. eiga kost á því að standa fyrir sínu máli eða a. m. k. gera honum viðvart um, að það stæði til að gera á hann slíka árás. Ég hygg, að hún verði hv. þm. sízt til sæmdar.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil segja hæstv. dómsmrh. það, að það verður honum sízt til sæmdar að vera með dólgsháttt í þessu máli, því að hlutur hæstv. stjórnar í málinu er ekki sá, að ráðherranum farist neinn dólgsháttur í því.

Það fer ekkert á milli mála, að það hefði farið bezt á því, að hæstv. ráðh., sem hér flutti skýrslu í kvöld, hefði haft þau vinnubrögð við í fyrsta lagi að láta öllum morgunblöðum bæjarins í té handrit af sinni skýrslu samtímis. Neiti þeir því, sem neita þora, að það hefði farið bezt á því. En það var ekki gert. Einu blaði var fengin skýrslan í hendur allsnemma í dag, bara hans flokksblaði. Morgunblaðið skyldi koma næst. Önnur blöð skyldu ekki fá neitt af ræðunni að segja á morgun. Þetta er ekki framkoma, sem á að viðhafa um opinbera fréttabirtingu um þýðingarmikil mál frá ríkisstjórninni.

Um svigurmæli hæstv. dómsmrh. um það, að ég hafi beðið með þessa athugasemd af illmennsku, þangað til hæstv. utanrrh. væri vikinn af fundi, vildi ég aðeins segja það, að það er ekki mitt að passa hæstv. ráðh., að þeir tolli í stólunum sínum, meðal Alþ. situr að störfum, og það hefur gengið illa á þessu þingi, að þeir héldu sér við sína stóla, þegar Alþ. væri að afgreiða þýðingarmikil mál. Það hefur farið svo enn, að á lokafundi þingsins hafa þeir ekki getað hangið hér á þingfundi meðan verið er að ræða milljónatugamál, sem þessir hv. virðulegu stjórnarflokkar eru að kasta inn í þingið eins og í kappleik, í kapphlaupi hvor við annan, sem eru líka mjög óþinglegar aðfarir, hvað sem þeir segja um það sjálfir. Nei, það hefði mátt ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. legði það á sig öll að vera til loka þessa þingfundar, sem er sennilega næstseinasti fundur, a. m. k. í Sþ., en það hefur nú ekki orðið svo, og var vissulega af mér ekki veitt athygli, að hæstv. utanrrh. væri farinn, og ég lét mér ekki detta það í hug. En ég kvaddi mér hljóðs, þegar mér hafði borizt fyrir nokkru blað hæstv. utanrrh., sem var með skýrsluna orði til orðs og staðfesti það, sem ég vissi, að handritið að henni hafði borizt miklu fyrr en öðrum blöðum.

Það þarf enginn mér að segja, að það séu algeng vinnubrögð hjá siðuðum þjóðum að senda ekki frá sér skýrslu samtímis til allra blaða, sem eiga að fá að birta opinberar fréttir, t. d. frá utanríkisráðuneytinu, — að sú regla sé viðhöfð og þyki góðir mannasiðir að afhenda fyrst handrit af væntanlega fluttri ræðu til flokksblaðs síns, síðan til stuðningsflokka stjórnarinnar og láta andstöðuna ekki fá neinn pata af. Þið þurfið ekkert að segja mér það, hæstv. ráðh., að þetta séu mannasiðir hjá öðrum þjóðum, þetta þykir skortur á mannasiðum.

Þá vil ég segja hv. þm. Str. það, þótt leiðinlegt sé, að hann fer hér að tala um annan atburð, sem gerðist í brezka þinginu, heldur en ég sagði frá. Það var ekki að heyra á hv. þm. Str., að það væri sá atburður, sem gerðist þegar Dalton fjmrh. Breta var á leið að ganga inn í þingsalinn, sem hann lagði út af, því að það er upplýst og sannað mál, að það var rannsakað, að enginn hefði haft persónulegan hagnað af vitneskju um það atriði, sem hann hafði sleppt við blaðamann og þar með við blað rétt áður en hann flutti sína ræðu. Og þótti það þó svo óviðurkvæmilegt, að þess var krafizt að hann segði af sér, og ráðh. tók það til greina sem gilda ástæðu og sagði af sér. Það er áreiðanlega einhver annar atburður hjá öðrum ráðh., sem hv. þm. Str. hefur haft í huga, heldur en sá, sem ég skýrði frá. Að líking mín hafi ekkert átt skylt við þetta mál, er mesta fjarstæða, því að ef það er óviðurkvæmilegt af fjmrh. að sleppa vitneskju um atriði úr væntanlega fluttri ræðu við blaðamann og þar með við blað, þá er það náttúrlega enn þá óviðurkvæmilegra að sleppa við blað öllum efnisatriðum þeirrar ræðu, sem stendur til að flytja. Það er margfalt auðvitað. En það er auðheyrt á hæstv. fjmrh., að ekki mundi hann kveinka sér neitt við, ekki mundi hann telja sig brjóta neitt af sér, þó að hann léti vitneskju um upphaf og endi og allt innihald fjármálaræðu, sem hann ætlar að fara að flytja hér í þinginu, uppi við blaðamenn áður en hann flytur ræðuna. Það er alveg bersýnilegt, að hans mannasiðir eru allt aðrir en þeir, sem verða að tíðkast hjá fjármálaráðherrum í Bretlandi. Ef til vill er það bara þegar hann er syfjaður. En það mætti segja mér, að hann hefði bara aðra skoðun á þessu en Bretar og að honum dytti ekki í hug að segja af sér, þó að hann hefði trúað Tímanum fyrir handriti að allri fjárlagaræðu sinni, áður en hann flytti hana, þó að það þætti ekki góð latína í móðurlandi þingræðisins, Bretlandi.

En ég hef fengið að heyra það, að hæstv. ráðherrar, sem hafa talað, hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh., eru þeirrar skoðunar, að þeir megi láta í té vitneskju úr fjárlagaræðum og ræðum um utanríkismál til Péturs og Páls, áður en þeir flytji þá vitneskju því þingi, sem á þó fyrst og fremst að fá vitneskju þá, sem þeir hafa að flytja. Og enn fremur telja þeir það alveg sjálfsagðan hlut að gauka að sínum eigin flokksblöðum vitneskju um utanríkismál, en halda sams konar vitneskju leyndri fyrir öðrum málgögnum, sem vissulega eiga þó að eiga sama rétt. Þetta sýnir ekkert annað en það, að mannasiðir hæstv. ríkisstj. á Íslandi eru með allt öðrum hætti en þeir mannasiðir, sem heimtaðir eru af ráðh. í móðurlandi þingræðisins, Bretlandi. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég held,

að það væri full ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga það, hvort hún væri ekki öllu betur sæmd af því að viðhafa önnur vinnubrögð en viðhöfð hafa verið í þessum málum.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Mér þykja þessar umræður allkynlegar. Hæstv. utanrrh. flytur ræðu. Svörin, sem hann fær frá þremur forustumönnum stjórnarandstæðinga, eru þessi: Ja, þetta er ræða um ekki neitt. Í þessari ræðu eru engar upplýsingar. Hæstv. utanrrh. er svo elskulegur maður, að við viljum ekki vera að ráðast á hann, en ræðan er um ekki neitt. — Svo skeður það „óskaplega hneyksli", að utanrrh. leyfir sínu blaði og öðrum blöðum, sem hafa haft vit á að biðja um það, að birta ræðuna. Þá rís form. Alþfl. upp hér á Alþingi með ókvæðisorðum, rétt eins og utanrrh. hafi framið einhver fádæma afglöp. — Það hefur ekkert óhapp hent utanrrh. í þessu máli. Allt, sem skeð hefur, er, að form. Alþfl. hefur orðið flokki sínum til leiðinda. En er það nýtt?

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það tekur því varla að bæta nokkru við það, sem sagt hefur verið. Hv. 3. landsk. þm. (HV) reynir að sitja við sinn keip. Það er tvennt, sem hann finnur að.

Annað, að ráðh. skuli láta sér detta í hug að láta flokksblað sitt fá fyrst afrit af ræðu, sem hann ætlar að flytja. Þetta telur hv. 3. landsk. þm. hreinasta hneyksli og manni skilst alveg óvenjulega málsmeðferð. Ég held því fram, að þetta sé alsiða, þetta geri yfirleitt allir Íslendingar, sem við opinber mál fást. Þeir láta sín flokksblöð fá fyrst og fremst þær ræður, sem þeir ætla að flytja, og það er ekki nema alveg sérstaklega standi á, sem þeir láta öðrum blöðum slíkt í té einnig, og þá frekast eftir beiðni. Þetta er sú almenna venja, sem ég hef aldrei heyrt að fundið.

Hitt atriðið er, að ráðh. hefði ekki átt að láta ræðuna af hendi við nokkurn fyrr en hann var búinn að flytja hana eða fyrr en um leið og hann hóf flutninginn. Þetta er jafnvel enn meiri fjarstæða, eins og hér hefur verið rækilega upplýst, þar sem það er almenn venja orðin alls staðar, að menn láti slíkar ræður af hendi fyrir fram til þess að greiða fyrir almennri fréttaþjónustu. Um þetta ætti ekki að þurfa að fara fleiri orðum.

Það er til marks um, hvernig þetta geigar allt hjá hv. þm. í málflutningnum, að hann var farinn að tala um það hér áðan og ávíta utanrrh. fyrir að hafa viljað halda vitneskju leyndri fyrir öðrum en sínu eigin flokksblaði. Þó hefur þessi hv. þm. upplýst það sjálfur í þessum athugasemdum sínum, að hæstv. utanrrh. hafi látið honum í té upplýsingar um ræðuna fyrir hans blað undireins og farið var fram á það. Ég skil þá ekki, hvað eftir er af þessu, sem hv. þm. fór á stúfana með.

Þá er það brezka þingið og fjárlagaræðan brezka. Ég stend í þeirri meiningu, að sú mikla leynd, sem hvílir yfir þeirri ræðu, sé vegna þess, að í henni er tilkynnt skattaprósenta sú, sem á að gilda fyrir fjárlagaárið. Það er árlega ákveðin skattaprósenta, sem svo er kölluð í Bretlandi, og er hún tilkynnt í fjárlagaræðunni. Það er geysilega þýðingarmikið atriði fyrir alla fjárhagsstarfsemi, hver skattaprósentan verður, og því er svona mikil áherzla lögð á, að enginn hafi neina aðstöðu til að vita um hana fyrr en annar. Við höfum enga hliðstæða ákvörðun hér í sambandi við fjárlagameðferðina, og þess vegna er sú venja hér, að fjmrh. afhendi ræðuhandrit sitt til flokksblaða sinna fyrir fram. Það hefur aldrei verið að því fundið og hefur víst alla tíð verið gert, síðan farið var að leggja fram fjárlög hér á hv. Alþ. Á þessu sjáum við, að það batnar ekkert hagur hv. þm. (HV) í þessu sambandi, þótt um Bretland sé rætt og fjárlagaræður.

**Hermann Jónasson:** Ég vil aðeins leiðrétta það, sem er alls ekki rétt hjá hv. 3. landsk. þm., að ræðan hafi verið afhent snemma í dag, því að hún var nú ekki tilbúin fyrr en kl. 9 í kvöld. Ég kom hér ofan í þing kl. rétt 10 mínútum fyrir 9, og þá var verið að ljúka við að láta vélrita hana, svo að hún hefur ekki verið afhent snemma í dag. Það fer nú eitthvað milli mála. — Í annan stað, um þann brezka fjmrh., sem ég ætla nú ekki að fara að ræða um frekar, enda gaf hæstv. fjmrh. skýringar á því í samræmi við það, sem ég talaði áðan, þá er það rétt og er sama dæmið. Við vitum ósköp vel um það, að það var meðráðh. þess manns, sem varð einnig að taka afleiðingunum af því vegna grunsemdar, sem kannske hefur sannazt að var ekki á neinum rökum byggð, um hagnað tengdasonar hans, og muna menn eftir því, að hann fór út úr þinginu á þann hátt, sem var eftirminnilegur í frásögnum.

Það er enn fremur uppvíst, að þetta, sem hér hefur gerzt, er regla. Ég er alveg viss um, að ef hv. 3. landsk. þm. leitar umsagnar þeirra ráðh., sem hafa verið í ráðherrastóli, þá er þetta regla, að ræðurnar eru fengnar flokksblöðunum, og það hefur meira að segja verið regla lengi á Íslandi, að hin blöðin hafa ekki fengizt til að birta þær, svo að vandinn hefur ekki verið mikill. Vanalega hafa þau birt stuttan úrdrátt, ef eitthvað hefur verið birt. Ég hygg, að þegar Alþfl. hafði ráðh. í stjórn, þá hafi þetta verið þeirra regla alveg eins og annarra ráðh., og ég staðhæfi áreiðanlega ekki of mikið, þó að ég segi, að þeir hafi notað þessa sömu reglu. Ég veit, að ég hef notað þessa reglu í mörg ár og aldrei neinum manni dottið í hug að finna að því.

Svo kemur nýtt í ljós, sem ég var nú hissa á að hv. þm. skyldi koma fram með aðfinnslur út af, eftir að hann hafði þó haft vitneskju um það. Hann segir: Ég bað sjálfur um afrit, en það voru ekki fleiri eintök til. — Hann fer þannig sjálfur fram á það, sem hann er að deila á ráðh. fyrir að gera. Og það stendur ekki á öðru en því, að það eru bara ekki fleiri afrit til til þess að afhenda, að hann lendir ekki í því að fremja það sama brot sem hann er að ákæra ráðh. fyrir að hafa framið.

Ég held því, að við nánari athugun á þessu máli sé ekki undir neinum kringumstæðum hægt að staðhæfa það, heldur þvert á móti, að ráðh. hafi gert neitt, sem ekki var viðeigandi. Og ég tel alveg rétt, þegar svona ásakanir koma fram, að því sé rækilega svarað, ekki sízt þar sem

ráðh. er fjarverandi og hafði enga ástæðu til þess að vera hér við þessar umr., vegna þess að hann er ekki þm. og það eru atkvgr. um einstök mál, sem ekki voru mikils háttar, eins og við sáum.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Mér þykir aðeins eitt leitt í sambandi við þessa umr., og það er, að það skyldi koma í ljós, að hæstv. utanrrh. var vikinn af fundi og ekki í þinghúsinu, þegar umr. fór fram, en því hafði ég alls ekki veitt athygli og ekki látið mér detta í hug, að hann viki af fundi fyrr en fundinum lyki. Það þykir mér leitt, að umr. skyldi fara fram án þess, að hann væri hér viðstaddur. Hins vegar er það nú bót í máli, að þrír hæstv. ráðh. hafa rætt þetta mál út frá sínum sjónarmiðum og þar með sjálfsagt haldið á málstað stjórnarinnar svo sem hann er. En það, sem ég gerði mér vonir um í sambandi við þessar umr., var, að hæstv. ríkisstj. Íslands fengist til þess að viðurkenna, að á því hefði óneitanlega farið betur, að öll dagblöðin í Reykjavík hefðu fengið samtímis sams konar tilkynningu um þau tíðindi, sem í utanríkismálaræðunni fælust. Það hefur hæstv. ríkisstj. ekki getað játað að færi betur á að væri rétt. Og þá hefur maður bara þá vitneskju. Hæstv. ríkisstj. heldur því líka fram, að það hafi verið sjálfsagður hlutur að láta handritið í té áður en alþm. fengu vitneskju um innihald ræðunnar. Og hæstv. fjmrh. undirstrikar sérstaklega, að aðrar reglur gildi um það að gera kunnugt efni fjárlagaræðu hér á landi heldur en í Bretlandi og hann hafi iðulega afhent handrit að fjárlagaræðu nokkru áður en hann hafi flutt hana hér. Það virðist þess vegna svo, að það þyki sjálfsagt, að hér gildi allt aðrar reglur um þetta en í Bretlandi, og er bókstaflega viðurkennt af hæstv. fjmrh.

Ég hef svo engu við þetta að bæta. Ég hef orðið fyrir vonbrigðum um það, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess að játa, að það hafi farið neitt miður en skyldi um það að afhenda einu blaði handrit ræðunnar löngu á undan öðrum blöðum og sé heldur ekkert aðfinnsluvert, að aðrir fái vitneskju um boðskap, sem ráðh. hefur lofað að flytja Alþ., löngu áður en þingið fær þann boðskap. Mín skoðun er allt önnur, og ég hef túlkað hana, og það verður víst ekki brúað bilið þar á milli.

## III. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., utan dagskrár, mælti

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Í fréttum dagsins er þess getið, að á þingi Sameinuðu þjóðanna hafi í stjórnmálanefnd þingsins verið borin fram till. um stuðning við sjálfstæðisbaráttu Túnisbúa og hafi hún verið samþ. í nefndinni með ekki miklum meiri hluta, en hins vegar vafasamt, að hún verði samþ. á sjálfu allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þegar hún kemur þar til atkvæða. Tekið er fram í fréttinni, að fulltrúar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafi greitt till. atkvæði ásamt fjölmörgum fulltrúum Asíuþjóða og Arabaríkja og ýmissa smáþjóða, en gegn henni hafi greitt atkvæði stórveldin og þó fyrst og fremst nýlenduveldin. Þess var ekki getið í fréttinni, hvernig atkvæði Íslands hafi fallið. Nú langar mig til þess að spyrja hæstv. utanrrh.: Veit hæstv. ráðh., hvernig atkvæði Íslands féll í allsherjarnefnd Sameinuðu þjóðanna við þessa atkvæðagreiðslu? Enn fremur langar mig til þess að spyrja hann: Hvaða reglur gilda almennt um það, hvernig fulltrúar Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna greiða atkvæði? Hafa þeir samráð um það við ríkisstj. sína hverju sinni, hverja afstöðu þeir skuli taka til mála, eða er það einkamál sendinefndarinnar, hvernig atkvæði falla? Nýlega var haldinn fundur utanrrh. Norðurlanda til þess að ræða um sameiginlega afstöðu Norðurlandanna allra á þingi Sameinuðu þjóðanna. Var þar rætt um þetta mál, og ef svo er, hvaða afstaða var þá þar tekin?

Það skiptir ekki litlu máli, hvernig fulltrúar Íslendinga á þingi Sameinuðu þjóðanna greiða atkvæði og þá t. d. í slíkum málum sem þessu. Íslenzka þjóðin mun áreiðanlega ætlast til þess, að fulltrúar hennar stuðli að því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að nýlenduþjóðir öðlist sjálfstæði sem fyrst. Þá væri skörin farin að færast upp í bekkinn, ef Íslendingar, sem lutu erlendu valdi í sjö aldir og eru svo að segja nýbúnir að öðlast sjálfstæði sitt, væru búnir að gleyma svo sögu sinni, að þeir hefðu nú engan skilning lengur á sjálfstæðisbaráttu annarra smáþjóða og vildu ekki leggja henni lið. Ég vona, að atkvæði Íslands hafi á þessum vettvangi fallið þannig, að það sé í samræmi við þær frelsishugsjónir, sem Íslendingar hafa aðhyllzt, síðan þeir urðu þjóð, og efldust og styrktust með þjóðinni í aldalangri sjálfstæðisbaráttu hennar.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Þessi fyrirspurn hefði átt að koma fram í venjulegum fyrirspurnatíma. Það er því frekar undirbúningslítið hjá mér að svara henni. En ég get upplýst eftirfarandi:

Í sambandi við Túnis- og Marokkómálin á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna voru íslenzku sendinefndinni hjá Sameinuðu þjóðunum gefnar til leiðbeiningar um afstöðu sína til þessara mála upplýsingar um samkomulag á síðasta utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í Stokkhólmi, sem var á þá leið að vera ekki á móti því, að þessi mál yrðu rædd á allsherjarþinginu, og að fylgja almennum till., sem miðuðu að lausn þessara deilumála. Önnur nánari fyrirmæli um þessi mál hafa sendinefndinni ekki verið gefin. Utanríkisráðuneytinu hafa ekki enn þá borizt upplýsingar frá sendinefnd Íslands um atkvæði hennar í pólitísku nefndinni í Túnismálinu, en hins vegar get ég upplýst, að nefndin greiddi 19. þ. m. í pólitísku nefndinni atkvæði með till. Bóliviu, eins og henni hafði verið breytt með till. frá Indlandi, Indónesíu og Burma, um Marokkómálin, en hún var á þá leið, að sú von var látin í ljós, að frjálsari stjórnarhættir mættu þróast

í Marokkó og að viðurkenndur verði réttur Marokkóbúa að ráða sínum málum sjálfir.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi málið, sem ég vakti athygli á. Ástæðan til þess, að ég bar þessa fyrirspurn ekki fram í venjulegum fyrirspurnatíma, heldur utan dagskrár, er sú, að það mundi hafa tekið eina viku og rúmlega það að fá fsp. svarað með þeim hætti. En tilgangur minn með því að vekja máls á þessu hér á þessum stað og á þessari stundu er sá, að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að það eru til menn á Alþingi Íslendinga, sem ekki láta sig það litlu skipta, hvernig atkvæði Íslands falla í slíkum málum sem þessum, ef hún vildi eitthvert tillit til þess taka, er málið kemur aftur til kasta Sameinuðu þjóðanna á sjálfu allsherjarþingi þess, sem væntanlega verður innan skamms. Hæstv. ráðh. gat ekki upplýst, hvernig atkvæði Íslands hefði fallið í allsherjarnefndinni, en það eru tilmæli mín til hæstv. ráðh., að það verði ítrekað við sendinefnd Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna, að haldið verði fast við þá ályktun, sem gerð var á sameiginlegum fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Íslands var aðili að, um, að Íslendingar skyldu með atkvæði sínu á þingi Sameinuðu þjóðanna stuðla að því, að þessi hrjáða nýlenduþjóð í Afríku fái sjálfstæði sitt sem fyrst.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég skal nú ekki fara að hafa nein afskipti af því, að hér er varið einum degi í viku og stundum fleiri til þess að ræða um fyrirspurnir, sumpart gerðar til þess að vekja athygli ríkisstj. á vissum hlutum og sumpart til að vekja athygli á sjálfum fyrirspyrjendunum; það mun nú ekki vera sjaldgæfara.

Út af þeirri fyrirspurn, sem hér hefur komið fram, vil ég aðeins segja það, að á þingi Sameinuðu þjóðanna sitja fyrir utan aðalfulltrúann, sendiherra Íslands í Washington, fulltrúar fyrir Framsfl. og fyrir Sjálfstfl. Þessir menn hafa að venju allmikið vald yfir því, hvernig atkvæði eru greidd í einstökum málum. Mér er ekki kunnugt um, hvort þeir hafa leitað umsagna utanrrh. um svör eða atkvæðagreiðslur í því máli, sem hér er spurzt fyrir um, en ég veit hitt, að undir ríkisstj. hefur það ekki verið borið, og ég vil, að það komi hér ljóst fram, að í öllum stærri háttar málum er það ríkisstj., sem tekur ákvarðanir í utanríkismálum. Ég ætla, að séu slíkar fyrirspurnir til þess ætlaðar að vekja athygli ríkisstjórnarinnar á einhverju sérstöku, en ekki fólksins á fyrirspyrjanda, þá sé rétt, að þær séu bornar fram í því formi, að ríkisstj. geti fengið tilefni til þess að athuga þær og taka sína afstöðu til þeirra svara, sem gefa þarf, en ekki í því formi, sem hér er gert.

**Forseti (SB):** Ég vil nú vekja athygli hv. þm. á því, að það er ekki ætlazt til, að hér verði almennar umræður um þetta mál, þótt hv. fyrirspyrjanda væri gefinn kostur á því að bera fram stutta fyrirspurn.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það er aðeins af sérstöku tilefni, sem ég kveð mér hér hljóðs. Aldrei þessu vant mættu fimm ráðh. í deildinni, og það er svo sjaldan, sem það kemur fyrir, að hæstv. ráðh. heiðra þessa hv. d. með sinni nærveru, að það er ekkert undarlegt, þótt mönnum verði á að fara að koma fram með hinar og þessar fyrirspurnir utan dagskrár. Ég held, að hæstv. ráðh. hefðu nú átt að vera við og ættu yfirleitt að skoða það sem skyldu sína að vera við, á meðan verið er að ræða mál í þessari deild. Það hefur verið svo núna dag eftir dag, að ráðh. hafa ekki sýnt sig, á meðan verið er að ræða mál, sem hér eru búin að liggja fyrir í þingplöggum, og oft er verið að biðja um ýmsar upplýsingar frá þeim. Ég hef ekki skilið það svo, að ríkisstj. væri komin svo algerlega utan við þingið, að hún ætti aldrei að svara, nema fyrirspurnum sé beint til hennar skriflega og prentaðar og hún hafi viku til þess að svara, og þá í þannig tímum, að þm. almennt hafi fimm mínútur og megi tala tvisvar sinnum og hæstv. ráðh. megi tala endalaust. Það er nú orðið þannig í þinginu, að hæstv. ráðh. eru ekki farnir að sýna sig í d. í sambandi við umr. um almenn mál, þannig að það sé hægt að ræða við þá á þessum litla tíma, sem þingið stendur. Og ég vil þess vegna segja það, að það er ekkert undarlegt, þó að það yrði kannske farið inn á það miklu meira en gert hefur verið að fara að taka upp þann hátt, sem einu sinni var hér, að bera upp fyrirspurnir utan dagskrárinnar. Það gengur ekki svo vel að fá upplýsingar um þau mál, sem hérna liggja fyrir. — Ég vildi nú aðeins nota þetta tækifæri til þess, fyrst svona margir hæstv. ráðh. sýna sig, að segja þeim þessa skoðun mína.

Viðvíkjandi því sérstaka atriði, sem varð til þessarar umr. utan dagskrár, þá vil ég taka mjög undir það, sem hv. 1. landsk. kom hér fram með, og undirstrika þær skoðanir, sem hann lét hér í ljós, að íslenzka þjóðin stæði með nýlenduþjóðunum í þeirra frelsisbaráttu. Og hæstv. ríkisstj. verður að muna það, að þótt henni hafi tekizt að fleka Ísland inn í Atlantshafsbandalagið, þ. e. bandalag nýlendukúgaranna, þá er hjarta Íslendinga eftir sem áður með þeim þjóðum, sem eru kúgaðar af þessum voldugu nýlenduríkjum.

Viðvíkjandi því, hvort svona fyrirspurnir eins og viðvíkjandi utanríkismálunum eigi að berast fram í venjulegu fyrirspurnarformi og ræðast þar, þá vil ég lýsa því sem minni skoðun, að ég álít það algerlega óþolandi fyrirkomulag. Það er ekki hægt að ætlast til þess, það er ekkert jafnrétti í því og mundi hvergi nokkurs staðar tíðkast í neinu þingi Evrópu, að þm. ættu að ræða utanríkismál við ríkisstj. undir því formi, að þingmaður, sem kemur fram með fyrirspurn, hafi tvisvar sinnum fimm mínútna ræðutíma og ríkisstj. óendanlegan. Það er ekki hugsanlegt. Það þarf ekki að leita nema til enska þingsins til þess að sjá, hvers konar háttur er hafður á um slíkt. Og ég vil nú, fyrst hæstv. ríkisstj. er að kvarta undan því, að þessar umr. skuli hafa orðið hér utan dagskrár, mjög beina þeirri ósk til hæstv. ríkisstj., að hún athugi, hvort það mundi ekki vera heppilegt fyrirkomulag, að það yrði tekið upp hér í þinginu, að öðru hvoru, við skulum segja annaðhvort einu sinni í viku eða

einu sinni í hálfum mánuði, gæfi hæstv. ríkisstj. stutta skýrslu viðvíkjandi utanríkismálunum og leyfði þingmönnum að ræða þau. Ég held það væri ákaflega heppilegt, að við tækjum þann hátt upp; það hafa flest þing í Evrópu eitthvað þess háttar og enska þingið alveg sérstaklega, og ég held það gæti verið að mörgu leyti mjög heppilegt form fyrir okkur að koma hér á. Það hefur verið svo, af því að það er nú ekki svo ýkja langt síðan við tókum fullkomlega okkar utanríkismál í okkar hendur, að þessi mál hafa verið ákaflega mikið utan við venjulega meðferð þingmála. Utanrmn. hefur upp á síðkastið orðið miklu lélegri nefnd en upprunalega var ætlazt til, og sjálf utanríkismálin koma ákaflega sjaldan fyrir þingið, nema þá kannske ef það er eitthvert stórmál á ferðinni, sem eru þá oft harðar deilur um. En ég vildi mjög beina því til hæstv. ríkisstj. til athugunar, hvort ekki gæti verið heppilegt að koma einhverju slíku fyrirkomulagi á.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Það er aðeins, herra forseti, út af þessari aðfinnslu hv. 2. þm. Reykv. um, að ráðherrar væru hér sjaldan. — Ég hugsa sannast sagna, að um suma ráðherrana megi segja, að þeir séu hér allajafna. Ég er ekki meðal þeirra, ég játa það. En nokkur afsökun er þó í því, að í fyrsta lagi eru ráðherrarnir, eins og menn vita, mjög önnum kafnir við ýmis önnur störf. Í öðru lagi eiga einstakir þm. og ekki sízt þessi hv. þm., 2. þm. Reykv., sök á því. Þeir eru eins konar hrossabrestir á ráðherrana hér. Þeir reka okkur eins og stóð úr túni, þegar við komum hér, því þó að mann langi til að sitja yfir ræðum þeirra og gefa allar upplýsingar, sem þeir biðja um, þá verður maður annaðhvort að vanrækja of mikið önnur skyldustörf sín eða að láta undir höfuð leggjast að gefa þær upplýsingar, sem um er verið að spyrja. Þessi hv. þm. er allajafna það langmáll, að það er ekki hægt að rækja þær skyldur báðar saman, að anna almennum ráðherrastörfum og hlusta á hann. Ég hef einu sinni sagt um hann, að hann minnti mig á langferðamann á hraðri ferð, sem hefði marga til reiðar og færi af baki til þess eins að skipta um hest, svo þeysti hann áfram, því að þegar þessi hv. þm. er kominn af baki af Unilever, þá fer hann á bak á Marshallhjálpina, síðan á Landsbankavaldið o. s. frv. En alls eru gæðingarnir 6 eða 7, eins og við öll könnumst við. Á þessu þreytast menn og hverfa til þarfari starfa. Þetta verður að vera dálítið okkur til afsökunar, sem þykjumst hafa ýmsar annir. Hv. fyrrv. þm. Ísaf. var að grípa fram í. Hann er náttúrlega miklu leiðinlegri ræðumaður, hv. fyrrv. þm. Ísaf., ég játa það, en hann talar langt líka og gæti hjálpað mikið til þess, að ráðherrarnir kæmust ekki yfir það að sitja í þinginu, meðan allar ræður eru fluttar.

Hitt skal svo játað, að það er mjög æskilegt, að ráðherrarnir gætu verið sem mest viðstaddir á þingfundum og gefið þær upplýsingar, sem þingmenn að eðlilegum hætti hafa tilhneigingu til þess að spvrja um. Það verður bara að velja á milli. Geti maður annað hvoru tveggja þá er það bezt, ef ekki, þá verður maður að velja það nauðsynlega.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það lítur út fyrir, að hæstv. forsrh. gangi ekki út frá því, að hann eigi mikið heima á þinginu, fyrst hann líkir því við, að þeir séu eins og stóð í túni, þegar þeir séu hér, hæstvirtir ráðherrar, og þurfi að reka þá í burtu.

Viðvíkjandi því, að ég sé nú svo ógurlega mikið fyrir að skipta um efni, þegar ég sé að tala, er það náttúrlega alveg rétt, að maður verður stundum að skipta um hestana; þegar t. d. ráðherrarnir eru sex og maður þarf að skipta skömmunum á milli þeirra, þá tekur maður hvern fyrir á fætur öðrum.

Viðvíkjandi hinu aftur á móti, að ég sé svo sérstaklega langmáll, þá verð ég að segja það, að það er nú aðeins þegar syndarolla ríkisstj. er orðin svo löng, að það tekur mann kannske klukkutíma að telja þær nokkurn veginn upp, þá neyðist maður því miður til þess að skilja engan útundan. Það er aðeins eitt ráð við þessu hjá hæstv. ríkisstj., og það er að hafa hneykslin, sem hún gerir, bara heldur færri; þá tala ég líka minna.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi það, hvort eðlilegt sé, að vakið sé máls á slíkum atriðum sem þessum utan dagskrár eða í venjulegum fyrirspurnatíma. Vil ég láta það koma fram, að ég sagði hæstv. utanrrh. frá því í morgun, að ég hefði í hyggju að bera fram þessa fyrirspurn utan dagskrár í dag, svo að hann yrði ekki algerlega óundirbúinn, heldur hefði tíma til þess að gera sér grein fyrir því, hvað honum þætti ástæða til þess að taka fram varðandi málið.

---

Á 58. fundi í Nd., 5. marz, utan dagskrár, mælti

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Enn þá einu sinni hefur það gerzt eins og nokkuð oft áður á undanförnum árum, að við fáum fréttir um það utan úr heimi, hvað sé að gerast í okkar þýðingarmestu málum. Ríkisútvarpið skýrði frá því núna í hádegisútvarpinu, að fram væru komnar í Danmörku í opinberum blaðaskrifum ákveðnar till., sem dönsk stjórnarvöld hefðu lagt fyrir íslenzk stjórnarvöld í handritamálinu. Blaðið Politiken er sagt hafa skýrt frá því, að till. Dana væru í aðalatriðum á þá leið, að löglegur eignarréttur handritanna skuli skiptast milli Dana og Íslendinga. Í öðru lagi, að vísindastofnun verði komið á fót í Kaupmannahöfn og Reykjavík til rannsókna á norrænum og íslenzkum handritum. Í þriðja lagi, að nefnd vísindamanna skuli til þess valin að skipta handritunum milli Íslendinga og Dana. Og í fjórða lagi, að ljósprenta skuli allt handritasafnið og ljósprentuð útgáfa síðan höfð til afnota í báðum vísindastofnununum, í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Enn fremur var skýrt frá því, að þetta mál hefði verið rætt af forsætisráðherra Dana og menntamálaráðherra Dana, Hans Hedtoft og Julius Bomholt, við Bjarna Benediktsson, menntmrh. Íslands, þegar hann hefði verið í Kaupmannahöfn nú fyrir skömmu.

Nú hefur hæstv. menntmrh. Íslands komið í útvarpið og skýrt frá því, sem hefði gerzt í

hans för, en ég minnist þess ekki, að hann hafi minnzt neitt á það, sem hefði gerzt í handritamálinu. Ég minnist þess ekki, að hann hafi minnzt einu orði á handritamálið í þeirri frásögn. Nú hefur Alþingi setið síðan hæstv. ráðh. kom heim, og þingheimi hefur ekki verið gert neitt kunnugt um, hvað þarna væri að gerast eða hvað þarna stæði til boða. Ég hefði talið mjög eðlilegt, að a. m. k. menntamálanefndir þingsins hefðu fengið vitneskju um þetta mál, og þó að það kunni að vera þannig, að ekki hafi þótt hlýða hér að ræða málið opinberlega, sem nú hefur þó verið gert í Danmörku, þá hefði ég talið mjög æskilegt, að málið væri rætt af hæstv. ráðh. og viðhorf þess, eins og þau blasa nú við, kynnt íslenzkum alþingismönnum á lokuðum þingfundi, ef ekki þykir enn hlýða að ræða málið opinberlega. Og ég vil hér með bera fram þau tilmæli við hæstv. menntmrh., þegar nú er komin nokkur vitneskja um málið úti í Danmörku, en svo að segja engin vitneskja hér heima, að það verði rætt á lokuðum þingfundi, ef ekki þykir fært að kynna þingmönnum það öðruvísi.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Mér var skýrt frá því á skotspónum, að það hefði verið fsp. hér, að því er mér skildist, eða ádeila — ég vissi ekki hvort heldur. (Gripið fram í.) Já, fyrirspurn út af handritamálinu. Nú veit ég ekki glögglega, hver hún var, en ef það er ekki of mikið ónæði, þá vildi ég eiga þess kost að heyra hana, til þess að vita, hvort hún er þess eðlis, að henni sé hægt að svara nú.

**Forseti (SB):** Það er að vísu ekki gert ráð fyrir, að þm. beri fsp. fram fyrirvaralaust, í því formi, sem hér hefur verið gert, en það mun nú samt verða leyft að þessu sinni.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Þegar fundur hafði verið settur fyrir nokkrum mínútum, kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár og skýrði frá því, að ríkisútvarpið hefði nú í hádegisútvarpinu greint frá opinberum umr. í Danmörku um handritamál Íslendinga, — harmaði það, að málið væri komið til opinberrar umr. í Danmörku, áður en íslenzkir alþm. fengju neitt um nýtt viðhorf í málinu að vita. Ríkisútvarpið skýrði frá því, að blaðið Politiken hefði, að mér skildist í gær, sagt, að það væru komnar fram till. í handritamálinu, sem í aðalatriðum væru á þá leið, að löglegur eignarréttur handritanna skyldi skiptast á milli Dana og Íslendinga. Í öðru lagi, að komið yrði á fót vísindastofnun í Kaupmannahöfn og Reykjavík til rannsókna norrænna handrita. Í þriðja lagi, að nefnd vísindamanna yrði skipuð til þess að skipta handritunum milli þjóðanna. Og í fjórða lagi, að ljósprenta skyldi handritasafnið allt og ljósprentuð útgáfa vera til reiðu í hvorri vísindastofnuninni um sig. Þá var enn fremur skýrt frá því, að þetta mál hefði verið rætt við menntmrh. Íslands, þegar hann hefði verið í Kaupmannahöfn nú fyrir skömmu, og málið væri komið í hendur ríkisstj. íslenzku. Ég lét í ljós undrun mína á því, að slíkt nýtt viðhorf í málinu væri komið til umræðu meðal annarrar þjóðar, áður en alþm. á Íslandi fengju um málið að vita, og væri þó Alþingi sitjandi að störfum. Og ég spurðist fyrir um það í lok míns máls, hvort ekki mundi vera tilhlýðilegt, að málið yrði upplýst af hæstv. menntmrh., t. d. á lokuðum þingfundi á Alþingi Íslendinga, ef hann teldi, að það væri enn þess eðlis, hið nýja viðhorf, að ekki væri tímabært að ræða það opinberlega. Enn fremur fýsir mig nú að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hafi t. d. áformað að bera fram ákveðnar till. um málið.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Það er rétt, sem hæstv. forseti sagði, að samkv. þingsköpum er ætlazt til þess, að fsp. séu bornar fram í allt öðru formi en þessu, og síðan núgildandi háttur var tekinn upp, hafa hinar munnlegu fsp. mjög horfið. Ástæðan fyrir því, að sú aðferð var tekin upp, studdist mjög við slíkar fsp. sem hv. þm. bar nú hér fram, sem vitanlega eru þess eðlis og svo óljósar, að það er mjög erfitt að festa hendur á þeim. Ég vil hins vegar einungis nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að ég hef ekki leynt neinu, sem ég hef fengið vitneskju um með þeim hætti, að ætlazt væri til, að undir aðra væri borið. Ég hef ekki leynt neinu í þeim efnum fyrir neinum, heldur jafnskjótt skýrt öllum þeim, sem heimilt var á hverjum tíma að skýra málið fyrir, frá því, sem fram hefur komið.

Nú er það þannig, að mér er sagt, — ég vissi ekki, hvort það var í útvarpinu eða ekki, — að forsrh. danski og menntmrh. hafi ekki viljað svara fsp., sem til þeirra var beint af hálfu þessa danska blaðs um þetta mál, — hvorki viljað svara af eða á, hvorki viljað játa né neita, að þessar till. væru fram bornar. Hér er um danskar till. að ræða, en ekki íslenzkar, og það er vitanlega dönsku stjórnarinnar að segja til um, hvenær og með hverjum hætti hún vill láta þær till. koma fram fyrir almenningssjónir, ef um till. er að ræða, — og ég hef þann fyrirvara á: ef um till. er að ræða. Það er hennar að segja til um það.

Vitanlega hafði ég ekkert umboð til þess að semja um þetta mál við dönsk stjórnarvöld. Ég vil leggja áherzlu á það. Ég fór ekki til Danmerkur með neitt slíkt umboð af hálfu íslenzku stjórnarinnar eða Alþingis. Ég er ekki utanríkisráðherra, svo að málið sem samningsmál við aðra þjóð heyrir ekki undir mig. Allt það, sem talað kann að hafa verið um handritamálið við mig og mér er ekki falið að koma áleiðis, er því einungis rabb, sem ekki er frekar hægt að greina frá en öðru slíku rabbi, sem á sér stað. Ég hef því ekki leynt í málinu fyrir neinum, sem ég mátti segja frá, neinu, sem fram hefur komið, ekki reynt að fara á bak við Alþingi í málinu.

Það er ekkert furðulegt, þótt þetta komi fyrst fram í Danmörku, þar sem það eru danskar till., en ekki íslenzkar till. Íslenzk stjórnvöld hafa ekki á nokkurn hátt léð samþykki sitt hvorki við hugmyndinni né að neitt væri um málið birt, því að af hálfu íslenzku stjórnarinnar hefur ekkert gerzt sem gæfi tilefni til slíks. En ég vil fullvissa þingmenn um það, að að svo miklu leyti sem um mínar hendur berst eitthvað í málinu eða hefur borizt, verður notað allra fyrsta tæki-

færi til þess að láta það koma til vitundar þeirra, sem um það eiga að fjalla.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Mér skilst á hæstv. menntmrh., að við hann hafi verið rætt um málið sem algert leyndarmál milli danskra stjórnarvalda og hans og hann hafi því ekki haft heimild til að segja frá neinu. En nú virðist mér það viðhorf hafa nokkuð breytzt, þar sem með einhverjum hætti hefur borizt út vitneskja um þessar viðræður og efni viðræðnanna og umræður eru hafnar um þetta í dönskum blöðum. Að vísu er það rétt, að þetta eru danskar till., en það eru danskar till. í íslenzku máli. Og mér finnst það a. m. k. mjög svo óviðkunnanlegt, að umræður séu hafnar í Danmörku um ákveðnar till., sem fara á milli stjórnarvalda, áður en íslenzkir alþm. fái nokkra vitneskju um það og kannske ekki einu sinni íslenzka ríkisstj. í heild.

Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh., að hann hefur tjáð þingheimi, að þetta mál muni undireins rætt við Alþingi, skilst mér, þegar heimildir liggi fyrir um það. En þarna er víst, að einhvern veginn hefur lekið út frá dönsku ríkisstj. um þetta mál, því að eitt af því, sem Politiken skýrði frá, var það að þetta mál hefði verið rætt við menntmrh. Íslands, Bjarna Benediktsson. Og þá finnst mér, að málið blasi öðruvísi við. Ég hefði því talið mjög æskilegt, að Alþingi, t. d. á lokuðum þingfundi, hefði fengið vitneskju um það, í hversu ákveðnu formi þetta mál hefur legið fyrir, þegar hann var í Kaupmannahöfn, og hvort danska blaðið fer rétt efnislega með þessi meginefnisatriði málsins, sem ríkisútvarpið íslenzka, sem er undir stjórn hæstv. menntmrh., skýrði frá í dag.

**Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég skal ekki fara hér neinum orðum um það, hvort það sé viðeigandi eða ekki viðeigandi, að danskt blað skuli hefja þessar umræður nú. Það er bezt að hafa um það sem fæst orð, a. m. k. af minni hálfu. En ég vil leggja áherzlu á það, að hér er eingöngu um danskar till. að ræða og ekki haldið fram, að neitt annað hafi komið fram í málinu, og að ég hef fyrir því öruggar heimildir, að forsrh. danski og menntmrh. neituðu í gær að segja nokkuð um málið. Ég tel, að það hljóti að vera þeirra að skýra frá sínum till., en ekki mitt, ef þeir hafa borið fram till., meðan þeir bera ekki till. þannig fram, að ætlazt sé til, að frá þeim sé sagt. Það verður að vera þagnarrof af hálfu annarra en mín, sem á sér stað í málinu. Þetta vil ég leggja áherzlu á. Og það, að ég hefði átt að stöðva fregnina í íslenzka útvarpinu (Gripið fram í.) — ja, það var sagt, að það væri stofnun, sem heyrði undir mig og ég bæri þess vegna ábyrgð á, hvað þar væri sagt, — það er fráleitara en tali taki. Ég hef ekkert á móti því, að þetta mál sé rætt. Ég hef engu að leyna í því, sem ég hef gert, og það er annarra en mín að stöðva þær fregnir, sem koma af aðgerðum danskra stjórnvalda. Hins vegar vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að það verði haldinn lokaður fundur um málið nú þegar.

---

Á 51. fundi í Sþ., 13. apríl, utan dagskrár, mælti

**Pétur Ottesen:** Mig langar til að nota það tækifæri, sem hér gefst nú utan dagskrár, til þess að beina fyrirspurn til hæstv. utanrrh., sem á þó ekkert skylt við þá skýrslu, sem hann var að gefa hér. Til skýringar á þessari fsp. minni vil ég taka þetta fram:

Ég þykist sjá það, að forlög þáltill. um Grænlandsmál, sem ég flutti á öndverðu þingi, verði þau, að málið verði ekki tekið á dagskrá nú til endanlegra úrslita. Hins vegar er komið fram nál. um málið og lagt til að vísa því til ríkisstj., og þar er lagzt á þá sveif, að Íslendingar eigi rétt til Grænlands og að ríkisstj. hefji um það samninga við stjórn Danmerkur, að þessi réttur Íslendinga verði viðurkenndur. Hins vegar er það samkv. till. allshn. látið bíða ákvörðunar næsta þings, hvað gera skuli, ef Danir verða ekki við þessum kröfum Íslendinga. En það felst í till. minni, að Alþ. taki nú um það ákvörðun, að þá skyldi málinu skotið til úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag. — Með tilliti til þess, að eigi litur út fyrir, eins og ég hef fyrr greint, að til úrslita dragi um þetta atriði að þessu sinni, leyfi ég mér að beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh., hvort treysta megi því, að að því sem til hans kasta kemur verði ekki af hálfu ríkisstj. farið að gera neina samninga við dönsk stjórnarvöld, er talizt geti afsal eða skerðing á rétti Íslendinga til Grænlands, meðan óútkljáð er um réttarstöðu þess.

**Utanrrh. (Kristinn Guðmundsson):** Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Borgf. vil ég taka eftirfarandi fram:

Ríkisstj. í heild og hv. Alþ. hafa enn ekki látið álit sitt í ljós um þáltill. hv. þm. Borgf. varðandi Grænland. Meðan vilji hv. Alþ. er ekki kunnur og það hefur ekki sagt skoðun sína á málinu, mun ég vissulega ekki gera neitt, sem talizt getur afsal meintra réttinda Íslendinga til Grænlands.

---

## IV. Verðgæzla, olíumál o. fl.

Á 19. fundi í Sþ., 25. nóv., utan dagskrár, mælti

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Á síðasta fundi í Sþ. var til umr. fyrirspurn, sem ég hafði borið fram til hæstv. viðskmrh., m. a. um kostnað við verðgæzlu eða verðlagseftirlit í landinu. Ég hafði spurzt fyrir um, hver kostnaðurinn hefði verið 1949 og hver hann hafi reynzt 1952.

Hæstv. viðskmrh. veitti greið svör við þessum fsp., en ég hef síðan komizt að raun um, að svör hans við þeim voru röng. Ég kveð mér nú hljóðs til þess að leiðrétta það, sem missagt var í svari hæstv. ráðh. Líta verður það mjög alvarlegum augum, að það skuli gerast, að ráðh. gefi í fyrirspurnatíma upplýsingar, tölulegar upplýsingar, sem reynast rangar við gaumgæfilega athugun á málinu. Ég staðhæfi ekki og get gjarnan á það lagt áherzlu, að hæstv. ráðh. hafi veitt þessar röngu upplýsingar vísvitandi. Ég

þekki ekkert það til hans, að ég hafi nokkra ástæðu til að ætla slíkt. En með einhverjum hætti hefur hann misskilið þær upplýsingar, sem fyrir hann hafa verið lagðar, þannig að áheyrendur hans hlutu einnig að misskilja þær. Frá þessum röngu upplýsingum hefur verið sagt í blöðum, og þess vegna tel ég nauðsynlegt að leiðrétta þær og láta hið sanna koma fram.

Hæstv. ráðh. sagði orðrétt í svörum sínum samkv. skýrslum þingskrifara, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá spyr hv. fyrirspyrjandi að því, hver kostnaður við framkvæmd verðlagseftirlitsins hafi verið 1949 og 1952. Svar: Heildarkostnaður við skrifstofu verðgæzlustjóra árið 1949 nam 760802 kr. Þar af voru launagreiðslur 560508 kr. En heildarkostnaður við skrifstofu verðgæzlustjóra árið 1952 nam 592900 kr., þar af launagreiðslur 475350 kr. Heildarkostnaður við verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs nam árið 1952 195050 kr., þar af launagreiðslur 124976 kr. Áður en embætti verðgæzlustjóra var stofnað, annaðist sama stofnunin, skrifstofa verðlagsstjóra, bæði verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit."

Og nú koma ályktanir hæstv. ráðherra:

„Nú býst ég við því, að hv. fyrirspyrjandi segi sem svo: Það hefur nú ekki sparazt mjög mikið við það, að hámarksálagning var afnumin á ýmsum vörum. Ósköp lítið hefur nú sparazt, mun hann segja, eða tæpar 100 þús. kr. í launagreiðslum. En 100 þús. kr. eru nú líka peningar."

Svo mörg voru þau orð.

Fyrrgreindar töluupplýsingar hæstv. ráðh. túlkar hann þannig, að 100 þús. kr. sparnaður hafi orðið við verðlagseftirlitið á þessum þremur árum. Þetta er síðan endurtekið daginn eftir í blaði hæstv. viðskmrh., þar sem segir svo í Morgunblaðinu 19. nóv., að við breytingarnar á verðlagseftirlitinu hafi sparazt um 100 þús. kr.

En staðreyndir málsins eru þessar: Verðlagsstjóraskrifstofan, sem 1949 hafði með höndum bæði verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, kostaði 760802 kr. 1952 var kostnaður við verðgæzluna 592900 kr. og kostnaður við verðlagsskrifstofuna, sem ekki er meðtalinn í fyrri tölunni, 195 þús. kr. En hæstv. ráðh. mun hafa skilið sínar eigin tölur þannig, að kostnaður við verðlagsskrifstofuna væri innifalinn í kostnaðinum við verðgæzluna, og þess vegna mun hann hafa staðhæft, að kostnaðurinn hafi lækkað um 100 þús. kr. En kostnaður við verðlagsskrifstofuna er ekki innifalinn í tölunni um verðgæzluna, svo að samtals var kostnaðurinn 1952 við verðgæzlu og verðlagsskrifstofu 787900 kr. Sú tala, sem er sambærileg við kostnað verðlagsstjóraskrifstofunnar 1949 og nam 760802 kr., er 787900 kr., þ. e., kostnaðurinn við verðgæzlu og verðlagseftirlit hefur ekki lækkað um 100 þús. kr., eins og hæstv. ráðh. sagði, heldur hækkað um 27098 kr. Ef teknar eru launagreiðslurnar einar, þá eru þær 1949 560508 kr., en 1952 hjá verðgæzlu 475350 kr. og á verðlagsskrifstofu, sem á að bætast við, 124976 kr., eða samtals 600326 kr. Með öðrum orðum: Launagreiðslurnar hafa ekki lækkað, eins og hæstv. ráðh. sagði, um 100 þús. kr., heldur hækkað um 39818 kr. Þetta eru hinar réttu upplýsingar í málinu.

Efni málsins skal ég ekki ræða. Það er ekki til umr. utan dagskrár. En ég taldi það skyldu mína, fyrst og fremst við Alþ. og síðan við þann almenning í landinu, sem hefur orðið að lesa rangar upplýsingar í blöðum á grundvelli þessarar ræðu hæstv. viðskmrh., að láta þetta koma fram á þeim sama vettvangi og hinar röngu tölur voru fram bornar.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Á þeim þingfundi, er hæstv. viðskmrh. var spurður um olíumálið, upplýsti hann, að það hefði ekki þótt ástæða til að setja nein skilyrði um verðlag til notenda olíunnar í sambandi við hina hagstæðu samninga, sem hæstv. ríkisstj. hafði gert á olíuinnkaupunum, vegna þess að olíur heyrðu undir hámarksverðsákvæði fjárhagsráðs. Ég hef seinna fengið upplýsingar um það, sem ég tel öruggar, að þetta svar hæstv. ráðh. er að nokkru leyti rangt. Það mun vera staðreynd, að hvorki svartolíur né smurningsolíur, — og allir vita, að smurningsolíur eru dýr vara og munu þannig nema nokkuð miklu að krónutölu í hinum umræddu samningi, — heyra ekki undir hámarksverðsákvæði fjárhagsráðs, og þykir mér miður, að um svona veigamikið atriði og þarna er um að ræða skuli hafa verið mishermt hjá hæstv. ráðh., þegar hann hafði fengið tóm til að svara þessu, ekki undir hinum almennu umr. um frumvarpið um olíueinkasölu, heldur einmitt í spurningatíma, þegar ætla má, að hæstv. ráðh. hafi gefizt nægilegt tóm til að undirbyggja svör sín, svo að þau væru áreiðanleg.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það, sem hér hefur verið sagt, hefur verið sagt í dálítið alvarlegum tón. Hv. 1. landsk. þm. (GÞG) hringdi til mín áðan og sagðist þurfa að gefa veigamiklar upplýsingar hér í Alþ. um það, að ég hafi farið með rangar staðreyndir. Ég benti honum á, að ég hefði nú litinn tíma til þess að grennslast eftir því, hvort það væru rök, sem hann hefði að mæla. Vitanlega þætti mér mjög slæmt, ef það reyndist svo, að það væri ekki rétt, sem ég sagði hér í þingi eða annars staðar. Ég fór þess vegna fram á það, að hann frestaði því til næsta miðvikudags að fara með þær fullyrðingar, sem hann viðhafði hér áðan, því að þá væri hægt að fá glöggar upplýsingar um það, hvort ég hefði farið með rangt mál eða hvort þær staðhæfingar, sem hann fór með hér áðan, væru að öllu leyti réttar.

Hv. þm. þarf ekki aðeins að vitna í Morgunblaðið, hann getur einnig vitnað í Alþýðublaðið um það, sem ég sagði hér á þingfundi s. l. miðvikudag, og það blað, sem ég las upp úr, og þær tölur, sem ég nefndi hér í þinginu, hafði hv. þm. fyrir framan sig, þegar hann var að skrifa þá grein, sem birtist í Alþýðublaðinu. Og hafi ég misskilið eitthvað, þá hefur hann einnig gert það. En tölurnar, sem ég nefndi hér s. l. miðvikudag, voru réttar, og þær eru óhagganlegar.

Ég vil upplýsa, að það, sem rætt er um heildarkostnað verðgæzlustjóra, sem var 1949 760802 kr., er rétt og óvefengjanlegt. Heildarkostnaður við skrifstofu verðgæzlustjóra 1952 var 592900, og er það einnig rétt og óhagganlegt. Heildar-

kostnaður við verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs árið 1952 var 195050 kr.; það er einnig rétt. En hv. 1. landsk. þm. segir, að bæta eigi 195050 kr. við 592900 kr., þegar samanburðurinn er gerður á verðgæzlunni nú og 1949, vegna þess að verðgæzlan 1949 og verðlagsákvarðanir voru undir sama hatti, en nú er þetta aðskilið. Þetta er þó ekki nema að nokkru leyti rétt, eftir nýjustu eftirgrennslan. Það er vitanlegt, að 1949, þegar verðlagsstjóri fór með þessi mál, þá voru einnig menn í fjárhagsráði, sem unnu að nokkru leyti að verðlagsákvörðunum, og mun það hafa verið Hermann Jónsson, eins og nú, og tekið laun hjá fjárhagsráði. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Er þetta rangt? (**Gripið fram í:** Já.) Ja, þessu var nú skotið að mér áðan, en ef ég hefði nú haft einhvern tíma til þess að rannsaka þetta, þá hefðum við ekki þurft að standa hér hvor framan í öðrum og segja: Þetta er rangt — því að þá hefðum við getað haft tölurnar. Hitt er náttúrlega sjálfsagt að hafa það, sem sannara reynist. En það, sem ég undirstrika hér, er það, að þær tölur, sem ég fór með s. l. miðvikudag, eru réttar. En kostnaðurinn við verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs var ekki lagður við kostnað verðgæzluskrifstofunnar, og í því liggur mismunurinn, ef endilega þarf að taka þessar báðar skrifstofur til samans, þegar samanburður er gerður við árið 1949.

Útkoman hjá hv. 1. landsk. er þá þessi, að það var ekki 100 þús. kr. lækkun á verðgæzlunni, heldur 37 eða 38 þús. kr. hækkun frá 1949. En það, sem þó hefur gerzt, er það, að í staðinn fyrir tólf menn, sem áður störfuðu við verðgæzluna, starfa nú átta menn. Og ef það er ekki lækkun, stafar það af því, að það hefur orðið kauphækkun frá 1949 til ársins 1952.

Annars er það dálítið einkennilegt, að hv. 1. landsk. og fleiri eru samtímis að fárast yfir því, hver kostnaður er við verðgæzluna, um leið og þeir eru að tala um það, að verðgæzlan sé of linlega framkvæmd. Það hefur ekki verið stefna okkar að draga úr verðgæzlunni, og ég tel, að það sé nauðsynlegt að hafa hana ekki slakari en verið hefur, alveg eins þótt hámarksákvæðin hafi verið afnumin.

Eins og ég sagði, þá er sjálfsagt að hafa það, sem réttara reynist í þessu. Ef það er réttara að leggja kostnaðinn við verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs við skrifstofu verðgæzlustjóra, þegar samanburðurinn er gerður við kostnaðinn 1949, þá er sjálfsagt að hafa það svo, og hv. þm. hefur komið sinni athugasemd að. En ég tel, að það hefðu verið heppilegri vinnubrögð að gefa mér tíma til að rannsaka þetta mál alveg til hlítar, en ekki að koma með þessar fullyrðingar hér í deildinni alveg fyrirvaralaust.

Það, sem hv. 3. landsk. þm. (HV) var að tala hér um áðan, er olían, að smurningsolían og svarta olían muni ekki vera nú undir hámarksákvæðum. Þetta mun vera rétt hjá hv. þm. Ég sagði hér við umr., að olían væri undir hámarksákvæðum, og það er rétt, að sú olía, sem mest áhrif hefur á atvinnulífið, þ. e. benzín og öll önnur olía, — svartolían er aðeins lítill þáttur, mjög lítil notkun á henni og ekki hægt að nota hana, vegna þess að það þarf alveg sérstök tæki til þess. Smurningsolían mun hins vegar ekki nú vera undir hámarksákvæðum, en mér er ekki kunnugt um, að álagningin hafi verið hækkuð á smurningsolíunni, eftir að hámarksákvæðin voru afnumin, svo að út af fyrir sig, þótt olían sé ekki undir hámarksákvæðum, þessi liður hennar, en álagningin ekki hækkuð, þá sýnist mér, að það skipti ekki svo miklu máli. En það er rétt, sem ég sagði, aðalolían er undir hámarksákvæðum.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Mér þykir vænt um, að hæstv. viðskmrh. skuli hafa tekið þann kostinn að játa missögn sína, en ekki hinn, að berja höfðinu við steininn og staðhæfa, að upplýsingar mínar séu ekki réttar. Í ræðu hans fólst alger játning á því, að ummæli hans á miðvikudaginn var um lækkun á kostnaði verðgæzlunnar voru röng. Ályktun hans var röng, byggð á misskilningi á þeim tölum, sem honum höfðu verið fengnar og hann las upp. Þetta get ég út af fyrir sig metið við hæstv. ráðherra.

Um bollaleggingar hans um málið að öðru leyti skal ég ekki ræða, þar sem mér skildist á hæstv. forseta, að efni málsins væri hér ekki til umr., þótt hæstv. ráðh. hafi hins vegar rætt það allmikið í sinni ræðu. — Hann sagði, að því hefði verið skotið að sér rétt í þessu, að einn af starfsmönnum fjárhagsráðs nú, Hermann Jónsson, hafi áður, 1949, einnig verið á launum hjá fjárhagsráði. Eins og ég skaut fram í, er þetta rangt. Mér er þetta mál allt mjög vel kunnugt og veit það, að Hermann Jónsson var starfsmaður hjá verðlagsstjóra á verðlagsskrifstofunni, þangað til síðasta breyting var gerð á fjárhagsráðslögunum og skipulaginu var breytt. Þá var hann fluttur yfir til fjárhagsráðs og þar með yfir á launaskrá þess. Laun hans eru því innifalin í þeirri tölu, sem ráðh. nefndi sem kostnað við verðlagsskrifstofuna.

Varðandi hitt, að rétt hefði verið að láta þessar upplýsingar bíða til næsta miðvikudags, svo að ráðh. gæti búið sig betur undir svarið, verð ég að segja, að það er algerlega ástæðulaust. Ég hygg, að ráðh. hafi skilið fullkomlega, hvað hér er um að ræða, og sjái fullljóst, að honum skjátlaðist á miðvikudaginn var. Það var því alveg ástæðulaust að fresta því um viku að játa, að honum hefði skjátlazt. Ástæðan til þess, að ég vildi ekki sætta mig við neinn slíkan frest, er sú, að ég veit með óyggjandi vissu, að það, sem ég sagði um þetta, var rétt. Þá vissu hef ég frá sjálfum starfsmanni og trúnaðarmanni hæstv. ráðh., verðgæzlustjóranum. Ég gerði mér erindi til hans, þegar ég fékk grun um, að þetta væri rangt, og spurði hann sömu spurninga sem ég spurði hæstv. ráðh. og fékk játandi svar við þeim, þ. e., að það væri rangt, sem fram hefði komið í ræðu viðskmrh. s. l. miðvikudag, og að það væri rangt, sem stóð í blöðunum á grundvelli hans ræðu. (**Gripið fram í:** Má ég skjóta inn í, hvenær spurði þingmaðurinn verðgæzlustjóra?) Í morgun, kl. hálf tólf í morgun. Það tók ekki langan tíma. Ég gerði mér erindi til hans og lagði þá spurningu fyrir hann, hvort þessar tölur væru ekki eins og ég las upp áðan, og kvað hann já við því. Með tilliti til þeirra

staðreynda, að ég vissi, að það var engar upplýsingar hægt að færa fram, sem gætu hnekkt staðreyndunum, sem ég bar fram, sá ég enga ástæðu til þess, að um nokkurn frest væri hér að ræða, og taldi rétt að bera málið fram þegar í stað. Það má ekki líða meira en vika frá því að villandi eða rangar upplýsingar eru gefnar hér á hinu háa Alþ. þangað til þær eru leiðréttar, ef kostur er á að leiðrétta þær þegar í stað.

**Björn Ólafsson:** Það er helzt að heyra á hv. 1. landsk., að hann hafi kastað einhverri ægilegri pólitískri bombu hér inn í þingið með þeim upplýsingum, sem hann var að geta. Var helzt að skilja, að hér væri eitthvert hneykslismál á ferðinni. Ég get ekki séð með beztu vilja, hvar sú hneykslunarhella liggur, sem hann hefur verið að veltast um við þessar umræður. Hæstv. ráðh. gaf tölurnar, eins og þær liggja fyrir, og eins og þær liggja fyrir í upplýsingum hans eru þær réttar. Það sem hneykslar hv. þm. virðist vera það, að ráðh. skuli ekki hafa tekið fram í ræðu sinni, að núverandi kostnaður fjárhagsráðs vegna verðlagsákvarðana hafi ekki verið lagður við kostnað verðgæzlunnar. Auðvitað átti ekki að gera það, vegna þess að það er sitt hver kostnaður. Hitt er svo annað mál, hvort þetta tvennt var sameinað 1949. Það er alveg rétt og þarf ekki að deila um. Það var sameinað þá. Þegar flokksmaður hv. þm. tók við verðgæzlunni, bætti hann við þremur eða fjórum starfsmönnum, vegna þess að honum fannst ekki nægilegur mannafli til þess að afkasta því verki, sem hann ætlaði þá að vinna. Þegar þessu starfi var skipt, fóru — að mig minnir — þrír eða fjórir af starfsmönnum verðgæzlunnar til fjárhagsráðs í þá skrifstofu, sem fjárhagsráð sjálft hefur í sambandi við verðlagsákvarðanir. Eftir voru þá á skrifstofu verðgæzlustjóra 12 menn. Þegar breyting var gerð á hámarksákvæðunum og þau voru að miklu leyti afnumin, þá var þessu fólki fækkað. Nú starfa á skrifstofunni 8 manns. Það getur hver maður lagt saman þessar tölur og gert sér grein fyrir þeim.

Hvers vegna er nú kostnaður við 8 manns á verðgæzluskrifstofunni og þrjá menn á verðlagsskrifstofu fjárhagsráðs um 600 þús. kr. á ári, í staðinn fyrir að áður hafði verðgæzlustjóri eða verðlagsstjóri, fyrir 1949, miklu fleira fólk, sem ekki kostaði nema 560 þús. kr.? Ég hélt, að hv. þm. væri nógu glöggur reikningsmaður til þess að sjá, að hér er ekki um neina eyðslusemi að ræða. Þessu fólki er ekki borgað meira en lög mæla. Á þessari skrifstofu eru ekki nú nema 8 manns, og á hinni skrifstofunni er þrennt, eða samtals 11 manns. Heldur hv. þm., að þessu fólki sé borgað eitthvað meira en öðrum embættismönnum ríkisins, sem eru í svipuðum flokki? Dettur honum það í hug? — Nei, sannleikurinn er aðeins sá, að það hafa gerzt talsvert miklar kauphækkanir á þessu tímabili og kauphækkanir hafa orðið af vísitöluhækkun, sem var afleiðing af gengislækkuninni, eins og við vitum. Þess vegna virðist mjög einkennilegt, að hv. þm. skuli vera að gera hávaða í þinginu út af því, sem hann hefur alls ekki gert sér grein fyrir. Hann er að hengja sig í það, að tvær tölur hafi ekki verið lagðar saman. Það hefur enginn verið að fullyrða hér neitt, og það, sem hann segir, — ja, hvað sannar það? Það sannar, að hann hefur ekki athugað málið, jafnvel þótt hann hafi farið til verðgæzlustjóra klukkan 8 í morgun.

**Forseti (JörB):** Hv. 1. landsk. þm. hafði á orði við mig í byrjun þessa fundar, að hann mundi kveðja sér hljóðs utan dagskrár til þess að koma að leiðréttingum. Ég lét þess getið, að í sjálfu sér hefði ég ekki á móti því, ef ekki leiddi af því umr. um málefnið, en það væri ekki til þess ætlazt í þessum tíma. (GÞG: Ég stofnaði ekki til þeirra.) Nú, má vera, að svo sé, en það leiðir hvað af öðru. Úr því að farið er að ræða málefni, einhverja þætti þess, þá býður það frekari umræðum heim. Nú er síður en svo, að ég amist við því, að þingmenn komi að leiðréttingum, ef um eitthvað slíkt er að ræða. En ég vil biðja hv. þm. nú að gæta þess að fara ekki að ræða málefnalega, þegar þeir kveðja sér hljóðs til að koma á smáleiðréttingum án þess að fara að rökræða málefni frekar en orðið er.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir það, að hann viðurkenndi, að það hefði verið ónákvæmni hjá sér, þegar olíumálaspurningarnar voru hér á dagskrá, að segja, að olíur væru undir hámarksákvæðum fjárhagsráðs um verðlag. Hann játaði nú, að sér hefði láðst um þau atriði, sem hann sagði að vísu að væru ekki þýðingarmikil, að svartolíur og benzín væru ekki undir verðlagsákvæðum. Það er sem sé það rétta í málinu.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem hér hefur verið rætt, vil ég aðeins segja það, að undarlegt þykir mér, ef hv. 3. þm. Reykv. telur ástæðulaust að gera veður út af því, hvort það hafi gleymzt að leggja tvær tölur saman. Ef það kæmi t. d. fyrir í bókhaldi hans eigin fyrirtækis, þá yrði röng niðurstaða bókhaldsins; það er gefinn hlutur. Og hér er um að ræða, hvað er rétt og hvað er rangt.

Í annan stað er það þetta. Það var upplýst hér af hæstv. ráðh., að það hefði lækkað tilkostnaður við verðgæzluna við það, að verðlagseftirlitið hefði verið lagt niður. Nú er upplýst með tölum, sem ekki hafa verið vefengdar af hæstv. ráðh., að tilkostnaðurinn í krónutali hefur hækkað þrátt fyrir það, þótt búið sér að leggja verðlagseftirlitið niður. Verðgæzlan kostar og þessar skrifstofur, sem þá voru reknar, nú meira að krónutölu, þegar ekkert verðlagseftirlit er, heldur en það kostaði meðan verðlagseftirlits var gætt, og það er hneykslí.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. gerði flokksbróður sínum, eins og fyrri daginn, mesta ógagn með því að blanda sér í þetta mál. Það er alltaf ógagn að því fyrir þann, sem hv. 3. þm. Reykv. ætlar að styðja. Reyni hann að leggja einhverjum manni lið með máli sínu, þá bregzt það varla, að hann gerir honum ógagn. Svo gerðist einnig hér áðan. Hann staðhæfði, að það ætti ekki að leggja saman tölurnar um kostnað verðgæzlunnar og verðlagsskrifstof-

unnar, endurtók það einum tvisvar eða þrisvar sinnum. Þetta er þveröfugt við það, sem hæstv. viðskmrh. játaði að ætti að gera. Ráðherrann skilur málið og kaus þann drengilega kost að játa missögn sína. Hann viðurkenndi, að það ætti að leggja tölurnar saman. Svo kemur flokksbróðir hans, lemur höfðinu við steininn og segir: nei. Það er rétt að láta þá flokksbræðurna um að deila um það, hvort þetta hafi átt að gera eða ekki. Allir aðrir en hv. 3. þm. Reykv., sem á málið hafa hlýtt, vita, að til þess að geta gert samanburð við kostnaðinn 1949 verður að leggja saman kostnaðinn við verðgæzluna nú og verðlagsskrifstofuna nú, því að þessi starfsemi var hvor tveggja innifalin og greidd af kostnaðinum fyrir 1949, sem hæstv. ráðh. nefndi.

Að öðru leyti lagði hv. 3. þm. Reykv. áherzlu á, að það væri engin eyðslusemi, sem kæmi fram í þessum tölum, sem hæstv. viðskmrh. hefði nefnt. Hann kallar það enga eyðslusemi, að það skuli enn kosta 788 þús. kr. að halda uppi verðlagsákvörðunum og verðgæzlu í landinu, að það skuli kosta 27 þús. meira nú að leggja á nokkur hámarksákvæði og halda uppi verðgæzlu en það kostaði 1949. Samt sem áður er í millitíðinni búið að afnema nær allt verðlagseftirlit og nær allar verðlagsákvarðanir. Ein höfuðröksemdin, sem fram var flutt, þegar skipulagsbreytingin var gerð á verðlagsmálunum, var sú, að það ætti að spara með þessu. Því var heitið, að það ætti að leggja niður gífurlegt skrifstofubákn, spara mörg hundruð þúsundir króna, og hver er svo niðurstaðan? Niðurstaðan er 27 þús. kr. hækkun á kostnaði. Auðvitað hefur kaup hækkað nokkuð á þessum tíma, en starfsmannafækkunin hefði átt að vera svo mikil, miðað við verkefni, að heildarkostnaðurinn hefði átt að stórlækka. Þetta er mergurinn málsins. Það er þetta, sem ekki hefur tekizt, og það er þetta, sem ég leyfi mér að staðhæfa að sé óverjandi bruðl og eyðslusemi á opinbert fé.

**Forseti (JörB):** Ég ætla, að hv. 1. landsk. finni nú, að hann er farinn að ræða málefnalega það, sem farið hefur verið að tala um utan dagskrár.

**Viðskmrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð. — Hv. 3. landsk. þm. (HV) var að tala um það hér áðan, að það hefði verið ónákvæmni hjá mér að fullyrða hér s. l. miðvikudag, að olíur væru undir hámarksákvæðum. Það eru flestar olíur undir hámarksákvæðum, — og hvað eru það mörg prósent af olíuinnflutningnum, sem eru ekki undir hámarksákvæðum? Ég hef það ekki hér fyrir framan mig, en ég veit, að það eru örfá prósent, þannig að fullyrðingar mínar í sambandi við olíurnar eru réttar. Og þegar hv. þm. veit það einnig, að álagning á smurningsolíum hefur ekki hækkað síðan ákvæðunum var létt af, þá ferst honum ekki að gera veður út af þessu.

Annars vilja þeir félagarnir, Hannibal og Gylfi, reyna að gera sér mat úr þessum spurningatímum, og það er ekkert óeðlilegt, þótt þeir vilji reyna að afla sér fóðurs, þegar farið er að ganga á forðann. En Gylfi Þ. Gíslsaon hlýtur að vera það skynsamur maður að skilja, að það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að krefjast þess, að eftirlit sé haft með verðlaginu og að ekki sé neinn kostnaður við það.

Gylfi Þ. Gíslason fárast yfir þeirri eyðslusemi, að það skuli vera eytt nú 760 þús. kr. í verðgæzluna. Vill Gylfi Þ. Gíslason gera það að till. sinni, að verðgæzlan verði afnumin? Er það orðin pólitík og stefna Alþfl. að afnema verðgæzluna? Ætla þeir að þjóna fólkinu í landinu með því? Ég held, að Gylfi Þ. Gíslason ætti að reyna að gera sér grein fyrir því, að þessar fullyrðingar hans geta ekki staðizt. — Hann sagði hér áðan, að ég hefði viðurkennt, að það ætti að leggja þessar tölur saman, sem við vorum að tala um hér áðan. Ég sagði: Ef við leggjum þessar tölur saman, þá er ályktunin, sem ég gerði hér s. l. miðvikudag, ekki rétt. Ef við hins vegar leggjum þær ekki saman, þá er það, sem ég sagði, í öllum atriðum rétt. — Og hv. þm., Gylfi Þ. Gíslason, fékk þetta plagg hjá mér s. l. miðvikudag og skrifaði greinina í Alþýðublaðið, sem birtist s. l. fimmtudag, eftir þessu blaði. Og hann virðist a. m. k. þá hafa verið í vafa um það, hvort ætti að leggja tölurnar saman eða hvort það ætti aðeins að gera samanburð á kostnaði skrifstofu verðlagsstjóra 1949 og verðgæzlunni 1952. Þar í liggur munurinn, og það er enginn glæpur, sem hér hefur átt sér stað. Það eru engin vísvitandi ósannindi, sem hér hefur verið farið með. Við Gylfi Þ. Gíslason erum þá báðir jafnsekir, því að við notum báðir þetta sama blað sem heimild, blaðið, sem ég nú er með í höndunum, því að Gylfi Þ. Gíslason skrifaði sína grein í Alþýðublaðið eftir þessu blaði.

Hvað er þá að segja um þetta? Það er ekkert annað en það, að það getur hvort tveggja staðizt. Það getur hvort tveggja staðizt, sem hér hefur verið sagt. Það tekst ekki að gera úr þessu neinar bombur eða að gera mig hér að ósannindamanni, og það er aðalatriðið, að það skuli nú ekki hafa tekizt, og það er líka mikið atriði frá mínu sjónarmiði, að hvorki Gylfa né Hannibal tekst að afla sér fóðurs, jafnvel þótt á forðann sé farið að ganga, því að ég veit það, að sé hætta á því, að þeir sjálfir horfalli, þá verður einhver til þess að hlaupa undir baggann og hjálpa þeim.

**Forseti (JörB):** Ég ætla, að umr. um þetta málefni geti verið lokið, það græðist ekki á frekari umr. (Gripið fram í.) Ja, ég leyfi ekki frekari umr. um þetta atriði. (Gripið fram í.) Nú, hv. 5. þm. Reykv. tekur til máls utan dagskrár.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Mér finnst nú, að sumir hv. þm. hafi haft það mikið rúm í dagskrá hér á þinginu, að þeir þyrftu þess vegna ekki að eyða miklum tíma utan dagskrár, en fyrst byrjað er á þeim sið hér að leiðrétta utan dagskrár það, sem fram hefur komið við þinglegar umræður málanna, þá vildi ég leyfa mér að geta hér eftirfarandi atriðis, sem kannske hefur legið of lengi óleiðrétt.

Hv. 1. landsk. sagði hér í umr. um kosningabandalög, að þar væri að leita fordæma til Svíþjóðar um kosningabandalög með sama hætti og þeir leggja til, Alþfl.-menn, í sínu frv. Ég hef í höndunum bréf frá sendiherra Íslands í Osló,

þar sem eru ummæli um kosningabandalögin í Noregi. Skal ég ekki sérstaklega víkja að því, þótt það væri kannske ástæða til. En um þetta atriði vil ég segja þetta, til þess að leiðrétta það, sem fram hefur komið um þetta mál í ummælum hv. 1. landsk. Sendiherrann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki varð ég þess var, þegar kosningalögin voru hér tekin til endurskoðunar s. l. vetur, að till. væru uppi um að innleiða þessa skipan aftur (þ. e. a. s. kosningabandalög). Hins vegar komu fram till. um að innleiða hér svokallað innra listasamband, sem gildir í sænsku kosningalögunum, en það er í því fólgið, að sama flokki er heimilað að hafa tvo lista innan sama kjördæmis og slá saman atkvæðunum, er þingsætum er úthlutað.“ *Sama flokknum!* — *Í framhaldi af þessu segir svo:* „En þessi till. var felld hér með miklum atkvæðamun. Eina kosningasambandið, sem nú er í lögum hér, er á þann veg, að tveir eða fleiri flokkar geta sameinazt um einn lista, og fer þá kosning þingmanna af þeim lista eftir atkvæðamagni hans og röðin á listanum á venjulegan hátt.“

Vegna þess að hv. 1. landsk. þótti ástæða til að fara að leiðrétta hér hluti, sem fram hafa komið í fyrri umræðum, þá taldi ég ekki ástæðu til að draga lengur að leiðrétta þetta, þar sem ég hafði þessar upplýsingar hér á milli handa.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Það er mikil bót í máli, að þingræður skuli liggja frammi og að ég skuli muna svo vel framsöguræðu mína um kosningabandalögin, að ég get á andartaki fundið ummæli, sem afsanna algerlega hvert orð í því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um málið. Hann sagði áðan, að ég hefði sagt í framsöguræðu minni, að í Svíþjóð giltu svipaðar reglur og við höfum stungið upp á með kosningalagafrv. okkar hér í hv. Nd. Ég sagði þveröfugt í ræðu minni, og hefur því hv. þm. hlustað mjög illa, þegar málið var til umræðu í fyrsta skipti. Orðrétt sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Kosningabandalög voru tekin í sænsku kosningalögin árið 1921, og tilhögun kosningabandalaganna þar var sú, að tvenns konar bandalög voru heimiluð, annars vegar bandalög á milli flokka og hins vegar bandalög á milli einstakra frambjóðenda sama flokks, þannig að flokkur *gat boðið fram tvo eða fleiri frambjóðendur og* látið leggja saman atkvæði þeirra og talið þau öll greidd flokknum í heild. Einkum síðara fyrirkomulagið hafði sætt talsverðri gagnrýni í Svíþjóð.“ — Nákvæmlega sama sem sendiherrann segir í bréfinu. — „En reynslan af kosningabandalögunum í heild hafði þó sýnt, að þau stuðluðu að jafnari skiptingu þingsæta þar í landi heldur en ella, en þar eru ekki einmenningskjördæmi, heldur alls staðar kosið hlutfallskosningum í fleirmenningskjördæmum. Þetta ákvæði hafði verið rætt mjög á síðasta ári eða síðustu tveim árum í Svíþjóð, og á síðasta ári, rétt fyrir kosningarnar, var gerð breyting á sænsku kosningalögunum til bráðabirgða, þar sem heimildin til kosningabandalaga var afnumin, en hins vegar breytt þeim reglum, sem gilda við útreikning kjörinna þingmanna í kjördæmum, þar sem kosið er hlutfallskosningum, en það eru öll kjördæmi í landinu, þannig að réttur minni flokkanna var skertur með afnámi heimildarinnar til kosningabandalaga, en réttur-inn hins vegar aukinn með breyttri aðferð við útreikning á kjörnum þingmönnum í kjördæmunum. Væri kannske ástæða til þess að ræða þetta mál síðar eða skýra nánar frá þessari tilhögun, ef umræður um þetta mál lengdust.“

Þetta tekur af öll tvímæli um það, að hv. þm. hefur alrangt eftir mér í ræðu minni, og hér er því um hið neyðarlegasta frumhlaup að ræða.

**Jóhann Hafstein:** Herra forseti. Hv. 1. landsk. hefur alveg alrangt eftir mér, að ég hafi vitnað sérstaklega í framsöguræðu hans. Ég vitnaði almennt í ræður hans, og það er náttúrlega til allt of mikils mælzt, að hann fari að lesa þær allar upp aftur. Þetta, sem hann las upp núna, var mér ósköp vel kunnugt um. En bæði hann og aðrir fyrirsvarsmenn þessa máls, kosningabandalags flokka, hafa hvað eftir annað vitnað í það, að fordæmin væru í Svíþjóð, þrátt fyrir það að Gylfi Þ. Gíslason í framsöguræðunni, eins og ég þakkaði honum fyrir, hefði þurft að leiðrétta grg. frv. um þetta efni. Fyrst er borið fram frv. með grg., svo er flutt framsöguræða og leiðrétt vitleysan í grg., en svo eru haldnar fleiri ræður, þar sem aftur er farið að halda fram vitleysunni úr grg., og það sker úr í þessu máli, — og eftir stendur frumhlaup þessa hv. þingmanns.

**Forseti (JörB):** Hv. 1. landsk. gerir örstutta athugasemd.

**Gylfi Þ. Gíslason:** Herra forseti. Hún skal vera örstutt. Ég þarf ekki nema fáein orð til þess að reka það ofan í þingmanninn, sem hann sagði nú síðast. Ég skora á hann að finna stað í einhverri ræðu minni um kosningabandalagsfrumvarpið, þar sem ég hafi haldið fram, að nú gildi í Svíþjóð ákvæði um kosningabandalög. Sá staður er ekki til. (**JóhH:** Ég hef ekki sagt það.) Veit hv. þm. þá ekki einu sinni, hvað hann segir? Það er sannleikurinn í málinu. Hv. þingmaður veit ekkert, hvað hann hefur verið að segja um þetta mál.

**Forseti (JörB):** Það mun nú öllu réttlæti fullnægt og umræðu um þetta atriði lokið.

## V. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Áður en gengið er til dagskrár, vildi ég mega beina þeirri fyrirspurn til hv. formanna nefndanna, hvort ekki sé von á að geta fengið eitthvað af þeim frv., sem hafði verið vísað til nefnda undanfarið, til þess að þessi mál þurfi ekki að koma öll í einni hrúgu. Sérstaklega vildi ég mega beina því til hv. form. allshn., hvort væntanlegt sé álit frá n. um 12. mál, sem var vísað til allshn. 7. okt., áfengis-

löggjöfina, einnig til hv. formanns menntmn., hvort væntanlegt sé álit um frv. um Háskóla Íslands, 17. mál, sem vísað var til menntmn. sama dag, og að síðustu til hv. formanns samgmn., hvort væntanlegt sé nál. um vegalagabreytingu, 32. mál, sem vísað var til samgmn. 8. okt. Ég vildi einnig biðja aðra hv. nefndarformenn að hraða álitum, eftir því sem mögulegt er.

**Hermann Jónasson:** Herra forseti. Það er út af þessari fyrirspurn. Við nm. höfum athugað þetta frv. sérstaklega, sem nú liggur fyrir um áfengismál, og það er ærið umfangsmikið, eins og við vitum, margar brtt., sem við höfum borið saman við frv., eins og það nú liggur fyrir. Því verður að sjálfsögðu hraðað að afgr. þetta mál, eftir því sem hægt er, en ég geri naumast ráð fyrir, að þeirri afgreiðslu geti orðið lokið fyrr en um eða undir miðjan næsta mánuð.

**Forseti (GíslJ):** Ég tek að sjálfsögðu til greina þær upplýsingar, sem komið hafa frá hv. þm. Str., vil hins vegar benda á, að mál þetta fékk mjög róttæka athugun á síðasta þingi hér í þessari hv. d. hjá hinni sömu n., og liggja öll þau gögn fyrir, og með því að málið er mjög umfangsmikið og hlýtur að taka mikinn tíma, væri æskilegt, að því yrði hraðað. Ég tek hins vegar að fullu gildar þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá hv. þingmanni.

**Ingólfur Flygenring:** Herra forseti. Út af fyrirspurn um, hvað gengi í menntmn. um 17. mál, um breytingu á og viðauka við lög um laun háskólakennara, þá hefur verið haldinn einn fundur í n. og það er ákveðið, að það verði fundur annaðhvort í dag eða á morgun og þá verði nefndarálitið gefið út.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil þakka hv. formanni n. fyrir upplýsingarnar og geri mér að sjálfsögðu að góðu að fá nál. útgefið á morgun.

---

Á 11. fundi í Ed., 29. okt., utan dagskrár, mælti

**Sigurður Ó. Ólafsson:** Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hæstv. forseta á síðasta fundi um gang nokkurra mála í nefndum í þessari hv. deild, vil ég taka fram vegna samgmn.: Sú hefur verið venja, að samvn. samgöngumála, þ. e., sameinaðar samgmn. beggja deilda, hefur fjallað um frv., sem fram hafa komið um breyt. á vegalögum og brúalögum. Hefur sú tilhögun reynzt nokkuð vel. En slíkur fundur hefur ekki enn verið haldinn, en mun verða bráðlega. — Ég vildi aðeins geta þessa utan dagskrár vegna fyrirspurnar hæstv. forseta.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir þessar upplýsingar og vænti þá að heyra frá nefndinni, þegar málið þokast eitthvað áfram.

**Bernharð Stefánsson:** Herra forseti. Frv. það um breyt. á vegal., sem vísað var til hv. samgmn., var frá mér og var svo sérstaks eðlis, að mér finnst nú, að það gæti verið utan við þá venjulegu togstreitu um að fá tekna smávegakafla í vegalög. Ég vildi því mjög mælast til þess, að hv. nefnd afgreiddi þetta mál, hvað sem líður samningum samgmn. í deildunum um þessa venjulegu togstreitu um smávegakafla.

**Forseti (GíslJ):** Ég vil aðeins taka það fram út af þessari athugasemd, að ég vildi einnig beina þeirri áskorun til hv. formanns að taka það til athugunar, hvort hann eða nefndin sér sér fært að afgreiða málið þannig. Það er sjálfsagt hlutverk n. að skera úr um það.

---

Á 14. fundi í Nd., 30. okt., utan dagskrár, mælti

**forseti (SB):** Þá vildi ég leyfa mér að beina þeim óskum til hv. nefnda, sem málum hefur verið vísað til, að ganga sem greiðlegast að því að skila nál. um þau mál, sem hjá þeim liggja. Hinn 26. okt. s. l. hafði fimm málum verið vísað til hv. allshn., 6 til hv. fjhn., 11 til hv. heilbr.- og félmn., 9 til hv. landbn., 1 til hv. menntmn., 3 til hv. samgmn. og 4 til hv. sjútvn. En nál. hafa aðeins verið gefin út um örfá þessara mála. Leyfi ég mér að beina til hv. nefndarformanna, að þeir hlutist til um, að nefndir starfi sem greiðlegast, þannig að þd. þurfi ekki að sitja auðum höndum næstu daga, eins og fullt útlit er fyrir, ef ekki koma nál. á næstunni.

---

Á 23. fundi í Ed., 19. nóv., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vildi mega beina þeirri ósk til hv. formanna nefndanna að athuga, hvort hægt væri að skila þeim verkefnum, sem hjá þeim liggja, þar sem væntanlega eru ekki næstu daga nein verkefni fyrir deildina.

---

Á 57. fundi í Nd., 4. marz, utan dagskrár, mælti

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Þann 13. okt. á s. l. ári var frv. til l. um breyt. á l. um áburðarverksmiðju, sem ég flutti ásamt öðrum hv. þm., vísað til landbn. Nú er þetta frv. búið að liggja hjá þessari hv. nefnd allan októbermánuð, nóvembermánuð, desembermánuð, það af honum sem varið var til þingstarfa, og allan febrúarmánuð, og mér þykir sýnt, að hv. nefnd muni ekki ætla að afgr. þetta mál. Ég vil þess vegna leyfa mér að biðja hæstv. forseta að taka þetta mál nú til 2. umr. hið allra fyrsta til þess að fá úr því skorið, hvert fylgi málið hefur í þinginu.

**Forseti (SB):** Beiðni hv. 2. þm. Reykv. mun verða tekin til athugunar.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að á þingfundi 27. okt. var vísað til hv. fjhn. þessarar d. frv., sem ég flyt um skattfríðindi til sjómanna á íslenzkum fiskiskipum. Frv. þetta hefur nú legið allan þennan tíma hjá nefndinni, og bólar ekkert á

afgreiðslu. Ég vildi óska eftir því, að forseti vildi hlutast til um, að nefndin afgreiddi málið til þingsins, og ef hún ekki getur orðið við því, þá verði málið tekið hér á dagskrá til eðlilegrar afgreiðslu, þar sem það hefur legið jafnlengi í nefndinni og raun ber vitni um.

**Forseti (SB):** Af tilefni ummæla tveggja hv. þm., sem hér hafa talað utan dagskrár, vildi ég beina þeim tilmælum til þingnefnda yfirleitt, að þær skili frá sér málum, ljúki afgreiðslu þeirra eins fljótt og við verður komið.

## VI. Fjarvistir þingmanna.

Er 12. fundur í Ed., 30. okt., var settur, mælti

**forseti (GíslJ):** Með því að deildin er ekki ályktunarfær, leyfi ég mér að taka nafnakall til þess að sjá, hverjir eru fjarverandi.

[9. þm. (AE, BBen, BrB, FRV, GÍG, HG, HermJ, JJós, LJóh) voru fjarstaddir.

AE hafði fjarvistarleyfi.]

Með því að ekki eru nema 8 menn mættir og deildin ekki ályktunarfær, verður fundinum frestað fyrst um sinn.

Nokkru síðar mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vil leyfa mér að taka aftur nafnakall til að sjá, hverjir enn eru fjarverandi.

Eins og hv. dm. er kunnugt, varð að fresta hér fundi áðan vegna þess, að nægilega margir menn voru ekki mættir í deildinni, og var þá tekið nafnakall til þess að sjá, hverjir voru viðstaddir. Þá var klukkan 5 mínútur yfir hálf tvö, nú vantar klukkuna 20 mínútur í tvö.

[8 þm. (AE, BBen, BrB, FRV, HermJ, JJós, LJóh, PZ) voru fjarstaddir.

AE hafði fjarvistarleyfi.]

Með því að deildin er ályktunarfær, verður fundinum haldið áfram, en það skal tekið fram, að ég óska mjög eftir því, að þm. gæti þeirrar skyldu sinnar að mæta hér á réttum tíma, nema því aðeins að þeir hafi forföll, og þá tilkynni þeir það skrifstofunni eða forseta.

Í lok sama fundar mælti

**forseti (GíslJ):** Áður en fundinum er slitið, vil ég leyfa mér að benda hv. 2. landsk. þm. (BrB) á, af því að hann er mættur hér nú í d., að fresta varð fundi vegna þess, að nægilega margir þdm. voru ekki mættir, og fór þá fram nafnakall, og hann var einn af þeim, sem voru fjarverandi án þess að hafa haft til þess sérstakt leyfi eða gefið um það tilkynningu. Síðar fór nafnakall einnig fram á fundinum til þess að fá úr því skorið, hvort nægilega margir þdm. væru mættir, og þá var hann ekki heldur mættur. Ég vil því mega óska þess, að hann ásamt öðrum þm., sem eiga hér sæti, mæti nægilega snemma við fundarsetningu eða tilkynni skrifstofunni eða forseta, ef einhverjar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að þeir geta ekki mætt.

---

Á 13. fundi í Ed., 2. nóv., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vil að gefnu tilefni leyfa mér að tilkynna hv. þm. Seyðf., að á síðasta fundi var haft hér nafnakall, vegna þess að svo margir voru fjarverandi, að ekki var hægt að setja fund, og var hann einn af þeim, sem voru fjarverandi og hafði hvorki boðað veikindaforföll né fengið leyfi. Ég vildi mega óska eftir því, að hann léti tilkynna fjarveru, ef nauðsynlegar ástæður liggja fyrir. (Gripið fram í.) Það hafa engar tilkynningar komið um það til deildarinnar.

---

Á 17. fundi í Ed., 9. nóv., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Hv. þm. Str. hefur ekki séð sér fært að mæta hér í deildinni í dag eða á mörgum undanfarandi fundum, og með því að ég hef óskað mjög eftir því sem forseti, að þm. mættu hér, nema þeir hefðu gildar ástæður, þá mun ég óska eftir því, að skrifstofan tilkynni hv. þm. Str., að það sé hans þingskylda eins og annarra þingmanna að mæta hér á fundum, og vænti, að hann þá bregði venju sinni og sæki betur fundi en hann hefur gert.

Ég vil einnig nota tækifærið til þess að þakka þeim hv. þingmönnum, sem hafa tekið til greina athugasemdir mínar um þessi mál áður og sótt miklu betur fundi en áður var, þar sem það tefur að sjálfsögðu fyrir fundarstörfum, ef menn mæta ekki hér á réttum tíma.

---

Er 31. fundur í Nd., 30. nóv., var settur, mælti

**forseti (HÁ):** Það eru komnar fimm mínútur fram yfir þann tíma, er fundur átti að hefjast, og þessi töf stafar af því, hvað hv. þdm. mæta illa. Mér finnst það vera lágmarkskrafa, að þdm. mæti stundvíslega og séu til staðar við atkvgr. Ég mun ekki hafa nafnakall að þessu sinni til þess að rannsaka, hverja vantar, en það verður gert fljótlega, ef tilefni gefst til.

---

Er 43. fundur í Ed., 11. febr., var settur, mælti

**forseti (GíslJ):** Fundur er settur til þess að taka nafnakall. Það er sýnilegt, að það eru ekki nógu margir fundarmenn mættir. Gerðabókin hefur legið frammi, en það er ekki unnt að hafa atkvgr. um samþykkt fundargerðabókarinnar, vegna þess að það eru ekki nægilega margir á fundi. Ég vil gjarnan sjá, hverjir eru við.

[8 þm. (BSt, BBen, BrB, FVR, GÍG, HG, HermJ, VH) voru fjarstaddir.

BSt, BBen, GÍG, HG, VH höfðu fjarvistarleyfi.]

Mættir eru 9 deildarmenn, og fjarstaddir eru 8, en þar af hafa leyfi BSt, BBen, GÍG, HG og VH. Það er því fundarfært orðið í deildinni.

Áður en gengið er til dagskrár, vildi ég mega tjá hv. 2. landsk., að við höfum orðið að fresta

hér að setja fundinn vegna þess, að hann var ekki kominn á réttum tíma ásamt ýmsum öðrum og hefur ekki boðað fjarvistarleyfi. Vildi ég mælast til þess, að fundir yrðu ekki tafðir við það, að hv. þingmaður komi ekki á hæfilegum tíma til fundarsetu.

---

Á 48. fundi í Ed., 18. febr., utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vil leyfa mér að beina því til hv. 6. landsk., að síðan Alþingi tók aftur til starfa 5. þ. m., hefur hann ekki sótt hér fundi og ekki heldur gefið neinar ástæður fyrir fjarveru eða óskað eftir fjarvistarleyfi. Ef ástæður hans eru slíkar, að hann hefur ekki ástæður til að sækja betur fundi, vildi ég mælast til þess, að hann léti varamann sinn mæta fyrir sig, sem að sjálfsögðu yrði tekið til athugunar af forseta.

---

## VII. Vélræn upptaka á þingræðum.

Á 66. fundi í Ed., 23. marz, utan dagskrár, mælti

**forseti (GíslJ):** Ég vil tilkynna hv. Ed., að út af fyrirspurn frá hæstv. dómsmrh. í gær, hvort orð, sem töluð eru í deildinni, gætu tekið þeim breytingum á segulbandinu, að af því kæmu aftur allt önnur orð en töluð hefðu verið inn á það, sem m. a. gæfu ræðum þingmanna allt annan blæ og allt aðra meiningu, hef ég sem forseti látið fara fram eftirfarandi athugun:

Þann 23. marz 1954, kl. 10.10 fyrir hádegi, voru eftirfarandi setningar talaðar inn á segulband frá ræðustól þingmanna í Ed. til þess að fullvissa sig um, hvort þær breyttust að efni til frá því að þær voru talaðar og þar til þær voru aftur fluttar af segulbandinu:

„Geta orð, sem töluð eru úr ræðustól inn á segulband í Ed., breytzt frá því, sem þau eru töluð, og þar til segulbandið skilar þeim aftur? Getur já breytzt í nei eða nokkrar aðrar breytingar átt sér stað, er raskað geti efni ræðunnar?“

Orð þessi voru lesin af mér sem forseta úr ræðustól þingmanna inn á segulband í áheyrn beggja skrifara deildarinnar og hlustað á þau aftur af segulbandinu af okkur öllum og þau þá borin saman við handritið. Kom þá í ljós, að segulbandið skilaði orðunum aftur nákvæmlega eins og þau höfðu verið rædd úr ræðustól. Því upplýsist: Ræður þingmanna breytast ekki, hvorki að orði né efni, frá því að þær eru talaðar úr ræðustól í deildinni og þar til segulband skilar þeim aftur.

Síðar á sama fundi mælti

**dómsmrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég var því miður ekki kominn við setningu fundarins, en hæstv. forseti hefur sýnt mér þá vinsemd að lofa mér að lesa yfir grg., sem hann hefur samið út af þeirri athugasemd, sem ég bar hér fram um hljóminn í hv. d. Ég sé af grg., sem er mjög röggsamleg eins og við var að búast, að hann hefur að nokkru leyti misskilið mínar athugasemdir, vegna þess að það var ekki fyrst og fremst um sjálft segulbandið, sem ég spurði, heldur hljóminn innan deildarinnar, hvort hann væri orðinn svo skakkur, að ekki heyrðist á milli borða og sérstaklega upp í blaðamannastúkuna það, sem sagt væri hér niðri, þannig að það heyrðist vera sagt nei uppi í þeirri stúku, þegar sagt væri já hér niðri í ræðustólnum.

**Forseti (GíslJ):** Út af orðum hæstv. dómsmrh., þá get ég ekki sagt um það atriði annað en það, að forseti Ed. er ekki bær um að fá það atriði sérstaklega rannsakað.

---

## VIII. Minning látinna manna.

Á 9. fundi í Sþ., 19. okt., mælti

**forseti (JörB):** Í gær barst hingað fregn um, að Bergur Jónsson hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi alþingismaður væri látinn, en hann fór fyrir skömmu til Noregs til þess að leita sér þar heilsubótar. Áður en fundarstörf hefjast, vil ég minnast þessa þjóðkunna manns nokkrum orðum.

Bergur Jónsson fæddist í Reykjavík 24. sept. 1898 og var því ekki nema 55 ára, þegar hann féll frá. Foreldrar hans voru Jón yfirdómari Jensson rektors Sigurðssonar og kona hans, Sigríður Hjaltadóttir bónda í Ytri-Ey á Skagaströnd Ólafssonar Thorbergs. Hann brautskráðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1919 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands fjórum árum síðar, 1923, varð þá um haustið fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík og gegndi því starfi um fjögurra ára skeið eða þar til hann var haustið 1927 settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu. Fyrir því embætti fékk hann veitingu vorið eftir, 1928, og gegndi því til 1935, en þá var hann skipaður sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði og hafði það embætti á hendi í rúm 10 ár, til vorsins 1945. Þá var honum veitt sakadómaraembættið í Reykjavík, en var veitt lausn frá því 1947, eftir tæplega tveggja ára þjónustu, sakir vanheilsu. Eftir það varð hann héraðsdómslögmaður í Hafnarfirði og Reykjavík og síðast hæstaréttarlögmaður. Barðstrendingar kusu hann á þing 1931, og átti hann hér sæti til 1942, sat alls á 16 þingum. Áður hafði hann verið þingsveinn og síðar þingskrifari. Þess má og geta hér, sem er allfátítt, að bæði faðir hans, Jón yfirdómari Jensson, og föðurfaðir, Jens rektor Sigurðsson, höfðu verið alþingismenn og einnig tveir afabræður hans, Jón Sigurðsson forseti og Bergur Thorberg landshöfðingi.

Bergur Jónsson þótti hinn mesti efnismaður og til forustu fallinn, skarpskyggn lögfræðingur og harðskeyttur baráttumaður á hinum fyrri þingárum sínum, enda voru honum falin ýmis mikilvæg trúnaðarstörf. Hann var m. a. formaður í mþn. í kjördæmaskipunarmálinu 1931, formaður lögfræðinganefndar um réttarfarslöggjöf 1934, átti sæti í mþn. um hag og rekstur

togaraútgerðar 1938 og var um alllangt skeið í miðstjórn Framsóknarfloksins. Í landskjörstjórn var hann kjörinn af Alþingi 1943 og jafnan síðan. En heilsubrestur olli því, þegar fram í sótti, að hann naut sín ekki eins og efni og vonir stóðu til. Hin síðari árin mun hann aldrei hafa gengið heill til skógar.

Ég vil biðja þingheim að minnast þessa vinsæla og vel gefna manns, sem nú er fallinn frá fyrir aldur fram, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

---

Á 36. fundi í Sþ., 1. marz, mælti

**forseti (JörB):** Síðastliðinn föstudag, 26. febrúar, andaðist hér í bænum á 69. aldursári Hallgrímur Benediktsson stórkaupmaður, en hann átti sæti um skeið á Alþingi fyrir fáum árum. Ég vil nú minnast nokkrum orðum þessa þjóðkunna athafnamanns.

Hallgrímur Benediktsson var Austfirðingur, fæddist 20. júlí 1885 á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, sonur Benedikts smiðs og bónda frá Refstað og Rjúpnafelli í Vopnafirði Jónssonar prests í Reykjahlíð Þorsteinssonar og seinni konu hans, Guðrúnar Björnsdóttur bónda á Karlsstöðum í Reyðarfirði og síðar á Stuðlum í Viðfirði Þorleifssonar. Hann ólst upp hjá frænda sínum, séra Birni Þorlákssyni á Dvergasteini, til tvítugsaldurs, stundaði síðan nám í verzlunarskólanum 1905—1906, gerðist að því loknu starfsmaður í pósthúsinu í Reykjavík, en hafði það starf á hendi skamma hríð og hvarf að verzlunarstörfum, sem hann stundaði 1907—1911, en þá stofnaði hann umboðs- og heildverzlun, sem jafnan hefur síðan verið við hann kennd, og rak hann hana einn fyrstu tíu árin, síðan um 19 ára skeið í félagi við annan mann, en í s. l. hálfan annan áratug hefur hann einn veitt henni forstöðu. Þessi verzlun hefur lengi verið í tölu stærstu heildverzlana landsins, og má telja Hallgrím einn meðal frumherja íslenzkrar stórkaupmannastéttar. Auk verzlunar sinnar átti hann og þátt í stofnun ýmissa fyrirtækja á verzlunarsviðinu, svo sem h/f Shell á Íslandi og Ræsis, og átti sæti í stjórn þeirra. Um langt skeið var hann formaður stjórnar Verzlunarráðs Íslands og í framkvæmdanefnd Vinnuveitendafélags Íslands. Í stjórn Eimskipafélags Íslands átti hann sæti í tæpan þriðjung aldar, eða frá 1921 til dauðadags, var lengst af varaformaður, en formaður síðustu árin. Hann sat í bæjarstjórn Reykjavíkur á árunum 1926—1930 og aftur frá 1946—1954, var varaforseti hennar 1946—1952, en síðan forseti til loka kjörtímabilsins. Í hafnarstjórn Reykjavíkur átti hann og sæti um 8 ára skeið, frá 1946—1954. Hann tók sæti á Alþingi 1945 sem varamaður Jakobs Möllers, þm. Reykv., sem þá varð sendiherra í Kaupmannahöfn, var síðan kosinn þm. Reykv. 1946 og sat á þingi út kjörtímabilið, til 1949.

Á yngri árum lagði Hallgrímur mjög stund á íþróttir, einkum íslenzka glímu, og varð afreksmaður í þeirri grein. Hann varð glímukóngur Íslands í konungsglímunni á Þingvöllum 1907 og vann silfurbikar á Ólympíuleikunum í Stokkhólmi fimm árum síðar, 1912. Frækleiks hans á þessu sviði mun lengi minnzt og eigi síður hins, hve drengilega hann sótti og varðist. Það drengskaparéðli var og jafnan uppistaðan í framkomu hans allri og störfum á lífsleiðinni og sá þátturinn í persónuleika hans, sem framar öllu öðru hóf hann til margháttaðra trúnaðarstarfa og mannaforráða.

Hallgrímur Benediktsson ávann sér þegar á unga aldri sérstakt traust og virðingu stéttarbræðra sinna og alls almennings fyrir lipurð, orðheldni og heiðarleik í viðskiptum, og varð hann snemma í fylkingarbrjósti út á við í verzlunarstétt og vinnuveitenda, ekki fyrir harðfylgi, vopnfimi eða mælsku sakir, heldur þeirra mannkosta, sem hverjum forustumanni eru eða ættu að vera ekki síður nauðsynlegir og hann átti til að bera í ríkum mæli, góðvildar, stillingar, lagni og fastlyndis í sókn að settu marki. Hann naut því óvenjulegrar mannhylli og mun hafa átt fáa eða enga óvildarmenn. Ég hygg, að þeir, sem kynntust honum hér á þingi, muni allir minnast prúðmennsku hans og bera til hans hlýjan hug. Ég vil biðja þingheim að votta þessum látna merkismanni virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

---

## IX. Slysfarir — minning.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., mælti

**forseti (JörB):** Í gær barst hingað fregn um hörmulegt sjóslys í ofviðrinu aðfaranótt s. l. mánudags, er síldveiðiskipinu Eddu frá Hafnarfirði hvolfdi á legunni á Grundarfirði skammt undan landi og níu menn af seytján manna áhöfn skipsins fórust, þrír þeirra úr vosbúð eftir margra klukkustunda hrakninga í nótabáti skipsins. Allir voru menn þessir í blóma lífsins, hinn yngsti þeirra ekki nema 17 ára og hinn elzti 42 ára, fimm þeirra kvæntir og láta eftir sig samtals 18 börn. Auk þess eru foreldrar flestra þeirra á lífi.

Við hið sviplega fráfall þessara vösku sjómanna, sem flestir áttu heima í Hafnarfirði, hefur ekki aðeins bæjarfélagið þar goldið mikið afhroð, heldur á og öll íslenzka þjóðin um sárt að binda.

Ég vil biðja þingheim að votta þessum föllnu hetjum virðingu sína og hinum harmi lostnu ástvinum þeirra innilega hluttekningu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

---

## X. Rannsókn kjörbréfa — varamenn taka þingsæti.

Á 2. fundi í Sþ., 5. okt., áður en gengið var til dagskrár, lá fyrir rannsókn kjörbréfs.

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund og tekið til

athugunar kjörbréf Kjartans Jóhannssonar, hv. þm. Ísaf. Nefndin hefur ekki neinar athugasemdir að gera við kjörbréfið og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

---

Á 3. fundi í Sþ., 6. okt., áður en gengið var til dagskrár, lá fyrir rannsókn kjörbréfs.

**Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til meðferðar kjörbréf Jóhanns Jósefssonar, hv. þm. Vestm. Nefndin hefur ekki fundið neitt við kjörbréfið að athuga og leggur til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

**Frsm. (Einar Ingimundarson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf hv. þm. Str., Hermanns Jónassonar, og ekkert fundið athugavert við það, engar kærur hafa borizt nefndinni út af kosningu þessa hv. þm., og leggur því n. einróma til, að kjör hans verði tekið gilt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Jóhanns Hafsteins bankastjóra, 5. þm. Reykv. Það hefur engin kæra borizt út af kosningu hans. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur einróma til, að kosning hans verði tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 30 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Sþ., 12. nóv., áður en gengið var til dagskrár, mælti

**forseti (JörB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Formaður þingflokks Framsfl. hefur í gær sent mér svo hljóðandi bréf:

„Með því að Helgi Jónasson, 2. þm. Rang., er veikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 3. mgr. 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Björn F. Björnsson, taki sæti á Alþ. í veikindaforföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Halldór Ásgrímsson.

Til forseta sameinaðs þings."

Ég vil mega biðja hv. kjörbréfanefnd að gera svo vel og taka nú þetta kjörbréf og kosningu varaþingmanns 2. þm. Rang. til athugunar og gef sjö mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

**Frsm. (Lárus Jóhannesson):** Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Björns F. Björnssonar sýslumanns sem varaþingmanns í Rangárvallasýslu, sem nú er ætlazt til að taki sæti á þingi í veikindaforföllum 2. þm. Rang. Engin kæra hefur borizt um kosninguna, og kjörbréfanefndin hefur ekkert við kjörbréfið að athuga. Hún leggur því til, að kosning hans verði tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., 13. apríl, áður en gengið var til dagskrár, mælti.

**forseti (GíslJ):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Sameiningarflokki alþýðu — Sósfl.:

„Reykjavík, 12. apríl 1954.

Með því að Brynjólfur Bjarnason, 2. landsk. þm., er á förum til útlanda í nauðsynjaerindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 3. málsgr. 144. gr. l. nr. 80/1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Ásmundur Sigurðsson, taki sæti hans á Alþingi, meðan hann verður fjarvistum.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

F. h. Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins,

Einar Olgeirsson.

Til forseta efri deildar."

Ég vil því leyfa mér að bjóða hv. varamann 2. landsk., Ásmund Sigurðsson, velkominn hér á þingið. Ég hygg, að kjörbréf hans hafi verið athugað fyrr á þinginu, svo að það þurfi ekki að fara fram nein athugun á kjörbréfinu. Ég vil bjóða hann velkominn til þingsins.

---

## XI. Mannaskipti í nefndum.

Á 8. fundi í Nd., 20. okt., áður en gengið var til dagskrár, mælti

**forseti (SB):** Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Hér með er þess óskað, að Alþfl. fái að skipta um menn í tveimur nefndum deildarinnar, þannig: Emil Jónsson taki sæti Eggerts Þorsteinssonar í sjútvn. og Eggert Þorsteinsson sæti Emils Jónssonar í iðnn. Tilmæli þessi eru og borin fram að ósk beggja hutaðeigenda.

Alþingi, 19. okt. 1953.

F. h. þingflokks Alþýðuflokksins,

Haraldur Guðmundsson."

Þetta tilkynnist hér með, og er að sjálfsögðu orðið við óskum hv. formanns þingflokks Alþfl. um þetta efni.

## XII. Kosningar.

### 1. Menntamálaráð.

Á 23. fundi í Sþ., 9. des., var tekin til meðferðar
**kosning menntamálaráðs, fimm manna, til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 1928, um menntamálaráð Íslands.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Valtýr Stefánsson, Pálmi Hannesson, Vilhjálmur Þ. Gíslason, Haukur Snorrason, Guðmundur G. Hagalín; á B-lista Einar K. Laxness. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 9 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Valtýr Stefánsson ritstjóri,
Pálmi Hannesson rektor,
Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri,
Haukur Snorrason ritstjóri,
Einar K. Laxness stud. mag.

### 2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1953, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jörundur Brynjólfsson, Sigurjón Á. Ólafsson; á B-lista Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. þeim úrslitum lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Jón Pálmason alþm.,
Jörundur Brynjólfsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm.

### 3. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 1928, um friðun Þingvalla.**

**Forseti (JörB):** Ég vil taka það fram, að þótt kosning þessi sé látin fara fram nú, þá gildir hún ekki fyrr en frá þeim degi, er Alþ. því, sem nú situr, lýkur. En til þess tíma eiga sæti í n. þeir menn, sem kjörnir voru í þinglok 1949—50.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Gísli Jónsson, Hermann Jónasson, Haraldur Guðmundsson; á B-lista Brynjólfur Bjarnason. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Gísli Jónsson alþm.,
Hermann Jónasson alþm.,
Haraldur Guðmundsson alþm.

### 4. Landskjörstjórn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Jón Ásbjörnsson, Sigtryggur Klemenzson, Einar B. Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson, Vilmundur Jónsson; á B-lista Ragnar Ólafsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkvæmt þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari,
Sigtryggur Klemenzson skrifstofustjóri,
Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður,
Vilhjálmur Jónsson lögfræðingur,
Vilmundur Jónsson landlæknir.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi með fimm nöfnum. Kosningin fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Björgvin Sigurðsson lögfræðingur,
Benedikt Sigurjónsson fulltrúi,
Gunnar Möller hæstaréttarlögmaður,
Hannes Guðmundsson lögfræðingur,
Einar Arnalds borgardómari.

### 5. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
**kosning stjórnar fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1956, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Sverrir Júlíusson, Lúðvík Kristjánsson, Davíð Ólafsson, Sigurvin Einarsson, Jón Axel Pétursson; á B-lista Lúðvík Jósefsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sverrir Júlíusson útgerðarmaður,
Lúðvík Kristjánsson ritstjóri,
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri,
Sigurvin Einarsson forstjóri,
Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi með fimm nöfnum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Jakob Hafstein framkvæmdastjóri,
Hallgrímur Oddsson útgerðarmaður,
Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri,
Jón Sigurðsson útgerðarmaður,
Sigfús Bjarnason ráðsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur.

**6. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.**

Fram kom einn listi, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður,
Þorkell Jóhannesson prófessor,
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari.

**7. Stjórn og endurskoðendur byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning stjórnar byggingarsjóðs, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1957, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 9. gr. l. nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.**

Við kosningu sjóðsstjórnar komu fram tveir listar. Á A-lista voru Jón G. Maríasson, Eysteinn Jónsson, Sveinbjörn Hannesson, Björn Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson; á B-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón G. Maríasson bankastjóri,
Eysteinn Jónsson fjmrh.,
Sveinbjörn Hannesson verkamaður,
Björn Guðmundsson skrifstofustjóri,
Stefán Jóh. Stefánsson forstjóri.

Við kosningu endurskoðenda kom fram einn listi, sem á voru tvö nöfn. Kosning fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Björn Björnsson hagfræðingur,
Gísli Guðmundsson alþm.

**8. Útvarpsráð.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning útvarpsráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 25 1943.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Magnús Jónsson, Þórarinn Þórarinsson, Sigurður Bjarnason, Rannveig Þorsteinsdóttir, Stefán Pétursson; á B-lista Björn Th. Björnsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 9 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Magnús Jónsson dr. theol.,
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri,
Sigurður Bjarnason alþm.,
Rannveig Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður,
Björn Th. Björnsson listfræðingur.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Magnús Jónsson, Andrés Kristjánsson, Kristján Gunnarsson, Hannes Jónsson, Guðjón Guðjónsson; á B-lista Sverrir Kristjánsson. — A-listi hlaut 39 atkv., B-listi 8 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson alþm.,
Andrés Kristjánsson blaðamaður,
Kristján Gunnarsson kennari,
Hannes Jónsson félagsfræðingur,
Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur.

**9. Tryggingaráð.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 1946, um almannatryggingar.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Gunnar Möller, Helgi Jónasson, Kjartan J. Jóhannsson, Bjarni Bjarnason, Kjartan Ólafsson; á B-lista Brynjólfur Bjarnason. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Gunnar Möller hæstaréttarlögmaður,
Helgi Jónasson alþm.,
Kjartan J. Jóhannsson alþm.,
Bjarni Bjarnason skólastjóri,
Kjartan Ólafsson frá Hafnarfirði.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur,
Jóhannes Elíasson fulltrúi,
Ágúst Bjarnason skrifstofustjóri,
Eiríkur Pálsson fulltrúi,
Stefán Jóh. Stefánsson forstjóri.

**10. Raforkuráð.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning raforkuráðs, fimm manna, til fjögurra ára, frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1957, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 50. gr. raforkulaga, nr. 12 1946.**

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Ingólfur Jónsson, Daníel Ágústínusson, Magnús Jónsson, Skúli Guðmundsson, Axel Kristjánsson; á B-lista Sigurður Thoroddsen. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ingólfur Jónsson viðskmrh.,
Daníel Ágústínusson kennari,
Magnús Jónsson alþm.,
Skúli Guðmundsson alþm.,
Axel Kristjánsson framkvæmdastjóri.

**11. Stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum og endurskoðendur.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1957, samkv. 4. og 13. gr. l. nr. 25 1946.**

Við kosningu hafnarstjórnarinnar komu fram tveir listar. Á A-lista voru Alfreð Gíslason, Danival Danivalsson, Þórhallur Vilhjálmsson; á B-lista Sigurbjörn Ketilsson. — A-listi hlaut 39 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti,
Danival Danivalsson kaupmaður,
Þórhallur Vilhjálmsson skipstjóri.

Við kosningu endurskoðenda kom fram einn listi með tveim nöfnum. Kosning fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Guðmundur Guðmundsson forstjóri,
Valtýr Guðjónsson forstjóri.

### 12. Landsbankanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til sex ára, frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 1928, um Landsbanka Íslands, og l. nr. 40 1940, um breyt. á þeim lögum.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Sigurður Kristjánsson, Skúli Guðmundsson, Hallgrímur Benediktsson, Þórður Björnsson, Eggert Þorsteinsson; á B-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 39 atkv., B-listi 7 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Sigurður Kristjánsson forstjóri,
Skúli Guðmundsson alþm.,
Hallgrímur Benediktsson stórkaupmaður,
Þórður Björnsson fulltrúi,
Eggert Þorsteinsson alþm.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi með fimm nöfnum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason alþm.,
Eiríkur Jónsson bóndi í Vorsabæ,
Sigurður Bjarnason alþm.,
Guðmundur Kr. Guðmundsson fulltrúi,
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri.

### 13. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

#### a. Kosning í Ed.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var tekin á dagskrá

**kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1957, samkv. l. nr. 2 1888.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 15. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Garðar Jónsson formaður Sjómannafélags Reykjavíkur.

#### b. Kosning í Nd.

Á 36., 39. og 40. fundi í Nd., 9., 15. og 17. des., var tekin á dagskrá

**kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins frá 1. jan. 1952 til 31. des. 1955, samkv. l. nr. 2 1888, í stað Gísla alþm. Guðmundssonar, er sagt hefur starfinu lausu.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Jóhannes Elíasson fulltrúi.

### 14. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

#### a. Kosning í Ed.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var tekin á dagskrá

**kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa, allra úr hópi þingmanna, í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 15. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gísli Jónsson alþm. (A),
Bernharð Stefánsson alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Lárus Jóhannesson alþm. (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B).

#### b. Kosning í Nd.

Á 36., 39., 40., 41. og 49. fundi í Nd., 9., 15., 17. og 18. des., 18. febr., var tekin á dagskrá

**kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa, allra úr hópi þingmanna, í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 23. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista var Hannibal Valdimarsson; á B-lista Ásgeir Bjarnason; á C-lista Sigurður Bjarnason, Jónas Rafnar. — A-listi hlaut 10 atkv., B-listi 9 atkv., C-listi 14 atkv., en 1 seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Sigurður Bjarnason alþm.,
Hannibal Valdimarsson alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals þrjú nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (C),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (A),
Halldór Ásgrímsson alþm. (B).

**15. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.**

Á 28., 29., 33. og 35. fundi í Sþ., 17. og 18. des., 17. og 24. febr., var tekin á dagskrá

**kosning þriggja manna nefndar samkv. 15. gr. A. XI. í fjárlögum fyrir árið 1954, til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 3. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Þorkell Jóhannesson, Helgi Sæmundsson; á B-lista Þorsteinn Þorsteinsson; á C-lista Magnús Kjartansson. — *A-listi* hlaut 22 atkv., *B-listi* 16 atkv., C-listi 6 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Þorkell Jóhannesson prófessor,
Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður,
Helgi Sæmundsson ritstjóri.

**16. Milliþinganefnd um brunatryggingar utan Reykjavíkur.**

Á 49. fundi í Sþ., 13. apríl, var tekin til meðferðar

**kosning 5 manna nefndar til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur, samkv. lögum, er samþ. voru á Alþingi 12. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.**

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Jón Sigurðsson, Jónas Rafnar, Guðmundur Í. Guðmundsson; á B-lista Guðmundur Guðlaugsson, Vilhjálmur Jónsson; á C-lista Finnbogi R. Valdimarsson. — A-listi hlaut 27 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 6 atkv., en tveir seðlar voru auðir. Samkv. þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Sigurðsson alþm.,
Guðmundur Guðlaugsson forstjóri,
Jónas Rafnar alþm.,
Guðmundur Í. Guðmundsson alþm.,
Vilhjálmur Jónsson lögfræðingur.

**17. Áfengisvarnaráð.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, er afgreidd voru frá Alþingi 12. apríl 1954.**

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista var Guðmundur G. Hagalín; á B-lista Guðlaug Narfadóttir, Kristinn Stefánsson; á C-lista Guðgeir Jónsson; á D-lista Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson. — A-listi hlaut 6 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 6 atkv., D-listi 21 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson alþm.,
Guðlaug Narfadóttir,
Kjartan J. Jóhannsson alþm.,
Kristinn Stefánsson fríkirkjuprestur.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar Ingimundarson alþm. (B),
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (A),
Sigurður Ágústsson alþm. (B),
Kristján Benediktsson kennari (A).

**18. Milliþinganefnd í heilbrigðismálum.**

Á sama fundi var tekin á dagskrá

**kosning 3 manna milliþn. í heilbrigðismálum, samkv. þingsályktun, er samþ. var á Alþingi 12. apríl 1954, um milliþinganefnd í heilbrigðismálum.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Kjartan J. Jóhannsson alþm.,
Esra Pétursson læknir,
Alfreð Gíslason læknir.

**19. Togaranefnd.**

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var tekin til meðferðar

**kosning 7 manna nefndar til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar, samkv. þingsályktun, er samþ. var á Alþingi 13. apríl 1954, um hag togaraútgerðarinnar.**

Fram komu fjórir listar, A, B, C og D, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Björn Ólafsson alþm. (D),
Hermann Jónasson alþm. (B),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (D),
Jóhannes Eliasson fulltrúi (B),
Ólafur Björnsson prófessor (D),
Lúðvík Jósefsson alþm. (C),
Emil Jónsson alþm. (A).

**20. Kosningalaganefnd.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning 7 manna nefndar til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar, samkv. þingsályktun, er samþ. var á Alþingi um það efni 13. apríl 1954.**

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gísli Jónsson alþm. (D),
Páll Þorsteinsson alþm. (B),
Einar Ingimundarson alþm. (D),
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (D),
Ingi R. Helgason lögfræðingur (C),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (A).

## XIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

**Skrifstofan og prófarkalestur:**
Sigríður Bjarklind, Kristrún Guðmundsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

**Skjalavarzla og afgreiðsla:**
Kjartan Bergmann.

**Lestrarsalsgæzla:**
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

**Vélræn upptaka á þingræðum:**
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

**Ræðuritun:**
Umsjón með og eftirlit: Ólafur Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ó. Ásmundsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Kirsten Thorberg, Sigfríður Bjarnar, Gerður Ísberg, Stefanía Einarsdóttir, Dóra Guðlaugsdóttir.

**Dyra- og pallavarzla:**
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Þórður Jónsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Ingimar Karlsson (lét af starfi 30. nóv.), Einar Eymann.

**Þingsveinsstörf:**
Ormar Skeggjason, Karl Jóhann Karlsson, Þórður Georgsson (til 21. jan.), Hrafnkell Gíslason (til áramóta), Steini Sævar Þorsteinsson, Magnús Þorsteinsson (til 31. okt.), Ásmundur Guðmundsson (frá 18. nóv.), Guðmundur Guðbjörnsson (frá 5. febr.), Ágúst Guðjónsson (8.—10. febr.), Karl Gunnarsson (frá 26. febr.).

**Símavarzla:**
Ingibjörg Pétursdóttir, Svala Nielsen, Birgir Guðjónsson.

**Fatagæzla:**
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

**Þingfréttamaður í útvarpi:**
Helgi Hjörvar.

---

## XIV. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 40. fundi í Ed., 17. des., mælti

**forseti (GíslJ):** Hv. alþingismenn. Störfum þessarar hv. deildar er nú að verða lokið á þessu ári. Síðasta verk deildarinnar var að samþ. frumvarp á þskj. 325, 90. mál, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, er nú er orðið að lögum, en samkv. þessum lögum er nú mögulegt að hefjast þegar handa um byggingu heimilis fyrir þá menn, sem harðast hafa orðið úti í lífsbaráttunni. Þetta var mannúðleg, vegleg og kærleiksrík jólagjöf til smælingjanna. Fyrir hana ber að þakka öllum hv. þingmönnum.

Þeim hv. þingmönnum, sem nú halda heim í jólafríinu, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu, þeim, er sjúkir eru, óska ég skjóts og góðs bata, að þeir megi sem allra fyrst koma hingað aftur til starfa heilir og hraustir. Yður öllum, fjölskyldum yðar og starfsliði þingsins óska ég gleðilegra jóla. Megi hinn helgi jólafriður og hin einlæga, sanna jólagleði verða hlutskipti yðar allra á komandi jólum. Öllum óska ég árs og friðar á komandi ári, um leið og ég þakka samstarf, samhug og samveru á því ári, sem nú er að líða.

Að síðustu óska ég þess, að við öll megum hittast hér aftur heil til áframhaldandi starfa á næsta ári. — Gleðileg jól.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta góðar óskir. Jafnframt vil ég bera fram þakkir til hans fyrir gott samstarf á þeim hluta þingsins, sem liðinn er, röggsama og hlutdrægnislausa fundarstjórn. Að lokum leyfi ég mér að bera fram — ég hygg fyrir hönd allra hv. þingmanna í deildinni — óskir til hæstv. forseta og fjölskyldu hans um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Ég vænti, að hv. deildarmenn taki undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

**Forseti (GíslJ):** Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir hans góðu óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið undir þær. Ég endurtek óskir mínar um gleðileg jól og farsælt ár. — Fundi er slitið.

---

Á 41. fundi í Nd., 18. des., mælti

**forseti (SB):** Þá er dagskrá þessa fundar þrotin. En þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. fyrir hátíðar, vil ég óska hv. þdm. gleðilegra jóla og nýárs, um leið og ég þakka góða samvinnu við mig sem forseta, það sem af er þessu þingi. Ég óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu, og öllum hv. þm. óska ég árs og friðar.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér — og ég veit ég geri það fyrir hönd allra hv. þdm. — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð og vil um leið þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þingmenn, það sem af er þessu þingi, og ég veit ég mæli það fyrir munn allra hv. þdm., að ég óska honum gleðilegra jóla og góðs nýárs og að við megum sjá hann heilan hér aftur, þegar við hittumst á ný. Ég vil biðja hv. þdm. um að rísa úr sætum sínum til að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta. — [Dm. risu úr sætum.]

**Forseti (SB):** Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir í minn garð og öllum hv. þm. fyrir

að hafa tekið undir þær. Endurtek ég svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Á 30. fundi í Sþ., s. d., mælti

**forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 73. löggjafarþings, frá 18. des. 1953, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 5. febr. 1954.

Gert á Bessastöðum, 18. des. 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði lýsi ég því hér með yfir, að fundum þessa Alþingis, 73. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag að telja, og verður það kvatt til fundar að nýju eigi síðar en hinn 5. febr. næstkomandi.

Leyfi ég mér svo að flytja óskir mínar til þingmanna um gleðileg jól og farsælt ár.

**Forseti (JörB):** Samkv. því, er nú hefur verið tilkynnt, verður þetta síðasti fundur sameinaðs Alþingis að þessu sinni, unz framhaldsfundir hefjast eftir nýárið.

Ég vil óska hv. þingmönnum gleðilegra jóla og gleðilegs og farsæls nýárs. Sömuleiðis vil ég óska öllu starfsfólki þingsins gleðilegra jóla og gleðilegs nýárs. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar ferðar heim og góðrar heimkomu. Megum allir heilir hittast, þá er þing hefur störf sín eftir áramótin.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér — og ég veit, að ég geri það fyrir hönd allra hv. þm. — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil um leið leyfa mér að þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm., það sem af er þessu þingi, og óska honum gleðilegra jóla og góðs nýárs og öllu hans fólki. Ég vil leyfa mér að óska honum góðrar ferðar heim og að við megum sjá hann hér aftur heilan, þegar við hittumst eftir nýárið. Og ég vil leyfa mér að biðja hv. þingmenn um að taka undir þessar óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þær og endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þingmanna. Segi ég svo fundi slitið.

Á 31. fundi í Sþ., 5. febr., mælti

**forsrh. (Ólafur Thors):** Á ríkisráðsfundi 30. f. m. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 73. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 5. febr. 1954, kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 30. jan. 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors."

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis, 73. löggjafarþings.

**Forseti (JörB):** Samkvæmt því, er nú hefur verið tilkynnt, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil óska hv. þingmönnum og sömuleiðis starfsfólki þingsins gleðilegs og farsæls árs.

## XV. Starfslok deilda.

### a. Í efri deild.

Á 92. fundi í Ed., 13. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (GíslJ):** Nú hefur hv. Nd. lokið störfum að þessu sinni. Þar hafa verið afgreidd tvö frv., annað frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, 161. mál, Nd., en tekið þar svo miklum breytingum, að ógerlegt væri að ljúka því máli hér á fundi í kvöld, þótt það væri tekið á dagskrá. Málið yrði sennilega að fara til n., og mundi ekki vinnast tími til þess að ljúka afgreiðslu málsins á þessu þingi; það mál er því ekki tekið á dagskrá hér í þessari hv. d. Hitt málið, sem hefur einnig fengið meðferð í hv. Nd., er frv. til laga um húsaleigu, 125. mál, Ed. Það mál hefur tekið svo víðtækum breytingum, að raunverulega má segja, að hér sé um nýtt mál að ræða. Það mundi einnig þurfa svo langan tíma til athugunar og umr., að sá tími, sem nú er til starfa, mundi ekki heldur duga til þess að afgr. það mál; það mál verður því ekki heldur tekið á dagskrá í þessari hv. deild. — Þar með er þá verkefni þessa fundar lokið, og þetta mun þá verða síðasti fundur þessarar hv. deildar.

Hv. alþingismenn. Það fer nú að líða að þingslitum. Verður þessi fundur hinn síðasti í hv. d. á þessu þingi. Fundargerðir síðustu þriggja funda hafa eigi legið frammi. Vil ég óska eftir leyfi hv. d. til þess að undirrita þær síðar og skoða það samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Þetta þing hefur afgr. ýmis merk lög, sem marka munu djúp spor á framfarabraut og skapa á komandi árum betri lífskjör og bjartari framtíð, svo sem raforkulögin, skatta- og tollalögin, lög um smáíbúðalán og ýmis önnur lög snertandi fjárhag og atvinnulíf landsmanna.

Þá hafa verið afgreidd hér í dag lög um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Eru þau makleg og virðuleg sumargjöf til þeirra, sem á langri ævi hafa oft hætt lífi sínu öðrum fremur til þess, að hér mætti búa þjóð með vaxandi menningu og framfarir á öllum sviðum, — menn, sem fórnuðu hátíðum og helgidögum, svefni, hvíld og heimilisunaði, vikum og mánuðum saman, til þess að aðrir gætu átt betri daga.

Megi þessi sumargjöf verða hinum öldruðu sjómönnum til mikillar gleði og blessunar og veita þeim í elli þeirra mikið öryggi og friðsælar, áhyggjulausar stundir eftir langan og erfiðan vinnudag.

Þetta þing er hið fyrsta, er ég hef verið í forsæti. Mér hefur verið það mikil gleði, hversu hv. dm. hafa auðveldað mér fundarstjórn með því að sýna fram úr skarandi prúðmennsku í öllum málaflutningi, óvenjulega skyldurækni í hvívetna, bæði í störfum sínum í nefndum og á fundum í deildinni, er allt hefur aukið á virðingu þessarar hv. deildar. Fyrir það flyt ég alveg sérstaklega hv. dm. alúðarþakkir. Þeim hv. þm., er nú halda til annarra landa, svo og þeim, er halda til heimila sinna fjær og nær, óska ég góðrar ferðar og góðrar heimkomu. Þeim og fjölskyldum þeirra svo og öllu starfsliði Alþingis óska ég gleðilegra páska og gleðilegs komandi sumars, um leið og ég þakka þeim fyrir veturinn og samstarfið um þingtímann.

Hittumst öll heil við setningu næsta reglulegs Alþingis.

**Haraldur Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og vænti, að ég tali þar í umboði deildarmanna allra — að þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir. Ég vil einnig flytja honum þakkir fyrir röggsama og óhlutdræga fundarstjórn og gott samstarf á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég vil færa honum beztu árnaðaróskir, óska honum góðrar hátíðar og heillaríks sumars og vænti, að við hittumst hér allir heilir, þegar þing byrjar næst störf sín.

Að endingu vil ég biðja þm. um að rísa úr sætum og taka undir orð mín til forseta. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

**Forseti (GíslJ):** Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir góð orð í minn garð og hv. þm. öllum fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek óskir mínar til allra þm. og fjölskyldna þeirra. — Þessum fundi er slitið.

### b. Í neðri deild.

Á 95. fundi í Nd., 13. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (SB):** Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, vil ég þakka hv. þdm. fyrir ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á þessu þingi, sem sett hefur lög um fjölmörg merkileg og hagnýt framfaramál þessarar þjóðar. Vegna góðs skilnings hv. þdm., stjórnarandstæðinga sem stjórnarliða, hafa vinnubrögð deildarinnar oft getað verið greið og röskleg. Fyrir þetta þakka ég öllum hv. þdm.

Ég óska utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þdm. heilbrigði og allrar farsældar á komandi sumri. Vænti ég, að við hittumst allir heilir á nýju þingi á næsta hausti.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér — og ég veit, að ég geri það fyrir hönd allra hv. þdm. — að þakka góð orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil enn fremur leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hans röggsömu fundastjórn og fyrir gott samstarf við okkur þdm. og óska honum þess, að við megum sjá hann aftur heilan í haust, þegar við komum aftur til starfa. Og ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. um að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

**Forseti (SB):** Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. allra og segi fundinum slitið.

## XVI. Þinglausnir.

Á 52. fundi í Sþ., 14. apríl, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 1. okt. til 18. des. 1953 og frá 5. febr. til 14. apríl 1954 eða alls 148 daga.

**Þingfundir** hafa verið haldnir:

| | | |
|---|---|---|
| Í neðri deild | 95 | |
| – efri deild | 92 | |
| – sameinuðu þingi | 52 | |
| | | Alls 239 þingfundir |

**Þingmál** og úrslit þeirra:

**I. Lagafrumvörp:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjórnarfrumvörp: | | | |
| a. Lögð fyrir neðri deild | 30 | | |
| b. — — efri deild | 19 | | |
| c. — — sameinað þing | 2 | | |
| | | 51 | |
| 2. Þingmannafrumvörp: | | | |
| a. Borin fram í neðri deild | 82 | | |
| b. — — – efri deild | 21 | | |
| | | 103 | |
| | | | 154 |

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 19 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 15 að beiðni ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Afgreidd sem lög: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 43 | | |
| Þingmannafrumvörp | 35 | | |
| | | alls | 78 lög |
| b. Felld: | | | |
| Þingmannafrumvörp | | | 3 |
| c. Afgreidd með rökst. dagskrá: | | | |
| Stjórnarfrumvarp | 1 | | |
| Þingmannafrumvörp | 3 | | |
| | | alls | 4 |
| d. Vísað til ríkisstjórnarinnar: | | | |
| Þingmannafrumvörpum | | | 2 |
| e. Ekki útrædd: | | | |
| Stjórnarfrumvörp | 7 | | |
| Þingmannafrumvörp | 60 | | |
| | | alls | 67 |
| | | | 154 |

II. Þingsályktunartillögur:

| | | |
|---|---|---|
| a. Bornar fram í sameinuðu þingi | 43 | |
| b. — — – neðri deild .... | 3 | |
| | | 46 |
| Þar af: | | |
| a. Ályktanir Alþingis ..... | 18 | |
| b. Ályktun neðri deildar ... | 1 | |
| c. Felldar ..... | 2 | |
| d. Ekki útræddar ..... | 25 | |
| | | 46 |

III. Fyrirspurnir:

| | |
|---|---|
| Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 22, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema ..... | 10 |
| Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar. | |

| | |
|---|---|
| Mál til meðferðar í þinginu alls | 210 |
| Tala prentaðra þingskjala alls | 881 |

Síðan mælti

**forseti (JörB):** Eins og sjá má af þessu yfirliti, hefur Alþingi haft mörg mál til meðferðar að þessu sinni. Allmörg þeirra frv., er afgreiðslu hafa hlotið og að lögum orðið, eru þýðingarmikil og merkileg og taka til hagsmuna fjölda þegna þjóðarinnar, nú þegar sum þeirra, en önnur marka stefnu í framtíðinni, er stuðla mun að bættum og betri þjóðarhag.

Vil ég nú stuttlega víkja lítið eitt að störfum þingsins:

Sett hafa verið lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Er með þessari löggjöf loks komið á nýrri og fastari skipan um þessi mál heldur en verið hefur til þessa.

Sett voru ný lög um brúargerðir. Sú lagasmíð ber glöggt vitni þess, að Alþingi hefur hug á að greiða fyrir því, eftir því sem unnt er, að brúa vatnsföll landsins.

Samþykkt voru lög um að auka við fé veðdeildar Búnaðarbanka Íslands rúmlega einni milljón króna.

Hæstv. ríkisstj. gaf fyrirheit um það m. a., er hún tók við völdum, að hún mundi beita sér fyrir því á næsta þingi — þingi því, sem nú er að ljúka — að sett yrðu ný skattalög og með þeirri lagasetningu linað á skattheimtu til ríkisins, einnig, að verulegum fjármunum yrði varið til smáíbúðabygginga fyrir tilstuðlan hins opinbera og að á næstu árum yrði varið miklu fé til raforkuframkvæmda og dreifingar raforkunnar út um byggðir landsins. Löggjöf um þessi efni hefur nú verið sett á þessu þingi. Samkvæmt ákvæðum hinna nýju skattalaga er gert ráð fyrir, að tekjuskatturinn á einstaklingum lækki að jafnaði um 29% og á félögum um 20%.

Þá var og gerð allmikil breyting á tollskránni. Hafa verið lækkaðir verulega tollar frá því, er áður var, á þeim vörum, er iðnaðinn varða miklu. Í fyrra var lækkaður kaffi- og sykurtollur. Slík almenn lækkun skatta og tolla hefur aldrei átt sér stað fyrr.

Þingið samþykkti lög um heimild handa ríkisstj. til að taka allt að 20 millj. kr. lán til smáíbúðabygginga. Húsnæðisvandamálið er eitt af þeim erfiðustu vandamálum þjóðarinnar, er leysa þarf, og þó að þessi fjárhæð sé minni en þing og stjórn hefði kosið að geta veitt í þessu skyni, þá er þess að vænta, að nokkur hjálp geti að þessu orðið ýmsum þeim, er erfitt eiga með að afla sér húsaskjóls.

Samþykkt voru lög um viðauka við raforkulögin frá 1946. Samkvæmt þessum lögum er ákveðið að verja á árunum 1954—1963 250 millj. kr. til raforkuframkvæmda frá hinu opinbera, auk framlags frá hlutaðeigandi héruðum. Fjárframlög ríkissjóðs til þessara framkvæmda hefur ríkisstj. tryggt.

Þá voru sett lög um orkuver á Vestfjörðum. Samkvæmt þeim er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán allt að 60 milljónum króna til þeirra framkvæmda.

Enn fremur voru samþykkt lög um breyting á lögum frá 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, um heimild til að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði og leiða orkuna til notkunar í sveitum þar og til kauptúna á Austfjörðum. Með þessum lögum er og heimilað að virkja Haukadalsá í Dalasýslu fyrir fimm syðstu hreppa sýslunnar. Enn fremur er heimild til þess að virkja Múlaá í Geiradalshreppi handa nálægum hreppum. Til ofantalinna framkvæmda eru heimildir til fjárframlaga hækkaðar samtals um 33 millj. kr. frá því, sem áður var ákveðið.

Loks voru sett lög um viðauka við lögin frá 1946 um virkjun Sogsins. Er með þessum lögum stjórn Sogsvirkjunarinnar heimilt að taka lán til virkjunar Efra-Sogsins, allt að 100 millj. kr., með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti um fyrirhugaðar raforkuframkvæmdir, er til þess ætlazt, að varið verði miklu fé á okkar mælikvarða á næstu árum til þeirra. Mun það greiða fyrir margháttuðum framförum í ýmiss konar störfum og bæta aðbúð og afkomu fjölda þegna þjóðarinnar. Er vel farið og ber að fagna því, að markvisst er unnið að stórfelldum framkvæmdum í þessum málum, svo fljótt sem kostur er á.

Íslenzka þjóðin hefur öldum saman átt í harðri baráttu við myrkur og kulda. Ég vona, að óhætt sé að fullyrða, að hún geti nú lítið björtum augum til framtíðarinnar, að innan ekki langs tíma verði sigur unninn á því böli, sem skortur á ljósi og yl hefur löngum bakað þjóðinni.

Mér sýnist sem starf háttvirts Alþingis, þótt stuttlega hafi nú aðeins verið að því vikið, hafi mótazt af stórhug og bjartsýni á þjóðina og framtíð hennar.

Ég vil vona og óska, að allir þegnar íslenzku þjóðarinnar leggi sig fram um það að vinna sem ötullegast að frama og heiðri þjóðarinnar á komandi tímum. Megi allar hollar vættir styðja og styrkja íslenzku þjóðina og vernda ættjörð vora.

Um leið og ég kveð hv. þm. að þessu sinni og þakka þeim innilega fyrir ágæta samvinnu, góðgirni og umburðarlyndi í minn garð, óska ég þeim alls hins bezta og utanbæjarþingmönnum farsælla heilla og góðrar heimkomu. Hittumst allir

heilir á næsta þingi. Starfsmönnum þingsins vil ég einnig þakka fyrir vel unnin störf.

**Einar Olgeirsson:** Ég vil leyfa mér fyrir hönd hv. þm. að þakka hæstv. forseta góðar óskir í vorn garð.

Hæstv. forseti, sem einnig er aldursforseti þings vors og varð sjötugur að aldri nú á þessu þingi, hefur nú lengur en nokkur annar núlifandi Íslendingur gegnt forsetastörfum í þingi voru. Í meira en tvo áratugi hefur alltaf öðru hverju forsetastarfið, einkum í neðri deild, hvílt á hans herðum. Meira en 20 þingum hefur hann stjórnað, lengstum í neðri deild, oft á stormasömum tímum. Við þm., sem með honum höfum starfað, geymum góðar endurminningar frá liðnum árum um gott samstarf og dugnað hans og röggsemi í forsetastóli. Ég vildi mega nota þetta tækifæri í tilefni af þeim tímamótum, sem á þessu þingi hafa orðið í hans lífi, að flytja fyrir hönd hv. þm. okkar beztu árnaðaróskir til hans, óska honum langra og farsælla lífdaga, óska honum góðrar heimferðar og heimkomu, þegar við höldum nú frá þessu þingi, og að við megum sjá hann heilan aftur, þegar við hittumst á ný í haust.

Ég vil biðja hv. þm. um að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir einkar góðar árnaðaróskir mér til handa og hv. þm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek svo heillaóskir mínar til hv. þm.

**Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti. Hv. alþm. — Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra mun verða frá störfum um nokkurra mánaða skeið sakir sjúkleika. Á ríkisráðsfundi í dag var Skúli Guðmundsson alþingismaður skipaður til þess að gegna störfum fjármálaráðherra í fjarveru Eysteins Jónssonar. Ég veit, að allir hv. alþm. taka undir óskir okkar samstarfsmanna hæstv. fjmrh. í ríkisstjórninni um, að við megum hitta hann hið allra bráðasta heilan heilsu.

Vegna fjarveru forseta Íslands hafa handhafar valds forseta Íslands gefið út svo hljóðandi bréf á ríkisráðsfundi í dag:

„Handhafar valds forseta Íslands samkv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar gera kunnugt:

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Ólafi Thors, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 73. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gert í Reykjavík, 14. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson.
Árni Tryggvason.

Ólafur Thors.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir."

Alþingi hefur lokið störfum að þessu sinni.

Samkvæmt umboði því, er ég nú hef lesið, segi ég Alþingi slitið.

**Forseti (JörB):** Ég vil biðja hv. þm. að rísa úr sætum og hrópa ferfalt húrra fyrir forseta vorum og fósturjörð.

Þingheimur stóð upp, og forseti, Jörundur Brynjólfsson, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

**Var síðan af þingi gengið.**